5. Laun ríkisfjehirðis með uppbót er 5700 krónur, önnur laun eru áætluð 8000 kr., og 2500 kr. til skrifstofuhalds.

6. Þessi liður er óbreyttur.

B.

1—2. Liðirnir eru lögákveðnir.

3—6. Þessir liðir eru allir lækkaðir nokkuð, bæði vegna þess, að gera má ráð fyrir, að prentun og pappír verði ódýrara en nú er, og að því er 5. lið snertir, þá má telja sennilegt, að sá liður lækki eitthvað, þar sem hagstofan nú hefir fengið ný húsakynni.

7. Er óbreyttur.

C.

1. a—d. Liðirnir eru óbreyttir.

2. Samningsbundinn liður. Óbreyttur.

3. Óbreyttur. Gengismunur við þessa útgjaldaliði er talinn í 19. gr.

4. Liðurinn er hækkaður um 4,500 kr. með því fundur verður þá haldinn í Kaupmannahöfn. Verður að álíta að sú upphæð nægi til ferðakostnaðar.

Um 11. gr.

1. a.—b. Lögákveðin laun.

c. Óbreyttur.

2. og 3. Launin lögákveðin. Lækkunin stafar af því, að gert er ráð fyrir minni dýrtíðaruppbót.

4. a. Liðurinn er lækkaður sem svarar dýrtíðaruppbótinni.

5. a. Liðurinn er óbreyttur, að öðru leyti en því, að dýrtíðaruppbótin er lækkuð.

b. Sömuleiðis.

c. d. og e. eru óbreyttir.

6. Liðurinn óbreyttur.

7. Upphæðin er færð niður um 1000 krónur vegna væntanlegs verðfalls á kolum.

8. Liðurinn er óbreyttur.

9. Sömuleiðis.

10. Færður niður um 1000 kr. eða eins og útgjöldin reyndust 1922.

Við B.

1. a.—c. Er látið halda sjer, nema b-liður er lækkaður um 2000 kr. vegna verðlækkunar.

2. a. Þessi liður er óbreyttur, og má ekki eftir fyrri ára reynslu vera lægri.

b. Liðurinn er lækkaður um 10 þús. kr. því enginn vafi er á því, að of mikið hefir verið gert að símskeytasendingum og símtölum, og hefir iðulega verið brýnt fyrir embættismönnum að nota ekki embættaskeyti, nema óhjákvæmilegt væri. Má því búast við, að þessi útgjöld lækki að mun. Það eru ýmsir, sem líta svo á, að hjer sje einungis um það að ræða, að láta úr einni hendinni í aðra, en það er misskilningur, eins og hægt er að sýna og sanna.

3. Þessi liður er hækkaður upp í 10 þús. kr., og er þó sennilega of lágt áætlaður samt, eftir fyrri ára reynslu.

4. og 5. eru óbreyttir.

6. Er sömuleiðis látinn halda sjer, en hinsvegar skal það tekið fram, að stjórnin lítur svo á, að þetta sje áætlunarliður og megi því fara fram úr upphæðinni ef þörf krefur.

7. liður er óbreyttur.

Um 12. gr.

1. Launin eru talin samkvæmt launalögunum með uppbót.

2. Liðurinn óbreyttur.

3. 5000 kr. virðist nægur styrkur til þess að gera afskektum hreppum ljettara fyrir að ná í lækni og virðist rjett að stjórnin ákveði, hvaða hreppar njóti styrks, og hve mikils styrks hver hreppur njóti.

4. Liðurinn er óbreyttur.

5.—7. Styrkirnir eru óbreyttir.

8. Vegna almennrar lækkunar er þessi liður færður niður um 1000 kr., en annars hafa engar skýrslur borist stjórninni um rekstur geislalækningastofunnar.

9. Upphæðin er óbreytt.

10. Holdsveikraspítalinn. Einstaka liðir B. 1, 8, 9, 11 og 13 eru lækkaðir lítið eitt, sumir eftir beinum tillögum læknisins.

11. Geðveikrahælið á Kleppi: Allir liðirnir eru óbreyttir. Læknirinn áætlar reyndar talsvert hærra til ljóss og hita, en hjer er gert, og sama gerði holdsveikralæknirinn, en það þykir mjög sennilegt, að eldiviðarefni muni fara heldur lækkandi og þykir því ekki ástæða til að hækka liðinn.

12. 1. Þessi upphæð er færð upp í 100000 kr., og hrekkur þó hvergi til, verði lögunum haldið óbreyttum, þar sem útgjöldin á þessum lið nú (í lok desbr. 1923) eru orðin yfir 200000 kr. En það liggur í augum uppi, að ríkissjóður er enganveginn fær um að rísa undir slíkri byrði, stjórnin hefir því ráðgert að koma með breytingu við lög nr. 43, 27. júní 1921 um varnir gegn berklaveiki, sem hefir í för með sjer mikla útgjaldalækkun á þessum lið. Þó óvíst sje um örlög þess frumvarps, er upphæðin sett eins og hjer er gert, en verði engin breyting á nefndum lögum, verður að minsta kosti að þrefalda upphæðina.

2. Heilsuhælið á Vífilstöðum. Læknirinn hefir farið fram á allverulega hækkun á flestum liðum, einkum 3., 4., 5. og 6. lið, og gerir ekki ráð fyrir neinni verðlækkun. Af ástæðum sem áður hafa verið teknar fram, er engin tiltök að hækka einstaka liði, þeir eru látnir standa óhaggaðir. Þessir 3 spítalar verða að sýna alla sparneytni, eins og þjóðin í heild sinni, til þess að komast yfir þær örðugu ástæður, sem nú eru fyrir hendi.

13. liður á fjárlögunum fyrir 1924 er feldur niður.

14. a. Vegna hins örðuga fjárhags er styrkurinn færður niður í 15000 kr.

b.—f. Óbreyttir liðir.

Liðurinn h. í fjárlögunum 1924 þykir mega falla niður að þessu sinni.

g.—n. Þessir liðir eru óbreyttir.

14. Þessi liður er áætlaður 22000 kr.

Um 13. gr.

A. Póstmál.

1. a. Launin eru lögákveðin, og eru sett eftir því sem næst verður komist með dýrtíðaruppbót. Að launin hafa hækkað frá því sem er á fjárlögunum fyrir 1924, stafar af því, að laun flestra póstmanna hafa hækkað samkvæmt ákvæðum launalaganna, eftir embættisaldri þeirra.

b. Upphæðin er óbreytt, en upphæðin hrekkur þó því að eins, að ekki verði bætt við póstafgreiðslumönnum.

c. Þessi liður er hækkaður um 4000 kr. vegna þess, að búið er að bæta á brjefhirðingarnar innheimtu á innlendum póstkröfum. Hafa því komið fram kröfur frá þeim um launahækkun, og sumir hafa jafnvel farið fram á, að launin sjeu tvöfölduð.

2. Upphæðin er látin halda sjer. Að vísu hefir aðalpóstmeistari farið fram á, að hún yrði hækkuð um 10000 kr., með því altaf sje verið að bæta við póstferðum, en þar sem ætla má, að hægt verði farið í að auka þær, meðan stöðva verður framkvæmd á öllum nauðsynlegum framkvæmdum í landinu, og með því dýrtíðin fer minkandi, og fastlega má vænta þess, að hún verði talsvert minni 1925, þykir ekki ástæða til að hækka upphæðina.

3. a.—d. Liðirnir eru óbreyttir. Aðalpóstmeistari telur þá of lága, einkum liðinn d., en þar sem að spara verður á öllum sviðum, verða upphæðirnar á þessum liðum að nægja.

B. Vegamál.

I. 1. og 2. Launin eru lögákveðin.

3.—5. 2 síðustu liðirnir eru lækkaðir eftir tillögum vegamálastjóra.

II. Það er að vísu ekkt hægt nú, þegar þetta er ritað (um mánaðamótin nóvember og desember), að vita hvernig útkoma ársins 1923 verður. Á sjálfum fjárlögunum eru áætlaðar liðugar 100 þús. kr. tekjuhalli; þar við bætast útgjöld samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem til Flóaáveitu, fyrirhleðslu fyrir Djúpós og fl., alls ekki minna en um 400 þús. kr., og samkvæmt fjáraukalögum um $^1/_2$ miljón, eða alls um 1 miljón króna. Þetta er sú lægsta upphæð, sem ætla má, að tekjuhallinn fyrir 1923 nemi, en sennilega verður hann miklu meiri. Það er auðsætt, að svo getur ekki gengið ár eftir ár, að ávalt sje mikill tekjuhalli. Það verður að komast jöfnuður á milli tekna og gjalda. Nú er vart til þess hugsandi, að auka skattana að neinum mun, þeir munu þykja fullháir fyrir. Mikið af gjöldunum í fjárlögunum eru lögboðin, og því ekki hægt að draga úr þeim, og þó einhverjum embættum yrði fækkað, sem vissulega mætti, þá kemur sá sparnaður ekki fram þegar í stað. Jöfnuðinn verður því að fá með því að spara útgjöldin, og þá verður ekki um annað að gera en að ráðast á verklegu fyrirtækin, enda munar mest um þau. Stjórnin hefir þess vegna tekið það ráð að leggja niður allar verklegar framkvæmdir árið 1925, og segir það sig þá sjálft, að fjelög þau, sem njóta mikils styrks úr ríkissjóði, svo sem Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið verða líka að takmarka bæði mannahald og framkvæmdir, og yfir höfuð að tala verður sparnaður að koma fram á öllum sviðum. Af þeirri viðleitni stafar sparnaður eða niðurfærsla útgjaldanna, þótt þess kunni ekki að vera getið sjerstaklega.

Samkvæmt þessu er felt niður tillag til áframhalds byggingar flutningabrauta, en aðeins gert ráð fyrir viðhaldi þeirra, því það er alveg auðsætt, að það má ekki falla niður. Á fjárlögunum fyrir 1924, er gert ráð fyrir 44,000 kr. + 20,000 til Holtavegar sjerstaklega, eða alls 64,000 kr. Vegamálastjóri leggur til, að veittar verði 100,000 kr. til viðhalds, en 75,000 þykir nægja, eða 11,000 kr. meira en 1924 og stafar hækkunin af því fyrirheiti, sem gefið var á síðasta alþingi, að Holta- og Fagradalsvegurinn yrði að öllu leyti tekinn á ríkissjóð.

III. Til viðhalds og umbóta þjóðvega er áætlað 50000 kr., og er það 10000 kr. hærra en á fjárlögum fyrir 1924, enda bættist við þjóðvegina, samkvæmt vegalagabreytingu á síðasta Alþingi, 230 km. langur kafli frá Húsavík, um

Axarfjörð, Þistilfjörð og Vopnafjörð til Fossvalla, í stað þjóðvegar um Grímsstaði og Möðrudalsöræfi, sem var að mestu greiðfær reiðvegur.

IV. Þessi liður er til jafnaðar bifreiðarskattinum sbr. 2. gr. 22. Búist er við, að honum verði öllum eða að mestu varið til umbóta á Suðurlandsbraut.

V. Upphæðin er 4000 kr. lægri en í gildandi fjárlögum og þykir ekki fært að lækka hana meira.

VI. 1. Til áhalda er lækkað um 10000 kr. Skal upphæðinni varið til viðhalds og aðgerða en ekki til kaupa nýrra áhalda.

2. Upphæðin er óbreytt.

VII. Tillag til akfærra sýsluvega. Það þykir ekki fært að fella þennan lið alveg niður, en hann er lækkaður stórkostlega.

VIII. Hjer er um smáupphæðir að ræða og eru þær látnar halda sjer.

C. Samgöngur á sjó.

1. Til strandferða. Meðan Sterling var hjer strandferðaskip, verð tekjuhalli um 300000 kr. Tekjuhalli á strandferðaskipinu Esja er áætlaður 1923 liðugar 100 þús. kr., og þykir því ekki gerlegt að áætla lægri upphæð til strandferða en þetta. Yfirlit yfir kostnaðinn frá 1. apríl til 30. sept. sýnir tapið á hverri ferð.

2. Þessi styrkur verður að lækka í samræmi við það, sem alstaðar er gert, þar sem hægt er, og er áætlaður 60000 kr.

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

1. Liðurinn er samningsbundinn.

II. Til viðauka símakerfa m. fl. Upphæðin er óbreytt, með því engin tök virðast til að lækka hana. Undir III. lið á fjárlögunum fyrir 1924 eru veittar 234400 kr. til nýrra símalagninga með þeirri athugasemd, að þær komi því að eins til framkvæmda, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldunum. Þar sem nú ekkert útlit var fyrir því, að tekjurnar leyfðu neinar nýjar línur n. á., ákvað ráðuneytið með brjefi til landssímastjóra dags. 16. októbr. 1923, að engur línur yrðu bygðar 1924, og sama gildir einnig árið 1925 af ástæðum þeim, sem margoft hafa verið teknar fram. Þessi liður fellur því alveg burtu í þessu frumvarpi, en það skal jafnframt tekið fram, að þegar aftur verður farið að byggja nýjar línur, þá verða þær 4 fyrstu á fjárlögunum 1924 að ganga fyrir öllum öðrum. Það verður að skoðast sem sameiginlegur vilji stjórnar og þings. Þar næst kemur stækkun og fullkomnun loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík, sem kosta mun um 100000 kr. Ástæðan til þessarar stækkunar er sú, að sæsímaleyfi Mikla Norræna ritsímafjelagsins er á enda 26. ágúst 1926. Hvernig sambandinu verður þá hagað, er ekki unt að segja neitt um að svo stöddu, en svo mikið er víst, að það er alveg nauðsynlegt, að stækka og fullkomna loftskeytastöðina hjer, áður en samningaumleitanir byrja á ný, því þá stöndum vjer miklu betur að vígi í þeim, en ella mundi.

III, 1. Launin eru talin samkvæmt launalögum að viðbættri venjulegri uppbót. Landssímastjórinn hefir farið fram á talsverða launahækkun fyrir flestalla starfsmenn landssímans. En slík breyting á almennum launalögum, á fjárlögunum, verður að teljast óhæfa, og getur því þegar af þeirri ástæðu ekki kom-

E. S. »ESJA«.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld frá 1. apríl til 30. september 1923.

Ferð	Leið	Hafnir	Frá því	Til þess	Dagar alls	Útgjöld í ferðinni	Tekjur í ferðinni			Tap á ferðinni
							Flutn.gjöld	Fargjöld	Samtals	
1. ferð	Kaupmannah—.Rvík.	»	8/4	19/4	15	19,896,05	8,421,03	2,299,50	10,720,53	9,175,52
2. —	Vestur og norður um	26	24/4	5/5	14	21,124,27	5,601,51	9,450,75	15,052,26	6,072,01
3. —	Suður og austur um	32	12/5	21/5	16	22,776,64	4,709,18	8,546,00	13,255,18	9,521,46
4. —	Vestur og norður um	42	24/5	4/6	14	21,401,09	7,488,28	9,033,50	16,521,78	4,879,31
5. —	Suður og austur um	41	9/6	19/6	15	21,118,61	6,667,70	12,636,50	19,304,20	1,814,41
6. —	Vestur og norður um	37	28/6	4/7	15	20,535,15	4,704,13	8,914,00	13,618,13	6,917,02
7. —	Suður og austur um	42	8/7	21/7	17	23,063,45	4,487,15	8,727,50	13,214,65	9,848,80
8. —	Vestur og norður um	41	24/7	6/8	16	23,052,76	8,914,80	8,309,00	17,223,80	5,828,96
9. —	Suður og austur um	12	8/8	15/8	9	12,919,16	2,440,44	6,994,00	9,434,33	3,484,83
10. —	Suður og austur um	13	18/8	25/8	9	13,274,11	3,275,55	7,748,00	11,023,55	2,250,56
11. —	Vestur og norður um	38	1/9	16/9	23	29,652,08	7,433,04	7,173,00	14,606,04	15,046,04
12. —	Suður og austur um	33	19/9	30/9	14	19,832,05	7,363,95	11,000,50	18,364,45	1,467,60
				Alls:		248,645,42	71,506,65	100,832,25	172,338,90	76,306,52

ið til mála, enda verður ekki fallist á það, að kjör talsímastúlknanna yfirleitt sjeu lakari en annara starfsmanna ríkisins. Væri farið að bera fram breytingar við launalögin mundi það sannast, að þær gengju í þá átt að lækka launin, en ekki hækka. Þá hefir landssímastjóri farið fram á að fjölga eiginlegum starfsmönnum, og enn fremur símastúlkum, bæði við landsímann og bæjarsíma Reykjavíkur, en til þessa virðist ekki ástæða. Landssímastúlkum hefir verið fjölgað og bæjarsímanum alveg nýlega verið komið í það horf, að engin aukning geti verið nauðsynleg 1925.

2. Þessi liður er færður niður um 1000 kr.

3. Þessi liður er lækkaður um 2000 krónur, vegna þess að viðhald húss, ljós og hiti virðist óþarflega hátt áætlaður af landssímastjóra.

4. Þessi liður er óhaggaður.

5. Þessi liður er óbreyttur. Þessi skal getið, að landssímastjóri telur undir þessum lið laun bæjarsímastjóra, en hann er hvergi lögheimilaður og verða því ekki talin laun til hans. Um neina nýja aukning nú bráðlega virðist naumast geta verið að tala, sbr. 6. í gildandi fjárlögum.

6.—18. eru óbreyttir nema 10., 11. og 12. eru lækkaðir lítilsháttar með því of mikið virðist áætlað til viðhalds húsa, ljóss og hita, og 12. liður er hækkaður eftir tillögum landsímastjóra.

IV. liður er færður niður um 5000 kr. með tilliti til lækkunar á prentun og pappír.

V.—VIII. Óbreyttir liðir.

E. Vitamál.

I. Launin eru lögákveðin. Til skrifstofuhalds er áætlaðar 3000 kr., lækkað hjer um 500 kr., enda vitamálastjóra ætlaður bústaður í Landsbankahúsinu.

II. Upphæðin er óbreytt. Að vísu munar dýrtíðaruppbót þeirra vitavarða, sem standa á fjárlögunum um 400 kr., en þeirri upphæð leggur vitamálastjóri til að verði varið til uppbótar einstakra vitavarða, og virðist það sanngjörn krafa.

III. Óbreyttur liður, en er þó að áliti vitamálastjóra of lágur.

IV. og V. Óbreyttir.

Vitamálastjóri hefir lagt til, að varið verði til vitabyggingar árið 1925, 60 þúsund kr., en af ástæðum þeim, sem þegar hafa verið teknar fram, verða nýjar vitabyggingar að bíða, eins og aðrar verklegar framkvæmdir.

Við 14. gr.

A. Andlega stjettin.

a. 1. Launin eru lögákveðin.

2. Liðurinn óbreyttur.

b. 1—2. Óbreyttir liðir.

3. Laun presta með dýrtíðaruppbót nema um 370000 kr. Þar frá dregst:

a. Söknartekjur áætlaðar	75000
b. Aðrar tekjur prestlaunasjóðs	85000
	160000

Verða þá framlög til sjóðsins 210000.

4. Óbreyttur liður.

5. liður á fjárlögunum fyrir 1924 til húsabóta á prestssetrum. Styrkurinn virðist mega falla niður að þessu sinni.

B.

I. Háskólinn. f-liðurinn á fjárlögunum 1924 er feldur niður eftir tillögum háskólaráðsins; aðrir liðir eru óbreyttir, nema að því er dýrtíðaruppbótarlækkun snertir.

II. Óbreyttur liður, en skilyrðum fyrir úthlutun styrksins er breytt.

III. a. Launin eru lögákveðin.

b. Liðirnir eru allir óbreyttir, nema 4. liður til tímakenslu hækkaður um 3000 kr., eftir tillögum rektors, en reyndar hefir hann farið fram á meiri hækkun, en skólar og stofnanir verða líka að spara eins og aðrir. 11. liður í núgildandi fjárlögum er feldur niður eftir tillögu rektors; áhöldin verða greidd af 3. lið.

IV. a. Launin eru lögboðin.

b. 1.—8. Óbreyttir.

V. a. Lögboðin laun.

b. 1.—6. Óbreyttir.

VI. Stýrimannaskólinn. Allur liðurinn óbreyttur, nema dýrtíðaruppbótin lækkuð á a-lið.

VII. Vjelstjóraskólinn. Óbreyttur að öðru leyti en dýrtíðarlækkun.

VIII. 1. Bændaskólinn á Hólum.

a. Löghoðin laun.

b. Óbreyttur.

c. 1—4. Sömuleiðis óbreyttir.

2. Bændaskólinn á Hvanneyri.

a. Launin samkvæmt launalögum.

b. og c. óbreyttir.

3. Eiðaskóli.

a. Launin samkvæmt launalögum.

b og c. óbreyttir.

IX. Iðnfræðsla. Liðirnir a—c eru óbreyttir.

X. Liðirnir eru óbreyttir.

XI. Yfirsetukvennaskóli. 3. liður er lækkaður um 1000 kr. og 4. liður hækkaður um 300 kr., hvorttveggja eftir tillögum landlæknis.

XII. Kvennaskólar. Liðirnir eru óbreyttir.

XIII. 1. a. Lögákveðin laun.

b. Liðurinn óbreyttur.

2. Laun kennara. Lækkunin á þessum lið er miðuð við uppbótina, en er að nokkru leyti áætluð eftir kennarafjölda.

3. Þessi liður er lækkaður um 1000 kr.

4—6. liðir eru óbreyttir.

7. og 8. liður verða að falla niður að þessu sinni sökum hins óhæga fjárhags.

XIV. 1. Þessi liður er af sömu ástæðu lækkaður um 5000 krónur.

2 og 3. Óbreyttir liðir.

XV. Sömuleiðis.

XVI. Liðurinn óbreyttur að öðru leyti en því, að styrkurinn til Lárusar Bjarnasonar fellur niður.

XVII. Málleysingjakensla. Sömuleiðis óbreyttur liður.

XVIII—XX. Liðirnir eru óbreyttir, nema XIX.2. og XX., sem eru settir niður með tilliti til dýrtíðarlækkunar hjá öllum starfsmönnum.

Um 15. gr.

1. Landsbókasafnið. Á þessum vandræðatímum virðist útgáfa handritaskrár vel geta beðið (e-liður í núgildandi fjárlögum), og safnið komist af með 8000 kr. kr. til bókakaupa, og eru breytingar samkvæmt þessu gerðar hjer. Þá er og liðurinn h færður niður um 100 kr., eftir tillögum landsbókavarðar.

2. Þjóðskjalasafnið. Af sömu ástæðu virðist mega fella niður að þessu sinni liðinn d í núgildandi fjárlögum, og sömuleiðis c. enda er langt síðan nokkur skrá hefir komið út.

3. Þjóðmenjasafnið. Liðirnir a—g eru óbreyttir. Liðurinn h í gildandi fjárlögum er feldur niður.

4—8. Óbreyttir liðir.

9. Sömuleiðis; að öðru leyti en því að b. fellur niður.

10. Þjóðvinafjelaginu eru ætlaðar 1000 kr. Eins og nú hagar til, er ekkert viðlit að verja stórfje til nýrra fræðirita.

11.—24. Óbreyttir liðir.

25. a. Launin eru tilfærð með dýrtíðaruppbót.

b. Þessi liður er færður niður í 1000 kr.

26—46. Allir þessir liðir eru óbreyttir. Þeir liðir í gildandi fjárlögum, sem voru endanlegir styrkir eru auðvitað feldir burtu.

Um 16. gr.

1. Búnaðarfjelag Íslands hefir farið fram á 180000 kr. tillag til fjelagsins árið 1925. Það segir sig nú sjálft, að ef nauðsynlegt þykir að draga úr öllum framfara og atvinnubótum í landinu, getur Búnaðarfjelagið, sem hefir nálega allar sínar tekjur úr ríkissjóði, ekki fært sig út nje einu sinni haldið í sama horfi og fyr. Því er þess vegna áætlaður 130000 kr. styrkur í þessu frumvarpi, og er það vissulega engum órjetti beitt í samanburði við styrk til annara fyrirtækja.

2. Þessi liður er látinn óbreyttur standa.

3. Þennan lið þykir ekki fært að lækka neitt.

Í rauninni er nauðsynlegt að áætla hjer einhverja upphæð, og hana eigi allsmáa, út af ræktunarlögunum nýju, en af því að þau eru ekki komin að neinu leyti til framkvæmda enn, er ómögulegt nú að gera sjer neina grein fyrir þeim gjöldum. Það verður því að bíða væntanlegra fjáraukalaga fyrir 1925.

4. Óbreyttur liður.

5. a. Samkvæmt launalögum.

b. Lækkaður um 2000 krónur.

6. Þótt samningar um framhald landmælinga geti komist á, þykir rjett að fresta framkvæmdum þeirra, þangað til betur byrjar.

6. a. Launin er lögákveðin.

b. og c. eru óbreyttir.

7—10. Óbreyttir liðir.

11. Fiskifjelagið. Um það er sama að segja og Búnaðarfjelagið, að það verður að stöðva framkvæmdir að nokkru leyti og er því styrkurinn til þess færður niður um 10 þús. krónur.

12. a.—d. Launin eru lögbundin eða samningsbundin og dýrt.uppbót aukið við.

e. Óbreyttur.

13. Þótt mikið hafi verið unnið að því undanfarið að útvega markað fyrir íslenskar afurðir erlendis, þykir ekki tjá að fella þennan styrk alveg niður.

14. Óbreyttur.

15. Þessi styrkur er lækkaður um 4000 kr. Um sambandið liggja reyndar engar skýrslur fyrir, en það virðist þó ekki verða hjá því komist að veita því styrk. Fyrra hluta athugasemda er slept, því það mun hafa verið bráðabirgðaveiting, enda engin beiðni um endurnýjun komið fram.

16—22. Óbreyttir liðir.

23. Samningsbundinn liður.

24—26. Óbreyttir liðir.

Með því lagt verður fyrir alþingi 1924 frumvarp um að leggja niður löggildingarstofuna, er 29. liður í gildandi fjárlögum feldur niður.

27. Óbreyttur.

28. Launin talin samkvæmt launalögunum.

29. Til björgunarskipsins Þór er áætluð sama upphæð, sem á fjárlagafrumvarpinu fyrir 1924 eða 20000 krónur.

30—31. Obreyttir liðir.

32. liður í gildandi fjárlögum er feldur niður af ástæðum þeim, sem nú skal greina. Ráðuneytinu þótti lítil brögð að framkvæmdum leiðbeinandans í húsagerð, er þó naut ríflegra launa, auk ferðastyrks. Honum var því skrifað á síðastliðnu vori, og hann spurður um, hvernig hann hygðist að haga störfum sínum á þá yfirstandandi ári, en því brjefi hefir hann alls ekki svarað. En í munnlegu samtali, er atvinnumálaráðherra átti við hann snemma sumars, tjáði hann leiðbeinanda, að ef hann ræki ekki störf sín betur en nú væri, mundi hann sviftur styrknum. Í desembermánuði var honum svo tjáð, að lagt hefði verið fyrir ríkisfjehirði að hætta að borga honum launin út frá 1. apríl 1924.

Um 17. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 18. gr.

Skrá um eftirlaun þau, sem um ræðir í I a—d. er prentuð aftan við frumvarpið.

II. Óbreytt í aðalatriðum. Bætt er við styrk til Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar Þórðarsonar á Siglunesi 300 kr. Þórður hafði verið vitavörður undir 15 ár og rækt það starf með miklum dugnaði að vitni vitamálastjóra. Hann ljet eftir sig ekkju og 6 börn, en lítil efni, og þykir því ástæða til að veita henni dálítil eftirlaun, eins og mörgum öðrum ekkjum eftir starfsmenn landsins.

Ennfremur er samkvæmt tillögum biskups bætt við viðbótareftirlaunum til þriggja prestsekkna. Eru þær ekkjur eftir presta eftir eldri launalögum og eru upphæðirnar settar til þess eftirlaunin nái 300 kr.

Um 21. gr.

Eins og fjárhag landsins er varið, getur ekki komið til mála, að hægt sje að veita lán úr viðlagasjóði eða ríkissjóði. Og í rauninni hafa engin tiltök verið til þessa hin síðari árin, þótt heil runa af lánum hafi allajafna staðið á fjárlögunum. Það er gjörsamlega meiningarlaust, að um leið og ríkið þarf sjálft á lánum að halda, skuli þingið heimila því að lána út stórfje, stundum til vafasamra fyrirtækja, og það gegn lægri vöxtum, en ríkið sjálft verður að svara.

Að þessu sinni eru því allar lánsheimildir feldar burtu nema þrjár hinar fyrstu, en lánsupphæðin færð talsvert niður í hverri grein. Það þykir ekki gerlegt að fella þessi lán alveg niður, því þau hafa gert mikið gagn.

Um 22. og 23. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1923.

	kr.	kr.
A. Embættismenn:		
1. Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu (konungsúrskurður $^{12}/_{6}$ 1899)	1601,40	
2. Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði (konungsúrskurður $^{19}/_{4}$ 1906)	1133,33	
3. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1907)	641,91	
4. Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
5. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)	1008,00	
6. Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)	1000,00	
7. Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911)	1876,62	
Flyt ...	8701,26	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	8701,26	
8.	Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður $^{20}/_{10}$ 1911)	1737,78	
9.	Ásgeir Blöndal, hjeraðslæknir í Eyrarbakkahjeraði (konungsúrskurður $^{26}/_{5}$ 1914)...	1000,00	
10.	Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði (konungsúrskurður $^{17}/_{2}$ 1914)...	1000,00	
11.	Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
12.	Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{28}/_{7}$ 1915)...	875,00	
13.	Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{7}$ 1915)...	2571,35	
14.	Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{2}/_{8}$ 1914)	1266,67	
15.	Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
16.	Skúli Árnason, hjeraðslæknir í Grímsneshjeraði... ...	800,00	
17.	Jón Magnússon, ráðherra	6000,00	
18.	Magnús Guðmundsson, ráðherra	1060,00	
19.	Jón Jónsson, læknir	991,67	
20.	Magnús Sæbjörnsson, læknir	600,00	
21.	Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
22.	Sigvaldi Kaldalóns, læknir	560,00	
			31962,28
	B. Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Camilla Tómasson, ekkja Þórðar Tómassonar hjeraðslæknis, frá $^{1}/_{12}$ 1873	197,00	
2.	Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá $^{1}/_{7}$ 1875...	529,16	
3.	Elínborg Thorberg, ekkja Bergs Thorbergs landshöfðingja, frá $^{1}/_{2}$ 1886	919,17	
4.	Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeraðslæknis, frá $^{1}/_{1}$ 1890	187,50	
5.	Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá $^{1}/_{10}$ 1891...	750,00	
6.	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen hjeraðslæknis, frá $^{1}/_{8}$ 1891	187,50	
7.	Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá $^{1}/_{1}$ 1894	350,00	
	Flyt ...	3120,33	31962,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	3120,33	31962,28
8.	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1/6 1894...	305,00	
9.	Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
10.	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeraðsiæknis, frá 1/6 1896	187,50	
11.	Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá 1/1 1905	625,00	
12.	Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal hjeraðslæknis ...	187,50	
13.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
14.	Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1/2 1909	187,50	
15.	Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
16.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1/9 1910	150,00	
17.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1/11 1910	212,50	
18.	Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913...	560,83	
19.	Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915...	750,00	
20.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
21.	Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916	535,17	
22.	Elín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/5 1917	1166,67	
23.	Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917	321,53	
24.	Þórunn Stefánsdótttr, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
25.	Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá 1/1 1919	350,00	
26.	Ragnheiður Vigfúsdóttir, ekkja Sigurðar Sigurðssonar hjeraðslæknis í Dalahjeraði	187,50	
27.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndal hjeraðslæknis í Borgarfjarðarhjeraði	187,50	
	Flyt ...	11229,70	31962,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	11229,70	31962,28
28.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920 ... ... kr. 340,00 Samkv. konungsúrskurði 12/11 1920, handa Jóni Þórði f. 15/1 1913 ... ... — 100,00	440,00	
29.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonarr yfirkennara	450,00	
30.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjeraðslæknis í Reykhólabjeraði	187,50	
31.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri	715,82	
32.	Anna Daníelsson, ekkja hæstarj.d. Halldórs Daníelss.	859,37	
33.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	
			14069,89
	C. Uppgjafaprestar:		
1.	Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
2.	Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230,00	
3.	Páll Sivertsen, prestur að Stað í Aðalvík, frá fard. 1906	477,73	
			1113,01
	D. Prestsekkjur:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2.	Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5.	Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
6.	Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7.	Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	114,63	
8.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
9.	Guðrún J. Jóhannesdöttir frá Bergstöðum	107,54	
10.	Guðrún Jónsdóttir frá Koltreyjustað	183,78	
11.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	100,00	
12.	Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum	314,81	
13.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14.	Halldóra Hallgrímsdóttir frá Görðum á Akranesi ...	154,25	
15.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
16.	Hansína Þorgímsdóttir frá Þingeyrum	129,06	
17.	Iugibjörg Sigurðardóttir frá Kálfatjörn	146,10	
18.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
	Flyt ...	2445,02	47145,18

		kr.	kr.
	Flutt ...	2445,02	47145,18
19.	Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
20.	Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
21.	Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólsstað	118,43	
22.	Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelli	117,25	
23.	Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
24.	Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
25.	Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
26.	Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
27.	Sesselja Þórðardóttir frá Skinnastað	127,73	
28.	Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
29.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
30.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík...	104,16	
31.	Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
32.	Þórunn S. Pjetursdóttir frá Heydölum	204,48	
33.	Valgerður Jónsdóttir frá Völlum í Svarfaðardal... ...	142,00	
34.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavik	100,00	
35.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
36.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
37.	Sigríður Gísladóttir frá Mosfelli í Grímsnesi	147,50	
38.	Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði ..	184,36	
39.	Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
40.	Valgerður Gísladóttir frá Mosfelli	123,44	
41.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
			5555,30
	Samtals ...	... ...	52700,48

2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1922 veitast kr. 807110,83 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. veitast kr. 48424,80.

		kr.	kr.
	A. Ráðuneytið.		
2.	Utanferðir ráðherra	12553,25	
4.	Annar kostnaður	4621,65	
5.	Ríkisfjehirðisstörf	6317,66	
6.	Umbætur og viðhald á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað	9403,63	
			32896,19
	B. Hagstofan.		
4.	Prentun eyðublaða	231,85	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	60,00	
			291,85
	C. Sendiherra o. fl.		
1.	a. Laun	11999,96	
	b. Skrifstofuhald	3236,80	
			15236,76
		Samtals	48424,80

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 46695,26.

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	c. Annar kostnaður	2226,11	
5.	b. Laun tollvarða	6216,00	
	e. Ýms gjöld	995,06	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála	4955,11	
9.	Borgun til sjódómsmanna	232,00	
10.	Borgun til setu- og varadómara	1718,90	
			16343,18
	B. Ýmisleg gjöld.		
1.	c. Kostnaður við sending með póstum	93,91	
6.	Landhelgisgæsla	30258,17	
			30352,08
		Samtals	46695,26

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 46462,53.

		kr.
21.	Geislalækningastofa	19448,98
27. a.	Styrkur til sjúkrahúsa og skýla	18258,25
f.	Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	1295,30
n.	Utanfararkostnaður yfirsetukvenna	460,00
p.	Styrkur til umbúðasmiðs	7000,00
	Samtals	46462,53

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 373945,58.

	A. Póstmál.	kr.	kr.
3. d.	Önnur gjöld		29007,83
	B. Vegamál.	**kr.**	
I. 3.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	711,22	
4.	Aðstoð og mælingar	6020,12	
5.	Skrifstofukostnaður	1774,12	
II. 5.	Viðhald flutningabrauta	5802,81	
7.	Holtavegurinn	1227,57	
III. 1.	Stykkishólmsvegur	12249,46	
6.	Kjalarnesvegur	405,44	
8.	Aðrar vegabætur og viðhald	8450,19	
IV.	Fjallvegir	4407,23	
V. 1.	Til áhalda	9010,72	
2.	Til bókasafns verkamanna	69,85	
VI.	Til akfærra sýsluvega	2285,60	
X.	Vegur frá Hólum til Kolkuóss	108,73	
			52523,06
	C. Strandferðir.		
1.	Til strandferða		31896,67
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband.		
II.	Til viðauka símakerfa	9611,96	
III.	Nýjar símalínur	19268,13	
	Flyt	28880,09	113427,56

		kr.	kr.
	Flutt	28880,09	113427,56
IV. 2.	Aðalskrifstofa landssímans	6948,36	
3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	8619,22	
4.	Þráðlausa stöðin í Reykjavík	4203,02	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	81550,61	
6.	Áhaldahúsið	248,50	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	619,84	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði	499,62	
10.	Símastöðin á Borðeyri	6823,91	
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	4693,00	
14.	Aukaritsímaþjónusta	177,50	
18.	Eftirlitsstöðvar o. fl.	7044,13	
	Gengismunur	1125,35	
V.	Eyðublöð o. fl.	6345,42	
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna	25367,33	
VIII.	Viðhald landssímanna	64324,75	
IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern	1161,28	
			248631,93

E. Vitamál.

I. 4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	103,66	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	9245,70	
V.	Sjómerki o. fl.	2536,73	
			11886,09
	Samtals		373945,58

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 42434,36.

B. Kenslumál.

		kr.	kr.
III.	Mentaskólinn:		
b. 2.	Söngkennari	5596,00	
c. 3.	Til skólahússins	2721,41	
4.	Tímakensla og próf	4221,50	
9.	Ýmisleg gjöld	3997,47	
			16536,38
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
b. 3.	Bækur og kensluáhöld	451,00	
8.	Ýmisleg gjöld	4436,00	
			4887,00
	Flyt		21423,38

		kr.	kr.
	Flutt		21423,38
V.	Kennaraskólinn:		
	b. 1. Tímakensla	2934,00	
	3. Bókakaup og áhöld	197,25	
	5. Til viðhalds	24,65	
	6. Ýmisleg gjöld	789,47	
			3945,37
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	b. 3. Ýmisleg gjöld		482,11
VII.	Vjelstjóraskólinn:		
	b. 3. Ýms gjöld		448,00
VIII.	Bændakensla:		
	2. c. 2. Kensluáhöld	286,02	
	3. c. 2. Kensluáhöld	314,00	
	4. Ýmisleg gjöld	1825,00	
			2425,02
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	2. b. Annar kostnaður	1156,66	
	3. Styrkur til námskvenna	5005,00	
			6161,66
XIII.	Barnafræðsla:		
	4. Til prófdómara		4582,15
XVII.	Kensla heyrnar- og mállausra		2966,67
		Samtals	42434,36

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast kr. 9488,56.

		kr.
5.	Landsbókasafnshúsið:	
	b. Til viðhalds og áhalda	1379,97
37.	Til veðurathugana og skeyta	8108,59
	Samtals	9488,56

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 16523,05.

		kr.	kr.
9.	Efnarannsóknarstofa:		
	a. Laun forstöðumanns	1790,00	
	c. Til ljósa	1327,70	
			3117,70
14.	Laun yfirmatsmanna:		
	e. Ferðakostnaður		12969,40
25.	Silfurbergsnáma í Helgustaðafjalli		135,95
36.	Til sendimanns á Spáni		300,00
		Samtals	16523,05

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. veitast kr. 223136,69.

	kr.
Óviss gjöld	223136,69

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1922, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þann reikning og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

3. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

Lög nr. 70, 27. júní 1921 skulu vera í gildi til ársloka 1925.

Athugasemd við frumvarp þetta.

Þar sem fjárhagstímabili með áætluðum 1,250,000 kr. tekjuhalla er nú lokið, er það auðvitað, að ríkissjóður má ekki við því, án uppbótar, að missa tekjulið er nemur ca. 350—400,000 kr., en þá upphæð mun mega áætla af útflutnigsgjaldinu, að frátöldu útflutningsgjaldi af síld, sem var lækkað mikið 1922.

4. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum 1922.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

I. TEKJUR.	Áætlun kr.	Reikningur kr.
1. Fasteignaskattur	210000,00	216331,20
2. Tekju- og eignarskattur	700000,00	1224919,99
3. Aukatekjur	150000,00	336038,50
4. Erfðafjárskattur	20000,00	36663,98
5. Vitagjald	140000,00	203499,40
6. Leyfisbrjefagjöld	10000,00	14720,32
7. Útflutningsgjald	600000,00	803628,69
8. Áfengistollur	250000,00	338763,91
9. Tóbakstollur	600000,00	339288,00
10. Kaffi- og sykurtollur	800000,00	886146,84
11. Vörutollur	1200000,00	1316128,00
12. Annað aðflutningsgjald	60000,00	125807,94
13. Gjald af konfekt- og brjótsykurgerð	10000,00	26060,61
14. Stimpilgjald	500000,00	410012,46
15. Lestagjald	40000,00	36800,00
16. Pósttekjur	300000,00	412815,61
17. Símatekjur	1000000,00	1065871,58
18. Tóbakseinkasala	150000,00	100000,00
19. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	40050,00	49707,85
20. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl.	577000,00	735337,54
21. Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld	22400,00	350529,19
22. Tekjur samkvæmt sjerstökum lögum og þingsályktunum	... ...	1192091,75
23. Bætt við lán hjá ríkissjóði Dana	... ...	58436,73
24. Lán úr Landhelgissjóði	... ...	600000,00
Samtals	7379450,00	10879600,09
Tekjuhalli	... ...	1256609,80
Alls	... ...	12136209,89

II. GJÖLD.	Áætlun kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1629470,95	1919739,79
2. Borðfje Hans Hátign konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	276000,00	205365,96
4. Til ráðuneytisins o. fl.:		
A. Stjórnarráðið	201700,00	225216,17
B. Hagstofa Íslands	55700,00	49091,90
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	48000,00	63236,75
5. Dómgæsla og lögreglustjórn:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	506320,00	486531,65
B. Ýmisleg útgjöld	228100,00	372058,71
6. Gjöld við læknaskipunina	825992,00	803511,43
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	480620,00	469074,64
B. Vegabætur	437940,00	430522,86
C. Samgöngur á sjó	300000,00	325996,67
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1018490,00	1193900,12
E. Vitamál	267600,00	267639,45
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	402508,28	444561,49
B. Kenslumál	1270210,00	1174190,77
9. Til vísinda, bókmenta og lista	280970,00	266194,57
10. Til verklegra fyrirtækja	745790,00	684949,95
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000,00	36635,44
12. Eftirlaun og styrktarfje	230411,14	215855,07
13. Óviss útgjöld	100000,00	323136,69
14. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	2118799,81
Samtals	9369822,37	12136209,89

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt, nema að því leyti að um eitt ár er að ræða. Landsreikningurinn fyrir árið 1922 verður lagður samhliða frumvarpi þessu fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

5. Frumvarp

til vegalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

FYRSTI KAFLI.

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. Suðurlandsvegur. Frá Reykjavík um Hellisheiði austur yfir Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand, Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaptártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.

2. Þingvallabraut. Frá vegamótum við Geitháls til Þingvalla. Svo fljótt sem fje verður veitt í fjárlögum, skal ný Þingvallabraut lögð frá vegamótum Vesturlandsvegar í Mosfellssveit, sunnan við Köldukvísl, um Mosfellsdal, norðan við Leirvogsvatn og á núverandi Þingvallabraut, skamt austan við 35 km. stein. Skal þá brautin frá Geithálsi að væntanlegum vegamótum austan við 35 km. stein verða fjallvegur.

3. Geysisbraut. Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.

4. Biskupstungnabraut frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur að vegamótum Geysisbrautar.

5. Eyrarbakkabraut frá Selfossi að Eyrarbakka.

6. Reykjanessbraut frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.

7. Spítalavegirnir til Laugarness, Klepps og Vífilstaða.

B, Um Vesturland:

1. Vesturlandsvegur frá vegamótum hjá Artúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hestháls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítá hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnessbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.

2. Borgarnessbraut frá Borgarnesi að vegamótum norðan Gufár

3. Stykkishólmsbraut frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.

4. Strandavegur frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.

C. Um Norðurland:

1. Norðurlandsvegur. Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um Línakradal og Vesturhóp, yfir Víðidalsá skamt fyrir utan Faxalæk yfir Vatnsdalsá hjá Hnausum, yfir Blöndu hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnaskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Tunguheiði, Kelduhverfi, Axarfjörð, Þistilfjörð að Þórshöfn.

Þangað til leiðin frá Hrútafjarðarhálsi austur yfir Víðidalsá í Húnavatnssýslu er fullgerð, skal halda við á kostnað ríkissjóðs þeim köflum hins eldri þjóðvegar, sem þarf til þess, að jafnan sje samhangandi reiðfær vegur alla þessa leið.

2. Hvammstangabraut frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóraósi.

3. Sauðárkróksbraut frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.

D. Um Austurland:

1. Austurlandsvegur frá Þórshöfn um Brekknaheiði, Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði, Jökulsárhlíð, Hróarstungu, Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Berufjarðarskarð, Djúpavog, Geithellahrepp yfir Lónsheiði.

2. Eskifjarðarvegur frá Eskifirði til Reyðarfjarðar.

3. Fagradalsbraut frá Reyðarfirði að vegamótum hjá Egilsstöðum.

4. Fjarðarheiðarvegur frá Seyðisfirði á vegamót Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum.

3. gr.

Þar sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún, telst þjóðvegurinn að mörkum kaupstaðarlóðar, eða verslunarlóðar.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem ráðherra ákveður, og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir, er liggja sýslna á milli og um hverja sýslu þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og fiskiver, enda sjeu þeir eigi þjóðvegir. Sýslunefndir ákveða, hvar þessir vegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru þjóðvegir nje sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

ANNAR KAFLI.

Um stjórn vegamála.

7. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum, er skipaður vegamálastjóri og skal fá honum fasta aðstoðarmenn eftir þörfum.

Nú getur vegamálastjóri eða fastir aðstoðarmenn hans eigi komið því við, að veita forstöðu einhverri þeirri vegagerð eða brúargerð, er útheimtir sjerstaka verklega þekkingu, og er atvinnumálaráðuneytinu þá heimilt að ráða til þess hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnaður sá, er af þessu leiðir, telst með öðrum kostnaði við verkið.

8. gr.

Sýslunefndir hafa umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem er kostað af sýslusjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa einhverja vegagerð eða brúargerð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagerðar eða brúargerðar, og er þá sýslunefnd eða oddvita í umboði hennar heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

9. gr,

Hreppsnefnd hefir umsjón með vinnu, og aðgerð á hreppsvegum, og skal hún ráða þann til verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa vegagerð eða brúargerð eða til þess að sjá um framkvæmd vegagerðar eða brúargerðar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann er fæst. Kostnað þann er af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

ÞRIÐJI KAFLI.

Um gerð vega, viðhald þeirra og greiðslu kostnaðar.

10. gr.

Allir vegir skulu vera svo gerðir, að nægi umferð þeirri, sem er eða vænta má að verði um þá, að svo miklu leyti, sem stjórn vegamálanna telur slíkt kleift.

11. gr.

Fram með öllum vegum skulu vera skurðir á báðar hendur, nema þar sem verkstjórinn kann að álíta það óþarft. Nú þarf að veita vatni frá vegi og er þá hver landeigandi skyldur að leyfa, að því sje gerð framrás yfir land hans, mót skaðabótum fyrir tjón það, sem hann kann að bíða af því. Skaðabæturnar skulu ákveðnar með samkomulagi eða eftir mati samkvæmt 26. gr. Þó getur enginn krafist skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru tilorðnar áður en þessi lög öðlast gildi.

Jarðefni það, er grefst upp úr skurðum og verður ekki notað til fyllingar í veginn, skal leggja á þann skurðbakkann, er veit frá veginum; skal metrabreið ræma af þeim skurðbakka teljast til vegarins, og má enginn gera girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis stjórnarvalda þeirra, er veginum ráða, enginn má heldur reisa hús nær þeim skurðbakka, er veit frá veginum, en nemi 2 metrum.

12. gr.

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran og má þá, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfjelög eða sýslufjelög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðarins.

13. gr.

Fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

14. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfjelag árlega 2 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20–60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 5 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Hreppstjórar skulu í októbermánuði ár hvert semja nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Skulu skrárnar sendar sýslumanni fyrir árslok, en sýslumaður ákveður eftir þeim sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greitt sýslumanni

á manntalsþingi. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í tje fyrir 20. október.

Heimilt er sýslunefndum, að gera samþykt um stofnun sýsluvegasjóða samkvæmt lögum nr, 10, 20. júní 1923, um samþyktir um sýsluvegasjóði, og fer þá um kostnað við sýsluvegi samkvæmt þeim lögum.

15. gr.

Sýsluvegir þeir, sem liggja frá kauptúnum eða útfrá akfærum þjóðvegum eða eru framhald af þeim, skulu gerast akfærir þar sem því verður viðkomið. Heimilt er að greiða úr ríkissjóði styrk til akfærra sýsluvega, er nemi alt að helmingi kostnaðar, gegn þeim skilyrðum er ráðherra setur í reglugerð. Að öðru leyti ákveður sýslunefnd hvernig sýsluvegir skuli gerðir. Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um akfæra sýslu- og hreppsvegi, og fer þar um samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóv. 1919.

16. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt með reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

17. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum, en tekjur sjóðsins það ár leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra, en áður sýslunefnd ákveður lántökuna, skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagerð eftir verkfróðan mann og skal áætlunin vera samþykt af vegamálastjóra.

18. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald 2 kr. árlega fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 5 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

19. gr.

Hver sá maður, er talinn er í verkfærra skrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins er 31. desember ár hvert.

20. gr.

Til vegagerðar á hreppavegum má ekki verja minna fje úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sje á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvega-

gjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 18. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sje með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

21. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að alt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sje aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engir þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða að alt að jafnmikil upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði.

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu yfirlit yfir hreppsvegagjöld í sýslunni og yfir gjöld sveitarsjóða til vega.

23. gr.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagerðar í hreppnum, og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndarinnar um lántökuna.

FJÓRÐI KAFLI.

Um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

24. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sje tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvegar skulu greiðast úr sýslusjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir.

25. gr.

Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegamálastjóri hefir látið setja til að marka útmælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hans.

Rjett er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftir tillögu vegamálastjóra að banna að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar,sem mælt hefir verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi alt að 3 ár.

26. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sjer, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefir verið boðið en því, sem hann hefir krafist, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því að matsgjörð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fjórum dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefir krafist þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

27. gr.

Mat skal fram fara á vettvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afraksturs af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega alt það er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sjerstaklega skal hafa tillit til þess ef ætla má að land hækki í verði við vegagjörðina. Nú legst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda og skal þá við matsgerðina meta sjerstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg, eða jarðrask, leiðandi af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema að sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi, en af hinum eldri vegi eða stíg.

28. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sje jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign og skal meta þær sjerstaklega.

29. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiða, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur rjettur til skaðabóta niður.

FIMTI KAFLI.

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

30. gr.

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 62, 28. nóv. 1919.

31. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld nje afnema lögferju nema með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykki sýslunefndar og skal þá málinu skotið til úrskurðar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

32. gr.

Nú er sett dragferja eða svifferja eða annar ferjuútbúnaður, sá er útheimtir ferjumann, í lögferjustað, og skal þá lögferjumaður skyldur að taka við hinni nýju ferju, gegna henni og hafa með henni umsjón alla. Að því leyti sem viðhald hins nýja ferjubúnaðar álítst kostnaðarsamara en viðhald hinnar eldri ferju, skal sýslusjóður kosta það, en ríkissjóður ef ferjan er á þeim vegi, er ríkissjóði ber að halda við.

33. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar, sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferjan sje lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

34. gr.

Nú verða ábúandaskifti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sje metið álag á ferjuna.

35. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annarsstaðar þar er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

36. gr.

Girðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 1 metri sje milli vegjaðarins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðingar má ekki setja nær alfaravegi

en svo, að 6 metrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar og ekki nær en svo að 4 metrar sjeu frá vegjaðrinum til girðingarinnar. Grjótgarða, torfgarða eða skíðgarða má ekki setja nær vegjaðri en 10 metra, nema með sjerstöku leyfi ráðherra ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða. Hús má ekki reisa nær vegjaðri en 4 metra.

37. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, nema með leyfi ráðherra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða. Synjun sýslunefndar um slíkt leyfi má skjóta til ráðherra til úrskurðar. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefir verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið.

38. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2.6 metrar á breidd og svo gerð að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki.

Heimilt er hlutaðeigandi stjórnarvöldum, að afturkalla með tveggja ára fyrirvara, gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum.

39. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegamálastjórninni þessa ekki gætt, er ráðherra heimilt að úrskurða að viðgerð skuli framkvæma á kostnað þess, sem að rjettu ber að viðhalda girðingunni.

40. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

41. gr.

Nú er vegur lagður gegnum land manns og á hann þá rjett á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa á veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sje hallinn á fláanum eigi meiri en 1 : 8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minsta kosti 2 metra breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal þá aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu, en þeim eina.

SJÖTTI KAFLI.

Um framkvæmd viðhaldsins, um vetrarviðhald og vetrarvegi.

42. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum skulu fá til svo hæfa menn, sem kostur er á, til þess að hafa eftirlit með vegunum. og skal eigi ætla eftirlitsmanni lengri kafla en 15 km. nema staðhættir krefji.

43. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gera við allar skemdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af, eða hindrað umferð, eða hætt er við að ágerist svo að meiri kostnaður hljótist af. Þeir skulu á vetrum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum, að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, sjeu eigi skemd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slík brot fyrir lögreglustjóra.

44. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og má þá hreppsnefnd ákveða að svo skuli gert, hver innan síns hrepps. Nú liggur vegur um fleiri hreppa en einn og má sýslunefnd þá ákveða, að honum skuli halda akfærum með snjómokstri, ef hreppsnefnd í einhverjum þeim hreppi, er vegurinn liggur um, fer fram á það.

45. gr.

Þá er löglega hefir verið ákveðið að halda vegi akfærum með snjómokstri, skal hver hreppsnefnd annast um framkvæmd þess innan síns hrepps. Kostnaðinn við það má greiða úr sveitarsjóði, en heimilt er hreppsnefnd og að ákveða, að verkið skuli int af hendi með skylduvinnu allra verkfærra karlmanna í hreppnum. Heimilt skal þó hverjum manni að leysa sig undan skylduvinnu með því að greiða 4 kr. fyrir hvert dagsverk.

Hreppsnefnd kveður að öðru leyti á um, hversu snjómokstri skuli hagað.

46. gr.

Heimilt er sýslunefndum og hreppsnefndum, að verja fje úr sýslusjóðum eða sýsluvegasjóðum og sveitarsjóðum til þess að gera sleðabrautir að vetrum utan almannavegar, þar sem þörf þykir.

SJÖUNDI KAFLI.

Sjerstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig.

47. gr.

Í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd með ráði byggingarnefndar, hvar vegir skuli liggja innan kaupstaðarins eða verslunarstaðarins og hvernig þeir skuli gerðir.

48. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald í kaupstöðum, greiðist úr bæjarsjóði, en í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

49. gr.

Verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfjelagið hefir næsta ár á undan því. er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafn miklu fje úr sveitarsjóði, sem sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

ÁTTUNDI KAFLI.

Um reglur fyrir umferð um vegi.

50. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða akandi, skulu þá er þeir mæta einhverjum, eða ef einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer og gripum sínum á vinstri helmingi vegarins eingöngu.

51. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, geta — hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki ráðherra — sett þær reglur fyrir

umferð um vegi þá, er þau annast um viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að girða fyrir skemdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð um vegina, svo sem bannað trjádrátt og umferð þungavagna og bifreiða með mjóum hjólgjörðum.

Ráðherra getur og sett þær reglur um hjólhæð vagna og hjólbreidd og um hlassþunga, sem þurfa þykir til þess að girða fyrir skemdir á vegum.

A sama hátt er heimilt að setja þær reglur um umferð um brýr, sem þurfa þykir.

Ráðherra getur ennfremur að fengnum tillögum sýslunefndar, þar sem um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, bannað umferð bifreiða þann tíma árs, sem hættast er við skemdum á veginum.

Reglur sem settar verða samkvæmt þessari grein, skal birta minnst tveim mánuðum áður, en þær eiga að ganga í gildi.

52. gr.

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn, þó mega bifreiðar eða vagnar standa á veginum við vinstra vegjaðar um skamman tíma, en ef hestur er fyrir vagni, skal hann bundinn á einhvern tryggilegan hátt.

NÍUNDI KAFLI.

Um skemdir og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

53. gr.

Enginn má stífla skurði fram með vegi, eða frá vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eðlilegt vatnsrensli gegnum veg eða frá vegi eða veita vatni á veg.

54. gr.

Enginn má skemma af ásettu ráði nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr ferjur, stabbasteina, kílómetrasteina, vörður eða sæluhús.

55. gr.

Hver sá sem notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo, að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæsluhússins eða lögreglustjóra.

56. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum frá 5—500 kr., nema þyngri hegning

liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefir unnið.

57. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

TÍUNDI KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1925.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57, 22. nóv. 1907 um vegi, svo og öll lög um breytingar á þeim lögum og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa oft komið fram óskir um það á Alþingi, að vegalögin yrðu endurskoðuð. Voru samþyktar tillögur í þá átt af Nd. 1914, 1915 og 1919 af báðum deildum. Sama ósk kom fram í nefndaráliti samgöngumálanefndar Ed. 1923 í þskj. 524 og gaf þá atvinnumálaráðherra loforð um, að frumvarp til nýrra vegalaga skyldi lagt fyrir næsta þing.

Núgildandi vegalög eru frá 1907, en ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðan, og hafa flestar miðað í þá átt, að létta vegabótakostnaði af sýslufjelögum og leggja hann á ríkissjóð.

Í vegalögunum var fylgt þeirri meginreglu, að ríkissjóður kostaði vegagerðir á þjóðvegum og flutningabrautum, en viðhald flutningabrautanna og akfærra þjóðvegakafla í bygðum skyldi smámsaman lagt á sýslusjóðina. Þetta reyndist vel fyrstu árin, en er akvegakerfið stækkaði og umferðin óx, varð viðhaldskostnaðurinn sýslusjóðunum að sama skapi þyngri byrði, með því að sýslufjelögum bættust engar nýjar tekjur til þess að standast aukin gjöld til vegabóta eins og þó til hafði verið ætlast, er vegalögin voru samþykt 1907. En jafnframt komu fram eðlilegar innanhjeraðsóskir um að gera akfæra vegi um sveitirnar út frá flutningabrautunum og hinum akfæru þjóðvegaköflum. Fór þá brátt svo, að viðhaldið varð ónógt og brautirnar gengu úr sér og tjáði ekki þó vegamálastjóri gerði tillögur til sýslunefnda um nauðsynlegar fjárveitingar. Sýslunefndir kváðu fjárhag sýslnanna ekki mega við svo miklum gjöldum til viðhaldsins og áætluðu þráfaldlega ónógar upphæðir. Vegalögin heimila að vísu, þegar álitið er, að sýslunefndir vanræki viðhaldið, að ráðuneytið láti þá framkvæma aðgerðir á kostnað

sýslunnar. En eins og fjárhag sýslnanna er komið undanfarin ár, hefir verið ógerlegt að beita því ákvæði laganna. Hefir heldur verið tekið það ráð, að fresta afhending fleiri vega sýslunum til viðhalds.

Með lögum síðasta Alþingis um samþyktir um sýsluvegasjóði var stigið stórt skref í þá átt að ljetta viðhalds- og vegagerðarkostnaðinum af sýslunum, en svo sem greinargerðin fyrir þeim lögum ber með sjer, þá var gert ráð fyrir nokkuð háum fasteignaskatti í öllum þeim sýslum, þar sem bestir eru akvegirnir, þó mikill styrkur kæmi þar á móti úr ríkissjóði. Jafnóðum og akvegakerfið færðist út, myndi og skatturinn hækka í öðrum sýslum. Fyrirsjáanlegt var og að meginið af tekjum sýsluvegasjóðanna myndi fara til viðhalds akvegunum, jafnóðum og akfæru þjóðvegakaflarnir yrðu afhentir þeim samkvæmt ákvæðum gildandi laga, en víða verður tiltölulega lítið aflögum til nýrra akfærra vega út frá aðalbrautunum.

Með tilliti til þessa ástands hefir nú verið samið frumvarp til nýrra vegalaga, þar sem verulegasta breytingin frá núverandi lögum er sú, að skrefið er stigið að fullu og öllu, Viðhaldi þjóðvega og nálega allra núverandi flutningabrauta er ljett af sýslunum. Hefir slík breyting að sjálfsögðu í för með sjer nokkurn útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, en þó meiri á pappírnum en í raun og veru, með því að það þykir fullsannað, að í framkvæmdinni muni viðhald fleiri akvegakafla lenda á ríkissjóði en núgildandi lög ætlast til. Telst því ekki útgjaldaauki þessi svo mikill, að hann muni rýra til muna getu ríkissjóðs til fjárveitinga til nýrra vega. Á hinn bóginn er sýslunum með slíkri breytingu gert miklu auðveldara að bæta aðra innansveitarvegi og gera nýja, þar sem ríkissjóður tekur að sjer aðalvegina. Þannig verður því að líta svo á, að þessi breyting muni verða til þess, að aðalvegirnir batni fyrir aukið viðhald og umbætur, en sýsluvegirnir verði fyr akfærir, þar sem öllu vegafje sýslunnar verði varið til þess, að bæta þá. Muni þannig lagafrumvarp þetta, ef samþykt verður, skapa nýja undirstöðu aukinna vegabóta í landinu, sem allir munu kannast við, að brýn þörf sje á, eftir fylstu getu ríkissjóðs og sýslufjelaganna.

Við 1. gr.

Sökum breytingar á viðhaldsskyldunni er óþarft að halda heitinu flutningabrautir um einn sjerstakan vegaflokk, þar sem enginn lagalegur munur er orðinn á þeim brautum og þjóðvegunum.

Við 2. gr.

Til glöggvunar eru tekin upp nöfn á þjóðvegaköflum eftir fjórðungum. Eins og nú, er aðalvegurinn kring um alt land talinn þjóðvegur, en gerðar nokkrar breytingar á legu hans, og bætt við nokkrum köflum auk flutningabrautanna flestra. Eru þá taldar í þeim flokki flestar alfaraleiðir ásamt vegum í kaupstaðina og helstu kauptúnin. Flutningabrautir, sem eru eindregnar innansveitarbrautir, eins og Borgarfjarðarbraut frá vegamótum hjá Haugum eða vegamótum hjá Kláffossi og Eyjafjarðarbraut eru ekki teknar í þjóðvegatölu, heldur gengið út frá að þær verði teknar í tölu sýsluvega.

Til yfirlits er sýnt á Íslands uppdrætti aðalvegakerfi landsins og miðað

við tillögur fruмvarpsins. Á uppdrættinum er enn fremur sýnt þjettbýli með lituðum hringum, er sýna fólksfjölda í réttum hlutföllum. Verður uppdráttur þessi lagður fyrir þingið.

Þessar breytingar er lagt til að gerðar verði á legu þjóðveganna:

A. 2. Þingvallabraut. Það mun ekki hafa liðið langur tími frá því að Þingvallavegurinn var fullgerður 1897, að vegamálastjóra og öðrum, sem málið hugsuðu, varð það ljóst, að misráðið hafði verið að leggja veginn um óbygðir yfir Mosfellsheiði, heldur átti hann að liggja um bygðina, um Mosfellssveit. Á Mosfellsheiði liggur vegurinn undir snjó eða er ófær fyrir það, að klaki er ekki úr jörð, þar til fram í júnímánuð, enda liggur hann á háheiðinni í alt að 370 metra hæð yfir sjávarmál, en jarðlagið er þar víðast leir og móhella svo holklaki er fram eftir öllu vori, eftir að snjó leysir. Hjer við bætist að nothæf möl er ófáanleg á allri háheiðinni, þess vegna er þar jafnan slæm færð í vætum, og mun svo verða áfram, því smá púkkgrjót er heldur ekki fáanlegt.

Lægi Þingvallavegurinn um Mosfellssveitina, eins og hjer er lagt til að breytt verði, mundi hann beygja frá Mosfellssveitarveginum rjett sunnan við Köldukvísl og liggja eftir nýja sýsluveginum að Laxnesi. Þaðan yrði að leggja nýjan veg 14 km. langan upp á Mosfellsheiði við 35 km. steininn. Á þeirri leið er til bæði möl og grjót og þar sem vegurinn yrði hæstur mundi hann liggja 100 metrum lægra en vegurinn á háheiðinni. Snjóalög hafa verið mæld á þessari leið nokkra vetur, vegna járnbrautarinnar, sem einu sinni var áformað að leggja þarna. Bera þær mælingar með sjer, að sjóþyngsli eru engin, svo að gera má ráð fyrir, að vegurinn yrði að jafnaði vagnfær í hverjum meðalvetri, enda er nú vetrarleið úr Þingvallasveit nálægt því, sem vegurinn mundi liggja.

Vegna erfiðrar aðstöðu fyrir ofaníburðarleysi og vegna sívaxandi bifreiðaumferðar er árlegt viðhald Þingvallabrautar um Mosfellsheiði mjög dýrt, en því miður tekst samt ekki að halda veginum í góðu ástandi. Aðstaðan er örðugust á kaflanum frá 20 km. að 35 km. og fer ekki hjá því, að nauðsynlegt verður annaðhvort að framkvæma mjög rækilega og kostnaðarsama aðgerð þar á næstu árum eða taka nú ákvörðun um að flytja veginn niður í bygðina og kosta sem allra minstu upp á þenna kafla.

Þó gera megi ráð fyrir, að fyrstu 5 árin að minsta kosti mundi ekki hugsað til að byrja hina nýju vegagerð, er það talið heppilegast að viðurkenna það nú þegar með lagaákvæði að vegurinn skuli leggja sem mest í bygð, heldur en að láta það dragast þar til lagt hefir verið mikið fje til árlegs viðhalds á Mosfellsheiði, enda mun þá og örðugra um vik að fá leiðrjettingu á hinum fyrstu mistökum í þessa máli. Kostnaðaráætlun um hinn nýja vegarkafla nemur alt að 200 þús. kr. miðað við núverandi verðlag og vandaðan veg. En rækileg aðgerð vegarkaflans um heiðina mun kosta um 100 þús. kr. og verður vegurinn samt hvorki vandaður nje til frambúðar.

A. 4. Biskupstungnabraut er nú fullgerð að Torfastöðum í Biskupstungum. Látið er liggja milli hluta, hvort vegurinn verður lagður þaðan um vestri eða eystri leiðina, sem deilt var um síðastliðið sumar. Má sú ákvörðun bíða ítarlegri rannsóknar síðar.

A. 6. Reykjanesbraut. Nú er þjóðvegur frá Reykjavík til Hafnarfjarðar,

en sýsluvegur þaðan til Keflavíkur. Keflavíkurvegurinn var í upphafi góður akvegur, en hefir ekki þolað bifreiðaumferðina, sem nú er orðin afarmikil alt árið. Sýslan er orðin stórskuldug, að mestu leyti fyrir kostnað af vegagerðum, enda mun hún nú best veguð sýsla í landinu, en sýslunni er viðhaldið um megn og hafa umbætur á Keflavíkurveginum síðustu 2 árin verið kostaðar að $^3/_4$ hlutum af ríkisfje (bifreiðaskattinum). Þar sem í þessu frumvarpi er gerð sú aðalbreyting á núgildandi vegalögum, að viðhald aðalveganna verði kostað af ríkissjóði, þykir rjettlátt að Keflavíkurvegurinn verði og tekinn í þjóðvegatölu. Árleg útgjöld ríkissjóðs fyrir þessa breytingu telst að muni nema um 3000 kr.

A. 7. Spítalavegirnir. Þeim er nú samkvæmt úrskurði ráðuneytisins haldið við á kostnað ríkissjóðs af vegafje, en ekki af rekstrarfje spítalanna og þykir rjett að lögfesta þá ráðstöfun.

B. 1. Vesturlandsvegur. Nú er þjóðvegurinn ákveðinn frá Hesthálsi í Borgarfirði, þvert fyrir mynni Borgarfjarðardala um Norðtungu, yfir Grjóthál og yfir Norðurá á vaði hjá Hafþórsstöðum, en brúarstæði á Norðurá er fyrirhugað nokkru ofar, á Krókshyl, Skamt þar fyrir norðan kemur vegurinn á þjóðveginn upp Norðurárdal. Öll þessi leið er góður akvegur og að mestu upphleypt braut, nema kaflinn yfir Grjóthál, sem er illfær akvegur vegna bratta, enda liggur vegurinn þar í alt að 260 metra hæð yfir sjávarmál og er því ófær á vetrum. Á síðustu árum hefir verið unnið að lagningu svonefndrar Hvítárbrautar, sem er sýsluvegur, frá Borgarfjarðarbraut norðan Gufár um Hvítá hjá Ferjukoti og Hvítárvöllum, síðan sunnan Grímsár á núverandi þjóðveg norðan í Hestahálsi. Þessi vegur er 10.5 km., en vantar nú um 2.5 km. á að hann sje fullgerður og ennfremur brúna á Hvítá. Vegarkaflann hefir vegamálastjóri áætlað ..... kr. 16000,00
og brúna ..... — 160000,00
Samtals kr. 176000,00

Þar sem vegurinn er nú sýsluvegur, greiðist úr ríkissjóði helmingur vegagerðarkostnaðar ..... kr. 8000,00
$^3/_4$ hlutar brúargerðarkostnaðar ..... — 120000,00
Samtals kr. 128000,00

Með því að taka kaflann í tölu þjóðvega bætist ríkissjóði kostnaður að upphæð kr. 48000,00 auk árlegs viðhalds vegarins, sem má áætla 1000 kr. eða líkt og nú kostar viðhald þess þjóðvegarkafla, sem ætlast er til að niður falli fyrir þessa breytingu.

Ástæðan til þess að gera tillögu um þessa breytingu er sú, að fullvíst er, að umferðarleiðin milli landsfjórðunganna mun flytjast á þann veg þegar brú verður sett á Hvítá, sem varla verður langt að bíða. Öll leiðin er um sljettlenda bygð, en kaflinn yfir Grjóthál á núverandi þjóðvegi hefir engin skilyrði til þess að fá þær umbætur, að hann verði fær bifreiðum. Geri jeg því jafnframt ráð fyrir, að sá kafli verði tekinn í tölu fjallvega, en kaflinn frá Grímsá að Litlu-Þverá í tölu sýsluvega.

B. 4. Strandavegur. Nú liggur þjóðvegurinn úr Bitrufirði um Krossárdal að vegamótum þjóðvegarins um Dalasýslu í Gilsfirði. Hjer er lagt til að sýsluvegurinn, sem nú er, alt norður í Steinsgrímsfjarðarbotn og vegurinn yfir Steingrímsfjarðarheiði verði tekinn í þjóðvegatölu. Er það gert sumpart vegna þess,

að þar liggur nú aðalpóstleið til Ísafjarðar, og sumpart til þess að ljetta af Strandasýslu viðhaldi þess kafla, sem þykir ekki órjettmætt samanborið við aðrar vegalagabreytingar í líka átt. Öll sú vegalengd sem bætist við þjóðvegina er 75 km., en hjer af er kaflinn yfir Steingrímsfjarðarheiði 13 km. og er nú fjallvegur og við haldið af ríkissjóði. Búist er við að aukinn árlegur viðhaldskostnaður vegna tjeðrar breytingar muni ekki nema meiru en 2000 kr., að minsta kosti fyrst um sinn.

Jafnframt er gert ráð fyrir að vegarkaflinn um Krossárdal, sem fellur úr þjóðvegaflokki, verði tekinn í tölu fjallvega.

C. 1. Norðurlandsvegur. Á þessari leið er gerð aðeins ein breyting, sem þó er raunar löngu fyrirfram ráðin. Er það sú að flytja þjóðveginn af Miðfjarðarhálsi, en leggja hann nokkru utar um Línakradal. Að nokkru leyti stafar sú breyting af að brúarstæði á Miðfjarðará er ákveðið hjá Reykjum, sem er mun utar en nú er farið á vaði yfir ána. Liggur því Línakradalur beint við, en eftir honum er sýsluvegur, upphleypt braut, svonefndur Múlavegur, sem á því að verða tekinn í tölu þjóðvega. En að öðru leyti er tilgangur breytingarinnar að flytja þjóðveginn af hálendum hálsi niður í bygðina, þar sem hann kemur að betri notum sem fullkominn akvegur.

Um framhald þessa vegar norður úr Línakradalnum og brúarstæði á Víðidalsá hefir verið nokkuð deilt innanhjeraðs, hvort farin skyldi vestri leiðin út hjá Vesturhópsvatni og yfir Víðidalsá skamt fyrir norðan Litlu-Borg eða eystri leiðin um Sporðhús fyrir sunnan Stórhól austur á ásinn, sem liggur vestan að Víðidalnum, og á þjóðveginn sem nú er, nálægt Steinsvaði á Víðidalsá.

Eystri leiðin verður mun ódýrari en hin fyrir það að kaflinn fyrir norðan Víðidalsá er nú svo vel vegaður, að duga mun næstu árin þó ekki sje til frambúðar; á kaflanum frá Sporðhúsum að Víðidalsá mundi þurfa nýjan veg að lengd 9.5 km. sem áætlað er að kosti 80000 kr. — Vestri leiðin er öll óveguð og mun þurfa 18 km. langan veg, sem mun kosta um 140000 kr. — Í hvorugri áætlun er meðtalin brú á Víðidalsá, sem mun kosta svipað á báðum þessum leiðum.

Árið 1917 lá fyrir Alþingi frumv. samið af þáverandi landsverkfræðingi um vegalagabreytingu samhljóða þeirri, er hjer er lagt til að gerð verði, en náði þá ekki að ganga fram, með því að málið þótti ekki nægilega athugað, enda ekki aðkallandi þá. Síðan hafa báðar leiðirnar verið rannsakaðar ítarlega.

Í sambandi við þjóðvegabreytingu þessa standa fyrirhugaðar breytingar á innansveitarvegum í hjeraðinu, og er ástæðan til þess að hjer er lagt til að velja þá leiðina, sem dýrari verður, sú, að vegurinn kemur þá hjeraðinu að miklu betri notum.

Við 3. gr.

Þar sem flutningabrautir og þjóðvegir nú liggja um kauptún, mun engri fastri reglu fylgt um, hvar sjeu viðhaldsmörk aðilja. Þykir því rjett að setja föst ákvæði hjer um og hæfilegt að miða við verslunarlóðina. Þar sem viðhaldi veganna er mjög ljett af sýslunum, væri eðlilegt að viðhald aðalumferðarvegarins um

kauptúnið yrði kostað af sýslusjóði, en ástæða þykir þó ekki til þess að mæla svo fyrir í lögunum.

Við 4., 5. og 6. gr.

Eru óbreyttar eins og í núgildandi vegalögum.

Við 7., 8. og 9. gr.

Að mestu eins og 28., 29. og 30. gr. í núgildandi vegalögum.

Við 10. gr.

Svipuð eins og 31. gr. núgildandi vegalaga.

Við 11. gr.

Óbreytt eins og 32. gr. núgildandi vegalaga.

Við 12. gr.

Fyrir breytingu þeirri, sem felst í fyrri málsgrein, hefir áður verið gerð grein. Síðari málsgreinin er samhljóða fyrri kafla 15. gr. í núgildandi vegalögum, nema að slept er síðara skilyrðinu um akfærar álmur út frá hinum akfæra þjóðvegi, enda mun því ákvæði aldrei hafa verið beitt.

Við 13. gr.

Samhljóða 19. gr. í núgildandi vegalögum.

Við 14. gr.

Að efni til er greinin svipuð 20. gr. í núgildandi vegalögum með hliðsjón af vegalagabreytingu frá 11. júlí 1911, 3. gr. Lágmark sýsluvegagjaldsins er hækkað úr kr. 1.25 upp í kr. 2.00, en hámarkið úr kr. 3.00 í kr. 5.00. Er tilgangurinn að afla sýslusjóðum tekna til aukinna vegaframkvæmda, enda má gera ráð fyrir, að verðlag alt verði enn um langan tíma miklu hærra en var 1907, er núgildandi vegalög voru samþykt. Jafnframt má taka fram, að hækkunin er í rauninni ekki svo mikil, því sýsluvegagjaldið nær nú víðast hámarki gildandi laga.

Samkvæmt síðasta heildaryfirliti, er sýsluvegagjaldið 1919:

í 12 sýslum	.....		kr. 3,00
í 1 —	.....		— 2,50
í 3 —	(Kjósar-, Skagafjarðar- og S.-Múlasýslu)	...	— 2,00
í 4 —	(A.- og V.-Skaftafellss., Barðastr., Ísafjarðars.)		— 1,25

Allar sýslurnar í 2 síðasttöldu flokkunum, nema Barðastrandarsýsla og Ísafjarðarsýsla, verja nú mun meiru en sýsluvegagjaldinu til vegabóta. Sýsluvegagjöldin námu að meðaltali 1915—1919:

í Barðastrandasýslu kr. 819,00 — en til vegabóta var greitt kr. 724,00
í Ísafjarðarsýslu kr., 1525,00 — en til vegabóta var greitt kr. 1019,00

Barðastrandasýsla er mjög illa veguð og sýsluvegir þurfa þar mikilla umbóta, einnig þarf að gera nokkrar brýr, sem kostar sýsluna talsvert fje. Er því

full þörf hækkunar sýsluvegagjaldsins. Líkt mun og mega telja ástatt í Ísafjarðarsýslu.

Við 15. gr.

Sumpart samhljóða 21. gr. gildandi vegalaga, en að öðru leyti eru hjer teknar upp gildandi reglur um styrkveitingar úr ríkissjóði til akfærra sýsluvega og tilvísun til laga um sýsluvegasamþyktir.

Við 16. og 17. gr.

Samhljóða 22. og 23. gr. gildandi vegalaga, en bætt er við ákvæðinu síðast í 17. gr, um, að vegamálastjóri skuli samþykkja áætlunina. Þykir það tryggara.

Við 18. gr.

Samhljóða að efni til gildandi ákvæðum í 3. gr. laga 11. júlí 1911 um breyting á vegalögunum frá 1907, en gjald verkfærra manna er hækkað jafnt og í 14. gr.

Við 19. og 20. gr.

Samhljóða 4. og 5. gr. laga 11. júlí 1911.

Við 21. gr.

Samhljóða 25. gr. gildandi vegalaga.

Við 22. gr.

Til þess að vegamálastjóri fái fullkomið yfirlit yfir allan vegabótakostnað í landinu, þykir rjett að sýslumenn sendi ráðuneytinu skýrslu um vegabótakostnað hreppanna.

Við 23. gr.

Samhljóða 27. gr. gildandi vegalaga, síðari málsgrein.

Við 24.—29. gr.

Í 24. gr. er tekið upp það nýmæli, að bætur fyrir landsspjöll vegna þjóðvega skuli ekki greiðast úr ríkissjóði heldur af hlutaðeigandi sýslufjelagi. Er það gert af þeirri ástæðu, að vænta má að kostnaður þessi verði þá lægri, en ef hann ætti að greiðast úr ríkissjóði eins og nú eru lög. Þykir því frekar ástæða til þessarar breytingar, sem viðhaldi aðalveganna verður ljett af sýslufjelögunum. Um stórar upphæðir mun hjer ekki verða að ræða.

Í 25. gr. eru sett nokkur ný ákvæði, en að öðru leyti er þessi kafli samhljóða 33.—37. gr. núgildandi vegalaga.

Við 30.—41. gr.

Að mestu samhljóða 38.—46. gr. gildandi vegalaga; þó er sjerstaklega kaflinn um girðingar, 36.—39. gr., talsvert aukinn.

Við 42.—48. gr.

Að mestu samhljóða 47.—53. gr. gildandi vegalaga.

Við 49. gr.

Samhljóða 6. gr. vegalagabreytinga 11. júlí 1911.

Við 50. gr.

Samhljóða 56. gr. gildandi vegalaga, nema smábreyting í orðalagi.

Við 51. gr.

Samhljóða 57. gr. gildandi vegalaga með nokkrum viðbótarákvæðum, settum sjerstaklega vegna bifreiðaumferðar.

Við 52.—53. gr.

Að mestu samhljóða 58. gr. gildandi vegalaga, en ákvæðin nokkuð fyllri en þar.

Við 54.—56. gr.

Að nokkru samhljóða 59. og 60. gr. gildandi vegalaga, en ákvæðin fyllri og sektir nokkuð hærri en nú eru.

6. Frumvarp

til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Yfirskjalavarðarembættið við þjóðskjalasafnið og landsbókavarðarembættið skulu sameinast þegar annaðhvort eða bæði losna og því verður viðkomið. Hið sameinaða embætti nefnist landsbókavarðarembætti, og er launað samkvæmt launalögunum.

2. gr.

Jafnframt og sameiningin fer fram eru úr gildi numin lög um þjóðskjalasafn Íslands, 3. nóv. 1915, 2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Frumvarp að efni til eins og þetta lagði stjórnin fyrir síðasta Alþingi, en frumvarpið var þá felt í neðri deild með 13 atkvæðum gegn 11. Í umræðum þeim sem fóru fram um málið virtist stjórninni ekki færðar þær ástæður fram, sem réttlætti þessa meðferð málsins. Telur stjórnin enn sem fyr að einum manni sje ekki ofvaxið að hafa á hendi yfirstjórn beggja safnanna. Auk þess verður því ekki neitað að hjer er um skyld störf að ræða, enda nú í landsbókasafninu ýms stórmerk handrit. Þá er og augljóst, að samsteypan hefur í för með sjer sparnað, og verður að leggja áherslu á það, að reynt sje að fækka opinberum starfsmönnum eftir því sem við verður komið á öllum sviðum.

7. Frumvarp

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

I. kafli.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í þessum lögum skulu þau orð, er hjer fara á eftir, hafa þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

Hjerað merkir kaupstað, sýslu eða hrepp.

Innlendur er hver sá, sem búsettur er á Íslandi og er íslenskur ríkisborgari eða nýtur jafnrjettis við þá.

Útlendur er hver sá, sem ekki getur talist innlendur samkvæmt þessum lögum.

Umsækjandi er hver sá maður, fjelag, samlag eða stofnun, er sótt hefir um vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Sjerleyfishafi er hver sá, er fengið hefir og ræður yfir vatnsorkusjerleyfi samkvæmt þessum lögum.

Virki merkir hver þau mannvirki og tæki, sem gerð eru, notuð eða höfð til taks, eða í ráði að gera, nota eða hafa til taks, samkvæmt umsókn (4. gr.) eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, orkuveitu og iðjuver.

Miðlunarvirki merkir hver þau virki, sem til þess eru ætluð að breyta eðlilegu vatnsmagni í vatnsfalli.

Orkuver merkir öll þau virki, sem til þess eru ætluð að ná vatnsorku úr fallvatni og breyta henni í raforku eða annað orkulíki, svo sem miðlunarvirki

og hver þau virki, sem breyta framrás og farveg vatnsins, fyrirhleðslur, skurðir, undirgöng, vatnsæðar o. fl., orkustöðvarnar með þar til heyrandi vjelum og öðrum tækjum, þar með taldar eimorkuvjelar eða aðrar orkuvjelar, sem ætlaðar eru í viðlögum til viðbótar eða í stað vatnsorkuvjelanna, með íbúðarhúsum verkamanna og hverjum þeim húsum, sem til heyra, ásamt öllum landspildum og rjettindum, sem höfð eru eða ætluð í þarfir orkuversins.

Orkuveita merkir hver þau virki, sem ætluð eru til að koma vatnsorkunni í einhverju líki frá orkuveri þangað, sem þeir taka við henni, er hagnýta hana.

Iðjuver merkir hver þau mannvirki, hús og tæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi reisir eða ætlar að reisa í þarfir þeirrar iðju, sem hann ætlar orkuna til.

Fyrirtæki merkir það fyrirtæki, sem umsækjandi eða sjerleyfishafi stofnar og rekur, eða ætlar að stofna og reka, samkvæmt umsókn sinni eða sjerleyfi, og tekur yfir orkuver, og þar að auki orkuveitu og iðjuver, ef því er að skifta.

II. kafli

Almenn ákvæði.

2. gr.

Eigi er heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr þeim, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.

Ríkisstjórn getur þó veitt samþykki til þess, að hjeraðsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sjerleyfis, þótt um meira en 500 eðlishestöfl sje að ræða, ef að eins er ætlað til þess að fullnægja raforkuþörf almennings.

Um virkjun ríkisins á fallvötnum fer eftir ákvæðum Alþingis.

III. kafli.

Um sjerleyfi til handa innlendum mönnum.

3. gr.

1. Innlendir menn geta fengið sjerleyfi ríkisstjórnar til að virkja fallvötn, ef fyrirtækið horfir til nytsemdar og fer ekki í bága við hagsmuni almennings, með þeim nánari skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, samkvæmt þessum og öðrum gildandi lögum.

2. Sama gildir um:

a) hlutafjelög og önnur fjelög, sem að lögum eru talin fjelög með takmarkaðri ábyrgð, ef stjórn þeirra er alinnlend og allur fjárstofninn eign innlendra manna,

b) stofnanir, ef stjórn þeirra er alinnlend og markmið þeirra horfir til almenningsheilla.

Umsóknir um vatnsorkusjerleyfi.

4. gr,

Hver sá, er æskir sjerleyfis til að virkja fallvatn, skal senda ríkisstjórn umsókn sína og láta fylgja upplýsingar um þau atriði, er hjer segir:

1. Nafn, staða og heimili umsækjanda.

2. Nafn eða lýsing á því vatnsfalli eða stöðuvatni, sem hugsað er til að taka vatn úr.

3. Hvar hugsað er að veita vatninu úr farvegi og hvar í hann aftur, og hæðarmunur á yfirborði vatnsfallsins á þeim tveim stöðum.

4. Vatnsmagnið alt (í tenm. á sek.) á þeim stað, þar sem vatn skal tekið upp, í minsta, mesta og meðallagi; á hverju sú skýrsla er bygð.

5. Hvort miðlunarvirki eru fyrirhuguð, og þeim þá lýst, og fylgi uppdráttur, og sýnt á honum það land, sem fer í kaf, og sagt flatarmál þess; nefnt rúmmál þess vatns, sem safna megi í uppistöðuna.

6. Stutt en skýr lýsing á öllu fyrirtækinu, orkuveri, orkuveitu, iðjuverum, samgönguvirkjum o. fl., eftir því hvað gera á; fylgi uppdrættir og lýsing, sjáist á þeim, hvar og hvernig hugsað er að reisa öll mannvirkin; skýrt frá því, hve mikið vatn (tenm. á sek.) hugsað er að taka úr farvegi að orkuverinu, hver fallhæðin verður á því vatni og hve mörg hestöfl nýtast á vatnshjóli; hvort, og þá hve nær, hugsað er til að stækka orkuverið, svo að alt vatnsmagnið verði notað.

7. Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við orkuverið, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir.

8. Nefnd mannvirki, ef nokkur eru, ofar eða neðar, gerð til að nota vatn úr vatnsfallinu, t. d. til áveitu; sagt til, hvort nokkurt þeirra muni bíða baga af orkuverinu, og þá hver og hvernig.

9. Hve nær umsækjandi telur sjer fært að hafa til fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

10. Hve nær hann telur sjer fært að byrja á virkjunum og hve nær að hafa þau fullgerð, hversu margt verkafólk muni þurfa í flesta lagi, meðan virkin öll eru í smíðum, og hversu margt til rekstrar alls fyrirtækisins framvegis; hvort umsækjandi fer fram á að mega ráða útlent verkafólk, og þá hvaðan og hversu margt.

11. Til hvaða iðju orkan er ætluð. að því fráskildu, sem kynni að verða áskilið almenningi til afnota; hvort umsækjandi ætlar sjálfur að reka þá iðju, eða selja öðrum orkuna til þess, og þá hverjum, og hvað því er til sönnunar, að hann eigi kaupanda vísan.

12. Hvar iðjuver eiga að standa, sem orkuna fá, og þeim lýst.

13. Hvernig hugsað er til að veita orkunni frá orkuverinu að iðjuverum, og yfirleitt til þeirra, sem ráðgert er að fái orku frá orkuverinu; lýsing á þeirri leið og veituvirkjum, sem fyrirhuguð eru.

14. Hvort umsækjandi telur sjer þörf á samgöngubótum til flutnings að og frá orkuveri eða iðjuveri, eða báðum, og því lýst, hvað hann ætlar fyrir sjer og fer fram á um þær samgöngubætur.

15. Áætlun um það, hvað öll virkin muni kosta: a) miðlunarvirki, b) orkuver, c) orkuveita, d) iðjuver til hagnýtingar orku, e) samgönguvirki.

16. Hvort umsækjandi hefir ráð á öllu því fje, sem með þarf; ef ekki, þá hvernig hann hygst að afla þess fjár, sem á vantar, og hverjar líkur eru til að það muni takast.

17. Ef umsóknin er send fyrir hönd einhvers fjelags eða stofnunar, sbr. 3. gr. 2. lið, þá skal segja nöfn, stöðu og heimili stjórnenda, segja til hvar höfuðskrifstofa þess er og varnarþing, láta fylgja lög þess, eða aðrar fullgildar sannanir fyrir því, að það fullnægi skilyrðum 3. greinar, enn fremur sönnun þess, að umsækjandi hafi fult umboð þess fjelags, eða stofnunar, til að bera fram slíka umsókn og koma slíku fyrirtæki á fót.

Ríkisstjórn getur, ef þurfa þykir, heimtað af umsækjanda hverskonar nánari eða frekari upplýsingar, áður en honum verði svarað, enda sanni hann fyrir ríkisstjórn, áður leyfi er veitt, heimildir sínar til vatnsorku þeirrar, er hann vill hagnýta.

18. Ríkisstjórninni er heimilt að veita umsækjanda undanþágu undan þeim ákvæðum þessarar greinar, sem myndu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað eða fyrirhöfn, ef hestatala sú er leyft er að virkja, fer eigi fram úr 500 hestöflum.

5. gr.

Áður sjerleyfi er veitt, skal ríkisstjórn senda fyrirspurn til þess hjeraðs, sem fallvatnið er í, og annara nálægra hjeraða, ef ástæða þykir til, skýra í stuttu máli frá efni umsóknarinnar og spyrja hjeraðsstjórn, hvort hún hafi sjálf hug á því að virkja þetta fallvatn í almenningsþarfir, og þá hvenær og hvernig hún sjái sjer fært að koma því í verk. Ef hjeraðsstjórn getur tekið að sjer virkjun þessa, má eigi veita öðrum sjerleyfi.

6. gr.

Nú eru mælingar, frumdrættir og áætlanir umsækjanda ekki svo nákvæmar, að ríkisstjórn telji gerlegt að ráða málinu til lykta, og ástæðan sú, að ítarlegri mælingar á fallvatninu og öllum staðháttum o. fl. myndu baka umsækjanda mjög mikinn tilkostnað, og má þá ríkisstjórnin veita honum rannsóknarleyfi; skal það leyfi veita honum forgangsrjett, ef til kemur, að ríkisstjórnin veitir sjerleyfi til að virkja þetta fallvatn, ef engin ótvírætt álitlegri umsókn verður þá fyrir hendi.

Slíkt rannsóknarleyfi má ekki veita til lengri tíma en 2 ára.

7. gr.

Þá er sjerleyfis er beiðst, er fer fram úr 25000 hestöfium, skal samþykki Alþingis fengið áður en sjerleyfið er veitt, og sæti málið sömu meðferð á þinginu sem lagafrumvörp.

8. gr.

Hvert vatnsorkusjerleyfi skal meta svo, sem það feli í sjer öll þau ákvæði þessara laga, er náð geta til allra sjerleyfa, enda þótt þau sjeu ekki tekin í sjerleyfisbrjefið.

9. gr.

Í sjerleyfi skal greina þessi atriði, eftir því sem við á:

1. Nafn og heimili umsækjanda.

2. Tilvitnun í umsókn hans og rannsóknarleyfi, ef það hefir verið veitt.

3. Sjerleyfistíminn tiltekinn, sbr. 11. gr.

4. Því lýst greinilega, hver og hve stór þau virki eru, sem sjerleyfið heimilar að halda við og hagnýta, og vísað til uppdrátta, landabrjefa eða frumdrátta, er landsstjórn hefir samþykt, þar sem sjá má legu og stærð virkjanna; má festa afrit af þeim við sjerleyfisbrjefið.

5. Tekið til það vatnsmagn, sem veita megi, í mesta lagi, úr farvegi og hagnýta, í upphafi og framvegis, meðan sjerleyfið helst, og sje um miðlun að ræða, þá nefna það rúmmál vatns, sem safna má í mesta lagi fyr eða síðar á sjerleyfistímanum.

6. Hvaða árgjald skuli greiða af hverju hestafli og á hvern hátt ákveða skuli þá hestaflatölu, sem gjaldskyld er, sbr. 12. og 13. gr.

7. Tekið fram, til hvers hann megi nota orkuna; hvað ríkinu og almenningi er áskilið af orkunni, ef krafist verður fyr og síðar; hvort hann megi annars selja orku eða leigja, eða aðrir hagnýta hana; og sje svo, þá nefna innan hverra endimarka honum skuli heimilt að selja orkuna eða leigja, eða afhenda öðrum notkunarrjett á henni, eftir því sem nánar er um mælt í 14. og 15. gr.

8. Hve nær öll virkin skuli fullgerð í síðasta lagi, sbr. 17. gr.

9. Hve nær sjerleyfishafi skuli hafa afhent fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun, sbr. 16. gr.

10. Hver þau lönd eru eða landsafnot, rjettindi eða mannvirki, sem sjerleyfishafi telur sig þurfa til fyrirtækisins.

11. Hvort og hversu mikið fje hann skuli setja því til tryggingar, að hann rjúfi ekki sjerleyfisskilyrðin að neinu leyti, og greiðist það innan 8 vikna frá því er honum er tilkynt samþykki ríkisstjórnar á fullnaðardráttum.

12. Að ríkisstjórn eða umboðsmanni hennar skuli jafnan frjáls aðgangur að öllum mannvirkjum sjerleyfishafa til eftirlits. Í sjerleyfi má og áskilja, að kostnaður við eftirlit og rannsóknir, er stjórnin lætur framkvæma, samkv. 20. og 22. gr., þar með talin starfslaun kunnáttumanna er hún skipar til þess, greiðist að einhverju eða öllu leyti af sjerleyfishafa.

13. Önnur skilyrði, sem ríkisstjórnin telur nauðsynleg til almenningsheilla, svo sem um viðurgerning verkafólks, umbætur á samgöngutækjum, um fjárstofn

fjelagsins, sbr. 25. gr., svo og hvort, og þá með hvaða skilyrðum sjerleyfishafa sje heimilt að nota aðra verkamenn en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa haft heimilisfang hjer á landi í eitt ár, við byggingu orkuversins eða við atvinnurekstur þann, sem fær orku þaðan.

10. gr.

Sjerleyfishafa skal skylt:

1. Að greiða þann kostnað, sem hlýtst af aukinni löggæslu vegna starfsemi hans.

2. Að greiða þann kostnað, sem stafar af auknu viðhaldi á vegum, brúm eða öðrum samgöngutækjum, vegna atvinnu hans eða þeirra iðjuvera, sem honum tilheyra og fá orku úr orkuveri hans. Samgöngutæki, er sjerleyfishafi lætur gera í þarfir atvinnu sinnar, skulu vera heimil til almenningsnota, að svo miklu leyti sem ríkisstjórnin telur það verða mega, án verulegs óhagræðis eiganda. Hæfileg borgun fyrir þau afnot, ef eigi er um vegi eða brýr að ræða, greiðist eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið samþykkir.

3. Að gera nauðsynlega ráðstöfun, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, er tryggi sveitarfjelögin gegn því, að verkalýður hans verði þeim til þyngsla.

4. Að veita íslenskum atvinnuvegum kost á afurðum þeim, sem framleiddar eru með orkunni, ef þær mega koma þeim að gagni, fyrir niðursett verð, er svari tilkostnaði við vinsluna, að viðbættum hæfilegum ágóða. og skal ríkisstjórnin ákveða verðið.

5. Að láta í tje til ríkisins, hjeraða eða orkuveitufjelaga alt að tilteknum hluta orkunnar eða alt að einhverri tiltekinni hestaflatölu eða orku, eftir þörfum almennings á tilteknu svæði, fyrir verð, sem ríkisstjórnin ákveður og miðast við tilkostnað, að viðbættum tilteknum hundraðshluta, venjulega ekki meira en 10% og aldrei meira en 20%. Ríkisstjórnin setur reglur um orkuútlátin að öðru leyti, sbr. 14. og 15. gr.

Um tímalengd sjerleyfis.

11. gr.

Í sjerleyfi skal tiltaka tímalengd hvers sjerleyfis, og má hún aldrei fara fram úr sjötíu og fimm árum, að telja frá þeim degi, er sjerleyfi var veitt.

Um sjerleyfisárgjöld.

12. gr.

1. Greiða skal árgjald af hverju sjerleyfi í ríkissjóð og skal miða það við þá hestaflatölu, sem hagnýtt er, eða heimilað er að hagnýta, eftir því sem betur þykir haga.

2. Ríkisstjórnin ákveður þetta árgjald, og má það ekki nema minnu en 50 aurum og ekki meiru fyrstu 25 árin frá því er virkin eru fullgerð en 5 kr. af hverju hestafli.

3. Gjalddagi árgjaldsins er 2. janúar ár hvert, og greiðist fyrirfram.

4. Það árgjald, sem ákveðið er í fyrstu, skal haldast þar til 35 ár eru liðin frá því er virkin voru fullgerð, nema ríkisstjórn, og sjerleyfishafi semji sín á milli um breytingu á því. Því sjerleyfisgjaldi, sem þá verður ákveðið, má svo breyta að liðnu 35 ára tímabilinu, ef vill, á hverjum 10 ára fresti, þó svo, að gjaldið verði aldrei hærra en 10 kr. af hverju hestafli,

5. Ef ríkisstjórn ætlar að hækka sjerleyfisgjaldið, skal hún gera sjerleyfishafa viðvart um þá fyrirhuguðu hækkun með árs fyrirvara að minsta kosti.

6. Innan 8 vikna frá því er sjerleyfishafa var gert viðvart, má hann ef vill, senda ríkisstjórninni skrifleg andmæli gegn þessari fyrirhuguðu hækkun, og lýsa þeim ástæðum, sem hinn ber fyrir sig. Náist síðan ekki samkomulag, sker sjerleyfisdómur úr.

7, Nemi hestaflatala sú, er heimilað er að hagnýta eigi meiru en 200 eðlishestöflum, skal ekkert árgjald greiða; nemi hestaflatalan meiru, en ekki yfir 500 eðlishestöflum, má ríkisstjórnin setja árgjaldið lægra en 50 aura af hestaflinu og jafnvel láta það falla niður með öllu.

13. gr.

Lögtaksrjettur fylgir sjerleyfisárgjöldum og öðrum gjöldum, er hvíla á sjerleyfishafa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal sektum, og standa eignir og rjettindi sjerleyfishafa að veði fyrir þeim.

Um verðlag á orku.

14. gr.

1. Í sjerleyfisbrjefi skal ákveða:

a) hvar og til hvers sjerleyfishafi megi sjálfur hagnýta þá orku, sem hann aflar sjer samkvæmt sjerleyfinu.

b) innan hverra endimarka honum skuli frjálst að selja einstökum mönnum eða fjelögum orku, ef minnu nemur en 300 kílóvöttum til sama kaupanda.

c) hversu mikið af orkunni skuli standa til boða í almenningsþarfir, ríkinu eða hjeruðum eða raforkufjelögum, fyr og síðar á sjerleyfistímanum, ef krafist verður, og þá með hvaða fyrirvara.

2) Ef honum býðst kaupandi að orku, utan þess takmarks, sem ákveðið er í sjerleyfi hans samkvæmt 1. lið b., og er um minni kaup að ræða en nemi 300 kílóvöttum, þá má ríkisstjórnin leyfa honum að selja, ef salan, að hennar dómi, fer ekki í bága við hagsmuni almennings.

3. Nú býðst honum kaupandi eða leigjandi að orku, svo að nemur 300 kílóvöttum eða meiru, og má hann þá því að eins láta orkuna af hendi ef ríkisstjórnin gefur út orkuleyfi þeim til handa, sem falast eftir orkunni, og tilkynnir honum, að það leyfi sje veitt og með hvaða skilmálum. Skal honum þá skylt að haga afhendingu raforkunnar í fullu samræmi við þá skilmála, sem settir eru í orkuleyfinu.

4. Ríkisstjórn er heimilt að veita slík orkuleyfi, ef hún telur það ekki

fara í bága við orkuþarfir almennings, en jafnan skal ríkisstjórn binda slíkt orkuleyfi hverjum þeim skilyrðum, sem lög mæla fyrir, eða almenningsheill krefur, að hennar dómi; og skylt er ríkisstjórninni að synja um orkuleyfi, ef það, að hennar dómi, myndi fara í bága við hagsmuni almennings.

15. gr.

1. Verðið á þeirri orku, sem sjerleyfishafi selur samkvæmt 14. gr. 1. b. og c., skal jafnan fara eftir gjaldskrá, sem ríkisstjórnin setur.

2. Áður en gjaldskrá er sett skal sjerleyfishafi gera grein fyrir tilkostnaði. En óheimilt er honum þá að meta sjerleyfi sitt til peningaverðs, og landareignir sínar, sem hann notar í þarfir orkuversins, má hann ekki meta verðhærri en aðrar jafnstórar landareignir í sömu sveit, sem fjær eru vatnsfallinu, en jafnar að landgæðum.

3. Hafi sjerleyfishafi að dómi ríkisstjórnarinnar metið tilkostnað sinn of hátt, þá má hún miða gjaldskrána við þann lægri tilkostnað, sem hún álítur að frekast verði tekinn til greina.

4. Nú hefir reksturskostnaður sjerleyfishafa á orkuveri hans orðið svo mikill, að óhófi gegnir, og má þá miða orkuverðið við þau minni útgjöld, sem nægja myndu, ef reksturinn væri í góðu lagi og útsölunni á orkunni haganlega fyrirkomið. Skal ríkisstjórn þá skýra sjerleyfishafa frá öllu því, sem hún telur ábótavant, og gera sjer alt far um að koma viðskiftum sjerleyfishafa við almenning í það horf, að afhending orkunnar geti orðið sem haganlegust og verðið sem lægst, en sjerleyfishafi hafi þó haft rjettmætan hagnað af fyrirtæki sínu.

5. Þessa gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en á hverjum 5 ára fresti.

6. Ef kærur berast frá almenningi þess í milli út af því, að afhending orkunnar sje ekki í lagi, eða verðið sje mun hærra en þá gerist þörf, eða frá sjerleyfishafa, að verðið sje svo lágt, að hann bíði tjón af sölunni, skal ríkisstjórn reyna að miðla málum milli kaupanda og seljanda, og má hún þá, breyta einstökum atriðum í gjaldskránni, lækka eða hækka, ef hún telur það rjettmætt.

Um fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun.

16. gr.

1. Þegar eftir að sjerleyfi er veitt skal sjerleyfishafi taka til að semja fullnaðardrætti sína og sundurliðaða fullnaðaráætlun, er nái yfir öll virkin og alla gerð og rekstur fyrirtækisins í heild sinni. Fullnaðardrættir og áætlanir skal vera svo vandað og nákvæmt, að unt sje að framkvæma verkið eftir þeim í öllum atriðum.

2. Þessa fullnaðardrætti og fullnaðaráætlum skal senda ríkisstjórn til athugunar; getur hún heimtað enn frekari upplýsingar, ef þurfa þykir, því til tryggingar, að fyrirtækið sje vel ráðið og verði til hagnaðar fyrir almenning.

3. Ríkisstjórn getur síðan lagt samþykki sitt á þá fullnaðardrætti og fullnaðaráætlun. En skylt er sjerleyfishafa að láta í tje hvers konar frekari upplýsingar sem krafist kann að verða af honum í samræmi við ákvæði þessara laga.

4. Þessu málefni skal ráðið til lykta áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er sjerleyfishafa bar að afhenda fullnaðardrætti sína og áætlun samkvæmt sjerleyfisbrjefinu. Skal þá ríkisstjórnin gera sjerleyfishafa kunnugt að hún hafi:

a) samþykt fullnaðardrætti hans og áætlun án frekari skilmála
b) samþykt þetta tvent með tilteknum skilyrðum og þau nefnd, eða
c) neitað um samþykki sitt, og málinu sje vísað til sjerleyfisdóms.

Mannvirkin reist.

17. gr.

Sjerleyfishafi skal byrja á virkjunum eigi síðar en 1 ári eftir að honum barst samþykki ríkisstjórnar samkvæmt 16. gr. Skal hann halda verkinu áfram, án þess hlje verði á, önnur en þau, er stafa af illviðrum eða öðrum viðburðum, sem ekki verður við ráðið. Skal hann fullgera öll virkin innan 7 ára frá dagsetningu sjerleyfis og í samræmi við þá fullnaðardrætti og áætlanir, sem ríkisstjórn samþykti, skilyrðin í sjerleyfinu og fyrirmæli þessara laga.

18. gr,

Þegar ríkisstjórnin hefir veitt sjerleyfi, eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki, og þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveðið með mati, ef samkomulag næst ekki.

19. gr.

1. Sjerleyfishafa er óheimilt að byrja á virkjunum fyr en honum hefir verið tilkynt samþykki ríkisstjórnar samkvæmt 16. gr., og þeir sjerstöku skilmálar fyrir því samþykki, ef nokkrir eru, enda hafi hann lýst yfir því skriflega, að hann gangi að þeim viðbótarskilyrðum.

2. Nú vill sjerleyfishafi haga virkjunum eða öllu fyrirtækinu eitthvað öðruvísi en samþykt hafði verið (16 gr.), og er um ótvíræða breytingu að ræða, og verður hann þá að senda ríkisstjórninni nákvæma lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu, og getur hún þá leyft honum breytinguna; er honum þá skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem ríkisstjórn kann að setja fyrir því samþykki sínu; sama gildir, ef hann sækir um framlenging á þeim fresti, sem honum var ætlaður til að fullgera virkin. Frestur þessi má þó ekki lengri vera en 1 ár, og má setja gjald til ríkissjóðs sem skilyrði fyrir honum.

20. gr.

Ríkisstjórn, eða sá, er hún veitir umboð til þess, skal hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum sjerleyfishafa, meðan þau eru í smíðum, til að gæta þess, að öll virkin verði gerð í fullu samræmi við samþykta fullnaðardrætti og öll þau

skilyrði, sem sjerleyfishafa ber að halda. Hann skal veita því athygli, hver tilkostnaðurinn verður, og þá eiga heimtingu á að sjá alla reikninga sjerleyfishafa og verkstjóra hans þar að lútandi.

21. gr.

1. Ef verkfræðingur er settur til eftirlits, samkvæmt 20. gr., er sjerleyfishafa skylt að fara eftir hverri skriflegri fyrirsögn hans, sem lýtur að því, að öll virkin verði gerð í samræmi við þá fullnaðardrætti er samþyktir hafa verið; ef ágreiningur verður milli þeirra, skal ríkisstjórn skera úr, og skal það vera fullnaðarúrskurður.

2. Nú vanrækir sjerleyfishafi að fara eftir skriflegri fyrirsögn verkfræðingsins, sem eftir lítur, eða úrskurði ríkisstjórnar, og getur hún þá skipað sjerleyfishafa að stöðva alla vinnu að virkjunum, þar til hann bætir úr vanrækslu sinni.

3. Sjerleyfishafa er skylt að senda ríkisstjórn, nær sem krafist verður, skýrslur um verkið,

4. Innan 8 vikna frá þeim degi, er ákveðið var í sjerleyfinu að virkin skyldu fullger, ber sjerleyfishafa, nema ríkisstjórnin hafi veitt frest (19. gr.) að senda henni skriflega yfirlýsingu um það, að virkjun sje nú lokið.

Um viðhald og rekstur.

22. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt, þá er ástæða þykir til, að skipa kunnáttumann til að rannsaka virkin, og fá honum umboð til þess. Skal sá kunnáttumaður hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum og öllum rekstri þeirra svo og að öllum bókum, uppdráttum og skýrslum, sem koma sjerleyfinu við eða fyrirtækinu. Skal honum heimilt, að framkvæma hvers konar mælingar, athuganir og rannsóknir, sem honum þykir þurfa í þessu skyni. Að því loknu er sjerleyfishafa skylt, að hlíta úrskurði ríkisstjórnar um það, hve miklu vatni sje safnað, tekið eða notað, og hversu mikillar orku sje aflað eða afla mætti.

23. gr.

Aldrei má stöðva rekstur virkjanna að nauðsynjalausu, nje heldur að nauðsynjalausu draga svo úr honum, að neins missi við af því afli, sem selt er í almenningsþarfir.

24. gr.

Hver sjerleyfishafi skal halda nákvæma sundurliðaða reikninga yfir allar tekjur og gjöld fyrirtækisins.

Ríkisstjórnin getur, nær sem vill, krafist þess, að hver sjerleyfishafi láti henni í tje, á 4 mánaða fresti, skýrslu um allan fjárhag fyrirtækisins, og skipað fyrir um, hvernig slík skýrsla skuli gerð.

Ríkisstjórninni, eða þeim, er hún skipar til þess, skal heimilt, er þörf

þykir, að rannsaka allar bækur, reikninga og yfirlit, sem áhræra alt fyrirtæki eða virki sjerleyfishafa.

25. gr.

Hlutabrjef eða önnur eignarskirteini í fjelagi, sem á að fá eða hefir fengið sjerleyfi, samkvæmt lögum þessum, verða að bera nafn eiganda, og geta þau ekki orðið eign annara eða veðsett öðrum en ríkinu eða þeim, er sjerleyfi má veita, samkvæmt 3. gr. og 36. gr., eða Landsbanka Íslands. Ríkisstjórnin getur þó veitt leyfi til að veðsetja þau öðrum bönkum eða fjelögum á Íslandi. Þetta skilyrði skal setja í brjefin á íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýsku. Skal fjelagið skrásetja nöfn fjelaga sinna, stöðu þeirra, lögheimili og ríkisfang. Þó skal öðrum en þeim, er hjer greinir, frjálst að eignast slík hlutabrjef eða eignarskírteini að erfðum, og koma þá til greina ákvæði 32. gr. Sama gildir, ef hluthafi eða eigandi eignarskírteina missir rjett til sjerleyfis, samkvæmt 3. gr. og 36. gr.

Að jafnaði skal setja það skilyrði í sjerleyfi, að fjárstofn fjelagsins skuli á hverjum tíma nema að minsta kosti þriðjungi þess fjár, sem þá hefir verið varið til fyrirtækisins.

Sjerleyfisskilyrðum breytt.

26. gr.

Nú vill sjerleyfishafi:

a) breyta virkjum sínum, og um gagngerða breyting er að ræða frá þeim fullnaðardráttum, sem þau voru gerð eftir, og vitnað er til í sjerleyfisbrjefi hans.

b) taka orkuna til annara afnota en honum voru leyfð (14. gr. 1. lið), og skal hann þá senda ríkisstjórn frumdrætti og lýsingu á þeirri fyrirhuguðu breytingu. Má ríkisstjórn leyfa breytinguna, og getur hún þá sett hver þau skilyrði, sem henni þykir hlýða, og skal fara um þau eftir þeim lögum og reglum, sem þá verða í gildi.

Um framsal.

27. gr.

1. Nú vill sjerleyfishafi afhenda sjerleyfi sitt eða fyrirtækið, sem sjerleyfið er miðað við, öðrum til handa, og verður hann þá að fá skriflega heimild ríkisstjórnar til þess, og það enda þótt í ráði sje, að eitthvert hjerað landsins taki við af honum.

2. Slíkt framsalsleyfi má ríkisstjórnin því að eins veita, að skiftin fari ekki í bága við hagsmuni almennings, og þá sjerstaklega, að sjerleyfishafa sje ekki heitið neinni borgun fyrir þau rjettindi, sem honum hafa verið veitt með sjerleyfinu.

3. Enga slíka afhending eða framsal skal meta löglegt, nema viðtakandi gangist undir alla skilmála framseljanda á þann hátt, að ríkisstjórnin taki gilt, svo og þá skilmála, sem hún kann að setja í framsalsleyfi sínu.

28. gr.

1. Ekkert það fyrirtæki, sem stofnað er til eftir sjerleyfi, samkvæmt þessum lögum, má setja að veði, nema ríkisstjórnin leyfi, enda sje lánsfjeð ætlað í þarfir fyrirtækisins.

2. Nú hefir lánardrottinn tekið fjárnámi eignir fyrirtækis, sem stofnað er til eftir sjerleyfi, samkvæmt lögum þessum, og er honum þá rjett að reka fyrirtækið í alt að því 5 ár, með því móti, að hann ræki allar þær kvaðir og skilmála, sem á sjerleyfishafa hvíla samkvæmt sjerleyfinu.

3. Ef lánardrottinn hefir ekki neytt heimildar sinnar, samkvæmt 2. tölulið, eða sjerleyfishafi hefir ekki að þeim tíma liðnum, sem þar segir, tekið við fyrirtækinu aftur. eða framsal farið fram, samkvæmt 27. gr., þá skal ríkisstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði. Salan bindur þá sjerleyfishafa og lánardrottna hans, svo og þá, sem kynnu annars að eiga veð í fyrirtækinu. Salan fer fram á kostnað sjerleyfishafa, þannig að ekkert af því andvirði, sem fæst, verði honum greitt, fyr en lánardrottinn hefir fengið skuld sína goldna.

4. Eigandaskifti á nauðungaruppboði eru því að eins lögleg, að kaupandinn sje ríkið, innlent hjerað eða einhver sá, er sjerleyfi má veita samkvæmt 3. gr. og 36. gr., og skal meta svo, sem salan fari fram með því skilyrði, að að kaupandi, ef annar er en ríkið, gangist undir allar þær kvaðir og skilmála, sem á eigandanum hvíldu, samkvæmt sjerleyfi hans.

5. Á slíku nauðungaruppboði skal ríkið ávalt eiga forkaupsrjett að jöfnu boði við aðra, og einnig viðkomandi hjerað, að ríkinu frágengnu.

6. Ef fallvatn, orkuver eða orkuveita fellur til ríkisins, samkvæmt 34. gr., eða eru leyst inn af ríkinu, afmást öll veðbönd, er á fyrirtækinu hvíla.

Um sjerleyfisdóm.

29. gr.

1. Ef ríkisstjórn telur, að vanrækt hafi verið eða vanrækt sje að halda eða fullnægja einhverjum þeim skilyrðum, sem sjerleyfi er bundið, þá getur hún látið ganga sjerleyfisdóm um það málefni, Skal hún þá tilkynna sjerleyfishafa, að sjerleyfisdómur verði látinn ganga um sök hans, og nefna sökina. Dómurinn ákveður stefnufrest. 5 menn skulu eiga sæti í sjerleyfisdómi. Hæstirjettur nefnir dómendur, og skal formaður dómsins vera einn dómenda þaðan. Sjerleyfisdómur má kalla vitni til og yfirheyra þau og eiðfesta; hann má og fresta úrskurði sínum, til að útvega frekari upplýsingar, en þó aldrei lengur en svo, að úrskurður verði feldur á 1 árs fresti frá því er hann tók við málinu.

2. Sjerleyfisdómur fellir fullnaðarúrskurð um málið, þar á meðal:

a) hvort og að hverju leyti brotið hefir verið á móti sjerleyfisskilyrðunum,

b) hvort brotið skuli varða sjerleyfisriftingu þegar í stað eða tiltekinni

sekt ásamt ákveðnum aðgerðum til yfirbóta á tilteknum fresti, eða að sjerleyfismálefninu sje komið í löglegt horf innan tiltekins tíma.

Um sjerleyfisbrot og sjerleyfisriftingu.

30. gr.

Brot á skilyrðum þeim, sem sjerleyfi er bundið, varða sektum, alt að 5 kr. á hvert hestafl, sem heimilað er til afnota samkvæmt sjerleyfinu, eða sjerleyfisriftingu, ef miklar sakir eru.

31. gr.

1. Nú er sjerleyfisbrotið fólgið í einhverri þeirri breytingu á fyrirtækinu, sem er til tjóns eða baga fyrir hagsmuni almennings, og það að nauðsynjalausu, og skal það þá varða sektum og sjerleyfishafa jafnframt gert að skyldu að hafa lokið tilteknum umbótum á fyrirtækinu, til að koma því í löglegt horf á tilteknum fresti, sem ekki má vera skemri en 6 mánuðir og ekki lengri en 3 ár, að viðlagðri sjerleyfisriftingu, ef út af er brugðið.

2. Ef sjerleyfishafi hefir áður verið sektaður fyrir sjerleyfisbrot, má, ef það kemur oftar fyrir, láta brot varða sjerleyfisriftingu.

3. Ef sjerleyfi er riftað, skal ríkisstjórnin láta selja fyrirtækið á nauðungaruppboði samkvæmt fyrirmælum 28. gr.

32. gr.

1. Ef fjelag eða stofnun, sem fengið hefir sjerleyfi eftir lögum þessum, tekur þeirri breytingu, að þau skilyrði, sem um ræðir, eru ekki lengur fyrir hendi, eða sannist það, að þau hafi ekki frá upphafi verið fyrir hendi, þá skal veita frest til að koma málinu í löglegt horf, t. d. með því að öðlast það sjerleyfi, sem til þarf, eða heimild, eða með frjálsri riftingu á gerðum kaupum, eða með því að selja eignina einhverjum, sem hefir rjett til að eignast hana samkvæmt 3. gr. eða 36. gr. og fyrirmælum 28. gr., eftir því sem við á, og skal sá frestur eigi skemri en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

2. Ef ekki er hirt um frest, sem settur hefir verið samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal ríkisstjórn láta selja eignina á nauðungaruppboði, og fer um það nauðungaruppboð sem segir í 28. gr.

3. Nú gengur eign eða rjettindi í erfðir til einhvers þess, sem ekki fullnægir skilyrðum þessa kafla til að öðlast sjerleyfi og skal þá fara eftir ákvæðunum í 1. og 2. lið þessarar greinar, nema að samningi verði við erlendar stjórnir að veita lengri frest en til er tekið í 1. lið. Ef slík eign eða rjettindi tilheyrir innlendri konu, þá skal það vera sjereign hennar, ef hún giftist útlendum manni, sem ekki hefir fengið sjerleyfi.

Um sjerleyfisslit.

33. gr.

1. Þá er 40 ár eru liðin frá því orkuver var tekið til starfa, hefir ríkið rjett til að leysa til sín alt orkuverið og orkuveituna, enda sje Alþingi því samþykt. Sama rjett hefir ríkið á hverjum 5 ára fresti þar á eftir til enda sjerleyfistímans.

2. Um þá innlausn skal fara sem hjer segir: Ríkisstjórnin skal tilkynna sjerleyfishafa 5 árum fyrirfram, að hún ætli að þeim tíma liðnum að leysa orkuverið til sín og önnur tilgreind virki í sambandi við það. Þegar ríkisstjórn þá leysir slík virki til sín, skal fara um bætur til sjerleyfishafa sem hjer segir:

a) Rjettindi þau, sem sjerleyfið heimilaði, skal hann láta af hendi endurgjaldslaust.

b) Önnur rjettindi sjerleyfishafa og landareignir þær, sem nauðsynlegar eru fyrir orkuverið, skal hann fá bætur fyrir eftir mati, ef ekki semur, en þó ekki meira en hann hefir keypt þær fyrir, og draga skal frá því matsverði fyrningarupphæð fyrir það, sem liðið er af sjerleyfistímanum, er samsvari því, að matsverðið sje afborgað að fullu í lok sjerleyfistímans.

c) Öll virki skal bæta eftir mati, ef ekki næst samkomulag. Ef metið er, skal miða matið við upphaflegt kaupverð virkjanna, að viðbættu því, sem kostað kann að hafa verið til aukningar þeim, en að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir eðlilegu sliti og fyrningu eftir aldri hvers eins; auk þess skal draga sjerstaklega frá fyrir skemdir og bilanir, sem kunna að hafa orðið á virkjunum umfram eðlilegt slit.

d) Þar að auki má greiða uppbót fyrir sjerleyfismissi, alt að $^{3}/_{4}$ % fyrir hvert ár, sem eftir er af sjerleyfistímanum, af öllu andvirðinu fyrir landareignir og mannvirki. Skal sjerleyfisdómur gera um þá uppbót, ef ekki semur.

34. gr.

1. Að sjerleyfistímanum loknum fellur fallvatnið, orkuver og orkuveitu undir full yfirráð ríkisins endurgjaldslaust.

2. Afhendingar til ríkisins þarf eigi að krefjast, þegar innlent hjerað á orkuverið, nje heldur ef það er að öllu eign innlendra manna og orkunotin fara eigi fram úr 2500 hestöflum. Í stað þess má að loknum leyfistíma framlengja leyfið með eða án breytinga á skilyrðum.

35. gr.

1. Þegar ekki eru nema 6 ár eftir af sjerleyfistímanum, og í síðasta lagi svo, að 4 ár sjeu eftir, má sjerleyfishafi senda ríkisstjórninni umsókn um nýtt sjerleyfi til afnota af vatnsfallinu með tilheyrandi landspildum. Á þeim sama tíma skulu og þeir aðrir senda umsóknir um slíkt sjerleyfi, sem hafa hug á því. Allar þær umsóknir verða að vera samdar í samræmi við fyrirmæli, er þar um gilda.

2. Þegar þessi umsóknarfrestur er úti, skal ríkisstjórnin svara umsóknunum í samræmi við þá gildandi lög og reglur.

3. Ef sjerleyfishafinn sækir, og hafi hann rækt sjerleyfisskilyrði sín við hæfi ríkisstjórnarinnar, og áliti hún, að umsókn hans sje fult eins aðgengileg og nokkur hinna, með tilliti til hagsmuna almennings, þá skal sjerleyfishafi hafa forgangsrjett fyrir öðrum umsækjendum, ef sjerleyfi verður veitt.

4. Nú ræður ríkisstjórn það af, að sjerleyfishafa skuli ekki veitt nýtt sjerleyfi, og skal hún þá gera honum það kunnugt eigi síðar en að 3 ár sjeu eftir af sjerleyfistímanum, að öll sjerleyfisrjettindi hans falli niður, þegar kemur að þeim degi, sem ríkisstjórn þá tiltekur. Er sjerleyfishafa skylt að hlíta þeim úrskurði afdráttarlaust.

IV. kafli.

Um sjerleyfi handa útlendum mönnum.

36. gr.

1. Útlendir menn, hjer búsettir, geta, ef sjerstakar ástæður mæla með, fengið sjerleyfi til að virkja fallvötn hjer á landi, þannig að farið verði eftir fyrirmælum III. kafla laga þessara, að svo miklu leyti, sem við getur átt. Heimilt er ríkisstjórn þá að setja þau frekari eða fleiri skilyrði, sem almenningsheill krefur.

2. Sama gildir um hlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð og stofnanir, sem ekki heyra undir 3. gr., enda eigi fjelagið heimilisfang og varnarþing á Íslandi, og sje meiri hluti stjórnar þess skipaður innlendum mönnum.

3. Ákvæði fyrri málsgreinar í 25. gr. ná einungis til þess fjárstofns, sem í sjerleyfi er áskilið, að sje innlend eign (9. gr. 13.).

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi feld lög nr. 55, 22. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði í lögum, er brjóta kynnu bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við frumvarp það til laga um vatnsorkusjerleyfi, er lagt var fyrir Alþingi 1923, gerði allsherjarnefnd efri deildar nokkrar breytingar, er aðallega gengu í þá átt að rýmka skilyrðin um sjerleyfin.

Þessi rýmkun tekur fyrst og fremst til smávirkjunar úr fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, sbr. 49. gr. vatnalag-

anna, má virkja án sjerleyfis fallvatn til orkunýtingar, ef fallvatnið hefir eigi meira en 500 eðlishestöfl. Ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl. má þar á móti eigandi eða umráðamaður vatnsrjettindanna eigi virkja það til orkunýtingar eða nokkurn hluta þess án sjerleyfis. En þegar svo stendur á, að maður vill virkja úr slíku fallvatni minna en 500 hestöfl, þá hefir nefndinni þótt sanngjarnt að lina á skilyrðunum fyrir þessu leyfi, bæði á þann hátt að heimila ríkisstjórninni að veita slíkum umsækjanda undanþágu frá þeim ákvæðum 4. gr., sem mundu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað eða fyrirhöfn, og í öðru lagi með því að veita slíkum smærri virkjunum ívilnanir í sjerleyfisgjaldinu. Þannig leggur nefndin til, að ef hestaflatala sú, sem heimilað er að hagnýta, nemi ekki meiru en 200 eðlishestöflum, þá skuli ekkert sjerleyfisgjald greiða, en nemi hestaflatalan 200—500 eðlishestöflum, megi ríkisstjórnin setja árgjaldið lægra en hið minsta gjald, 50 aura af hestafli, eða jafnvel láta það falla niður með öllu.

Þá hefir nefndin rýmkað sjerleyfisskilyrðin á þann hátt, að hún hefir lagt til, að sjerleyfistíminn verði lengdur um 10 ár, eða upp í 75 ár, svo og að árgjald það, sem upphaflega er ákveðið, skuli haldast óbreytt í 35 ár, í stað 25 ára.

Með því að ráðuneytið telur þessar breytingar allar yfirleitt til bóta, leggur það frumvarpið fram eins og það var samþykt við 2. umræðu í efri deild.

8. Frumvarp

til laga um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

182. gr. hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

»Hafi nokkur, karl eða kona, sem veit eða hefir grun um að hann hafi smitandi kynsjúkdóm, hvern sem er þeirra þriggja sjúkdóma, sem ræðir um í lögum nr. 16 frá 1923, með holdlegu samræði eða öðrum atlotum, er eigi verða talin holdlegt samræði, valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast, þá varðar það fangelsi eða, ef miklar málsbætur eru, sektum ekki minni en 100 kr. Hafi smitun átt sjer stað, má þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu alt að tveimur árum.

Hafi nokkur, karl eða kona, á annan hátt en að ofan segir, af ásettu ráði eða af miklu gáleysi valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast af kynsjúkdómi, þá varðar það fangelsi eða sektum. Hafi smitun átt sjer stað, má einnig þegar svo stendur á þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu alt að tveimur árum«.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á Alþingi 1923 var við umræðurnar um frumvarp það um kynsjúkdóma, er lá fyrir þinginu og síðan varð að lögum, gert ráð fyrir því að 182. gr. hinna almennu hegningarlaga yrði breytt þannig, að hún næði til allra þriggja kynsjúkdómanna, er ræðir um í hinum nýju lögum nr. 16 frá 1923. Með þessu frumvarpi er slík breyting gerð á nefndri grein hegningarlaganna. Annars gefur frumvarp þetta ekki tilefni til athugasemda.

9. Frumvarp

til hjúalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

I. KAFLI.

1. gr.

Fyrirmæli þessa kafla gilda að eins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rjett hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemri tíma en misseri hníga því að eins undir lög þessi, að þeir standi til næsta hjúaskildaga á eftir og ei skemur en 3 mánuði.

2. gr.

Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú. Vistráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

3. gr.

Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí, eða 3. maí í þeim sveitum, þar sem hjúaskildagi er haldinn þann dag, og 1. október.

Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn.

Samningar um vist að hálfu árlangt, eins og að fornu hefir verið venja, hníga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögunum ekki beitt.

4. gr.

Þegar samið er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekist samningar um vistráðin af nýju.

Sanni ógift vinnukona að hún eigi kost á giftingu, áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar fyrirvara.

Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust.

A skildaga er hjúi rjett að víkja úr vist á hádegi.

5. gr.

Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvísi sje umsamið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg. þunga. Kostar húsbóndi flutning þenna án endurgjalds hjá hjúinu.

Nú getur hjúið ekki farið í vistina þegar þess er vitjað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjúið getur ekki komið í vistina innan 3ja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistráðanna ef hann vill.

6. gr.

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal ef öðruvísi er ekki um samið af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðaftan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á rjettum tíma er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan tveggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en viku frá skildaga.

Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

7. gr.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbænda sinna, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Hjúið á heimtingu á að sofa eitt sjer í rúmi, og að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðar fresti og hreint handklæði einu sinni á viku. Í frístundum sínum á vetrum skal hjúi fengin dvöl í viðunanlega hlýju herbergi.

8. gr.

Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rjett til þess að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hins vegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rjett til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð o, s. frv., þannig, að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðunum er löglega lokið.

Ef ekki er öðru vísi um samið, teljast $^{3}/_{4}$ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí (3. maí) til 1. október (sumarkaup) og $^{3}/_{4}$ hlutar af sumarkaupinu teljast kaup fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október.

Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

Ef vistarráðunum lýkur fyr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúið rjett til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúið meðan á vistráðunum stóð verið frá vinnu, án þess sjúkdómi sje um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rjett til kaups fyrir þann tíma.

9. gr.

Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast og er húsbóndi þess skyldur að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir.

Ef húsbóndi kýs að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rjett til að flytja hann á opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins ef læknir telur það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótthættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum.

Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sje sjerlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafist, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað.

Sjúkt, rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotist mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Ef húsbóndi samt flytur hjúið burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins, nema læknir hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur, lýst því að hann væri hættulaus eða nauðsynlegur vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn bar svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leika læknis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúið á opinbert sjúkrahús.

10. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

11. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum.

12. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs nje búsbónda þess verði gefin sök á, og er húsbónda þess skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstaklegt sjúkrafæði — alt að fjórðungi vistráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúið verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þó ekki á sjúkrahúsi, þá skal hús-

bóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint.

13. gr.

Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu júní til september eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal hjú einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er, og það getur ekki int af hendi störf sín.

14. gr.

Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sjerstaka hjúkrun, dvöl á sjúkrahúsi eða annari slíkri stofnun, er húsbónda óskylt að greiða nema þegar svo stendur á, sem segir í 9. gr. 3. mgr. og 11. gr.

15. gr.

Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara.

16. gr.

Deyi hjú í vist eiga erfingjar þess að eins heimtingu á þeim hluta af kaupinu, sem álíta verður, að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftrun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfje, ef með þarf.

17. gr.

Þótt hjú sje ráðið til ákveðinna starfa skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa. Ef hjúið með samningi er beinlínis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt að leysa þau af hendi, nema að eins til bráðabirgða í skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk átti að vinna.

18. gr.

Ef hjú í kaupstað eða þorpi sækir kveldskóla, iðnskóla, unglingaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma.

19. gr.

Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búi, ef búnaður stendur. Þá er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðunum á almennum skildaga með 2ja mánaða fyrirvara eða frá 1. degi mánaðar með 3ja mánaða fyrirvara.

20. gr.

Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi, þar sem ekki er gengist við arfi og skuldum, hefir hjú, sbr. 83. gr. 5 b. skiftalaganna frá 12. apríl 1878, forgöngurjett til kaups og matarverðs, þó eigi fyrir lengri tíma aftur en eitt ár að telja frá næsta almennum hjúaskildaga áður en gjaldþrotaskiftin hófust eða húsbóndi ljest. Nú er vistarráðunum haldið áfram við búið, samkv. 19. gr. og ber þá að svara kröfu hjúsins fyrir þann tíma úr búinu óskiftu, sbr. 82. gr. b. skiftalaganna.

21. gr.

Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km. burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt skal hann ennfremur greiða, hjúi kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð samkv. 28. gr. ef hann hefir ekki látið hjúið vita um flutninginn 4 vikum hið skemsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjúið flytur í vistina alt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sjerstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sjer fyrir hjúið.

Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjúið er komið í vistina gilda sams konar ákvæði.

22. gr.

Hjúi er vitalaust að koma ekki í vistina ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, misþyrmt hjúi eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið í vistina þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fjekk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið að eins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

23. gr.

Hjúi er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerst sekur um stórvægilegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

1. misþyrmir hjúinu,
2. leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða et aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir hjúinu ekki tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann,
3. lætur hjúið að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlynningu eða heilsuspillandi húsnæði,

4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
5. geldur hjúi ekki kaup í ákveðinn tíma þótt krafist sje,
6. stofnar ranglega og að nauðsynjalausu lífi eða heilsu hjúsins í hættu.

24. gr.

Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi sjeu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku, eða kemur alls ekki, skal það greiða húsbónda bætur, sem svara til helmings áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma. Ef hjú gengur ólöglega úr vistinni greiði það sömu bætur miðað við vistartímann, sem eftir er.

Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 23. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 28. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur.

25. gr.

Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eða veita því viðtöku ef hann getur sannað:

1. að hjúið hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýpt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. að hjúið hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sje óhæft til að vinna það verk, sem það var ráðið til,
3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blektur með fölskum vitnisburðum um hjúið,
4. að hjúið kunni ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til.

Þetta, sem talið hefir verið, skiftir þó að eins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann rjeð hjúið.

Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjúið er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að víkja hjúinu úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa.

26. gr.

Húsbóndi má þegar vísa hjúi úr vist, er hann getur sannað, að hjúið hafi gerst mjög brotlegt gegn skyldum sínum eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjúið:

1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. leggur hönd á húsbóndann, eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja,
3. sýnir húsbóndanum, eða þeim, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins,

4. tælir börn á heimilinu til illverka,
5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans,
6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði,
7. gengur með smitandi samræðissjúkdóm,
8. af ásettu ráði spillir eigum húsbónda, eða misþyrmir skepnum, sem það á að hirða,
9. sýnir af sjer megnt og ítrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni.

Þegar hjúi er vísað úr vist af einhverjum ástæðum, sem taldar eru í þessari og 25. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu.

27. gr.

Ef húsbóndi ólöglega riftar vistarráðum eða vísar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því hæfilegar bætur er þó ekki nemi meiru en hálfu kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur.

28. gr.

Matarverð hjús skal, þegar ekki er öðruvísi um samið, ákveðið af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir því sem hæfilegt þykir þar í hjeraði og með hliðsjón af því, hverskonar hjú er um að ræða, þó ekki undir 1 kr. á dag.

II. KAFLI.

29. gr.

Viðskifti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Samningsákvæði, sem koma í bága við 9. gr. 3. mgr. 1. málsl., eru þó ógild. Ennfremur má hjúið ekki afsala sjer fyrirfram neinum rjettindum samkvæmt 9. og 11.—12. gr. og afsal slíkra rjettinda síðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði.

Nú er enginn sjerstakur vistarsamningur gerður milli aðilja og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

III. KAFLI.

30. gr.

Með mál milli húsbónda og hjús út af vistarráðunum skal farið sem venjuleg einkamál.

31. gr.

Brot gegn 7. og 18. gr. varða sektum frá 10—200 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nú heldur húsbóndi ólöglega fyrir hjúinu fjármunum þess og skal hann þá eftir kröfu hjúsins sæta sektum frá 10—200 kr. Mál út af þessu eiga einnig undir lögreglurjett.

32. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú frá 26. jan. 1866 og 16.—21. gr. fátækralaganna frá 10. jan. 1905. Ennfremur er úr gildi numin 7. gr. tilsk. 5. mars 1734 og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp þetta til hjúalaga var af stjórnarinnar hendi lagt fyrir efri deild Alþingis 1923, en fjell þar með jöfnum atkvæðum, meðfram fyrir þá sök, að ágreiningur reis upp í deildinni um það, hvort rjettara væri að setja heildarlög um þetta efni, svo sem gert var í stjórnarfrumvarpinu, eða láta sitja við það að gera nokkrar breytingar á hjúalögunum, tilskipuninni frá 26. jan. 1866, en láta hana að öðru leyti gilda áfram.

Þar sem stjórnin verður enn að vera þeirrar skoðunar, að tími sje kominn til að setja ný lög um samband húsbænda og hjúa, löguð eftir núverandi ástandi, og þar sem hún telur miklu hentugra að hafa slík lög, er taka svo mjög til almennings, í einni heild, leggur hún frumvarpið frá 1923 fyrir þingið á ný með eftirfylgjandi breytingum.

Við 3. gr. Með því að hjúaskildagi er sumstaðar á landinu (í Múlasýslum) hinn 3. maí þykir sjálfsagt að tiltaka hann í lögunum.

Við 6. gr. Eftir þessari grein átti hjú, sem ráðið er til skemri tíma en árs, að koma í vistina af sjálfsdáðum, en það þykir rjettara í þessu tilfelli að láta það að eins gilda, ef öðruvísi er ekki umsamið.

Við 8. gr. 3. málsgr. Þar þykir nauðsynlegt að taka það skýrt fram, að $^3/_4$ hlutar af sumarkaupinu teljist kaup fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október sbr. athugasemdir við stjórnarfrumvarpið, sem lagt var fyrir þingið 1923,

Við 23. gr. 7. liður í stjórnarfrumvarpinu 1923 er feldur burtu. Ákvæðið virðist óþarft, því hjúið getur ætíð neitað að vinna verkið.

Við 27. gr. Með því að hjú, sem rekið hefir verið úr vist, getur eins og nú er ástatt, oft fengið vist aftur fljótlega, og verður því ekki fyrir verulegu tjóni af vistarrofunum, þykir óþarft að hafa lögbundnar, fastákveðnar bætur fyrir þau, heldur nægir, að hjúið fái bætur eftir almennum reglum um það efni.

Að öðru leyti vísast til athugasemdanna við frumvarpið frá 1923.

10. Frumvarp

til laga um fræðslu barna.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

I.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð (sbr. 10. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri geta lesið liðugt og skrifað nokkurn veginn, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd við próf eða á annan hátt að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gera ráðstöfun til, að börnin fái nauðsynlega tilsögn á heimili sínu eða utan þess. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en greiða má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnaðinn má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið, latneskt letur og gotneskt, skýrt og áheyrilega, og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurnveginn ritvillulaust og málýtalaust; kunna skal það utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rjett frá efni þeirra með sínum eigin orðum;
2. að geta skrifað liðugt læsilega og hreinlega rithönd;
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringu valda kafla úr bibliunni, sem svarar 300 bls. í 8 bl. broti, sjerstaklega um líf og kenningu Krists, og skal lögð áhersla á, að það hugfesti sjer einkum orð hans og hafi þau rjett eftir;
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum), og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess, að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum;
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðarinnar að fornu og nýju, og þau tímabil, er þeir lifðu á;
6. að vera leikið í að nota landabrjef, hafa athugað átthagana vandlega og fengið sem ljósasta þekkingu á náttúru Íslands og högum þjóðar vorrar; það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helstu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfi voru;

7. að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal og vita nokkuð um líffæri og lífsstörf mannslíkamans, dýra og jurta, og um helstu atriðin, er að hollustuháttum lúta;
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslensk ættjarðarljóð;
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir af hlutum, sem það hefir fyrir sjer eða hugsar sjer;
10. að hafa lært almenn þjónustubrögð, svo sem að hirða skó, festa hnapp, staga sokk, sauma bót á fat, þvo úr flík.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem önnur grein ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta heimangönguskóla, öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II.
Um skólahjeruð.

4. gr.

Hver kaupstaður og hver hreppur landsins er skólahjerað út af fyrir sig, nema önnur skipun sje á ger.

Tveir eða fleiri hreppar geta með samþykki yfirstjórnar fræðslumála gengið saman í eitt skólahjerað, ef tillaga um það er samþykt, fyrst af hreppsnefndum þeim, er hlut eiga að máli, en þar næst í hverjum hreppi á fundi, er löglega hafa verið boðaðir til þeir hreppsbúar, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón yfirstjórnar fræðslumála.

III.
Um skólahald.

5. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir eru samþykt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn, 10—14 að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólnefnd veiti undanþágu.

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur yfirstjórn fræðslumála veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar

vikur, sje það gert til þess, að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, samkvæmt reglugerð, er yfirstjórnin samþykkir.

Nú geta ekki öll skólaskyld börn í hjeraðinu gengið að heiman til skólans, og skal þá annaðhvort koma þeim í dvöl í nánd við skólann, eða búa þeim heimavist í skólanum hinn lögskipaða námstíma. Heimilt er þó að ráða þessum börnum farkennara, sjeu þau 12 eða fleiri, og þeim eigi sjeð fyrir nægri kenslu á annan hátt.

6. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir samþykt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn skólahjeraðsins, 10—14 ára að aldri, njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að láta skólaskyldu þessa ná aðeins til 12—14 ára barna, sje yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu með farkenslu eða á annan hátt.

7. gr.

Í þeim skólahjeruðum, þar sem ekki eru fastir skólar, skal halda farskóla, er veiti hverju barni í skólahjeraðinu, 10—14 ára að aldri, fræðslu 12 vikur á ári að minsta kosti, nema skólanefnd veiti undanþágu. Geti skólanefnd farskólalaust, með eftirlitskennara eða á annan hátt, sjeð öllum börnum skólahjeraðsins á aldrinum 10—14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu, er henni það heimilt.

8. gr.

Skólaskyldualdur miðast við nýár, þannig að barn, sem verður 10 ára fyrir nýár sje skólaskylt alt það skólaár.

9. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu þeirri, er ræðir um í 5., 6. og 7. gr., skal skólanefnd veita, ef hún af árlegum prófum þykist hafa tryggingu fyrir því, að sú fræðsla, sem börnin fá utan skólans, verði jafngild þeirri, er skólinn mundi veita. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

10. gr.

Yfirstjórn fræðslumála getur veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Sýni próf 8—10 ára barna í einhverju skólahjeraði, að minsta kosti tvisvar á þremur árum, að fjórði hluti þeirra eða meira hafi eigi náð lögskipuðu fræðslumarki, skal skólanefnd tilkynna yfirstjórninni það og getur hún þá ákveðið skólaskyldu fyrir börn á þessum aldri í skólahjeraðinu.

11. gr.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2—5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

12. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðist kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólasókn þess eða fræðslu, skal sá kostnaður greiðast úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) sem önnur útgjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkar greiðslur skulu komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

13. gr.

Hin lögskipaða fræðsla 10—14 ára barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, er ríkissjóður leggur til kennaralauna og skólahúsa. — Nú eru fleiri en einn hreppur í skólahjeraði, og greiðir þá hver þeirra kostnaðinn við skólahaldið að rjettri tiltölu við fjölda skólaskyldra barna í hreppnum.

Um kostnaðinn við fræðslu yngri barna en 10 ára fer samkv. 1. gr. (sbr. 12. gr.).

14. gr.

Til að reisa barnaskólahús utan kaupstaða, greiðir ríkissjóður, af því fje, er til þess er veitt í fjárlögum ár hvert, alt að þriðjungi kostnaðar, sje það heimangönguskóli, en alt að helmingi kostnaðar sje það aðallega heimavistarskóli, með því skilyrði, að yfirstjórn fræðslumála samþykki uppdrátt og lýsingu af húsinu og legu þess, enda sje húsið með lóð þess eign hreppsins.

Nú er hætt að nota skólahús til skólahalds, og er þá fje það, er ríkissjóður hefir til þess lagt, afturkræft, þannig að ríkissjóður fái af rjettu andvirði hússins tiltölulega við tillag sitt.

15. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um gerð, legu og hollustuhætti skólahúsa.

16. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbygt til skólahalds, skal bæjarstjórn sú eða hreppsnefnd, er hlut á að máli, annast um bygginguna eftir uppdrætti og lýsingu, er yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt, og afhenda síðan skólanefnd húsið til umsjónar og umráða.

Nú er skólahús ekki bygt samkvæmt uppdrætti og lýsingu, er yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt, og getur þá skólanefnd neitað að taka við húsinu, uns það er komið í rjett lag.

17. gr.

Heimilt er yfirstjórn fræðslumála að löggilda barnaskóla, sem stofnaður er og rekinn fyrir fje einstakra manna eða fjelaga, ef hann starfar samkvæmt reglugerð, er yfirstjórn fræðslumála samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og aðrir barnaskólar.

Börn á skólaskyldualdri, er slíkan skóla sækja, þurfa ekki leyfi skólanefndar til, en forstöðumaður hans skal fyrir byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd í tje skýrslu um það, hvaða börn muni sækja skólann á því ári.

Ekki eiga barnaskólar einstakra manna eða fjelaga heimting á styrk af almannafje.

IV.

Um próf.

18. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu og þroska barna í hverju skólahjeraði og heldur kennarinn (kennararnir) prófið. Nú hefir skólahjerað fengið undanþágu frá lögskipuðu skólahaldi og skipar þá yfirstjórn fræðslumála prófanda.

Við próf skal jafnan vera prófdómandi, skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Þóknun til prófdómanda ákveður yfirstjórnin og má hún utan kaupstaða ekki fara fram úr 6 kr. á dag fyrir minst 8 stunda próf.

Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd. Til prófs skulu koma öll börn skólahjeraðsins 8—14 ára að aldri.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs án gildra forfalla, og skal þá prófdómandi prófa barnið á heimili þess eða á öðrum stað, er hann til tekur, og greiðir sá, er barnið hefir til framfærslu, prófkostnaðinn.

19. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára, ber skólanefnd að gera ráðstafanir til að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því, er segir í 1. gr.

20. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, uns það stenst prófið eða er fullra 16 ára. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og næstu greinar á undan eru þau

börn, sem að dómi kennara, læknis og prófdómanda eru óhæf til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska eða vanheilsu.

21. gr.

Börn þau, er með fullnaðarprófi hafa lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af prófdómanda og prófanda.

22. gr.

Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í skólahjeraðinu, en hún sendi það yfirstjórn fræðslumála, með öðrum lögboðnum skýrslum.

23. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

V.

Um skólanefndir.

24. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn. Skipar yfirstjórn fræðslumála tvo í nefndina, formann hennar og einn skólakennara, eða mann í hans stað, sje enginn kennari í skólahjeraðinu, einn kýs hreppsnefnd (bæjarstjórn), en tveir, ásamt varamönnum þeirra, skulu kosnir af þeim skólahjeraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum (bæjarmálum), og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar (bæjarstjórnar), og samtímis, þegar því verður við komið.

Nú er ekki kosið til hreppsnefndar (bæjarstjórnar) það ár, er fyrst er kosið í skólanefnd, og er þá rjett að kjósa skólanefndarmenn að eins til þess tíma, er slík kosning fer fram.

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt, eru skólanefndarmenn hins nýja skólahjeraðs skipaðir og kosnir sem áður segir að öðru en því, að hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, kjósa einn mann saman, en hver hreppur sinn mann og varamann; sjeu hrepparnir fleiri en tveir, ræður hlutkesti hverjir tveir hinna kjörnu taka sæti í nefndinni. Hlutkestinu stjórnar formaður skólanefndar.

25. gr.

Skólanefndarmenn fara með umboð sitt í 3 ár, og má fela þeim það á ný að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við því fyrri en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni, nema kennarinn, þar sem ekki er um annan að velja. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara

orsaka vegna áður en tími hans er útrunninn, skal sá, er kemur í hans stað, aðeins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

26. gr.

Enginn nefndarmanna hefir atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan persónulega, og er rjett að hann víki af fundi meðan rætt er eða ályktun gerð um málefni, er varðar hann sjálfan.

27. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf kretur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Akvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

28. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum skólahjeraðs síns. Hún auglýsir kennarastöðu, ef laus er, og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar. Hún hefir eftirlit með því, að kennari geri skyldu sína, sjer um árleg próf, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum, hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna og annast um að þau geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld eftir því, sem yfirstjórn fræðslumála ákveður. Hún hefir umsjón með og umráð yfir skólahúsum, og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegun nauðsynlegra kensluáhalda. Hún afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert, og ráðstafar því fje, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu. Hún semur reglugerð um tilhögun barnafræðslunnar í skólahjeraði sínu, eða gerir breytingar á eldri reglugerðum eftir því, sem þörf krefur, og sendir yfirstjórn fræðslumála til samþyktar. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar, um hag barnafræðslunnar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar um fjárframlög til barnafræðslu, skal hann lagður undir úrskurð yfirstjórnar fræðslumála.

29. gr.

Formaður skólanefndar hefir á hendi aðalframkvæmd þess, er segir í 28. gr., og sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast, sjeu samviskusamlega unnin. Hann heldur reikning yfir tekjur og gjöld barnafræðslunnar í skólahjeraðinu ár hvert, og skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd (bæjarstjórn) og sendur yfirstjórn fræðslumála í afriti. Formaður sjer um bókun á fundargerðum skólanefndar, semur skýrslur þær, er af henni eru heimtaðar, og annast brjefaviðskifti hennar.

30. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI.

Ýmisleg ákvæði.

31. gr.

Um læknisefirlit með heilbrigði kennara og skólabarna og hollustuháttum skólanna, fer eftir því, sem yfirstjórn heilbrigðismála ákveður í samráði við yfirstjórn fræðslumála.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og eru frá sama tíma úr gildi numin lög um fræðslu barna frá 22. nóvbr. 1907, lög um breyting á þeim lögum frá 30. júlí 1909 og önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi var samþykt í neðri deild svohljóðandi rökstudd dagskrá:

»Þar sem landsstjórnin hefir við umræður um frv. til laga um mentaskóla á Akureyri heitið að leggja fyrir næsta þing tillögur um skólamál landsins, telur deildin ekki tímabært að taka nú þegar fullnaðarákvörðun um hinn almenna mentaskóla einan, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Undir umræðunum um skólamálin lýsti stjórnin því yfir, að hún mundi leitast við að leggja skólamálin undirbúin fyrir næsta þing. Síðan hafa tímarnir breytst í þá átt, að hinir fjárhagslegu örðugleikarnir hafa stöðugt farið vaxandi, sem sjá má meðal annars á lággengi krónunnar. Stjórnin sjer sjer því ekki fært að gera neinar þær tillögur um skólamálin, sem aukið geti útgjöldin að nokkrum mun. Á síðasta þingi stóðu meðal annars allharðar deilur um, hvort ekki skyldi setja á stofn mentaskóla á Akureyri, og þá einnig um það, hvort ekki væri nauðsyn á óskiftum lærðum skóla í Reykjavík. Að því er fyrra atriðið snertir, þá er það ljóst, að ef breyta ætti gagnfræðaskólanum á Akureyri í mentaskóla, þá mundi það hafa mikinn aukinn kostnað í för með sjer, og auk þess ekki völ á svo miklum kenslukröftum í landinu að hægt væri að gera tvo mentaskóla sæmilega úr garði, enda ekki þörf á nema einum slíkum skóla. En að því er hitt atriðið snertir, þá getur stjórnin að vísu fallist á, að betur væri sjeð fyrir hinni

æðri mentun með því að breyta hinum almenna mentaskóla hjer í óskiftan lærðan skóla, en um leið yrði þá að setja á stofn hjer sjerstakan gagnfræðaskóla, en því mundi samfara mikill kostnaðarauki. Stjórninni virðist því, að í bili verði að una við það fyrirkomulag, sem nú er í þessu efni. Aftur á móti vill stjórnin nú leggja fyrir þingið þessi frumvörp mentamálanefndarinnar frá 1920 með litlum breytingum:

1. Frumvarp til laga um fræðslu barna.
2. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um skipun barnakennara og laun þeirra, frá 28. nóv. 1919, nr. 75.
3. Frumvarp til laga um yfirstjórn og umsjón fræðslumála.
4. Frumvarp til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Af frumvörpum mentamálanefndarinnar frá 1920 hafa áður legið fyrir Alþingi frv. um hinn lærða skóla í Reykjavík, frv. um kennaraskólann í Reykjavík og frv. það um fræðslu barna, er hjermeð er lagt fyrir Alþingi. Frumvarp nefndarinnar um kenslu heyrnar- og málleysingja varð, eins og kunnugt er að að lögum 1922.

Að því er nú sjerstaklega snertir frumvarp það til laga um fræðslu barna, er hjermeð er lagt fyrir Alþingi, skal það tekið fram er hjer segir:

Mentamálanefndin hefir ekki breytt grundvelli gildandi laga frá 22. nóv. 1907, heldur aðeins gert á þeim nokkrar breytingar samkvæmt því, sem reynslan hefir sýnt að betur mátti fara.

Fræðslukröfurnar eru nær hinar sömu, aðeins nokkuð fyllri og ákveðnari. Þó er dráttlist bætt við sem skyldunámsgrein og biblíulestri. *Próf* barna lætur nefndin ná til 8 ára aldurs í stað 10 ára. *Stjórn* skólamálanna í hjeraði er í höndum skólanefnda sem áður, en tryggilegar er um það búið, að hæfir menn verði skipaðir í nefndirnar. Hjer er ekki gerð greining á skólahjeruðum og fræðsluhjeruðum, heldur heita hjeruðin öll skólahjeruð og stjórnarnefndirnar skólanefndir og eru allar skipaðar 5 mönnum.

Við frumvarp þetta, eins og það kom frá mentamálanefndinni hefir ráðuneytið ekki fundið ástæðu til að gera neinar verulegar breytingar. Mentamálanefndin gerði ráð fyrir nokkurri þóknun til formanna skólanefndanna, 2 kr. fyrir hvert barn 8—14 ára, sem átti að greiðast að hálfu úr sveitarsjóði, og að hálfu úr ríkissjóði, en það ákvæði er hjer felt burtu.

Í annan stað er hjer gert ráð fyrir að yfirstjórnin skipi alla prófdómara, þar sem reynslan hefir sýnt, að allmarga prófdómara hefir þurft að skipa, þó að prestarnir væru lögskipaðir prófdómendur, enda mun þetta fyrirkomulag ekki verða dýrara, þar sem prestunum hefir nú verið ákveðinn ferðakostnaður úr ríkissjóði.

Að öðru leyti vísast til athugasemda nefndarinnar.

11. Frumvarp

til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

I.

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið Stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til að standast stýrimannapróf, hið minna (fiskimannapróf) og hið meira (farmannapróf).

2. gr.

Skólinn er í tveim deildum, eins árs fiskimannadeild og tveggja ára farmannadeild.

II.

Kenslan.

3. gr.

Í skólanum skal kenna: Siglingafræði, íslensku, dönsku, ensku, sjórjett, heilsufræði, bókhald og viðskiftafræði. Ennfremur má með reglugerð skipa fyrir um kenslu eða fyrirlestra í sjóvinnufræði og í þeim atriðum veðurfræðinnar, er varða sjómenn mestu.

III.

Próf.

4. gr.

Í skólanum skulu auk inntökuprófs vera tvennskonar próf: fiskimannapróf og farmannapróf.

5. gr.

Kröfurnar til fiskimannaprófs eru þessar:

Í siglingafræði:

1. Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logariþma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar,

þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að búa þá til, þekking á grundvallarsetningum hornafræðinnar og á útreikningi rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni.

2. Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd.
3. Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju (deviation) og hvernig hún verður fundin. Á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.
4. Skyn á sjókortum.
5. Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins á kortinu.
6. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganetum himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
7. Þekking á sextungi (sextanti) og notkun hans.
8. Þekking á mælingu og skiftingu tímans.
9. Þekking á hæðarleiðrjettingum himinhnatta.
10. Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma, og hvarftíma himinhnatta.
11. Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju við hæðarhvirfilhorn sólar eða fastastjörnu.
12. Að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug.
13. Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju af athugun pólstjörnunnar.
14. Að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara.
15. Þekking á alþjóðlegum siglingarreglum og bjargtækjum.
16. Að kunna að nota alþjóðlega merkjabók.

Í íslensku: Að hafa lesið að minsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, og geta skýrt þær nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðtök, er að sjómensku lúta. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenskt mál í ræðu og riti, sjerstaklega í þeim efnum, er stöðu þeirra heyra.

I dönsku: Að hafa lesið og geta lagt út að mista kosti 100 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, sjerstaklega um líf og starf sjómanna, og geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er sjómensku snertir.

Í ensku: Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., einkum um sjómensku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

Í sjórjetti: Að þekkja helstu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra.

Í heilsufræði: Að hafa fengið yfirlit yfir hið helsta, sem stendur í lækningabókum sjómanna, og sje einkum lögð áhersla á þessi atriði:

1. Algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.
2. Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
3. Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.

4. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur á skipum, hirðingu þeirra og umgengni alla, matvæli og fæði skipverja.

Í bókhaldi: Að kunna það bókhald, er staðan heimtar.

6. gr.

Til farmannaprófsins er krafist:

Í siglingafræði hins sama og til fiskimannaprófsins, og enn fremur:

1. Fyllri þekking á veldi og rót, á logariþmum, á reikningi með viðlægum og frádrægum stærðum, á almennustu myndum rúmmálsfræðinnar og á útreikningi þeirra.
2. Þekking á himintunglum.
3. Þekking á hallsegulskekkju og á notkun segulskekkjumælisins (deflektorsins) við rannsókn segulskekkju.
4. Að kunna að finna breiddina af athugun sólar, fastastjörnu og reikistjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og að kunna að finna breiddina at athugun tunglsins í hágöngu (háboga).
5. Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.
6. Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.
7. Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínum bygðum á athugun sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.

Í íslensku: Að hafa lesið að minsta kosti 200 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, og geta skýrt þær vel. Efni skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðtök, er að sjómensku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenskri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenskt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á vönduðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er snertir sjóferðir, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar.

Í dönsku: Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 200 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, sjerstaklega um líf og starf sjómanna, og geta talað dönsku sæmilega, einkum um það, er sjómensku snertir.

Í ensku: Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 200 bls. í 8 bl. br., sjerstaklega um líf og starf sjómanna, skilja »Nautical Almanack« og geta talað ensku nokkurn veginn, einkum um það, er sjómensku heyrir, svo sem um skip og skipsbúnað, sjómannastörf, sætjón, sjóveð, o. s. frv.

I sjórjetti og heilsufræði: Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs.

I bókhaldi og viðskiftafræði: Þau atriði er farmenn skifta mestu.

7. gr.

Við inntökupróf og burtfararpróf skólans skulu, auk kennarans sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar yfirstjórnin til þess sjerfræðinga eftir föngum.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði.

8. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans, án þess að hafa stundað þar nám, skal hann senda yfirstjórninni beiðni um það 2 mánuðum áður, og skulu beiðninni fylgja vottorð um að umsækjandinn fullnægi kröfum þeim, er segir í 1.—5. lið 10. greinar þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefir fengið.

9. gr.

Þeir, sem staðist hafa burtfararpróf við Stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og sjereinkunnir. Prófskírteini skulu gefin út á íslensku og að minsta kosti einu stórþjóðarmáli.

IV.

Inntaka nemenda.

10. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, er staðan heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að hafa óspilt mannorð.
6. Að hafa þá þekkingu í íslensku, dönsku, ensku, reikningi og þjóðhagsfræði, er reglugerð áskilur.

V.

Kensluttími.

11. gr.

Skólinn starfar frá byrjun októbermánaðar og ekki skemur en til aprílloka.

VI.

Kennarar skólans.

12. gr.

Við Stýrimannaskólann skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera tveir

skipaðir kennarar, aðstoðarkennari í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

13. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri Stýrimannaskólans verður umsækjandi að hafa lokið farmannaprófi skólans og síðan viðtækara farmannaprófi við erlendan skóla, hvorttveggja með góðum vitnisburði.

Til þess að verða aðstoðarkennari í siglingafræði, verður umsækjandi að hafa lokið að minsta kosti góðu farmannaprófi við skólann.

Til þess að verða tungumálakennari verður umsækjandi að hafa lokið embættisprófi í einhverju af þeim málum, sem kend eru við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði þeim, sem reyndur er að nægri kunnáttu og kennarahæfileikum.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi verið settur til að þjóna því að minsta kosti eitt ár.

Stundakennara setur yfirstjórn skólans samkvæmt tillögum skólaráðs.

VII.

Yfirstjórn skólans.

14. gr.

Yfirstjórn skólans hefir Stjórnarráð Íslands, með aðstoð skólaráðs, samkvæmt lögum um yfirstjórn og umsjón fræðslumála.

VIII.

Ýmisleg ákvæði.

15. gr.

Með reglugerð verður nánar ákveðið um tilhögun kenslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kenslutíma og leyfi, reglu og aga, kennara skólans, skólalækni, skólaráð.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og eru frá sama tíma úr gildi numin lög nr. 22, 11. júlí 1911 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og lög um breytingu á nefndum lögum 3. nóv. 1915.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mentamálanefnd sú, er sett var af dóms- og kirkjumálaráðherranum 1920, hefir samið frumvarp til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík ásamt athugasemdum, sem prentað er í »Mentamálanefndaráliti IV.«, bls. 36—41.

Í frumvarpi nefndarinnar eru gerðar töluvert strangari kröfur í tungumálum en nú eru gerðar, og ennfremur er í frumvarpinu gert ráð fyrir kenslu í bókhaldi, viðskiftafræði og sjóvinnufræði, en þessar greinar hafa ekki verið kendar í skólanum til þessa, nema hvað fyrirlestrar hafa verið haldnir í sjóvinnufræði síðustu árin.

Ráðuneytið getur yfirleitt fallist á frumvarp nefndarinnar og telur miklar bætur í því fólgnar. Það þykir samt rjettast, að sjóvinnufræði verði ekki nú þegar gerð að námsgrein við skólann, heldur verði sett ákvæði um að skipa megi fyrir um slíka kenslu með reglugerð. Hefir ráðuneytið því gert breyting á frumvarpi nefndarinnar að þessu leyti. Kensla í sjóvinnufræði mundi hafa töluverðan kostnað í för með sjer, enda varla unt húsnæðisins vegna að hafa slíka kenslu sem stendur. En ráðuneytið gerir ráð fyrir að fje verði með fjárlögum framvegis eins og síðustu árin veitt til fyrirlestrahalds í þessari grein. Kensla í hinum öðrum nýju námsgreinum, bókhaldi og viðskiftafræði, mundi á hinn bóginn kosta mjög lítið, þar sem gera má ráð fyrir að til þeirrar kenslu yrði að eins varið 2 stundum á viku. Hin aukna tungumálakensla verður að teljast mjög þýðingarmikil breyting á skólanum, og hún hefir það í för með sjer að inntökuskilyrðin verða talsvert strangari en þau eru nú. Undirbúningsmentun þeirra, er í skólann hafa komið, hefir til þessa oft ekki þótt viðunanleg, en úr þessu ætti frumvarpið að bæta. Vegna tungumálakenslunnar gerir frumvarpið ráð fyrir að kennarinn í tungumálum, sem nú ekki er fastur kennari við skólann verði það framvegis.

Að öðru leyti vísast til athugasemda Mentamálanefndarinnar.

12. Frumvarp

til laga um mælitæki og vogaráhöld.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upp-

hæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggia á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggil og eftirliti háð.

2. gr.

Löggildingu mælitækja og vogaráhalda hafa á hendi lögreglustjórar í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, samkvæmt nánari ákvæðum sem felast í lögum þessum og sett verða í konlegri tilskipun um mælitæki og vogaráhöld. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, er sje stórt C með X innan í og kórónu yfir og auk þess merki, er gefi til kynna hvaða ár löggildingin hafi farið fram, og af hvaða lögreglustjóra hún sje framkvæmd.

3. gr.

Mælitæki og vogaráhöld sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, sem ræðir um í 1. gr. skal löggilda, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., áður byrjað sje að nota þau, enda sje gerð þeirra slík, að fullnægi ákvæðum konungstilskipunar þeirrar, er um ræðir í 2. gr.

4. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem mælitæki eða vogaráhöld þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, enda sje gætt fyrirmæla laga þessara um gerð þeirra og löggildingu.

5. gr.

Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfjelög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði. sem sett eru um notkun slíkra tækja. Þeir geta fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar er ræðir um í 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið annast um að lögreglustjórar hafi jafnan rjett tæki til að reyna mælitæki og vogaráhöld er löggilt skulu vera, og skulu fyrirmyndir slíkra tækja geymdar í vörslum þess.

6. gr.

Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakt eða ónákvæmt við skoðun samkv. 5. gr., eða slíkt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyr en viðgerð hefir fram farið á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju af einhverjum þeirra lögreglustjóra, sem löggildingu hafa á hendi. Notendur mega hvorki sjálfir nje með aðstoð annara breyta löggiltum tækjum nje gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

7. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

8. gr.

Lögreglustjórum ber engin sjerstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal ríkissjóður greiða lögreglustjórum í kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslur til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917.

Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur.

9. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum til ríkissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 78, 14. nóv. 1917, um mælitæki og vogaráhöld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 78, 14. nóvember 1917, var gerð ný skipun á löggildingu mælitækja og vogaráhalda í landinu, og var samkvæmt þeim lögum sett á stofn löggildingarstofa í Reykjavík, er löggilda skyldi öll löggildingarskyld mælitæki og vogaráhöld, er nota skyldi í landinu. Það hefir nú komið í ljós að fyrirkomulag þetta er bæði dýrt og að ýmsu leyti óhentugt, og kom því fram frumvarp til laga á síðasta þingi, er fór fram á gagngerða breytingu á fyrirkomulaginu. Frumvarp þetta var ekki afgreitt frá þinginu í lagaformi, heldur vísað til stjórnarinnar. Leggur því stjórnin þetta frumvarp fyrir þingið, þar eð hún er þeirrar skoðunar, að það fyrirkomulag, sem í því felst, eigi hjer betur við alla staðháttu og geti orðið bæði einstaklingum og ríkinu kostnaðarminna og hentugra.

Löggildingin á eftir frv. að framkvæmast af lögreglustjórunum í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, þannig að senda má áhöld

þau er löggilda þarf á hvern þessara staða sem vera skal og hentugast er fyrir eigendur tækjanna. Annars eiga lögreglustjórar með aðstoð hreppstjóra, að líta eftir því að menn noti að eins löggilt tæki og að þau sjeu í lagi, og geta að sjálfsögðu bannað notkun þeirra, ef þeim þykir þau eigi tryggileg og fyrirskipað löggildingu á þeim af nýju, áður en þau megi nota áfram.

Ráðuneytið hefir eigi talið það geta samrýmst löggildingu á mörgum stöðum í landinu, að landið hafi einkasölu á mælitækjum og vogaráhöldum, en hefir talið rjett að menn fái að kaupa tækin þar sem þeir vilja, ef þau að eins fullnægi ákveðnum kröfum um gerð þá og lögun sem talið verður nauðsynlegt að þau hafi til þess að þau fáist löggilt.

Samkvæmt frumvarpinu er ætlast til að löggildingarstofan verði lögð niður, en að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið annist um, að lögreglustjórar hafi nægileg og nothæf áhöld til að geta framkvæmt eftirlit það sem þeim ber að hafa, og að löggildingartæki sjeu jafnan í lagi hjá lögreglustjórum þeim, sem löggildinguna eiga að hafa á hendi. Fyrirmyndir tækjanna hefir það í vörslum sínum og yfirstjórn löggildingarmála á hendi.

13. Frumvarp

til laga um yfirstjórn og umsjón fræðslumála.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Yfirstjórn allra fræðslumála ríkisins hefir stjórnarráð Íslands.

2. gr.

Til aðstoðar sjer við framkvæmd þessara mála hefir stjórnarráðið skólaráð.

3. gr.

Í skólaráði hins lærða skóla í Reykjavík sitja:

1. Skólameistari hins lærða skóla.
2. Skólafróður maður, er stjórnaráðið skipar til 6 ára.
3. Skólafróður maður, eða varamaður, er háskólaráðið kýs til 6 ára.

Ráðið kýs sjer sjálft formann.

4. gr.

Í skólaráði fyrir aðra skóla sitja þrír menn, sem hjer segir:

1. Fræðslumálastjóri;
2. einn skólafróður maður, skipaður af stjórnarráði Íslands til 6 ára;
3. einn maður samkvæmt því, er hjer segir:

Fyrir Kennaraskólann, Stýrimannaskólann, Vjelstjóraskólann, Iðnskólann í Reykjavík og verslunarskóla, skólastjóri hvers um sig eða umboðsmaður, er hann sjálfur tilnefnir.

Fyrir bændaskóla maður eða varamaður kosinn til 6 ára af föstum kennurum þeirra.

Fyrir gagnfræðaskóla og ungmennaskóla maður eða varamaður kosinn til 6 ára af föstum kennurum þessara skóla.

Fyrir kvennaskóla kona, eða varamaður, kosinn til 6 ára af föstum kennurum þeirra skóla.

Fyrir barnaskóla (þar með daufdumbraskóla) og ungmennafræðslu við barnaskóla kennari eða varamaður hans kosinn til 6 ára af föstum kennurum barnaskólanna.

5. gr.

Skólaráð hefir umsjón með skólum þeim, sem undir það eru skipaðir, sjer um að samdar sjeu námsskrár, ákveður um tilhögun prófa og um verkefni við þau, skipar prófdómendur, úrskurðar um kenslubækur, sem leitað er styrks til af almannafje til að gefa út. Það hlutast og til um að samdar sjeu og gefnar út nauðsynlegar kenslubækur handa skólunum í þeim greinum, þar sem þeirra er vant, og setur reglur um nemandatölu, kensluáhöld og hollustuhætti skólanna. Það skal fá til meðferðar allar uppástungur um breytingar á reglugerðum skólanna eða um nýjar reglugerðir þeirra, svo og þau lagafrumvörp, er þá snerta, og umsóknir um fjárveitingu til þeirra. Skólaráð ákveður form fyrir skýrslur þær, er heimtaðar verða um skólahaldið og próf, og önnur skilríki, sem þeim eiga að fylgja. Skólaráð ríkisskóla tekur við umsóknum um skólastjórastöðu og kennarastöður við hann og gerir tillögur um, hverjum veita skuli. Nú á skólastjóri sæti í skólaráðinu, en er fallinn frá og hinir tveir skólaráðsmennirnir ekki sammála um, hverjum veita skuli skólastjórastöðuna, og skulu þá skipaðir kennarar skólans tilnefna oddamann í skólaráðið.

6. gr.

Fræðslumálastjóri er formaður og framkvæmdarstjóri skólaráðs þeirra skóla, er taldir eru í 4. gr.

Formaður skólaráðs kallar ráðið saman til funda svo oft sem þörf krefur og stýrir fundum þess. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ályktanir ráðsins skulu ritaðar í gerðabók.

7. gr.

Með fjárlögum skal árlega veita nokkurt fje til frekara kenslueftirlits en fræðslumálastjóri fær yfir komist á vetrum. Skal til þess valinn í hvert skiftið hæfur kennari eða kenslufróður maður.

8. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólaráða.

9. gr.

Yfirstjórn fræðslumála hefir yfirumsjón með þeim skóla- og alþýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá af fje úr ríkissjóði, og heimtar um alt þetta árlegar skýrslur.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, þó ekki ákvæði 3. gr. fyrr en fyrirhuguð breyting á hinum almenna mentaskóla kemst á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvörpum þeim, sem mentamálanefndin frá 1920 hefir sent ráðuneytinu, er öllum tegundum skóla ríkisins skipað í eitt kerfi undir stjórn ráðuneytisins. Hefir nefndin sjeð það rjett, að til umsjónar við svo ólíka skóla, sem hjer er um að ræða, þarf, ef vel á að vera, víðtækari og margbreyttari þekkingu, og meiri vinnu en ætlast verður til að yfirstjórnin geti annað með þeirri aðstoð, sem hún nú hefir. Nefndin gerir því ráð fyrir með frumvarpi þessu að yfirstjórnin hafi sjer til aðstoðar *skólaráð*, og er svo til ætlast að skólaráð sjeu svo skipuð að í hverju þeirra sje sjerfróður maður um þann skóla eða þá tegund skóla sem skólaráðið er skipað yfir. Þetta á að vera trygging fyrir, að hver skóli, hverrar tegundar sem er, fái það eftirlit sem honum hæfir, undir stjórn þeirra manna, sem skilja starf hans og þarfir, svo að öllum sanngjörnum kröfum sje fullnægt, og þessu margþætta eftirliti og stjórn skólanna, er svo fyrirkomið, að kostnaðarlaust má heita fyrir ríkissjóð. Einu gjöldin, sem af skólaráðunum leiðir, er þóknun handa einum skólaráðsmanni, þeim er stjórnarráðið skipar til 6 ára.

Að öðru leyti vísast til athugasemda mentamálanefndarinnar.

14. Frumvarp

til laga um blöndun ilmvatna o. fl. með Kolokvintextrakt.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Ilmvötn og hreinlætisvörur (Kosmetica), hverju nafni sem nefnast, sem innihalda meira en 2¼ % af vínanda að rúmmáli og notaðar eru í hár eða á hörund, svo sem Eau de Quinine, glycerinspiritus og þess háttar, skulu blönduð Kolokvintextrakt, svo að óhæf sjeu til drykkjar. Ef vörurnar eru fluttar inn í landið frá útlöndum, verður blöndunin að hafa farið fram áður en inn-

flutningurinn hefir átt sjer stað. Við tilbúning innanlands má að eins nota spíritus, sem blandaður er á sama hátt í áfengisverslun ríkisins. Blöndunin skal vera þannig, að tilbúnar vörur innihaldi 0.5 gr. Kolokvintextrakt í hverjum líter, en spíritus sá, sem notaður er við tilbúning þeirra vara, innihaldi 0.9 gr. í líter.

2. gr.

Vörur þær, sem nefndar eru í 1. gr., hvort heldur þær eru fluttar inn í landið eða búnar til í því, má því að eins selja eða hafa á sölustöðum, að á hvert glas sje límdur miði með þessum orðum: »Blandað Kolokvintextrakt. Hættulegt til drykkjar«.

Allir þeir, er versla með vörur þessar, meðan ríkisstjórnin hefir ekki tekið í sínar hendur söluna, bera ábyrgð á að rjett sjeu blandaðar. Fyrirskipaðir miðar fást á skrifstofu áfengisverslunar ríkisins.

3. gr.

Birgðir þær, sem fyrirliggjandi eru af vörum þeim, sem taldar eru upp í 1. gr., þá er lög þessi ganga í gildi, má þó selja eins og hingað til hefur átt sjer stað til 1. janúar 1925.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—1000 kr., sem renni í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 1. gr.

Það hefir komið í ljós, að menn hafa notað vörur þær, er frumvarp þetta fjallar um, til drykkjar. Er frumvarp þetta framkomið til þess að koma í veg fyrir slíka notkun.

Við 2. gr.

Þegar Kolokvintextrakt hefir verið blandað í vörurnar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, er hættulegt fyrir heilbrigði manna að nota þær til drykkjar. Er því nauðsynlegt að vekja athygli manna á þessu, og þykir auðveldast með því móti að líma miða á hvert glas með áletran.

Það er ætlast til þess að áfengisverslun ríkisins sjái um tilbúning miðanna, og geta það ekki verið nein tilfinnanleg óþægindi fyrir seljendur, þótt þeim sje lögð sú skylda á herðar að útvega sjer þessa miða og líma þá á glösin.

Við 3. gr.

Þeim mönnum, sem þegar eiga eitthvað af vörum þeim, sem frumvarp þetta ræðir um, verður ekki gert að skyldu að láta blanda þær eins og gert er hjer ráð fyrir, ef seldar eru fyrir 1. janúar 1925.

Við 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.

15. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um skipun barnakennara og laun þeirra, frá 28. nóv. 1919, nr. 75.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Í 1. gr. laganna falli í staflið b. burt orðin: »eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests síns og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu«, — og eftir staflið e. bætist nýr stafliður f. svolátandi: »hafi verið settur við skólann að minsta kosti eitt ár«.

2. gr.

Orðin: »eða fræðslunefndar« falli burt í 2., 3., 5., 6. og 8. gr. laganna.

3. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

»Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., staflið b., um auglýsta kennarastöðu áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd þá gera ráðstöfun til að fá svo hæfan kennara, sem kostur er á, til vetrarins. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til ráðningarinnar, og tekur kennarinn laun samkvæmt þessum lögum þann tíma er hann kennir«.

4. gr.

Í 6. gr. laganna komi: »settur eða skipaður« í stað »ráðinn«.

5. gr.

Í 8. gr. laganna komi »yfirstjórnarinnar« í stað »stjórnarráðsins«. — Við greinina bætist ennfremur: »Geri skólanefnd ekki skyldu sína í þessu efni, tekur yfirstjórnin málið í sínar hendur og ræður því til lykta«.

6. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

»Verði kennarastaða óþörf, skal kennarinn eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust«.

7. gr.

Eftir »Ákvæði um stundarsakir« komi:

»Heimilt er yfirstjórn fræðslumála að veita kennarastöðu manni, sem ekki fullnægir skilyrðum 1. gr. b., sje hann nægilega vel að sjer, hafi reynst góður kennari og skólanefnd mæli með«.

Greinin: »Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum«, falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp þetta er komið frá mentamálanefndinni frá 1920. Aðalbreytingin á gildandi lögum er í 1. gr. frumv. En samkvæmt henni veitir barnakensla um 3 ár og vottorð sóknarprests og fræðslunefndar eða skólanefndar þar sem kennarinn kendi síðast um góða kennarahæfilegleika og árvekni í starfinu ekki lengur rjett til að verða skipaður kennari. Hinsvegar er heimilað í ákvæðum um stundarsakir, að yfirstjórn fræðslumálanna megi undir vissum kringumstæðum veita manni kennarastöðu, sem ekki fullnægir að öllu leyti hinum lögboðnu skilyrðum, og virðist ekkert við það að athuga.

Í 5. gr. er ákvæði um að yfirstjórnin geti vikið kennara frá, ef skólanefndin vanrækir skyldu sína í þessu efni.

Breytingin á 14. gr. fer í þá átt að ef kennarastaða verði óþörf, þó af öðrum ástæðum sje, en þeim, sem nú eru tilgreindar í gildandi lögum, þá skal kennarinn láta af henni endurgjaldslaust eftir löglega uppsögn.

Að öðru leyti vísast til athugasemda mentamálanefndar.

16. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Aftan við 2. gr. A. I. bætist:

32. Hvítá í Borgarfirði hjá Hvítárvöllum.
33. Hölkná í Þistilfirði.
34. Hafralónsá í Þistilfirði.
35. Selá í Vopafirði.
36. Hofsá í Vopnafirði.

2. gr.

Úr 2. gr. A. falli.

Undir staflið I. (Nýjar brýr á þjóðvegum):

4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtsdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.

Undir staflið II. (Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum):

2. Flóká.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Greinargerð:

Í lögum um brúargerðir frá 1919 eru taldar allar stærri ár á þjóðvegum og flutningabrautum, sem álitið er fært að brúa.

Með vegalagabreytingu er samþykt var á síðasta Alþingi, var fluttur þjóðvegurinn um Þingeyjarsýslur og liggur nú frá Húsavík um Axarfjörð, Þistilfjörð, Vopnafjörð og Jökulsárhlíð til Fossvalla. Í frumvarpi til nýrra vegalaga, sem nú er lagt fyrir Alþingi, þótti rjett að ákveða legu þjóðvegarins þessu samkvæmt, en með því að á tjeðri leið eru nokkrar óbrúaðar ár, sem ætla má að rjett þyki að brúa á næstu árum, er hjer gerð tillaga um breytingu á vegalögunum að því marki.

Ár þessar eru Hölkná og Hafralónsá í Þistilfirði og Selá og Hofsá í Vopnafirði. Þessar 4 brýr munu eftir lauslegri áætlun kosta allar kr. 112,000. Með því að þær eru nú allar á sýsluvegum, myndí ríkissjóður samkvæmt ákvæðum brúargerðalaganna greiða kr. 79,000 af kostnaðinum, en hlutaðeigendur kr. 33,000.

Með tilvísun til tillögu í frumvarpi til nýrra vegalaga um breytingu á legu þjóðvegarins um Borgarfjörð, þykir rjett að bæta brú á Hvítá í lög um brúargerðir. Sú brú er áætluð að kosta kr. 160,000. Þar sem hún er nú á sýsluvegi, myndu $^3/_4$ hlutar kostnaðar fást úr ríkissjóði, en kr. 40,000 myndu hlutaðeigendur greiða.

Jafnframt þykir og rjett að fella úr lögunum brýr á þær ár, sem ekki verða lengur á þjóðvegum samkvæmt áformuðum breytingum á legu þjóðvegarins. Eru þær ár því teknar upp í 2. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpi til nýrra vegalaga verður brúin á Norðurá á Krókshyl og brúin á Gilsá í Jökuldal á væntanlegum fjallvegum og munu þannig kostaðar úr ríkissjóði. Jafnframt er í sama frumvarpi gengið út frá að brýrnar á Grímsá, Flóku og Reykholtsdalsá í Borgarfirði og Rjúkanda og Teigá í Jökuldal verði á sýsluvegum, og munu þær þá verða kostaðar að $^2/_3$ hlutum úr ríkissjóði. Þessar 5 brýr er áætlað að kosti allar kr. 52,000 og má þá gera ráð fyrir að kostnaðarhluti ríkissjóðs lækki fyrir ákvæði 2. gr., frá því sem nú er um kr. 18,000.

Lagafrumvarp þetta breytir því greiðsluhlutfali ríkissjóðs og sýslufjelaganna þannig:

Nú á ríkissjóður að greiða	kr. 253,000		
Nú eiga sýslufjelögin að greiða	— 73,000	kr.	326,000
Samkvæmt frumvarpinu:			
á ríkissjóður að greiða	kr. 308,000		
eiga sýslufjelagin að greiða	— 18,000	—	326,000

eða með öðrum orðum, frumvarpið ljettir kr. 55,000 kostnaði af hlutaðeigandi sýslum.

Þar sem lagafrumvarp þetta stendur í sambandi við frumvarp til nýrra vegalaga, sem ætlast er til að gangi í gildi 1. jan. 1925, þykir rjett að ákveða að þessi lög skuli öðlast gildi sama dag.

17. Frumvarp

til laga um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Lyfsalar skulu greiða árlegt gjald vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

2. gr.

Hver lyfsali greiðir 250 kr. á ári. Gjaldið skal greitt lyfsölustjóranum 31. desember ár hvert, í fyrsta sinn 31. desember 1924.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkið hefir töluverðan kostnað af eftirlitinu með lyfjabúðunum, útgáfu lyfsöluskránna o. fl. Má gera ráð fyrir að sá kostnaður verði ekki minni en 2500 kr. um árið, og virðist ekki nema rjett að lyfsalarnir beri þenna kostnað. Í Danmörku hefir slíkt gjald verið lagt á lyfsalana. Þar sem forstöðumaður áfengisverzlunar ríkisins er jafnframt lyfsölustjóri og framkvæmir eftirlitið, þykir rjettast, að gjaldið frá lyfsölunum sje greitt lyfsölustjóranum sem tekjur áfengisverzlunarinnar, og það kemur líka í sama stað niður.

18. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

3. gr. laga nr. 38 frá 3. nóv. 1915, skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma eða múra upp gröf og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist og skal þá greiða 100 kr. fyrir það, og þar að auki 40 kr. legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Vill ríkisstjórnin nú leggja frumvarpið aftur fyrir Alþingi, og vísar til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu þegar lagt var fyrir síðasta Alþingi (Alþ.tíð. 1923, A, bls. 625).

19. Frumvarp

til laga um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi 1924.)

I. KAFLI.

Orðaskýringar o. fl.

1. gr.

Nauðasamningur er í lögum þessum samningur gerður með atbeina skiftarjettar milli skuldunauts og lögmælts meiri hluta lánardrottna hans um skuldagreiðslur, og bindur samningurinn einnig minni hluta lánardrottnanna eftir að skiftarjettur hefir staðfest hann.

Samingsmenn eru þeir lánardrottnar nefndir, er nauðasamningur bindur,

Samingskröfur eru þær kröfur nefndar, er nauðasamningur tekur til.

Atkvæðismenn eru þeir lánardrotnar nefndir, sem eiga kröfur, er atkvæðisrjettur um nauðasamning fylgir.

Atkvæðiskröfur eru þær kröfur, er atkvæðisrjettur um nauðasamning fylgir.

2. gr.

Hvarvetna þess, er lögheimilt er að gefa út áskorun (proklama) til lánardrottna að viðlögðum missi kröfu, ef henni er ekki lýst í tækan tíma, skal kröfulýsingarfrestur vera 4 almanaksmánuðir frá síðustu birtingu áskorunar talið.

II. KAFLI.

Um nauðasamninga í sambandi við gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts.

3. gr.

Nú er bú manns tekið til gjaldþrotaskifta að honum lifanda, og er honum þá rjett að bera upp frumvarp til nauðasamninga. Skal hann skila

frumvarpinu með nafni sínu undir til skiftarjettar í síðasta lagi viku eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn. Frumvarp, er síðar kemur fram en áður en úthlutun fer fram, má þó taka til meðferðar, ef fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, veitir til þess samþykki sitt, enda fylgi frumvarpinu skrifleg yfirlýsing þeirra um það atriði.

Í frumvarpi skal greina:

1. Hvern hundraðshluta af samningskröfum skuldunautur ætli að greiða.
2. Hvenær þær greiðslur skuli fara fram.
3. Hvort trygging verði sett fyrir skilvísri greiðslu, og, ef svo er, þá hver.
4. Önnur atriði, er skuldunautur vill taka fram og hann ætlar máli skifta.

4. gr.

Skuldunautur hefir ekki rjett til að leita nauðasamninga samkvæmt 3. gr., ef hann

1. Hefir á síðustu 2 árum fyrir gjaldþrotaskiftin orðið sannur um brot þau, er í 262. og 263. gr. alm. hegningarlaga segir.
2. Hefir ekki, þegar bú hans var síðast tekið til gjaldþrotameðferðar, haldið þær bækur, sem honum var lögskylt að halda, eða ef bækur þær, sem hann hefir haldið, hvort sem honum var lögskylt að halda þær eða ekki, eru sviksamlega haldnar eða bókhaldið var í verulegri óreiðu að dómi skiftarjettar.
3. Hefir farið burt úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiftarjettar eða þverskallast við að láta skiftarjetti í tje alla þá fræðslu um hag sinn, er hann má veita og honum er lögskylt,

Nú er hafin opinber rannsókn um atriði þau, er í 1. tölul. greinir, og skal þá fresta meðferð frumvarps að nauðasamningum, þar til aðili er sýknaður með dómi eða ákæruvaldið hefir fallið frá málshöfðun.

5. gr.

Ekki má taka frumvarp að nauðasamningi til meðferðar, nema fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, samþykki, ef skuldunautur hefir eftir skiftaupphaf eða 3 mánuðum eða síðar fyrir þann tíma komið fram með frumvarp að nauðasamningi, er annaðhvort hefir fallið við atkvæðagreiðslu eða því hefir verið synjað staðfestingar.

Skrifleg yfirlýsing lánardrottna um samþykki þeirra skal fylgja frumvarpinu.

6. gr,

Rjett er skuldunaut að breyta frumvarpi sínu eða auka við það, þar til það er borið upp á skiftafundi til umræðu. Eftir það getur skuldunautur ekki breytt eða aukið við frumvarpið, nema eftir áskorun eins eða fleiri atkvæðismanna eða samkvæmt leiðbeiningum skiftarjettar.

7. gr.

Skiftaráðandi leggur frumvarp að nauðasamningi þegar fram á skrif-

stofu sinni er hann hefir úrskurðað það tækt, og skal það liggja frammi viku að minsta kosti til sýnis lánardrottnum. Framlagning frumvarps skal birta með þeim hætti, er skiftarjetti þykir hlýða. Framlagningartíminn telst frá auglýsingardegi.

Nú þykir skiftarjetti frumvarp að nauðasamningi ekki tækt, sbr. 4. og 5. gr., og skal hann þá kveða upp rökstuddan úrskurð um það, enda hafi skuldunautur átt kost á að tala máli sínu áður.

Úrslit eftir 1. og 2. málsgr. tilkynnir skiftarjettur skuldunaut þegar í stað.

8. gr.

Skiftarjettur auglýsir með þeim hætti, er honum þykir hlýða, að frumvarp að nauðasamningi verði lagt fram á skiftafundi nánar til teknum. Ef þess er kostur, þá skal leggja frumvarpið fyrir fund þann, er rannsakar framkomnar kröfur (37. gr. skiftalaganna). Ella skal halda fund til að ræða frumvarpið svo fljótt sem kostur er.

Skiftarjettur getur frestað umræðum eða atkvæðagreiðslu um frumvarp frá einum fundi til annars, ef honum þykir það nauðsynlegt eða hentugt. Til þeirra funda skal boða sem til skiftafunda (23. gr. skiftalaganna).

9. gr.

Meðan meðferð nauðasamnings stendur yfir má ekki selja eignir búsins framar en nauðsynlegt kann að vera til greiðslu þeirra skulda, sem nauðasamningur tekur ekki til, og yfir höfuð skal búinu haldið í því horfi á meðan, að hagur skuldunauts raskist sem minst vegna skiftameðferðarinnar á búi hans.

10. gr.

Allir lánardrotnar skuldunauts, þeir er lýst hafa í tækan tíma kröfum sínum eða kröfur þeirra eru án þess teknar til greina, og greiðslu eiga að fá af eignum búsins (13. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894) hafa atkvæðisrjett að frumvarpi að nauðasamningi, nema einhverjar þær takmarkanir eða undantekningar, sem hjer fara á eftir, taki til þeirra.

11. gr.

Nú á lánardrottinn fleiri en eina atkvæðiskröfu, og hefir hann þó að eins eitt atkvæði, þegar atkvæðismenn eru taldir, en kröfur hans eru samanlagðar, þegar reikna á kröfumagn með samningi og móti.

Nú fer sami maður með umboð fleiri atkvæðismanna, og skulu þá hverjum þeirra talin atkvæði eins og ef þeir hefði sjálfir farið með atkvæðisrjett sinn.

Ef fleiri en einn eiga kröfu saman, þá fara þeir allir (báðir) með eitt atkvæði.

12. gr.

Þessir lánardrottnar eiga ekki atkvæði um frumvarp að nauðasamningi:

1. Þeir, sem hlutbundinn rjett hafa yfir eignum búsins til tryggingar kröfu

sinni, að því leyti sem tryggingin telst nægileg til að greiða kröfuna. Um þann hlutann, sem eigi telst trygður, hafa þeir atkvæðisrjett.

2. Þeir, er forgangskröfur eiga á hendur búinu (82. og 83. gr. skiftalaganna).
3. Þeir, er kröfu gera til gjafa úr búinu.
4. Maki skuldunauts, frændur hans að feðgatali eða niðja, tengdaforeldri og tengdabörn eða unnusti eða unnasta hans.
5. Þeir, er nota kröfu til skuldajafnaðar (20. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894). Ef krafa er ekki öll höfð til skuldajafnaðar, fylgir henni atkvæðisrjettur að því leyti.
6. Þeir, er eignast hafa fyrir framsal kröfu á hendur skuldunaut eftir upphaf gjaldþrotaskifta (8. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894) eða eftir að skuldunautur hefir skilað skiftarjetti árangurslaust frumvarpi að nauðasamningi til þess að afstýra gjaldþrotaskiftunum, nema aðili hafi eignast kröfuna vegna skuldbindingar, er hann hefir tekið á sig fyrir þann tíma, svo sem ábyrgð, sem hann hefir undirgengist fyrir skuldunaut og eigi greitt fyrr en eftir upphaf skifta.

   Vextir áfallnir eftir upphaf gjaldþrotaskifta teljast ekki með, þegar reikna skal kröfumagn.
7. Þeir, er hafa afsalað sjer hlutbundnum tryggingarrjetti, skuldajafnaðarheimild eða forgangsrjetti eftir þann tíma, sem í 6. tölul. segir, nema að að því leyti, sem þeir kynni ella að hafa átt atkvæðisrjett, sbr. 1. og 5. tölul.
8. Þeir, er eiga skildagaðar kröfur, en skildaginn er ekki rættur.

13. gr.

Nú skilur menn á um kröfu, hvort sem ágreiningurinn er um sæti kröfu í skuldaröð, tilvist hennar, tryggingu eða annað, og hefir lánardrottinn þá ekki atkvæðisrjett að sinni. En ef svo reynist, að úrslit kynni að verða önnur, ef þeir tæki þátt í atkvæðagreiðslu, er deilukröfur eiga, þá skal skiftarjettur rannsaka lögmæti þeirra krafna og að lokinni rannsókn skera úr því, hverjar þeirra og með hvaða fjárhæð skuli verða atkvæðakröfur. En ekki bindur sá úrskurður, ef síðar verður leitað dómsúrlausnar um þær kröfur.

14. gr.

Atkvæðisrjett hefir lánardrottinn um frumvarp að nauðasamningi, þó að krafa hans hafi ekki verið viðurkend. En ekki er skuldunautur bundinn við þá ákvörðun, ef hann er síðar krafinn.

Atkvæðisrjettur fylgir kröfu, þó að hún sje ekki fallin í gjalddaga.

15. gr.

Frumvarp skal telja samþykt með þeim hætti sem hjer segir:

1. Ef skuldunautur býðst til að greiða 50% eða meira af samningskröfum — og þar með talin full greiðsla, en greiðslufrestur er áskilinn —, þá þarf samþykki $^2/_3$ atkvæðismanna, er fari með að minsta kosti $^2/_3$ af atkvæðiskröfum.

2. Ef skuldunautur býður minna en 50% af samningskröfum, en þó meira en 20%, þá þarf samþykki $^3/_4$ í báðar áttir.
3. Ef skuldunautur býður 20% eða minna, þá þarf samþykki $^5/_6$ í báðar áttir.

16. gr.

Nú fæst einungis nægur meiri hluti með frumvarpi í aðra áttina, og skal skiftarjettur þá ákveða fund af nýju, er haldinn sje ekki síðar en 14 dögum eftir. Ef þá fæst ekki nægur meirihluti í báðar áttir, þá er frumvarpið fallið.

Þeir, sem greiddu atkvæði með frumvarpi á fyrra fundinum, teljast og gera það á síðara fundinum, enda þótt þeir sæki hann ekki, nema þeir hafi tjáð skiftarjetti, að þeir hafi vikið frá atkvæði sínu.

17. gr.

Nú er frumvarp samþykt á fundi, og skal skiftarjettur, eftir því sem honum þykir þurfa, rannsaka öll þau atriði, er máli skifta að lögum um gildi og staðfestingu samningsins. Rjett er skiftarjetti að stefna fyrir sig í því skyni og að viðlögðum þingvitisbótum með gestarjettarfyrirvara þeim mönnum, er telja má líklegt, að upplýsingar geti gefið, enda hefir skiftarjettur vald til að spyrja og eiðfesta vitni um öll þessi atriði. Ef vitni á varnarþing í öðru lögsagnarumdæmi, skal hjeraðsdómari þar spyrja það eftir tilmælum skiftarjettar.

18. gr.

Ef allir atkvæðismenn hafa sótt fund, þar sem frumvarp að nauðasamningi hefir hlotið samþykki (15. gr.), þá getur skiftarjettur þegar staðfest samninginn, eftir atvikum að lokinni rannsókn samkvæmt 17. gr. Nú hafa ekki allir atkvæðismenn sótt fund, og á skiftarjettur þá að skora á þá með auglýsingu í Lögbirtingablaði að bera upp fyrir honum rökstudd mótmæli gegn frumvarpinu innan 14 daga frá birtingu auglýsingarinnar. Ef engin mótmæli koma, þá getur skiftarjettur þegar staðfest samninginn með þeim hætti, sem sagt var. Annars kostar boðar skiftarjettur til fundar af nýju með viku fyrirvara, nema sjálfur þurfi hann lengri frest til rannsóknar samkvæmt 17. gr., og á þeim fundi tekur hann svo ákvörðun um það, hvort staðfesta skuli samning eða ekki, enda hafi atkvæðismenn fengið kost á að lýsa áliti sínu á framkomnum mótmælum.

Birta skal einu sinni í Lögbirtingablaði, ef samningur hefir fallið eða hefir ekki fengið staðfesting.

Skiftarjettur kveður upp rökstuddan úrskurð um staðfestingu nauðasamnings og synjun staðfestingar.

19. gr.

Skiftarjetti er skylt að leiðbeina aðiljum eftir grundvallarreglum um meðferð almennra einkamála í hjeraði.

20. gr.

Synja skal skiftarjettur um staðfestingu á nauðasamningi, ef

1. Það kemur í ljós eftir samþykt hans, að fyrirmæli 4. gr. standa staðfestingu í vegi.
2. Í samningi eru fyrirmæli í óhag einhverra þeirra lánardrottna, er samningur bindur ekki, enda hafi samþykki þeirra ekki komið til.
3. Einhverjum samningsmanna eða öðrum er eða hefir verið ívilnað í samningnum eða í sambandi við samningagerðina án samþykkis allra atkvæðismanna, eða ef rjettur einhvers samningsmanns er fyrir borð borinn án samþykkis hans.
4. Skiftaráðanda þykir víst, að skuldunautur eða aðrir hafi gefið rangar skýrslur um veruleg atriði, og ætla megi, að þær skýrslur hafi skift máli um ákvörðun lánardrottnanna, er þeir samþyktu frumvarpið.
5. Ef ekki þykja sæmilegar líkur fyrir efndum nauðasamnings.
6. Ef einhver samningsmanna krefst þess, skal skiftarjettur synja nauðasamningi staðfestingar, ef sýnt er, að samningurinn brýtur verulega bág við sameiginlega hagsmuni samingsmanna, svo sem ef skuldauppgjöfin er að mun meiri eða gjaldfrestur að mun lengri en skuldunautur hefði þurft að fá eða trygging er stórum minni en honum hefði verið unt að veita.

21. gr.

Þegar nauðasamningur hefir hlotið staðfestingu skiftarjettar, bindur hann alla þá, er atkvæðisrjett eiga um frumvarp að honum, og ennfremur þá skuldheimtumenn, sem eigi hafa atkvæðisrjett og í 3., 4., 6., 7. og 8. tölul. 12. gr. segir, og þá, sem í 13. gr. getur, þótt þeir hafi verið úrskurðaðir frá atkvæðisrjetti.

22. gr.

Nauðasamningur hefir sömu verkanir sem dómssátt væri milli skuldunauts og samingsmanna, ef kröfur þeirra hafa verið viðurkendar í samningnum (sbr. 13. og 14. gr.).

23. gr.

Nauðasamningur haggar ekki heimild lánardrottins til þess að ganga að veði, sem þriðji maður kann að hafa sett til tryggingar samingskröfu, nje til að krefjast fullrar greiðslu af ábyrgðarmanni eða öðrum, sem ábyrgjast slíka skuld jafnframt skuldunaut.

24. gr.

Nauðasamningur leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem frá er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrotni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefði átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

Nú greiðir þriðjimaður, ábyrgðarmaður, samskuldari o. s. frv., þann

hluta skuldar, sem skuldunautur tók á sig með nauðasamningi, og er honum þá skylt að greiða þriðjamanni hundraðshlutann samkvæmt nauðasamningi að rjettri tiltölu við það, sem hinn hefir greitt.

25. gr.

Nú er krafa deilukrafa eða skildöguð, en skildagi ekki rættur, eða krafa hefir ekki verið viðurkend, og er skiftarjetti þá skylt, ef aðili krefst þess, að binda staðfestingu því skilyrði, að lagt verði fé til hliðar fyrir svo miklu af hverri slíkri kröfu, er svarar til þess, sem greitt er þegar eða greiða á á næstu 6 mánuðum af öðrum samingskröfum, þó þannig, að aldrei verði kostur þessara samingsmanna betri en kostur annara um greiðslur samkvæmt nauðasamningi.

Ef krafa er deilukrafa, verður lánardrottinn þó að höfða mál til greiðslu eða viðurkenningar hennar áður 6 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu nauðasamnings. Ef krafa er skildöguð, getur skuldunautur krafist tryggingar aftur, ef skildagi er eigi rættur áður ár er liðið frá sama tima.

26. gr.

Ekki eru samingsmenn leystir undan ákvæðum nauðasamnings, þótt hann verði ekki efndur, framar en í lögum þessum segir.

Nú býður skuldunautur til nauðasamninga af nýju eða bú hans verður tekið til skiftameðferðar sem þrotabú eða skuldfrágöngudánarbú áður en hann hefir að fullu efnt nauðasamning, og er þá samingsmönnum rjett að heimta samningskröfur sínar með fullri upphæð, að því frádregnu, sem þegar kann að vera greitt, eins og ef enginn nauðasamningur hefði verið gerður. Samsvarandi gildir um ábyrgðarmenn og aðra, er greitt kunna að hafa skuldir fyrir skuldunaut, sbr. 24. gr.

27. gr.

Staðfestan nauðasamning skal skrásetja í skiftabók, enda skulu allir þeir, er greitt hafa atkvæði með honum, undirrita hann í skiftabókinni.

Áður en bú er afhent skuldunaut skal þess gætt, að allir skuldheimtumenn, sem nauðasamningur tekur ekki til, hafi fengið sitt eða fulla tryggingu, nema þeir samþykki framsal búsins með öðrum kostum. Ef skuldunautur skyldi greiða samingsmönnum að einhverju leyti eða öllu eða setja tryggingu, þá ber skiftarjetti og að afhenda ekki búið fyrr en það hefir verið gert, nema samþykki aðilja komi til.

Loks getur skiftarjettur haldið búinu í umsjá sinni, þar til greiddur hefir verið allur kostnaður af samingagerð og skiftum.

Skiftarjettur gerir skuldunaut skil fyrir meðferð sinni á búinu.

28. gr.

Ef nauðasamningur hlýtur staðfestingu, þá skal þegar birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaði. Einnig skal birta þá eða síðar, sbr. 3. mgr. 27. gr., með sama hætti tilkynningu um framsal búsins í hendur skuldunaut. Svo skal

og tilkynna til firmaskrár og hlutafjelaga- og samvinnufjelagaskrár, ef þau fjelög eiga hlut að máli, staðfestingu og aðalefni nauðasamnings og framsal bús í hendur skuldunaut. Tilkynningu skal fylgja eftirrit af nauðasamningi og staðfestingarúrskurði, eða dómi um staðfestingu, ef staðfesting hefir fengist fyrir áfrýjun.

29. gr.

Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings

1. Að skuldunautur hefir sjálfur, eða þriðji maður með vitund hans, ívilnað samningsmanni eða heitið honum ívilnun fram yfir aðra áður en samningagerðin hófst eða meðan hún stóð yfir, enda megi telja ívilnun hafa haft áhrif á samningagerðina,
2. Að nauðasamningur hafi komist á fyrir óráðvandlegt atferli af hálfu skuldunauts, svo sem vísvitandi rangar skýrslur hans um hag hans, undanskot fjár o. s. frv., eða
3. Að skuldunautur hefir í sambandi við gjaldþrotaskiftin gert sig sekan um atferli, sem varðar refsingu eftir 262. eða 263. gr. almennra hegningarlaga, eða hefir greint vísvitandi rangt frá um atriði, sem máli skifta, í bókum þeim, er hann hefir haldið, og er honum þá skylt að greiða samningsmönnum, sem ekki hafa tekið þátt í því atferli, sem nú var talið, kröfur þeirra með fullri upphæð eigi síðar en á upphaflegum gjalddaga, svo og ábyrgðarmönnum og samskuldurum sínum það alt, er þeir kunna að greiða eða hafa greitt og skuldunaut hefði verið skylt að endurgreiða, ef nauðasamningur hefði enginn verið gerður. Samningsmenn halda og óskertum rjetti sínum gagnvart þriðjamanni, er ábyrgist samningskröfu eða sett hefir veð til að tryggja hana.

30. gr.

Nú líða 3 ár og 6 mánuðir svo, að samingsmaður hefir ekki fengið viðurkenningu skuldunauts um ónýting nauðasamnings vegna fyrirmæla 29. greinar eða hann hefir ekki höfðað mál til ónýtingar nauðasamningi, og er hann þá bundinn við samninginn.

III. KAFLI.

Um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi skuldunauts.

31. gr.

Nú vill skuldunautur, er eigi hygst geta staðið í skilum við lánardrottna sína, gera nauðasamning, og skal hann þá afhenda skiftarjetti þeim, er fara skyldi með skifti á búi hans, skriflega beiðni um það, að hann geri ráðstafanir til samingatilrauna.

Beiðni skal fylgja:

1. Greinargerð um orsakir til þess, að skuldunautur leitar nauðasamninga.

2. Efnahagsreikningur skuldunauts, gerður á þeim tíma, að engin veruleg breyting geti hafa orðið á efnahag hans síðan.
3. Sundurliðuð skrá yfir eignir skuldunauts, gerð á sama tíma sem efnahagsreikningur hans, og sje í skránni nákvæm skýrsla um fasteignir hans, skip, lausafje, kröfur, er hann á hjá öðrum o. s. frv.
4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna skuldunauts, nafn hvers lánardrottins, skuldarupphæð, gjalddagi, trygging fyrir skuld o. s. frv.
5. Skrá um bækur þær, er skuldunautur heldur, hvort sem hann er bókhaldsskyldur eða ekki.
6. Drengskaparyfirlýsing um það, að skýrslur hans samkvæmt 1.—5. tölul. sje gefnar eftir bestu vitnnd.
7. Frumvarp að nauðasamningi, og sje þar tekið til, hvern hundraðshluta af skuldum sínum aðili hygst að greiða, hvenær greiðslur eigi að fara fram, hverja tryggingu hann ætli að setja, ef því er að skifta, og annað, er hann vill hafa í nauðasamningi.
8. Meðmæli frá að minsta kosti $^1/_4$ væntanlegra samingsmanna, bæði að tölu og kröfumagni.
9. Fjárhæð, 50—200 kr., eftir ákvörðun skiftarjettar til greiðslu kostnaðar af samingatilraunum.

32. gr.

Þeir, sem ekki hafa rjett til að leita nauðasamninga meðan bú þeirra sætir gjaldþrotameðferð (4. gr.), er og meinað að leita nauðasamninga samkvæmt 31. gr.

Nú hefir skuldunautur borið fram frumvarp að nauðasamningi á síðustu 12 mánuðum, er annaðhvort hefir fallið eða verið synjað staðfestingar, og má skiftaráðandi þá ekki taka frumvarp hans til meðferðar, ef ætla má, eftir efni frumvarpsins að dæma, að úrslitin hljóti að verða hin sömu sem síðast.

Nú hefir gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts lokið svo fyrir misseri eða skemri tíma að skuldunaut hefir eigi verið fengið bú sitt til frjáls forræðis eða hann hefir gert nauðasamning fyrir 12 mánuðum og eigi efnt hann, og má þá eigi leita nauðasamninga fyrir hann, nema samþykki og yfirlýsing lánardrottna samkvæmt 5. gr. komi til.

33. gr.

Skiftaráðandi skal þegar skrá í skiftabók athugasemd um að beiðni samkvæmt 31. gr. sje til hans komin og nefna fylgiskjöl með henni, enda skal nákvæmlega greina dag og stund, er beiðnin kom á skrifstofu skiftarjettar. Ef þörf þykir, rannsakar skiftarjettur málavöxtu, eftir atvikum með þeim hætti, sem í 17. gr. segir, áður en hann úrskurðar, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki. Einnig kveður skiftarjettur skuldunaut á fund sinn, ef þörf þykir, enda er skiftarjetti skylt, að leiðbeina skuldunaut og veita honum kost á að lagfæra það, er ábótavant þykir vera um beiðnina eða fylgiskjöl með henni eða annað.

Jafnskjótt sem unt er leysir skiftarjettur úr því með rökstuddum úrskurði, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki.

Ekki skal taka beiðni til meðferðar og niður falla samningatilraunir, ef þær eru byrjaðar, ef

1. Svo reynist ástatt sem í 32. gr. segir.
2. Skuldunautur veitir skiftarjetti ekki þá fræðslu um efnahag sinn, sem hann er krafinn um og máli skiftir að áliti skiftarjettar, svo og ef skuldunautur þverskallast við fyrirmælum skiftarjettar um meðferð á búi sínu (36. gr.).
3. Ekki verður komist að sæmilega áreiðanlegri niðurstöðu um hag skuldunauts.
4. Skuldunautur fer svo úr lögsagnarumdæminu, að ekki verði náð nógu skjótlega til hans, þegar þörf er, að dómi skiftarjettar.
5. Víst þykir, að óhjákvæmilegt verði að synja samningi staðfestingar, enda breyti skuldunautur honum ekki í það horf, sem skiftarjettur telur nauðsyn til bera.
6. Skuldunautur ívilnar einstökum samningsmönnum, meðan á samningatilraunum stendur.

34. gr.

Nú synjar skiftarjettur að taka til greina beiðni samkvæmt 31. gr., og skal hann þegar skýra skuldunaut frá því.

Ef beiðnin er tekin til greina, hvort sem það er gert eftir úrskurði skiftarjettar eða úrlausn æðra dóms, þá skal telja samningaráðstafanir byrjaðar frá þeirri stundu, er beiðni um þær kom til skiftarjettar.

35. gr.

Frá því er samningatilraunir byrja (34. gr.) og þar til þeim er lokið má enginn væntanlegra samningsmanna kyrsetja fjármuni skuldunauts nje gera aðför í þeim.

Frá upphafi samningstilrauna og þar til atkvæðagreiðslu lánardrottna um nauðasamning er lokið getur enginn samningsmanna látið taka bú skuldunauts til gjaldþrotameðferðar, sbr. þó 36. gr., nema hann hafi til þess samþykki atkvæðismanna, er fari með nægilegt atkvæðamagn til þess að fella nauðasamning. Eftir að samningur er samþyktur og þar til skiftarjettur hefir úrskurðað um staðfestingu hans getur enginn samningsmanna fengið bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta.

Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta samkvæmt kröfu lánardrottins eftir þessari málsgrein, og skal þá telja riftingarfresti (22., 23., 25., 26. og 28. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894) til upphafs nauðasamninga (34. gr.).

Lánardrottnar þeir, sem nauðasamningur bindur ekki, geta gengið að skuldunaut lögum samkvæmt þrátt fyrir samningatilraunirnar.

36. gr.

Frá því að beiðni samkvæmt 31. gr. er komin til skiftarjettar og þar til samningagerð er lokið má skuldunautur ekki greiða neinum af væntanleg-

um samningsmönnum skuldir hans, eindagaðar eða óeindagaðar, nje veita neinum samningamanni ívilnanir fram yfir hina.

Skuldunautur fer með bú sitt og heldur áfram atvinnurekstri sínum meðan á samningatilraunum stendur undir umsjá skiftarjettar eða annars umsjármanns, er skiftarjettur setur, ef honum þykir þess þörf.

Skuldunautur má ekki veðsetja eignir sínar frá því að samningatilraunir hófust (34. gr.) og þar til þeim er lokið. Ekki er honum heldur heimilt að selja, leigja eða láta af hendi með öðrum hætti fasteignir sínar nje skrásett skip sín. Aðrar eignir getur hann af hendi látið, ef afhendingin verður talin til venjulegra ráðstafana í atvinnurekstri hans. Ekki má skuldunautur heldur taka lán nje stofna nýjar skuldir fram yfir það, sem nauðsynlegt er til atvinnurekstrar hans eða heimilisframfærslu að áliti skiftarjettar.

Ógildar eru ráðstafanir skuldunauts þær, sem honum eru bannaðar samkvæmt 2. málsgr., nema ákvörðun um samningagerð hafi ekki verið birt (37. gr.) og kaupunaut hafi verið ókunnugt um hana, enda verði honum ekki á þeim ókunnugleika sök gefin. Ef skuldunautur brýtur fyrirmæli þessarar greinar verulega, þá skal skiftarjettur taka bú hans til gjaldþrotaskifta, ef einhver lánadrottna hans krefst þess.

37. gr.

Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið, að beiðni samkvæmt 31. gr. skuli til greina tekin, skal skiftarjettur birta þrisvar sinnum í Lögbirtingarblaði áskorun til allra þeirra lánardrotna skuldunauts, er væntanlegur nauðasamningur bindur og kröfur áttu á hendur honum við upphaf samningatilrauna (34. gr.), um að lýsa fyrir skiftarjetti kröfum sínum innan 4 vikna frá síðustu birtingu auglýsingar. Auglýsingu skal einnig þinglýsa á varnarþingi skuldunauts og á varnarþingi skipa og fasteigna hans. Fyrir þinglýsingar þessar greiðist ekkert gjald.

Eigi missir lánardrottinn kröfu sinnar, þótt hann lýsi henni ekki, samkvæmt 1. málsgr., en ekki hefir hann rjett til að taka þátt í meðferð frumvarps að nauðasamningi, nema kröfulýsing hans sje komin til skiftarjettar að minsta kosti viku fyrir þann fund, er atkvæðagreiðsla um frumvarpið skal byrja. Og ekki skal fresta meðferð frumvarps vegna lánardrottna, er eigi hafa lýst kröfum sínum samkvæmt 1. málsgr.

Í auglýsingu þeirri, sem í 1. málsgr. getur, skal einnig boðað til fundar til þess að ræða frumvarp að nauðasamningi og ef til vill greiða atkvæði um það, og skal ekki hafa þann fund síðar en 14 dögum eftir lok kröfulýsingarfrests.

Loks skal skiftarjettur tilkynna öllum væntanlegum samningsmönnum í ábyrgðarbrjefi eða með símskeyti, ef brjef mundu ekki berast nægilega fljótt, að nauðasamninga verði leitað fyrir skuldunaut, að kröfum skuli lýst innan ákveðins tíma (sbr. 1. málsgr.) og að fundur verði haldinn til að ræða og ef til vill greiða atkvæði um frumvarpið (sbr. 3. málsgr.). Ekki raskar það þó gildi nauðasamnings, þó að lánardrottni hafi ekki borist tilkynning samkvæmt þessari málsgr.

Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið að taka beiðni skuldunauts til greina, skal leggja hana með fylgiskjölum (31. gr.) fram á skrifstofu skiftarjettar til sýnis lánardrottnum, enda eiga þeir rjett á að fá eftirrit af frumvarpi að nauðasamningi fyrir lögmælt ritlaun.

38. gr.

Skuldunautur getur afturkallað frumvarp sitt þangað til skiftarjettur hefir lýst því yfir, að atkvæðagreiðsla um það skuli fara fram. Afturköllun skal auglýsa í Lögbirtingablaði og þinglýsa samkvæmt 2. málsgr. 37. gr.

Breytingar getur skuldunautur gert á frumvarpi sínu og viðauka við það með sama hætti sem í 6. gr. segir. Sker skiftarjettur svo úr því, hvort frumvarp þannig breytt fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að samningatilraunir megi halda áfram.

39. gr.

Að liðnum kröfulýsingarfresti semur skiftarjettur skrá yfir allar framkomnar kröfur, bæði nöfn og heimili lánardrottna, skuldarupphæð eða efni kröfu að öðru leyti, gjalddaga ásamt athugasemd um það, hvort skuldunautur viðurkenni kröfu eða mótmæli henni, hvort krafa sje skildöguð o. s. frv. Einnig gerir skiftarjettur skrá um eignir og skuldir skuldunauts, ef ekki hefir reynst unt að fara eftir skrá þeirri, er skuldunautur hefir sjálfur afhent (31. gr.). Skjöl þessi, svo og breytingartillögur og viðaukatillögur skuldunauts við frumvarpið, skal leggja fram á skrifstofu skiftarjettar.

40. gr.

Ef nauðsyn ber til, þá getur skiftarjettur tekið sjer aðstoð við rannsókn á búinu og eftirlit á kostnað skuldunauts. Skiftarjettur ákveður þóknun til handa aðstoðarmönnum sínum.

41. gr.

Á fundi þeim, sem í 3. málsgr. 37. gr. segir, leggur skiftarjettur fram skjöl þau öll, sem í 31. og 40. gr. getur.

Sækja skal skuldunautur þann fund, nema sjúkdómur, veður eða vötn banni. Skal hann senda einhvern góðan mann í stað sinn, ef þess er kostur. Nú telur skiftarjettur víst eða líklegt, að skuldunautur hafi hvorugt mátt gera, og frestar hann þá fundi hæfilegan tíma. Ef skuldunautur sækir ekki fund að forfallalausu, þá falla samningatilraunir niður samkvæmt úrskurði skiftarjettar. Úrskurð skal birta eins og mælt er í fyrri málsgr. 38. gr.

Skuldunaut er skylt að veita lánardrottnum sínum á fundi allar þær skýringar og upplýsingar, sem hann má og máli skifta.

Einnig er einstökum lánardrottnum skylt að svara spurningum skiftarjettar og annara lánardrottna um skifti hans við skuldunaut. Ef lánardrottinn svarar ekki, enda þótt telja megi hann munu geta það, eða svarar vísvitandi rangt um veruleg atriði, þá getur skiftarjettur úrskurðað að hann

skuli hafa fyrirgert atkvæðisrjetti sínum um frumvarpið. Og auk þess varðar atferli lánardrottins refsingu eftir 147. og 149. gr. alm. hegningarlaga.

Ef fundi er frestað, boðar skiftarjettur til fundar af nýju með þeim hætti, sem honum þykir hlýða.

42. gr.

Hver sem skuldar þeim, er nauðasamninga leitar, getur, ef nauðasamningur kemst á, dregið frá það, sem hann kann að eiga hjá honum, hvernig sem kröfu og gagnkröfu er varið, enda hafi gagnkröfuhafi eða sá, sem hann hefir erft kröfu eftir, öðlast hana áður en auglýsing um nauðasamninga var birt (37. gr.), án þess að honum væri þá kunnugt um, að skuldunautur undirbyggi þá eða leitaði nauðasamninga, eða gagnkrafan stafar af skuldbindingu, sem gagnkröfuhafi hefir undirgengist fyrir þenna tíma og svo var ástatt um skuldunaut og vitneskju hins sem fyrr var sagt. Nú leikur vafi á um það, hvenær gagnkrafa er til orðin, og getur gagnkröfuhafi þá staðfest skýrslu sína þar um með eiði fyrir skiftarjetti.

Meðan samningagerð stendur yfir, má skuldunautur ekki framselja viðskiftabrjefskröfur sínar með þeim hætti, að skuldajafnaðarheimild glatist, nema aðilja sje sett trygging fyrir því tjóni, er hann kann að bíða þar af.

Ef gagnkröfuhafi krefst þess, þá skal skiftarjettur skrá á viðskiftabrjef skuldunauts, þegar nauðasamningur er staðfestur, að aðilja sje áskilin skuldajafnaðarheimild samkvæmt þessari grein, þó að brjefið verði framselt, nema gagnkröfuhafa sje sett trygging við tjóni, er hann kynni að bíða, ef skuldajafnaðarheimild hans glatast vegna framsals, og skal þá aðferð hafa, ef brjefið er víxill.

Ákvarðanir skiftarjettar um gagnkröfur samkvæmt þessari grein eru ekki bindandi, ef ágreiningur verður síðar um þær.

43. gr.

Þeir, sem öðlast hafa kröfur á hendur skuldunaut fyrir upphaf nauðasamninga (34. gr.), hafa atkvæðisrjett um þá eftir þeim reglum, sem í 11.—14. gr. segir.

Nauðasamningur tekur yfir óeindagaðar kröfur, en rjett er að draga frá sparisjóðsvexti frá greiðsludegi og til gjalddaga, ef fyrr er greitt.

Rjett er að meta til peningaverðs allar kröfur á hendur skuldunaut er nauðasamningur tekur til, ef það er nauðsynlegt til að koma jöfnuði á milli allra samningsmanna og til að reikna atkvæðamagn með nauðasamningi og móti.

Um atkvæðamagn og samþykt nauðasamninga fer annars eftir 15. og 16. gr.

44. gr.

Nauðasamningur er gildur, þegar skiftarjettur hefir staðfest hann. Fara skal skiftarjettur eftir 18. og 19. gr.

Skiftarjettur synjar staðfestingar:

1. Ef það kemur í ljós eftir samþykt nauðasamnings, að fyrirmæli 32. gr. standa staðfestingu í vegi.
2. Ef svo stendur á sem í 2.—6. tölul. 20. gr. segir.

45. gr.

Svo fer um skrásetningu nauðasamnings í skiftabók og undirskrift lánardrottna sem í 27. gr. er mælt.

Auglýsing og tilkynning um synjun og staðfesting nauðasamnings skal fara eftir 28. gr.

46. gr.

Um verkanir nauðasamnings fer eftir 21.—26. gr., sbr. 43. gr.

Sá, er forgangskröfu á á hendur skuldunaut, heldur forgangsrjetti sínum þar til mánuði eftir lok nauðasamninga, enda þótt krafan sje þá orðin það gömul, að forgangsrjettur á búi skuldunauts væri þá annars glataður.

47. gr.

Skuldunautur, sem hefir í frammi nokkra þá athöfn, sem í 262. og 263. gr. almennra hegningarlaga segir, meðan á nauðasamningatilraunum stendur eða eftir að hann var tekinn að hyggja á slíka samninga, sæti refsingu eftir þeim greinum.

48. gr.

Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings:

1. Að svo hefir verið að farið sem í 1. og 2. tölul. 29. gr. segir, eða
2. Að skuldunautur hefir gerst sekur samkvæmt 47. gr., eða hefir greint vísvitandi rangt frá í bókum sínum um atriði, sem máli hafa skift um samþykt eða staðfestingu nauðasamnings, og fer þá um gildi hans samkvæmt 1. og 2. málsgr. 29. gr.

IV. KAFLI.

Áfrýjun.

49. gr.

Ályktunum skiftarjettar samkvæmt II. og III. kafla laga þessara má skjóta til hæstarjettar eftir þeim reglum, sem hjer segir.

50. gr.

Úrskurði, þar sem beiðni eftir 3. og 31. gr. er tekin til greina, verður ekki áfrýjað.

Úrskurði, þar sem synjað er að taka beiðni samkvæmt 3. og 31. gr. til greina, úrskurði, þar sem ákveðið er, að samningatilraunir skuli falla niður

eða þar sem nauðasamningi er synjað staðfestingar, getur skuldunautur einn áfrýjað.

Öðrum ályktunum skiftarjettar getur hver sá áfrýjað, er ályktun varðar hag hans að lögum.

Áfrýjunarfrestur er vika frá uppkvaðning úrskurðar eða frá lokum þeirrar dómsathafnar, er áfrýja skal. Úrskurði um staðfestingu á nauðasamningi má þó áfrýja innan 14 daga.

Úrskurði hæstarjettar um þóknun aðstoðarmanna skiftarjettar eftir 40. gr. má fullnægja með aðför í búi skuldunauts, ef á þarf að halda.

51. gr.

Áfrýja má þegar ályktunum skiftarjettar, en ekki stöðvar áfrýjun samningatilraunir.

Nú er úrskurðað, að samningatilraunir skuli niður falla eða nauðasamningi er synjað staðfestiugar, og skal þá ekki telja samningatilraunum lokið fyr en liðinn er áfrýjunarfrestur, enda sje áfrýjunarbeiðni þá ekki fram komin, eða hæstirjettur hefir staðfest úrskurðinn.

Ef úrskurðað er, að nauðasamning skuli staðfesta, má ekki framselja skuldunaut bú hans nje hætta eftirliti, fyr en áfrýjunarfrestur er liðinn, enda hafi ekki verið áfrýjað, eða hæstirjettur hefir staðfest úrskurð skiftarjettar.

52. gr.

Áfrýjandi skili skiftarjetti skriflega beiðni áður en áfrýjunarfrestur er liðinn um það, að skiftarjettur annist áfrýjun þess atriðis, sem áfrýja á, og sje það svo glögt greint, að ekki sje um að villast, svo og þær kröfur, sem áfrýjandi gerir, ástæður þær, sem hann byggir kröfur sínar á og gögn þau, er hann telur sjer í hag, og mega ný gögn og nýjar kröfur koma fram. Skiftarjettur sendir hæstarjetti svo fljótt sem unt er áfrýjunarbeiðni, eftirrit úr skiftabók af öllu því, er það mál varðar, skjöl þau, sem að málinu lúta og álit sitt, ef hann vill.

Hver, sem áfrýjuð athöfn varðar, getur og sent hæstarjetti skriflega greinargerð sína um málið.

Nú þykir hæstarjetti málið ekki nægilega skýrt, og leggur hann þá fyrir skiftarjett að afla upplýsinga þeirra, sem vantar. Skal skiftarjettur gera það svo fljótt sem kostur er á, og fer um þá rannsókn eftir 17. og 41. gr. Eftirrit rannsóknar sendir skiftarjettur hæstarjetti jafnskjótt sem kostur er.

Hæstirjettur kveður upp úrskurð í málum þessum innan viku frá því, er skjölin komu til hans, sbr. 1. og 3. málsgr., nema málið sje sjerstaklega umfangsmikið, enda sje úrskurður aldrei uppkveðinn síðar en 2 vikum eftir móttöku skjalanna.

V. KAFLI.

Um gjöld o. fl.

53. gr.

Fyrir starfsemi skiftarjettar samkvæmt III. kafla þessara laga skal greiða gjald í ríkissjóð, sem reiknast þannig í hlutfalli við eignir skuldunauts samkvæmt skýrslu hans eftir 31. gr.:

1/8% af fyrstu kr. 20000.

1/6% af næstu — 80000.

1/8% af því, sem þar er fram yfir. Þó verður lægsta gjald aldrei minna en kr. 20, og hæsta gjald aldrei meira en 500 kr. Gjaldið reiknast af heilum hundruðum, og tala, sem endar á 50 eða hærri tölu verður hækkuð í 100, en tala, sem endar á lægri tölu, verður færð niður í 100.

Ef beiðni samkvæmt 31. gr. er synjað, skal gjalda einar 10 kr. Ef samningatilraunir falla niður áður en frumvarp að nauðasamningum er borið upp til atkvæðagreiðslu eða ef samningi er synjað staðfestingar, skal gjalda hálft gjald.

Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta 4 mánuðum eða fyr eftir lok samningaumleitana eða eftir staðfestingu nauðasamnings, og skal þá draga það frá skiftagjaldi, sem greitt hefir verið í ríkissjóð vegna samningagerðarinnar. Þegar gjaldþrotameðferð bús lýkur með nauðasamningi, skal aldrei greiða nema 1/4 skiftagjalds í ríkissjóð.

54. gr.

Áfrýjandi greiðir kr. 20 í ríkissjóð fyrir fyrirtöku máls í hæstarjetti, og skal senda skiftarjetti gjaldið ásamt áfrýjunarbeiðni, og vottar skiftarjettur um greiðslu þess um leið og hann sendir hæstarjetti skjölin. Að öðru leyti greiðast engin gjöld fyrir meðferð máls í hæstarjetti.

Hæstirjettur getur gert þeim, er áfrýjað hefir án þess að hann verði talinn hafa haft sæmilega ástæðu til þess, eða fyrir ósæmileg ummæli eða vísvitandi ósannindi í málflutningi, að greiða 20—200 kr. sekt til ríkissjóðs.

Að öðru leyti dæmir hæstirjettur engan málskostnað.

55. gr.

Ef skiftarjettur dregur óhæfilega störf þau, sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum, má beita 1. málsgr. 97. gr. skiftalaganna. 100. gr. sömu laga á hjer og við.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Nú hefur bú verið tekið til gjaldþrotameðferðar fyrir 1. júlí 1924, og getur þá skuldunautur neytt heimildar II. sbr. IV. kafla til þess að leita nauðasamninga, ef beiðnin um það kemur fram eigi síðar en mánuði eftir nefndan tíma, enda hafi skiftarjettur ekki þá þegar gengið frá úthlutunargerð búsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ef maður hjer á landi verður ófær til að greiða skuldir sínar, þá eru þrjár leiðir handa honum til að fara:

1. Bú hans verður tekið til gjaldþrotameðferðar. Hún raskar venjulega mjög högum hans, enda geta óvægnir lánardrottnar oft mjög misbeitt heimild sinni til þess að gera skuldunauta sína gjaldþrota. Oftast fara allmikil verðmæti í súginn fyrir skuldunaut vegna gjaldþrotaskifta á búi hans. Og verður það bæði óhagur skuldunauts og lánardrottna hans. Eignir hans eru oft seldar, þegar verst gegnir, og atvinnurekstur hans fer í mola o. s. frv.

2. Hann getur reynt að komast að samningum við lánardrottna sína. Þetta getur stundum tekist, en tveir verulegir annmarkar eru nú á því.

a) Skuldunautur þarf að fá samþykki allra lánardrottna sinna, því að enginn meiri hluti, hversu mikill sem hann er, getur bundið minni hlutann. En venjulega verður það skilyrði sett af hálfu lánardrottna, sem ívilnun heita, þegar svo stendur á sem hjer, að allir aðrir lánardrottnar mannsins gangi að sömu kostum. En einn einasti þeirra getur ónýtt allar samningatilraunirnar og þar með að engu gert þann kostnað og þá fyrirhöfn, sem til þeirra hefir farið.

b) Sá, er ekki getur sjálfur samið til hlítar fyrir sig, verður vitanlega að fá annan til þess, venjulega málaflutningsmann. Það hlýtur að kosta talsvert, því að slíkar samningatilraunir geta tekið mikinn tíma, eru talsvert vandasamar og mikið undir því komið, að vel sje og viturlega að farið. Í annan stað eru samningar þessir algerir einkasamningar. Enginn óvilhallur embættismaður með þekkingu á málavöxtum gætir þess, að rjettur manna sje ekki fyrir borð borinn og að alt fari með heiðarlegu móti.

3. Loks getur skuldunautur látið reka á reiðanum sem kallað er. Það er heldur óholt viðskiftalífinu, þótt við það verði alls ekki ráðið.

Eflaust mundi það hjálpa ýmsum til að komast á rjettan kjöl hjer, eins og annarstaðar, ef mönnum yrði gefinn kostur á því að gera samninga við lánardrottna sína þannig að þeir þyrfti ekki að verða gjaldþrota, eða eftir að bú þeirra væri til gjaldþrotaskifta tekið. Í stað þess að skuldunautur verður sviftur umráðum yfir búi sínu (verður gjaldþrota), er honum veittur kostur á að leita nauðasamninga fyrir milligöngu skiftarjettar eða annara embættis- eða sýslunarmanna. Og ef samningar takast, þá afstýrir hann gjaldþrotaskiftum. En ef skifti eru byrjuð, þá getur skuldunautur boðið lánardrottnum sínum til samninga með líkum hætti, og fær svo bú sitt til frjálsrar meðferðar, ef samningar takast. Getur hann þá aftur byrjað atvinnu sína, ef til vill með þau efni, er hann átti fyrir skiftin.

Í grannlöndum vorum öllum hefir gjaldþrotamönnum verið fyrir löngu veittur kostur á að reyna nauðasamninga með atbeina skiftarjettar eða annara opinberra starfsmanna, þannig að lögmæltur meiri hluti lánardrottnanna, bæði að höfðatölu og krófumagni, sem samþykkir samningana, bindur minni hlutann, sem vill hafna þeim. Því eru þessir samningar nefndir á tungu Norðmanna og Dana »Tvangsakkord«, í Þýskalandi »Zwangsvergleich« og í Austurríki »Zwangsausgleich«. Svíar kalla þá að eins »Ackord« milli skuldunauts og lánardrottna, Englendingar »com-

position«, Frakkar »concordat« o. s. frv. En auk þessa hefir sá háttur víða komist á, að skuldunautar hafa átt kost á að reyna þessa samningaleið til þess að afstýra gjaldþrotameðferð á búi sínu. Og hvorttveggja virðist sjálfsagt að lögleiða hjer, eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Í Svíþjóð eru tvenn lög um efnið, bæði frá 13. maí 1921. Önnur eru um nauðasamninga eftir að gjaldþrotameðferð er byrjuð, og eru þau fyrirmæli í 7. kap. gjaldþrotaskiftalaga Svía (skammstafað hjer S), en hin í sjerstökum lögum (skammstafað hjer S. ack.). Norðmenn hafa og í gjaldþrotalögum sínum frá 6. júní 1863, með breytingum 6. maí 1899 og 2. júní 1906 (skammst. N) fyrirmæli um nauðasamninga í sambandi við gjaldþrotaskifti, og um samninga án gjaldþrotaskifta hafa þeir lög 6. maí 1899 (skammst. N akk.). Danir hafa í 13. kap. gjaldþrotaskiftalaga sinna frá 25. mars 1872, fyrirmæli um nauðasamninga í sambandi við gjaldþrotaskifti (skammst. D.) og í lögum 14. apr. 1905 ákvæði um slíka samninga án gjaldþrotaskifta, og í 39. gr. þessara laga var loks mjög rýmkuð heimild gjaldþrotaskiftalaganna til að leita nauðasamninga.

Samkvæmt skýrslu Hagt. VIII. bls. 4 hafa gjaldþrotaskifti hjer á landi verið að meðaltali frá 1908—1922 incl. 13,2 á ári, og 198 alls. Búast má við, að þessi tala hækki, og sjerstaklega á fjárkreppuárum, eins og nú er. Einnig frá þessu sjónarmiði virðist varla mega lengur dragast að leiða í lög heimild til þess að leita nauðasamninga.

Norðurlandalögin hafa verið höfð til fyrirmyndar, en þó einna mest farið eftir dönsku lögunum. Kemur það til af því, að þau eru bygð á sömu stofnunum að miklu leyti, sem hjer eru og skiftalög og gjaldþrotalög hjer og í Danmörku eru mjög um hið sama far, enda bygð á sömu rjettarvitund.

UM I. KAFLA.

Um. 1. gr.

Heitið nauðasamningur á að tákna það, að sumir lánardrottnar verða að hlíta samningnum nauðugir, þótt þeir hafi synjað samþykkis. Sbr. fornyrðið »nauðahandsal«. Orðið virðist taka yfir það, sem í því á að felast ekki ver en útlendu heitin, sem nefnd voru að framan.

Hin heitin eru höfð fyrir stuttleika sakir, og virðast munu geta fest rætur sem sjerstök lagaheiti í þessu sambandi.

Um 2. gr.

Kröfulýsingarfrestur 22. gr. skiftalaganna er nú allskostar óþarflega langur (12 mánuðir handa erlendum skuldheimtumönnum, og 6 mánuðir handa innlendum). Ekki er heldur nokkur ástæða til að gera upp á milli innlendra og erlendra skuldheimtumanna nú orðið. Samgöngur við útlönd eru síst stirðari en samgöngur innanlands. Þegar nú tilætlunin er að leiða í lög fyrirmæli um nauðasamninga, þá er afleiðing þess sú, að sem mest getur þurft að hraða búsmeðferð, því að nálega aldrei er fyrirfram vitað, nema henni lykti með nauðasamningum.

En þeir koma því fremur að haldi sem skuldunautur er skemur sviftur búsforráðum. Þess vegna er lagt til, að kröfulýsingarfrestur verði styttur í 4 mánuði, sem síst virðist of skammur tími. Og úr því að þessi frestur telst nægilegur í þrotabúum, þá ætti hann líka að vera það, þegar öðrum búum er skift.

UM II. KAFLA.

Skuldunautur á að fá heimild til að leita nauðasamninga við lánardrottna sína bæði áður og eftir að hann verður gjaldþrota. En reglurnar um hvort þetta geta ekki að öllu farið saman. Þegar aðili er orðinn gjaldþrota, þá hefir skiftarjettur bú hans undir sinni hendi, og skuldunautur hefir þá verið sviftur öllu búsforræði. Skiftarjettur á þegar, og því venjulega áður en hafist er handa um undirbúning nauðasamninga, að gefa út auglýsingu um gjaldþrotaskiftin og innköllun svo nefnda til skuldheimtumanna. Fyrir þessar sakir og ýmsar aðrar geta ekki sömu reglur að öllu gilt um tjeðar tvær tegundir nauðasamninga. Margar geta verið sameiginlegar, og nægir því allvíða í III. kafla að vísa fram fyrir í þenna kafla til þess að sneitt verði hjá endurtekningum.

Um 3. gr.

Æskilegast mun að öllum jafnaði, að samningatilboð komi fram jafnskjótt sem skiftarjettur hefir aflað sjer glöggrar þekkingar á högum búsins. Þá verða ekki heldur gerðar ráðstafanir á búinu, sem í bága kynni að fara við samninga eða gerði það að verkum, að þeir kæmi síður að gagni eða minkuðu óþarflega getu skuldunauts, t. d. óheppileg sala á eignum hans. Skuldheimtumenn eiga auk þess rjett á því, að þeir sjeu ekki að óþörfu dregnir á samningatilboðum og þar með ef til vill seinkað öllum ráðstöfunum á búinu þeim í óhag, af því að látið er í veðri vaka, að samningafrumvarp komi bráðlega. Hinsvegar getur verið óheppilegt að meina skuldunaut alveg að koma með frumvarp, þótt seint sje. Ef til vill hafa honum opnast nýjar leiðir, sem gera honum mögulegt að koma með álitlegt samningatilboð. Og þá er ef til vill öllum óheppilegt, ef öll sund væru lokuð til þess að koma á nauðasamningum. Sbr. S 150. og 152. gr., D. 102. gr. og N. 60. gr.

Um 4. og 5. gr.

Nokkrar ástæður virðast vera til að setja skorður við því, að frumvarp að nauðasamningum komi fram, þegar litlar líkur eru til að aðili geti efnt eða vilji efna skyldur sínar eða framferði hans í atvinnurekstri sínum hefir verið vítavert. Sjerstaklega virðist hjer ástæða, eigi síður en í Danmörku, til að leggja þau viðurlög við vanrækslu á bókhaldi, að aðili eigi ekki rjett á að leita nauðasamninga, ef hann hefir verulega brotið þær skyldur, sem lög leggja honum á herðar að því leyti. Sbr. annars S. 151, 166. gr., N 60. og 70. gr., D 101. gr.

Um 6. gr.

Sbr. S 161. gr., N 63. gr., D 104. gr.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar miða til þess, að allir lánardrottnarnir geti sem fyrst fengið færi á að kynnast frumvarpinu og gera athugasemdir sínar við það, og að skuldunautur geti sem fyrst fengið vitneskju um það, hvort frumvarpið verði talið tækt, og ef svo er ekki, lagfært það.

Um 8. og 9. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 10.—14. gr.

Hjer segir um það, hverir hafa skuli atkvæði um nauðasamninga. Þau fyrirmæli eru aftur að mestu leyti grundvöllur undir ákvæðinu um það, hverja nauðasamningur bindi. Í S eru samsvarandi ákvæði í 158. og 159. gr. í N í 65. gr. og í D í 105.—110. gr. Aðalreglan hlýtur að vera sú, að yfir höfuð hafi lánardrottnarnir atkvæðisrjett, eitt atkvæði hver, og svo skifti það einnig máli, hversu háa kröfu hver hefir. Og þannig eru reglurnar líka annarstaðar í aðalatriðum, þótt munur sje í ýmsum minni háttar atriðum.

10. og 11. gr. virðist ekki þurfa að skýra.

Um 12. gr.

athugast: 1. tölul. er sjálfsagður, því að veðhafar og aðrir, sem hlutbundinn rjett eiga, eru ekki bundnir við nauðasamninga svo langt sem sá rjettur þeirra hrökkur.

Um 2. tölul. gildir sama. Eftir annara landa lögum eru forgangsskuldheimtumenn óbundnir af nauðasamningum, og er ætlast til, að sama regla verði hjer lögtekin.

Um 3. lið. Þótt gjafkrefjendur sje ekki sviftir atkvæðisrjetti um nauðasamninga eftir lögum Norðurlanda, þá virðist það þó eðlilegt, með því að þeir eru settir að baki öllum almennum lánardrottnum, og eru því hjer í raun rjettri flokkur út af fyrir sig í skuldaröðinni, 7. flokkur, sbr. 85. gr. skiftalaganna. Fyrir því er það ekki rjett, að þessir menn geti gert ákvörðun, sem úrslitum ræður um hag almennra skuldheimtumanna hjer fremur en í gjaldþrotabúum. En þar hafa þeir ekki atkvæðisrjett um málefni búsins fyrr en sýnt er, að þeir muni eitthvað fá.

Um 4. lið. Það þykir rjett hjer sem annarstaðar að svifta ýmsa nánustu venslamenn skuldunauts atkvæðisrjetti, með því að hætta þykir vera á því, að þeir hafi hag hans meir fyrir augum en skuldheimtumannanna, svo að útkoman kynni að verða önnur en hún hefði í raun og veru átt að verða, ef þeir hefði atkvæðisrjett.

Um 6. lið. Ef þeir, er fengið hafa framsal að kröfu eftir að gangskör er gerð eða á að gera að nauðasamningum, hefði alment atkvæðisrjett, þá væri hægur heima fyrir einstaka menn að kaupa upp kröfur á hendur gjaldþrota

manni til þess að ráða úrslitum nauðasamninga. Því er slíkum mönnum bægt frá atkvæðisrjetti.

Litlu munar venjulega um vöxtu, en þeim er hjer sleppt af því að það bakar skiftarjetti nokkurt ómak að reikna þá, því að oft yrði hann að gera það tvisvar eða oftar, því að atkvæðagreiðsla getur vel tekið fleiri en einn fund, sbr. 16. gr. frv.

Um 7. tölul. Til grundvallar liggur hjer svipuð hugsun sem í 6 lið. Vinhollir menn skuldunaut gætu með því að afsala sjer veðrjetti eða forgangsrjetti aflað sjer atkvæðisrjettar um nauðasamninga og þar með ráðið úrslitum, einkum ef glöggt stæði. Í lögum Dana og Norðmanna er þessum mönnum þó berum orðum heimilaður atkvæðisrjettur, og hafa þó fræðimenn bent á hættuna af því.

Um 8. lið. Þessir menn fá ef til vill aldrei neinn rjett á hendur búi eða skuldunaut, og því virðist rjettast að láta þá ekki hafa atkvæðisrjett, og svo er með þá farið í lögum Norðmanna.

13. gr. er svipuð að efni og S 2. mgr. 158. gr., og D. 107. og 110. gr. Þó er hjer ekki ætlast til þess, að samningur falli nokkurn tíma fyrir það eitt, að skiftarjettur fái ekki gert sjer grein fyrir lögmæti kröfunnar, eins og í D. Það virðist vera alt of ströng niðurstaða. Skiftarjettur *verður* að gera sjer grein fyrir þessu atriði og annaðhvort neita kröfunni um atkvæðisrjett eða láta atkvæði koma fyrir hana sem aðrar kröfur.

14. gr. á við kröfur, sem skuldunautur hefir ekki mótmælt, en þó ekki viðurkent. Þær þarf skiftarjettur ekki að rannsaka eftir 13. gr. og þær hafa altaf atkvæði, eins og viðurkendar kröfur.

Um 15. og 16. gr.

Eins og fyrr er drepið á, er venja að binda samþykt á frumvarpi að nauðasamningi tveim skilyrðum. Að ákveðinn meiri hluti skuldheimtumanna samþykki frumvarpið, og að þeir fari með ákveðinn meiri hluta af upphæð krafna á hendur búinu — ákveðið kröfumagn, eins og það er kallað í frumvarpinu sumstaðar.

Það er auðvitað álitamál, sem alt af má deila um, hvernig skipa skuli um meiri hluta þann, sem hjer á að nægja. Það eitt mun mega telja einsætt, að setja því strangari skilyrði sem óhagfeldari kjör eru boðin af hálfu skuldunauts. Þeim, sem þykja kröfur frv. of harðar eða of linar, er innan handar að stinga upp á hærri tölum eða lægri. Sbr. S 162. gr., N 67. og 68. gr. og D 108. og 109. gr.

Um 17. gr.

Samsvarandi fyrirmæli eru í N 69. gr. Ákvæðin eru til þess, að skuldheimtumönnum verði ekki gert rangt til, einkum þeim, sem fjarstaddir eru eða hafa greitt atkvæði gegn frv.

Um 18. og 19. gr.

Þessar greinar miða til þess, að fyrirbyggja það, að einstakir skuldheimtumenn beri skarðan hlut eða að öðrum sje ívilnað, og yfir höfuð að samningur verði staðfestur, sem ekki á að fá staðfestingu. Það er nauðsynlegt, að gætur sjeu

hafðar á öllu slíku, og að skiftarjettur bæði veiti þeim, sem óánægðir eru, kost á að láta þá óánægju í ljósi og færa rök fyrir henni, og dæma síðan, hvort andmæli þeirra leiða til synjunar á staðfestingu samningsins. Sbr. D 117. gr.

Vera má, að ekki sje brýn þörf að skylda skiftarjett til að leiðbeina aðiljum, með því að hann á að rannsaka ex officio svo margt eftir 17. gr. En leiðbeiningarskyldan getur þó skift máli, t. d. til að laga galla á frumvarpi, til að gera kröfur o. s. frv. Og það er gott málsaðiljum að vita það, að þeim er rjett að krefja skiftarjett leiðbeininga.

Um 20. gr.

Staðfesting skiftarjettar þarf til þess, að nauðasamningur geti orðið bindandi. Í þessu er ein aðaltryggingin fyrir því, að þeir, sem ekki hafa atkvæðisrjett eða ekki hafa samþykt samninginn eða þeir, sem samþykt hafa hann, en ef til vill á röngum forsendum, beri ekki skarðan hlut frá borði. Skiftarjettur hefir fyrst rannsakað málavöxtu, enda oftast líklega nægilegt, að hann hefir stýrt samningagerð og fylgst með henni frá upphafi, og loks gætir hann þess, að staðfesta ekki samning, ef lögmælt skilyrði eru ekki fyrir hendi. Og auðvitað á skiftarjettur samkvæmt 19. gr. að benda á annmarka á samningnum *áður* en hann er borinn undir lánardrottna til atkvæðagreiðslu.

Ef ekki fæst staðfesting skiftarjettar eða hæstarjettar á frumvarp að nauðasamningi, þá er það fallið úr sögunni að því sinni. Og þeir, sem hafa greitt atkvæði með því, eru ekki einu sinni bundnir við það, því að samþykki þeirra verður að telja veitt með því skilyrði, að samningur fengi staðfestingu.

Svo getur borið við, að það komist ekki upp fyr en eftir að samningur hefir fengið samþykki, að skuldunautur átti alls ekki rjett á að bjóða til nauðasamninga. Og þá er einsætt, að skiftarjettur á að synja staðfestingar, enda hefði hann átt að láta niður falla samningatilraunir, ef það hefði komið fyr í ljós.

Svo mætti að vísu virðast sem staðfesta mætti samning, þótt hann geymdi ákvæði um aðra en samningamenn, úr því að þeir eru ekki bundnir við þau. En það væri þó mjög óviðeigandi, að skylda skiftarjett til að staðfesta samning með sýnilegum lögleysum eða markleysum. Annað mál er það, að afskifti skiftarjettar af samningagerðinni ætti að vera nokkurn veginn full trygging fyrir því, að úr samningi verði tekin þannig löguð ákvæði, enda á skiftarjettur að benda aðiljum á það, er honum þykir ekki mega vera í samningum. Sbr. aths. við 18. og 19. gr.

Þá er samningur gerður á röngum forsendum, er svo er ástatt sem í 3. og 4. lið segir. Líkt er um 5. og 6. lið. Er það skiftarjettar hjer sem annarstaðar, að gæta sjerstaklega hagsmuna þeirra, sem bundnir eru við samning, þótt þeir hafi ekki samþykt hann. Sbr. N 70. og 71. gr., S 168. gr., D 118. gr. og D akk. 25. og 26. gr.

Um 21. gr.

Það verður að vera aðalreglan, að nauðasamningur bindur þá eina, sem rjett hafa til að greiða atkvæði um hann. En undantekningu verður þó að gera um almenna lánardrottna, sem ekki hafa atkvæðisrjett eftir 12. gr., og menn, sem

deilukröfur eiga eftir 13. gr. og skiftarjettur eða eftir atvikum hæstirjettur hefir úrskurðað frá atkvæðisrjetti.

Um 22. gr.

Nauðasamningur veitir lánardrottni, sem hefir dæmda kröfu eða viðurkenda af skuldunaut, það hagræði, að hann hefir fengið aðfarargrundvöll og að kröfunni stoðar ekki að neita, nema áfrýjað verði og hæstirjettur breyti. Kröfur, sem annaðhvort er mótmælt eða að minsta kosti ekki viðurkendar, eru hjer undanteknar. Um þær þarf að fá viðurkenningu skuldunauts og annan aðfarargrundvöll, dóm eða sátt. Sbr. 13. gr.

Um 23. og 24. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra. Sbr. S 169. gr., N 78. gr., D 113. og 120. gr.

Um 25. gr.

Ef gjaldþrotaskifti hefðu verið til lykta leitt með skuldagreiðslu eftir gildandi lögum, þá mundu þessir skuldheimtumenn hafa fengið annaðhvort greiðslu skulda sinna sem aðrir eða fje hefði verið lagt til hliðar handa þeim, sbr. 45. gr. skiftalaganna. En þegar nauðasamningur er gerður, þá má vera, að aðrir lánardrottnar fái sitt þegar að einhverju leyti eða öllu og fengið hafa þeir aðfarahæfan samning á borð við rjettarsátt um kröfur sínar. Hinsvegar eiga deilukröfumenn og eigendur skildagaðra krafna alls eigi að fá betri kosti en aðrir lánardrottnar. Í greininni er reynt að gera kosti þeirra sem líkasta kjörum annara almennra lánardrottna. Sbr. N 73. gr.

Um 26. gr.

Ef skuldunautur getur ekki efnt samninginn og verður alt að einu gjaldþrota, þá mundu þeir lánardrottnar, sem við nauðasamning verða bundnir, sæta misrjetti borið saman við síðari lánardrottna skuldunauts, ef þeir skyldu aðeins fá hundraðshluta greiddan úr þrotabúinu af þeim hluta kröfu sinnar, sem greiða skyldi eftir nauðasamningnum. Ef jöfnuður skal vera fullur, þá eiga þeir að fá úr þrotabúinu greiddan hundraðshluta af hverri kröfu *allri*. Og sama er, ef skuldunautur býður til nauðasamninga af nýju áður en hann hefir efnt þann, er síðast var gerður. Frá skal að sjálfsögðu draga það, er þegar kann að hafa verið greitt. Fyrirmæli í sömu átt er í N 79. gr. og D akk. 32. gr., sem þó fara ekki eins langt, og halda því misrjettinu að nokkru leyti.

Um 27. og 28. gr.

Hjer lýkur gjaldþrotaskiftum með nauðasamningi, og skuldunautur fær umráð eigna sinna. Verður að aflýsa gjaldþrotaskiftum með svipuðum hætti sem þau voru auglýst. Þeim verður auðvitað að borga, sem nauðasamningur bindur ekki, eða gera samninga við þá um greiðstur. Sbr. annars hjer við firmal. 21. gr., 35. gr. samvinnufjelagalaganna og 44. gr. hlutafjelagslaganna.

Um 29. og 30. gr.

Hjer er ráð gert fyrir þeim möguleika, að ýmislegt misferli af hálfu skuldunauts og stundum annara, er mundi hafa valdið synjun á staðfestingu samninga, ef það hefði þá verið kunnugt, komist ekki upp fyr en eftir að samningur hefir hlotið staðfestingu og eftir að liðinn er áfrýjunarfrestur. Samningurinn hefir þá verið gerður á röngum forsendum, og væri því ógildur gagnvart lánardrottnum þeim, sem ekki hafa um annmarkana vitað, eftir almennum samningareglum. Og er það samkvæmt annara landa lögum, að nauðasamningur verði ógildur, eins og ætlast er hjer til, ef svo reynist sem hjer segir. En binda verður þetta við ákveðinn frest, bæði að misferli sannist áður en mjög langt er liðið, og að lánardrottinn reki rjettar síns áður en langur tími er liðinn frá því. Sbr. N 78., D 123. og S 172. gr.

UM III. KAFLA.

Hjer koma ákvæðin um nauðasamninga án þess að bú skuldunauts sje tekið til gjaldþrotameðferðar áður en samningatilraunir hefjast. Eins og sjá má, nægir allvíða að vísa til fyrirmæla II. kafla, en einungis setja sjerreglur að því leyti sem reglurnar mega ekki vera sameiginlegar.

Um 31. gr.

Þessi grein svarar til 3. gr. En hjer þarf skuldunautur að gera miklu meira en þar segir, því að skiftarjettur og skuldheimtumenn hafa átt kost á að kynna sjer fjárhag hans vegna gjaldþrotaskiftanna, sbr. 5. og 6. sbr. við 11. gr. laga nr. 7, 1894. En hjer hefir skiftarjettur ekki, og skuldheimtumenn ekki heldur, átt kost á að kynna sjer hag skuldunauts. Þess vegna verður hann að koma hjer með samsvarandi greinargerð, nema nákvæmari sje, og þegar hann gefur bú sitt upp til gjaldþrotaskifta. Ákvæðin um meðmæli skuldheimtumanna eru til þess sett, að skuldunautur komi síður fram með allskostar óboðlegar uppástungur. Minni ástæða virðist til að gera slík meðmæli að skilyrði, þegar nauðasamninga er leitað eftir að gjaldþrotaskifti eru byrjuð, því að skuldunaut er þá í lófa lagið að hafa spurst fyrir hjá lánardrottnum sínum nægilega mörgum til þess að reyna, að hverju gengið verði, enda hefir skiftarjettur þá hafist handa, hvort sem er vegna gjaldþrotaskiftanna, en hjer hefir hann enn ekkert aðhafst. Sbr. S ack. 1. og 2. gr., N akk. 1. gr. og D akk. 1. gr.

Um 32. gr.

Hjer má vísa til aths. við 4. gr., að því við bættu, að rjett virðist að reisa skorður við því, að skuldunautur geti leitað nauðasamninga hvað ofan í annað. Sbr. S ack. 1. gr., N akk., 23. gr. 5., D akk. 4. gr.|

Um 33. gr.

Ef skuldunautur er gjaldþrota, þá getur skiftarjettur knúð hann til að veita fræðslu um hag sinn, sbr. 5. og 6., sbr. 11. gr. 1. nr. 7, 1894. En hjer hefir skiftarjettur ekki bein þvingunarráð í hendi sjer. Því er ákvæði 2. tölul. sett. Samskonar er um 3. og 4. atriðið að segja. Hjer er hættara við ívilnunum en þegar skuldunautur verður gjaldþrota, því að þá verður hann sviftur forræði á búi sínu jafnskjótt sem skifti hefjast, sbr. 8. gr. laga nr. 7, 1894. Um 1. og 5. tölul. má segja, að þeir sjeu óþarfir, því að sjálfsagt sje, að samningatilraunum hætti, ef svo verður ástatt sem þar segir. En úr því að hin atriðin voru tekin, sem sjálfsagt var að gera, þá virtist rjettara að taka þessi og með. Sbr. D akk. 3. og 4. gr., N akk. 2. gr., S. ack. 7. gr.

Um 34. gr.

Reglan í 2, málsgr. er í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 7, 1894. Sbr. D akk. 5. gr., N akk. 33. gr., sbr. og S ack. 13. gr.

Um 35. gr.

Ef lánardrottnum væri öllum jafnheimilt að ganga að skuldunaut eftir upphaf samningagerðar, þá kæmu samningar að litlum notum. Því á að þurfa svo marga lánardrottna að höfðatölu og svo mikið kröfumagn sem áskilið er til að fella nauðasamning, til þess að gera skuldunaut gjaldþrota eftir að samningatilraunir eru byrjaðar. Og eftir að skuldheimtumenn hafa samþykt frumvarp að nauðasamningi, þá eiga þeir ekki að geta gert skuldunaut gjaldþrota þar til afráðið er um staðfestingu samningsins. Þetta gildir þó ekki um skuldheimtumenn, sem nauðasamningar taka ekki til, nje heldur, þegar skuldheimtumaður brýtur þær reglur um meðferð bús síns skuldheimtumönnum sínum í óhag, sem honum eru löglega settar, sbr. 36. gr. Það getur borið við, að nægur meiri hluti skuldheimtumanna fengist til að gera skuldunaut gjaldþrota á tímabilinu milli samþyktar skuldheimtumanna og staðfestingar skiftarjettar, t. d. af því að nýjar kröfur hefðu komið fram eftir samþyktina. Um aðför í bú skuldunauts er svipað að segja sem um gjaldþrot.

Líða kynni riftingarfrestur eftir 4. kap. laga nr. 7, 1894 ónotaður, svo að riftanleg ráðstöfun eftir þeim lögum yrði óhagganleg vegna þess, að ekki var kostur að gera skuldunaut gjaldþrota. Þess vegna er riftingarfresturinn lengdur, þar sem miða á við upphaf nauðasamninga, ef skuldunautur verður gjaldþrota samkvæmt 2. málsgr., í stað upphafs gjaldþrotaskifta samkvæmt 8. gr. laga nr. 7, 1894. Sbr. D akk. 5. gr., N akk. 33. gr., S akk. 12. og 13. gr.

Um 36. gr.

Með því að bú skuldunauts verður venjulega ekki tekið til gjaldþrotaskifta, þá heldur hann forræði á því, meðan á samningagerð stendur. En rjett virðist vera að takmarka forræði þetta líkt og gert er í N akk. 7. gr. Skiftarjettur eða umboðsmaður hans á því að hafa umsjá með búsmeðferð skuldunauts, jafn-

framt því, sem settar eru sjerstakar takmarkanir um meðferð skuldunauts á eignum sínum. Rjettur þess, er skiftir við skuldunaut, fer sem eftir 14. gr. laga nr. 7, 1894.

Hinsvegar er einsætt, að skuldunautur verður að þola það, að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskifta eftir kröfu skuldheimtumanna hans, ef hann fer ekki svo með eignir sínar, meðan á samningagerð stendur, sem lög mæla. Hver samningsmanna getur heimtað gjaldþrotaskifti, enda þótt krafa hans sje ekki eindöguð. Að öðru fer um hann sem aðra gjaldþrotakrefjendur, nema hann þarf ekki að leiða sönnur að getuleysi skuldunauts. Um það bera samningaboð hans honum vitni.

Um 37. gr.

Þeir einir lánardrottnar, sem skuld eiga að manni áður en hann skilar beiðni um tilraunir til nauðasamninga, koma undir þá samninga, svipað og um gjaldþrotaskifti gildir, sbr. 13. gr. laga nr. 7, 1894. Og eftir upphaf nauðasamningatilrauna má skuldunautur ekki stofna skuldir, nema mjög takmarkað.

Birting samningagerða fer með svipuðum hætti og birting gjaldþrotaskifta eftir 14. gr. laga nr. 7, 1894, að við bættu ákvæðinu um þinglýsingu (innritun) á varnarþingi fasteignar og skips, sbr. 46. gr. laga nr. 19, 1887, um aðför. Áritun á viðskiftabrjef um samningagerð er að vísu nauðsynlegt til að fyrirbyggja það, að grandalaus þriðji maður geti öðlast rjett yfir eða samkvæmt brjefinu. En með því að skiftarjettur tekur ekki búið í vörslur sínar, virðist tæplega hægt að bjóða honum að rita á þau athugasemd. En að því leyti sem skiftaráðanda er það hægt, þá er rjett að hann skrái athugasemd á þessi skjöl.

Önnur fyrirmæli greinarinnar stefna í þá átt, að veita lánardrottnum sem fljótasta og besta fræðslu um samningaboð skuldunauts. Sbr. D akk. 6. gr., N akk. 6. gr. og S. ack. 7. og 8. gr.

Um 38. gr.

Ákvæðið um afturköllun stendur í sambandi við það, að hana þarf hjer að birta, en það merkir ekki, að skuldunautur geti ekki líka afturkallað frumvarp til nauðasamninga samkvæmt II. kafla. En þar þurfti ekki að nefna birtingu á afturköllun vegna þess, að þá hefir ekki farið fram slík birting nauðasamningagerðar sem hjer, því að hún er óþörf, af því að gjaldþrotaskifti hafa verið birt og skuldunautur ef til vill löngu sviftur búráðum. En hjer er aflýsing nauðasamningatilrauna nauðsynleg af því að þær voru áður birtar.

Um 39. gr.

Þarf ekki að skýra, að öðru en því, að skrá sú, er hjer getur, er ekki nefnd í II. kafla af því að skylda skiftarjettar til að sannreyna hag skuldunauts og veita skuldheimtumönnum vitneskju um hann byggist þar á skiftalögunum. En hingað ná þau ekki.

Um 40. gr.

Ef nauðasamningar eru reyndir eftir II. kafla, þá getur skiftarjettur tekið

sjer aðstoð samkvæmt skiftalögunum, sbr. 32. gr. þeirra. En hjer verður sú heimild ekki notuð, og því er ákvæðið sett.

Um 41. gr.

Vera má, að alveg hefði verið rjett að setja sömu fyrirmæli að öllu um nauðasamninga eftir II. kafla sem hjer eru. En þar er gert ráð fyrir, að skiftarjettur hafi nægilegt tangarhald á skuldunaut eftir gjaldþrotalögunum og sje venjulega gagnkunnugur ástandi búsins, og því muni ekki þörf frekari heimildar vegna nauðasamninganna en gjaldþrotalögin og 17. gr. veita. Sbr. D akk. 7. gr., N akk. 14. og 16. gr.

Um 42. gr.

Þetta ákvæði er, með nauðsynlegum orðunarbreytingum, sams efnis sem 20. gr. laga nr. 7, 1894 og D akk. 22. gr.

Um 43. gr.

Um atkvæðisrjett, atkvæðamagn og samþykt nauðasamninga má láta sömu reglur gilda hjer sem eftir II. kafla og vísast því til aths. við 10.—14. gr.

Ákvæði 2. málsgr. er sjálfsagt, en er sett hjer, og ekki í II. kafla, vegna þess að fyrir er til sama regla um þrotabú í 19. gr. laga nr. 7, 1894.

3. málsgr. er í aðalatriðum sama efnis sem 18. gr. laga nr. 7, 1894, og er sett hjer, en ekki í II. kafla af sömu ástæðu sem sagt var um 2. málsgr.

Um 44. gr.

Sbr. aths. við 20. gr.

Um 45. gr.

Sömu reglur eiga hjer við sem í 27. og 28. gr. segir.

Um 46. gr.

Hjer er nauðsynlegt að setja samsvarandi reglu um fresti sem í 3. málsgr. 35. gr., svo að ekki verði spilt rjetti forgangslánardrottna vegna nauðasamninga. Þeim er að vísu rjett að heimta gjaldþrotaskifti, en hætt er við því, að oft yrði þeir fengnir til að draga að ganga að skuldunaut með loforði um vissa greiðslu, þegar byrjaðir væru nauðasamningar, og kynni því stundum að missa forgangsrjett sinn, ef skuldunautur yrði gjaldþrota upp úr samningatilraununum. Annars eiga reglur II. kafla um verkanir nauðasamninga hjer við. Sbr. D akk. 33. gr.

Um 47. gr.

Það virðist sjálfsagt, að láta sömu viðurlög ná til ívilnana og annara vítaverðra athafna hjer eins og ef skuldunautur verður gjaldþrota, einkum vegna þess, hversu takmarkaður aðgangur almennra skuldunauta manns er ákveðinn, þegar hann hefir leitað nauðasamninga, til að láta taka bú hans til gjaldþrotaskifta. Sbr. D akk. 33. gr.

Um 48. gr.

Með þeirri breytingu á orðalagi, sem leiðir af 47. gr., er þessi grein eins og 29. gr.

UM IV. KAFLA.

Það verður ekki hjá því komist, að veita mönnum kost á því, að bera ályktanir skiftarjettar undir æðra dóm. Almenningur mundi að vonum ekki sætta sig við það, að hjer væri, fremur en annarstaðar, fyrirmunað að leita rjettar síns fyrir æðra dómi. Hinsvegar þarf að flýta þessum málum sem mest að unt er, því að venjulega koma nauðasamningar að því meiri notum sem málunum verður fyr lokið. Svo er og litið á annarstaðar. Og því er reynt að hafa málsmeðferð sem einfaldasta og hraðasta. Frestir eru því hafðir mjög skammir, sbr. t. d. D akk. 36. gr., dönsk lög »om Rettens Pleje« 11 apr. 1916, 675 gr. og N akk. 29. gr. Þessi mál fara til hæstarjettar eftir reglunum um »Kære« í Danmörku og í Noregi til »Kæremaalsudvalg« hæstarjettar. Þegar »Kære« er höfð, er engin stefna út gefin og eigi málflutningur með sama hætti sem annars, heldur er aðiljum veittur kostur á að skýra mál sitt skriflega einu sinni, en venjulega ekki oftar. Frestir verða því ekki veittir.

Hjer er samskonar aðferð valin. Hver, sem ekki vill hlíta úrlausnum skiftarjettar, getur snúið sjer til hans með beiðni um það, að skiftarjettur annist um, að málið verði borið undir hæstarjett. Kostnaður af málskoti þessu er ekki teljandi. Sjálfur getur áfrýjandi sent hæstarjetti skýringar á máli sínu beint eða fyrir milligöngu skiftarjettar. Þegar skiftameðferð er á búi og einnig þegar nauðasamninga er leitað án þess að til skiftameðferðar sje komið, eiga svo margir hlut að máli, að frágangssök væri að bjóða skiftarjetti að gera þeim öllum viðvart, ef einhver beiddist áfrýjunar. Skiftarjettur veit ekki einu sinni eða þarf ekki að vita, hvar mennirnir eru niður komnir. Og svo mundu slíkar tilkynningar taka óratíma. Hver verður því, eins og annars, þegar búum er skift, að hafa gætur á því, sem fram fer. Hver verður hjer að vera við áfrýjun búinn, meðan áfrýjunarfrestur er ekki liðinn.

Um einstakar greinar skal þetta athugað:

Um 49. gr.

Vísast til þess, sem hjer hefir verið sagt.

Um 50. gr.

Það ætti að verða aðalreglan, að beiðni um samningatilraunir eftir 3. og 31. gr. verði tekin til greina. Hitt mun væntanlega verða undantekning, að sá ljóður sje á ráði skuldunauts, að honum sje fyrirmunað að fara þessa leið. Það virðist sjaldan miklu spilt, þó að tilraunin sje gerð. Helst mætti segja, að hún kynni að tefja skifti, þegar samninga er leitað eftir að skuldunautur er gjaldþrota orðinn. En reyndin mun áreiðanlega verða sú, að engin veruleg töf verður

af samningatilraununum, þó að þær reynist árangurslausar. Þess vegna þykir rjett að úrskurðir eftir 1. málsgr. sjeu ekki áfrýjanlegir.

Um frestina má deila. Má vera, að sumum þyki þeir of skammir, og er þá hægur nærri að gera tillögu um lengingu þeirra. Sannleikurinn er sá, að rjettarfarsfrestir eru nú margir allskostar óþarflega langir, t. d. 6 mánaða áfrýjunarfrestur í almennum einkamálum.

Um 51. gr.

Regla 1. málsgr. um það, hvenær fyrst megi áfrýja úrskurði og hvaða verkanir áfrýjun hafi, er í samræmi við gildandi reglur um áfrýjun úrskurða skiftarjettar, sbr. 7. gr. laga nr. 7 1894 og 96. gr. skiftalaganna. Auðvitað á skiftarjettur að haga svo meðferð allri, að ekki komi í bága við hagsmuni áfrýjanda framar en óhjákvæmilegt er.

Af 2. málsgr. leiðir, að gjaldþrotaskiftum má ekki lúka eða yfir höfuð taka þau aftur upp, fyr en ráðið er, hvort úrskurður skiftarjettar heldur gildi. Eftirlit það og hömlur þær, sem í 36. gr. segir, halda áfram með sama hætti sem áður.

Um 52. gr.

Vísast til upphafs-athugasemdanna. Ætlast er til, að úrlausnir hæstarjettar í málum þessum verði jafnan nefndar úrskurðir, en ekki dómar. Gera má ráð fyrir því, að atriði þau, sem til hæstarjettar koma, verði ekki margbrotin og því æfðum dómurum auðleyst, enda eru dómendur í hæstarjetti ekki svo störfum hlaðnir, að þeir mundu geta helgað sig alla nokkra daga málum þessum í einu, ef þörf krefði.

UM V. KAFLA.

Hjer er safnað nokkrum fyrirmælum um gjöld til ríkissjóðs fyrir afskifti embættismanna af málum þeim, sem lög þessi taka til. Það er í anda löggjafar vorrar, að nokkuð sje hjer greitt, sbr. aukatekjulögin, en álitamál er, hversu mikið það skuli vera.

Um 53. og 54. gr.

Ef nauðasamningar standa í sambandi við gjaldþrotaskifti, þá hefði að vísu orðið að fara eftir 33. gr. aukatekjulaganna. En í stað þess er sett ákvæði í síðustu málsgr., þar sem ákveðið er, að aldrei verði greitt meira en lægsta gjald eftir 33. gr. aukatekjulaganna.

Ef samningatilraunir koma ekki að notum, og skuldunautur verður gjaldþrota skömmu eftir, virðist full sanngirni, að það, sem greitt hefir verið fyrir nauðasamningatilraunirnar, verði dregið frá skiftagjaldinu, eins og gert er í Danmörku.

Áfrýjun á að vera svo ódýr sem kostur er á. Er stungið upp á 20 kr. greiðslu fyrir fyrirtöku máls og heimilað að gera aðilja sekt, ef ástæður hans

þykja fjarri sanni. Er hvorttveggja gert til að afstýra því, að menn skjóti málum alveg að ófyrirsynju til æðra dóms, því að hjer er sjerstök hætta á því, af því að málskostnaðurinn er ekki aðhald hjer, eins og í einkamálum alment.

Um 55. gr.

Hjer eru sömu ástæður eða svipaðar og þær, er liggja til grundvallar fyrir 97. gr. 1. málsgr. skiftalaganna. Skiftarjettur getur dregið meðferðina hjer á langinn ekki síður bagalega en þegar skiftameðferð stendur yfir. Getur því líka orðið nauðsynlegt hjer að fá öðrum manni málin í hendur en hinum reglulega skiftaráðanda.

Um 56. gr.

Það virðist sanngjarnt að veita skuldunautum, sem orðnir eru gjaldþrota, þegar lögin öðlast gildi, heimild til að leita nauðasamninga, ef þeir fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess, og ekki er frá úthlutunargerð búsins gengið, sbr. 49. gr. skiftalaganna. En þá hefir skiftaráðandi gengið frá úthlutunargerð, ef hún er komin í það far, að henni verður ekki breytt nema af æðra dómi eftir áfrýjun.

20. Frumvarp

til laga um breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907 um kennaraskóla í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Námstími í kennaraskólanum skal vera 7 mánuðir á ári, október — apríl.

2. gr.

Í tölu námsgreina skólans bætist ensk tunga.

3. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi lög nr. 19. frá 9. júlí 1909 um breyting á lögum um stofnun kennaraskóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður:

Námstími kennaraskólans var í upphafi ákveðinn 6 mánuðir á ári, 18 mánuðir alls, og var það miklu skemri tími en við nokkurn kennaraskóla annan á Norðurlöndum, en við þann rjett og þau laun, er kennarar hjer áttu þá við að búa, þótti ekki heimtandi dýrari undirbúningur undir kennarastöðuna.

Jafnskjótt sem hagur kennara var bættur með lögum 28. nóv. 1919, þótti einsætt að auka kröfurnar um mentun þeirra, og samdi mentamálanefndin, er skipuð var þá eftir um veturinn, rækilegar tillögur um breytingar á skólanum. Voru þær allar gerðar með ráði kennaranna og samþykki.

Tillögur þessar hafa eigi verið lagðar fyrir Alþingi af fjárhagsástæðum, og þar sem enn horfir engu vænna en áður um fjárhaginn, þá er með frumvarpi þessu farið til bráðabirgða fram á einar tvær breytingar á tilhögun skólans. Báðar eru þær dregnar af tillögum nefndarinnar og varða miklu um undirbúning kennaraefna, en hafa þann kost, að auka eigi kostnað ríkisins til skólans, svo að neinu nemi. Kennarar skólans telja, að með nokkrum breytingum á reglugerð skólans muni þessi lagabreyting nægja til þess, að dýpka nokkuð þekkingu kennaraefnanna í sumum námsgreinum og gera þau fær um að lesa bækur sjer til gagns bæði á ensku og öllum tungum frændþjóðanna á Norðurlöndum. Það væri að vísu æskilegast, að kennaraefnin ættu kost á að velja um enska tungu eða þýzka, en það mundi eitthvað kosta, og er því ekki farið fram á það að sinni.

(B. I, 1).

Ed. **21. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar: 9. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., 18. gr., 26. gr., 27. gr., 30. gr., 31. gr., 36. gr., 37. gr., 38. gr., 42. gr., 47. gr. og 2. og 3. ákvæði um stundarsakir.

1. gr.

Við 9. gr.: Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til nýr ráðherra verður skipaður.

2. gr.

Við 10. gr.: Í stað: »Ráðherrar bera« komi: Ráðherra ber, og í stað: »þá fyrir embættisrekstur þeirra« komi: ráðherra fyrir embættisrekstur hans.

3. gr.

Við 11. gr.: Í stað: »þeim« komi: honum. Aftan af greíninni falli: »Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim«.

4. gr.

Við 12. gr.: Greinin orðist svo:

Ráðherra eða sá, sem hann felur það, ber lög og mikilvægar ráðstafanir upp fyrir konungi.

5. gr.

Við 13. gr.: Greinin falli burtu.

6. gr.

Við 14. gr.: Greinin falli burtu.

7. gr.

Við 18. gr.: Í stað: »ár hvert« komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur, án samþykkis konungs.

8. gr.

Við 26. gr.: Í stað: »40« komi: 42, og í stað: »26« komi: 28.

9. gr.

Við 27. gr.: Í stað: »4« komi 6. Í stað: »8« komi: 12. Í stað: »fjórða« komi: sjötta.

10. gr.

Við 30. gr.: Síðari málsgreinin falli burtu.

11. gr.

Við 31. gr.: Í stað: »ár hvert« komi: annaðhvert ár.

12. gr.

Við 36. gr.: Upphaf greinarinnar orðist svo: Engan skatt má á leggja eða af taka, nje skatti breyta.

13. gr.

Við 37. gr.: Greinin orðist svo: Ekkert ólögmælt gjald má greiða úr ríkissjóði, nema heimild sje til þess annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum. Greiðslur samkvæmt öðrum heimildum eru ólögmætar.

14. gr.

Við 38. gr.: Í stað: »fjárhagsár« komi: fjárhagstímabil.

15. gr.

Við 42. gr.: Greinin orðist svo: Hæstirjettur sker úr því, hvort alþingismenn sjeu löglega kosnir, og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi sitt.

16. gr.

Við 47. gr.: Greinin orðist svo: Ráðherra á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Hann á rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en verður að gæta þingskapa. — Nú er ráðherra forfallaður, og má hann þá fela öðrum að sækja þingfundi í sinn stað. — Atkvæðisrjett hefir ráðherra eða sá, er í hans stað gengur, því að eins, að hann sje alþingismaður.

17. gr.

Við 2. ákvæði um stundarsakir: Ákvæði þetta orðist svo: Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem kosnir voru 1916, en ekki fóru frá 1922, falla niður árið 1928, en hinna, er kosnir voru 1922, árið 1934.

18. gr.

Við 3. ákvæði um stundarsakir: Ákvæðið fellur burtu.

Greinargerð.

Á síðasta þingi bar fyrri þingmaður Skagfirðinga, Magnús Guðmundsson, fram frumvarp um stjórnarskrárbreyting í neðri deild Alþingis, af ástæðum, sem tilgreindar eru í greinargerð frumvarpsins, sbr. Alþingistíðindi 1923, A, bls. 159—161. Eins og kunnugt er, náði frumvarpið ekki fram að ganga. Nú þykir ástæða vera til að bera málið fram í efri deild, og er þetta frumvarp, sem nú er á ferðinni, í aðalatriðum sama efnis sem umgetið frumvarp frá f. á., enda borið fram af sömu ástæðum, og þykir því mega láta nægja að vísa til greinargerðarinnar við það frumvarp. Einstakar greinar frumvarps þessa ættu ekki að þurfa sjerstakrar skýringar að sinni.

(B. II, 1).

Ed. **22. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson, Ingvar Pálmason, Guðm. Ólafsson, Sigurður Jónsson og Einar Árnason.

1. gr.

Upphaf 11. gr. orðist svo:

Konungur skipar tvo ráðherra og veitir þeim lausn. Hann skiftir störfum með þeim.

2. gr.

Í stað orðanna »einhver ráðherranna« í 13. gr. komi: annar ráðherranna.

3. gr.

Fyrsti málsliður 14. greinar orðist svo:

Nú er konungur ekki staddur hjer á landi, og ber forsætisráðherra þá að jafnaði málin upp fyrir konungi, einnig fyrir hönd hins ráðherrans, ef hann er ekki viðstaddur.

4. gr.

Upphaf 18. greinar orðist svo:

Konungur stefnir saman Alþingi annaðhvert ár.

5. gr.

Í stað orðanna »á ári« í niðurlagi 19. gr. komi: á sama þingi.

6. gr.

Upphaf 26. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir þingmenn.

Í öðrum lið annarar málsgreinar komi 28 í stað »26« og í þriðju málsgrein komi 36 í stað »34«.

7. gr.

Upphaf 31. gr. orðist svo:

Reglulegt Alþingi skal koma saman annaðhvert ár.

8. gr.

Fyrir orðið »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

Greinargerð.

Ein af þeim breytingum til sparnaðar á almannafje, sem vakið hefir nokkurt umtal í blöðunum og á mannfundum hin síðustu ár, er þinghald annaðhvert ár. Að vísu sannar gömul reynsla, að þótt þing sje ekki lögboðið árlega, verður alt af að kalla saman aukaþing af sjerstökum ástæðum við og við. Má því búast við, að svo færi enn. Á hinn bóginn hlytu aukaþing jafnan að verða styttri en fjárlagaþing, og yrði að því verulegur sparnaður, jafnvel þau árin, þegar ekki yrði komist hjá þinghaldi.

En fyrir utan þessa breytingu á stjórnarskránni eru ýmsar aðrar efnisbreytingar, sem komið hafa til orða, svo sem að hafa þingið eina deild, fækka þingmönnum yfirleitt, afnema þá landskjörnu, eða hafa í efri deild eingöngu landskjörna þingmenn o. s. frv. En þjóðin hefir ekki óskað eftir nokkurri slíkri breytingu, heldur að eins því eina atriði, sem hefir verulega fjárhagsþýðingu, nefnilega fækkun þinga, og það er áreiðanlega mjög torvelt að fá samþykki þingsins um aðrar verulegar efnisbreytingar. Þær geta eingöngu spilt fyrir aðalatriðinu, möguleikanum að fækka þingum. Fyrir þessi mistök á framburði málsins náði stjórnarskráin ekki samþykki síðasta þings. Þetta frumvarp gerir að eins ráð fyrir fækkun þinga og að lögfesta það ástand, sem verið hefir síðastliðið ár, að ráðherrar sjeu tveir. Nánar í framsögu.

(C. I, 1).

Ed. **23. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun viðskiftamálanefndar.

Flutningsmenn: Einar Árnason, Guðm. Ólafsson, Ingvar Pálmason, Jónas Jónsson og Sigurður Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga ýmisleg viðskiftamál landsins.

(C. II, 1).

Nd. **24. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun viðskiftamálanefndar.

Flutningsmenn: Tryggvi Þórhallsson, Ásgeir Ásgeirsson, Bernharð Stefánsson, Halldór Stefánsson, Ingólfur Bjarnarson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Þórðarson, Sveinn Ólafsson og Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 7 manna nefnd til þess að íhuga ýmisleg viðskiftamál landsins.

(B. III, 1).

Nd. **25. Frumvarp**

til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Í hinum lærða skóla skulu nemendur fá nauðsynlega undirstöðukunnáttu undir æðra nám og þann þroska, sem þarf til þess að leggja stund á vísindi í háskólum og öðrum æðstu lærdómsstofnunum.

2. gr.

Námi í skólanum skal skift niður á 6 bekki og 6 ár. Læra allir saman í fjórum neðri bekkjunum, en í tveim efstu bekkjunum eru tvær deildir, málfræðideild og stærðfræðideild, er velja skal á milli.

3. gr.

Kenna skal íslensku og sögu íslenskra bókmenta, ensku, þýsku, frakknesku og latneska tungu, sagnfræði, eðlisvísindi (dýrafræði, grasafræði, steinafræði og kristallafræði, stjörnufræði og efnafræði), stærðfræði, teiknun, söng, leikfimi og glímur. Auk þess skal gefa nemendum kost á að nema handíðir. Íslensk tunga og latnesk skulu vera höfuðnámsgreinar í 4 neðri bekkjunum og í málfræðideild, en stærðfræði er höfuðnámsgrein í stærðfræðideild.

4. gr.

Viðtöku í skólann fá engir, sem eru yngri en 12 ára, engir, sem haldnir eru af næmum sjúkdómum eða öðrum kvillum, sem eru hættulegir öðrum, engir, nema óspilt mannorð hafi, og engir, nema þeir sýni kunnáttuvottorð frá kennara eða skóla.

Hver sá, er vill fá viðtöku í 1. bekk, verður að standast kunnátturaun í íslenskri tungu og íslenskum stíl og helstu málfræðiatriðum, í latneskri tungu og latneskum stíl og meginatriðum latneskrar málfræði, í reikningi og sögu Íslands og sýna, að hann skilji sæmilega sænsku eða ríkisnorsku eða dönsku. Skrifa skal hann og læsilega.

Nú vill maður fá viðtöku í einhvern annan bekk en 1. bekk, og skal hann þá standast sömu reynd sem væntanlegir bekkjunautar hans.

5. gr.

Í skólanum eru tvær kunnáttureyndir á hverju ári, ársreynd í hverjum bekk og fullnemareynd (stúdentspróf).

Við allar lögskipaðar kunnáttureyndir í skólanum skulu vera þrír

kunnáttudómarar í hverri námsgrein: kennari í þeirri námsgrein, sem reynt er í, og einhver annar kennari skólans og þriðji maður, skipaður af kenslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Kunnáttu skal meta eftir einkunnastiga Örsteds, með sama hætti sem tíðkaður var í lærða skólanum áður, meðan metið var eftir þessum einkunnastiga. Einkunnir skulu vera sem þá var: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn, önnur einkunn og þriðja einkunn, reiknaðar í stigatali með sama hætti sem þá.

Við ársreynd og fullreynd eru gefnar einkunnir í öllum námsgreinum, að undanskildum söng, leikfimi og handíðum.

7. gr.

Skólastjóri ákveður stundafjölda og skifting kenslunnar með ráði kennarafundar. Skal þó íslensku og latnesku ætlaður hálfu meiri tími en öðrum málum, og stiltímar að auki, svo og stærðfræðinni í stærðfræðideildinni. Hálfu meiri tíma skal og verja til leikfimi og íþrótta en verið hefir.

8. gr.

Skólaárið skal telja frá 1. október, og eru þessi leyfi lögboðin:

Sumarleyfi 1. júlí til 30. september.
Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.
Öskudagurinn.
Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.
Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu.
Sumardagurinn fyrsti.
Afmælisdagur konungs og 17. júní.
Mánaðarleyfi, einn dagur í hverjum mánuði.

Öðrum leyfum ræður skólastjóri.

9. gr.

Kensluna annast kennarar, sem fullnægja skilyrðum þessara laga. Þeir skulu vera svo margir, að engi þeirra þurfi að kenna meira en 24 stundir á viku, en skólastjóri 14. Skulu þeir vera skipaðir embættismenn. Stundakennara má taka í viðlögum og um skamman tíma.

10. gr.

Krefjast skal af kennurum, er skipaðir vilja verða, að þeir hafi staðist kunnátturaun í kenslugreinum sínum í einhverjum háskóla, er kenslumálaráðuneytið telur fullgildan, eða sýni með öðrum hætti, að þeir sjeu starfanum vaxnir, að þeir sjeu eigi haldnir af næmum sjúkdómum, og að þeir hafi með eins árs reynslu sýnt, að þeir hafi þá skapshöfn, sem kennurum er nauðsynleg.

11. gr.

Skólastjóri skal ráða lækni handa skólanum með samþykki kenslumálaráðherra. Skólalæknir skal skoða alla nemendur að haustinu og gæta þess, að enginn sje í skólanum haldinn þeim sjúkdómum, sem hætt er við, að hann beri á skólasystkini sín, og skoðunargerð skal hann hafa á miðjum vetri og auk þess hvert sinn, er hann telur þörf á.

12. gr.

Laun skólastjóra og kennara eru ákveðin í launalögum, lækni skal borga eftir samningi.

13. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum kenslumálaráðuneytisins, er gerir allar meiri háttar ráðstafanir áhrærandi skólann eftir tillögum skólastjóra og kennarafundar. Að öðru leyti stjórnar skólastjóri skólanum í samráði við kennarana, er hann kveður til fundar þá honum þurfa þykir.

14. gr.

Skólastjóri semur skólafyrirsögn með ráði kennarafundar og samþykki kenslumálaráðuneytisins. Í skólafyrirsögn eru fyrirmæli um:

kenslu í skólanum,
kunnátturaunir og flutning milli bekkja,
viðtökuraun,
kenslutíma,
framferði og aga,
skyldur skólastjóra og kennara,
afskifti yfirstjórnar skólans.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda í viðtöku nýsveina í 1. bekk 1924 og færast með þeim bekkjarsveinum smámsaman yfir allan skólann jafnóðum sem þeir útskrifast, sem nú eru í skólanum, síðastir þeir, er flytjast upp í annan bekk á vori komanda.

Greinargerð.

Sú umbót á skólanum, sem hjer er farið fram á, má eigi dragast, og verður því þetta þing að minsta kosti að koma fram þeirri höfuðbreytingu, að hann verði samfeldur sex ára lærður skóli. Á það legg jeg höfuðáhersluna, því að samband hans við gagnfræðaskólana er mjög svo skaðlegt. Hin önnur atriði hefi jeg sett svo sem mjer þykir vera eiga, en þótt eigi gengi fram óbreytt, þætti mjer vel fara, ef höfuðatriðið næst. Jeg hefi samið þetta frumvarp með hliðsjón af frumvarpi milliþinganefndarinnar, en hefi þó gert smábreytingar á því.

(B. IV, 1).

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Fyrri málsgrein 23. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal vera sem hjer segir:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skulu þær hefjast sama dag um land alt, hinn fyrsta dag vetrar. Skulu þær standa yfir fullar tólf stundir í bæjum, en fulla þrjá sólarhringa í sveitum.

2. gr.

27. gr. laganna skal vera svo:

Einni stundu fyrir hádegi skal kjörfundur hafinn, og skulu þá kjörstjórar allir vera komnir á kjörstað. Nú eru nokkrir þeirra ókomnir, og kveðja þá hinir kjörstjórarnir mann eða menn úr flokki kjósenda til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti, þótt hinir komi síðar.

3. gr.

38. gr. laganna skal hljóða svo:

Atkvæðagreiðslu má eigi slíta í bæjum fyr en tólf stundir eru liðnar frá upphafi hennar, og eigi í sveitum fyr en þrír sólarhringar eru liðnir frá því er hún hófst, nema allir kjósendur hafi neytt atkvæðisrjettar, þeir sem á kjörskrá eru.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgrein 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, að þeir geti farið ferða sinna, og aldrei síðar en að kveldi þess dags er þeir komu til kjörstaðar.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa fengið staðfesting konungs, skal færa breytingar þessar inn í lög nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, og gefur konungur þau síðan út í samfeldri heild.

Greinargerð.

Rjettlátur löggjafi veitir eigi mönnum dýrustu rjettindi þeirra með þeim hætti, að þeir eigi engan kost á að neyta þeirra. En svo eru þó lög vor nú. Fyrir því er þessi breyting nú borin fram, í samræmi við ósk, vilja og þörf allra kjósenda í landinu.

Frumvarp þetta flutti jeg áður á Alþingi 1921 og á Alþingi 1923, og fylgdi því þá samhljóða greinargerð.

(B. V, 1).

Nd. **27. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, mega halda þeim alla æfi. Sama er og um þá erlenda menn, sem til landsins flytjast.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Risi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Hver maður skal heita einu nafni og jafnan rita fult nafn og föðurnafn með sama hætti alla æfi.

6. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

7. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til unglingaskólahalds í sýslum landsins.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var samþykt svo við 3. umr. í Nd. í fyrra. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi upphaflega frumvarpinu (þskj. 107, 1923), svo og framsöguræðunnar í málinu (Alþt. 1923, C, bls. 591).

(B. VI, 1).

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um sameining prófessorsembættis í guðfræði við Háskóla Íslands við biskupsembættið.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Annað prófessorsembættið í guðfræði við Háskóla Íslands skal sameinast biskupsembættinu. Biskup skal njóta sömu rjettinda sem prófessorar við Háskólann.

2. gr.

Losni biskupsembættið fyr en prófessorsembætti í guðfræði við Háskóla Íslands, skal biskupsembættið veitt með því skilyrði, að biskup taki að sjer það embætti, þá er það losnar, án frekari embættislauna en biskupsembættinu fylgja.

3. gr.

Losni prófessorsembætti í guðfræði við Háskóla Íslands á undan biskupsembættinu, skal stjórnarráðið fara þess á leit við biskup, að hann taki við því embætti samhliða biskupsembættinu og semur við hann um það. Geti samningar ekki tekist, skal setja mann í embættið eða ráðstafa því á þann hátt, sem hentugast þykir, uns biskupsembættið verður veitt.

Greinargerð.

Hin mikla þörf að spara starfsmanna- og embættismannahald ríkisins er aðalástæðan fyrir frv. þessu.

Þá er frv. kæmi til framkvæmdar, myndu sparast ein laun prófessors við Háskóla Íslands.

Önnur ástæða fyrir framkomu frv. er sú, að það virðist mjög eðlilegt og ætti að geta orðið mjög affarasælt, að sem nánast samband og kynning sje milli biskups og hinna væntanlegu presta. Hefir þetta atriði verið rækilega rökstutt fyr á Alþingi, við flutning frv., er fór í sömu átt. (Sbr. Alþt. 1903, C. 326)

Þótt nú sje komið í lög, að biskup skuli kosinn af prestum og kennurum við guðfræðideildina, ætti jöfn trygging að vera fyrir því sem áður, að í biskupsembættið verði skipaður einhver helsti mætismaður landsins úr hópi guðfræðinga. Ætti að mega vænta hins besta um starf þess manns við fræðslu prestaefnanna.

Undanfarið munu prófessorarnir í guðfræði við Háskólann hafa kent að jafnaði eina kenslustund á dag þá mánuði ársins, sem kensla fer fram. Þar sem biskupsembættið hins vegar getur ekki talist mjög umsvifamikið embætti, eins og það nú er orðið, mun það alls ekki geta talist ofætlun einum manni að gegna því samhliða kenslu við Háskólann, eins og gert er ráð fyrir í frv. þessu. Enda mætti haga því svo, að biskup hefði að einhverju leyti minni kenslu en aðrir kennarar guðfræðideildarinnar.

Að engu leyti færi þessi skipun í bága við vísitasíuferðir biskups um landið. Þær hafa jafnan undanfarið verið framkvæmdar að sumrinu.

(B. VII, 1).

Ed. **29. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Þessar breytingar skal gera á eftirtöldum greinum laga nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett: 4. gr., 5. gr., 6. gr., 9. gr., 45. gr., 53. gr., 54. gr. og 56. gr.

1. gr.

Við 4. gr.: Greinin orðist svo: Hæstarjett skipa 3 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sjer forseta úr sínum hópi, til ekki skemri tima en eins árs í senn.

2. gr.

Við 5. gr.: Í stað »5« komi: 3. — 2. málsgrein falli niður.

3. gr.

Við 6. gr.: Í stað orðanna: »dómari (bæjarfógeti) . . . landsins« komi: hjeraðsdómari.

4. gr.

Við 9. gr.: Í stað: »Konungur« komi: Rjetturinn. — Orðin: »með 1. einkunn« falli burt. — Við greinina bætist: Hæstarjettarritari nýtur þeirrar þóknunar, er ákveðin er í fjárlögunum.

5. gr.

Við 45. gr.: Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú gerir einhver dómaranna ágreiningsatkvæði, og á hann þá heimting á því, að það verði birt í dómasafni rjettarins ásamt dóminum.

6. gr.

Við 53. gr.: Greinin falli burt.

7. gr.

Við 54. gr.: Greinin falli burt.

8. gr.

Við 56. gr.: 2. málsgrein orðist svo: Hæstarjettardómarar eiga sæti í landsdómi.

9. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, er sæti fasts dómara losnar næst í hæstarjetti.

10. gr.

Breytingar þær, er gerðar eru með 1. til 8. gr. laga þessara, skal færa inn í texta laga nr. 22 frá 1919, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi. Kemur þá alstaðar í lögunum í stað orðsins: »dómstjóri« orðið: forseti.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram borið í sparnaðar skyni. Að vísu væri æskilegt, að ekki þyrfti að fækka dómendunum í rjettinum. En með því að hagur ríkissjóðs er mjög örðugur, og verður eflaust um nokkurt árabil, þá þykir forsvaranlegt að leggja það til, að hæstarjett skipi aðeins 3 dómarar, í stað 5. Þrír dómarar voru í landsyfirdóminum, sem í framkvæmd var — undantekningarlítið — hæstirjettur landsins í meira en 100 ár, og þótti við mega hlíta. Hitt sýnist ekki athugavert, að fella niður hæstarjettarritara-*embættið*, en fela rjettinum sjálfum að ráða sjer ritara. Ritarastarfið er ekki svo umfangsmikið, að talist geti aðalstarf, og ætti það að vera fullborgað með 2400—3000 krónum á ári. Verði samþykt tillagan um, að dómarar velji sjer sjálfir forseta, sýnist sjálfgefið, að dómararnir sjeu allir jafnt launaðir, og verður þá að breyta launalögunum (10. gr. l. nr. 71, 1919).

(B. VIII. 1).

Nd. **30. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Flutningsm.: Jón Kjartansson, Pjetur Ottesen og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eftir reikningi, þó ekki fram yfir upphæð þá, er hjer segir:

1.	Úr Suður-Múlasýslu	kr. 250.00
2.	— Norður-Múlasýslu	— 300.00
3.	— Seyðisfirði	— 175.00
4.	— Norður-Þingeyjarsýslu	— 275.00
5.	— Suður-Þingeyjarsýslu	— 275.00
6.	— Eyjafjarðarsýslu	— 225.00
7.	— Akureyri	— 125.00
8.	— Skagafjarðarsýslu	— 180.00
9.	— Húnavatnssýslu	— 180.00
10.	— Strandasýslu	— 200.00
11.	— Norður-Ísafjarðarsýslu	— 150.00

12. Úr Ísafirði	kr.	80.00
13. — Vestur-Ísafjarðarsýslu	—	100.00
14. — Barðastrandarsýslu	—	150.00
15. — Snæfellsnessýslu	—	100.00
16. — Dalasýslu	—	100.00
17. — Mýrasýslu	—	75.00
18. — Borgarfjarðarsýslu	—	50.00
19. — Gullbringu- og Kjósarsýslu	—	40.00
20. — Arnessýslu	—	125.00
21. — Rangárvallasýslu	—	180.00
22. — Vestur-Skaftafellssýslu	—	400.00
23. — Austur-Skaftafellssýslu	—	350.00
24. — Vestmannaeyjum	—	50.00

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem yfirfer og úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1925, og eru frá sama tíma úr gildi numin lög nr. 36, 26. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna.

Ástæður.

Með frv. þessu er ætlast til, að dýrtíðaruppbót á dagpeningum þingmanna falli niður. Dýrtíðaruppbót á þingfararkaupi alþingismanna hefir numið 2 síðustu árin: 1922 kr. 38273,04 og 1923 kr. 29260,80, svo að þessi breyting hefði talsverðan sparnað í för með sjer.

Önnur breyting, er frv. þetta gerir frá gildandi lögum, er að fastsetja ferðakostnað þingmanna, eins og var áður, samkv. l. nr. 10, 22. nóv. 1912. — Breyting, sem gerð var á þessu með lögum nr. 36, 26. nóv. 1919, virðist ekki hafa verið heppileg. Ferðakostnaðarreikningar þingmanna virðast hafa verið allmjög af handahófi og stundum óhæfilega háir. Er hjer ætlast til, að sett verði hámark ferðakostnaðar úr hverju kjördæmi, sem endurgreitt verði úr ríkissjóði. Mun það kenna þingmönnum sparnað á fje ríkissjóðs, en þess mun síst vanþörf eins og hag ríkissjóðs nú er komið.

Ferðakostnaður alþingismanna 2 síðustu ár hefir numið: 1922 kr. 6333,34 og 1923 kr. 6238,01, en mundi með þessu fyrirkomulagi nema kr. 4375,00 úr þeim kjördæmum, sem síðastl. ár tóku ferðakostnað, enda þótt allir næðu hámarki áætlunar, en margir verða að sjálfsögðu þar fyrir neðan, svo sparnaðurinn verður meiri.

(B. IX, 1).

Nd. **31. Frumvarp**

til laga um undanþágu frá lögum nr. 33, 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi.

Flutningsmaður: Agúst Flygenring.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að leyfa einstökum erlendum manni eða fjelagi að gera út til fiskveiða frá Hafnarfirði alt að 6 erlend botnvörpuskip, er stundi þorskveiðar utan landhelgi með íslenskri skipshöfn, og til að leggja aflann á land og láta verka hann þar.

Framkvæmdarstjóri fyrirtækisins skal vera hjer búsettur maður og fyrirtækið hafa varnarþing í Hafnarfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður.

Árið 1910 settist að í Hafnarfirði skotskt verslunarfjelag, er nefndist Bookless Bros. Fjelag þetta rak stóra fiskverslun (og fiskiskipaútgerð flest árin) til ársloka 1922. Á þessu tímabili bygði fjelagið upp stóra og kostbæra fiskverkunarstöð og veitti mjög mikla atvinnu í Hafnarfirði. En síðustu árin tapaði fjelagið svo mjög á fiskversluninni, að það varð gjaldþrota. Landsbankinn hafði stöðina að veði fyrir hárri skuldaruppbæð og ljet leggja sjer hana út til eignar, en síðan hefir hún staðið auð og ónotuð.

Nú komu hjer í vetur þrír ítalskir menn, er voru fúsir til að kaupa þessa stöð af Landsbankanum, ef þeir fengju heimild til að gera hjer út alt að 6 botnvörpuskip til þorskveiða og að verka fiskinn í stöðinni. Landsbankinn sótti þá um til ríkisstjórnarinnar að mega selja þessum mönnum stöðina, og var það leyfi veitt. Enn fremur sóttu Ítalirnir um leyfi til að gera út frá Hafnarfirði 6 botnvörpuskip, til þess að notfæra sjer eignina, en þá undanþágu sá ríkisstjórnin sjer ekki fært að veita.

Þar sem nú stórkaupmaður H. D. Bookless — en hann var einn eigandi þessa verslunarrekstrar hin síðari ár — hafði verið stærsti atvinnuveitandinn í Hafnarfirði um nokkur ár, þá misti fjöldi manna atvinnu við gjaldþrot hans. Má því segja, að dragi til mestu vandræða fyrir þennan kaupstað, ef ekki er hægt, og það bráðlega, að bæta úr atvinnuþörfinni með verulegum atvinnurekstri í líkingu við það, er áður var.

Farið hefir verið fram á það við báða bankana að leggja fram fje, þó eigi væri nema fyrir einu botnvörpuskipi, eða jafnvel að eins hálfu, til þess þar með að auka atvinnu verkafólks og sjómanna í Hafnarfirði, en bankarnir hafa ekki sjeð sjer það fært.

Á meðan svo stendur, og það getur orðið um mörg ár, virðist ekki vera hægt að komast hjá því að nota erlent fjármagn til styrktar — ef ekki á að setja alt í auðn — og þess vegna er ekki ástæðulaust, að frv. þetta er fram komið.

(B. X, 1).

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

Á eftir 6. flokki í 1. grein vörutollslaganna komi nýr flokkur, er verður 7. flokkur, svo hljóðandi:

a. Af allskonar kjöti og kjötmeti, smjöri og fiski, nýjum og niðursoðnum, 5 kr. af hverjum 10 kg.
b. Af osti og eggjum 2 kr. af hverjum 10 kg.
c. Af niðursoðinni mjólk 1,40 kr. af hverjum 10 kg.
d. Af heyi 6 kr. af hverjum 100 kg.

Úr 7. flokki greinarinnar, sem verður 8. flokkur, fellur niður orðið »hey«.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi um þetta efni, er við fluttum á síðasta þingi, en dagaði uppi í efri deild. Samkvæmt skýrslu hagstofunnar fyrir árið 1921 nam innflutningur á ofangreindum vörutegundum tæplega 1400 þús. krónum. Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpi okkar í fyrra, sjá Alþt. 1923, A. bls. 168.

(B. XI, 1).

Nd. **33. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

Lög nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi, eru úr gildi numin.

Astæður.

Frumvarp þetta er borið fram eftir áskorun alls þorra þeirra manna, er laxveiði eiga í Hvítá og ám, er í hana falla. Breyting sú, er gerð var á laxveiðilögunum á síðasta þingi, hefir orðið laxveiðinni eystra til spillis, og þó meiri hætta á, að það verði framvegis að enn meira tjóni en orðið er, fái þessi lög að standa. Fyrir því má ekki dragast að nema þau úr gildi. Að vísu eru laxveiðilögin frá 1886 að ýmsu leyti úrelt og ófullkomin, en endurskoðun þeirra hlýtur að taka talsverðan tíma, og óvarlegt að fresta afnámi þessara laga þangað til þeirri endurskoðun er lokið.

Frekari grein verður gerð fyrir þessu í framsögu málsins.

(B. XII, 1).

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Lög nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn, eru úr gildi numin.

2. gr.

Alþingi ákveður í fjárlögum framlög til utanríkismála og skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1925.

Greinargerð.

Mál það, sem frv. þetta fjallar um, er svo margrætt, að óþarfi er að löng greinargerð fylgi. Ástæðurnar fyrir afnámi hins dýra sendiherraembættis eru margteknar fram bæði innan þings og utan.

(B. XIII, 1).

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um afnám kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson, Bernh. Stefánsson og Ing. Bjarnarson.

1. gr.

Kennaraembættið í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands skal lagt niður.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 35, 26. okt. 1917.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er sparnaðarnefndin flutti á Alþingi 1922 (þingskjal 61), en það var þá felt.

Ástæður þessa frv. eru hinar sömu og þá lágu til framkomu frv.: Hin mikla þörf ríkissjóðs að spara kostnað við embættismannahald.

Embætti þetta getur ekki talist svo nauðsynlegt, að rjett sje að kosta það áfram, þá er jafnalvarlega þrengist um fjárhag ríkissjóðs eins og nú.

(B. XIV, 1).

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Flutningsmenn: Tryggvi Þórhallsson, Jörundur Brynjólfsson og Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Kennarastóll í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands skal afnuminn

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er sparnaðarnefnd flutti á Alþingi 1922 (þingskjal 57), en því var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Ástæður þessa frumvarps eru hinar sömu og þá lágu til framkomu frumvarpsins: hin mikla þörf ríkissjóðs að spara kostnað við embættismannahald.

Embætti þetta getur ekki talist svo nauðsynlegt, að rjett sje að kosta það áfram, þá er verulega þrengist um fjárhag ríkissjóðs eins og nú. Griskukenslu fyrir nemendur í guðfræði gætu kennarar guðfræðideildarinnar annast, enda eru þeir ekki ofhlaðnir störfum, þar sem þeir að jafnaði hafa ekki nema eina kenslustund á dag þá mánuði ársins sem kent er.

(A. XXI, 1).

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

9. gr. 1. málsgrein hljóði svo:

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem í 3. gr. segir, telst eigi að eins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelagsmönnum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða svo á, að skattskyldar tekjur vátryggingarfjelaga, sem starfa hjer á landi, skuli talinn sá hluti heildarágóðans, er svarar til hlutfallsins milli allra iðgjaldatekna fjelagsins hjer á landi og allra iðgjaldatekna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur og sett fyrirmæli um heimild vátryggingarfjelaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátrygðum.

Loks getur ráðherra sett ákvæði um það, hvenær fjelög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa fengið konungs staðfestingu.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Samkvæmt síðustu málsgr. 3. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu fjelög, sem talað er um í 3. gr., þar á meðal erlend vátryggingarfjelög, greiða skatt af tekjum *öllum*, sem þau hafa af starfsemi sinni hjer á landi. Og samkvæmt þessu hefir hingað til verið lagður skattur á vátryggingarfjelög eftir tekjum þeirra af starfsemi þeirra *hjer á landi*, og án tillits til þess, hvernig starfsemi þeirra *yfir höfuð* hefir gengið. Hefir komið fram óánægja hjá fjelögum þessum vegna þessarar skattálagningar, sem hefir verið óhjákvæmileg vegna tjeðra fyrirmæla 3. gr. skattalaganna. Með brjefi 4. okt. 1922 fóru fulltrúar vátryggjendafjelaga í Khöfn fram á það meðal annars, að íslensku skattalögunum yrði breytt í þá átt, sem hjer er stungið upp á. Sendi ráðuneytið brjef þetta með brjefi 25. okt. 1922 skattastjóra Reykjavíkur til umsagnar, og svaraði hann með brjefi 3. nóv. 1922, og fjelst á tilmæli þeirra, Til þessa hafði þó ekkert tillit verið tekið af þáverandi fjármálaráðherra í sambandi við endurskoðun skattalaga nr. 74, 1921, er fram fór fyrir Alþingi 1923. Vátryggingarfjelögin tóku sumarið 1923 málið upp á ný og árangur af því varð sá, að ráðuneytið tók málið aftur til athugunar og tjáði sig, með brjefi 26. júlí 1923, sammála tillögum skattstjóra í brjefi hans 3. nóv. 1922. Þess vegna hefir ráðuneytið nú afráðið að leggja frumvarp þetta fyrir Alþingi.

Aðalbreytingin er sú, að nú skal skattur teljast eftir hlutfallinu milli brutto iðgjaldatekna af starfseminni hjer á landi og brutto iðgjaldatekna af *allri* starfsemi fjelagsins. Ef skattskyldar nettotekjur af starfsemi hjer eru t. d. 5000 kr. nú, þá telst nú skattur af þeirri upphæð. En eftir reglu frv. fer þetta ekki eftir þeirri upphæð, heldur eftir hlutfallinu milli brutto iðgjaldatekna hjer og *allra* iðgjaldateknanna. Ef fjelag hefir t. d. 1925 alls brutto

iðgjaldstekjur	kr.	1000000,00
og af starfsemi á Íslandi	—	100000,00
og heildarágóði skattskyldur.....	—	200000,00

þá ætti fjelagið hjer að svara skatti af kr. 20000,00 og verður það þannig fundið:

$$\frac{200000}{x} = \frac{1000000}{100000}$$

$$x = \frac{200000 \cdot 100000}{1000000} = 20000 .$$

Þessi álagningarregla er nú tíðkuð sumstaðar erlendis, og þykir hentug. Þótt tap verði á einum stað, þá svarar fjelag þar skatti, ef ágóði verður í heild sinni. Ríkissjóður mun að líkindum ekki tapa á þessari aðferð. Líklegt, að út-

koman verði svipuð, þegar til lengdar lætur. En um þetta verður þó ekki fullyrt neitt áreiðanlegt. Skilyrði er auðvitað, að fjelögin telji fram og sendi reikninga sína, því að ella verður að áætla þeim skatt.

Fyrirsvarsmenn fjelaga þessara hafa og farið fram á, að frestur til framtals verði lengdur fyrir þau til júlíloka, því að fyrr geti þau ekki haft reikninga sína til, og því er stungið upp á heimild handa ráðherra til að setja ákvæði um þann frest. Og til þess að girða fyrir vafa um heimild ráðherra til að setja reglur um frádrátt vegna »Skades og Præmiereserve« svonefnds, er loks sett ákvæði í frumvarpið.

(A. XXII, 1).

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta alla tolla samkvæmt tolllögum nr. 41, 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslu skipa samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna með gengisviðauka að upphæð 25%, þannig að hver toll- eða gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir og stærra brot úr tolleiningu sem heill eyrir, en minna broti er slept.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefir reynslan sýnt það, að ríkissjóði hafa ekki verið ætlaðar nægilegar tekjur til að standast hin raunverulegu útgjöld ríkisins. Þannig hefir verið mikill tekjuhalli öll árin 1920—23, sem nemur að vísu um 4 miljónum króna. Þennan gífurlega tekjuhalla hefir svo orðið að jafna með árlegum lántökum, en það er ljóst, að þetta getur ekki gengið til lengdar. Bæði er það, að að því hlýtur að reka, að ríkissjóður fær ekki frekari lán, og hins vegar er það ófært að leggja þyngri lánabyrðar á eftirkomendurna en orðið er. Er þá fyrst sá vegur fyrir hendi, sem sjálfsagt er að fara, sem sje sá að forðast að leggja ný útgjöld á ríkissjóðinn og spara sem mest má verða öll gjöld, er hjá verður komist, en þessi vegur er, því miður nú sem komið er, eigi einhlítur.

Þess vegna verður eigi komist hjá því að afla ríkissjóði meiri tekna, og þessi leið er því óhjákvæmilegri, sem ýmsar tekjur ríkissjóðsins hafa í raun og veru rýrnað tilfinnanlega frá því, sem upphaflega var til ætlast. Það er sem sje ljóst, að þegar skattar og gjöld eru miðuð við fasta upphæð í íslenskum krónum, þá lækkar hið raunverulega gildi þeirra í beinu hlutfalli við verðfall krónunnar.

Þetta mundi nú að vísu eigi baka ríkissjóði fjárhagslegan hnekki, ef útgjöld ríkisins mætti greiða í íslenskum krónum með föstum upphæðum í krónutali, en þessu er ekki svo varið. Útgjöld ríkisins hækka þvert á móti á allflestum sviðum, þegar krónan fellur í verði, sumpart beinlínis, svo sem á sjer stað um afborganir og vexti af erlendum lánum, sumpart óbeinlínis við það, að allur fjöldinn af innanlands gjöldum ríkissjóðs hækkar vegna hækkandi vöruverðs, sem aftur er bein afleiðing af verðfalli krónunnar, t. d. dýrtíðaruppbót eða dýrtíðarhækkun á launum embættismanna, starfsmanna og verkamanna, aukinn rekstrarkostnaður opinberra stofnana og fyrirtækja, dýrara efni, áhöld o. s. frv. Nemur þetta beina og óbeina tap stórmiklum upphæðum, og þarf ekki annað en að vísa til fjárlagafrumvarpa stjórnarinnar á undanförnum árum í þessu efni.

Að svo miklu leyti sem tekjur ríkisins eru innheimtar sem hundraðsgjald af tekjum og eignum, svo sem tekjuskattur, eignarskattur og ýms stimpilgjöld, eða eru álagðar sem verðtollur, má segja að tekjur ríkisins hækki að sama skapi og kaup og vöruverð hækkar, hækki að sama skapi sem krónan fellur, en aftur er öðru máli að gegna um þá skatta og gjöld, sem ákveðin eru eftir þyngd eða mæli án tillits til vöruverðs eða verðlags, t. d. kaffi og sykurtollur, vörutollur o. s. frv.

Í þeim löndum, þar sem gjaldeyrir landsins hefir fallið í verði og útlendur gjaldeyrir hefir stigið að sama skapi, hefir þetta ástand leitt til þess, að annaðhvort hefir þurft að hækka skattana sem svarar til verðfalls hins innlenda gjaldeyris, eða innheimta skattana með hinum gömlu upphæðum, reiknuðum eftir gullverði. Þannig hefir t. d. Noregur á undanförnum árum hvað eftir annað hækkað tollana í hlutfalli við verðfall norsku krónunnar, og á síðastliðnu ári hefir ríkið stigið sporið að fullu, með því að veita ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta tollana eftir gullverði, þ. e. hinir hækkuðu tollar eru innheimtir með gengisviðbót (Valutatillæg), og er þessi gengisviðbót í desbr. síðastl. 79%, en hækkar eða lækkar á hverjum mánuði eftir gullverði krónunnar. Þessi stórkostlega hækkun er bygð á nauðsyn ríkisins á meiri tekjum, til þess að ná jafnvægi milli tekna og gjalda, svo að komist verði hjá nýjum lántökum, en það telur norska stjórnin skilyrði til þess að sporna við sívaxandi verðfalli norsku krónunnar, og á það hefir norska Stórþingið fallist að heita má í einu hljóði, enda ætti það að vera auðsætt hverjum manni, að það er verulegt atriði til þess að hækka gengið, að koma fjárhag ríkisins á tryggan grundvöll, þannig að ekki þurfi að leita eftir nýjum lánum, og afgangur fáist upp í afborgun eldri skulda, er standa fyrir dyrum.

Hvort og að hve miklu leyti tekið hafi verið tillit til verðfalls íslensku krónunnar, er skattalögin voru sett 1921, sjest að vísu ekki, en þó má telja það víst, að ekki hafi verið þá miðað við hærra gengi á sterlingspundi en 23 kr., en nú er það 32—33 kr. Um einn aðaltekjustofninn, sykurtollinn, er það að segja,

að hann hefir verið látinn standa óbreyttur frá því, sem áður hafði verið samkvæmt tollögunum frá 1911. Eftir núverandi verðmæti krónunnar, samanborið við gull (dollar), þyrfti nú að innheimta hina gömlu tolla með 95% viðbót til þess, að þeir í raun og veru væru jafnmikils virði og áður, með öðrum orðum, íslenska seðlakrónan er nú ekki meira virði en hjer um bil 52 aurar.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, má það ekki lengur dragast að koma fjárhag ríkisins aftur á rjettan kjöl, þannig, að tekjur og gjöld standist á. Stjórnin fer því fram á, að henni verði veitt heimild til þess með frumvarpi þessu, á meðan sterlingspund er skráð hjer í Reykjavík á 25 kr. eða þar yfir, að innheimta allar tolltekjur samkvæmt tollögunum nr. 41 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslugjald skipa samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna, með gengisviðauka að upphæð 25%. Um alla þessa skatta er það sameiginlegt, að þeir eru fastákveðnir án tillits til vöruverðs, og hafa því í raun og veru lækkað þá er gengi krónunnar lækkaði.

Þótt umræddur gengisviðauki væri samþyktur, verður tollur af kaffi og sykri ekki eins hár eins og nú á sjer stað í nágrannalöndum vorum Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, svo sem sjest á eftirfarandi samanburði:

Tollur á sykri miðað við kílógrömm.

Ísland 15 aur. á kg. + 25% viðbót	19	aur.
Svíþjóð 10 svenskir aur. = íslenskir	19—20	—
Noregur 22 + 1.79 norskir aur. = íslenskir c.	41	—
Finnland 2.80 mörk finsk = íslenskir	50	—

Tollur á óbrendu kaffi.

Ísland 60 a. á kg. + 25% viðbót	75	—
Svíþjóð 50 svenskir aur. = íslenskir	97	—
Noregur 33 + 1,79 norskir aur. = íslenskir.....	60	—
Finnland 12 mörk finsk = íslenskir	2,16	—

Af þessum samanburði sjest það, hve mikið aðrar þjóðir telja nauðsynlegt að leggja á sig til þess að rjetta við fjárhag sinn. Þetta er oss ekki síður nauðsynlegt, enda ætti öllum nú að vera orðið ljóst, að eitt af skilyrðunum fyrir því, að gengi íslensku krónunnar geti lagast, er það, að fjárhagur ríkisins komist aftur á rjettan kjöl.

Ef miðað er við tekjur ársins 1922, yrði tekjuauki sá, er hjer ræðir um, um 700000 kr., en þar sem gera má ráð fyrir, að vöruflutningur minki á næstu árum, þykir ekki varlegt að áætla tekjuauka þennan hærri en 500000 kr.

Að endingu skal það tekið fram, að hentugra þykir að hafa lög þessi í almennu heimildarformi, bæði vegna þess að gengisviðbótinni er ætlað að ná til ýmsra gjalda, sem ákveðin eru í mörgum lögum, svo og til þess að sýna það sem skýrast, að tilgangurinn með gengisviðaukanum er eingöngu sá að verja ríkissjóðinn tapi, er stafar af verðfalli krónunnar, og að heimildin falli úr gildi, þegar gengi krónunnar hækkar. Þetta er því bráðabirgðaráðstöfun, er enga bið þolir.

(B. XV, 1).

Nd. **39. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

Flutningsmenn: Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Við 7. gr.

Á eftir fyrri hluta greinarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn að skifta hreppi í tvær kjördeildir; ákveður hún þá kjörstað og skipar sjerstaka undirkjörstjórn fyrir aðra deildina; undirkjörstjórnin velur sjer formann og skiftir með sjer störfum. Sveitarstjórn skal tilkynna viðkomandi yfirkjörstjórn, er slík skifting hefir farið fram.

2. gr.

Við 9. gr.

Á eftir »bæjarstjórn« bætist inn í: eða sveitarstjórn.

Á eftir »kaupstað« bætist inn í: eða hreppi.

3. gr.

Við 20. gr.

Fyrir »½ cm.« í síðari hluta greinarinnar komi: 1 cm.

4. gr.

Við 23. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« komi: laugardagurinn í 10. viku sumars.

5. gr.

Við 33. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein orðist svo:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer hann með kjörseðilinn inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og markar kross, rjettan kross eða skákross, í reitinn, sem er framan við nafn þess, eða nöfn þeirra — ef fleiri en einn á að kjósa — sem kjósandi vill greiða atkvæði, með blýanti, er kjörstjórnin leggur til, og skal kjörstjórnin sjá um, að hann sje hæfilega yddur. Að því loknu leggur kjósandi seðilinn saman í sama brot, sem hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegn um rifuna á lokinu, og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum stendur.

Yfirkjörstjórnir skulu jafnan, er kosningar eiga að fara fram, senda undirkjörstjórnum hæfilega marga samskonar blýanta til notkunar við kosningarnar.

6. gr.

Við 36. gr.

Engin merki má gera á seðilinn önnur en krossinn í auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik nje önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slík merki á seðli við atkvæðatalningu á eftir, er sá seðill ógildur.

7. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á kosningalögunum, skal færa inn í texta laga nr. 28, 3. nóv. 1915, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

Greinargerð.

Breytingar þær á kosningalögunum, sem hjer er lagt til að gerðar verði, hníga að því, að gera kjósendum auðveldara að neyta kosningarrjettar síns, án þess þó að raska í verulegum atriðum grundvelli hinna gildandi kosningalaga.

Einn óveðursdagur á hausti getur nær því svift kjósendur í sveitum kosningarjetti sínum, enda nær alt af örðugt fyrir mikinn hluta kjósenda að sækja kjörfund á haustdag svo seint.

Þá er og lagt til að nota sömu kjörgögn við almennu kosningarnar eins og við landskjörið. Það veldur óvissu hjá kjósendum, að nota sín kjörgögnin við hvorar kosningarnar, enda geta stimplarnir auðveldlega bilað, og þá er örðugt úr að bæta.

Kjósendum í víðlendum hreppum er mjög örðugt og oft nær ókleift að sækja kosningu á einn stað innanhrepps. Virðist ekki síður ástæða til, að skifta megi hreppum í kjördeildir en bæjum, enda ekki sjáanlega neinum verulegum annmörkum háð.

(A. XXIII, 1).

Nd. **40. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita þá undanþágu frá ákvæðum laga nr.

47, 3. nóvember 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907, að flytja megi út hross til sölu á erlendum markaði í nóvember- og desembermánuði 1923.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

GJÖRUM KUNNUGT: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að allgóður markaður fáist nú erlendis fyrir íslensk hross, en hinsvegar allmikið til af útflutningshrossum í landinu, sem landsmönnum mundi hagur í að losna við, í stað þess að bíða með sölu þeirra til næsta árs og eiga á hættu að markaðurinn spillist, enda mundi gott að losna við hrossin af fóðrum, þar sem heyskapartíð hefir verið mjög vond síðastliðið sumar á Norður- og Austurlandi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita þá undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907, að flytja megi út hross til sölu á erlendum markaði í nóvember- og desembermánuði 1923.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

Gefið á Amalíuborg, 21. nóvember 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Kl. Jónsson.

(B. VIII, 2).

Nd. **41. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Flutningsmaður: Pjetur Þórðarson.

Aftan við 1. grein bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur skulu þeir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, fá 3 króna aukaþóknun daglega meðan þeir dvelja þar vegna þess, að þeir hafa verið kvaddir til þingsetu.

(C. III, 1).

Sþ. **42. Tillaga**

til þingsályktunar um takmörkun á tölu nemenda í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um, að framvegis verði ekki teknir nema 25 nemendur í 4. bekk hins almenna mentaskóla, og byrjað næsta haust með þá reglu. Annað ár hjer frá nær sama regla til 5. bekkjar, og þriðja ár til 6. bekkjar. Eftir það mega ekki vera fleiri nem-

endur en 75 í þrem efri bekkjum mentaskólans. Hvert haust skal með samkepnisprófi skera úr, hverjir af þeim, er um inngöngu sækja, skuli komast í skólann, og farið eftir einkunnarhæð. Þeir 25, sem hæsta einkunn hljóta, fá inngöngu ár hvert. Sjeu einkunnir tveggja nemenda eða fleiri jafnháar, sker hlutkesti úr. Um inntökuskilyrði og próf gilda að öðru leyti núverandi reglugerð og venjur skólans.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir aðsókn að mentaskólanum aukist afarmikið. Bekkir, sem áratugum saman hafa verið einskiftir, eru nú þrískiftir. Stúdentaviðkoman er afarmikil. Hins vegar bersýnilegt, að fjárþröng landsins muni leiða til mikillar embættafækkunar. Rektor skólans hefir árum saman varað við of miklu aðstreymi, og margir af kennurum skólans munu vera honum samdóma. En þessar aðvaranir hafa engan árangur borið. Kostnaður við rekstur skólans vex ár frá ári, jafnvel búið að stofna þar til nokkurra fastra embætta utan við gildandi launalög. Eitt slíkt embætti var stofnað í haust sem leið. Fjárhagur landsins leyfir varla þessa eyðslu, og það því fremur sem tæplega mun nokkur þörf fyrir hvelming þeirra manna, sem útskrifast árlega, til embættisstarfa. En fyrirkomulag skólans er og hefir verið miðað við undirbúning til embættisstarfs, en ekki lífsbaráttu á atvinnusviðinu. Aðvaranir rektors hafa vafalaust komið af því, að hann hefir skilið þessa hættu og ekki viljað efla hjer flokk langskólagenginna öreiga.

(B. XVI, 1).

Nd. **43. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson og Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Ríkisstjórnin getur sett lyfjafróðan mann forstjóra landsverslunar til aðstoðar og til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um kaup á nauðsynlegu áfengi til lyfja, um-

búðum og hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfjasöluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og læknar með lyfsöluleyfi óska eftir.

Reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.

2. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Greinargerð.

Frv. þetta er fram komið í því skyni að draga nokkuð úr kostnaði við verslunarrekstur ríkisins og auka tekjur af honum.

Á síðasta þingi var frv. borið fram að mestu í sama formi og nú. Hafði allsherjarnefnd Nd. málið til meðferðar seint á þingi, og var það eftir till. hennar þá afgreitt með rökstuddri dagskrá um það traust á stjórninni, að hún sæi um sparnað við rekstur áfengiseinkasölunnar.

Sá sparnaður hefir eigi, svo kunnugt sje, komið fram í öðru en því, að birgðastöð verslunarinnar var flutt úr dýrum leiguhíbýlum í Nýborg, birgðahús landsverslunarinnar, sem að miklu stóð ónotað.

Um rekstur verslunarinnar gildir það sem fyr, að hann hlýtur að verða mun dýrari meðan hún er sjerstök stofnun en orðið gæti, ef hún yrði samtengd aðalverslun ríkisins, þar sem hún á heima að eðlilegum hætti, og mundi sparnaðurinn einkum koma fram í minkuðu mannhaldi og lægri húsaleigu, þar sem ein skrifstofa yrði í stað tveggja.

Nú munu 13 fastir starfsmenn vera við skrifstofu, búð og birgðastöð áfengisverslunarinnar, auk 5 eða 6 aðstoðarmanna með breytilegum launum. Mun eigi fjarri fara, að laun allra þessara manna nemi 100000 kr. á ári.

Hins vegar mun landsverslun hafa 11 menn í skrifstofu og við afgreiðslu, en hún hlýtur að hafa miklu fleiri afgreiðslur að annast en áfengissalan, bæði vegna viðskifta með tóbak við fjölda kaupmanna og olíusölu til alls þorra útgerðarmanna. Má þó ætla, að hún með nokkrum liðsauka gæti bætt við sig störfum áfengiseinkasölunnar, einkum í skrifstofu. Er eigi ósennilegt, að af samlögðu föstu liði beggja stofnana — 24 mönnum — nægðu $^2/_3$, eða 16 menn.

Um undanþágu álagningar á áfengi til lyfja, sem hjer er ráðgert að fella niður, er það að segja, að slík undanþága er svo lítilvæg ívilnun fyrir neytendur eða notendur lyfja, að nær engu skiftir, en hún veldur sjáanlega og eftir fenginni reynslu mikilli rýrnun í tekjum ríkisins af áfengiseinkasölunni.

(B. XVII, 1).

Ed. **44. Frumvarp**

til laga um að sameina kennarastarf í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands við forstöðu Landsbókasafnsins.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Þegar forstöðuembætti Landsbókasafnsins losnar næst, skal það sameinað kennarastól í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

2. gr.

Sá maður, sem gegnir báðum þessum störfum, skal njóta sömu launakjara og prófessorar háskólans á hverjum tíma. Hann skal taka að sjer öll störf og skyldur forstöðumanns Landsbókasafnsins, eins og þær eru samkvæmt gildandi lögum. Hann skal jafnframt hafa sama rjett við Háskóla Íslands eins og prófessor í hagnýtri sálarfræði hefir nú samkvæmt lögum nr. 35, 26. okt. 1917.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 35, 26. okt. 1917, að því leyti, sem þau eru í ósamræmi við 2. gr. þessara laga.

Greinargerð.

Hjer er farið fram á að sameina kenslu í hagnýtri sálarfræði við forstöðu Landsbókasafnsins. Sparast með því önnur launin. Vinnan hins vegar áreiðanlega ekki meiri en svo, að núverandi prófessor í hagnýtri sálarfræði mun eiga auðvelt með að inna hana af hendi. Á hinn bóginn er núverandi forstöðumaður Landsbókasafnsins svo bilaður að heilsu, að óumflýjanlegt er, að þar verði mannaskifti þegar á þessu ári. Prófessorinn í hagnýtri sálarfræði hefir áður verið starfsmaður við Landsbókasafnið, er maður fjölmentaður og einn hinn nafnkendasti rithöfundur landsins, sem nú er uppi. Sýnist því sjálfsögð búmenska af ríkinu að gefa honum fult verksvið fyrir hæfileika sína, jafnframt því, sem tekið er fult tillit til fjárhags landsins.

(B. XVIII, 1).

Ed. **45. Frumvarp**

til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands og að flytja núverandi docent í grísku og latínu að mentaskólanum.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Kennarastóll í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands skal afnuminn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

3. gr.

Sá maður, sem nú gegnir starfi sem docent í klassiskum fræðum við háskóla Íslands, skal fluttur að mentaskólanum og njóta þar sína tíð sömu launakjara og hann hefði notið á hverjum tíma með því að vera framvegis docent við háskólann. Við mentaskólann ber honum skylda til að kenna þá stundatölu á viku, sem á hverjum tíma er lögboðin fyrir kennara þar við skólann í íslensku, þýsku, stærðfræði og latínu, eftir því sem helst er þörf fyrir við skólann.

Greinargerð.

Viðvíkjandi afnámi kennarastóls í klassiskum fræðum við háskólann vísast til greinargerðar á þingskjali 36. En að því er snertir 3. gr. frv. þykir hlýða að benda á það, að Bjarni Jónsson var áður kennari við mentaskólann, að hann var sviftur því starfi af pólitiskum ástæðum, að hann var þar meðal hinna fjölhæfustu kennara og vel fallinn til að kenna nokkrar af höfuðkenslugreinum skólans. Á seinni tímum hafa með samþykki fjárveitinganefndar neðri deildar og stundum að boði kenslumálaráðherrans verið stofnuð ný embætti við mentaskólann. Þau »embætti« getur þingið lagt niður hvenær sem er. Hjer er gert ráð fyrir, að docentinn í grísku og latínu verði fluttur að mentaskólanum samkvæmt heimild 16. gr. í stj.skr., en lögð niður þar við skólann þau hin föstu kenslustörf við skólann, sem stofnsett hafa verið án samþykkis Alþingis.

(B. XIX, 1).

Ed. **46. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Í stað 33. gr. laga nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna, komi grein, er orðast svo:

Stjórnarráð Íslands hefir umsjón og yfirstjórn fræðslumála. Sjer til aðstoðar skipar kenslumálaráðherra 3 manna nefnd, er nefnist skólanefnd Íslands. Í henni eiga sæti forstöðumaður Kennaraskólans og tveir af kennurum skólans, sem tilnefndir eru til 2 ára í senn. Skólanefndin er ráðunautur stjórnarinnar í öllu, er lýtur að yfirumsjón með fræðslu barna og unglinga. Störf við barna- og alþýðuskóla, sem stjórnarráðið veitir, skulu veitt eftir því, sem meiri hluti skólanefndar leggur til. Skólanefndin undirbýr fyrir stjórnarráðið allar reglugerðir, sem snerta almenna fræðslu barna og unglinga. Skólanefnd Íslands starfar endurgjaldslaust, en greiða skal eftir reikningi símgjöld og kostnað við brjefaskriftir, sem leiðir af nefndarstarfinu. Jafnan skal binda embættaveitingar við Kennaraskólann skyldu til að starfa launalaust í þessari nefnd. Ef allir eða einhverjir af núverandi kennurum skólans neita að taka á sig þessa kvöð, skal kenslumálaráðherrann, meðan svo stendur á, velja í nefndina einn eða fleiri menn, eftir því sem þörf krefur, án endurgjalds. Þó má engan slíkan mann taka í nefndina nema hann hafi starfað að kenslu barna eða unglinga minst í 10 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Með þeim eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að spara embætti fræðslumálastjóra og að fela kennurum Kennaraskólans að vera landsstjórninni til aðstoðar um samningu skólareglugerða og tillögur viðvíkjandi embættaveitingum við barna- og unglingaskóla. Ber margt til, að þessi breyting er æskileg. Starf fræðslumálastjóra hefir frá upphafi verið bygt á misskilningi á íslenskum staðháttum. Fræðslumálastjóri átti að vera umsjónar- og eftirlitsmaður með skólum, eins og tíðkast erlendis. Þar sem járnbrautarnet liggja um löndin, er ljett að koma þessu við. Umsjónar-

maðurinn getur sífelt verið að ferðast milli skólanna, fræða kennara, líta eftir kenslunni og gefa leiðbeiningar. Hjer er þetta nær ómögulegt. Ferðalög um landið eru dýr og erfið og taka feiknatíma. Ungur maður á ljettasta skeiði gæti um nokkur ár, eins og landpóstarnir, haldið út slík ferðalög. En samt gæti starf hans aldrei orðið sambærilegt við vinnu þá, er liggur eftir umsjónarmenn skólanna í nábúalöndunum. Nú valdi landsstjórnin sem fræðslumálastjóra roskinn mann og ekki heilsusterkan. Vetrarferðir hefir hann að vonum engar farið, en ferðast nokkuð á sumrin, einmitt þegar engir skólar starfa og kennararnir eru venjulega fjarri við annarlega vinnu. Slík ferðalög eru gagnslaus, en aðeins til kostnaðar fyrir landið. Fræðslumálastjóri hefir þess vegna í raun og veru aldrei haft annað verksvið en að vera ráðunautur landsstjórnarinnar um veitingu skóla og samningu reglugerða. En til þess þarf vitanlega ekki sjerstakan embættismann. Til þess eru kennararnir við Kennaraskólann allra manna best fallnir. Þeir þekkja alla þá kennara, sem um er að ræða, að starfi og starfa eiga við barna- og unglingaskólana. Og lífsstarf kennaraskólakennaranna er að gera alþýðufræðsluna í landinu sem besta og fullkomnasta. Starf þeirra er mikið og óhjákvæmilegt. Úr því þjóðin getur ekki komist hjá að hafa nokkra sjerfróða menn til að undirbúa kennara landsins, virðist sjálfsagt að fela þeim sem allra mest af hinni sjerfróðu vinnu, sem leysa þarf af hendi við yfirstjórn fræðslumálanna. Hinsvegar yrði að sjálfsögðu skrifstofuvinna viðvíkjandi fjármálum barna- og alþýðuskóla gerð af undirmönnum í stjórnarráðinu.

Með lögum þessum er gert ráð fyrir, að embætti fræðslumálastjóra verði lagt niður þegar í stað. Sá maður, er gegnir því nú, myndi þá njóta biðlauna í næstu 5 ár. Yrðu það mjög álitleg eftirlaun, og vel viðeigandi, þar sem maður sá, er í hlut á, hefir starfað öll sín bestu ár að uppeldismálum hjer á landi.

(B. VIII, 3).

Nd. **47. Breytingartillaga**

við frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (þskj. 30).

Frá Sveini Ólafssyni og Tryggva Þórhallssyni.

1. gr. frv. orðist svo:

Þingfararkaup alþingismanna, sem búsettir eru í Reykjavík, skal vera 10 kr. um dag hvern, en 12 kr. fyrir þá, sem annarsstaðar eru búsettir. Þingfararkaup greiðist jafnt fyrir þann tíma, sem á þingi er setið og þann, sem gengur til ferða heiman til þings og heim af þingi.

Þingmenn, sem njóta eftirlauna eða biðlauna úr ríkissjóði eða frá annari ríkisstofnun, fá ekkert þingfararkaup, nema að því leyti, sem föst laun þeirra

með dýrtíðaruppbót ná ekki, eftir framansögðu, 10 eða 12 kr. á dag á ári því, sem yfir stendur. Starfsmenn ríkisins, sem á þingi sitja og búsettir eru í Reykjavík, skulu heldur eigi þingfararkaup taka framar því, sem nú var talið, nema þeir sanni, að föst laun þeirra með dýrtíðaruppbót gangi að öllu til þess að kosta rekstur embættisins eða starfans meðan þeir sitja á þingi.

(B. XX, 1).

Nd. **48. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Aftan við 3. grein laganna bætist: eða stundað vjelgæslu samkvæmt 2. grein að minsta kosti 18 mánuði.

2. gr.

Fyrir orðin »6 mánuðir« í 4. gr. áðurnefndra laga komi: 24 mánuðir.

3. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti 12 mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

4. gr.

Orðin »eða til stuttra ferða« í 1. málsgr. 6. gr. laganna falli burt.

5. gr.

2. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi 18 mánuði eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjettindum sínum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 29, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni nokkurra manna, sem vjelgæslu stunda á mótorskipum. Er í frv. þessu farið fram á að lengja nokkuð þann tíma, sem mönnum er ætlað að stunda vjelgæslu til að öðlast rjettindi eftir núgildandi lögum. Á Alþingi í fyrra voru fluttar breytingartillögur þess efnis, að langur starfstími við vjelgæslu veitti sömu rjettindi og próf frá námsskeiði Fiskifjelags Íslands og væntanlegum mótorskóla. Voru þessar tillögur feldar í Nd., og þykir því eigi fært að ganga svo langt í frv. þessu.

Orðin »eða til stuttra ferða« í 6. gr. núgildandi laga orka tvímælis, og þykir því rjett að fella þau burt.

Farið er fram á breytingu á síðari málsgrein 7. greinar, þar sem komið mun hafa í ljós, að heppilegra sje að gera þar á nokkra rýmkun.

(B. XXI, 1).

Nd. **49. Frumvarp**

til laga um síldarbræðslu.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Óheimilt er að reka síldarverksmiðjur á Íslandi nema að fengnu leyfi til þess, sem ríkisstjórnin veitir samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru aðalskilyrði til þess að geta fengið leyfi til að reka síldarverksmiðju:

1. Leyfið veitist að eins nafngreindum manni eða fjelagi.
2. Leyfið er bundið við ákveðinn stað og að hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn mæli með.
3. Leyfishafi skal hafa byrjað að reisa verksmiðjuna áður en ár er liðið frá veiting leyfisins og rekstur skal hafinn áður en 2 ár eru liðin.
4. Leyfishafa er skylt að nota innlenda verkamenn við stofnun og rekstur

verksmiðjunnar, ef þeirra er kostur. Getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með.

5. Leyfishafi er skyldur að láta af hendi við ríkisstjórnina, ef þess er óskað, alt að 1/5 hluta þeirrar framleiðslu verksmiðjunnar, sem nota mætti til áburðar eða fóðurbætis innanlands, með niðursettu verði frá því, sem vara þessi er seld fyrir komin á skipsfjöl. Skulu um þetta gerðir árlegir samningar milli stjórnarráðsins og leyfishafa.
6. Við veiting leyfisins skal leyfishafi greiða gjald í ríkissjóð í eitt skifti fyrir öll, 50 þús. til 250 þús. kr. Ákveður stjórnarráð Íslands gjaldið í hlutfalli við stærð verksmiðjunnar. Enn fremur skal leyfishafi greiða árlegt gjald í ríkissjóð, er nemi frá 50 þús. til 250 þús. kr., eftir framleiðslumagni verksmiðjunnar. Ákveður ríkisstjórnin upphæð gjaldsins í hvert sinn. Nánari ákvæði um greiðslu gjaldsins setur stjórnarráðið. Gjöld þessi má taka lögtaki. Þau hafa forgangsrjett fyrir öllum skuldum, sem á verksmiðjunni kunna að hvíla.
7. Leyfishafa er skylt að hlíta öllum þeim skilyrðum, sem stjórnarráðið kann að setja um eftirlit með því, að settum skilyrðum sje fullnægt. Getur stjórnarráðið skipað eftirlitsmann til þess að gefa því gætur.
8. Leyfið er veitt um ákveðið árabil og eigi lengur en til 20 ára.
9. Auk framanritaðra skilyrða má binda leyfið öðrum þeim skilyrðum, sem í hvert sinn þykja nauðsynleg vegna almenningsheilla.

3. gr.

Sje það örugglega sannað fyrir ríkisstjórninni, að sá maður, sem sækir um leyfi, eða fjelag sje eingöngu skipað íslenskum ríkisborgurum, eða þegnum þeirra ríkja, sem að dómi stjórnarráðsins veita Íslandi hagstæð tollakjör fyrir íslenskar afurðir, er stjórnarráðinu heimilt að veita undanþágu frá 5. og 6. lið 2. gr. að nokkru eða öllu leyti. Skal leyfishafi árlega láta stjórnarráðinu tje gögn fyrir því, að þannig sje því varið um eigendur verksmiðjunnar.

4. gr.

Verksmiðjur þær, sem þegar hafa verið reknar um hríð, þá er lög þessi ganga í gildi, skulu undanþegnar skilyrðum 1. málsgreinar 6. liðs 2. gr., en að öllu öðru leyti skulu þær hlíta lögum þessum.

5. gr.

Með mál, sem rísa út af vangeymslu þessara laga, skal farið eins og almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn síðari málsgrein 3. gr. sakamálsmeðferð.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 5 þús. til 50 þús. kr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Rúmlega hálft annað ár er liðið síðan hækkaður var til stórra muna innflutningstollur á íslenskt saltkjöt í Noregi. Síðan hefir tollurinn tvívegis verið hækkaður, og í síðara skiftið, í des. f. á., svo stórlega, að hann er nú um það bil helmingur af verði kjötsins, 70 kr. á tunnu. Svo hár tollur er í rauninni nálega sama sem innflutningsbann á íslensku saltkjöti í Noregi. En það er alkunnugt, að síðustu árin hefir útlendi markaðurinn fyrir saltkjöt langsamlega mest verið í Noregi.

Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir af hálfu hinnar íslensku landsstjórnar, hefir enn ekki tekist að ná neinum samningum um tilslakanir á tollinum, og á undangenginni sögu málsins verða litlar vonir reistar um það, að samningar takist um málið.

Þess ber enn að geta, að þótt tollur sje á öllu innfluttu kjöti til Noregs, þá kemur hann þó langþyngst niður á íslensku saltkjöti, því að tollurinn er þungatollur, en ekki verðtollur, en íslenska saltkjötið er stórum mun verðlægra en hið nýja eða kælda og frysta kjöt, sem aðrar þjóðir flytja til Noregs.

Þar sem íslenskum landbúnaði er hin mesta hætta búin af tolli þessum, þar sem íslenska ríkið hlýtur að þurfa að grípa til sjerstakra og kostnaðarsamra ráðstafana til stuðnings landbúnaðinum undir þessum kringumstæðum, og þar sem Norðmenn með þessum tolli veita Íslendingum harðari kosti en öllum öðrum þjóðum, virðist ekki mega hjá því komast að athuga hin beinu og óbeinu viðskifti landanna í milli í heild sinni og leita ráða að vinna að einhverju leyti þann halla upp, sem íslenskir bændur verða fyrir vegna þessara alveg sjerstaklega hörðu tollkjara.

Samkvæmt hagskýrslunum norsku 1921 (Norges Handel 1921 — Norges offisielle Statistikk VII, 68, bls. 228) hefir innflutningur á íslenskum vörum til Noregs á því ári verið sem hjer segir:

Kjöt	3941000 kr.
Söltuð síld	94100 —
Saltur fiskur	52100 —
Kryddaður fiskur	67200 —
Ull	51100 —
Lýsi og fiskolía	57400 —
Aðrar vörur	36500 —
Samtals	4299400 kr.

Um skýrslu þessa mun einkum vera það að athuga, að flestar vörurnar, aðrar en kjötið, munu að vísu vera fluttar til Noregs, en munu vera fluttar þaðan aftur til neyslu eða notkunar annarsstaðar. Mun það að vísu eiga við um 2.—4. og 6. lið skýrslunnar. Mun því óhætt að segja, að raunverulegur innflutn-

ingur íslenskra afurða til Noregs hafi numið um *4 milj. kr. árið 1921*, og sje nálega eingöngu kjöt.

Hinsvegar bera skýrslur það með sjer, að hingað hafa flust árið 1921 norskar vörur fyrir c. *3 milj. kr.* (sjá nánar athugasemdir við frv. um sjerstakan vörutoll, á þingskj. 51). Og sömuleiðis bera skýrslur Hagstofu Íslands það með sjer, að norsk skip hafa á árinu 1922 annast svo mikla flutninga fyrir Íslendinga á árinu 1922, að áætla má, að þeir hafi þegið gjald fyrir sem nemur *2,5 milj. kr.* (sjá nánar athugasemdir við frv. um lestagjald af vöruflutningaskipum, þingskj. 50).

Af þessu er það ljóst, að Norðmenn hafa meiri hag af viðskiftum við Ísland en Íslendingar af viðskiftum við þá. Og þó munu þessar skýrslur ekki gefa fulla mynd af ástandinu eins og það er nú, því að fyrst og fremst má gera ráð fyrir, að innflutningur á saltkjöti til Noregs hafi minkað síðan 1921, vegna hinnar gífurlegu tollhækkunar, og í annan stað er það víst, að Norðmenn hafa aukið verslun sína og siglingar hingað hin allra síðustu ár.

Eins og ástæðum öllum er lýst hjer að framan, virðist auðsætt, að íslenska ríkið ætti að afla sjer tekna á þessum grundvelli.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er einn liðurinn í þeim ráðstöfunum.

Alkunnugt er, að norskir menn hafa rekið síldarverksmiðjur hjer á landi. Mun óhætt að fullyrða, að sá atvinnuvegur er næsta arðvænlegur og mun eiga mikla framtíð fyrir sjer. Virðist sjálfsagt, að ríkið noti sjer það sem tekjustofn undir þessum kringumstæðum.

Frv. er að forminu til að mestu sniðið eftir frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Að lokum skal það tekið fram, að væri hætta á að af frv. þessu stafaði niðurlagning einhverra síldarverksmiðja, þeirra sem reknar hafa verið undanfarið, væri sjálfsagt, að gerðar yrðu ráðstafanir til, að atvinnurekstur þessi legðist ekki niður, en færðist á innlendar hendur.

(B. XXII, 1).

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um sjerstakt lestagjald af útlendum vöruflutningaskipum.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Af öllum útlendum skipum, sem vörur flytja til Íslands eða frá því, skal greiða í ríkissjóð 20 kr. gjald af hverri smálest (brúttó) skipsins. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti er slept.

2. gr.

Gjald þetta greiðist á fyrstu höfn, sem skipið kemur á frá útlöndum. Fari sama skipið fleiri en eina ferð árlega milli Íslands og útlanda, greiðist hálft gjaldið í hverri af síðari ferðunum.

3. gr.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans full skilríki fyrir því, hvert sje smálestatal skipsins.

4. gr.

Eigi má byrja af afferma skip í höfn, eða að ferma það, fyr en gjald þetta er greitt eða full trygging sett fyrir greiðslu þess.

5. gr.

Stjórnarráði Íslands er heimilt að gera samning við stjórnir þeirra ríkja, sem að dómi þess veita Íslandi hagstæð tollakjör fyrir íslenskar afurðir, um undanþágu frá gjaldi þessu.

6. gr.

Nú er sótt um undanþágu frá gjaldi þessu, og skal þá umsækjandi sanna það fyrir lögreglustjóra eða öðrum innheimtumanni ríkissjóðs, að skip það, sem sótt er um undanþágu fyrir, sje skrásett í því landi, sem slíkan samning hefir gert við stjórnarráð Íslands, sem um ræðir í 5. gr., eða fengið undanþágu samkvæmt 7. gr.

7. gr.

Þangað til þeir væntanlegu samningar eru gerðir, sem um ræðir í 5. gr., hefir stjórnarráð Íslands heimild til að veita undanþágu þá, er þar getur, og tilkynnir innheimtumönnum ríkissjóðs nöfn þeirra landa, sem hennar skulu njóta. Þó stendur þessi heimild ekki lengur en til 1. jan. 1925.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—5000 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 6. gr. sakamálsmeðferð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Um ástæðuna til framkomu frv. þessa vísast til greinargerðar við frv. til laga um síldarbræðslu, á þingskjali 49.

En um frv. þetta sjerstaklega skal eftirfarandi tekið fram.

Skýrsla frá Hagstofu Íslands ber það með sjer, að samkvæmt bráðabirgðaupptalningu úr skýrslum lögreglustjóra um komin verslunarskip, hafa árið 1922 komið hingað til lands 127 norsk verslunarskip, er voru samtals 53127 smálestir. Er það tekið fram, að skip, sem koma oftar en einu sinni á ári, eru talin í hvert sinn sem þau koma.

Nú er það alkunnugt, að Norðmenn hafa lagt mikið kapp á það upp á síðkastið að auka bæði verslun sína og siglingar hjer við land, enda mun það ekki ofmælt, að mjög mikið af íslenska saltfiskinum er flutt með norskum skipum til suðurlanda. Er það því næsta sennilegt, að enn meira sje það nú en var árið 1922, sem flutt er fyrir Íslendinga á norskum skipum.

Hefir framkvæmdastjóri Eimskipafjelags Íslands áætlað, að að meðaltali muni þessi norsku skip hafa fengið 50 kr. borgun á smálest fyrir flutninginn. Tekjur þeirra af þessum flutningum ættu því að hafa numið meiru en $2^1/_2$ milj. króna árið 1922.

Af ástæðum þeim, sem vitnað er til hjer að framan, virðist rjett að ríkissjóður Íslands hafi tekjur af atvinnurekstri þessum, og er ætlast til, að það fáist með frv. þessu.

(B. XXIII, 1).

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um sjerstakan vörutoll.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Af vörum þeim, sem fluttar eru til Íslands og taldar eru upp í lögum þessum, skal, auk gjalds þess, sem um ræðir í lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, greiða gjald í ríkissjóð, eftir þyngd vörunnar eða eftir rúmmáli, sem hjer segir:

1. Af tómum tunnum og tunnuhlutum, járni og járnvörum allskonar, vögnum, vagnhjólum og öðrum hlutum til vagna, rafmagnsmótorum, öðrum mótorum, glóðarlömpum, talsíma- og ritsímaáhöldum, öðrum rafmagnsáhöldum, vjelum og vjelahlutum, færum, önglum, öngultaumum, sjóklæðum, olíufatnaði, prentpappír, umbúðapappír og dýnamiti 10 kr. af hverjum 50 kg.

2. Af sementi, kalki, eldföstum leir og múrsteini 3 kr. af hverjum 50 kg.
3. Af salti, hvort sem það er flutt á land eða lagt til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar, 15 kr. af hverri smálest.
4. Af trjávið allskonar 90 aura af hverju teningsfeti.
5. Af kartöflum, niðursoðinni mjólk, fiskibollum, smjörlíki, sardínum, ansjósum og smásíld niðursoðinni 6 kr. af hverjum 10 kg.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti slept.

2. gr.

Ákvæði 4.—15. greinar vörutollslaganna, nr. 38 1921, skulu og gilda um gjald þetta, að svo miklu leyti sem við eiga.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að gera samning við stjórnir þeirra ríkja, sem að dómi þess veita Íslandi hagstæð tollakjör fyrir íslenskar afurðir, um undanþágu frá þessum sjerstaka vörutolli.

4. gr.

Nú er sótt um undanþágu frá gjaldi þessu, og skal þá umsækjandi sanna það fyrir lögreglustjóra eða öðrum innheimtumanni ríkissjóðs, að vara sú, sem sótt er um undanþágu fyrir, sje framleidd í landi, sem gert hefir slíkan samning við stjórnarráð Íslands, sem um ræðir í 3. gr., eða fengið undanþágu samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Þangað til þeir væntanlegu samningar eru gerðir, sem um ræðir í 3. gr., hefir stjórnarráð Íslands heimild til að veita undanþágu þá, er þar getur, og tilkynnir innheimtumönnum ríkissjóðs nöfn þeirra landa, sem undanþágunnar skulu njóta. Þó stendur þessi heimild ekki lengur en til 1. jan. 1925.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Um ástæðuna til framkomu frv. þessa vísast til greinargerðar við frv. til laga um síldarbræðslu, á þingskjali 49.

En um frv. þetta sjerstaklega skal eftirfarandi tekið fram.

Af skýrslu frá Hagstofu Íslands sjest, að vörur þær, sem Norðmenn flytja til Íslands fyrir meira en 10 þús. kr., voru árið 1921 þessar:

Niðursoðin mjólk	303784	kr.
Smjörlíki	39789	—
Fiskbollur	27933	—
Sardínur, ansjósur og smásíld niðursoðin	12996	—
Kartöflur	20428	—
Færi	258582	—
Öngultaumar	39967	—
Sjóklæði og olíufatnaður	168851	—
Steinolía	39944	—
Trjáviður	352118	—
Tunnustafir, svigar og botnar	10319	—
Síldartunnur	254476	—
Prentpappír	42207	—
Umbúðapappír	61933	—
Pappírspokar	51187	—
Dynamit	15466	—
Sement	277410	—
Salt	156250	—
Önglar	100176	—
Járn og járnvörur	84675	—
Vagnhjól og öxlar	31807	—
Rafmagnsmótorar	46242	—
Aðrir mótorar	14725	—
Glóðarlampar	13610	—
Talsíma- og ritsímaáhöld	114377	—
Önnur rafmagnsáhöld	138211	—
Vjelar og vjelahlutar	15567	—
Aðrar vörur	205723	—

En alls hafa árið 1921 flust inn vörur frá Noregi fyrir 2898760 kr.

Sje nú skýrsla þessi borin saman við skýrslu norsku hagstofunnar fyrir sama ár, um vörur fluttar frá Noregi til Íslands, kemur í ljós, að skýrslunum ber ekki vel saman. Meðal annars segir norska skýrslan innflutninginn enn meiri á sumum vörutegundum, og telur auk þess vörur, sem íslenska skýrslan nefnir alls ekki. T. d. telur norska skýrslan verð á niðursoðinni mjólk 50 þús. kr. hærra en íslenska skýrslan, verð á sjóklæðum og olíufatnaði nálega 30 þús. kr. hærra en íslenska skýrslan telur, verð á vagnhjólum nálega 10 þús. kr. hærra, og telur ost útfluttan til Íslands fyrir rúmar 20 þús. kr. og ullarvörur fyrir nálega 47 þús. kr., en þær tvær vörutegundir eru hvorugar nefndar í íslensku skýrslunni.

Af þessum ástæðum og eins hinu, sem alkunnugt er, að Norðmenn hafa lagt mikið kapp á að auka verslunarviðskifti sín við Ísland allra síðustu árin, mun óhætt að fullyrða, að norskar vörur flytjist nú til Íslands fyrir a. m. k. nokkru hærri upphæð árlega en Hagstofa Íslands telur fram fyrir árið 1921.

Af ástæðum þeim, sem vitnað er til hjer að framan, virðist rjett, að ríkissjóður hafi nú meiri tolltekjur af vörum þessum en verið hefir.

Flokkun vara þeirra, sem leggja á sjerstakan vörutoll á samkvæmt frv. þessu, er að mestu leyti tekin eftir vörutollslögunum og tollhæðin tiföldud eftir flokkun og tollhæð þeirra laga.

(B. IX, 2).

Nd. **52. Nefndarálit**

um frv. til laga um undanþágu frá lögum nr. 33, 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Ásgeir Ásgeirsson, Björn Líndal og Sigurjón Jónsson, leggja til, að frv. sje felt.

Minni hlutinn, Ágúst Flygenring og Jón Baldvinsson, leggur hinsvegar til, að deildin samþykki það.

Þess skal getið, að einstakir nefndarmenn í meiri og minni hluta hafa þó sjerstöðu í málinu, sem gerð verður grein fyrir í umræðum.

Alþingi, 26. febr. 1924.

Aug. Flygenring,	Björn Líndal.
form. og framsögumaður.	fundaskrifari.

Sigurjón Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson. Jón Baldvinsson.

(B. XXIV, 1).

Nd. **53. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir bæjarstjórnir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson, Jakob Möller, Jón Þorláksson, Sigurjón Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórnum í kaupstöðum er heimilt að setja reglur, er takmarki eða banni hundahald í kaupstöðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður.

Í kaupstöðum landsins, og einkum þó í Reykjavík, er, eins og kunnugt er, allmikill fjöldi hunda, sem teljast mega alóþarfir nálega allir.

Af hundum þessum stafar alvarleg sýkingarhætta að áliti ýmsra lækna. Sullaveiki mun ekki vera svo fátíð hjer á landi, en hún stafar eingöngu af hundum. Nú er ekki hægt að komast af án hunda til sveita, en í kaupstöðum er hundahald ýmist alóþarft eða að mestu leyti.

Auk þessarar hættu er hundasægur sá, sem nú er t. d. í Reykjavík, til ógagns á margvíslegan hátt. Börn og jafnvel fullorðnir geta oft og einatt varla komist ferða sinna fyrir þeim hræðslulaust, ónæði er að þeim á nóttum og ómenningarbragur á því, að sjá gjammandi hunda á eftir flestum farartækjum, sem um götурnar fara. Auk þess er það ekki smáræði af mat, sem fer til þess að ala alla þessa hunda, og væri sá matur annarsstaðar betur kominn.

Þótt þeir sjeu til, sem þætti fyrir að mega ekki eiga hund, þá verður ekki í það horft, þegar ríkari ástæður mæla móti.

(C. IV, 1).

Nd. **54. Tillaga**

til þingsályktunar um frestun á framkvæmd laga nr. 48, 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

Flutningsmaður: Ágúst Flygenring.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fresta að veita eftirlitsstöðuna með bönkum og sparisjóðum samkvæmt lögum frá síðasta þingi, þangað til útkljáð er um, hvernig fer nú á Alþingi um seðlaútgáfuna.

(B. XXV, 1).

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um brunatryggingar í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Þorláksson, Jón Baldvinsson, Jakob Möller, Magnús Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að semja við eitt eða fleiri bruna-

bótafjelög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum í Reykjavík, enda staðfesti atvinnumálaráðherra slíkan samning.

Tekjur þær, sem verða af starfseminni samkvæmt slíkum samningi, skulu skattfrjálsar til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, trygð hjá fjelögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álítur hæfilega.

Hinn 1. apríl 1924 skulu öll hús, sem þá eru trygð hjá hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna, tekin í ábyrgð fyrir sömu upphæð og þau eru trygð fyrir, en hús, sem kunna að vera ótrygð, skal virða fyrir 1. október 1924, og hús, sem ekki hafa verið virt eftir 1. janúar 1917, skal endurvirða fyrir sama tíma. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem trygðar eru, með forgangsrjetti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og sjeu iðgjöldin ekki greidd á rjettum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtök á sköttum til ríkissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að sjá um, að bærinn hafi vel skipað slökkvilið og nauðsynleg slökkvitól, sem haldið sje vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykt ákveða sektir, alt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 32, 13. desember 1895, um eldsvoðaábyrgð fyrir Reykjavík.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 32, 13. desember 1895, um eldsvoðaábyrgð fyrir Reykjavík, eru öll hús í Reykjavík trygð gegn brunatjóni hjá hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna í Danmörku.

Fjelag þetta hefir undanfarin ár krafist þess, að iðgjöld yrðu hækkuð mjög frá því, sem verið hefir, og nam þessi hækkun alls um 107 %. Bæjarstjórninni þótti þetta algerlega óaðgengilegt og samningatilraunum lauk svo, að fjelagið sagði upp tryggingunum í Reykjavík frá 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi að telja.

Síðan hefir bæjarstjórnin leitast fyrir um ný sambönd í þessu efni, bæði í Danmörku, Noregi og Englandi, og það hefir verið reynt að koma þessu máli svo fyrir, að brunabótafjelag Íslands, eða nýtt innlent fjelag tæki að sjer tryggingarnar, með endurtryggingu hjá erlendum fjelögum. Niðurstaða þessara umleitana hefir orðið sú, að fengist hefir sæmilega viðunandi samningur við tvö dönsk brunabótafjelög »Assurance-Compagniet Baltica« og »Nye danske Brandforsikringsselskab af 1864.« Hefir bæjarstjórnin samið við þessi fjelög um tryggingarnar til 5 ára frá 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi, og verða iðgjöldin samkvæmt samningnum alls um 31 % hærri en nú.

Samningurinn er auðvitað þeim skilyrðum bundinn, að sett verði lög, er skyldi húseigendur til að tryggja hús sín hjá þessum fjelögum, og er lagafrumvarp þetta borið fram þess vegna.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið frumvarpið, sem er sniðið eftir lögunum frá 1895, með þeim breytingum, sem leiða af því, að ekki er lengur samið við sama fjelagið og að ábyrgðin er ekki gagnkvæm. Þess skal þó getið, að ákvæðið í 1. gr. um skattfrelsi er ekki í gömlu lögunum, en það hefir ávalt verið litið svo á af skattstjórnarvöldunum, að hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna væri ekki skattskylt hjer, enda hefir það aldrei greitt nein gjöld í ríkis- eða bæjarsjóð. Samningurinn, sem bæjarstjórnin hefir nú gert, er bundinn því skilyrði, að eins verði litið á starfsemi þessa framvegis, og þykir rjett að taka þetta beint fram í lögunum.

Ákvæðin í 2. gr. um virðingar húsa eru sett í samráði við samningsaðilja bæjarstjórnarinnar, en slík ákvæði eru ekki í gömlu lögunum, af því að þau voru í samþykt þeirri, sem gildir fyrir hið almenna brunabótafjelag kaupstaðanna og er staðfest af dönsku ríkisstjórninni.

Vegna þess að allar húseignir í Reykjavík eru ekki samkvæmt eldri samningum trygðar gegn brunatjóni lengur en til 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi, er nauðsynlegt, að frumvarp þetta verði afgreitt svo fljótt, að það geti orðið að lögum fyrir þann tíma.

(C. V, 1).

Nd. **56. Tillaga**

til þingsályktunar um prófessorsembættið í íslenskri bókmentasögu við háskólann.

Flutningsmenn: Jakob Möller og Ásgeir Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að reyna með samningum að fá prófessor Sigurð Nordal til að halda embætti sínu við háskólann.

Greinargerð.

Eins og þingmönnum mun kunnugt, hefir prófessor Sigurði Nordal verið boðin prófessorsstaða við háskólann í Kristjaníu með mun betri kjörum en hann á kost á hjer. Væri háskóla vorum óbætanlegt tjón að því að missa hann, eins og nú stendur, enda er það almenn ósk mentamanna, að hann verði hjer kyr, en hann hefir lýst því yfir, að hann mundi fáanlegur til þess, ef kjör hans yrðu bætt svo, að svipuð yrðu því, sem hann á kost á í Noregi.

(A. IX, 2).

Nd. **57. Nefndarálit**

um frumvarp til hjúalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, var lagt fyrir efri deild Alþingis árið 1923 (Alþt. 1923, A, 168). Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að eigi væri nauðsyn nýrra hjúalaga, og lagði því til, að flestar greinar frv. yrðu feldar, en kom með smávægilegar breytingar á sjálfri hjúatilskipuninni.

Þótt hjúatilskipunin frá 26. jan. 1866 sje orðin gömul og þar af leiðandi sum ákvæði hennar þýðingarlítil, er meiri hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að eigi sje þörf á nýjum hjúalögum. Reynslan undanfarin 58 ár, sem hjúatilskipunin hefir gilt, hefir sýnt hve örsjaldan rís ágreiningur milli húsbænda og hjúa um vistráðin eða önnur viðskifti þeirra. Yfirleitt eru vistráðin bygð á frjálsum samningum, sem er heppilegast; enda munu þeir samningar svo margskonar og mismunandi eðlis, að ómögulegt er að koma þeim undir ein heildarlög. Meiri hluti nefndarinnar telur því enga nauðsyn á nýjum hjúa-

lögum nú, en lítur svo á, að hjúatilskipunin, sem mjög var vandað til frá upphafi, sje fullnægjandi.

Meiri hluti nefndarinnar telur, að þau nýmæli, sem þetta frv. hefir að bjóða, og sem hann telur til bóta, sjeu öll þess eðlis, að eigi sje þörf nýrra laga þeirra vegna. Svo er það með misserisvistráðin, sem nú eru mjög tíð í kaupstöðunum, að þótt hjúatilskipunin nái ekki til þeirra með berum orðum, mun alment litið svo á, að ákvæðum hennar verði beitt þar, eftir því sem við á. Sama máli gegnir með 8. gr. frv., að margt mun þar vera helgað með venjunni.

Yfirleitt telur meiri hluti nefndarinnar hjúatilskipunina vera fullnægjandi lög um þessi mál, og telur óþarft og að ýmsu leyti óheppilegt að setja nú ný hjúalög. Samkvæmt þessu ræður meiri hluti nefndarinnar hv. deild til þess að fella frumvarpið.

Alþingi, 27. febrúar 1924.

Jón Þorláksson, form. Jón Kjartansson, framsm. Jörundur Brynjólfsson.

Magnús Jónsson.

Jeg tel rjettara, að frv. gangi fram, þó með breytingum, er jeg mun síðar flytja.

Jón Baldvinsson.

(B. XXVI, 1).

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um ákvörðun vinnutíma í skrifstofum ríkisins.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

1. gr.

Í öllum skrifstofum ríkisins skal vera minst 8 stunda vinnutími á dag.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal annast um, að ekki sjeu fleiri menn í skrifstofum ríkisins en þörf gerist samkvæmt þessari ákvörðun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Á undanförnum þingum hefir það verið skoðun ýmsra þingmanna, að skrifstofutími í skrifstofum ríkisins sje of stuttur og þar af leiðandi óþarft mannahald. Hafði fjárveitinganefnd Nd. reynt að kynna sjer þetta 1922 og átt tal um þetta við stjórnina. En þar sem þetta er enn í sama horfinu, enda máske erfitt fyrir stjórnina að kippa þessu í lag, þá þykir rjett að ákveða þetta með lögum.

(B. XXVII, 1).

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Hindisvík á Vatnsnesi við Húnaflóa.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

1. gr.

Í Hindisvík í Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ástæður.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ályktun á þingmálafundi í Vestur-Húnavatnssýslu í síðastliðnum janúarmánuði, og verða nánari rök færð fram við flutning málsins.

(B. XXVIII, 1).

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Ottesen og Jón Sigurðsson.

1. gr.

Við 1. gr. Síðari málsgrein 1. gr. falli burtu.

2. gr.

Við 4. gr. Önnur málsgrein 4. gr. falli burtu.

Ástæður.

Breytingar þær, sem síðasta þing gerði á lögum um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða, hinar svo nefndu »heimakosningar«, hafa við síðustu alþingiskosningar verið svo mjög misbrúkaðar, að það virðist ekki fært að láta þær gilda áfram, enda má telja það víst, að síst dragi úr misbrúkun þeirra er frá líður.

Í annan stað verður heldur ekki sjeð, að sjúkdómar eða ellihrumleiki svifti borgara þjóðfjelagsins meira eðlilegum rjetti í þessu efni, hvað kosningarrjettinn snertir, heldur enn á mörgum öðrum sviðum. Og enn má taka það fram, að fullur tilgangur eða fult rjettlæti náist ekki með lögum þessum.

(A. XVII, 2).

Nd. 61. Nefndarálit

um frumvarp til laga um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og meðal annars leitað álits lyfsölustjóra um frv., sjerstaklega um hvort ástæða væri til að hafa gjaldið mismunandi á hinum einstöku lyfjabúðum. Lyfsölustjóri taldi tormerki á því og að gjaldið væri hinsvegar ekki svo hátt, að það íþyngdi neinni af hinum 10 lyfjabúðum tilfinnanlega.

Að öllu athuguðu vill nefndin ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
Á eftir orðunum »árlegt gjald« bætist við: til ríkissjóðs.

2. Við 2. gr.
Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Gjaldið má taka lögtaki.

Alþingi, 27. febr. 1924.

Jón Þorláksson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Jón A. Jónsson, framsögum.

Halldór Stefánsson. Jakob Möller.

(B. XI, 2).

Nd. **62. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og kynt sjer óskir þær, er komið hafa frá hjeraðsmönnum út af þessu máli.

Sýslunefnd Árnessýslu hefir haft það til meðferðar á síðasta fundi sínum, er haldinn var í öndverðum þessum mánuði, og var þar samþykt tillaga, meðal annars, er hnje að því, að hafa friðunartímann, er laxveiðiár standa opnar, 48 kl.st. á viku og lengja veiðitímann um einn mánuð.

Þetta frumvarp fer nú ekki fram á annað en að fella úr gildi heimildina, er veitt var í fyrra fyrir Ölfusá, að net mættu altaf liggja, án þess að taka þau nokkurn tíma upp, allan veiðitímann, og er meiri hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að slík veiðiaðferð sje ekki heppileg.

Eins og kunnugt er, er nýbyrjað laxa- og silungaklak á allmörgum stöðum við árnar, er í Hvítá falla. Er slík viðleitni lofsverð og á fremur skilið stuðning af hálfu löggjafarvaldsins en hitt.

En þykist þeir, er laxaklakið stunda, sjá fram á, að starfsemi þeirra beri engan árangur, fyrir því hvað setið er fyrir laxinum neðst í ánni, er auðsætt, að þeir hætta algerlega við laxaklakið, og væri það illa farið.

Enn ber þess að geta, að fái lögin frá í fyrra að standa, þá hefir komið til orða meðal nokkurra manna að búa til margar og miklar lagnir nærri ósum Ölfusár til að taka laxinn þar. Slíkt er, ef til kæmi, hin mestu veiðispjöll, sem nú þegar verður að koma í veg fyrir.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því háttvirtri deild eindregið til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 28. febr. 1924.

Jörundur Brynjólfsson, framsögumaður.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Jón Kjartansson.

(B. XI, 3).

Nd. **63. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Undirritaður minni hluti allsherjarnefndar fær ekki sjeð, að neinar þær upplýsingar sjeu nú fram komnar, er geti breytt þeim ástæðum, sem þingið 1923 hafði til þess að veita þá undanþágu frá laxfriðunarlögunum, sem nú er farið fram á að nema úr lögum aftur, og leggur því til að frv. verði felt.

Alþingi, 28. febr. 1924.

Jón Þorláksson, form.

Magnús Jónsson, framsm. minni hlutans.

(B. XI, 4).

Nd. **64. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Í stað frumvarpsgreinarinnar komi tvær greinar:
   a. 1. gr.
   Á eftir 2. málslið 1. gr. í lögum um friðun á laxi, 19. febr. 1886, komi: Í Ölfusá og Hvítá í Árnessýslu sje þó veiðitíminn frá 1. júní til 31. ágúst, en í ám þeim, sem í þær renna, frá 1. júlí til 30. september.
   b. 2. gr.
   Lög nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi, eru úr gildi numin.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga um friðun á laxi, nr. 5 1886, og afnám laga nr. 7, 6. júní 1923.

(B. XXIX, 1).

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um veð, nr. 18, 4. nóv. 1887.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

5. gr. laga 4. nóv. 1887 orðist svo:

Þegar jörð er sett að veði, er rjett svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja, auk jarðarhúsa, önnur tiltekin hús á jörðinni, ákveðin áhöfn, áhöld, búsgögn og heyforði, sem á henni kann að vera hverju sinni.

Greinargerð.

Samkvæmt 2. málsgr. 5. gr. í lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, skulu innstæðukúgildi eigi fylgja jörðum, en af því leiðir, að 5. gr. laga um veð, 1887, er eigi rjett orðuð, og því full ástæða til að breyta henni, sjerstaklega þar sem veðgildi jarða er með fasteignamatslögunum rýrt eigi alllítið.

Með því meðferð á búpeningi batnar óðum og bjargráð gegn horfelli nú ólíku veigameiri en áður, virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að lánsstofnanir taki lokkuð af áhöfn að veði með jörðum. En með því vinst það tvent, að grasbændur fá betri lánskjör og býlin njóta þess, að föst áhöfn þeirra eykst.

(A. XIV, 2).

Ed. **66. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um blöndun ilmvatna o. fl. með kolokvintextrakt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur meiri hluti hennar það til, að frumvarpið sje samþykt.

Alþingi, 29. febr. 1924.

Jón Magnússon, form.	Eggert Pálsson, fundaskrifari og framsögum.	Jónas Jónsson, með fyrirvara.

(A. XXII, 2).

Nd. **67. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Flm.: Ágúst Flygenring, Sigurjón Jónsson, Bjarni Jónsson.

Aftan við 1. gr. bætist:

Hækkun þessi nær þó ekki til vörutolls af kolum og salti.

(B. XXX, 1).

Nd. **68. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

1. gr.

2. grein laga nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, skal orðuð þannig:

Í háskólanum skulu vera þessar þrjár deildir.

Guðfræðideild,
læknadeild,
laga- og heimspekideild.

2. gr.

Fyrsta málslið 5. gr. laganna skal orða þannig:

Rektor og deildarforsetar eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins, en varaforseta kýs háskólaráðið sjer sjálft úr sínum hóp.

3. gr.

7. gr. laganna skal orða þannig:

Biskup þjóðkirkjunnar er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari við guðfræðideild háskólans, og nýtur hann sömu rjettinda um öll háskólamál sem prófessorar.

Aðrir kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar. Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara, að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sjerstaklega skipaðir til kenslunnar. Áður

en kennari er settur eða skipaður við háskólann samkvæmt þessu, skal leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verður 8. grein, svo hljóðandi:

Í guðfræðideild háskólans eru auk biskups 1 prófessor og 1 dósent.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar, 1 dósent og aukakennarar eftir því, sem ákveðið verður hverju sinni, og eru þeir fyrst um sinn þessir: hjeraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði, og eru þessir aukakennarar skyldir að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann.

Í laga- og heimspekideildinni eru 2 prófessorar í lögfræði, 1 prófessor í heimspeki, 1 prófessor og 1 dósent í íslenskri málfræði og sagnfræði. Hin 2 síðastnefndu embætti skal einungis veita þá er til fást menn, sem að dómi háskólaráðsins eru sjerstaklega vel hæfir.

Við allar deildir má skipa aukakennara, ef fje er til veitt í fjárlögum, og gildir sú skipun eigi lengur en fje er til veitt.

Prófessorar og dósentar taka laun úr ríkissjóði eftir ákvæðum launalaga.

5. gr,

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 19, 1. okt. 1919, um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 25, 2. nóv. 1914, um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Lög nr. 34, 26. okt. 1917, um stofnun dósentsembættis við Háskóla Íslands.

Lög nr. 35, 26. okt. 1917, um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

6. gr.

Til þess að fækkun sú á embættum, sem leiðir af lögum þessum, komist sem fyrst í framkvæmd, skal beita, eftir því sem fært þykir, ákvæðinu í 16. grein stjórnarskrárinnar, þriðju málsgrein. Að öðru leyti kemur fækkunin til framkvæmda jafnóðum og embættin losna.

7. gr.

Þegar lög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem felast í 1. til 4. gr., inn í lögin frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, og getur konungur þá gefið út lögin þannig breytt, og með þeirri breytingu á greinatölu laganna, er þar af leiðir, sem lög um stofnun háskóla.

Greinargerð.

Fjárhag landssjóðs er nú svo komið, að telja má ókleift að rjetta hann við nema gripið sje til allra þeirra úrræða samtímis, sem nota mætti í því skyni. Þótt reynt sje í bili að stöðva tekjuhallann með því að fella niður allar verklegar framkvæmdir, þá er einsætt, að þjóðin muni ekki geta unað því til langframa, en þá verður líka nú þegar að hugsa fyrir niðurfærslu útgjaldanna á öðrum sviðum, svo sem með fækkun embætta. Þótt sú leiðin geti ekki leitt til stórkostlegs sparnaðar þegar í stað, þá verður engu að síður að taka nú þegar ákvarðanir í því efni, til þess að landssjóður geti aftur byrjað verklegar framkvæmdir og aukið þær eftir því, sem sparnaðurinn af embættafækkuninni kemur fram.

Af þessum ástæðum er frv. fram borið, og felur það í sjer allar þær fækkanir á embættum við háskólann, sem stungið hefir verið upp á í einstökum frv., sem borin hafa verið upp á þessu þingi, og fer enn fremur nokkru lengra í þessu efni.

Breytingarnar, sem frv. gerir á kennaraliði háskólans, eru þessar:

1. Lagt niður eitt prófessorsembætti við guðfræðideildina, og kemur kensla og þátttaka í háskólastjórn af biskups hálfu í þess stað. Sama efni felst í frv. frá þm. Strandamanna (Tr. Þ.) á þskj. 28.
2. Lagt niður dósentsembættið í klassiskum fræðum. Sama efni er í frv. á þskj. 36; flutningsmenn Tr. Þ., Jör. B. og B. St.
3. Lagt niður prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði. Sama efni er í frv. á þskj. 35; flutningsmenn Jör. B., B. St. og Ing. B.
4. Lagt niður eitt af þrem prófessorsembættum við lagadeildina.
5. Í stað tveggja prófessora í íslenskri málfræði og sögu komi 1 prófessor og 1 dósent.

Að því er snertir þrjár fyrstneíndu breytingarnar þykir nægja að vísa til ástæðna þeirra, er fluttar hafa verið nú og fyr viðvíkjandi hinum sjerstöku frv. um þau efni.

Það má telja óefað, að 2 kennurum sje ekki ofætlun að hafa á hendi lagakensluna, svo fáir sem nemendurnir eru og ættu að verða fyrst um sinn. Þegar lagaskólinn var stofnaður, voru honum ákveðnir einungis 2 kennarar, og var kenslustarfið þó vitanlega erfiðast í fyrstu, meðan engar kenslubækur voru til á íslensku.

Stungið er upp á sömu kenslukröftum í íslenskum fræðum, sem ákveðnir voru í lögunum frá 1909, er háskólinn var stofnaður, með þeirri breytingu, að nú sje ekkert einskorðað um, hverja grein kenslunnar hvor kennarinn skuli hafa á hendi.

Vegna skipulags háskólans virðist naumast fært að hafa neina háskóladeild svo fáskipaða, að þar sjeu einungis 2 kennarar. En eftir frv. verða einungis 2 fastir kennarar í núverandi lagadeild, og eftir ákvæðinu um kennarana í ísl.

fræðum, getur það komið fyrir, að ekki verði ávalt fleiri en 2 kennarar í núverandi heimspekideild. Af þessum ástæðum fer frv. fram á að sameina þessar 2 háskóladeildir í eina.

Ákvæðin um aukakennara gera það mögulegt að bæta við allar deildir kenslukröftum í einstökum greinum, ef fje er til veitt. Ef haldið væri sjerstöku embætti fyrir þjóðskjalavörð og öðru fyrir landsbókavörð, svo sem verið hefir hingað til, mætti telja eðlilegt, að þeir menn störfuðu vegna stöðu sinnar sem aukakennarar í íslenskum fræðum við háskólann, og mætti þá komast af með einn fastan háskólakennara í þeirri grein, en tillögur frv. eru miðaðar við, að fram gangi frv. stjórnarinnar um sameining þessara embætta.

Að öðru leyti verður gerð grein fyrir frv. í framsögu.

(A. XVII, 3).

Nd. **69. Frumvarp**

til laga um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lyfsalar skulu greiða árlegt gjald til ríkissjóðs vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

2. gr.

Hver lyfsali greiðir 250 kr. á ári. Gjaldið skal greitt lyfsölustjóranum 31. desember ár hvert, í fyrsta sinn 31. desember 1924.

Gjaldið má taka lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXXI, 1).

Ed. **70. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921 [Friðun rjúpna].

Flutningsmaður: Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 14, 27. júní 1921, orðist svo:

Rjúpur skulu alfriðaðar til 1. okt. 1927. Frá því ári sje friðunartími rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jafnvel þótt nokkur árangur af lögum um friðun rjúpna frá 1921 sje þegar sjáanlegur, hefir rjúpum ekki fjölgað svo enn, að gerlegt sje að ófriða þær á næsta hausti. Mundi það leiða til þess, að rjúpum yrði bráðlega með öllu útrýmt í landinu, og hefði þá þjóðin hvorki gagn nje ánægju af þeim framar, en slíkt verður að telja illa farið.

(A. VIII, 2).

Ed. **71. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að stjórnarfrumvarp þetta verði samþykt.

Alþingi, 1. mars 1924.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.

Jónas Jónsson.

(B. XII, 2).

Nd. **72. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að kostnaður við meðferð íslenskra mála í Kaupmannahöfn sje of mikill, einkanlega þegar litið er til þess, hve fjárhagurinn er þröngur. Meiri hluti nefndarinnar telur það hafa verið misráðið, að sendiherrastöðunni var skipað með lögum 1921, en þó hefir það orðið samkomulag í nefndinni, að leggja til, að ekki yrði farið lengra en það, að staða þessi verði í hvert sinn háð ákvæði fjárlaga um veitingu til hennar.

Kostnaður við meðferð íslenskra mála í Khöfn varð árið 1922 samkvæmt landsreikningnum:

Laun sendiherra	kr.	23999,96
Húsaleiga og risna sama	—	4000.00
Skrifstofuhald	—	19236.80
Meðferð utanríkismála	—	12000.00
Ríkisráðskostnaður	—	3999.99
Samtals	kr.	63236.75

Þar við bætist gengismunur á upphæðinni.

Í fjárlögunum fyrir 1924 eru laun sendiherrans ákveðin 20000 kr., en til húsaleigu og risnu 8000 kr., og allur kostnaður í Khöfn áætlaður 59500 kr. Nefndin telur, að með því að láta sendisveitarritara annast sendiherrastörfin ætti að mega spara að minsta kosti launaupphæðina, 20 þús. kr., og að slíkt skipulag sje eins og nú stendur fullkomlega viðunandi.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. laga nr. 10, 27. júní 1921, skal orða þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum. Konungur skipar sendiherra. Ef fje er veitt til sendisveitarritara, skipar ráðherra hann.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt.

3. Við 3. gr. Greinin falli burt.

4. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Alþingi, 3. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. og frsm. | Jón Baldvinsson, fundaskrifari. | Jörundur Brynjólfsson.

Jón Kjartansson. | Magnús Jónsson.

(B. XXIV. 2).

Nd. **73. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir bæjarstjórnir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt, með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum. Má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir afbrot, og skulu þær renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

2. Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

Alþingi, 3. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. | Jón Baldvinsson, fundaskrifari. | Jörundur Brynjólfsson.

Jón Kjartansson, framsm. | Magnús Jónsson.

(B. XXXII, 1).

Nd. **74. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stjórnin má þó gefa út skuldabrjef með 25 og 50 kr. nafnverði, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Við niðurlag 7. greinar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er þó ríkisstjórninni að ákveða, að skuldabrjef, sem gefin eru út vegna lántöku samkvæmt 4. gr. laga nr. 62, frá 28. nóv. 1919, megi draga inn, $^1/_{15}$—$^1/_{25}$ hluta árlega, ef sýslunefnd hlutaðeigandi sýslufjelags, er lagt hefir lánsfjeð fram, óskar þess og lánsupphæðin er að minsta kosti 25 þús. krónur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk mjög margra Skagfirðinga. Það er þegar komið í ljós, að sum af ákvæðum laganna um ríkisskuldabrjef hamla því mjög, að einstakar sveitir og sýslufjelög geti útvegað ríkissjóði það fje að láni, sem með þarf og krafist hefir verið, ef um stærri brúargerðir hefir verið að ræða.

(B. XXXIII, 1).

Nd. **75. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Baldvinsson, Jakob Möller og Magnús Jónsson.

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu og með því að leggja útsvar á íbúa bæjarins,

á atvinnu, sem stunduð er í bænum, á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Fasteignagjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum og ákveðst það þannig:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8 % — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða alt að 2 % — tveim krónum af hverjum 100 krónum — af virðingarverði. Upphæð skattsins innan þessara takmarka ákveður bæjarstjórnin til alt að 5 ára í senn.
c. Af öllum lóðum og löndum, sem með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða með sjerstakri samþykt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara slíkra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, skal greiða alt að ½ % — 50 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Reykjavíkur.

Ennfremur eru undanþegin fasteignagjaldi:

Lóðir, sem eru eign annara ríkja, að svo miklu leyti sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og kirkjugarðar.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða á skrifstofu bæjargjaldkerans í Reykjavík, og er gjalddagi 2. janúar ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

6. gr.

Þegar lög þessi koma í gildi, falla í burtu þau gjöld, sem nú hvíla á fasteignum kaupstaðarins til að standast kostnað við sóthreinsun (lög nr. 20, 15. okt. 1875), og sorphreinsun og salernahreinsun (lög nr. 42, 11. júlí 1911), en vatnsskattur helst óbreyttur samkvæmt lögum nr. 84, 22. nóv. 1907, að

öðru leyti en því, að miða skal skattinn við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu.

7. gr.

Útsvari því, sem ræðir um í 1. gr., skal niðurjöfnunarnefnd jafna niður eftir efnum og ástæðum gjaldenda.

Niðurjöfnunin nær til allra einstaklinga og fjelaga, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Skal þá draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem stunduð er í bænum, eða á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, eða leggja þar upp afla sinn eða nauðsynjar, má leggja útsvar, þótt atvinna sje ekki stunduð nema 4 vikur ársins og þótt sá, er atvinnuna stundar, eigi lögheimili annarsstaðar, utanlands eða innan.

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, sem skrásett eru í Reykjavík, svo og til þeirra, sem hafa á hendi launuð störf og aukastörf í bænum, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir, enda sje atvinnan stunduð ekki skemur en 4 vikur. Þó má ekki skattleggja þingfararkaup alþingismanna, sem heimili eiga annarsstaðar.

Útgerðarmenn, skipaeigendur og aðrir atvinnurekendur skulu standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem atvinnu hafa hjá þeim eða á skipum þeirra, enda er þeim heimilt að halda eftir alt að 10 % af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu.

Um útsvar samvinnufjelaga fer eftir þeim sjerstöku lögum, er um slík fjelög gilda.

Undanþegnir útsvari eru sendimenn annara ríkja og þeir þegnar sama ríkis, sem eru í þjónustu þeirra og stunda ekki aðra atvinnu í bænum, svo og þeir, sem með sjerstökum lögum eru undanþegnir skatti.

8. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Skattstjórinn í Reykjavík er formaður hennar, en 4 nefndarmennina kýs bæjarstjórnin til eins árs í senn á síðari reglulegum fundi sínum í nóvembermánuði ár hvert. Kjörgengir til nefndarinnar eru þeir bæjarbúar, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnarinnar. Nefndarmenn fá þóknun úr bæjarsjóði fyrir starf sitt eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar.

9. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara skal fara fram í byrjun hvers árs og vera lokið fyrir 15. dag aprílmánaðar, og skal niðurjöfnunarskráin liggja til sýnis frá 15. apríl til 1. maí.

Við aðalniðurjöfnun skal jafna niður þeirri upphæð, sem ákveðin er í fjárhagsáætlun bæjarins það ár, auk 8—10 % umfram.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram síðari hluta hvers mánaðar og aukaskrá liggja til sýnis 1.—15. dag næsta mánaðar.

Við aukaniðurjöfnun skal leggja útsvar á þá gjaldendur, sem bæst hafa við frá síðustu niðurjöfnun, svo og á þá, sem kunna að hafa fallið af niðurjöfnunarskrá áður.

Um kærur yfir niðurjöfnun og úrskurði á þeim fer eftir þeim reglum, er nú gilda.

10. gr.

Útsvör öll skal greiða á skrifstofu bæjargjaldkera og er gjalddagi útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar, en gjalddagi annara útsvara þann dag, sem niðurjöfnunarskráin er lögð fram.

11. gr.

Sje fasteignagjald eða útsvar, sem ræðir um í lögum þessum, eigi greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Sömu dráttarvexti skal og greiða, ef önnur gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, svo sem vatnsskattur, leigugjöld af lóðum, erfðafestulöndum og öðrum fasteignum, gangstjetta- og holræsagjöld, skólagjöld o. s. frv., eru eigi greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga.

Dráttarvextirnir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

22. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og lög 19. okt. 1877, um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta lá fyrir Alþingi árið 1923, en varð ekki útrætt. Nú hefir bæjarstjórnin samþykt frumvarpið að nýju með þeim tveim breytingum, að fasteignagjald af byggingarlóðum verði ákveðið alt að 2% af virðingarverði, í stað þess, að áður var ætlast til, að gjaldið væri fastákveðið 2% og að útsvarsskylda manna, sem ekki eru búsettir í Reykjavík, sje takmörkuð við, að atvinna sje rekin í bænum ekki skemur en 4 vikur.

Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar fyrir frumvarpinu 1923, sem var svo hljóðandi:

Frumvarp þetta hefir bæjarstjórn Reykjavíkur samið og samþykt á fundi sínum 1. febrúar 1923 með 12 atkvæðum gegn 1.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að breytt verði að nokkru ákvæðum þeim, sem nú gilda um bæjargjöld í Reykjavík og sem aðallega felast í lögum 19. okt. 1877 og í sjerstökum lögum um sóthreinsun og sorphreinsun.

Þegar lögin um bæjargjöld voru sett árið 1877, var ætlast til, að talsverður hluti af tekjum bæjarsjóðs fengist með lóðagjaldi og að öðru leyti með útsvörum, er jafnað væri niður eftir efnum og ástæðum á skattþegna bæjarins. — Lóðagjaldið var þá miðað við stærð lóða, bygðra og óbygðra, enda var verðmæti lóða þá lítið og ekki mjög mismunandi á ýmsum stöðum í bænum. Árið 1879 nam lóðagjaldið 3560 kr., en aukaútsvör voru það ár 10700 kr., eða með öðrum orðum, lóðagjaldið var þriðjungur útsvarsins. Nú er hlutfalli þessu svo mjög raskað, að árið 1922 var lóðagjaldið áætlað 17500 kr., en aukaútsvör 1234200 kr., og eru lóðagjöldin þannig $^1/_{70}$ hluti af útsvörunum.

Frumvarp þetta fer nú fram á, að talsverður hluti skatttekna bæjarsjóðs færist aftur yfir á fasteignirnar í bænum, og er búist við, að fasteignaskatturinn samkvæmt frumvarpinu mundi árið 1922 hafa orðið um 400000 kr., og er það tæplega helmingur útsvarsins, sem árið 1922 mundi hafa orðið c. 850 þúsund kr., ef lög þessi hefðu þá gilt, eða næstum sama hlutfall og var 1879. Í raun og veru er því ekki nein stefnubreyting fólgin í frumvarpi þessu, en breyting er í því fólgin, að fasteignaskatturinn er miðaður við verðmæti húsa og lóða, en ekki við stærð grunnflatar. Eins og nú er ástatt, er lóðir og hús eru svo afarmismunandi verðmæt, eftir legu í bænum og gerð húsa, virðist ekki annað geta komið til mála en að miða skattinn við verðmætið, enda er sú regla þegar upp tekin í lögum um fasteignaskatt og í lögum, er heimila bæjarfjelagi Reykjavíkur að leggja vatnsskatt og holræsagjald á húseignir í bænum.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Við 2. gr.

Sá hluti fasteignagjaldsins, sem kemur niður á húseignunum, er áætlaður 160 þúsund krónur, en jafnframt fellur burtu sótaragjald og hreinsunargjald, sem árið 1922 er áætlað 119 þús. krónur, svo hækkunin er ekki mjög mikil og upphæðin er miðuð við, að gjaldið hjer um bil samsvari þeim útgjöldum bæjarsjóðs, sem stafa beinlínis af húsunum, þ. e. útgjöld við salerna- og sorphreinsun, við rottueitrun og ráðstafanir til tryggingar gegn eldsvoða, en þessi útgjöld eru árið 1922 áætluð 159500 krónur.

Lóðagjaldið er áætlað 240 þús. krónur, og gerir frumvarpið ráð fyrir mjög lágu gjaldi af þeim eignum, sem ekki eru byggingarlóðir og ekki geta gefið jafnmikinn arð og þær. Yfirleitt má telja gjaldið lágt af lóðum, sem nýttar eru til bygginga, en það verður tilfinnanlegt af stórum ónýttum byggingarlóðum á dýrum stöðum í bænum, enda er það rjettmætt, af því að lóðareigandi veldur bæjarfjelaginu mikils tjóns með því að byggja ekki hús á lóðinni, eða selja hana þeim, er vildu byggja, því að vegna slíkra ónotaðra svæða í bænum þenst bærinn yfir meira svæði, sem bæjarfjelagið verður að gera nýtilegt með því að gera þar götur og holræsi, leggja vatnsæðar, gasæðar, rafmagnstaugar, brunasíma o. s. frv.

Við 6. gr.

Í þessari grein eru sjálfsögð ákvæði um burtfellingu gjalda á húseignum til þess að standast kostnað við sóthreinsun, salerna- og sorphreinsun, en þess utan er ákvæði um, að vatnsskatt skuli miða við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu, eins og lög mæla nú fyrir. Þessi breyting er nauðsynleg af því að brunabótavirðing er nú á dögum svo mjög á reiki, vegna breytilegs verðs á byggingarefnum, og veldur þetta miklu ósamræmi í upphæð skattsins á einstökum húsum, eftir því á hvaða tíma þau eru virt. Þess utan er útlit fyrir, að ákvæðin um skylduvátryggingu húsa í Reykjavík hjá ákveðnu fjelagi breytist innan skamms, og er þá ekki lengur víst, að lögboðin brunabótavirðing haldist.

Við 7. gr.

Í þessari grein eru ákvæðin um, hverjir sjeu gjaldskyldir til bæjarins. Þau ákvæði, sem nú gilda um þetta efni, eru í 22. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í Reykjavík, en síðan sú tilskipun var gefin, hafa slíkar breytingar orðið á allri atvinnu í landinu og bænum, að ákvæðin eru löngu úrelt, enda nú svo komið, að fjöldi manna, sem reka atvinnu hjer í Reykjavík og hafa talsverðan hluta tekna sinna hjeðan, greiða engan skatt til bæjarfjelagsins, þótt þeir njóti allra þeirra hlunninda, sem bærinn lætur borgurum sínum í tje. Aðrir kaupstaðir á landinu og öll hreppsfjelög hafa og fengið lög, er veita miklu víðtækari rjett til útsvarsálagningar. Ákvæði greinarinnar eru sniðin eftir þeim reglum, sem nú gilda um sama efni annarsstaðar á landinu, og tillit tekið til sjerstakra kringumstæðna í Reykjavík.

Eitt ákvæði er nýmæli í greininni, sem sje það, að atvinnurekendum er gert að skyldu að standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem hjá þeim hafa atvinnu, og þeim jafnframt heimilað að halda eftir af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu. Þetta ákvæði er sett í frumvarpið vegna þess, að eins og til hagar í bænum er afarörðugt að innheimta útsvar hjá þeim, sem stunda atvinnu um tíma, t.d. við útgerð, en ef þetta ákvæði verður að lögum, fæst sæmileg trygging fyrir, að útsvarið greiðist.

Við 8. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið við landsstjórnina um samvinnu milli niðurjöfnunarnefndar og skattstofunnar í Reykjavík, og hefir skipun niðurjöfnunarnefndar þegar verið breytt með konunglegri tilskipun á þann hátt, sem nú er farið fram á að lögfest verði.

Við 10. gr.

Í núgildandi lögum er ákveðið, að gjalddagar á útsvari skuli vera á hverju misseri, en þetta þykir óhagkvæmt vegna allrar innheimtu og eykur mjög kostnað bæjarsjóðs við innheimtu á útsvörunum. Gerir frumvarpið því að eins ráð fyrir einum gjalddaga á ári hverju, enda er það í samræmi við þau ákvæði, sem gilda um þetta efni í öllum sveitum landsins.

Við 11. gr.

Það færist mjög í vöxt, að gjaldendur dragi að greiða gjöld sín til bæjarsjóðs þangað til komið er að lögtaki, en framkvæmd á lögtökum dregst venjulega meira en ár frá gjalddaga, og verður bæjarsjóður því fyrir tilfinnanlegu vaxtatjóni, auk þess sem ókleift er fyrir bæjarsjóð að standa í skilum með greiðslu nauðsynlegra útgjalda, þegar hann fær ekki tekjur sínar í tæka tíð. Til þess að reyna að bæta úr þessu vandræðaástandi eru sett ákvæði þessarar greinar um dráttarvexti, ef ekki er staðið í skilum með gjöld til bæjarsjóðs innan hæfilegs frests, sem settur er 2 mánuðir frá gjalddaga. Dráttarvextirnir eru ákveðnir 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, og eru það sömu dráttarvextir sem veðdeild Landsbankans fær, ef ekki er staðið í skilum með árgjöld á ákveðnum tíma.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli frá bæjarstjórn Reykjavíkur, óbreytt eins og það kom frá henni, en flutningsmennirnir hafa óbundnar hendur um einstök atriði þess.

(B. XXXIV, 1).

Nd. **76. Frumvarp**

til kosningalaga fyrir Reykjavík.

Flm.: Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, sem eru 25 ára eða eldri og hafa verið heimilisfastir í bænum í eitt ár þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi og standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, sem veittur hefir verið af öðrum ástæðum en elli, heilsubresti, ómegð eða atvinnuleysi. Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hefir.

2. gr.

Kjörskrá sú og aukakjörskrá, sem árlega eru samdar yfir kjósendur til Alþingis, skulu og gilda fyrir kosningar í bæjarmálefnum fyrir sama tímabil og til alþingiskosninga.

3. gr.

Þegar kosning á fram að fara, skal borgarstjóri auglýsa dag, stað og stundu með 6 vikna fyrirvara og samtímis leggja fram eftirrit af gildandi kjör-

skrám og viðbótarskrá yfir þá kjósendur, sem ekki hafa kosningarrjett til Alþingis. Skulu skrárnar liggja til sýnis í 14 daga, og má innan þess frests kæra yfir því, að einhver sje oftalinn eða vantalinn á kjörskrá. Bæjarstjórnin úrskurðar kærur á sama hátt og kærur yfir aðalkjörskrá, og síðan skal semja viðbótarskrá samkvæmt úrskurðunum. Skal viðbótarkjörskráin fullger ekki síðar en 14 dögum áður en kosning fer fram, og eftir að bæjarstjórn hefir gengið frá henni má ekki bæta neinu nafni á kjörskrá nje strika nokkurt nafn út af henni.

4. gr.

Kosningu stýrir kjörstjórn, og eru í henni borgarstjóri, sem er oddviti kjörstjórnar, og tveir bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin kýs. Auk þess skal bæjarstjórnin kjósa tvo bæjarfulltrúa til vara í kjörstjórnina, og tekur varamaður sæti í kjörstjórninni í forföllum þess aðalmanns, sem kosinn er á sama lista. Við borgarstjórakosningu og í forföllum borgarstjóra skal forseti bæjarstjórnar, eða varaforseti í forföllum hans, gegna störfum oddvita.

5. gr.

Lista þá, sem kjósa skal um, skal afhenda oddvita kjörstjórnar ekki síðar en á hádegi 20 dögum á undan kosningu.

6. gr.

Við aukakosningar getur bæjarstjórnin stytt alla fresti í lögum þessum um helming.

7. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar síns eftir sömu reglum og gilda við kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 30. júlí 1909, að því er Reykjavík snertir, og 7. og 8. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1923, en varð ekki útrætt. Bæjarstjórnin hefir nú samþykt að fá það lagt fyrir Alþingi að nýju, enda er þess orðin brýn þörf, að ákvæðin um samningu kjörskrár verði breytt, og þar sem frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík, sem nú verður lagt að nýju fyrir Alþingi, væntanlega verður að lögum, þarf jafnframt að afnema það misrjetti, sem

felst í að útsvarsgreiðsla er skilyrði fyrir kosningarrjetti, því að eftir því lagafrumvarpi verður misrjettið enn hróplegra

Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar, sem fylgdi frumvarpinu í fyrra og tekin er upp hjer á eftir:

Lög þau, sem nú gilda um kosningar í Reykjavík eru orðin úrelt að mörgu leyti, enda hefir á undanförnum árum verið rætt mikið um breytingar á þeim.

Bæjarstjórnin hefir nú samið þetta frumvarp til kosningalaga fyrir bæinn og samþykt það með 10 atkvæðum gegn einu á fundi sínum 15. febr. 1923.

Við 1. gr.

Felt er burt sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, að greitt sje gjald í bæjarsjóð, og er það nauðsynlegt, ef frumvarp það til laga um bæjargjöld í Reykjavík, sem nú verður lagt fyrir Alþingi, verður að lögum, því að þá mun ekki verða lagt útsvar á marga, sem nú bera lágt útsvar. Önnur breyting á kosningarrjettarskilyrðum er, að sveitarstyrkur vegna elli, heilsubrests, ómegðar og atvinnuleysis á ekki að svifta kosningarrjetti. Þetta er eina atriðið annað en aldurstakmarkið í frumvarpi þessu, sem varð að deiluefni í bæjarstjórninni, en það var samþykt með 7 atkvæðum gegn 6.

Við 2. og 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum á að semja kjörskrá í hvert skifti og kosning fer fram, og þar sem reglulegar bæjarstjórnarkosningar eiga að fara fram í janúarmánuði, verður kjörskráin að vera tilbúin fyrir miðjan janúar, og á sama tíma á að semja alþingiskjörskrá.

Kjörskrárnar þarf að semja eftir síðasta manntali, sem fer fram seint í nóvember, og það getur ekki verið tilbúið fyr en um nýár, og verður því alt of naumur tími til kjörskrársamningar þegar fjölmennið er orðið mikið. Á síðustu alþingiskjörskrá eru 8001 kjósendur. Þess vegna gerir frumvarpið ráð fyrir, að alþingiskjörskráin gildi einnig við aðrar kosningar í bænum, en samin verði viðbótarskrá 6 vikum áður en kosning fer fram og almenningi þá enn gefinn kostur á að fá skrárnar leiðrjettar. Með þessu móti má gera ráð fyrir, að kjörskráin verði svo fullkomin, sem þess er kostur. Sjálfsagt virðist að taka fram berum orðum í lögunum, að ekki megi breyta kjörskrá eftir að hún er fullgerð.

Við 4. gr.

Kjörstjórn verður óbreytt eins og nú, en með því að hlutfallskosning er lögleidd í bæjarstjórninni, eru ákvæði sett um skipun varamanna.

Við borgarstjórakosningu er forseti bæjarstjórnar nú oddviti kjörstjórnar, og virðist rjett að fela honum einnig það starf í forföllum borgarstjóra.

Við 5. gr.

Vegna ákvæðanna í 7. gr. er nauðsynlegt, að listar þeir, sem kjósa á um, verði kunnir svo snemma, að líkindi sjeu til, að fjarstaddir kjósendur geti notið rjettar síns.

Við 7. gr.

Það þykir rjett að gefa sjómönnum og öðrum fjarstöddum kjósendum tækifæri til að greiða atkvæði, þótt ekki geti þeir mætt á kjörstað á kjördegi.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli bæjarstjórnar Reykjavíkur og óbreytt eins og það kom frá henni, en flutningsmenn hafa óbundnar hendur um einstök atriði frumvarpsins.

(C. VI, 1).

Ed. **77. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun sparnaðarnefndar.

Flm.: Jónas Jónsson, Guðm. Ólafsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til að rannsaka hvort spara mætti útgjöld við starfsmannahald landsins, einkum í Reykjavík. Jafnframt skal nefnd þessi gera tillögur um, hvort tiltækilegt þætti að skipa eina eða fleiri ólaunaðar nefndir milli þinga, til að undirbúa samfærslu embætta í stórum stil.

(C. VII, 1).

Ed. **78. Tillaga**

til þingsályktunar um skrifstofur landsins í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Ingvar Pálmason.

Efri deild Alþingis skorar á stjórnina að gera sem allra fyrst ráðstafanir til að flytja skrifstofur þær, er hjer skal greina í Landsbankahúsið, Pósthúsið eða húseign landsins í Bröttugötu: Skrifstofu lögreglustjóra, bæjarfógeta, skattstofuna, veðurfræðistofnunina, vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara landsins.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var samþykt áskorun til stjórnarinnar sama efnis. En tregða hefir orðið á framkvæmdum með að flytja sumar þessar skrifstofur, með því að hlutaðeigandi embættismenn vilja heldur hafa skrifstofurnar í heimahúsum. Fyrir utan hið mikla húsrúm á tveim efstu hæðum Landsbankans, sem enn er hvergi nærri fullnotað, hefir landið til umráða töluvert húsrúm í Pósthúsinu, bæði skrifstofu landsfjehirðis, sem var, og þó einkum á efsta lofti. Þar að auki á landið allstórt hús í Bröttugötu, sem myndi vera mikill hagnaður að geta notað, t. d. fyrir skrifstofu lögreglustjóra, eða fyrir vissa deild hennar, t. d. varðstöðina, sem Landsbankastjórnin hefir beðist undan að hafa í bankanum.

(A. XVIII, 2).

Nd. **79. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vjer höfum ekki getað fallist á, að rjett sje, að frv. þetta verði að lögum. Legkaup var afnumið hjer á landi með lögum um sóknargjöld, 30. júlí 1909, en með lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, er legkaup lögleitt að nýju fyrir þá eina, sem grafnir eru í kirkjugörðum Reykjavíkur, og er í þeim lögum jafnframt heimilað að taka eignarnámi land undir »nýjan kirkjugarð« í Reykjavík, og að verja alt að 10 þús. kr. úr landssjóði í því skyni. Gamli kirkjugarðurinn var um þessar mundir nærri útgrafinn, og var óumflýjanlegt að fá nýjan eða stækkaðan grafreit. Því máli lyktaði með því, að stjórnin árið 1917, eftir undangengnar samningaumleitanir og annan undirbúning á árinu 1916, keypti land úr »Nýjatúni«, áfast við gamla kirkjugarðinn, gegn aðvörun og mótmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem hafði sannfært sig um, að þetta svæði var óhæft fyrir kirkjugarð.

Það kom nú brátt í ljós, að til þess að svæðið yrði notað, neyddist kirkjueigandinn (landssjóður) til að láta flytja fyllingu á svæðið jafnóðum og það var tekið til notkunar, og varð af þessu mikill kostnaður fyrir ríkissjóð. Út af þessu bar fjárveitinganefnd Ed. 1923 fram frv. um að hækka legkaupið, svo að þar sem nú eru goldnar 2, 4 og 8 kr., þá verði eftirleiðis borgaðar 5, 10 og 20 kr., og liggur þetta frv. nú fyrir sem stjórnarfrumvarp.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að mistökin á vali landsins til stækkunar kirkjugarðsins og ekkert annað sje ástæðan fyrir framkomu þessa frv. En nú er þetta svæði eftir örfá ár fullnotað, og því ástæða til að gera nú þegar gangskör að því að fá nýjan grafreit. Mætti þá vænta þess, að betur tækist til,

og að kostnaður kirkjueiganda yrði hóflegur, en þá sýnist vera ósanngjarnt að lögleiða nú svo gífurlega hækkun á þessu sjerstaka legkaupi Reykjavíkur. Það er því aðaltillaga vor, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Það verður yfir höfuð að tala að teljast óeðlilegt, að legkaupsskylda sje ekki hin sama um alt land. Fyrir því munum vjer, ef tillaga vor um afgreiðslu málsins ekki nær fram að ganga, bera fram við 3. umræðu eða á annan hátt tillögur um að taka upp aftur legkaup fyrir land alt.

Samkvæmt þessu leyfum vjer oss að leggja til, að málið verði afgreitt með svo feldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti til þess, að stjórnin geri tafarlaust ráðstafanir til að útvega hentugra land undir kirkjugarð í Reykjavík en það, sem nú er notað, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. og frsm.
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Magnús Jónsson, með fyrirvara.

(A. XVIII, 3).

Nd. **80. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, var af fjárveitinganefnd efri deildar lagt fyrir Alþingi á þinginu 1923 og var samþykt í deildinni. En þar sem áliðið var þingsetu, varð frv. ekki útrætt í neðri deild.

Vjer undirritaðir nefndarmenn teljum óhjákvæmilegt annað en að hækkað verði nokkuð legkaupið, þar sem kirkjugarðurinn hefir orðið og mun halda áfram að verða allþungur baggi á ríkissjóði. En þegar litið er á hitt, að legkaup

er hvergi greitt annars staðar er hjer í Reykjavík, þykir oss fulldjúpt í árinni tekið í frv. þessu, en teljum sanngjarnt, að hækkunin nemi um helmingi frá því er nú er.

Viljum vjer þess vegna mæla með því, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. gr. frumvarpsins skal orða svo:

3. gr. laga nr. 38, frá 3. nóv. 1915, skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 4 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 8 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 16 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, múra upp gröf eða kringum leiði, og skal þá greiða 32 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 75 kr. fyrir það, og þar að auki 30 kr. legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.

Alþingi, 3. mars 1924.

Jón Kjartansson. framsm. Jörundur Brynjólfsson.

B. XXV, 2).

Nd. **Sl. Nefndarálit**

um frv. til laga um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. Jón Baldvinsson, fundaskrifari og framsögumaður.

Jón Kjartansson. Magnús Guðmundsson. Jörundur Brynjólfsson.

(B. XXXV, 1).

Ed. **82. Frumvarp**

til laga um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna.

Flutningsmenn: Jón Magnússon, Björn Kristjánsson, Eggert Pálsson, Halldór Steinsson, Hjörtur Snorrason, Ingibjörg H. Bjarnason, Jóhann Jósefsson og Jóhannes Jóhannesson.

1. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið, skulu ákvæði 52. gr. laga nr. 29, frá 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, einungis koma til framkvæmda að því er snertir þingskjöl og atkvæðagreiðslur um þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það er sammæli flestra manna, að aldrei hafi verið meiri þörf á að spara gjöld landssjóðs og draga úr þeim á hverr. þann hátt, er má. Nú er það eftir reynslu hinna síðari ára bert, að það mundi allverulegur sparnaður í því fólginn að fella niður prentun umræðuparts Alþingistíðindanna. En með því að telja verður, að það sje forsvaranlegt að láta vera að prenta umræðurnar, er lagt til, að þetta verði gert í sparnaðarskyni. Giska má á, að með því sparist um 20000 krónur fyrir hvert þing. Gert er ráð fyrir, að forsetar ákveði það, hvernig geyma skuli skrifaðar ræður og hver aðgangur verði fyrir stjórn, þingmenn og aðra til að kynna sjer þær.

(A. XX, 2).

Nd. **83. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Breytingarnar, sem frv. fer fram á, eru lenging á námstíma kennaraskólans úr 6 mánuðum í 7 mánuði á ári og að ensk tunga bætist í tölu námsgreina skólans.

Þar sem hagur kennara var bættur með lögum 28. nóv. 1919, þá er það

einsætt, að betri kjörum eiga að fylgja auknar kröfur um mentun kennara. Nefndarmenn eru á eitt mál sáttir um, að setja skuli strangari skilyrði um inntöku í skólann; telja sumir rjett, að gagnfræðapróf sje gert að inntökuskilyrði, en aðrir álíta heppilegra, af ýmsum ástæðum, að inntökuskilyrðin sjeu miðuð við tveggja ára unglingaskólanám, en vegna fjárhags ríkissjóðs sje ekki ástæða til að fara lengra í því efni að svo komnu en gert var í auglýsingu skólastjóra kennaraskólans í haust er leið. Ef námstími skólans er auk þess lengdur um einn mánuð á ári, þá vinst töluverður tími til að auka námið og kröfurnar til kennaraprófs. Það liggur í augum uppi, hvílík nauðsyn ber til að bætt sje við í tölu námsgreina skólans máli einhverra stórþjóðanna. Til þessa hefir dönsk tunga verið kend ein erlendra mála. En verði enskri tungu bætt við, eins og frv. gerir ráð fyrir, opnast kennarastjettinni víður bókmentaheimur og möguleikar til að leita til enskumælandi þjóða á námsferðum sínum.

Kostnaðarauki fyrir ríkissjóð er hverfandi lítill eða sama og enginn af þessum breytingum. Daglegur námstími í hverri deild er svo langur, að ekki verður á það bætt, enda auðvelt að draga af öðrum námsgreinum sem nemur því, er varið verður til enskukenslunnar, þar sem hert hefir verið á inntökuskilyrðunum. Kostnaður við ræsting, ljós og hita verður því sem næst hinn sami og verið hefir, því að æfingaskóli kennaraskólans hefir jafnan staðið frá 1. okt. til 15. maí. Námskostnaður nemenda eykst að vísu nokkuð, en þó ekki yfirleitt sem nemur dvalarkostnaði og atvinnumissi í einn mánuð, því bæði er 1.—20. október verðlítill tími fyrir þá, sem vinna fyrir kaupi, og oft stendur svo á ferðum, að nemendur verða að koma á líkum tíma til Reykjavíkur og nemendur annara skóla, sem byrja 1. október.

Af ofangreindum ástæðum leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 5. mars 1924.

Magnús Jónsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari og framsm.	Bernh. Stefánsson.
Sigurjón Jónsson.		Jón Kjartansson.

(B. XXIV, 3).

Nd. **84. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt, með reglugerð, er stjórn-

arráðið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum. Má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir afbrot, og skulu þær renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXXVI, 1).

Nd. **85. Frumvarp**

til laga um bygðarleyfi.

Flutningsmaður: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Enginn má flytja sig inn í framfærsluhjerað, hvort heldur er sveitar- eða bæjarfjelag, nema með samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar í því framfærsluhjeraði, sem hann ætlar að setjast að í.

2. gr.

Heimilt er bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í sveitum að ákveða með reglugerð, er stjórnarráðið samþykkir, nánari skilyrði fyrir bygðarleyfi í hlutaðeigandi kaupstað eða hreppi.

3. gr.

Nú sest maður að í framfærsluhjeraði án þess að hafa fengið þar bygðarleyfi, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum. Dvelji hann áfram í framfærsluhjeraðinu án þess að fá þar bygðarleyfi, skal hann sæta sömu sektum árlega. Húsráðandi, húseigandi eða jarðareigandi, sem tekur mann, sem ekki hefir fengið bygðarleyfi, í húsmensku eða leigir honum íbúð, þurrabúð eða jarðarafnot, skal og sæta sektum, frá 200—500 krónum.

4. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið niðurlag 10. greinar og 11. grein í lögum um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, 22. nóv. 1907, og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Á síðustu árum fer aðstreymi fólks til kaupstaða og sjávarþorpa stöðugt vaxandi. Er þetta jafnhættulegt fyrir sveitirnar, sem missa þannig vinnukraftinn, og fyrir kaupstaðina, sem verða ofhlaðnir fólki, svo atvinnuleysi fer þar vaxandi. Í annan stað er hinn stutti sveitfestistími mjög hættulegur fyrir sum framfærsluhjeruð, ef þau hafa engan íhlutunarrjett um það, hverjir setjast þar að. Virðist sanngjarnt, að hvert framfærsluhjerað ráði sjálft nokkru um það, hverjir verði þar sveitlægir.

Þar sem ástæður fara mjög eftir staðháttum, virðist rjettara að heimila hverju framfærsluhjeraði að setja reglur um skilyrði fyrir bygðarleyfi þar heldur en að ákveða þær nánar í lögum.

Telja má víst, að sveitar- og bæjarstjórnir beiti lögum þessum frjálslega og neyti ekki um bygðarleyfi nema brýn nauðsyn sje til.

Rjett virðist, að lög þessi gangi ekki í gildi fyr en eftir næstk. fardaga, svo þau komi ekki í bága við samninga, sem þegar eru gerðir.

(A. XXIII, 2).

Nd. **86. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breyting á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907.

Frá landbúnaðarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar telur ástæður þær, sem atvinnu- og samgöngu-

málaráðuneytið hefir vísað til í athugasemdum sínum við frumvarp þetta, rjettmætar, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 5. mars 1924.

H. J. Kristófersson, form., með fyrirvara.	Árni Jónsson, fundaskrifari.	Pjetur Þórðarson, frsm.

Björn Líndal. Halldór Stefánsson.

(B. XXXVII, 1).

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Sjerstök lánadeild skal stofnuð við Landsbanka Íslands, sem annast lánveitingar til jarðabótaframkvæmda o. fl. samkvæmt lögum þessum. Deildin nefnist Búnaðarlánadeild.

2. gr.

Til ársloka 1926 leggur Landsbanki Íslands deildinni til alt að 500 þús. kr. á ári til útlána. Sjerstakan reikning skal bankinn halda um deildina.

3. gr.

Tilgangur deildarinnar er:

1. að veita lán til jarðabóta með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán til jarðabóta, til stofnunar nýbýla og til stofnunar mjólkurbúa til smjör- og ostagerðar, trygt með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda (sbr. 17. gr. laga nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands), er hafa með höndum samvinnumannvirki til jarðabóta, svo sem áveitu á engi, samgirðingar eða önnur álika mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgjöldum af eignunum, með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.

4. gr.

Tryggingar fyrir lánum ákveður stjórn Landsbanka Íslands með reglugerð, í samræmi við 12.—20. gr. í lögum nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, að fengnum tillögum frá Búnaðarfjelagi Íslands.

5. gr.

Umsókn um lán úr deildinni skal jafnan fylgja áætlun um kostnað við þá landbúnaðarframkvæmd, sem lánið er tekið til, gerð af manni, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gildan, enn fremur áætlun um væntanlegan arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar.

6. gr.

Stjórn Landsbankans skal leita umsagnar Búnaðarfjelags Íslands um lánveitingar úr deildinni.

7. gr.

Lán veitist því að eins úr deildinni, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu framkvæmda sem svarar a. m. k. $^1/_3$ kostnaðar við þær. Alt að helmingi lánsins má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið og skoðun hefir farið fram á því, á kostnað lántakanda, framkvæmd af mönnum, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gilda. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

8. gr.

Vextir af lánum úr deildinni mega ekki vera hærri en 4% og lánstíminn eigi skemri en 20 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

9. gr.

Þá er lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands komast til framkvæmdar, skal deild þessi leggjast niður og hverfa inn í hann með þeim hætti, sem stjórnarráðið ákveður í samráði við stjórn Landsbanka Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924. Tekur Búnaðarlánadeildin þá þegar til starfa. Framlag Landsbankans til deildarinnar árið 1924 skal vera alt að 250 þús. kr.

Greinargerð.

Langt er síðan raddir hafa heyrst um það, að mikil þörf væri á, að aðgangur væri greiðari að lánsstofnununum um lán til landbúnaðarframkvæmda og lánskjörin væru hagstæðari og í betra samræmi við rekstur þess atvinnuvegar.

Á Alþingi 1916—17 var samþykt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á landsstjórnina að hlutast til um, að komið yrði upp lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Á Alþingi 1917 var borin fram fyrirspurn til landsstjórnarinnar um framkvæmdir í málinu, sem þá höfðu enn engar orðið. Á Alþingi 1919 var enn samþykt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á landsstjórnina »að hlutast til um, að komið verði sem fyrst á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, er veitt geti bændum hagkvæmari lán til búnaðarbóta en nú er kostur á«. Þá var Böðvar Bjarkan lögfræðingur sendur til útlanda til þess að kynnast erlendum fasteignalánsstofnunum og undirbúa málið í heild sinni. Samdi hann síðan frv. til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, sem peningamálanefnd bar fram á Alþingi 1921 og samþykt var á þinginu.

Síðan hefir staðið við sama. Er ástæðulaust að víkja að því hjer, hvað því veldur, að Ríkisveðbankinn hefir ekki verið stofnaður. Verður ekki sjeð, að hann verði fremur stofnaður í næstu framtíð.

Þetta er höfuðástæðan fyrir framkomu þessa frv. Alþingi hefir, eins og sýnt er hjer að framan, margsinnis viljað bæta úr þörf landbúnaðarins fyrir hagkvæmari lán og gert ráðstafanir til að fullnægja henni. Þrátt fyrir allar þær ráðstafanir hefir þörfinni ekki verið fullnægt. Og nú hefir bæst enn nýtt við, sem gerir núverandi ástand enn verra. Bændur hafa hingað til getað fengið dálitla úrlausn um lán til landbúnaðarframkvæmda úr Ræktunarsjóði. Nú er það kunnugt orðið, að ekki verður hægt að lána neitt úr þeim sjóði á þessu ári og ef til vill lengur.

Þegar ofan á þetta bætist hið erfiða peningaástand í landinu, er það augljóst, að verði ekkert gert til að bæta úr þörf bænda fyrir hagkvæm lán, hlýtur að verða stórkostleg stöðvun á öllum landbúnaðarframkvæmdum í landinu, sem myndi hafa í för með sjer mjög hættulegan afturkipp fyrir landbúnaðinn og baka landinu í heild sinni mikið tjón og valda atvinnuskorti.

Tilgangur frv. er að koma í veg fyrir þessar illu afleiðingar. En það er hins vegar ljóst, að ekki er ætlast til, að með því sje lagður grundvöllur að framtíðarskipulagi um lánveitingar til landbúnaðar. Frumv. er reist á grundvelli laganna um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, með hliðsjón af jarðræktarlögunum frá 1922. Er ætlast til, að skipulag það, sem frv. gerir ráð fyrir, sje að eins til bráðabirgða, sem á að hverfa með stofnun Ríkisveðbanka Íslands (sbr. 9. gr.), en það á að bæta úr hinni brýnustu þörf þangað til.

Meginatriðið, sem taka verður til athugunar um frv. þetta, er það, hvort fært sje að leggja svo fyrir, að Landsbanki Íslands leggi fram þá fjárhæð til Búnaðarlánadeildar, sem frv. gerir ráð fyrir. Um það atriði skal þetta tekið fram:

1. Ef athugaðir eru ársfjórðunga- og aðalreikningar Landsbankans frá því í árslok 1921, kemur í ljós, að það fje, sem bankinn jafnan hefir á reiðum höndum, sumpart í sjóði, sumpart í geymslu hjá Íslandsbanka, er að meðaltali $2^{3}/_{4}$ milj. kr. Sú upphæð breytist ekki mjög verulega, og er síst minni árið 1923 en árið 1922.

Þegar þess er gætt, að Landsbankinn hefir stóran sparisjóð og hlaupareikning og verður jafnan að vera viðbúinn að aðstoða ríkissjóð um fjárframlög, er það ljóst, að bankinn verður jafnan að hafa mikið handbært fje. Þar sem fjármálaástandið hefir verið mjög erfitt og ótryggleiki mikill um allan atvinnurekstur, verður gætni bankastjórnar Landsbankans í þessu efni vitanlega ekki löstuð. En ekki virðist fjarri að gera ráð fyrir, að þetta, að Landsbankinn hefir jafnan svo mikið handbært fje, stafi a. m. k. meðfram af þeirri sjálfsögðu varúð bankastjórnarinnar, á slíkum tímum sem þessum, að festa ekki fje um of, er nálega allur atvinnurekstur stendur á svo ótryggum grundvelli, að óvíst er að beri sig.

Nú mun því hinsvegar ekki verða neitað, að skynsamlega framkvæmdar búnaðarframkvæmdir sjeu hið tryggasta um að gefa arð á þessu landi, að vísu ekki mjög skjótan, en því tryggari til frambúðar.

Þar sem í frv. þessu eru gerðar sjerstakar ráðstafanir til þess að tryggja að ekki sje lánað til annara búnaðarframkvæmda en þeirra, sem örugglega munu gefa góðan arð, og þar sem sjerstaklega tryggilega á að ganga frá veðum fyrir lánum, í samræmi við Ríkisveðbankalögin, virðist með skírskotun til þess, sem áður er sagt, mega draga af þessu þá tvöföldu ályktun:

að Landsbankinn geti lagt fram fje það til Búnaðarlánadeildar, sem frv. gerir ráð fyrir, og

að það sje líka heppilegt frá sjónarmiði bankans að geta ávaxtað fje almennings á þennan hátt.

2. Á síðasta þingi var borin fram fyrirspurn um það, hvernig veltufje bankanna skiftist milli atvinnuveganna. Treystust bankarnir ekki til að veita svör við því að sinni, en hjetu góðu um að láta rannsókn fara fram, sem leyst gæti úr þeirri fyrirspurn. Nú mun sú rannsókn ekki hafa farið fram enn, en undirrót þessarar fyrirspurnar mun hafa verið sú, að engum blandast hugur um, að landbúnaðurinn hefir fengið hlutfallslega lítið af rekstrarfje bankanna að láni. Að vísu hefir flutningsmaður þessa frv., sem er yfirskoðunarmaður Landsbankans, gert lauslega áætlun um þá skifting rekstrarfjárins um áramótin 1922—23, sem benti í þá átt, að þessi almenna skoðun hefði við rök að styðjast, en þar sem sú athugun náði einungis til bankans sjálfs, en ekki til útbúanna, og þar sem ítarleg rannsókn á að fara fram um þetta atriði, þykir ekki rjett að geta þeirrar áætlunar frekar. Og svo er hins að minnast, að Íslandsbanki ræður yfir mun meira veltufje en Landsbankinn, og sá banki er aðallega verslunar- og sjávarútvegsbanki. Meðan ekki kemur annað fram virðist því óhætt að telja víst, að landbúnaðurinn sje mjög útundan um lánsfje hjá bönkunum. Þó er hann atvinnuvegur 40 % af þjóðinni, hefir orðið á eftir um að fylgjast með kröfum tímans, hefir því geysimikla þörf fyrir aukið rekstrarfje, enda mun ekki deilt um þýðing hans fyrir þrif þjóðfjelagsins og andlega og líkamlega hreysti þjóðarinnar.

3. Enn skal bent á þetta, að með miklum líkum, sem nálgast vissu, má gera ráð fyrir, að Landsbankanum aukist rekstrarfje von bráðar, þar sem telja má víst, að hann fái smátt og smátt aukinn seðlaútgáfurjett í sínar hendur og að slík lán sem þessi verða að teljast svo sjerstaklega nauðsynleg, að þeirra vegna mætti fremur, ef nauður ræki til, draga úr annari lánastarfsemi, og ber þá

enn að sama brunni, að ekki sje ofmikið lagt á Landsbankann með framlögum þeim, sem honum er ætlað að veita Búnaðarlánadeildinni í frv. þessu.

4. Loks má geta þess, að frv. stofnar ekki til neins kostnaðar um starfsmannahald sem teljandi sje. Engin ný yfirstjórn flýtur af frv.

Hinsvegar er öldungis víst, nái frv. fram að ganga, að þá mun það draga úr hinu mikla atvinnuleysi í landinu og beina fjármagni bankans að þeim framkvæmdum, sem eru þjóðinni farsælastar og gefa jafnframt tryggastan arð.

(B. XXXVIII, 1).

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um aðflutningsbann á ýmsum vörum.

Flutningsmenn: Halldór Stefánsson og Þjetur Þórðarson.

1. gr.

Með lögum þessum er bannað að flytja til landsins þær vörutegundir, er nú skulu greindar:

a. Allar brauðtegundir.
b. Smjör, smjörlíki og öll önnur feiti, nema til iðnaðar.
c. Ostur allskonar.
d. Saltkjöt, flesk, pylsur.
e. Niðursoðið kjöt- og fiskmeti og allar aðrar niðursuðuvörur, nema mjólk.
f. Egg, aldini, nema epli og sveskjur.
g. Kaffibætir, súkkulaði, síróp, hunang, brjóstsykur, vindlingar.
h. Öl, gosdrykkir, ávaxtavín.
i. Hverskonar vefnaðarvörur og tilbúinn fatnaður og höfuðföt, nema tvistdúkar, ljereft (stout dowlas), molskinn, nankin, boldang, segldúkur, pokar og pokastrigi, fiskumbúðir (Hessian), lóðarbelgir, lampakveikir, sáraumbúðir, regnkápur, sjóklæði; enn fremur eru undanþegnar banni vefnaðarvörur, sem unnar eru úr íslenskri ull í erlendum (norskum) tóvinnuverksmiðjum, enda sjeu þær ætlaðar eingöngu til heimilisnota, en eigi til sölu.
j. Loðskinn, hanskar, reiðtýgi, töskur, veski og aðrar vörur úr skinni, fjaðrir til skrauts, fiður og dúnn.
k. Skófatnaður úr skinni, nema sjóstígvjel.
l. Skósverta, kerti, sápur, ilmvötn.
m. Tilbúin stofugögn.
n. Lifandi jurtir og blóm, jólatrje.
o. Brjefspjöld, myndabækur, veggmyndir, kvikmyndir.
p. Úr, klukkur og hverskonar gull-, silfur-, plett-, eir- og nikkel-vörur.

r. Hljóðfæri hverskonar og grammófónplötur.
s. Bifreiðar, reiðhjól.
t. Glysvarningur og leikföng, hverju nafni sem nefnast, flugeldar.

2. gr.

Þær vörur, sem komnar eru í skip í útlöndum áleiðis hingað, þegar lög þessi öðlast gildi, og skipið heldur að fermingu lokinni tafarlaust til hafna hjer á landi, má flytja inn á sama hátt og hingað til.

3. gr.

Nú verður ágreiningur um það, hvort einhver vörutegund er leyfð eða bönnuð samkvæmt 1. grein, og sker þá atvinnumálaráðuneytið úr því, og er það fullnaðarúrskurður.

4. gr.

Heimilt er stjórnarráðinu að skipa þriggja manna nefnd til að ákveða verðlag á innlendum iðnaðarvörum og bannvörubirgðum þeim, sem í landinu eru, þegar lögin öðlast gildi, og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmda lögum þessum.

5. gr.

Hver verslun eða vöruinnflytjandi skal senda Hagstofu Íslands, eigi síðar en tveim mánuðum eftir að lög þessi öðlast gildi, sundurliðaða skýrslu um birgðir sínar af öllum þeim vörum, sem með lögum þessum er bannað að flytja inn, eins og þær voru um síðustu áramót. Skal skýrslan undirrituð af eiganda eða prókúruhafa verslunarinnar og lagt við drengskaparorð, að rjett sje frá skýrt. Samskonar skýrslur skulu allir vöruinnflytjendur og verslanir senda hagstofunni um hver áramót á meðan lög þessi eru í gildi.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 1000—50000 króna, og vörurnar upptækar. Sje brotið ítrekað, getur það, auk sekta, varðað einföldu fangelsi. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1926. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 1, 8. mars 1920.

Greinargerð.

Verðgildi íslenskrar krónu er bæði lágt og óstöðugt, og fer sífelt fallandi

Ef þessu fer fram um lággengið, þá er fjárhagslegt sjálfstæði þjóðar og einstaklinga í hættu.

Tilraunir þær, sem til þessa hafa verið gerðar til viðrjettingar genginu, hafa reynst árangurslausar.

Nú er orðin almenn sannfæring fyrir því, að eina haldkvæma ráðið til að stöðva gengisfallið og rjetta við gengið sje að takmarka innflutninginn, fyrst og fremst á óþarfavarningi og lítt þörfum varningi, og þar næst á þeim varningi, sem framleiða má í landinu sjálfu, eða sem nóg er til af í landinu til bráðabirgða.

Óskir og hvatningar um að lögleiða nú þegar innflutningsbann á ýmsum vörum hafa komið fram í þingmálafundagerðum víðsvegar að í landinu. Eindregnar tillögur stjórna beggja bankanna og ummæli landsstjórnarinnar nýverið á þinginu ganga í sömu átt.

Það virðist því ekki lengur verða hjá því komist, að Alþingi taki mál þetta til alvarlegrar athugunar.

Verið getur, að í þinginu verði skiftar skoðanir um það, í hverju formi innflutningshöft eigi að vera, eða hversu víðtæk til þess að ná því takmarki, sem stefnt er að. Vjer flutningsmenn teljum ekki megi fara öllu skemra en ákveðið er í 1. grein frumvarpsins. Eftir verslunarskýrslunum 1921 má ætla, að verðgildi þeirrar innflutningsvöru, sem ætlast er til að heftur verði innflutningur á eftir 1. grein, myndi hafa numið þá nál. $8^{3}/_{4}$ miljónum króna. Líklegt er, að verðgildi sömu vörutegunda og vörumagn sje ekki nú að verulegum mun minna, og með fallandi gengi yrði það sennilega heldur meira.

Með innflutningshöftunum á að nást það, sem um mörg undanfarin ár hefir árangurslaust eða árangurslítið verið unnið að með fortölum, þ. e. sparnaður einstaklinganna og losun starfsfjár til viðskifta og skuldalúkninga.

Jafnframt ættu innflutningshömlurnar að styðja að aukinni framleiðslu í landinu sjálfu.

Nánar í framsögu.

(B. XII, 3).

Nd. **89. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr. laga nr. 10, 27. júní 1921, skal orða þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum. Konungur skipar sendiherra. Ef fje er veitt til sendisveitarritara, skipar ráðherra hann.

(A. XVIII, 4).

Nd. **90. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

3. gr. laga nr. 38, frá 3. nóv. 1915, skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 4 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 8 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 16 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, múra upp gröf eða kringum leiði, og skal þá greiða 32 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 75 kr. fyrir það, og þar að auki 30 kr. legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXIX, 2).

Nd. **91. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um veð, nr. 18, 4. nóv. 1887.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og mælir með því, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. — Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Magnús Jónsson. — Jón Kjartansson.

Jörundur Brynjólfsson, framsm.

(A. XVII, 4).

Ed. **92. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. mars 1924.

Jón Magnússon, form. Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.

Ingvar Pálmason.

(C. VIII, 1).

Nd. **93. Tillaga**

til þingsályktunar um ábyrgð ríkissjóðs fyrir lántöku til skipakaupa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Alþingi ályktar að gefa ríkisstjórninni heimild til, að ríkissjóður ábyrgist alt að 500000 króna hagkvæma lántöku til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði, gegn viðunanlegri tryggingu og öðrum þeim skilyrðum, sem nauðsynleg má telja frá hálfu ríkissjóðs.

(B. XXXI, 2).

Ed. **94. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921. [Friðun rjúpna].

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála flutningsmanni frumvarpsins um það, að nauðsyn beri til að framlengja nokkuð friðunartíma rjúpnanna frá því, sem lögin nú ákveða. En telur að tveggja ára framlenging muni reynast nægileg í stað þriggja, sem farið er fram á í frumvarpinu.

Hins vegar álítur nefndin rjettara, úr því hreyft er við lögunum á annað borð, að þá verði rjúpurnar látnar njóta þess, að því leyti, að tímabilið, sem í framtíðinni er ætlast til, að líði á milli hins fastákveðna friðunarárs, verði stytt að þriðjungi.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

1. Í stað »1927« komi: 1926.
2. - — »7. hvert ár« komi: 5. hvert ár.

Alþingi, 10. mars 1924.

Eggert Pálsson, form. og framsögum.
Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.

Sigurður Jónsson.

(B. XXXIX, 1).

Nd. **95. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. júní 1923. [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsmaður: Ásgeir Ásgeirsson.

Aftan við lagagreinina bætist:
Lína frá Mýrum að Núpi í Dýrafirði.
Lína frá Holti í Önundarfirði í Valþjófsdal út á Ingjaldssand.

Greinargerð.

Það er nauðsyn vegna Núpsskólans að leggja þangað símalínu frá Mýrum. Vegalengdin er um 5 km. Valþjófsdalur og Ingjaldssandur eru mjög afskektir og oftlega illfært til annara bygðarlaga, einkum frá Ingjaldssandi. Væri mikil bót að síma vegna læknisvitjana o. fl., enda er þetta eina samgöngubótin, sem hægt er að veita þessum afskektu dölum. Vegalengdin frá Holti á Ingjaldssand mun vera nálægt 15 km.

Kostnaðarhliðina þarf ekki að ræða í þessu sambandi, þar sem ekki kemur til framkvæmda án sjerstakra fjárveitinga í fjárlögum.

(B. XL, 1).

Nd. **96. Frumvarp**

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fiskjarins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fiskjarins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, er ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fiskjar í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fiskjarins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50 þúsund krónum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram á síðasta þingi, en var þá felt. Greinargerð þessi fylgdi frv.:

»Þær almennu ástæður, sem bornar eru fram fyrir frv. um einkasölu á síld, eiga að mestu einnig við um frv. þetta. En gott skipulag á sölu fiskjarins er þeim mun mikilsverðara, að fiskveiðarnar eru annar aðalatvinnuvegur landsmanna, og mistök þar hafa stórkostlegri og háskalegri afleiðingar fyrir landsmenn, eins og reynsla undanfarinna ára hefir því miður sýnt.

Einstakar greinar frv. þykir ekki þörf að skýra«.

(B. XLI, 1).

Nd. **97. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á allri þeirri síld, sem útflutningshæf telst og veidd er hjer við land og verkuð er í landi eða landhelgi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði síldarinnar, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði síldar skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af síld. Af tekjum þeim, sem ríkissjóður þannig fær af söluverði síldar, má verja alt að 50% til að leita uppi nýjan markað fyrir síld og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði útfluttrar og seldrar síldar í íslenskum peningum, þótt andvirði vörunnar sje greitt í erlendri mynt.

6. gr.

Andvirði seldrar síldar athendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða alt að 50 þúsund króna sektum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög þau eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á Alþingi 1923, en varð þá eigi útrætt. Frv. fylgdi þá svo látandi greinargerð:

»Síldarútvegurinn er orðinn það stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að ekki verður lengur gengið fram hjá því skipulagsleysi, sem ríkt hefir í þeim atvinnuvegi síðan 1919, sjerstaklega að því er sölu síldarinnar snertir. Þetta hefir síldarútvegsmönnum sjálfum líka verið ljóst, því 1921 leituðu þeir aðstoðar löggjafarvaldsins til þess að koma skipulagi á þennan atvinnuveg. Þingið tók að vísu vel í þetta mál, en nokkur mistök urðu á afgreiðslu þess, fyrir þá sök, að málið var svo seint á ferðinni í þinginu, að afgreiðsla þess varð nokkuð flaustursken d.

Með þessu frv. er það trygt, að hægt er að hafa fult skipulag á framboði og sölu síldarinnar erlendis. Þegar öll síldin, sem veiðist, er á einni hendi, er hægt að haga sölunni þannig, að ekki verði boðið fram meira í einu en mark-

aðurinn þolir. En annað enn mikilsverðara í frv. er þó það, að ríkisstjórnin hefir til umráða fje til þess að finna nýja markaði og gera tilraunir í þá átt. Þetta mundi verða ofvaxið þeim einstaklingum, sem nú reka síldarsöluna. Atvinnuvegurinn er, eins og nú stendur, of mikið áhættuspil til þess, að þeir geti ráðist í að gera kostnaðarsamar tilraunir til að finna nýja markaði. En ríkinu er þetta alt auðveldara. Það getur valið úr starfskröftum til að vinna að þessu. Og það getur fyrir milligöngu fulltrúa sinna erlendis notið ívilnana, sem einstaklingar ekki verða aðnjótandi.

Nokkuð hefir verið um það rætt, að þörf muni vera á að takmarka veiði á síld. Í frv. er ekki gert ráð fyrir þessu. Á hitt verður að leggja aðalábersluna, að koma skipulagi á söluna og vinna nýjan markað fyrir síldina. Telji þingið þetta nú samt sem áður nauðsynlegt, mætti bæta ákvæði um þetta inn í frv., ef hægt er að finna færa leið til að koma slíkri takmörkun í framkvæmd.

Um 1. gr.

Einkasalan tekur fyrst og fremst til allrar þeirrar síldar, sem söltuð er í tunnur á venjulegan hátt og ætluð er til útflutnings, en lögin ná einnig til síldar, sem kann að vera öðruvísi tilreidd. Um það, hvort síld skuli talin útflutningshæf eða ekki, ráða að sjálfsögðu síldarmatslögin. En þar sem þau ekki ná til, verður ríkisstjórnin eða umboðsmaður hennar að skera úr.

Um 2. gr.

Ríkisstjórnin verður að hafa víðtækar heimildir til þess að geta skipað fyrir um alt, sem snertir afhending síldar til útflutnings, skyldu eigenda til að geyma síldina o. s. frv.

Um 3. og 4. gr.

Kaup þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar til að hafa söluna á hendi, svo og skrifstofukostnaður þeirra, telst og með kostnaði við sölu og útflutning síldar. En auk þess renna 2% af söluverðinu í ríkissjóð. Og má verja, og ætti að verja, helmingi þess fjár til að leita nýs markaðs fyrir íslenska síld, þar til lítil eða engin hætta er orðin á því, að við getum ekki selt alla þá síld fyrir viðunandi verð, sem landsmenn geta veitt. Síldarútflutningsgjaldið, sem nú er 1 kr. 50 a. á hverja síldartunnu, fellur niður, ef frv. verður samþykt.

5.—8. gr. virðast ekki þurfa skýringar við.

Um 9. gr.

Lögunum er ætlað að ganga í gildi 1. júlí 1923, og kæmu þau þá þegar í framkvæmd á komandi sumri«.

(B. XLII, 1).

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Jakob Möller, Magnús Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Í Reykjavík skal vera ljósmæðraskóli.

2. gr.

Fyrir »6 mánuðir« í 2. gr. komi: 9 mánuðir.

3. gr.

Í 3. og 7. gr. laganna komi: ljósmóðir í stað »yfirsetukona«.

4. gr.

Aftan við 4. gr. bætist:
Þær námskonur einar fá styrkinn, sem skuldbinda sig til að takast á hendur að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 5 ár samfleytt, nema sjerstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að fullu að öðrum kosti.

5. gr.

Eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 5. og 6. gr., svo hljóðandi:

a) 5. gr.

Inntaka í ljósmæðraskólann skal bundin þessum skilyrðum:

1. Innsækjandi sýni skírnarvottorð, bóluvottorð og heilbrigðisvottorð, síðferðisvottorð frá sóknarpresti og vottorð um að hafa lokið fullnaðarprófi barna.
2. Innsækjandi skal sýna skilríki frá hreppsnefnd og sýslumanni um það, að henni sje ætlað ákveðið ljósmóðurumdæmi að loknu prófi.
3. Innsækjandi sje ekki yngri en 22 ára og ekki eldri en 35 ára. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarki, ef ástæða þykir.

b) 6. gr.

Tala námskvenna skal að jafnaði ekki vera hærri en 10—12.

6. gr.

5., 6. og 7. gr. verði 7., 8. og 9. gr.

7. gr.

8. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

8. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 15, 22. okt. 1912, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk stjórnar ljósmæðrafjelags Íslands og tilmælum landlæknis, og fylgja því svofeld ummæli ljósmæðrafjelagsstjórnarinnar:

Þriðji aðalfundur Ljósmæðrafjelags Íslands 29. júlí 1922 samþykti að fela stjórn fjelagsins að koma fram þeim breytingum á fyrirkomulagi ljósmæðraskólans, er hún teldi nauðsynlegar.

Undirritaðar ljósmæður, sem erum í stjórn Ljósmæðrafjelags Íslands og skipaðar erum kennarar í verklegri tilsögn námskvenna í ljósmæðraskólanum, leyfum oss því hjer með að senda hinu háa alþingi erindi um breytingar á lögum nr. 15, 22. okt. 1912, um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

Enda þótt vjer játum, að nokkur bót hafi fengist á fræðslu ljósmæðra hjer á landi með tjeðum lögum frá því sem áður var, höfum vjer þó fundið til þess, að annmarkar eru á þeim, og þeir sumir ekki alllitlir; þykjumst vjer að nokkru bærar um að dæma, þar sem við höfum á hendi svo að kalla alla verklega kenslu námskvenna og vitum vel um framfarir þeirra og hve færar þær mega teljast til að takast á hendur það vandastarf, sem þeim er ætlað að afloknu prófi. Oss er einnig kunnugt, að hvergi mun ljósmæðraefnum vera ætlaður jafn stuttur námstími eins og hjer á landi, og það jafnvel þótt hjer sje enn engin fæðingarstofnun, er þær geti notið verklegrar fræðslu og æfinga á, eins og tíðkast í öðrum löndum, en þar hefir þó jafnvel komið til mála að lengja námstímann svo, að hann yrði þar tvö ár.

Vjer þykjumst vita, að námsstúlkurnar muni að öllum jafnaði geta lokið nokkurnveginn sæmilega hinu bóklega námi á þeim 6 mánuðum, sem tjeð lög ætla þeim til námsins, en hitt vill ábresta heldur, að þær geti notið nógu vel verklegrar tilsagnar, þótt vjer höfum reynt að leggja við hana alla alúð, eftir því sem oss hefir verið frekast unt.

Ljósmæðranámi er svo varið, að verklegri kenslu verður ekki vel viðkomið fyr en námsstúlkurnar eru orðnar sæmilega að sjer í bóklegu fræðunum, en það er ekki fyr en áliðið er vetrar. Hjer við bætist, að það er engin leið að

láta þeim í tje nægileg verkefni til verklegra æfinga á svona skömmum tíma, sem þeim er skamtaður til námsins, þar sem hjer er að eins um að ræða einka-praxis þeirra ljósmæðra, sem kensluna hafa á hendi, meðan engin fæðingarstofn-un er hjer til.

Þó væri máske nokkur vegur til að bæta úr þessum skorti, ef lengdur væri námstíminn að nokkrum mun, því að þá mundi námskonur njóta betur tilsagnarinnar, og auk þess fá miklu fremur að fást við eitthvað verklegt, er kunnugt væri orðið, að þær væru farnar að verða nokkurnveginn færar til ein-hverra athafna upp á eigin spýtur.

Vjer förum því fram á, að námstíminn verði lengdur um 3 mánuði og verði 9 mánuðir.

Þá er annað atriði, sem oss finst varhugavert. Því verður ekki neitað, að það hefir viljað brenna við, af því að aðgangur að skólanum hefir verið næsta auðveldur, að ekki væri allskostar trútt um, að til skólans hafi stundum valist stúlkur, sem ekki hafa allar haft sem best skilyrði til námsins eða þeirrar stöðu, sem þeim er ætlað að afloknu prófi, enda komið fyrir að þær hafa, sumar hverj-ar, ekkert umdæmi tekið að sjer að prófi loknu, og aðrar setið í umdæmi 1 eða máske 2 ár, og sagt svo af sjer algerlega. Til þess að reyna að afstýra þessu viljum vjer reyna að fara þá leið, að þrengja að mun aðgönguskilyrði að skólan-um, með því að láta námsstúlkur skuldbinda sig til að taka þegar að sjer um-dæmi að afloknu prófi og þjóna umdæminu að minsta kosti ákveðinn árafjölda, og höfum vjer sett 5 ár sem stysta tímatakmark, en jafnframt viljum vjer setja inn ákvæði um að þær éndurgreiði námsstyrkinn að öðrum kosti, ef þær sanna ekki lögleg forföll. En það köllum vjer lögleg forföll, ef ljósmóðir fatlast að heilsu eða flytur af landi burt. Ætlum vjer að með þessum ákvæðum verði siglt fyrir þau sker, að skólann sæktu aðrar en þær, sem einlægan vilja hafa og áhuga á nám-inu og er það einbert alvörumál. Þetta kunna að þykja getsakir, en sannað mundum vjer geta, ef til kæmi, að þetta er ekki talað út í bláinn.

Þá þykir oss líka rjett að herða enn á inntökuskilyrðum í skólann með því að láta námskonur sýna þau vottorð, sem lögboðin eru við aðra skóla, og auk þess siðferðisvottorð frá sóknarpresti og kunnáttuvottorð frá þeim presti, sem þær hefir fermt, og árjetta þetta enn með vottorði frá prófnefnd fræðslunefnda eða frá skólanefnd. Námskonur þurfa að hafa að minsta kosti meðalgreind (helst meira!), ella gengur þeim aldrei námið, og vel skrifandi þurfa þær líka að vera (skýrslugerðir o. fl.). Þá finst oss heldur ekki nema sjálfsagt að gengið sje eftir skilríki um að hverri námskonu sje ætlað ákveðið ljósmæðraumdæmi að loknu prófi, svo að hún geti þegar tekið til starfa. Aldurstakmark ætlum vjer líka að heppilegt sje að hafa, og förum vjer fram á að það verði milli 22 og 35 ára.

Undanfarin ár hefir tala ljósmæðraefna oftast verið hátt á annan tuginn, alt að 17. En þar með er ekkert um það sannað, að þær hafi allar tekið að sjer ljósmæðraumdæmi þá þegar, og munu vera vanhöld nokkur á, ef eftir væri leitað. Allar hafa þær þó notið námsstyrksins í því skyni, að þær tækju þegar til starfa sem ljósmæður. Nú er hvorttveggja, að næsta ólíklegt er að fleiri ljósmæður þurfi í skörðin en 10 árlega, og hitt annað, er til kenslunnar kemur, að miklu mundi hún verða drýgri og notabetri, ef ekki væru of margar í senn námsstúlkurnar,

sem hennar ætla að njóta; tekur þetta einkum til verklegu kenslunnar. Bóknáminu kann að vera hægt að koma af, þótt þær sjeu upp undir 20, og þó líklega tæplega eins vel og vandlega eins og ef færri væru. Af þessum orsökum viljum vjer takmarka nemendatöluna og tiltaka 10 árlega, mest 12.

Þá er eftir að minnast á það atriðið, sem oft vill verða hvað viðkvæmast mörgum alþingismönnum og oft ráða alveg úrslitum um afdrif ýmsra málaleitana til þingsins, en það er kostnaðaratriði. Vjer höfum athugað málið einnig frá þessari hlið og fáum ekki sjeð, að kostnaðarauki þurfi nokkur að verða að þessu nýja fyrirkomulagi, ef uppástungur vorar verða allar teknar til greina. Námsstyrkur fyrir 10 stúlkur í 9 mán. verður engu hærri er fyrir 15 í 6 mánuði, og þótt þær yrðu 12, verður námsstyrkurinn ekki hærri en fyrir 18 stúlkur í 6 mánuði, en undanfarin ár munu námskonur hafa sjaldan verið færri en 15 til 17 árlega, — þetta ætti því ekki að verða til falls þeirri málaleitun, er hjer er framborin.

(A. XXIV, 1).

Nd. **99. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1923, veitast kr. 46306,05 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) veitast kr. 1636,85.

1.	Til raflagnar í sóttvarnarhúsið á Akureyri	kr.	411,85
2.	Til Guðm. Björnsonar landlæknis, upp í kostnað við för til Stokkhólms 1920	—	1225,00
		Samtals kr.	1636,85

3. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 30404,49.

1.	Kennari Sigurbj. Á. Gíslason, launabót 1922 og 1923	kr.	3000,00
2.	Kennari Guðm. Kristjánsson, launabót 1922 og 1923	—	3000,00
3.	Höfuðaðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri	—	130,06
4.	Til raflagningar í Hvanneyrarskóla	—	4729,52
5.	Til raflagningar í Háskólann	—	1401,75
6.	Til að mála Þykkvabæjarkl. og Langholtskirkjur	—	923,25
7.	Til raflagningar í Kennaraskólann	—	1201,50
8.	Til raflagningar o. fl. í Kirkjustræti 12	—	2128,06
9.	Til raflagningar í dómkirkjuna í Reykjavík	—	4539,49
10.	Til Guðm. Thoroddsen læknis: Kensla í lagalegri læknisfræði við Háskólann	—	500,00
11.	Til Jóns H. Sigurðssonar, hjeraðsl.: Fyrir aukakenslu við læknadeild Háskólans	—	1500,00
12.	Til viðgerðar skólahússins á Hólum	—	1797,11
13.	Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík	—	5553,75
		Samtals kr.	30404,49

4. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 14264,71.

1.	Til búnaðarfjelagsforseta Sig. Sigurðssonar: Ferðakostnaður til Noregs	kr.	2000,00
2.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði (til viðgerðar)	—	584,60
3.	Skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins	—	5780,11
4.	Til Ásgeirs Ólafssonar, til dýralækninganáms	—	400,00
5.	Til húsabóta á Hallormsstað 1921	—	5500,00
		Samtals kr.	14264.71

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 2. gr.

1. Þar sem þess var eindregið óskað, að rafmagn yrði lagt inn í sóttvarnarhúsið á Akureyri, þótti eigi ástæða til að hafa á móti því, enda um svo litla upphæð að ræða.
2. Landlæknir mun hafa fengið ádrátt um það hjá þáverandi dómsmálaráðherra, að einhver hluti af ferðakostnaðinum til Stokkhólms yrði greiddur úr ríkissjóði, og þar sem fjárveitinganefndir Alþingis, sem málið var borið undir, ekki lögðu á móti greiðslunni, var upphæð þessi borguð. Alls nam ferðakostnaðurinn kr. 3225,00.

Við 3. gr.

1.—2. Kennararnir Sigurbjörn Á. Gíslason við vjelstjóraskólann og Guðm. Kristjánsson við stýrimannaskólann hafa 1000 kr. lægri árslaun en kennarar við

aðra sambærilega skóla. Hafði neðri deild Alþingis samþykt að laun þeirra hvors um sig skyldu hækka um 1000 kr., en efri deild þótti eigi viðeigandi að breyta launalögunum að því er menn þessa snerti, en fjárveitinganefnd þeirrar deildar lagði hinsvegar til, að þeim yrði greidd 1500 kr. launauppbót. Þessi upphæð hefir þeim því verið greidd, hvorum fyrir sig, árin 1920 og 1921, og þótti því ekki nema eðlilegt að sama uppbót væri þeim greidd fyrir árin 1922 og 1923.

3. Þetta eru eftirstöðvar af höfuðviðgerð á gagnfræðaskólanum á Akureyri, sbr. 4. gr. 8 fjáraukalaga fyrir árið 1922, og vísast til athugasemda við frv. til nefndra fjáraukalaga.

4.—5. Sömuleiðis eftirstöðvar af raflagningarkostnaði í alþingishúsið (Háskólann) og á Hvanneyri, sbr. 4. gr. 5 og 11 fjáraukalaga fyrir árið 1922, og vísast til þá gerðra athugasemda um nefnda liði.

6. Samkvæmt skýrslu umboðsmanns, voru kirkjur þessar orðnar svo illa útlítandi, að eigi varð hjá því komist að mála þær og laga að ýmsu leyti. Var því umboðsmanni falið að gera þetta og kostnaðurinn greiddur úr ríkissjóði.

7. Eftirstöðvar af raflagningarkostnaði í Kennaraskólann, sbr. fjáraukalög fyrir 1922, 4. gr. 7.

8. Páverandi forstöðumaður gerlarannsóknarstofu Háskólans taldi óumflýjanlegt, að rafveita yrði lögð inn í Kirkjustræti 12, þar sem gerlarannsóknarstofan er til húsa, og þótti því ekki annað fært en að verða við þeirri beiðni.

9. Þar sem nauðsyn var orðin á að endurbæta og endurnýja gasljósaáhöld dómkirkjunnar, þótti rjettara að ráðast í að raflýsa kirkjuna nú, því það hefði hvort sem er þurft að gera mjög bráðlega.

10.—11. Þessir liðir höfðu af vangá fallið burt af fjárlögum fyrir árið 1923, en þar sem ætla má, að alls ekki hafi verið ætlunin að kensla sú, er um ræðir, skyldi falla niður, þótti eigi annað fært en að greiða þessar upphæðir.

12. Af fjárveitingunni til bændaskólans á Hólum 1922 gengu af kr. 1797,11 og var skólastjóra heimilað að nota þetta fje til viðgerðar á skólahúsinu, en þetta var þó um seinan til þess að þessu yrði ávísað á fjárlög þess árs.

13. Óumflýjanlegt hefir orðið að greiða meira fje til uppfyllingar á kirkjugarðinum, en nú er þeim kostnaði væntanlega að mestu lokið.

Við 4. gr.

1. Það þótti nauðsynlegt að senda búnaðarmálastjóra Sig. Sigurðsson til Noregs, til þess að kynna sjer þar mjólkursamvinnubú, með það fyrir augum að endurreisa hjer rjómabú. Ennfremur átti hann að kynna sjer nýbýlamálið þar, ásamt ýmsu fleiru, er að landbúnaði lýtur.

2. Sjóvarnargarðurinn skemdist af sjávargangi haustið 1922 og var því bráðnauðsynlegt að bæta úr til bráðabirgða.

3. Þetta er samskonar kostnaður við skrifstofuhald húsameistara og áður hefir verið veittur.

4. Þessum manni var samkv. 16. gr. 7 c. fjárlaga 1923 veittur 800 kr. styrkur til dýralækninganáms erlendis, en var síðar veittur þessi viðbótarstyrkur. Var styrkveiting þessi miðuð við það, að stúdentar, sem eru við nám í Kaup-

mannahöfn, fá 1200 kr. styrk, en þegar leið á árið 1923, var orðið fult eins dýrt að vera við nám í Þýskalandi, þar sem maður þessi dvelur, eins og í Kaupmannahöfn.

5. Vorið 1921 ákvað þáverandi ráðherra Pjetur Jónsson í samráði við skógræktarstjóra, að nota mætti 5500 kr. til lagfæringar á gamla skógarvarðarhúsinu á Hallormsstað, sem orðið var afarhrörlegt, og til að gera þar nýtt eldhús og búr, sem talið var óhjákvæmilegt. Var síðan sýslumanni falið að greiða skógarverðinum þetta fje, en sýslumanni láðist að biðja um endurgreiðslu þá, svo upphæðin var fyrst endurgreidd á árinu 1923.

(A. X, 2.).

Nd. 100. Nefndarálit

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Mentamálanefnd hefir klofnað um frv. þetta. Samt er nefndin sammála um margt, er mál þetta snertir.

Með frv. eru gerðar dálítið fyllri og ákveðnari kröfur um fræðslu barna við 14 ára aldur heldur en nú, auk þess sem prófskylda byrjar við 8 ára aldur. Aðalbreytingin frá núverandi fyrirkomulagi er samt sú, að skólanefndir eru annan veg kosnar en áður, og tryggilegar er frá því gengið, að kensla falli ekki niður í einstökum hjeruðum og að fræðslulögunum frá 1907 sje betur framfylgt. Ætti frv. þetta að verða að lögum, mundi mentamálanefnd geta orðið sammála um að gera við það nokkrar breytingartillögur.

Árið 1922 lá þetta frumv. fyrir Alþingi, og hafði mentamálanefnd neðri deildar það til meðferðar. Þetta frv. er þá lagt til hliðar, en í stað þess er samþykt breyting á fræðslulögunum frá 1907, þar sem kröfurnar eru í engu auknar, en rýrð allmikið tryggingin fyrir því, að það náist, sem krafist er. Afleiðingin af lagabreytingunni 1922 er sú, að veturinn 1922—1923 nota 25 fræðsluhjeruð sjer þá rýmkun, sem þar er gerð fyrir sveitirnar, til þess að sleppa við skólahald. Ekki er nú hægt að fullyrða, að börnin hafi í þessum 25 fræðsluhjeruðum borið minna frá borði hvað fræðslu snertir heldur en ef þau hefðu notið skólaveru. En hitt er aftur á móti fullvíst, að fræðslan í þessum hjeruðum hefir þennan eina vetur kostað bæði ríkissjóð og hjeruðin minna.

Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er stefnan öfug við það, sem Alþingi samþykti í þessu máli 1922, þar sem hjer er hvorttveggja í senn hert á fræðslukröfunum og tryggilegar um búið, að fræðslulögunum verði framfylgt. Fjárhagur ríkissjóðs hefir hins vegar stórversnað síðan 1922, og teljum vjer í meiri hluta nefndarinnar, að slæmar fjárhagsástæður ríkissjóðs sje fullkomin ástæða til þess, að Alþingi breyti ekki fræðslulögunum að þessu sinni á þann hátt, að útgjöld

ríkissjóðs aukist þar við svo nokkru nemi. En það teljum vjer, að þau myndu gera, ef frv. þetta ætti að verða að lögum.

Samkvæmt framansögðu leggjum vjer til, að háttv. deild afgreiði frv. þetta með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Jafnvel þótt deildin viðurkenni, að ýmislegt í frv. þessu sje til bóta frá þeim fræðslulögum, sem vjer nú höfum, þá lítur deildin þó svo á, að ekki sje unt, vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs nú, að gera nokkrar þær breytingar á nefndum lögum, sem hafi í för með sjer aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. mars 1924.

Magnús Jónsson, formaður. Jón Kjartansson,

Sigurjón Jónsson, framsögum.

(A. XIII, 2).

Nd. **101. Nefndarálit**

um frv. til laga um yfirstjórn og umsjón fræðslumála.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði felt, og er það af tveimur ástæðum.

Það ráðgerða fyrirkomulag á stjórn fræðslumálanna álítum vjer svo samsett og þungt í vöfum, að þar sje síst skift um til bóta frá því, sem nú er.

Í öðru lagi mundi þetta breytta fyrirkomulag hafa aukinn kostnað fyrir ríkissjóð í för með sjer.

Alþingi, 11. mars 1924.

Magnús Jónsson, form. Jón Kjartansson.

Bernh. Stefánsson. Sigurjón Jónsson, framsögum.

Ásgeir Ásgeirsson (með fyrirvara).

(B. XV. 2).

Nd. **102. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 28. 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Auk frv. þessa á þingskj. 39, hefir nefndin einnig haft til meðferðar annað frv., á þingskj. 26, sem einnig fer fram á breytingar á kosningalögunum, en nefndin getur ekki aðhylst aðalefni þess frv., en hefir haft það til hliðsjónar við samning tillagna sinna. Er því ekki að vænta sjerstaks álits frá nefndinni um frv. á þingskj. 26.

Það eru aðallega þrjár efnisbreytingar, sem frv. á þingskj. 39 fer fram á.

Nefndin er einróma sammála fyrstu efnisbreytingunni, að veita heimild til þess að skifta hreppi í tvær kjördeildir. Víða á landinu eru staðhættir þannig, að það er miklum erfiðleikum bundið að komast á kjörstaðinn, vegalengdin mikil og oft yfir slæmar torfærur að fara. Og ef hittist á vond veður á kjördegi, getur afleiðingin orðið sú, að fjöldi kjósenda sje útilokaður frá því að geta neytt kosningarrjettar síns. Nefndin telur sjálfsagt, að það sje lagt í vald sýslunefnda, hvort skifta skuli hreppi í kjördeildir, og lúta breytingartill. hennar að því.

Önnur efnisbreytingin, sem frv. þetta fer fram á, er fólgin í því, að flytja kjördaginn til laugardags í 10. viku sumars; en hann er nú hinn fyrsti vetrardagur.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála þessari efnisbreytingu. Hinn fyrsta vetrardag er allra veðra von og til sveita oft miklum erfiðleikum bundið að sækja kjörfund þennan dag. Að finna heppilegan dag að sumrinu væri því æskilegt. En þá ber einnig að líta á hitt, að mestar eru annirnar á sumrin, og þess vegna ilt að finna hagkvæman dag. Laugardagur í 10. viku sumars virðist ekki vera heppilega valinn. Getur hann fallið á tímabilið frá 23. til 29. júní, en þá stendur yfir aðalvorkauptíð til sveita. Hefir meiri hluti nefndarinnar þess vegna valið laugardaginn í 11. viku sumars, sem fellur á tímabilið frá 30. júní til 6. júlí, sem mun oftast verða í lok vorkauptíðar. Einnig gat komið til mála að taka laugardaginn í 12. viku sumars, en það þykir heldur seint vegna sláttar.

Tveir nefndarmenn, Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson, eru mótfallnir þessari efnisbreytingu og vilja halda þeim kjördegi, sem nú er, og gera þeir grein fyrir afstöðu sinni í umræðum málsins.

Þriðja efnisbreytingin, sem frv. þetta fer fram á, er fólgin í því að breyta kjörgögnunum, þannig, að hætt verði að nota stimplana, en í þess stað verði notaður blýantur, eins og við landskjörið.

Nefndin er einróma sammála um það, að óheppilegt sje að vera oft að breyta um kjörgögnin. Getur það orsakað truflun og rugl hjá kjósendum, en þeir eru nú farnir að venjast að nota stimpilinn. Hinsvegar er áríðandi, að kjörstjórnir

sjái um, að þessi kjörgögn verði ætíð í góðu standi og nægilegt til af þeim á kjörfundinum. Leggur nefndin þess vegna til, að þessi efnisbreyting verði feld.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar lagt til, að samþyktar verði nokkrar fleiri breytingar á kosningalögunum. Sumar leiða að vísu beinlínis af þeim efnisbreytingum, sem frv. fer fram á.

Þannig leggur meiri hluti nefndarinnar til, að kjörskrárnar gildi frá 20. júní til 19. júní næsta ár á eftir. Nú gilda kjörskrárnar frá 1. júlí til 30. júní næst á eftir, en þar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, að kjördagurinn verði laugardagurinn í 11. viku sumars, sem lendir á tímabilið 30. júní til 6. júlí, þykir heppilegt að breyta til um gildi kjörskránna, því ella yrði ýmist kosið eftir gömlum kjörskrám eða nýjum, eftir því hvort kjördagurinn yrði í júní eða júlí. Með þessari breytingu vinst það einnig, að kjörskrár verða ætíð nýjar á kjördegi, og er það einkar heppilegt. Og þótt þessi breyting verði gerð, er ekki þörf að breyta neitt til um samning kjörskránna, framlagning þeirra og fresti; getur það alt staðist, þótt skrárnar öðlist gildi 20. júní.

Þá er breyting og viðauki, sem meiri hluti nefndarinnar vill gera á 36. gr. kosningalaganna.

Breytingin er fólgin í því að koma á samræmi milli kosningalaganna og laga nr. 11, 18. maí 1920, um alþingiskosningar í Reykjavík, um hvaða einkenni eða merki á atkvæðaseðli geti gert hann ógildan. Þykir ákvæði kosningalaganna óþarflega strangt. Tveir nefndarmenn, Jörundur Brynjólfsson og Jón Baldvinsson, eru ósamþykkir þessari breytingu.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að því sje slegið föstu, að atkvæðaseðill verði eigi ógildur í tvímenningskjördæmi, þótt einungis einn sje kosinn. Má vera, að það sje heimilt samkvæmt kosningalögunum, en það mun föst venja hjá kjörstjórnum að ógilda slíka seðla, og þykir þess vegna rjett að taka af allan vafa. Verður kjósandi þá eigi neyddur til að láta mann fá atkvæði, sem hann vill eigi kjósa. Einn nefndarmanna, Jörundur Brynjólfsson, er ósamþykkur þessari tillögu meiri hlutans.

Þá leggur nefndin til, að lágmark þess tíma, er kosning skuli standa yfir, verði lengt úr 3 klukkustundum upp í 5 klukkustundir.

Aðrar breytingar nefndarinnar geta eigi ástæðu til frekari skýringa. Þeir nefndarmenn, sem hafa verið ósamþykkir einstökum tillögum, hafa að sjálfsögðu óbundnar hendur við atkvæðagreiðsluna.

Samkvæmt framanskráðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarp þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr.

Greinina skal orða svo:

Á eftir fyrri málsgr. 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem

mikill kjósendafjöldi, víðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílíkt, að skifta hreppi í tvær kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hvora kjördeild. Er hreppstjóri oddviti annarar, en hreppsnefndaroddviti hinnar, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hvorri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í aðra kjördeildina.

II. Við 2. gr.

Greinina skal orða svo:

a) Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslið 9. gr. laganna komi: kaupstað eða hreppi verið skift.

b) Í stað orðanna »1. júlí það ár til 30. júní« í sömu grein komi: 20. júní það ár til 19. júní.

III. Á eftir 2. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a) Í stað orðanna »1. júlí« í 10. gr. komi: 20. júní.

b) Í stað orðanna »(1. júlí)« í fyrri málslið 11. gr. komi: (20. júní). Í stað orðanna »1. júlí« í síðari málslið 11. gr. komi: 20. júní.

c) Í stað orðanna »1. júlí« í síðari málsgr. 14. gr. komi: 20. júní.

IV. Við 3. gr.

Greinin falli burt.

V. Við 4. gr.

Greinina skal orða svo:

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. komi: laugardagurinn í 11. viku sumars.

VI. Við 5. gr.

Greinin falli burt.

VII. Á eftir 5. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a) Í stað orðanna »er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum« í 36. gr. komi: er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.

Aftan við sömu gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gildur er seðill í tvímenningskjördæmi, þótt að eins einn sje kosinn.

b) Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

VIII. Við 6. gr.

Greinin falli burt.

Greinatalan fer eftir atkvæðagreiðslunni.

Alþingi, 11. mars 1924.

Jón Þorláksson, formaður.	Jörundur Brynjólfsson, með fyrirvara.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari, með fyrirvara.
Magnús Jónsson, með fyrirvara.	Jón Kjartansson, framsögum.	

(B. XLIII, 1).

Nd. **103. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Tr. Þórhallsson, Pjetur Ottesen og Magnús Jónsson.

Eftirgreindar greinar í lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, breytist eins og hjer segir:

1. gr.

Við 1. gr.

1. Í stað orðanna: »áfengan drykk« komi: áfengisvökva.
2. Á eftir orðunum: »settar eru í lögum þessum« komi: eða reglugerðum, sem samkvæmt þeim eru settar af stjórnarvöldum.
3. Í stað orðanna: »áfengur drykkur« komi: áfengisvökvi.
4. Í stað orðanna: »áfengan drykk« komi: áfengisvökva.

2. gr.

2. grein orðist svo:

Heimilt skal að flytja til landsins vínanda og annað áfengi til iðnþarfa og vísindalegra og verklegra nota, ennfremur vínanda til eldsneytis, svo og ilmvötn, hármeðul og þesskonar vökva, enda sjeu þau gerð óhæf til drykkjar, svo sem unt er.

Heimilt er að flytja til landsins vínanda og annað áfengi, sem lyfjaskrá heimilar. Smáskamtalæknum er heimilt að fá hjá lyfjaverslun ríkisins smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests, sömuleiðis er prófastum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda leyfilegt að fá messuvín, sem nauðsynlegt er til altarisgöngu, þó í því sje meira af vínanda en $2^1/_4$ % að rúmmáli.

Þeir, sem án heimildar samkvæmt lögum þessum flytja áfengi úr skipi í annað skip, eða úr skipi í land, teljast brotlegir gegn grein þessari.

3. gr.

Við 3. gr.

Í stað orðanna: »Þar skal landsstjórnin« komi: Ef landsstjórnin flytur ekki til landsins áfengi samkvæmt 2. grein, skal hún.

4. gr.

Við 5. gr.

1. 1. málsgr. Í stað orðanna: »umsjónarmanns áfengiskaupa« komi: lyfjaverslunar ríkisins.
2. 2. málsgr.: »Stjórnarráðið — erlend skip« falli niður.
3. 4. málsgr. orðist svo: Nú hefir skip áfengi frá útlöndum, sem ekki á að fara til lyfjaverslunar ríkisins, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er

skipið kemur til, semja skrá yfir hið aðflutta áfengi og setja embættisinnsigli sitt fyrir það, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan skrásetningu eða innsiglun, og að innsiglin sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið fer alfarið frá landinu. Á síðustu höfn, er skipið lætur úr, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu, og skal hann rita það á skrá þá, er skrifuð var á fyrstu höfn skipsins og skipstjóri geymdi.

4. 6. málsgr. Aftan við hana komi: en farþegar á farangri sínum.
5. Síðasta málsgr. falli burtu.

5. gr.

Við 6. gr.

1. málsgr. Í stað orðanna: »Til umsjónarmanns áfengiskaupa eða frá honum« komi: til lyfjaverslunar ríkisins eða frá henni.
2. 2. málsgr. Í stað orðanna: »eða eigandi — innan 12 mánaða« komi: Óski eigandi innan 12 mánaða, að áfengið sje flutt úr landi, skal það gert, enda sje áfengið undir umsjón lögreglunnar þar til afhent er í skip til útflutnings, og skal lögreglustjóri sá, er afhendir, fá viðurkenningu skipstjóra fyrir afhendingunni.

6. gr.

Við 7. gr.

Við greinina bætist: nema heimilað sje í lögum þessum.

Ekki má heldur nokkur veita, selja, gefa eða láta af hendi til annara manna áfengisvökva, nema heimilað sje í lögum þessum, og þá eftir reglum þeim, sem um það eru settar. Í reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt lögum þessum, skal kveða á um sektir fyrir brot gegn hinum settu reglum.

7. gr.

Við 8. gr.

Aftan við greinina bætist: eða annað áfengi, sem heimilt er að flytja samkv. 2. gr. og farið hefir verið löglega með.

8. gr.

Við 9. gr.

1. Fyrri málsgr. orðist svo: Þeim einum, sem stjórnin veitir heimild til þess, er leyfilegt að flytja til landsins og selja áfengisvökva til iðnþarfa, vísindalegra og verklegra nota og eldsneytis, hármeðul, ilmvötn og þesskonar vökva. Stjórnin setur reglur um sölu, afhendingu og meðferð þessara áfengisvökva því til tryggingar, að þeir verði ekki notaðir til drykkjar, og skal þar kveða á um sektir fyrir brot gegn settum reglum.
2. Upphaf 2. málsgr. orðist svo: Lyfsalar og hjeraðslæknar, sem lyfsölu hafa á hendi, mega selja áfeng lyf eftir lyfseðli starfandi hjeraðslækna, prófessora við læknadeild háskólans og spítalalækna ríkisins, en þó ekki o. s. frv.

9. gr.

Við 10. gr.
Greinin falli burtu.

10. gr.

Við 11. gr.
Við 1. málsgr. Orðin: »sem ekki — öðlast gildi«, falli niður.
2., 3. og 4. málsgr. falli niður.

11. gr.

Við 12. gr.
Aftan við hana bætist: Nú leikur grunur á, að áfengi sje flutt ólöglega innanlands, og hafa þá lögregluþjónar leyfi til að leita í farartækjunum til þess að komast fyrir málið.

12. gr.

Við 14. gr.
4. málsgr. Orðin: »ef áfengi — eða sölu«, falli niður.

13. gr.

Við 15. gr.

1. 1. málsgr. Í stað »50—1000 kr.« komi: 200—2000 kr.
2. 3. málsgr. Í stað orðanna: »Ef nokkur — framan greinir«, komi:
   Ef sá, sem selur, veitir eða á annan hátt lætur af hendi áfengi til annara manna, hefir hagnað af því, þá varðar það, auk sekta eins og að framan greinir, ekki vægara en eins mánaðar einföldu fangelsi.
   Ef nokkur gerir sjer það að atvinnu að selja eða veita áfengi, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu.
3. 4. málsgr. Í stað orðanna: »undir því yfirskyni — lögleyfðum tilgangi«, komi: á þann hátt, sem lög þessi heimila.
4. 5. málsgr. orðist svo:
   Ef lyfsali eða hjeraðslæknir, sem hafa heimild til að selja áfengi, láta það af hendi án skriflegrar læknisforskriftar samkvæmt lögum þessum, eða oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli, varðar það sektum, 500—5000 krónum. Við ítrekað brot tvöfaldast sektin og lyfsali skal sviftur lyfsöluleyfi. Lyfsali ber ábyrgð á gerðum þjóna sinna.

14. gr.

Við 16. gr.
Aftan við greinina bætist:
Geri einhver sig sekan um að brjóta innsigli lögreglustjóra eða taka áfengi úr innsiglaðri geymslu, varðar það sektum, 2000—20000 kr., og ekki vægara en eins mánaðar fangelsi, auk sektar, eins og að framan greinir. Verði ekki upplýst, hver slíkt brot hefir framið í skipi, ber skipstjóri ábyrgð á því.

15. gr.

Við 18. grein.

Greinin orðist svo:

Nú verður læknir, sem leyfi hefir til að gefa út lyfseðla upp á áfengi samkvæmt lögum þessum, sannur að sök um að hafa látið af hendi læknisseðil um áfengi eða áfeng lyf án sjúkdómsrannsóknar, eða í þeim tilgangi að það verði notað öðruvísi en sem læknislyf, og skal hann þá í fyrsta sinn sekur um 200—2000 kr. og skal sektin tvöfaldast, sje brotið endurtekið, og læknirinn þá sviftur rjetti til að gefa út seðla upp á áfengi eða áfeng lyf.

Nú gefur læknir, sem bannað hefir verið að gefa lyfseðla upp á áfengi eða áfeng lyf, lyfseðil upp á áfengi eða áfeng lyf, og skal þá svifta hann læknisleyfi að öllu, en auk þess greiði hann 500—5000 kr. sekt. Lyfsali, er afgreiðir slíka lyfseðla, telst brotlegur gegn 8. gr.

16. gr.

Við 19. gr.

Á eftir núverandi 18. gr. komi ný gr., er hljóði svo:

Sá, er brotlegur verður gegn lögum þessum, skal, auk sektanna, sem greindar eru í fyrri greinum þessara laga, greiða 50 kr. sekt fyrir hvern líter áfengis, sem gerður er upptækur eða sannast um, að látinn hefir verið af hendi eða á annan hátt hefir verið farið ólöglega með.

Nú hefir áfengi verið ólöglega flutt til landsins eða um landið, og má þá ganga að farartækjum þeim, sem áfengið var flutt með, til lúkningar greiðslu á sektum.

17. gr.

Við 20. gr.

Núverandi 19. gr., sem verður 20. gr., orðist svo:

Allar sektir eftir lögum þessum renna að hálfu í ríkissjóð, en að hálfu í viðkomandi sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem brotið hefir verið framið.

Ákvæði um stundarsakir:

Lög þessi skal fella inn í texta laga nr. 91 frá 1917, og lögin þannig birt í Stjórnartíðindunum.

Ástæður.

Við framkvæmd laga nr. 91, frá 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, hefir orðið vart við ýmsa galla á lögunum. A Alþingi 1921 bar þáverandi landsstjórn fram frumvarp til að bæta úr göllum þessum, en frumvarp þetta dagaði uppi í nefnd. Margir af göllum þessum eru svo, að rjett og sjálfsagt er að bæta úr þeim sem fyrst, og því er frumvarp þetta fram komið. Eru teknar upp í það allar breytingar landsstjórnarinnar 1921, en auk þess bætt við því, sem í

ljós hefir komið síðan, eða sem hefir breyst vegna annara laga, og bannlögin sett í samræmi við þau.

Hefir nefnd frá Stórstúku Íslands samið frumv. og er það borið fram í samráði við Stórstúkuna.

(B. XLIV, 1).

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um bann gegn áfengisauglýsingum.

Flutningsmenn: Tr. Þórhallsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Enginn má festa upp auglýsingar í búð sinni eða veitingasölum, sýna opinberlega, kunngera í rituðu eða prentuðu máli eða á annan hátt birta almenningi, að hann hafi til sölu áfengisvökva, sem ekki hefir verið gerður óhæfur til drykkjar.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða 500—5000 kr. sekt. Ef brotið er gert í stærri stíl eða gróðaskyni, má hegna hlutaðeiganda með fangelsi í alt að ári.

Ábyrgðarmaður blaðs þess, er flytur auglýsingu um áfengi til drykkjar, skal sekur um 100—1000 kr. fyrir hverja slíka auglýsingu í blaði sínu. Sje enginn ábyrgðarmaður, ber prentsmiðjan ábyrgð á því.

Ef auglýsandi sjálfur er ekki búsettur hjer á landi, skal sá, er birt hefir auglýsinguna hjer, auk sektar sinnar, svara að öllu til sakar fyrir hönd auglýsanda.

Astæður.

Þar sem þjóðin hefir fyrir löngu felt þann dóm, að reka skuli áfenga drykki burt úr landinu, og Alþingi hefir tekið undir dóminn, þá leiðir af því, að rangt er að leyfa það, að reynt sje að telja menn til áfengiskaupa og áfengisdrykkju. Því er frv. þetta fram borið.

Í bannlögum Bandaríkjanna eru áfengisauglýsingar bannaðar og brot gegn lögunum varða frá 500—1000 dollara sekt eða frá 30 daga til 12 mánaða fangelsi, eða bæði sektum og fangelsi.

Frumvarpið er borið fram eftir tilmælum Stórstúku Íslands.

(B. XLV, 1).

Ed. **105. Frumvarp**

til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal setja á fót stofnun, er nefnist seðlaútgáfa ríkisins, til þess að framkvæma fyrir ríkissjóð seðlaútgáfu þá, sem til hans hverfur samkvæmt 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., og taka útgáfu á þeim $^3/_4$ miljónar, sem ríkissjóður gefur nú út af seðlum, svo og yfir höfuð, þegar seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka er horfinn, að hafa á hendi alla seðlaútgáfu í landinu. Skal sú stofnun gefa út seðla fyrir ríkissjóðs hönd, eftir því, sem raunveruleg gjaldmiðilsþörf krefur fram yfir seðla Íslandsbanka.

Seðlarnir skulu innleysanlegir með gullmynt er krafist er. Upphæð seðlanna skal vera 100, 50, 10 og 5 krónur.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um lögun og útlit seðlanna og gefur út auglýsingu um gerð þeirra. Kostnaðinn við seðlagerð og endurnýjun seðla ber seðlaútgáfa ríkisins.

3. gr.

Seðlar þeir, sem seðlaútgáfa ríkisins gefur út, skulu gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og eru hjer manna á milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði. Engum öðrum en seðlaútgáfu ríkisins er heimilt að gefa út hjer á landi gjaldmiðil, er komið geti í stað mótaðra peninga, nema Íslandsbanka, að svo miklu leyti, sem seðlaútgáfurjettur hans stendur samkvæmt gildandi lögum.

4. gr.

Sá, sem eftirmyndar þessa íslensku seðla eða falsar þá, skal sæta sömu hegningu, sem ákveðin er í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 266. gr. Glæpurinn er fullkomnaður, þegar búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þótt ekki sje búið að láta hann úti.

5. gr.

Til tryggingar seðlum þeim, sem seðlaútgáfa ríkisins gefur út, skal ríkissjóður þegar í upphafi leggja stofnuninni til 30 % af útgefnum seðlum í gullmynt, og má það tryggingarfje vera í gullmynt Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, og í íslenskri gullmynt, sem ríkið kann að láta slá. Auk þess skal stofnunin auka

gullforðann smámsaman með arðinum af viðskiftum sínum við bankana, uns gullforðinn nemur 50 % af þeirri seðlafúlgu, sem hæst var í umferð á umliðnu ári.

Að öðru leyti fellur arðurinn í ríkissjóð. Telja má þá gullmynt til gullforða, sem er á leiðinni hingað til lands, svo og það gull, sem kann að vera afhent myntsmiðju til myntunar. Ennfremur eru til tryggingar seðlunum víxlar þeir, skuldabrjef og önnur verðbrjef, sem bankarnir setja seðlaútgáfu ríkisins að veði fyrir seðlalánum, sbr. 9. gr.

6. gr.

Ríkisstjórnin skipar vel bankafróðan mann til þess að veita seðlaútgáfu ríkisins forstöðu. Eigi má veita þessa stöðu öðrum en rosknum og reyndum manni, sem starfað hefir í banka í minst 6 ár, sem er fjárhagslega sjálfstæður og eigi er skuldskeyttur bönkunum.

Forstjórinn hefir að árslaunum 8000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni, samkvæmt vísitölu þeirri, sem lögð er til grundvallar við útreikning dýrtíðaruppbótar embættismanna ríkisins.

Framkvæmdarstjóri má ekki hafa önnur embættisstörf á hendi nje reka aðra atvinnu og ekki má hann vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Í forföllum eða fjarvist forstjórans annast skrifstofustjóri fjármáladeildar stjórnarráðsins störf hans.

Forstjórinn tekur nauðsynlega aðstoð við útgáfu og ónýting seðla og önnur skrifstofustörf.

Laun og annar kostnaður vegna þessara laga greiðist af tekjum seðlaútgáfunnar. Um stjórn seðlaútgáfu ríkisins skal stjórnarráðið ákveða nánar með reglugerð.

7. gr.

Fjármáladeild stjórnarráðsins annast endurskoðun seðlaútgáfu ríkisins. Skal endurskoðun fara fram að minsta kosti á hverjum mánuði. Skal þá grannskoða sjóðinn, alla bókfærslu, reikninga og tryggingar þær, sem stofnunin hefir fengið frá bönkunum, svo og seðlabirgðirnar og gullforðann.

8. gr.

Þegar Íslandsbanki hefir, samkvæmt lögum nr. 6, 31. maí 1921, 2. gr., dregið inn svo mikið af seðlum sínum, að seðlar beggja bankanna í umferð nema nokkru minna en þeirri upphæð, sem stjórnarráðið hefir ákveðið að mest megi vera í umferð af seðlum, sbr. 10. gr., má seðlaútgáfa ríkisins byrja að lána bönkunum (Landsbanka og Íslandsbanka) seðla sína. Seðlalán þetta veitist bönkunum með þeim skilmálum og kjörum, sem 9. gr. ákveður. Skal svo fljótt sem verður við komið innkalla alla 5, 10 og 50 króna seðla, þá sem gefnir hafa verið út handa Landsbankanum samkvæmt lögum nr. 14, 18. sept. 1885, og lögum nr. 2, 12. janúar 1900, og ennfremur sem kunna að vera gefnir út samkvæmt lögum nr. 7, 4. maí 1922. Skal bankinn fá þeim skift fyrir hina nýju seðla seðlaútgáfu ríkisins, með þeim kjörum er áður segir. Stjórnarráðið setur reglugerð um innköllun seðlanna.

Afgjald Landsbankans af þessum seðlum til ríkissjóðs og byggingarsjóðs

fellur niður af öllum seðlum, er hann hefir frá ríkinu frá þeim tíma, er innköllun 5, 10 og 50 kr. ríkissjóðsseðlanna er auglýst.

9. gr.

Seðlaútgáfa ríkisins lánar bönkunum seðla stofnunarinnar með þessum kjörum:

1. Að hvor bankinn um sig setji stofnuninni að handveði víxla, skuldabrjef eða trygg verðbrjef fyrir seðlaláninu, sem nemi minst 125 kr. fyrir hverjar 100 krónur í seðlum.
2. Að hvor bankinn um sig greiði til seðlaútgáfu ríkisins gjald af seðlum þeim, sem þeir hafa í umferð á hverjum tíma, er sje 2 % undir þá gildandi forvöxtum, sbr. þó 10. gr. Skal gjald þetta greitt eftir á 31. desember.
3. Að bankarnir hvor um sig annist árlega fyrir venjuleg ómakslaun með dagsgengi og sem næst í hlutfalli við það, sem hvor bankinn um sig hafði í umferð í síðustu árslok af seðlum frá seðlaútgáfu ríkisins, allar greiðslur, sem seðlaútgáfa ríkisins þarf að greiða í útlöndum, svo og þær greiðslur, sem ríkissjóður þarf að greiða utanlands til afborgana og vaxta fastra lána, eftirlaun, fje og námsstyrki, svo og vegna kostnaðar við umboðsmenn ríkisins erlendis.
4. Að bankarnir, eftir nánari samningum við seðlaútgáfuna, geymi gullforða hennar og verðbrjef, ef hún æskir þess.
5. Að bankarnir hvor um sig annist að öllu leyti innlausn seðla stofnunarinnar í útlöndum og beri kostnaðinn af því, sem skiftist milli þeirra eftir seðlamagni hvors banka í hvers árs lok. Svo annist þeir einnig alla innlausn seðlanna innanlands með gullmynt, er seðlaútgáfa ríkisins leggur þeim til eftir hendinni.

10. gr.

Forstjóri seðlaútgáfu ríkisins skal í janúarmánuði ár hvert gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um, hversu mikið megi mest gefa út af bankaseðlum á árinu, og ákveður ríkisstjórnin þá, hversu mikið má vera mest í umferð af seðlum á því ári. Nú atvikast svo, að hin ákveðna hámarksupphæð seðlanna verður of lág að áliti forstjóra seðlaútgáfunnar, og getur hann þá tekið málið upp að nýju við ríkisstjórnina, sem getur breytt hinni ákveðnu hámarksupphæð, ef hún telur brýna nauðsyn bera til, en af þeim seðlum, sem gefnir verða út fram yfir hina upprunalega ákveðnu hámarksupphæð, skulu bankarnir greiða í ríkissjóð fulla forvexti sína fyrstu 2 mánuðina, sem þeir eru í umferð, en sjeu þeir lengur í umferðinni, skal greiða í ríkissjóð, auk fullra forvaxta, $^1/_2$ % fyrir næsta byrjaðan mánuð, sem hækkar um $^1/_2$ % fyrir hvern byrjaðan mánuð úr því, upp í 3% fram yfir forvexti.

11. gr.

Eigi má semja við bankana um að veita þeim seðlalán fyrir lengri tíma en 10 ár í senn. Og geti annarhvor bankinn ekki uppfylt skilyrði þau, sem sett eru fyrir seðlaláninu í lögum þessum, hefir hann tafarlaust fyrirgert rjettinum til notkunar seðlanna. Að því er Íslandsbanka snertir, skal reikna samningstíma-

bilið frá þeim tíma, er rjettur hans til seðlaútgáfu er útrunninn, hvort sem hann dregur inn alla núverandi seðla sína fyr eða síðar.

12. gr.

Á aðalpeninga- og seðlahirslum stofnunarinnar skal læsing vera þannig gerð, að ekki verði þeim lokið upp nema með tveim mismunandi lyklum. Hefir forstjóri stofnunarinnar annan lykilinn, en stjórnarráðið hinn, og verða því ávalt að vera tveir við, er þær eru opnaðar. Í þessum hirslum skal geyma seðlamót stofnunarinnar á milli þess, sem þau eru notuð.

13. gr.

Stjórnanda seðlaútgáfu ríkisins er ávalt skylt að veita stjórnarráðinu alla þá vitneskju um hag stofnunarinnar, sem því þurfa þykir. Ríkisstjórnin getur vikið forstjóranum frá, þegar henni þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal hún skriflega grein fyrir, hvað veldur.

14. gr.

Stjórnarráðið ákveður í reglugerð, hvernig bókfærslu stofnunarinnar skuli fyrir komið, um undirskrift seðla og ónýting þeirra, um tilbúning nýrra seðla, starfstíma stofnunarinnar o. s. frv.

15. gr.

Ákvæði um stundarsakir.

Nú er svo ástatt, er lög þessi koma til framkvæmda, að gull- og silfurmynt áðurnefndra Norðurlanda er eigi komin alment og hindrunarlaust í umferð í viðskiftunum milli landa, og mega seðlar seðlaútgáfu ríkisins þá vera óinnleysanlegir með gullmynt á meðan svo er ástatt. Á meðan svo stendur á, má sá hluti gullforðans, sem eigi fæst keyptur innanlands, liggja í Kaupmannahöfn undir eftirliti sendiherrans íslenska eða þess embættismanns, sem kemur í hans stað. Enn fremur er Landsbankanum heimilt, á meðan svo stendur sem hjer er sagt, að gefa út krónuseðla þá án afgjalds, sem hann hingað til hefir gefið út.

16. gr.

Til þess að setja seðlaútgáfu ríkisins á stofn og til að kaupa fyrir nægan gullforða, veitist ríkisstjórninni heimild til að taka lán fyrir ríkissjóðs hönd. Skal seðlastofnuninni afhent gulltryggingin vaxtalaus fyrstu 5 árin, en úr því greiðir stofnunin ríkissjóði 6% ársvexti af gullforða þeim, sem ríkissjóðurinn hefir lagt til.

17. gr.

Með lögum þessum er 1. grein í lögum nr. 7, 4. maí 1922, úr lögum numin og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Ástæður.

Í lögum nr. 6, 31. maí 1921, 2. gr., um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., er ákveðið, að seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka falli til ríkisins jafnótt og bankinn dregur inn seðla sína að fullu samkvæmt þeim lögum. Er svo ákveðið í þessari grein, að það skuli innan 1. júní 1922 ákveðið með lögum, »hversu seðlaútgáfu þessari skuli fyrir komið framvegis«.

Þessari ákvörðun hefir tvívegis verið skotið á frest, og enn hefir stjórnin ekki komið fram með neitt frumvarp um þetta efni.

En þar sem dýrtíðin í landinu helst við, og jafnvel eykst með auknu falli íslenskrar krónu, en seðlum fækkar hraðfara, og þar sem ennfremur má búast við, að það taki eigi minni tíma en eitt ár að koma nýrri seðlaútgáfu á fót, þá virðist eigi mega draga lengur að ráðstafa þessum seðlaútgáfurjetti.

Og þar sem fráfarin stjórn hefir engar ráðstafanir gert í þessu efni, og ný stjórn mundi tæplega vera við því búin að ráðstafa seðlaútgáfurjettinum og koma fram með frumvarp um það, þá hef jeg ráðist í að bera þetta frumvarp fram.

Eigi verður annað sjeð en að þingið 1921 hafi haft það í huga að láta landið sjálft annast seðlaútgáfuna þegar hún losnaði, eða jafnframt og hún verður laus, enda munu fáar aðrar leiðir færar.

Þó vil jeg geta þess, að sennilega hefði verið besta leiðin, að nýr hlutafjelagsbanki hefði getað stofnast, sem tekið gæti að sjer útgáfu nýrra bankaseðla. En með því að fjárhagur landsmanna er nú svo þröngur, þá virðist engin von til þess að geta safnað innanlands nægu hlutafje í slíka bankastofnun, þó farið væri að brjótast í því. Og að stofna slíka stofnun *án* hlutafjár, með það fyrir augum að safna smámsaman arðinum af slíkri stofnun sem tryggingarfje, mundi verða of seinfær leið og ekki veita seðlunum það traust, sem nauðsynlegt er, að seðlarnir hafi frá upphafi.

Þá kunna að koma uppástungur um það að afhenda öðrumhvorum bankanum seðlaútgáfurjettinn, en móti því mælir bæði fjárhagsbygging þeirra og viðskiftamáti.

Að því er Íslandsbanka snertir, rak hann um eitt skeið áhættumeiri verslun en gerist um seðlabanka annara landa, og afleiðingarnar komu líka í ljós. Auk þess hafði hann stóran sparisjóð, sem allir bankafróðir menn eru á einu máli um, að seðlabankar megi ekki hafa. Og sú skoðun hefir náð svo föstum tökum á fjármálamönnum erlendis, að jafnvel þó seðlabankar erlendis hafi frá gömlum tímum haft leyfi til að reka sparisjóðsviðskifti, þá hafa þeir alls ekki notað þann rjett, svo sem Þjóðbankinn danski. Þessi skoðun styðst við það, að þegar fyrir kemur, að seðlabanki missir traust almennings, sem oft getur komið fyrir, þá heimti almenningur ekki einungis gull fyrir seðla bankans, heldur taki sparisjóðsinnieigendur samtímis út innstæðu sína. Bankinn verður því ekki einungis að berjast við að leysa inn seðla sína, sem oft veitir örðugt undir slíkum kringumstæðum, heldur hefir hann líka sparisjóðsinnieigendurna á hálsinum. Undir þeim kringumstæðum er ekki annað hægt að gera en að loka bankanum, nema ríkisstjórnin taki til þess Lokaráðs, að gera fyrst seðlana óinnleysanlega og

síðan að leyfa bankanum að gefa seðla út langt fram yfir það, sem sönn gjaldmiðilsþörf krefur, til þess að borga með sparisjóðsinnieigendum. Og þetta hefir oft komið fyrir. En þegar svo mikið er komið í umferð af seðlum, sem hjer er sagt, þá byrjar fall þeirra, svo alt lendir í vandræðum.

Að vísu á Íslandsbanki $4^1/_2$ miljón króna veltufje, og mun nú eiga varasjóð fyrir væntanlegum töpum. Það gæti því verið vel auðið að veita honum seðlaútgáfurjettinn t. d. í 10 ár, ef hann legði niður sparisjóðsdeild sína. En jeg geri ekki ráð fyrir, að hann vilji vinna það til fyrir seðlaútgáfurjettinn, þó sparisjóðsdeild hans sje miklu minni en Landsbankans.

Þá er að athuga aðstöðu Landsbankans til að taka við seðlaútgáfurjettinum.

Sá banki hefir, miðað við efnahag, verslað fult eins djarft og hinn bankinn, og má ekki dæma hart, þó slíkt komi fyrir í veltufjárlausu landi, ef lánveitingarnar eru veittar til þess beint að styðja framleiðsluna.

En eigið veltufje þess banka er þetta:

1. Seðlar landssjóðs . . . . . 750000 kr.
2. Lán, sem ríkissjóður greiðir . . . . . 2000000 —
3. Þess utan hafði hann 31. des. 1923 sparisjóðsfje 23103977 —
4. Og varasjóð . . . . . 3360019 —

Veltufjeð og varasjóðurinn er því ekki meira en hæfileg trygging fyrir svo stórum sparisjóði.

En þess utan kemur til álita, hvað mikið veltufje hans er, er gera á út um hvort hann getur tekið að sjer seðlaútgáfurjettinn.

Þá er fyrst að athuga, að öll seðlafúlgan hefir ekki hrokkið til þess að byggja hið nýja bankahús, sem mun hafa kostað yfir 800000 kr. Er því að eins hægt að telja meiri hlutann af þessum 2 miljónum til eigin veltufjár. Í eðli sínu er því ekki hægt að líta á Landsbankann öðruvísi en sem stóran sparisjóð, aðallega Reykjavíkur og nágrennis, þó hann beri bankanafn, og sem þurfi að haga viðskiftum sínum líkt og sparisjóðir eiga að gera.

Það er því augljóst, að Landsbankinn getur ekki tekið við neinskonar seðlaútgáfu, nema gullkróna sje lögð á móti hverri krónu í seðlum, nema hann skilji sig að öllu leyti við sparisjóðinn. En þann kost mundi hann alls ekki taka, því það yrði stórtap fyrir bankann.

Jeg hefi ekki heyrt stungið upp á öðrum leiðum, og sný jeg mjer þess vegna að því að skýra þær greinar frumvarpsins, sem þarf að skýra.

Við 1. gr.

Ætlast er til, að aðeins verði ein seðlategund hjer á landi, og þess vegna er lagt til, að Landsbankaseðlarnir verði innleystir, sem eru ógulltrygðir og óinnleysanlegir. Það er og óviðfeldið, að ríkið gefi út tvennskonar seðla, aðra gulltrygða og innleysanlega, en hina ógulltrygða og óinnleysanlega.

Við 2. gr.

Þarf engrar skýringar við.

Við 3. gr.

Sömuleiðis.

Við 4. gr.

Sömuleiðis.

Við 5. gr.

Hjer er gert ráð fyrir 30% gullforða eða málmforða í byrjun, sem hækki með tímanum af arði stofnunarinnar upp í 50%.

Tryggingin 30%, er hjer er nefnd, er sú sama sem Þjóðbankinn danski setur í *gulli* fyrir seðlum sínum. Gullforðinn þarf þó að vera meiri hjer, þegar seðlarnir verða gerðir innleysanlegir með gullmynt, þar sem öðrum tryggingum fyrir seðlunum er ekki hægt að koma í peninga á stuttum tíma, ef seðlarnir missa traust almennings. Á hinn bóginn er minni hætta á því, að seðlarnir missi traustið, þar sem ríkið gefur þá út, en ekki einkastofnun, sem ávalt má spilla fyrir.

Við 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að stofnunin verði ekki umfangsmeiri en það, að einn forstjóri dugi og einn skrifstofuvanur kvenmaður að auki.

Það leiðir af sjálfu sjer, að vanda verður til valsins á forstjóranum.

Við 7. gr.

Það virðist best við eiga, að fjármáladeild stjórnarráðsins hafi endurskoðunina á hendi.

Við 8. gr.

Ætlast er til, að Landsbankaseðlarnir verði fyrst dregnir inn, svo eigi verði þrenskonar seðlar í umferð. Það leiðir af sjálfu sjer, að afgjald Landsbankans af seðlum hans falli niður, þegar farið er að draga inn seðla hans.

Við 9. gr.

1. Hjer er gert ráð fyrir, að bankarnir setji stofnuninni að handveði víxla og annað, er nemi 125 kr. fyrir hverjar 100 kr. í seðlum. Er það í samræmi við skyldur Þjóðbankans danska.
2. Það getur verið álitamál, hversu mikið bankarnir eigi að greiða fyrir lánin, en stofnunin verður að bera sig og má ekki hafa minni gróða en þessi kjör veita henni, eins og dæmin í lok þessara skýringa munu sýna.

   Betra er að hafa hreyfanlegt gjald en fast gjald. Það gerir forvextina sveigjanlegri.
3. Mjer hefir ekki þótt ástæða til í þessum lögum að setja frekari skyldukvaðir á bankana til yfirfærslu á opinberu fje, þar sem t. d. Landsverslunin er fastur viðskiftamaður aðeins annars bankans og póstsjóður sjer nú sjálfur um yfirfærslur fyrir pósthúsið.

4. Hentugast væri ef bankarnir gætu geymt gullforðann, seðlana og handveðin, en jeg hefi þó ekki viljað fyrir fram binda stofnunina við þann geymslustað.
5. Það leiðir af bókfærslufyrirkomulaginu, sem hlýtur að gilda fyrir viðskiftin milli bankanna og stofnunarinnar, að öll innlausn seðlanna gangi í gegnum bankana, enda er það hentugast fyrir almenning og sparar seðlaútgáfunni mannahald.

Við 10. gr.

Á meðan verðgildi íslenskrar krónu er á hverfanda hveli, og sem getur orðið um mörg ár, er nauðsynlegt að geta *árlega* metið, hversu mikið þurfi að gefa út af seðlum. Og þar sem forstjóri seðlaútgáfunnar ætti að verða kunnugastur því máli, þá legg jeg til, að hann geri tillögur árlega til stjórnarinnar um það. Skyldi þessi tilhögun reynast ófullkomin, er Alþingi ávalt innan handar að breyta því.

Af viðbótarseðlunum ætlast jeg til að alt gjaldið renni í ríkissjóð, svo að forstjóri seðlastofnunarinnar hafi enga hvöt hennar vegna til að mæla með of mikilli seðlaútgáfu. Og ætlast er til að smámsaman verði svo þrengt að seðlaútgáfu hjer á landi, að gull- og silfurmynt geti aftur sjest í umferð meðal almennings.

Við 11. gr.

Þarf engrar skýringar.

Við 12., 13., 14. og 15. gr.

Greinar þessar ættu ekki að þurfa neinnar skýringar við.

Við 16. gr.

Það leiðir af sjálfu sjer, að hvert ríki verður að leggja landsmönnum til gjaldmiðil. Því verðmeiri sem hann er, því meir hvetur hann til sparnaðar. Það er reynsla, sem ekki hefir verið vefengd, að efnahagur þjóðanna fari eftir því, hversu gjaldmiðill þeirra, sem gengur almennt manna á milli, er dýrmætur, og sjerstaklega kemur þetta fram í viðskiftunum við útlönd. En einhverntíma hafa þjóðirnar orðið að kaupa þennan dýra gjaldmiðil. Það höfum vjer aldrei þurft að gera, af því vjer notuðum mynt annars lands.

Fyrsti vísirinn til þess að vjer eignuðumst verðmætan gjaldmiðil, væri því þetta, að kaupa hann sem tryggingu fyrir seðlum vorum. Og nægilegt er að kaupa hann eftir hendinni, en eflaust verður ekki hægt að leggja gullforðann fram án lántöku, jafnvel þó hann verði ekki æðihár í byrjun. Til þess að gefa einhverja hugmynd um, hversu hár hann gæti orðið, sem landssjóður sjálfur yrði að leggja fram, og hvernig fyrirtækið kæmi til að bera sig, þá hefi jeg gert um það eftirfarandi áætlun fyrir fyrsta árið og svo eftir 10 ár. En vitanlega er þetta ekki nema áætlun, því enginn getur sagt um, hvað framundan bíður.

Gert er ráð fyrir, að fyrsta seðlaprentun kosti um 60 þús. krónur, og sje þeim kostnaði skift á 10 ár. Ennfremur að stofnunin taki ekki til starfa fyr en t. d. 1. október 1925. Og er þá gengið út frá, að Íslandsbanki geti ekki mist þá 1 miljón króna, er hann þá á að draga inn, nema að fá aðra seðla í skarðið.

Nú má gera ráð fyrir, að þessi 1 miljón króna yrði ekki að jafnaði í umferð alt árið og mundi það rýra hinn áætlaða hag fyrsta árið.

Dæmið verður þá þannig fyrsta árið:

1.	Af Landsbankaseðlum dragist inn fyrsta árið		kr. 600000
2.	Að Íslandsbanki noti 1 miljón		— 1000000
	Samtals ..		kr. 1600000
	Að forvextir sjeu 7% og að stofnunin því fái 5%		kr. 80000
	Árskostnaður:		
a.	Laun forstöðumanns	kr. 12000	
b.	Laun stúlku	— 4000	
c.	Seðlaprentun	— 6000	
d.	Ábyrgðargjald af gullforða og seðlabirgðum ...	— 2000	
e.	Bækur, skápar og ýms kostnaður	— 10000	
f.	Hús og hiti, ljós	— 3500	— 37500
	Hreinn hagur þá: ...		kr. 42500
	En væru þegar reiknaðir vextir að gullforðanum, sem yrði af þessari upphæð 480 þús. kr., 6%, þá mundu þeir nema		— 28800

Í öðru dæminu hugsa jeg mjer, að stofnunin hafi starfað í 10 ár, sje þá búin að borga seðlaútgáfukostnaðinn og hafi þá tekið við allri seðlaútgáfunni. Gullforði sá, sem ríkissjóður hefði þá lagt fram, næmi $1^1/_2$ miljón króna, og að íslensk króna væri þá að mun hækkuð í verði, svo minna mætti gefa út af seðlum:

Dæmið mundi þá líta þannig út:

	Seðlaútgáfa að meðaltali 4 miljónir króna. Forvextir 6%, falla þá 4% til stofnunarinnar, eða		kr. 160000
	Kostnaður:		
a.	Laun forstjóra	kr. 12000	
b.	Laun stúlku	— 4000	
c.	Seðlafirning	— 4000	
d.	Ábyrgðargjald af gullforða og seðlum	— 5500	
e.	Hús, hiti og ljós	— 3500	
f.	6% vextir af gullforða $1^1/_2$ miljón	— 90000	
g.	Ýmislegt	— 2000	— 121000
	Hreinn hagur þá: ...		kr. 39000

(B. XXXI, 3.)

Ed. **106. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921. (Friðun rjúpna).

Frá Einari Árnasyni og H. Steinssyni.

Við 1. gr.

Í stað »1927« komi: 1925.

(C. IX, 1).

Nd. **107. Tillaga**

til þingsályktunar um kenslu heyrnar- og málleysingja.

Frá fjárveitinganefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:
að taka til athugunar, hvort ekki sje hagkvæmt að flytja heyrnar- og málleysingjakensluna aftur í sveit og
að framkvæma þann flutning, ef aðstaða leyfir.

(B. XLVI. 1).

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um sparisjóði.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

1. gr.

Sparisjóðir skulu taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem allra tryggastan hátt, svo sem fyrir er skipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands reglugerð sjóðsins til staðfestingar, og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en staðfesting er fengin.

Í reglugerð sparisjóðs skulu jafnan vera ákvæði um:
a. stjórn sjóðsins, hvernig henni skuli fyrir komið, hvernig kosin og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli haga.
b. móttöku sparisjóðsfjár og útborgun þess, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, ágóða sjóðsins og varasjóð, lán úr sjóðnum, endurskoðun og úrskurð á reikningum hans.
c. trygging sjóðsins, svo sem greiðslu tryggingarfjár, ábyrgð einstakra manna og fjelaga.
d. breytingar á reglugerð sjóðsins.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í Lögbirtingablaðinu, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem viðskiftabókina kann að hafa í hönd-

um, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð eða afhent, geti gert kröfu á hendur þeim sparisjóði, er í hlut á.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1925 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu um stundarsakir í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara eða veita hæfilegan frest til að kippa í lag því, sem á brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort sem er stofnfje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki taka hærri arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal prenta ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins, svo og lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórnin ræður starfsmenn sjóðsins og hefir umsjón með öllum framkvæmdum hans.

Birta skal í Lögbirtingablaðinu, hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn og hverjir þeirra undirriti kvittanir og yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal þeim skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum nje heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

Sparisjóðir mega alls eigi takast á hendur ábyrgð fyrir einstaka menn eða fjelög.

8. gr.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni banka og sparisjóða.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 starfsmenn hans eða stjórnendur sjeu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig.

Fjehirðir má þó veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en rita skal hann þegar greiðsluna inn í bækur sjóðsins. Fjehirðir má og greiða fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr. Heimilt er stjórnendum sjóðsins að fara með þessi störf.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og eftirlitsmanns.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnan skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hins vegar veita móttöku, þótt viðskiftabókin sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal halda yfir öll lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, og sýni hún skuldbindingar hvers þeirra gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Ennfremur skal hver sparisjóður hafa gerðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánssynjanir, lántökur og annað slíkt.

Stjórnarráðið setur reglur um bókun í sparisjóðum og ákveður fyrirmynd allra skjala, eftir að hafa fengið tillögur eftirlitsmanns.

13. gr.

Sparisjóðsfje skal einkum verja til lána gegn fasteignaveði og til kaupa á bankavaxtabrjefum og ríkisskuldabrjefum. Hvorki sparisjóðsvextir nje útlánsvextir mega hærri vera en vextir Landsbankans, hverrar tegundar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán og víxlar mega aldrei nema meiru samtals en þriðjungi sparisjóðsinnstæðu.

Sjálfskuldarábyrgðarlán til einstakra manna og fjelaga má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og mega þau aldrei verða eldri en 10 ára áður innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), í Landsbankanum eða útibúum hans að minsta kosti 5% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða hafa í vörslum sínum bankavaxtabrjef, ríkisskuldabrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú rekur að því, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til þessa fjár vegna óvæntra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum, og skal tilkynna það eftirlitsmanni tafarlaust.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Sparisjóðir mega eigi gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum frádregnum samkv. 3. gr., skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að varasjóður hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og eftirlitsmanns, samþykt að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum, eða í innieign hjá Landsbankanum. Nú ber svo til, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna óvæntra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur skal saminn fyrir marsmánaðarlok. Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða, að fengnum tillögum eftirlitsmanns.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Senda skulu þeir eftirlitsmanni skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi eftirlitsmanns, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í Lögbirtingablaðinu.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta og samkvæmt lögum um nauðasamninga tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar, eða leitað nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar, eftir tillögum sparisjóðsstjórnar.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður muni eigi

fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður legst niður og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, þær er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeruðum þeim, er sjóðinn eiga.

22. gr.

Heimilt er að geyma fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, ef stjórnarráðið samþykkir.

23. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi meðan það stendur þar.

24. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

25. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 2000 kr., nema þyngri hegning liggi við.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

27. gr.

Lög um sparisjóði, 3. nóv. 1915, eru úr gildi numin.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Greinargerð.

Það er nú fengin full reynsla fyrir því, að sparisjóðslögin 3. nóv. 1915 eru alls ónóg til að varna því að mistök verði á stjórn sparisjóða. Auk eftirlitsleysis, sem nú á þó að heita bætt úr, hefir mestu um mistökin valdið, að sparisjóðum hefir verið frjálst að reka almenn bankaviðskifti óskorað, en fyrir

það hafa sumir þeirra látið teygjast út á hálustu gróðabrallsbrautir, en það brýtur beint bág við tilgang sparisjóða og aðstöðu í viðskiftalífinu.

Sparisjóðir í þessu fátæka landi eru fyrst og fremst stofnaðir til að ná saman fjársafni, sem bankar og útibú þeirra ná ekki til, ávaxta það og gera það að þjóðveltufje. Þessu marki verður því að eins náð, að þeir njóti fulls trausts almennings, en það fæst með engu öðru móti en því, að fjeð sje ávaxtað á sem allra tryggustum skuldastöðum og menn geti greiðlega fengið það útborgað. Á því hefir sumstaðar orðið skaðvænn meinbrestur. En sú er orsök til þess, að sparisjóðir hafa ætlað sjer þá dul að keppa við banka landsins um fjársafn landsmanna með því að bjóða hærri innlánsvexti. Af því leiðir aftur, að þeir hafa neyðst til að taka hærri útlánsvexti en bankar, og tryggingar þeirra sakir þess orðið rýrari, sjerstaklega eftir að almennir útlánsvextir komust upp úr lögvöxtum gegn fasteignaveði (6 %). En við því mega hlunnindalausar stofnanir eigi.

Aðaltilgangur frumvarps þessa er því að girða fyrir slíka starfsemi, er alþjóð stafar stórhætta af, en það er gert með því að banna sparisjóðum að greiða hærri vexti en Landsbankinn og taka hærri vexti en hann.

Þá eru og sparisjóðir skyldaðir til að verja fje sínu sem mest til fasteignalána, kaupa á bankavaxtabrjefum og ríkisskuldabrjefum, en með því væri stigið eigi alllítið spor í þá átt, að greiða fyrir betri lánskjörum, er allir þrá æ mest, enda nú önnur ráðstöfun þjóðinni eigi hollari.

Frumvarp þetta er sniðið eftir frumvarpi til laga um sparisjóði, er lagt var fyrir Alþingi 1913, og höfð til samanburðar sparisjóðslög Dana 1919.

(A. XII, 2).

Ed. **109. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, felur í sjer gagngerða breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú á sjer stað að því er snertir eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum og löggildingu á þeim. Og þótt þess sje tæplega að vænta, að mikill sparnaður verði af slíkri breytingu fyrir sjálfan ríkissjóðinn, þá leggur þó nefndin til, að frumvarpið verði samþykt. Ræður þeirri tillögu nefndarinnar sú von, að eftirlitið, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir því, muni verða sæmilegt, um leið og innkaup og aðgerðir umræddra tækja eða áhalda yrðu við breytinguna landsmönnum yfirleitt talsvert kostnaðarminni heldur en með því fyrirkomulagi, sem núgildandi lög ákveða.

Alþingi, 11. mars 1924.

Jón Magnússon, formaður.
Eggert Pálsson, fundaskrifari og framsögum.
Jónas Jónsson.

(B. XXXV, 2).

Ed. **110 Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið ásátt um frumvarp þetta. Gagnstætt minni hlutanum (J. J.), sem vill láta fella frumvarpið, leggur meiri hlutinn (J. M. og E. P.) það til, að hin háttvirta deild samþykki það.

Alþingi, 11. mars 1924.

Jón Magnússon, formaður.

Eggert Pálsson, fundaskrifari og frsm. meiri hl.

(B. XIX, 2).

Ed. **111. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um nauðasamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Af þeim rökum, sem tínd eru í athugasemdunum við stjórnarfrumvarp þetta, telur nefndin rjett að setja slík lög, sem hjer um ræðir. Það getur oft verið mjög af atriði fyrir aðilja, skuldunaut og skuldheimtumenn, að skuldunautur eigi kost á, með samningi við lánardrotna sína, að komast hjá gjaldþroti, þótt hann sje ekki megnugur að greiða skuldir sínar að fullu og þótt ekki sjeu allir lánardrotnar hans því samþykkir. Það er auðvitað, að ekki þyrfti lög til, ef allir skuldheimtumenn gyldu samþykki til þess, að skuldunautur skyldi laus við hverja eina skuld sína gegn greiðslu hluta hennar. En til hins þarf lög, að skuldunautur eigi kost á að losna við allar skuldir sínar, þær er ekki hafa forgangsrjett nje eru með hlutbundnum rjetti, þótt eigi sje greiddur nema ákveðinn hluti þeirra, ef eigi næst samþykki allra lánardrotna, sem í hlut eiga. Fyrst er það, að eigi er ávalt unt að ná til allra lánardrotna. Svo er hitt eigi síður, að það kemur fyrir, að einn eða fáir einir af lánardrotnum neita um samþykki sitt, stundum af ástæðum, sem ekki eru rjettmætar, t. a. m. af gremju yfir því að fá skuld sína eigi að fullu greidda eða þess konar. Hindra þeir þá, að

samningar komist á milli skuldunauts og skuldheimtumanna, þótt samningur kunni að vera hinn hagfeldasti fyrir alla aðilja og flestallir skuldheimtumenn óski að samningur komist á.

Nefndin fellst yfirleitt á einstök ákvæði frumvarpsins.

Að vísu telur nefndin hið almenna ákvæði um kröfuauglýsingarfrest í áskorun (proklama) í 2. gr. frumvarpsins ekki eiga beint við í þessum sjerstöku lögum, en hefir þó ekki þótt næg ástæða til að taka þetta ákvæði út hjer og setja í sjerstakt frumvarp, en breytingin er til bóta.

Það gæti komið til mála að taka enn upp í 4. gr., sbr. 33. gr., ákvæði um það, að skuldunautur ætti ekki rjett á að leita nauðasamninga, ef hann hefir áður orðið gjaldþrota, og þá greiðst lítið af almennum skuldum. Nefndinni hefir þó ekki þótt beint nauðsynlegt að taka það ákvæði upp, og gerir því enga breytingartillögu í þá átt.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

ORÐABREYTINGUM:

1. Við 10. gr. Í stað »að frumvarpi« komi: um frumvarp.
2. Við 12. gr. tölul. 8. Í stað »rættur« komi: fram kominn.
3. Við 14. gr. fyrri málsgr. Í stað »er skuldunautur . . . . síðar krafinn« komi: missir skuldunautur þar fyrir rjettinn til að mótmæla kröfunni.
4. Við 25. gr. Í stað »rættur« á tveim stöðum komi: fram kominn.
5. Við 26. gr. fyrri málsgr. Í stað »þótt hann verði ekki . . . . lögum þessum segir« komi: framar en í lögum þessum segir, þótt hann verði ekki efndur.
6. Við 27. gr. 2. málsgr. Á eftir orðunum »að einhverju leyti eða öllu« komi: þegar í stað.
7. Við 29. gr. Niðurlag greinarinnar frá orðunum »og er honum skylt« byrji á nýrri línu og allur sá kafli færist framar.
8. Við 32. gr. í upphafi. Í stað »Þeir« komi: Þeim.
9. Við 38. gr. fyrri málsgr. Í stað »2.« komi: 1.
10. Við 44. gr. Í stað »18. og 19. gr.« komi: 17. til 18. gr.
11. Við 49. gr. Í stað »Ályktunum« komi: Ákvörðunum.
12. Við 51. gr. 11. málsgr. Í stað »ályktunum« komi: ákvörðunum.

Alþingi, 12. mars 1924.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.

Jónas Jónsson.

(B. XLVII, 1).

Ed. **112. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr. laganna orðist svo:

Öll skot skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu suður frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. Ennfremur á Hvammsfirði utan línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn, eina mílu innan Lambeyjar.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að selveiði í Suðureyjum Breiðafjarðar hefir hrakað mjög hin síðari árin. Aðalorsökin til þessa eru skot einstakra manna, sem gera sjer til gamans að skjóta seli í lögnunum eða rjett við þær. Þar sem selskinn eru nú í háu verði og útlit fyrir, að það verð haldist, þá er það tilfinnanlegur tekjumissir, sem lagnaeigendur árlega verða fyrir. Mönnum telst svo til, að þar sem áður fengust um 40 vorkópar, hafi nú síðustu árin að eins fengist 5—6 kópar með sama tilkostnaði og áður.

Auk þess skaða, sem ábúendur á selveiðajörðum verða fyrir af þessum selaskotum, þá spilla þau mjög æðarvarpi, því að selalagnirnar liggja flestar mjög nálægt varplöndum. Dúntekja hefir því mjög rýrnað í þeim eyjum, sem liggja næst selalátrunum, því að skothríðin er mest framin þann tíma, sem æðarfuglinn þarf að vera í næði.

Í Vestureyjum Breiðafjarðar er selur algerlega friðaður fyrir skotum, með lögum frá 16. des. 1885, innan þeirrar línu, er þau lög ákveða. Þetta hefir haft þau áhrif, að selveiði hefir síðan aukist í þeim eyjum og er að miklum mun meiri en í Suðureyjum.

Þetta frumvarp fer nú fram á að bæta úr því misrjetti, sem Suðureyjabúar verða fyrir í þessu efni, enda eðlilegast að samskonar lög um selaskot gildi fyrir allan Breiðafjörð. Það skal tekið fram, að á því svæði, sem farið er fram á að friða, eru engar veiðiár, er friðunin gæti skaðað.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt almennum óskum bænda á selveiðajörðum í Snæfellsnessýslu og Dalasýslu.

(A. III, 2).

Nd. **113. Nefndarálit**

um frv. til laga um framlengingu á gildi laga um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta í sambandi við útflutning undanfarinna ára, sem og fjárlagafrumvarp fyrir 1925, og komist að þeirri niðurstöðu, að hóflega sjeu áætlaðar tekjur af útflutningsgjaldinu með 400000 króna.

Um hitt er hún einnig að mestu sammála, að eigi muni annað fært en að framlengja lög um útflutningsgjald enn þá um eitt ár, þótt sumir nefndarmanna telji það fremur óaðgengilegt. Að meiri hlutanum leggur nefndin því til, að frv. gangi fram óbreytt, en tveir nefndarmanna hafa sjerstöðu í málinu og lýsa henni væntanlega við umræður.

Alþingi, 12. mars 1924.

Jón Þorláksson, form.	Sveinn Ólafsson, framsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.

Jón A. Jónsson.	Halldór Stefánsson.	Jakob Möller, með fyrirvara.	Aug. Flygenring, með fyrirvara.

(A. XXII, 3).

Nd. **114. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25 % gengisviðauka.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin er öll á einu máli um það, að nauðsyn beri til að útvega ríkissjóði nú þegar tekjuauka, sem nægi til þess að fyrirbyggja tekjuhalla á yfirstandandi ári. En nefndarmenn hafa ekki orðið ásáttir um leiðirnar til þessa nema að nokkru leyti, og vill meiri hluti nefndarinnar aðhyllast þetta frv. sem einn lið í nauðsynlegum ráðstöfunum til tekjuauka handa ríkissjóði.

Til undirbúnings þessa máls þarf fyrst að reyna að gera sjer grein fyrir, hve mikinn tekjuauka muni þurfa á yfirstandandi ári. Í því skyni hefir nefndin fyrst athugað, hver tekjuhallinn muni verða árið 1923, eftir því sem nú verður sjeð, og styðst hún þar við yfirlit fjármálaráðherra í ræðu hans við 1. umr. fjárlaganna og upplýsingar frá ríkisbókhaldinu til viðbótar.

Samkvæmt yfirliti ráðherra er tekjuhalli ársins 1923 talinn kr. 1381296.00

Hjer við bætast upphæðir tekjumegin, sem eru bein eyðsla á eign:

Andvirði fyrir Borg	kr.	181846.00
Endurgreiðsla frá landsverslun	—	661285.79
Samtals	kr.	2224427.79

Frá dragast liðir gjaldamegin, sem ekki tilheyra rekstrarútgjöldum:

Varið til smíða á Esju	kr.	242675.41	
Lán til Flóaáveitufjelags	—	121500.00	kr. 364175.41
Rekstrarhalli eftir því			kr. 1860252.38

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldinu má gera ráð fyrir, að enn bætist nokkuð við gjöldin, og er því ekki gerlegt nú sem stendur að áætla endanlegan rekstrarhalla ársins 1923 minni en 2 miljónir króna.

Raunverulegar tekjur virðast hafa orðið á árinu 1923 ca. kr. 8115000.00. Í fjárlögunum fyrir 1924 eru tekjurnar áætlaðar sem næst sama upphæð, eða kr. 8162400,00, og er að svo stöddu ekki gerandi ráð fyrir, að þær verði meiri með núverandi tekjulöggjöf. Spurningin verður þá sú, hve mikil gjöldin muni verða 1924. Í fjárlögunum eru þau áætluð kr. 8340674.08, en samkvæmt undanfarinni reynslu hljóta þau að verða talsvert miklu meiri, jafnvel þó ýtrasta sparnaðar sje gætt. Til samanburðar má nefna, að í fjárlögunum fyrir 1923 voru gjöldin áætluð rúmlega 7,9 miljónir kr., en munu reynast um 10 miljónir kr., þar af gjöld alveg utan fjárlaga 1,4 miljón kr. Slík gjöld utan fjárlaga hljóta einnig að koma á árinu 1924, því að fjárlögin fyrir það ár eru yfir höfuð samin á mjög líkum grundvelli og fjárlögin 1923.

Nú hefir landsstjórnin ákveðið að fella niður flestar verklegar framkvæmdir á árinu 1924, og mun þetta taka bæði til þeirra, sem fje er veitt til í fjárlögum, og þeirra, sem framkvæmdar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum en fjárlögum. Nefndin hefir athugað, hve miklu þessar niðurfærslur muni nema, og með tilliti til þess, að vitanlegt er að sumir gjaldaliðir fjárlaga 1924 hljóta að fara mikið fram úr áætlun, t. d. berklavarnakostnaður samkvæmt lögum frá 1921, sem er áætlaður 75 þús. kr., en verður líklega 3—400 þús. kr., þá þorir nefndin ekki að áætla að meira muni á tekjuhallanum en ½ miljón kr. frá því, sem hann reynist árið 1923. Samkvæmt þessu telur nefndin ekki óhætt að gera ráð fyrir minni tekjuauka en 1,5 miljón kr. á árinu 1924, til þess að trygt verði að tekjur samsvari gjöldum. Þær ráðstafanir til tekjuauka, sem nú verða gerðar, geta ekki náð nema til þriggja ársfjórðunga af árinu 1924, og þurfa þær þá að samsvara því, að ríkissjóður á einu ári fengi af þeim 2 miljónir króna.

Aðflutningstollarnir hafa verið árin 1922 og 1923 sem hjer segir:

	1922.	1923.
Áfengistollur	338764 kr.	471905 kr.
Tóbakstollur	339288 —	429758 —
Kaffi- og sykurtollur	886147 —	811372 —
Annað aðflutningsgjald	125803 —	110986 —
Flyt:	1690002 kr.	1824021 kr.

Flutt:	1690002 kr.	1824021 kr.
Vörutollur[1])	1132104 —	1052101 —
Tollar alls	2822106 kr.	2876122 kr.
Ennfremur: Vitagjald	203499 —	196097 —

Upphæðin, sem gengisviðaukinn samkvæmt frv. kemur á, nemur þannig sem næst 3 milj. kr. yfir árið, og yrði þá tekjuaukinn með óbreyttum innflutningi um 750 þús. kr. yfir árið eða um 560 þús. kr. á þrem ársfjórðungum. Vegna væntanlegrar minkunar á innflutningi, má þó ekki áætla meira en 500 þús. kr. árið 1924.

Það virðist ekki verða hjá því komist að taka þennan tekjuauka, einkum þegar þess er gætt, að með lækkandi gengi krónunnar hafa tollarnir í raun og veru lækkað miklu meira en sem nemur þessum 25% viðauka. Það væri af mörgum ástæðum æskilegt, að gengisbreytingar hefðu sem minst áhrif á raunverulegar tekjur ríkissjóðs, þannig að krónutala þeirra hækkaði tiltölulega með lækkandi gengi. Þetta á sjer stað um 1% útflutningsgjaldið, og tekju- og eignarskatturinn fer ennþá frekar eftir samskonar lögmáli. Þar sem nú er æskilegt að draga úr innflutningi til landsins, má það heita alveg óeðlilegt að láta aðflutningstollana raunverulega lækka í hlutfalli við aðrar álögur til ríkisþarfa, og telur einn nefndarmanna (J. Þ.), að rjett væri að fara lengra en stjórnarfrv. gerir og innheimta alla tolla með gullgengi, nema vörutoll af beinum nauðsynjavörum.

Á móti þessum 25% viðauka á öllum tollum er það haft, að nokkuð af honum lendi á nauðsynjavörum og orsaki verðhækkun á þeim, en hún valdi aftur vaxandi dýrtíð og kauphækkunarkröfum. En þess ber að gæta, að af allri hækkuninni, sem mundi nema um 750 þús. kr. á heilu ári, kemur einungis lítill hluti niður á lífsnauðsynjum og framleiðsluvörum. Eftir upplýsingum frá Hagstofunni hefir tollur á nauðsynjavörum numið sem hjer segir árið 1922, miðað við núgildandi lagaákvæði:

Vörutollur 1. fl. (kornvörur, steinolía, sement o. fl.)	180850 kr.
—— 2. fl. (ýmsar járnvörur, veiðarfæri o. fl.)	176332 —
—— 4. fl. (kol og salt)	314297 —
—— 5. fl. (trjáviður)	37502 —
Samtals	708981 kr.
Hjer við má ef til vill bæta sykurtollinum, sem var	472759 —

Hækkunin á vörutolli í 1. fl. mundi nema árlega um 45 þús. kr. og koma niður á vörumagni, sem árið 1921 nam 7538605 kr., og er þá hækkunin 0,6% af verðmætinu. Á kornvörum nemur hækkunin 15 au. á hvern heilsekk (100 kg.). Steinolía er nú undanþegin vörutolli, og nær hækkunin því ekki til hennar, nema sjerstakt ákvæði sje um það gert.

Á 2. tollflokki mun hækkunin nema um 44 þús. kr. yfir árið. Verðmæti þess flokks var 1921 4854449 kr., og nemur hækkunin eftir því nál. 0,9% af vöruverðinu.

Af vörutollsvörunum kemur viðaukinn einna þyngst niður á kolum og salti, 75 au. á tonnið af kolum, eða um 1% af verðinu, og 37½ eyrir á tonnið

1) Eftir núgildandi tollhæð á kolum og salti.

af salti. Það hefir þó orðið ofan á hjá meiri hluta nefndarinnar, að vilja ekki undanskilja þessar vörutegundir hækkunni, meðan ekki er farið fram á meira en 25% gengisviðauka, eins og frv. gerir, og er hann því mótfallinn brtt. á þskj. 67, að Á. F. undanskildum.

Loks má telja sykur meðal nauðsynjavarnings, en þó álítur nefndin, að sykureyðsla hafi verið hjer fram úr hófi og mætti vel minka nokkuð.

Meiri hlutinn lítur svo á, að þar sem nú er í ráði að gera víðtækar ráðstafanir til að sporna á móti innflutningi á óþörfum og miður nauðsynlegum vörum, þá tjái ekki að byggja tekjuauka handa ríkissjóði eingöngu á innflutningsgjöldum af slíkum vörum, heldur verði menn að sætta sig við það, að einhver hluti tekjuaukans komi á vörur, sem eigi geta talist óþarfar.

Loks vill meiri hlutinn — og reyndar nefndin öll — leggja mjög ríka áherslu á það, að stjórnin gæti ýtrustu sparsemdar á sjerhverju sviði við framkvæmd fjárlaganna á yfirstandandi ári og eftirleiðis, og að hún láti þetta og önnur tekjuaukafrumv. ekki freista sín til neinnar tilslökunar í því efni.

Að endingu viljum vjer geta þess, að vjer teljum mjög æskilegt að frv. þetta fái sem hraðasta afgreiðslu hjá báðum deildum þingsins, af ástæðum, sem eru svo augljósar, að um þær þarf ekki að ræða.

Alþingi, 12. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. og frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.

Sveinn Ólafsson. Jón A. Jónsson. Aug. Flygenring.

(B. I, 2.)

Ed. **115. Nefndarálit**

í stjórnarskrármálinu.

Frá allsherjarnefnd.

A. Frá meiri hluta.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um þau tvö frumvörp um breyting á stjórnarskránni, er til hennar var vísað. Meiri hlutinn (E. P. og J. M.) fellst á frumvarpið á þingskjali nr. 21, en minni hlutinn (J. J.) telur rjett að gera nú eigi aðrar breytingar en þær, er ræðir um í frumvarpinu á þingskjali nr. 22.

Öll nefndin er sammála um það, að rjett sje að fækka þingum, þannig, að reglulegt þing verði haldið annaðhvert ár, en meiri hlutinn telur af því leiða að sjálfsögðu, að lengja beri kjörtímabilið fyrir kjördæmakosna þingmenn. Leng-

ingin úr 4 árum í 6 er mjög hófleg, er þess er gætt, að nú er kosið til 4 þinga, en í frumvarpinu á þingskjali nr. 21 er ekki gert ráð fyrir kosningu nema til 3 þinga. Kjörtímabil hinna landskjörnu þingmanna þykir rjett að verði þá eins og nú helmingi lengra en hinna kjördæmakosnu.

Meiri hlutinn telur að öllu heppilegast, að ráðherra sje einn. Það bar ekki á því, að stjórn landsins færi aflaga á árunum 1904 til 1916 fyrir þá sök, að ráðherra var einn. Þetta hefir einnig þann kost, að er ráðherra er einn má búast við því, að þingið skiftist betur í meiri hluta og minni í afstöðu sinni til stjórnarinnar heldur en er ráðherrar eru fleiri og afstaðan er máske sú, að hvor eða hver hefir sinn flokk að baki sjer, en stjórnin í heild eigi stuðning nema af minni hluta þingmanna. Þegar ráðherrum var fjölgað á þinginu 1916—1917, var ástæðan talin ekki síst sú, að það þyrfti að gera vegna ófriðarins, er þá stóð sem hæst, og töldu ýmsir þingmenn, að fjölgun ráðherranna ætti eigi að haldast lengur en meðan sú ástæða væri fyrir hendi, er nú var talin, þótt breytingartillaga í þá átt kæmist ekki fram.

Ef ráðherra er einn, þá þarf ávalt að vera til taks ákveðinn maður til þess að koma í hans stað, er með þarf, og það á að ákveða þetta í sjálfri stjórnarskránni. Skynsamlegt virðist að hverfa þá og aftur til þeirrar skipunar, er var meðan ráðherra var hjer einn, og taka upp aftur landritaraembættið, sem var að miklu framhald landshöfðingjaembættisins. Það verður að teljast heppilegt, að störfum hinnar æðstu stjórnar landsins sje skift þannig, að ráðherra hafi einkum hin pólitisku störfin, en annar maður, landritari, landshöfðingi eða hvað hann væri kallaður, hefði, að minsta kosti í framkvæmd, einkum umboðsstjórnina. Eftir því frumvarpi, er hjer um ræðir, hefir að vísu ráðherra ábyrgðina á umboðsstjórninni einnig gagnvart þinginu, en landritari venjulega embættislega ábyrgð. Munurinn aðallega sá, að Alþingi getur hvenær sem er komið ráðherra frá, en ekki sett landritara af. Í augum meiri hluta nefndarinnar er það einmitt kostur, að landritari, sem hefir sjerstaklega hið umboðslega eftirlit á hendi, eigi ekki embætti sitt undir því, hvernig vindurinn blæs í hvert sinn í þinginu. En það segir sig sjálft, að festu í umboðsstjórninni má einatt ekki vænta af pólitiskum ráðherrum, sem stöðugt eru að koma og fara. Það hafa því á síðari árum komið fram tillögur frá mætum mönnum um að tryggja enn betur festu í umboðsstjórninni með því að gera æðsta umboðsvaldið enn óháðara hinum pólitisku áhrifum. Nú er því haldið fram af sumum, að þótt einn sje ráðherra, þá sje ekki óhjákvæmilegt að hafa landritaraembætti eða eitthvert slíkt embætti. Skrifstofustjórar stjórnarráðsins geti haft á hendi störf þau, er landritara eru ætluð, hver í sinni stjórnargrein, og að einhver skrifstofustjóranna geti komið í stað ráðherra, er við þarf, eftir því sem nánara væri til tekið í lögum. Þetta má orða, en við, meiri hluti nefndarinnar, trúum því fastlega, að hinu æðsta embættislega eftirliti sje best borgið með því að vera á einni hendi.

Þá er sú tillaga, að úrskurðarvaldið um kosning og kjörgengi þingmanna sje tekið af Alþingi og lagt undir hæstarjett. Það hefir eigi sjaldan átt sjer stað, að þær sakargiftir hafa verið bornar á þingið, flokka í þinginu og jafnvel þingið í heild, að ekki hafi ávalt verið gætt fullkominnar óhlutdrægni í úrskurðum þingsins um gildi kosninga. Hvort sem þessar sakargiftir eru rjettmætar eða eigi, þá

er hitt víst, að stundum hafa ýmsir trúað því, að sakargiftirnar væru ekki með öllu ástæðulausar. Um kosningakærur verða oft allharðar deilur í þinginu, og mönnum finst stundum bylgjurnar ganga nokkuð hátt og úrskurður þá upp kveðinn í nokkrum hita. Því er eigi heldur að neita, að úrskurðir hafa eigi ávalt fallið að öllu á eina leið, enda ekki að furða, er þess er gætt, að þingið er einatt eftir almennar kosningar að meira eða minna leyti skipað nýjum mönnum. Það virðist því ekki þurfa að orðlengja mikið um það, að æskilegt sje að leggja þessi mál undir dóm, sem eigi verði um það grunaður að vera hlutdrægur, og svo er háttað um hæstarjett. Líklega eru ekki margir, er eigi telji breyting þá, er hjer er farið fram á, rjettmæta í sjálfri sjer. En, segja sumir, það er vitanlegt, að flestum eða máske öllum þingkosningum er ábótavant, kosningalögin í einhverju atriði brotin. Bágt að treysta því, að ekki mætti með kæru fá ónýtta svo að segja hverja einustu kosningu, að minsta kosti fyrst í stað, er farið yrði að dæma beint eftir lögunum. Þetta nær auðvitað engri átt. Hæstirjettur ætti þá að vera óhæfari en þingið til þess að greina milli þess, er af atriði er í málinu, og hins, er minna er vert. Þetta er hin mesta fjarstæða. Hættan á þessu er meiri meðan þingið hefir úrskurðarvaldið. Því verður varla mótmælt, að stundum virðist þingið í úrskurðum sínum rígbinda sig í einstökum atriðum við bókstaf laganna og stundum víkja allmjög frá honum, og þá ekki ávalt trútt um, að miður sje greint en vera ætti milli þess, er af atriði er, og þess, er minna skiftir máli. Góður dómstóll rígbindur sig ekki við bókstaf laganna, heldur gætir þess jafnan, ekki síst nú á tímum, að við meðferð laganna þarf að athuga það, hvað löggjafinn vill með lögunum, hvernig skynsamlegt er að beita lögunum að vilja löggjafans. Það er sjálfgefið, að nái breytingartillagan fram að ganga, þá þarf að setja, með ráði hæstarjettar, lög um meðferð þessara mála, og jafnframt, eða hvort sem er, ætti að breyta nokkuð kosningalögunum eftir þeirri reynslu, er nú er fengin í sumum atriðum. Sá er og kosturinn, og hann ekki alllítils virði, að ætti hæstirjettur að dæma um kosningarkæru, og færi úrskurður í þá átt, að uppkosning skyldi fram fara, þá mundi sú uppkosning geta fram farið svo tímanlega, að viðkomandi kjördæmi þyrfti ekki að vera svift lögmæltri hluttöku í þinginu þess vegna.

Um aðrar breytingar frumvarpsins þykir ekki þörf að orðlengja.

Leggjum við því til, að frumvarpið á þskj. 21 verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 7. mars 1924.

Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

B. Frá minni hluta.

Allsherjarnefnd efri deildar hefir klofnað um stjórnarskrármálið. Meiri hlutinn (J. M. og E. P.) vill í aðalatriðum fylgja frv. á þingskjali 21, gera margar

og djúptækar breytingar á stjórnarskránni. Minni hlutinn vill aðeins gera eina verulega breytingu, að fjárlög verði gerð fyrir tvö ár og reglulegt þing aðeins haldið annaðhvert ár. Minni hlutinn leggur því til, að feldar verði úr frv. á þingskjali 21 allar breytingar, nema þær, sem lúta að þinghaldi annaðhvert ár.

Saga þessa máls er sú, að nokkrum árum fyrir stríðið var farið að halda aukaþing þau árin, sem ekki var kallað saman reglulegt þing. Síðan 1911, að því ári meðtöldu, hafa þing verið haldin árlega, og eitt árið tvö þing. Eftir stríðið var þetta lögfest og fjárhagstímabilið látið vera eitt ár. Litlu síðar kom í ljós, hve fjárhagur landsins var slæmur. Þá var í öðru blaði Framsóknarmanna sýnt fram á, að með þinghaldi annaðhvert ár mætti spara töluvert fje. Þessi breyting var eingöngu borin fram sem sparnaðarráðstöfun og ekki hreyft hið minsta við öðrum meginatriðum í stjórnarskránni. Tillaga þessi varð mjög vinsæl. Og er það kom í ljós, tóku ýmsir andstæðingar Framsóknarflokksins að fylgja henni, en bættu jafnframt við öðrum breytingum, sem engan veginn eru til sparnaðar, en geta þvert á móti verið stórhættulegar fyrir heilbrigt stjórnmálalíf í landinu. Á þinginu 1923 bar 1. þm. Skagfirðinga fram stjórnarskrárbreytingu. Þar var tekin upp hin gamla tillaga um þing annaðhvert ár, en aðrar stórbreytingar fylgdu. Ráðherra átti að vera einn. Landritaraembættið skyldi stofna að nýju. Kjörtímabilið vera 6 og 12 ár. Í kjölfar þessara breytinga komu svo aðrir »fleygar«, þjóðkirkjan og aðstaða hennar til ríkisvaldsins, að gera þingið að einni deild o. fl. Framsóknarflokkurinn samþykti á flokksfundi að fylgja stjórnarskrárbreytingunni, ef engar verulegar efnisbreytingar fylgdu aðrar en þinghald annaðhvert ár. En 1. þm. Skagfirðinga hjelt fast við »fleyga« sína, og varð þá endirinn sá, sem öllum er kunnugt, að breytingarnar voru orðnar svo miklar og ósamstæðar, að Nd. varð vegna sóma síns að fella frv. Gat ekki látið málið frá sjer fara í þvílíku ástandi. Alt öðru máli hefði verið að gegna, ef flutningsmaður hefði tekið höndum saman við Framsókn um aðalbreytinguna. Þá var auðvelt að koma hinni eftirsóttu breytingu í framkvæmd.

Í byrjun þessa þings báru allir Framsóknarmenn í Ed. fram stjórnarskrárbreytingu. *Þing annaðhvert ár og tveir ráðherrar.* Um leið bar 4. landsk. (J. M.) fram nálega sama frv. og strandað hafði í Nd. í fyrra af ofangreindum ástæðum. Við 1. umræðu var því lýst yfir fyrir hönd Framsóknarmanna, að þeir myndu falla frá breytingunni um tölu ráðherra og láta sitja við það orðalag, sem er, ef 4. landsk. þm. vildi falla frá efnisbreytingum sínum, öðrum en þinghaldi annaðhvert ár. En strax við þá umræðu var auðheyrt, að flm. (J. M.) vildi ekki slaka til með landritaraembættið. Í nefndinni hefir enn hið sama boð verið endurtekið af hálfu Framsóknar, en hafnað af meiri hluta nefndarinnar. Sýnist þó undarlegt, ef meiri hlutanum er ant um framgang málsins, að láta fylgja nú þau ákvæði, sem bersýnilega strandaði á í fyrra og mæta enn mikilli mótspyrnu.

Hjer verður lagt til grundvallar frv. á þskj. 21. Skal nú vikið að einstökum atriðum, sem þar þarf að fella niður. 1.—4. gr. fjalla um fækkun ráðherra, gera ráð fyrir að hann sje aðeins einn. En við hlið hans sje landritari, vitanlega fastur embættismaður, skipaður ævilangt.

Breytingin að fjölga ráðherrum var gerð um áramótin 1916—17. 4. landskjörinn varð þá formaður stjórnarinnar og gegndi því embætti þar til fyrir tveim

árum. Breytingin var gerð í samráði við hann og jafnvel hans vegna. Hann hefir haft forustu stjórnarinnar lengst af þeim tíma, sem ráðherrar hafa verið fleiri en einn. Móthygð þessa manns gegn núverandi stjórnarformi er ekki þung ástæða, þar sem hann hefir árum saman áður verið á alveg gagnstæðri skoðun.

Ef þingum er fækkað um helming, minka um leið áhrif þingsins og þar með kjósendanna á stjórn landsins. Rousseau sagði, að kjósendur væru ekki fullvalda nema á kjördegi, þar til þeir hefðu afhent ákveðnum fulltrúa umboðið. Á sama hátt afhenda þingmenn landsstjórninni umboð sitt um meðferð mála milli þinga. Þingafækkunin gefur stjórninni þannig meira vald og vitanlega nokkuð minna aðhald. En að leggja í einu þyngri byrðar á stjórnina og gera hana um leið veikari til stórra muna er hugsunarrangt. Þessari ástæðu var með rjettu mjög haldið fram í fyrra gegn því að hafa einn ráðherra. Og sú ástæða er jafnþung enn. Síðastliðið ár hafa ráðherrarnir verið tveir. Ef annar þarf í ferð, gætir hinn ráðherrann málanna heima fyrir báða. Það er viðurkent, jafnvel af meiri hlutanum, að enginn sparnaður verði að því fyrir landslýð að bæta við landritara í stað ráðherra. Hann muni þurfa jafnhá laun. Munurinn er sá, að þingið ræður yfir ráðherrunum, getur sett þá af hve nær sem er, ef þeir hafa ekki traust meiri hluta þings. Landritarinn yrði ráðherra án ábyrgðar. Að sama skapi styrktist embættisvaldið í stjórnarráðinu, en vald kjósenda þverraði. Það er viðurkent, að í yfirstjórn landsins geta ekki verið færri en tveir menn. Aðalbankarnir hafa meira að segja þrjá forráðamenn hvor. Með núverandi skipulagi má hafa ráðherrana tvo. Má því gjarnan halda því formi, og láta það vera spegil af valdalystarleysi hvers stjórnarflokks, hvort hann fyllir nema tvö rúm.

Breytingin að minka þingvaldið og auka skrifstofuvaldið er fullkomlega í einveldisáttina. Einveldi er ágætt stjórnarform, ef besti maður landsins fer með valdið. Stundum er það, en sjaldan. Þess vegna hafa nálega allar mentaðar þjóðir horfið frá einveldisforminu. Borgararnir vilja sjálfir ráða og geta skift um sína stjórnarformenn heldur en afhenda valdið skilyrðislaust einhverjum manni svo að segja æfilangt.

Engin vafi er á, að stjórnin yrði sjerstaklega miklu veikari, ef ráðherra yrði aðeins einn. Störf slíks manns yrðu tvennskonar: Að fara með stjórnarvaldið inn á við, vera athugull og gerhygginn um þarfir og kröfur þjóðarinnar, og að halda uppi risnu og koma fram fyrir landsins hönd út á við. Mjög sjaldan eru þessir eiginleikar sameinaðir í einum manni. Til risnustarfanna út á við nægja oft yfirborðsmenn, og þykja enda æskilegir í þá stöðu. Til að stjórna landinu þarf sterka menn, starfsama og viljagóða, sem eru kunnugir landsháttum og þörfum almennings í landinu. Ef ráðherra væri aðeins einn, yrði langoftast að taka tillit við valið til þeirrar hliðar, sem í sjálfu sjer er miklu þýðingarminni. En sterkir athafnamenn, sem lítt hefðu sig í frammi í veislulífinu eða krossaleitinni, kæmu ekki til greina. Enginn vafi er því, að ef einhver lögfræðingurinn hefði verið einn ráðherra á árunum 1916–19, hefði engin landsverslun verið rekin, sem gagn var að, til að bjarga almenningi frá hungri og dýrtíð. Til að skilja þá þörf þjóðarinnar þurfti ráðherra, sem var kunnugur sjálfsbjargarviðleitni borgaranna og hafði tekið þátt í baráttu þeirri sjálfur. Slíka menn þarf að fá í stjórn landsins.

Framkvæmdarþrekið og hagkvæmdin sýnist alt of oft þverra við langa skólagöngu og innilokun í skrifstofum kauptúnanna.

Hin fyrirhugaða breyting, sem meiri hlutinn leggur til, myndi veikja stjórnina, veikja áhrif þings og kjósenda á stjórnarstarfið, draga úr ábyrgð stjórnarinnar gagnvart þjóðinni, en festa og tryggja embættisvaldið í höfuðstaðnum. Frá sjónarmiði þeirra, sem álíta að stjórn borgara landsins sje hollari þjóðfjelaginu heldur en fámennisvald ábyrgðarlausra og óafsetjanlegra fastra embættismanna, hlýtur því að vera sjálfsögð skylda að vinna af alefli móti slíkri breytingu.

Sama eðlis og engu heppilegri er sú tillaga meiri hlutans, að lengja kjörtímabilið úr 4 í 6 og 8 í 12 ár. Þetta er lengra kjörtímabil heldur en tíðkast hjá grannþjóðunum, og myndi vera sjerstaklega óheppilegt hjer á landi.

Í fyrsta lagi er það mjög óþægilegt og tæplega viðeigandi, að hinir landskjörnu þingmenn taki sjer sjálfir vald til að framlengja kjörtíma sinn um mörg ár. Það er að misnota í eigin hagsmunaskyni trúnað fulltrúastarfsins. Í öðru lagi eru 12 ár undir öllum kringumstæðum óhæfilega langur kjörtími. Aðstaða manna til málefna breytist á skemri tíma svo mjög, að í mörgum tilfellum myndu kjósendur fegnir vilja skifta um eftir skemri reynslutíma. Á þetta sjerstaklega við þá, sem eru kosnir utan flokka eða vegna dægurflugumáls. Sama gildir í sjálfu sjer um kjördæmakosningar. Ástandið í landinu tekur svo miklum breytingum ár frá ári, að langt kjörtímabil getur verið hættulegt fyrir almenna hagsmuni. Gerum ráð fyrir, að haustið 1923 hefði verið kosið til 6 ára. Litlu síðar kemur upp eitthvert hagsmunamál vissrar stjettar, t. d. kjöttollurinn í Noregi, sem snertir helming þjóðarinnar stórkostlega mikið. Gerum ennfremur ráð fyrir, að meiri hluti þings vildi ekki leysa málið í samræmi við þarfir og óskir bændanna. Svo líða sex ár. Með hverju ári versnar ástandið í sveitinni, hallærið færist nær. En kjósendur geta ekki skift um, þó að líf hálfrar þjóðarinnar liggi við. Allir sjá, hvílík hætta liggur í fyrir kjósendur að afhenda valdið þannig til langs tíma. Ef þingmennirnir vita, að ekki líða nema 4 ár milli reikningsskila, hafa þeir hita í haldinu með frammistöðu sína.

Kostnaðurinn fyrir landssjóð og kjósendur yfirleitt er ekki sjerlega mikill við hverjar kosningar. Frá því sjónarmiði er engin ástæða til að breyta. Kjósendur hafa heldur alls ekki óskað eftir, sem varla er von, að vera þannig sviftir valdi því, sem þeim ber, yfir þjóðmálunum.

Ísland er eitt af hinum ungu ríkjum í Norðurálfu. Fyrstu árin sem landið var sjálfstætt ríki, var þjóðin eins og í vímu, ölvuð af uppgangi stríðsáranna. Gömlu flokkarnir voru að liðast í sundur. Nýir flokkar eru að myndast í samræmi við breyttar kringumstæður. Margir kjósendur standa enn á vegamótum að átta sig á hinum nýju viðfangsefnum. Ef sex og tólf ár líða milli kosninga, er hætt við að áhuginn dofni, lognmolla færist yfir kjósendur. En nú liggur þjóðinni einmitt lífið á að vaka, fylgjast með og skilja, hvert stefnir með viðburði fjelagsmálanna. Kosningar með fárra ára millibili eru vakningarviðburður fyrir mikinn hluta þjóðarinnar, verulegur og þýðingarmikill þáttur í stjórnmálalegu uppeldi hennar.

Kjósendur hafa ekki beðið um langt kjörtímabil. Munu enn síður óska þess eftir því sem þeir hugsa meira um afleiðingarnar. Dugandi þingmenn þurfa

heldur ekki að æskja eftir þeirri breytingu. Þeim er ljúft að leggja gerðir sínar undir dóm stuðningsmanna sinna. En ljelegir og ótrúir verkamenn í víngarði þjóðmálanna, ef slíkir menn eru til, hafa ástæðu til að óska eftir löngu kjörtímabili. Reikningsskilin eru þá sjaldan og aðhald kjósenda ekki eins og brugðið sverð yfir höfði þeirra.

Af framanskráðu leiðir það, að lögð er frá hálfu okkar Framsóknarmanna í efri deild hin mesta áhersla á að leysa málið á þann hátt, sem til sparnaðar horfir og þjóðin æskir eftir: Að gera mögulegt, að þing verði aðeins haldið annaðhvert ár, nema þegar sjerstaklega stendur á. En til að ná þessu takmarki er lagt til að fella úr frv. á þskj. 21 alla »fleyga«, allar aðrar breytingar. Reynslan frá í fyrra sýnir, að allar umbúðir af því tægi eru hættulegar málinu.

Samkvæmt framansögðu leyfi jeg mjer að leggja til, að frumvarpið á þskj. 21 verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Niður falli 1.—6. gr., að báðum þeim meðtöldum.

2. Niður falli 9. og 10. gr.

3. Niður falli 12.—17. gr., að þeim báðum meðtöldum.

Alþingi, 8. mars 1924.

Jónas Jónsson.

(D. I, 1).

Nd. **116. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um starfsmannahald við landsverslunina og áfengisverslunina.

Flutningsm.: Björn Líndal, Magnús Jónsson, Jón Kjartansson, Sigurjón Jónsson.

Hve margir eru starfsmenn við landsverslunina og áfengisverslun ríkisins og hver eru laun þeirra hvers um sig?

(B. XLVIII, 1).

Nd. **117. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

1. gr.

3. gr. 2. liður, síðari málsgrein, orðist svo:

Í þeim fjelögum, er skiftast í deildir, nægir þó sameiginleg ábyrgð í hverri deild fyrir sig.

Takmörkuð ábyrgð nægir í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi um þetta efni, er flutt var á síðasta þingi eftir áskorun aðalfulltrúafundar kaupfjelags Borgfirðinga, en fjell við 3. umræðu í neðri deild með 2 atkv. mun.

Nú er frumvarpið flutt að nýju samkvæmt tilmælum þeim í brjefi, dags. 11. þ. m., frá stjórn kaupfjelags Borgfirðinga, sem hjer fer á eftir.

»Stjórn kaupfjelags Borgfirðinga í Borgarnesi hefir tekið þá ákvörðun, að fara fram á við háttv. þingmenn Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, að þeir flytji á yfirstandandi Alþingi frumvarp það til breytinga á samvinnulögunum, er þeir fluttu á Alþingi fyrra ár.

Reykjavík, 11. mars 1924.

Í stjórn kaupfjelags Borgfirðinga.

Helgi Pjetursson.

Guðm. Ólafsson. Davíð Þorsteinsson.

Til

þingmanna Mýra- og Borgarfjarðarsýslna«.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu í fyrra, sjá Alþt. 1923, A. bls. 226.

(B. XLIX, 1).

Nd. **118. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Engan þann styrk, sem veittur er samkvæmt fátækralögum frá 10. nóv. 1905, má skoða sem sveitarstyrk, ef hann er veittur:

a. *Vegna ómegðar.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna ómegðar, sem veittur er þeim, er hefir fleiri en 3 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef það er karlmaður, en ef kona á í hlut, skal fleira en 1 barn talið ómegð.
b. *Vegna slysa og vanheilsu.* Styrkur skal talinn veittur vegna slysa og vanheilsu, þegar styrkþurfi sannar með vottorði læknis, eða vottorði tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða vanheilsa, sem styrkþurfi á ekki sök á, geri hann ófæran til vinnu um lengri eða skemri tíma.
c. *Vegna atvinnuskorts.* Styrkur skal talinn veittur vegna atvinnuskorts, þegar sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki veitt styrkþurfandi fjölskyldumanni atvinnu eða vísað honum á atvinnu, sem hann getur stundað sjer og sínum til lífsviðurværis.
d. *Vegna elli.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna elli, sem veittur er styrkþurfa, sem er fullra 60 ára að aldri.

2. gr.

Engan þann, sem ræðir um í 1. gr. laga þessara, má flytja fátækraflutningi, nema hann hafi veitt til þess skriflegt samþykki sitt.

Nú verður þurfalingur ekki fluttur fátækraflutningi, vegna þess, að samþykki hans til þess hefir ekki fengist, og skal þá framfærslusveit endurgreiða allan þann styrk, sem dvalarsveit veitir honum.

3. gr.

Skuldir vegna styrks, er veittur hefir verið eftir þessum lögum, fyrnast á 5 árum.

Allar fátækraskuldir, stofnaðar samkvæmt fátækralögum 10. nóv. 1905 og seinni breytingum á þeim lögum, sem ekki er veð fyrir og orðnar eru til fyrir 1. jan. 1920, skulu falla í fyrningu, ef ekki hafa verið innheimtar fyrir 1. jan. 1925.

4. gr.

Þau ákvæði fátækralaga frá 10. nóv. 1905, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma í bág við þessi lög, eru úr gildi numin.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fer í sömu átt og breytingartillögur, sem fluttar voru við fátækralögin á þinginu 1921. Hefir stefna Alþingis undanfarið heldur farið í þá átt, þótt hægt sje, að rjetta hluta þeirra, sem svo ólánssamir eru að þurfa að leita styrks af opinberu fje hjá bæjar- og sveitarsjóðum. Má í þessu efni benda á berklavarnalögin o. fl. Með þessu frv. er Alþingi gefinn kostur á að ganga nokkru lengra í þessu efni.

(A. XXII, 4).

Nd. **119. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt um frv. þetta.

Ágreiningsefnið á milli nefndarhlutanna snertir ekki nema að litlu leyti þörf ríkissjóðs til aukinna tekna, heldur leiðina til að bæta úr henni.

Ástæður okkar eru þessar:

1. Vörutollurinn er ranglátur skattstofn, vegna þess að hann leggst nær jafnþungt á dýrar vörur og ódýrar, nauðsynjavörur og aðrar vörur óþarfari eða alóþarfar. Kemur hann þannig að mestu leyti jafnþungt niður á fátækum og efnuðum og miklu þyngra á fjölskyldum en einhleypum mönnum, og því þyngra sem fjölskyldan er mannfleiri og hefir — af þeirri ástæðu — örðugri afkomumöguleika.
2. Vörutollurinn er óbeinn tollur og innheimtist — sem aðrir slíkir tollar — með venjulegri verslunarframfærslu á ákvæðisupphæð hans, og verður þannig gjaldendum meiri fjárútlát en ríkissjóði tekjur.
3. Það er höfuðkostur tollstofna, ef þeir — jafnframt því að veita tekjur í ríkissjóð — verka þannig, annaðhvort að örfa og styðja framleiðsluna eða draga úr óþarfri, óhyggilegri eða skaðlegri eyðslu.

Slíka kosti vantar vörutollinn með öllu.

Við teljum ófært að reyna að ná auknum tekjum í ríkissjóð á skattstofni, sem slíka ókosti hefir. Teljum við, að fyr bæri að afnema vörutollinn í því formi, sem hann nú er, heldur en að hækka hann, og reynslan mun sýna, að því erfiðara verður að afnema hann, sem ríkissjóður á þar til að sjá meiri tekna.

Í annan stað álítum við, að óvíst sje, og enda ólíklegt, að þessi tollstofn gefi auknar tekjur í hlutfalli við hækkunina, eins og nú er komið almennum hag í landinu. Fjölda margir gjaldþegnar eru nú á takmörkum þess að vera sjálfbjarga eða gefast upp í sjálfstæðri baráttu fyrir lífsþörfum sínum. Mætti þá svo fara, að auknar álögur á þessum tollstofni hrintu þeim yfir takmarkið, og þá gætu þeir orðið opinberu lífi til meiri byrði en tekjuaukanum næmi.

Þegar svo er ástatt — eins og nú — að framleiðslan ber sig ekki almennt, þá verka allar auknar byrðar í þá átt, að framleiðslan dregur sig saman — það eru hennar aðalvarnarráð — og atvinnuleysi fylgir í kjölfarið. Þess vegna eru rjettu ráðin til viðreisnar efnahagsins — jafnt ríkis sem einstaklinga — að ljetta byrðarnar á framleiðslunni og styðja hana á allan hátt, svo að hún fái rönd við reist, aukist og færi út svið sitt, og þar næst veitt ríkinu nauðsynlegan stuðning til að rjetta við sinn hag einnig.

Af framangreindum ástæðum verður ríkissjóður fyrst og fremst að leggja aðaláhersluna á að takmarka útgjöld sín á meðan hann þarf að bíða þess, að framleiðslan sje fær um að veita honum nauðsynlegan stuðning.

Eigi að síður munum við vinna að því áfram í samvinnu við samnefndarmenn okkar að leita ráða til aukinna tekna ríkissjóðs á þeim sviðum, sem einhverri kaupgetu er leift.

Samkvæmt framansögðu ráðum við háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 13. mars 1924.

Halldór Stefánsson, frsm. Jakob Möller.

(B. L. 1).

Nd. **120. Frumvarp**

til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

Flutningsmaður: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Engin stofnun ríkisins er aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þeirra er, 5 af hundraði af nettóágóða, og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur. Aðrar stofnanir greiða ekki þennan skatt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir verið viðurkent þar til fyrir fám árum síðan, að stofnanir ríkissjóðs væru ekki útsvarsskyldar. En vegna verslunar ríkissjóðs, þeirrar er hann rak á ófriðarárunum, og einkasölufyrirtækja hinna síðustu ára, hefir þeirri spurningu skotið upp, hvort fyrirtæki þessi væru ekki útsvarsskyld. Þannig hefir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur lagt á áfengisverslun ríkisins 50000 kr. aukaútsvar á síðastliðnu ári og á landsverslunina 40000 kr. Mál um útsvarsskylduna eru nú fyrir dómstólunum, en með frv. þessu er vitaskuld ekki tekin afstaða til úrslita þeirra, heldur ber að skoða það sem öryggisráðstöfun fyrir ríkissjóð, ef hann skyldi tapa málum þessum.

(B. LI, 1).

Nd. **121. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar á Málmeyjarsandi innan við Votaberg.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Á Málmeyjarsandi innan við Votaberg skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni íbúa Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu, og hafa þeir falið okkur að koma málinu á framfæri.

(B. XXXI, 4).

Ed. **122. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921 [Friðun rjúpna].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 14, 27. júní 1921, orðist svo:

Rjúpur skulu alfriðaðar til 1. okt. 1926. Frá því ári sje friðunartími rjúpna 5. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXV, 3).

Ed. **123. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað ofangreint frumvarp og leggur til, að háttvirt deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 13. mars 1924.

Jón Magnússon, formaður.	Eggert Pálsson, skrifari og framsögum.	Jónas Jónsson.

(C. X, 1).

Nd. **124. Tillaga**

til þingsályktunar um bann gegn innflutningi útlendinga í atvinnuskyni.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson og Jón Kjartansson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa nú þegar út reglugerð samkv. heimild í lögum nr. 10, 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, þar sem girt sje fyrir, að útlendingar geti leitað sjer atvinnu hjer á landi meðan atvinnuvegirnir fullnægja ekki atvinnuþörf landsmanna.

Greinargerð.

Meðan slíkt atvinnuleysi er ríkjandi, sem nú á sjer stað, virðist full ástæða til að koma í veg fyrir, að útlendingar keppi um vinnuna við landsfólkið — enda er sá siður allra annara ríkja.

(B. LII, 1).

Nd. **125. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 40, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki.

Flutningsmaður: Jakob Möller.

Lög nr. 40, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki, falla úr gildi 31. desember 1924.

Greinargerð.

Því fer fjarri, að rætst hafi sú von um uppgripatekjur ríkissjóði til handa, sem bygð var á lögum þeim, sem hjer er farið fram á, að feld verði úr gildi. Tekjur af tóbakseinkasölu ríkisins voru áætlaðar af fjárhagsnefnd alt að 5—6 hundruð þúsund krónur á ári, en hafa orðið mestar rúmlega 200 þús. krónur. Hins vegar þykir það hafa komið berlega í ljós, að illa fari á því, að slík starfræksla sje í höndum ríkisins, og því að öllu athuguðu rjettara að hverfa aftur frá einkasölufyrirkomulaginu.

(B LIII, 1).

Nd. **126. Frumvarp**

til laga um útgáfu 5. flokks (serie) bankavaxtabrjefa í veðdeild Landsbankans.

Flutningsmaður: Jón Kjartansson.

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal gefa út 5. flokk (serie) bankavaxtabrjefa, alt að $2^1/_2$ miljón króna. Fyrstu 4 árin eftir að veðdeildarflokkur þessi er settur á stofn veitist tillag til hans úr ríkissjóði, 2000 kr. á ári.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabrjefanna. Fjármálaráðherra Íslands og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabrjefum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabrjefum.

3. gr.

Auk veðskuldabrjefa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir veðdeildinni vera:

1. Varasjóður veðdeildarinnar.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi alt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð landssjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir veðdeildina, er bankastjórnin semur og fjármálaráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabrjefum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum sköttum og öðrum opinberum gjöldum. Hún á rjett til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Fje veðdeildarinnar má einungis lána gegn veði í jarðeignum og graslendum í kaupstöðum og verslunarstöðum, sem leigðar eru á erfðafestu til eigi skemri tíma en 40 ára.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi virðingarverðs sjálfrar jarðarinnar eða graslendisins.

Auk þess má lána út á hús, er jörðu eða graslendinu fylgir, enda sjeu þau trygð fyrir eldsvoða í stofnun, sem bankastjórnin tekur gilda, og má lánsupphæðin vera alt að $^1/_3$ af virðingarverði húsanna.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir veðdeildina. Má þar meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli

veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á hverjum 4 ára fresti meðan lánið stendur, sýna skírteini, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda skírteini þetta, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhjeraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarinnar skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarinnar, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar; skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi hærri vera en 10 þúsund krónur, og minsta lán, sem veðdeildin veitir, skal vera 300 krónur, og skulu lán jafnan standa á hundruðum króna.

Lánstíminn má vera alt að 25 ár, en þá skal þeim lokið.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabrjefa deildarinnar fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskifti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiftin og greiða í varasjóð 1% af þeirri upphæð, sem þá hvílir á eigninni, til veðdeildarinnar. Vanræki einhver þessa tilkynningu og eins hitt, að greiða gjaldið með næsta pósti eftir að salan fór fram, skal hann greiða tvöfalt gjald. Kaupandi og seljandi bera sameiginlega ábyrgð á því, að gjald þetta sje skilvíslega greitt, og stendur hin selda eign að veði með 1. veðrjetti fyrir því.

Undanþegnir þessu gjaldi skulu þó lífserfingjar, er fá fasteign í arf, ef þeir tilkynna eigendaskiftin samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að sjer lán til veðdeildarinnar, skal hann leita samþykkis bankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sjer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna fyrir bankastjórninni eignarrjett sinn og taka lánið að sjer.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar eða gjöld, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða gjald við sölu (sbr. 11. gr.) eigi er greitt, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sjer, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Arlegt tillag til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs er $^1/_2$% á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar, 5. flokks, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sje veðdeildinni að skaðlausu.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabrjef þau, er veðdeildin hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl.

16. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

20. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugerð veðdeildarinnar skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. — Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra er, eða sjeu bankavaxtabrjefin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

23. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt að 2000 krónur. Til endurskoðenda má verja 200 kr. til hvors.

Ástæður.

Eins og kunnugt er, var 4. flokkur veðdeildar stofnaður með lögum nr. 51, 10. nóv. 1913, og reglugerð nr. 7, 7. maí 1914. Er svo ákveðið í þessum veðdeildarflokki, eins og öðrum flokkum deildarinnar, að lána megi jafnt út á hús og lóðir í kaupstöðum og verslunarstöðum eins og út á jarðir.

Af þessum veðdeildarflokki (4. fl.), sem upphaflega var 5 miljónir króna, mun nú vera aðeins um $^1/_5$ óútlánað. Er því ekki ólíklegt, að flokkur þessi gangi fljótt til þurðar, þar sem heita má, að hvergi sje lán að fá nú. Munu menn því neyðast til þess að taka lán úr þessum flokki meðan hann endist, þó óþolandi afföll hafi verið á brjefum hans, og að því er virðist meiri en nauðsynlegt var, miðað við verðfall það, sem var á brjefunum fram eftir stríðsárunum. Munu brjefin nú ekki seljast fyrir hærra verð en á 70—75 kr. hvert 100 kr. brjef.

Á hinn bóginn tekur það alllangan tíma að koma nýjum veðdeildarflokki á fót, þar sem semja verður reglugerð fyrir flokkinn, láta gera ný mót fyrir verðbrjef hans, prenta verðbrjefin o. s. frv.

Það virðist því ekki mega draga lengur að stofna þennan veðdeildarflokk. En þar sem fjárhagur Landsbankans er nú fremur þröngur, er ekki ætlast til að flokkur þessi nái nema til landbúnaðarins, og þess vænst, að bankinn geti keypt brjef hans af lántakendum eftir hendinni, með ekki meiri afföllum en hæst 6—10%.

Ólíku hægara ætti það að vera fyrir Landsbankann að lána ódýr lán á þennan hátt, með því að kaupa verðbrjef flokksins af lántakendum, sem hann kann að geta selt, eða þau geta orðið inndregin, og bankinn þá fengið aftur peninga sína, en að veita lán beint úr bankanum, svo sem gert er ráð fyrir í frv. á þingskj. 87, og með því móti festa fjeð til langs tíma. Og eins og nú standa sakir, mun bankinn eigi geta bundið svo fje sitt.

Einnig ber hjer að líta á hitt, að þetta fyrirkomulag yrði ómetanlegt gagn fyrir bankann, móts við hitt, að lána fje beint. Því hann gæti notað verðbrjef

flokksins sem handveð fyrir lánum, þau brjefin, sem hann getur ekki selt eða sem dragast inn.

Þótt 4. flokkur sje ekki allur seldur, getur ekki verið neitt því til fyrirstöðu, að nýr flokkur myndist samhliða í þessu skyni.

Hinar einstöku greinar frv. gefa ekki ástæðu til skýringar, en frv. er að mestu samið eftir lögunum nr. 51, 10. nóv. 1913.

(A. X, 3).

Nd. **127. Nefndarálit**

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Frumvarp þetta gerir nokkrar verulegar umbætur á núverandi fræðslufyrirkomulagi, án þess þó að raska grundvelli þess og án þess sjeð verði, að af því leiði aukinn kostnaður, einkum ef breytingartillaga minni hlutans við 7. gr. verður samþykt.

Þessar umbætur eru:

Fræðslukröfurnar eru nokkuð auknar, þó ekki svo, að af því þurfi að leiða aukin skólaganga, einkum þar sem ætlast er til, að betra eftirlit verði með heimafræðslu barna innan við 10 ára aldur, og má því ætla, að börnin komi betur undirbúin í skólann. Próf eiga samkvæmt frumvarpinu að ná til 8 ára aldurs. Á þetta atriði verður að leggja mikla áherslu, því með þessu eina móti getur skólanefnd án kostnaðar haft eftirlit með því, að heimilin geri skyldu sína hvað snertir kenslu barna innan 10 ára. Samkvæmt frumvarpinu verður betra eftirlit en nú með því, að ákvæðum fræðslulaganna sje fullnægt, bæði vegna prófskyldu barna 8—10 ára og einnig vegna þess, að samkvæmt því á yfirstjórn fræðslumálanna að skipa formann skólanefndar, og getur því haft meiri áhrif en áður. Frumvarpið greinir ekki á milli skólahjeraða og fræðsluhjeraða, en sú aðgreining hefir sumstaðar reynst óheppileg, t. d. þar sem í sama hreppnum hefir verið bæði skólahjerað og fræðsluhjerað. Undanþágan, sem gerð var frá fræðslulögunum 1922, hefir orðið til þess, að sumstaðar hefir kensla fallið niður með öllu, og verður að telja það illa farið. Þessari undanþágu er að vísu haldið í 7. gr. frumvarpsins, en þó ætti að vera nokkru meiri trygging en áður fyrir því, að fræðslukröfunum verði fullnægt.

Minni hlutinn leggur hinsvegar til, að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Er t. d. óþarft að setja nánari reglur um lestur barna en að þau skuli vel læs. Óþarft er og að taka til blaðsíðufjölda í kristnum fræðum fremur en öðrum námsgreinum. Þó æskilegt sje, að börnum sje veitt nokkur æfing í teikningu, þá kann víða að vera erfitt að koma því við. Ekki er vert að hafa í fræðslulögum ákvæði um verklegt uppeldi barna á heimilum, en hinsvegar er

nauðsynlegt í öllum skólum að leggja nokkra stund á líkamsæfingar, enda auðvelt að koma við einföldum líkamsæfingum án áhalda eða sjerstaks útbúnaðar. Vegna fjárhagsörðugleika virðist enn ekki kominn tími til að lengja kenslutíma þeirra barna, sem farkenslu njóta. Óviðfeldið virðist, að kennari sitji í þeirri nefnd, sem hefir yfir honum að segja, enda ekki þörf, þar sem hann er að sjálfsögðu ráðunautur nefndarinnar.

Samkvæmt ofanrituðu leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Orðin »latneskt letur og gotneskt« í tölul. 1 falli niður.
   b. Orðin »sem svarar 300 bls. í 8 bl. broti« í tölul. 3 falli niður.
   c. Aftan við tölulið 9 komi: Þó má veita undanþágu frá þessu, ef ástæða þykir.
   d. 10. tölul. orðist svo: að hafa lært almennar líkamsæfingar.

2. Við 7. gr. Í staðinn fyrir orðin »12 vikur« í fyrri málslið komi: 8 vikur.

3. Við 24. gr.
   a. Í stað orðanna »Skipar yfirstjórn ... .. hreppsnefnd (bæjarstjórn)« í fyrstu málsgr. komi: Skipar yfirstjórn fræðslumála einn mann í nefndina, er sje formaður hennar, tvo kýs hreppsnefnd (bæjarstjórn).
   b. Í stað orðanna »hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, kjósa einn mann saman, en« í þriðju málsgr. komi: hver hreppsnefnd kýs einn mann, og«.

Alþingi, 13. mars 1924.

Bernh. Stefánsson, frsm. Ásgeir Ásgeirsson.

(B. XV, 3).

Nd. 128. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 102. (Kosningalög).

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við VII. a.

Í stað málsgreinarinnar: »Gildur er seðill . . . einn sje kosinn« komi: Ógildur er seðill í tvímenningskjördæmi, ef aðeins einn er kosinn.

(B. XX, 2).

Nd. **129. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþykt með nokkrum breytingum.

Með lögum nr. 29, 20. júní 1923, eru rjettindi þeirra manna, sem atvinnu stunda við vjelgæslu á mótorskipum, að mestu bundin við próf frá mótorskólanum, sem enn eigi er tekinn til starfa, og próf frá námsskeiði Fiskifjelags Íslands. Verður að vísu að viðurkenna, að sú þekking, sem menn á þennan hátt öðlast, er góð og nauðsynleg, en fram hjá hinu þykir þó ekki mega ganga, að menn, sem lengi hafa fengist við vjelgæslu, þótt ekki hafi þeir próf frá námsskeiðum Fiskifjelagsins, geti fullkomlega staðið hinum á sporði. Rýmkun í þessa átt verður að teljast því nauðsynlegri, að meira vjelalið er nú heimtað en áður var.

Þá þykir meiri hluta nefndarinnar of langur sá tími, sem mönnum er ætlað að stunda vjelgæslu til þess að öðlast skírteini, og hefir flutningsmaður eftir atvikum fallist á það.

Með 3. gr. frv. er það felt niður, að þeir, sem hafa prófskírteini frá Vjelstjóraskóla Íslands, geti öðlast rjett til að verða vjelstjórar á mótorskipum fyr en þeir hafa öðlast skírteini sem 1. vjelstjóri á gufuskipi, skv. 7. gr. l. nr. 43, 3. nóv. 1915. En undirbúningstímann vill nefndin stytta frá því, sem í frv. er ákveðið.

4. gr. frv. vill nefndin fella niður.

5. gr. frv. fer í þá átt, að binda eigi rjettindi þeirra, sem þar um ræðir, við starf á »samskonar skipi«, svo sem gert er í lögunum. Hefir og orkað tvímælis, hvað við sje átt með því.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað »18 mánuði« komi: 12 mánuði.
2. Við 2. gr. Í stað »24 mánuði« komi: 12 mánuði.
3. Við 3. gr. Í stað »12 mánuði« komi: 6 mánuði.
4. Við 4. gr. Greinin fellur burt.
5. Við 5. gr. Í stað »18 mánuði« komi: 12 mánuði.

Alþingi, 11. mars 1924.

Aug. Flygenring, formaður. Björn Líndal, fundaskrifari. Ásg. Ásgeirsson.

Sigurjón Jónsson. Jón Baldvinsson, framsm.

(B. LIV, 1).

Ed. **130. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða, að reikningsár hreppa innan sýslu, eins eða fleiri, skuli vera almanaksárið.

2. gr.

Í hreppum þeim, er miða reikningsskil við almanaksárið, skulu hreppsnefndir í janúarmánuði gera áætlun um allar tekjur og gjöld sveitarsjóðs fyrir yfirstandandi ár. Niðurjöfnun aukaútsvara skal þar fara fram 1.—14. febrúar; þó má aukaniðurjöfnun fara fram á öðrum tíma, ef hreppsnefnd telur nauðsynlegt. Um framlagningu niðurjöfnunarskrárinnar, tíma þann, er hún liggur hreppsbúum til sýnis, og kærufresti til hreppsnefndar og sýslunefndar fer að öðru leyti eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1905.

3. gr.

Þar, sem þessi skipun er tekin upp, skal hreppsreikningur fyrir síðastliðið almanaksár gerður í janúarmánuði, og skal hann að lokinni endurskoðun innanhrepps liggja hreppsbúum til sýnis frá 14. febrúar til mánaðarloka og síðan sendur endurskoðanda sýslunnar í öndverðum marsmánuði. Að öðru leyti fer um hann eins og fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Eindagi á sveitarútsvörum, sem jafnað er niður samkvæmt 2. gr., skal vera 1. júlí. Gjalddagi á útsvörum eftir aukaniðurjöfnun skal vera sá, er hreppsnefnd ákveður.

5. gr.

Nú er almanaksárið tekið upp sem reikningsár, og skal þá sjerstakur reikningur gerður fyrir tímabilið frá fardögum til 31. des. næst á undan hinu nýja reikningsári. Fer um hann sem segir í 3. gr.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa í kjördæmi mínu á allmörgum þingmálafundum komið fram og verið samþyktar áskoranir til þingmanna kjördæmisins, um að beita sjer fyrir breytingu á sveitarstjórnarlögunum frá 10. nóv. 1905, á þá leið, er frumvarp þetta fer fram á.

Á síðasta þingi kom fram í neðri deild frumvarp sama efnis og þetta. Var því eftir tillögu nefndar þeirrar, er hafði það til meðferðar, vísað til stjórnarinnar. Nú hefir ekkert í þessa átt komið frá hæstvirtri stjórn á þessu þingi. Tel jeg mjer því skylt að flytja frumvarp þetta.

Nánara við framsögu.

(B. LV, 1).

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsgrein 12. gr. laga nr. 75, 22. nóv. 1907, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningu nefnda, ef að minsta kosti 3 bæjarfulltrúar krefjast þess.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni nokkurra manna í Hafnarfirði. Er og sanngjarnt, að hlutfallskosningar megi nota við kosningu nefnda í bæjarstjórninni, þegar bæjarstjórnarkosningarnar fara fram á þann hátt.

(B. LVI, 1).

Nd. **132. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

1. gr.

Síðasta málsgr. 12. gr. laga nr. 75, 28. nóv. 1919, orðist svo:

Launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum.

2. gr.

13. gr. sömu laga orðist svo:

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og embættismenn, og greiðist hún af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum. Hlunnindi þau, er ræðir um í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi.

3. gr.

Skólanefndum og fræðslunefndum er heimilt að segja upp með 6 mánaða fyrirvara þeim kennurum, sem þær telja eigi nauðsyn á til þess að halda uppi lögskipaðri fræðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1924.

Greinargerð.

Meiri hluti fjárveitinganefndar ber frv. þetta fram til þess að gera tilraun til að ljetta af ríkissjóði nokkrum hluta barnafræðslunnar. Virðist það brýn nauðsyn, þar sem ríkissjóður hefir á síðustu árum tekið á sig svo miklar byrðar, að erfiitt er undir að rísa.

Einn nefndarmanna (P. Ottesen) hefir ekki getað felt sig við þessa leið, heldur viljað ganga lengra og fresta alveg framkvæmd fræðslulaganna.

Nánari skýringar verða gefnar í framsögu.

(C. XI, 1).

Nd. **133. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning þegnskylduvinnu.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson og Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að rannsaka möguleikana fyrir því að koma hjer á þegnskylduvinnu og undirbúa málið undir næsta þing. Nefndin starfar kauplaust, en stjórninni er heimilt að verja alt að 1000 krónum til kostnaðar við nefndarstörfin.

Greinargerð.

Það eru nú full 20 ár síðan þegnskylduvinnumálið var borið fram á Alþingi af Hermanni Jónassyni, og er það ekki nema rjett, að slík mál fái lengi að

búa um sig og meltast áður en þau ná fram að ganga. Málið hefir verið rætt afarmikið og hiti sá, sem í þeim umræðum var oft og einatt, hefir eyðst, og má nú líta rólegar á málið. 1915 var málið tekið upp aftur og fór þá fram atkvæðagreiðsla um það, sem fór á þá leið, að mikill meiri hluti var á móti því. En sú niðurstaða hefir án efa orsakast meðfram af því, að málið var ekki heppilega upp tekið, ekkert fast eða ákveðið að halda sjer að og hugmyndin sett fram á mjög breiðum grundvelli.

Við flutningsmenn lítum svo á, að einmitt nú sje hentugi tíminn að taka þetta mál upp. Fjárhag ríkisins er svo komið, að ekkert útlit er fyrir, að það geti ráðist í neinar verulegar verklegar framkvæmdir um óákveðinn tíma, en á hinn bóginn bíða hálfgerðir vegir, hafnleysur, ljeleg bæjarhús og svo margt eftir mannshöndinni, og er ómetanlegt tjón að því. Þegnskylduvinnan sýnist vera eina úrræðið. Þar er það fje, sem hægast er að leggja fram á tímum eins og þessum, vinnan, sem um leið á að geta, vegna góðrar stjórnar og uppeldisáhrifa, gert menn starfhæfari og endurgoldið þeim svo þann tíma, sem frá þeim hefir verið tekinn.

Á hinn bóginn teljum við ófært að hrapa að nokkru í jafnumfangsmiklu máli og þessu. Rjettast sýnist vera að láta þegnskylduvinnuna byrja í mjög smáum stíl, byrja á nokkurskonar tilraun, og láta hana svo, ef vel tekst, smám saman færast í aukana, og sníður hún sjer þá best sjálf lagastakkinn, eftir því sem hún eykst, þann stakk, sem mjög erfitt er að gera fullkominn í fyrstu.

Við höfðum í byggju að bera fram frumvarp til laga um þetta efni. En við komumst brátt að raun um, að tíminn var of takmarkaður til þess að gera það svo úr garði, að þingið gæti úr því unnið. En af því að það lýsir best sjálft því, sem fyrir okkur vakir, og á hinn bóginn er gott, að umræður, sem um málið kunna að verða, hafi nokkurnveginn skýran grundvöll, þá birtum við hjer í þessari greinargerð frumvarpið, eins og við höfum gert það úr garði. Má þá öllum verða ljóst, að hjer er engin forynja á ferð, er gleypt geti land og lýð, heldur aðeins meinlaus heimildarlög fyrir þá, sem vildu ríða á vaðið í þessu merkilega máli. Er til þess ætlast, að væntanleg nefnd hefði þetta til hliðsjónar við undirbúning málsins. Hún myndi og kynna sjer þær útlendu fyrirmyndir, sem um er að ræða. En á hinn bóginn er ekki áhersla lögð á einstök atriði, og frv. er sjálfsagt ábótavant í mörgu.

Fylgiskjal.

Frumvarp

til laga um heimild til þess að taka upp þegnskylduvinnu.

1. gr. Sýslunefnd getur ákveðið, að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal allra þeirra í sýslunni, sem kosningarrjett eiga til Alþingis, um það, hvort sýslan skuli sækja um, að þegnskylduvinna skuli upp tekin eftir lögum þessum.

Nú verða að minsta kosti 60 % þeirra, sem atkvæði greiða, með því, og sendir þá sýslumaður stjórnarráðinu umsókn þar að lútandi.

2. gr. Stjórnarráðinu er heimilt að veita fyrst um sinn einni sýslu leyfi til þess að koma á hjá sjer þegnskylduvinnu. Sæki fleiri sýslur en ein, sker stjórnarráðið úr, hverri skuli veitt leyfið.

3. gr. Þegnskyldir eru allir karlmenn, sem eru íslenskir ríkisborgarar og búsettir í sýslunni, um þriggja mánaða skeið á tímanum 1. júní til 30. sept., eftir því sem sýslunefnd ákveður. Þegnskylduvinnuna inna menn af hendi á því aldursári, er þeir verða tvítugir fyrir 1. júní, nema þeir fái frestun samkv. 6. og 7. gr. Stjórnarráðið getur ákveðið, að konur skuli og þegnskyldar og á hvaða aldri og hve lengi.

4. gr. Hreppsnefnd skal gera skrá um alla þá, sem þegnskyldir verða næsta sumar í hreppnum, og senda sýslumanni fyrir febrúarmánaðarlok. Á þeirri skrá skal telja alla þá, sem tvítugir verða fyrir 1. júní frá jafnlengd árinu áður, og alla þá, sem frestun hafa fengið á þegnskylduvinnu samkv. 6. og 7. gr.

5. gr. Sýslumaður boðar alla þá, sem þegnskyldir eru, saman á einn stað þann dag, sem þegnskylduvinna hefst. Skal hann þá vera þar sjálfur viðstaddur eða fulltrúi hans, svo og tveir valinkunnir menn, sem sýslunefnd hefir kosið honum til aðstoðar, og læknir.

6. gr. Nú ber einhver fram gildar ástæður fyrir því, að hann eigi mjög erfitt með að inna þegnskylduvinnu af hendi það sumar, sem um getur í 3. gr., og úrskurðar þá sýslumaður og meðráðamenn hans, hvort ástæður hans skuli teknar til greina. Ef þær eru teknar gildar, verður hlutaðeigandi maður þegnskyldur næsta sumar. Með sama hætti má fresta þegnskylduvinnu hans næsta sumar, en í síðasta lagi skal hver maður, sem ekki er með öllu leystur undan þegnskylduvinnu samkv. 7. gr., inna þegnskylduvinnu af hendi það sumar, sem hann er 22 ára orðinn fyrir 1. júní.

7. gr. Læknir skoðar alla þegnskylda, þegar þeir eru saman komnir samkv. 5. gr. Stjórnarráðið gefur út reglugerð um, hversu skoðun sje framkvæmd og hver vanheilsa eða líkamslýti nægi til undanþágu. Þeir, sem ekki uppfylla skilyrðin, fá vottorð læknisins um það, að þegnskylduvinnu þeirra skuli frestað til næsta árs eða þeir verði lausir undan þegnskylduvinnu með öllu.

8. gr. Undanfærslur þær, sem um ræðir í 6. gr., geta og farið fram fyr en þar er ráð fyrir gert. Auglýsir sýslumaður, hvenær umsóknir um frestun á þegnskylduvinnu skuli vera komnar í sínar hendur, og boðar síðan meðráðamenn sína á fund til þess að úrskurða þær. Skal þetta fara fram svo tímanlega, að þeir, sem frestun fá, þurfi ekki að ómaka sig samkv. 5. gr. Sömuleiðis geta menn og fengið vottorð hjeraðslæknis um frestun eða fulla lausn samkv. 7. gr. fyrirfram, og senda þeir þá sýslumanni þau vottorð í tæka tíð.

9. gr. Þegar læknisskoðun er lokið og undanfærslur úrskurðaðar, er öllum þeim, sem þegnskylduvinnu eiga að inna af hendi það sumar, skift í hópa, ef þess þarf, og sendir hver á sinn stað til vinnunnar, og eru þá komnir undir stjórn verkstjóranna.

Nú veikist maður eða fatlast frá vinnu eftir að vinna er hafin og getur ekki, að dómi læknis, tekið upp vinnu aftur það sumar, og telst hann hafa lokið þegnskylduvinnu og fær um það vottorð.

10. gr. Í þegnskyldu má vinna:

1. Öll þau störf innan sýslu, sem almenningsheill varða, svo sem vegagerð, hafnarbætur, símalagning o. fl.
2. Mannvirki fyrir einstaka menn innan sýslu, sem æskilegt þykir að komist í framkvæmd, en hæpið er að vinnist eins fljótt eða vel með öðru móti, svo sem húsagerð, einkum íbúðarhúsa, að svo miklu leyti sem að þeim verður unnið af ólærðum mönnum á handverk o. fl. Stjórnarráðið úrskurðar ágreiningsmál um það, hvað vinna megi samkv. þessari grein.

11. gr. Áhersla skal lögð á það við vinnuna, að kenna sem best vinnubrögð og láta vinnuna fara fram sem prýðilegast. Jafnan skal hefja vinnu að morgni með nokkrum líkamsæfingum og slíku að heræfingasið. Skulu verkstjórar læra það, sem til þess þarf að segja fyrir og stjórna slíkum æfingum.

12. gr. Sýslunefnd ákveður, hvað vinna skuli á hverju sumri. Auglýsir hún með nægum fyrirvara, að þeir, sem vilja láta vinna fyrir sig, skuli senda umsóknir sínar til sýslumanns fyrir sýslufund. Nú sækja fleiri en sýslunefnd telur geta komið til greina, og ganga þeir þá fyrir, sem setja bestar tryggingar fyrir fjárgreiðslum, hafa undirbúið verkið best og yfirleitt að dómi sýslunefndar þykir rjettast að sinna. Geti sýslunefnd ekki skorið úr milli tveggja eða fleiri, ræður hlutkesti. Sæki svo fáir eða verkið, sem vinna á, sje svo lítið, að sýslunefnd telji vinnutap að því að sinna því, getur hún synjað um það.

13. gr. Öll störf, sem unnin eru í þegnskylduvinnu fyrir einstaka menn, skal sá borga, sem unnið er fyrir. Sýslunefnd ákveður borgunina, en ekki skal hún vera hærri en svo, að verkið verði vinnukaupanda verulegum mun ódýrara en ella mundi. Borgunin sje int af hendi í jöfnum afborgunum á 10—20 árum, eftir því sem stjórnarráðið ákveður eftir tillögum sýslunefndar, og 3 % vöxtum. Rennur borgunin í sjerstakan sjóð, er nefnist þegnskyldusjóður og ríkisstjórnin ávaxtar í Landsbankanum, en lögreglustjóri ákveður. Verkið, sem unnið hefir verið, stendur að veði fyrir greiðslum þessum með 2. veðrjetti og aukatryggingu þeirri, sem sýslunefnd tekur gilda. Vinnukaupandi lætur flokkinn hafa ókeypis fæði, þjónustu og annað uppheldi.

14. gr. Ríkissjóður leggur fyrst um sinn til:

1. Verkstjóra fyrir hvern flokk og launar þeim.
2. Nauðsynlegustu verkfæri og áhöld og tjöld.

3. Verkamannaföt, og skulu þau vera með sama sniði og eins lit fyrir alla. Sjeu erfiðleikar á þessu, skal borga mönnunum fataslit eftir settum reglum.

15. gr. Sýslusjóður sjer þegnskylduvinnumönnum fyrir fæði og þjónustu og öðru uppheldi um vinnutímann, þegar unnið er að opinberum framkvæmdum.

16. gr. Jafnskjótt er þegnskyldusjóður eykst, skal úr honum greiða það, sem um ræðir í 14. gr. 2. og 3. lið.

Nú eykst þegnskyldusjóður svo, að hann hefir handbært fje fram yfir það, sem nefnt hefir verið, og veitir þá stjórnarráðið úr honum hagfeld og ódýr lán til efniskaupa handa þeim, sem efnalitlir eru og ráðast vilja í framkvæmdir þær, sem vinna má í þegnskylduvinnu, eftir tillögum sýslunefndar.

17. gr. Nú hafa fleiri sýslur en ein tekið upp þegnskylduvinnu, og skal þá hver sýsla hafa sinn reikning við þegnskyldusjóð og ganga fyrir öðrum sýslum um öll not af sjóðnum af sínum parti.

18. gr. Öll þau mannvirki, sem unnin eru í þegnskylduvinnu, hvort heldur fyrir hið opinbera eða einstaka menn, skulu samþykt af stjórnarráðinu, og lætur það að jafnaði gera uppdrátt að þeim.

19. gr. Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað eina í lögum þessum, sem þörf gerist, og úrskurðar ágreiningsefni og vafaatriði.

20. gr. Lög þessi öðlast gildi.....

(A. VIII, 3).

Nd. **134. Lög**

um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

(Afgreidd frá Nd. 14. mars).

1. gr.

182. gr. hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

Hafi nokkur, karl eða kona, sem veit eða hefir grun um að hann hafi smitandi kynsjúkdóm, hvern sem er þeirra þriggja sjúkdóma, sem ræðir um í lögum nr. 16 frá 1923, með holdlegu samræði eða öðrum atlotum, er eigi verða talin holdlegt samræði, valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast, þá varðar það fangelsi eða, ef miklar málsbætur eru, sektum, ekki minni en 100 kr. Hafi smitun átt sjer stað, má þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu alt að tveimur árum.

Hafi nokkur, karl eða kona, á annan hátt en að ofan segir, af ásettu ráði eða af miklu gáleysi valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast af kynsjúkdómi, þá varðar það fangelsi eða sektum. Hafi smitun átt sjer stað, má einnig, þegar svo stendur á, þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu alt að tveimur árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XVII, 5).

Ed. **135. Lög**

um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars).

1. gr.

Lyfsalar skulu greiða árlegt gjald til ríkissjóðs vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

2. gr.

Hver lyfsali greiðir 250 kr. á ári. Gjaldið skal greitt lyfsölustjóranum 31. desember ár hvert, í fyrsta sinn 31. desember 1924.

Gjaldið má taka lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXIV, 4).

Ed. **136. Lög**

um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars).

1. gr.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt, með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kaup-

túnum. Má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir afbrot, og skulu þær renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. VII, 2).

Ed. **137. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir leitað álits hæstarjettar og fengið frá dómstjóra svo hljóðandi brjef, dagsett 10. þ. m.:

Með virðulegu brjefi, dags. 6. þ. m., hefir háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis beiðst álits hæstarjettar um lagafrumvarp það um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, sem nú er til meðferðar í efri deild Alþingis.

Brjef þetta og áminst lagafrumvarp hefi jeg lagt fyrir dómendur hæstarjettar; hefir það verið athugað á fundi, og er það álit vort, sem á eftir fer.

Aðalákvæði frumvarpsins er að fækka föstum dómendum rjettarins úr 5 ofan í 3. Ef það er markmið rjettarins að veita sem rjettlátlegasta úrlausn á deilumálum borgaranna — og um það efast víst enginn — þá er að voru áliti enginn vafi á því, að tryggingin fyrir því, að þetta markmið náist, rýrist að mun við fækkun dómendanna, því að gamli málshátturinn er sannur: »Betur sjá augu en auga«. Út á við mundi þessi fækkun dómendanna hafa þau áhrif, að rýra álit rjettarins og veikja traust almennings á honum. Mundu þá þau verðmæti tapast, er vissulega vega meira en upp á móti krónusparnaði þeim, er á að vinnast með frumvarpinu. — Þetta, sem hjer er sagt, miðast við, að dómaskipunin annars haldist óbreytt, því að öðru máli gæti verið að gegna, ef stofnaður væri hjer í Reykjavík millistigsdómstóll, eins og vikið hefir verið að, en varla mundi það hafa sparnað í för með sjer, er að marki væri.

Hin önnur ákvæði frumvarpsins hafa minni þýðingu, og skal þó drepið á þau hjer.

Meiri hluti dómendanna er mótfallinn ákvæðinu í 1. gr., um að kjósa skuli forseta rjettarins. Þetta er algert nýmæli, al-óþekt hjer áður, og sýnist eigi hafa neitt verulegt við að styðjast nema væntanlegan sparnað, sem lík-

lega yrði þó lítill, því að forseti, sem kosinn væri, mundi sjálfsagt vilja hafa og verða látinn hafa aukaþóknun fyrir forsetastörf sín.

Breytingarnar í 3. gr. frv. getum vjer fallist á, enda lögðum vjer til, að ákvæðið yrði þannig, eins og breytingartillagan fer fram á, þegar hæstarjettarlögin voru til meðferðar 1919.

Um breytinguna á ritaraembættinu, 4. gr. frumvarpsins, má taka það fram, að það virðist að vísu ekki skifta miklu máli, hver skipar ritara, en embættið er mikilsvarðandi og heimtar góðan lögfræðing. Nú situr ungur maður í embættinu, og ef setja ætti hann á biðlaun, virðist augljóst, að hin tilætlaða breyting hefði engan sparnað í för með sjer fyrst um sinn.

Meiri hluti dómendanna getur fallist á ákvæðið í 5. gr., en það skal tekið fram, að rjetturinn sjálfur getur ákveðið þetta, þegar honum þykir ástæða til þess, án þess sjerstök lagaheimild þurfi til að koma.

Skoðun hæstarjettar um fækkun dómenda var áður kunn, og þykir eðlilegt, að dómurinn sje mótfallinn fækkun. Viðurkennir nefndin, að betra væri að þurfa ekki að fækka dómendum, ef ekki þyrfti á kostnaðinn að líta. Hitt getur hún ekki fallist á, að álit hæstarjettar þurfi að rýrna, þótt dómendur sjeu þrír í stað fimm. Það hlýtur ávalt að vera nokkurt álitamál, hver talan þurfi að vera. Eftir vorum hag virðist nefndinni vel forsvaranlegt að hafa dómendurna þrjá. Meiri hluti nefndar (E. P. og J. M.) telur, að æskilegt væri, að til væri miðstigsdómur fyrir mál, er áfrýjað er frá hjeraðsdómi, sjerstaklega utan Reykjavíkur. Það mætti sennilega koma miðdómi þannig fyrir, að ekki yrði sjerlega kostnaðarsamt fyrir landið, einkum ef dómar úr Reykjavík eru undanskildir. Þar hlýtur ávalt að vera æfður hjeraðsdómari, og því mega áfrýja hans dómum beint til hæstarjettar. Öðru máli er að gegna um hjeraðsdómarana utan Reykjavíkur. Nefndin telur þó ekki rjett að taka upp til framkvæmda tillöguna um miðstigsdóm, fyr en rýmkaðist um hag ríkissjóðs. — Á rök hæstarjettar fyrir því, að ritara*embættið* sje nauðsynlegt og að eigi sparist við að gera þá breytingu hjer í, er frumvarpið fer fram á, getur nefndin ekki fallist á. Henni getur ekki skilist, að starf ritarans sje svo umfangsmikið, að ekki mætti fá til hæfan mann fyrir tiltölulega litla þóknun. Um sparnaðinn, til frambúðar að minsta kosti, þykir ekki þurfa að ræða. Hann virðist auðsær, hvernig sem litið er á rjett þess manns, er nú er í ritaraembættinu. Um lögmælt biðlaun er líklega ekki að ræða. En um þetta atriði þykir ekki þurfa að orðlengja frekar hjer.

Meiri hluti dómaranna er því mótfallinn, að dómurinn kjósi sjer sjálfur forseta, og telur að dómstjóri eigi að fá aukaþóknun. Hvorugt getur nefndin fallist á. Þetta ákvæði virðist samkvæmast sjálfstæði dómsvaldsins, og hollast, að afskifti pólitíska valdsins af því sjeu sem minst. Ákvæðið er og mjög eðlilegt í sjálfu sjer, enda því atriði þannig farið í öðrum meiri háttar stofnunum, svo sem sjálfu Alþingi og háskólanum. Þá gæti það og verið heppilegra, sjerstaklega í þriggja manna rjetti, þar sem atkvæði mundi ekki allsjaldan standa gegn atkvæði, að eiga ekki úrslitavaldið, ef til vill áratugum saman, undir sama manninum, stjórnkjörnum forseta. Það mundi og vera fult eins gott fyrir samvinnuna í rjettinum, að sem jafnast væri á komið með öllum dómurunum um starf þeirra,

laun og annað, enda er slíkt skipulag dómstóla ekkert einsdæmi. Þannig eru allir dómarar í báðum æðstu dómstólum Svía jafnir að öllu leyti og heita sama nafni í hvorum um sig. Hitt er álitamál, hve langt kjörtímabilið eigi að vera, eitt ár eða lengur, en vitanlega getur endurkjör átt sjer stað. Nefndinni getur ekki skilist, að forseti hafi meira starf við dóminn en hinir dómararnir. Það virðist sjálfgefið, að hann skrásetji að minsta kosti aldrei fyrstur atkvæði, sem einatt er sama sem að semja dóminn. Enn finst nefndinni ólíklegt, að hæstirjettur geti í rauninni verið verulega mótfallinn því, að ráða sjálfur forseta sínum, þótt meiri hluti hans hafi ekki getað fallist á þessa breytingu.

Meiri hluti hæstarjettardómaranna fellst á ákvæðið í 5. gr. um birting ágreiningsatkvæðis. Það er að vísu svo, að dómurinn getur ákveðið þetta. En hann hefir ekki gert það. Það væri ekki ósennilegt, að sá dómari, er fyrstur ritaði atkvæði, hefði það enn skýrara og ítarlegra, ef hann ætti von á því, að mótatkvæði væri birt. Sjerstaklega er birting ágreiningsatkvæðis æskileg í fámennum rjetti, þar er málflutningur er munnlegur, og því enginn kostur ítarlegra dóma, er kasti nægilega skýru ljósi yfir ágreiningsatkvæðið, bæði að staðreyndum og lögum, heldur er að eins drepið á aðalúrslitaatriðin. Og þar sem sú venja er komin á í hæstarjetti, að geta ágreiningsatkvæðis úr forsetastólnum, er ágreinandi óskar þess, virðist bæði eðlilegt og rjett að stíga sporið til fulls og birta ágreiningsatkvæðið, þótt ekki væri til annars en að eyða óhollum efa um efni þess. Í hæstarjetti Svía og Norðmanna eru ávalt birt atkvæði allra dómaranna.

Einn nefndarmanna sjerstaklega hefir hreyft því, að það mundi fult eins rjett að hafa málflutning skriflegan. Bæði mundi þá kostur fyrir dómstólinn að hafa dómana enn ítarlegri, og svo mundi áfrýjun verða mun ódýrari fyrir málsaðilja. Nefndin í heild sinni hefir eigi viljað fara svo langt, ekki síst þess vegna, að henni er kunnugt um, að bæði hæstarjettardómararnir og málaflutningsmennirnir telja munnlegan málflutning yfirleitt heppilegri en skriflegan. En það hefir orðið að samkomulagi að bera fram breytingartillögu í þá átt að rýmka talsvert færið fyrir aðilja til að flytja mál skriflega.

Það er auðvitað ekki tilgangurinn, að kosning á forseta fari fram meðan sá maður skipar dómstjórasætið, er nú hefir það.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein, 5. gr., er orðist svo:

Við 38. gr. 2. tölul. Liðurinn orðist svo:

Ef rjetturinn leyfir það, enda hafi að minsta kosti annar aðilja eða umboðsmanna óskað þess.

Greinatalan breytist þar eftir.

2. Aftan við 9. gr. frumvarpsins, sem verður 10. gr., bætist: Ekki fer kosning dómstjóra fram meðan núverandi dómstjóri situr í embættinu.

Alþingi, 14. mars 1924.

Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,	Jónas Jónsson,
form. og framsögum.	fundaskrifari.	

(B. XXXV, 3).

Ed. **138. Nefndarálit**

um frv. til laga um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið samferða meiri hluta nefndarinnar (J. M. og E. P.) um þetta mál. Þingtíðindin hafa verið gefin út árlega síðan Alþingi var endurreist. Því síður er ástæða nú til að hætta þessari gömlu venju, þar sem landið er nú að nafni til sjálfstætt ríki.

Alþingi, 12. mars 1924.

Jónas Jónsson.

(A. XVIII, 5).

Ed. **139. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að ráða til að hækka legkaup við kirkjugarðinn í Reykjavík eins og upprunalega var lagt til í frv. stjórnarinnar. Samkvæmt því gerir nefndin þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr.	a.	Fyrir	4	kr.	komi	5 kr.
	b.	—	8	—	—	10 —
	c.	—	16	—	—	20 —
	d.	—	32	—	—	40 —
	e.	—	75	—	—	100 —
	f.	—	30	—	—	40 —

Alþingi, 10. mars 1924.

Jón Magnússon, form.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.	Jónas Jónsson, framsögum.

(B. XV, 4).

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrri málsgr. 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, víðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílíkt, að skifta hreppi í tvær kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hvora kjördeild. Er hreppstjóri oddviti annarar, en hreppsnefndaroddviti hinnar, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hvorri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í aðra kjördeildina.

2. gr.

Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslið 9. gr. laganna komi: kaupstað eða hreppi verið skift.

Í stað orðanna »1. júlí það ár til 30. júní« í sömu grein komi: 20. júní það ár til 19. júní.

3. gr.

Í stað orðanna »1. júlí« í 10. gr. komi: 20. júní.

4. gr.

Í stað orðanna »(1. júlí)« í fyrri málslið 11. gr. komi: (20. júní). Í stað orðanna »1. júlí« í síðari málslið 11. gr. komi: 20. júní.

5. gr.

Í stað orðanna »1. júlí« í síðari málsgr. 14. gr. komi: 20. júní.

6. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. komi: laugardagurinn í 11. viku sumars.

7. gr.

Í stað orðanna »er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum« í 36. gr. komi: er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.

Aftan við sömu gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ógildur er seðill í tvímenningskjördæmi, ef aðeins einn er kosinn.

8. gr.

Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

9. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á kosningalögunum, skal færa inn í texta laga nr. 28, 3. nóv. 1915, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

(B. LVII, 1).

Nd. **141. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ríkissjóður ábyrgist lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 500000 króna lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði, gegn viðunanlegri tryggingu og með öðrum þeim skilyrðum, sem nauðsynleg má telja af hálfu ríkissjóðs.

2. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, flutti 1. þingm. Kjósar- og Gullbr.sýslu í þingbyrjun frumv. til undanþágu frá gildandi lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, frá 19. júní 1922. Frumv. þetta, sem var felt, er á þingskj. 31, og eru þar færðar gildar ástæður fyrir því, sem óþarft er hjer að rekja, enda standa að öllu leyti óhaggaðar að því er atvinnubrögð í Hafnarfirði snertir.

Nefndinni hafa fyrir skömmu verið send tvö erindi úr Hafnarfirði frá tveim fjelögum þar, sem að eins eru formlega ómynduð. Tjáir annað fjelagið oss, að þeir hafi þegar safnað 27500 króna hlutafje, en eigi vísar 60000 krónur að auki, þegar að því kemur að þeir sjái sjer fært að kaupa skip, en auk þess hafi þeir trygt fjelagsskapinn með því, að þeir, sem á skipinu verða og allir eru hluthafar, leggja fram helming kaups síns upp í andvirði skipsins meðan fjelagið

skuldar. Hitt fjelagið skýrir frá því, að þeir eigi yfir að ráða 100000 króna hlutafje, en meðan þeir ekki fái vissu fyrir láni, alt að 200000 krónum, geti þeir ekki byrjað neitt starf eða myndað fjelag sitt formlega. Bæði hafa fjelög þessi leitað láns í bönkunum, en árangurslaust.

Fjelög þessi hafa því farið þess á leit við sjávarútvegsnefnd Nd., að hún útvegaði hvoru þessara fjelaga ríkisábyrgð fyrir væntanlegum lántökum til kaupa á botnvörpuskipum, sem búist er við að kosti 250 til 300 þúsund kr., gegn 1. veðrjetti í þeim, ef ske mætti, að þeir í útlendum eða innlendum bönkum kynnu fremur að geta fengið lán gegn slíkri ríkisábyrgð heldur en ábyrgð beint í skipunum.

Þar sem mjög margir alþingismenn hafa látið þess getið, að ekki væri nema maklegt og sanngjarnt, að Hafnarfjörður nyti einhvers stuðnings frá opinberri hlið til þess að eignast hæfilegan skipastól, og þar sem ekki er óhugsandi að þetta kunni að hjálpa til byrjunar, þá mælir sjávárútvegsnefndin með því — að undanteknum 2. þm. Rvíkur — að frv. þetta nái framgöngu.

(B. LVIII, 1).

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Pjetur Þórðarson.

Fjórða málsgrein 1. greinar laganna (»Einnig má leggja . . . . . fer á brott«) skal orða svo:

Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot, hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða aðeins til skemtunar, og á hvern hátt sem veiðin er stunduð, afnot jarða, jarðarhluta, hlunninda, ítaka og lóða innan hrepps, svo sem slægjuafnot o. fl., sem einhvern arð gefa, þótt engin ábúð fylgi og hvar sem notandi er búsettur, og þótt hlunnindi eða ítak sje metið með jörð í öðrum hreppi og á hvern hátt og á hve stuttum tíma, sem sú atvinna eða afnot eru stunduð. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tímalengd, notagildi og öðrum hlutföllum í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer á brott.

Ástæður.

Líklega hefir engin lagasetning hjá oss orðið fyrir eins mörgum breytingum og viðaukum eins og 36. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1905. Valda því breyttir atvinnuvegir og síaukin þekking á notkæfi þeirra sem gjald-

stofna fyrir sveitarsjóðina. Ein af þessum breytingum voru lög nr. 50, 28. nóv. 1919, og áttu þau aðallega að vera skýrari ákvæði um afnot jarða, »svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgdi«, en ákvæði eldri laga, 2. nóv. 1914, um sama efni.

Í niðurlagi greinargerðar frv. til laganna frá 1919 segir svo: »En með breytingu þeirri, sem hjer er gerð á lögunum, er þetta svo ljóst fram tekið, að ekki verður um vilst«.

Lög þessi voru síðar numin úr gildi, en hin umræddu ákvæði þeirra voru tekin orðrjett upp í lög nr. 29, 19. júní 1922. Þessi ljósu lagaákvæði náðu brátt tilgangi sínum að vissu leyti, og það svo geypilega, að blásnauðir kauptúnabúar, auk »kaupstaðabúa«, hafa ekki komist hjá því að greiða útsvör af nokkurra bestu slægjunotum, keyptum dýru verði hjá stórbændum í öðrum sveitum. Nú skyggndust menn um hver í sinni sveit og uppgötvuðu slægjuafnot og itök manna, búsettra í öðrum sveitum, sem álögustofna, er ekki höfðu áður þekst. En þá kom það fyrir, að gefnu tilefni, að hæstarjettardómur, upp kveðinn 15. jan. 1923, telur slægjuafnot »bænda« ekki heyra undir fyrnefnd lagaákvæði. Dómurinn byggist á ummælum flutningsmanns frv. 1919, þskj. 162: »Það er orðið altítt, að kaupstaðarbúar og lausamenn fái lánaðar slægjur hjá bændum« o. s. frv., og á nefndaráliti efri deildar um málið s. á., þskj. 578: . . . »Hinsvegar treystir nefndin því, að þetta verði ekki skilið svo, sem leggja beri útsvar á utanhreppsmann, þótt hann fái lánaðar slægjur fyrir fult verð, til að bjarga skepnum sínum«.

Dómurinn reis út af útsvari, er lagt var á slægjunot af landsspildu, er gjaldandi átti í öðrum hreppi.

Með dómi þessum virðist hæstirjettur álíta, að menn hafi »vilst« í skilningi á hinum margnefndu lagaákvæðum.

Nú þykir mörgum bændum svo, sem slægjuafnot, og þá ekki síst afnot ítaka og annara fasteigna stjettarbræðra sinna í öðrum hreppi, sjeu engu síður rjettmætur álögustofn útsvars en slægjulán kaupstaðarbúa og lausamanna, er svo freklega hefir verið framfylgt sem áður er sagt, og vilja því láta breyta lögunum enn á þá leið, sem í frv. felst.

Af þessum ástæðum og fyrir endurteknar áskoranir ýmsra bænda er frv. þetta borið fram.

(C. XII, 1).

Nd. **143. Tillaga**

til þingsályktunar um launauppbætur til þriggja yfirfiskimatsmanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að greiða þær launauppbætur árið 1924, er nú skal greina:

Yfirfiskimatsmanninum í Reykjavík	kr.	1000.00
—»— á Vestfjörðum	—	600.00
—»— - Austfjörðum	—	600.00
Samtals	kr.	2200.00

(B. LIX, 1).

Nd. **144. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

1. gr.

5. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, skal orða svo:

Nú verður skipstjóri sekur um brot gegn 1. gr., og missir hann þá við fyrsta brot rjett sinn til skipstjórnar um eitt ár. Ef hann ítrekar brotið, skal hann sviftur sama rjetti um tvö ár. Verði hann brotlegur í þriðja skifti, skal hann hafa fyrirgert ævilangt rjetti til þess að vera skipstjóri.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal ennfremur, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr. auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt áskorun, sem fram kom á þingmálafundi á Akranesi í desember síðastl.

Með hverju árinu sem líður koma skýrara og skýrara í ljós afleiðingarnar af þeim mikla ágangi, sem fiskimiðin innan landhelgislínunnar verða fyrir af völdum botnvörpuveiðanna.

Með slíku áframhaldi sem nú er og líkur eru til að verði, sje ei bót á ráðin, er kveðinn upp dauðadómur yfir öllum smábátaútvegi hjer við land. En af því leiðir atvinnuleysi og örbyrgð alstaðar þar, sem menn hafa haft lífsframfæri sitt af fiskiveiðum á smábátum.

Fullnægjandi bót á þessu verður ekki ráðin með öðru móti en því að bæta og auka landhelgisgæsluna, og hefir verið mikið um það rætt á undanförn-

um árum, en minna aðhafst, að minsta kosti hvað landhelgisgæsluna fyrir botnvörpuveiðum snertir. En athafnaleysi í þessu efni stafar meira af skilningsskorti þings og stjórnar á því, hvaða þýðingu landhelgisgæslan hefir, en úrræða- og getuleysi.

Andvaraleysi í þessum efnum hefnir sín grimmilega á þjóðinni og það kemur því skýrara í ljós, sem meira þrengir að, því meiri sem nauðsynin er á því að framleiða sem mest með sem minstum tilkostnaði. En að því leyti stendur smábátaútgerðin framar allri annari útgerð, þeirri sem nú er þekt, því hlutfallið þar milli afla og tilkostnaðar í vil útgerðinni og þeim, sem þar að vinna, er svo miklu meira en í þeirri útgerð, sem stærri er og dýrari, bara ef bátarnir ættu sjer einhvern griðastað. Þó aðalatriðið í þessu máli, það sem til verulegs gagns má verða, sje vitanlega það að auka og bæta landhelgisgæsluna, þá eru há sektarákvæði og önnur hörð viðurlög nokkur höft á lögbrotafýsn manna og gera þann ávinning, sem með lögbrotinu á að höndla, hæpnari en ella. 1920 voru sektir fyrir landhelgisbrot hækkaðar allmikið, en þó hvergi nærri til jafns við það, sem á sjer stað í löggjöf annara þjóða um þetta efni.

Það mun hafa verið svo hjer og er víst enn, að refsing fyrir landhelgisbrot bitni eingöngu á útgerðinni, því fá dæmi munu vera til þess eða engin, að útgerðarmaður hafi neytt skipstjóra til að láta af starfi sínu fyrir þær sakir, að hafa verið staðinn að ólöglegum veiðum í landhelgi, eða látið lögbrotið bitna á annan hátt á honum.

Skipstjórar á íslenskum botnvörpuskipum sleppa því nú við fyrsta brot við öll þau óþægindi og fjárútlát, sem það hefir í för með sjer að verða uppvís að slíku. En til þess að þetta geti eigi svo til gengið og að skipstjórar hafi þó nokkurt aðhald í þessu efni, eru þau ákvæði nú upp tekin, að þeir missi rjettindi til skipstjórnar þegar við fyrsta brot um eitt ár, og er svo hert á um rjettindamissinn, ef brot er ítrekað, uns sá knútur er fullriðinn. Benda má á, að hliðstæðum ákvæðum um þetta er beitt hjá öðrum þjóðum.

Ákvæði þessa frv. ná vitanlega ekki nema til skipstjóra á þeim skipum, sem skrásett eru hjer á landi.

(B. XXVII, 2).

Ed. **145. Lög**

um löggilding verslunarstaðar í Hindisvík á Vatnsnesi við Húnaflóa.

(Afgreidd frá Ed. 15. mars).

1. gr.

Í Hindisvík í Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

(A. XIX, 3).

Ed. **146. Frumvarp**

til laga um nauðasamninga.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 19, með breytingunum (1.—12.) á þskj. 111.

(B. LX, 1).

Nd. **147. Frumvarp**

til laga um að innheimta í gullkrónum sektir fyrir landhelgisbrot.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Sigurjón Jónsson, Árni Jónsson.

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920, og lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922, skal innheimta í gullkrónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna sílækkandi gengis hinnar íslensku krónu hefir hegning útlendinga, sem brotlegir verða gegn fiskiveiðalöggjöf vorri, farið sílækkandi, en þegar hegningin þverrar minkar aðhaldið. Landhelgissjóður má og einskis í missa við verðfall krónunnar. Auk þess getur hækkun sekta átt nokkurn þátt í, að hægt sje að auka landhelgisgæslu nú þegar að miklum mun.

(B. I, 3).

Ed. **148. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar: 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., 18. gr., 26. gr., 27. gr., 31. gr., 36. gr., 37. gr., 38. gr., 42. gr., 47. gr. og 2. og 3. ákvæði um stundarsakir.

1. gr.

Við 10. gr.: Í stað: »Ráðherrar bera« komi: Ráðherra ber, og í stað: »þá fyrir embættisrekstur þeirra« komi: ráðherra fyrir embættisrekstur hans.

2. gr.

Við 11. gr.: Í stað: »þeim« komi: honum. Aftan af greininni falli: »Hann ákveður tölu þeirra og skiftir störfum með þeim«.

3. gr.

Við 12. gr.: Greinin orðist svo:

Ráðherra eða sá, sem hann felur það, ber lög og mikilvægar ráðstafanir upp fyrir konungi.

4. gr.

Við 13. gr.: Greinin falli burtu.

5. gr.

Við 14. gr.: Greinin falli burtu.

6. gr.

Við 18. gr.: Í stað: »ár hvert« komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaþing sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

7. gr.

Við 26. gr.: Í stað: »40« komi: 42, og í stað: »26« komi: 28.

8. gr.

Við 27. gr.: Í stað: »4« komi 6. Í stað: »8« komi: 12. Í stað: »fjórða« komi: sjötta.

9. gr.

Við 31. gr.: Í stað: »ár hvert« komi: annaðhvert ár.

10. gr.

Við 36. gr.: Upphaf greinarinnar orðist svo: Engan skatt má á leggja eða af taka, nje skatti breyta.

11. gr.

Við 37. gr.: Greinin orðist svo: Ekkert ólögmælt gjald má greiða úr ríkissjóði, nema heimild sje til þess annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum. Greiðslur samkvæmt öðrum heimildum eru ólögmætar.

12. gr.

Við 38. gr.: Í stað: »fjárhagsár« komi: fjárhagstímabil.

13. gr.

Við 42. gr.: Greinin orðist svo: Hæstirjettur sker úr því, hvort alþingismenn sjeu löglega kosnir, og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi sitt.

14. gr.

Við 47. gr.: Greinin orðist svo: Ráðherra á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Hann á rjett á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en verður að gæta þingskapa. — Nú er ráðherra forfallaður, og má hann þá fela öðrum að sækja þingfundi í sinn stað. — Atkvæðisrjett hefir ráðherra eða sá, er í hans stað gengur, því að eins, að hann sje alþingismaður.

15. gr.

Við 2. ákvæði um stundarsakir: Ákvæði þetta orðist svo: Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem kosnir voru 1916, en ekki fóru frá 1922, falla niður árið 1928, en hinna, er kosnir voru 1922, árið 1934.

16. gr.

Við 3. ákvæði um stundarsakir: Ákvæðið fellur burtu.

(A. XXII, 5).

Nd. **149. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. Orðið »vörutoll« í 1. gr. frv. falli burt.
2. Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein á þessa leið:
   Þessi gengisviðauki nær þó ekki til tolls af sykri.

(A. XXII, 6).

Nd. **150. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tola og gjöld með 25 % gengisviðauka.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

Aftan við 1. gr. bætist:
Hækkun þessi nær þó ekki til vörutolls af kornvörum eða sykri.

(B. LIX, 2).

Nd. **151. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

Við 1. gr. fyrri málsgrein.
a. Í staðinn fyrir »eitt ár« komi: tvö ár.
b. Fyrir »2 ár« komi: 4 ár.

(C. XIII, 1).

Nd. **152. Tillaga**

til þingsályktunar um gullkaup til seðlatryggingar.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson og Ingólfur Bjarnarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að keyptur verði á þessu ári gullforði sá, sem laus er og losnar fram til októberloka næstk. úr seðlatryggingu við inndrátt seðla Íslandsbanka eftir ákvæðum 3. og 5. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

Greinargerð.

Eftir fyrirmælum laga nr. 6, 31. maí 1921, eiga seðlar þeir, sem Íslandsbanki hefir í umferð, að vera komnir niður í 6 milj. króna í lok októberm. næstk., og verður öll innlend seðlamergð þá 6¾ milj., að meðtöldum seðlum Landsbankans.

Þess má því vænta, að ekki líði á löngu, að taka verði til nýrrar seðlaútgáfu, en sú seðlaútgáfa er ætluð Landsbankanum eftir lögum nr. 7, 4. maí 1922.

Ætla verður, að þeir nýju seðlar verði gulltrygðir, svo sem fyrnefnd lög nr. 6, 31. maí 1921, og nr. 7, 4. maí 1922, gera ráð fyrir, eigi miður en seðlar Íslandsbanka voru í öndverðu. Þess vegna verður tæpast komist hjá því að kaupa gullið af Íslandsbanka jafnótt og það losnar. Virðist beint liggja við, að Landsbankinn verji nokkru af innieign sinni hjá Íslandsbanka til gullkaupa þessara.

(B. XX, 3).

Nd. **153. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 129 [Vjelgæsla á mótorskipum].

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

Brtt. 4 verði svo:

4. gr. frv. skal orða svo:

Aftan við 2. málsgr. 6. gr. laganna bætist:

Nú stunda slík mótorskip fiskveiðar eingöngu, og nægir þá, að annar vjelgæslumaður fullnægi kröfum 2. gr.

(A. XXII, 7).

Nd. **154. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 150 [Gengisviðauki].

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Brtt. orðist svo:

Aftan við 1. gr. bætist:

Hækkun þessi nær þó ekki til vörutolls af kornvörum.

(A. XXII, 8).

Ed. **155. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta alla tolla samkvæmt tolllögum nr. 41, 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslu skipa samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna með gengisviðauka að upphæð 25%, þannig að hver toll- eða gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir og stærra brot úr tolleiningu sem heill eyrir, en minna broti er slept. Hækkun þessi nær þó ekki til vörutolls af kornvörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(C. IX, 2).

Nd. **156. Þingsályktun**

um kenslu heyrnar- og málleysingja.

(Afgreidd frá Nd. 17. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

að taka til athugunar, hvort ekki sje hagkvæmt að flytja heyrnar- og málleysingjakensluna aftur í sveit og

að framkvæma þann flutning, ef aðstæða leyfir.

(B. VII, 3).

Ed. **157. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Þessar breytingar skal gera á eftirtöldum greinum laga nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett: 4. gr., 5. gr., 6. gr., 9. gr., 38. gr., 45. gr., 53. gr., 54. gr. og 56. gr.

1. gr.

Við 4. gr.: Greinin orðist svo: Hæstarjett skipa 3 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sjer forseta úr sínum hópi, til ekki skemri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Við 5. gr.: Í stað »5« komi: 3. — 2. málsgrein falli niður.

3. gr.

Við 6. gr.: Í stað orðanna: »dómari (bæjarfógeti) . . . landsins« komi: hjeraðsdómari.

4. gr.

Við 9. gr.: Í stað: »Konungur« komi: Rjetturinn. — Orðin: »með 1. einkunn« falli burt. — Við greinina bætist: Hæstarjettarritari nýtur þeirrar þóknunar, er ákveðin er í fjárlögunum.

5. gr.

Við 38. gr.: 2. tölul. orðist svo:

Ef rjetturinn leyfir það, enda hafi að minsta kosti annar aðilja eða umboðsmanna óskað þess.

6. gr.

Við 45. gr.: Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú gerir einhver dómaranna ágreiningsatkvæði, og á hann þá heimting á því, að það verði birt í dómasafni rjettarins ásamt dóminum.

7. gr.

Við 53. gr.: Greinin falli burt.

8. gr.

Við 54. gr.: Greinin falli burt.

9. gr.

Við 56. gr.: 2. málsgrein orðist svo: Hæstarjettardómarar eiga sæti í landsdómi.

10. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, er sæti fasts dómara losnar næst í hæstarjetti. Ekki fer kosning dómstjóra fram meðan núverandi dómstjóri situr í embættinu.

11. gr.

Breytingar þær, er gerðar eru með 1. til 9. gr. laga þessara, skal færa inn í texta laga nr. 22 frá 1919, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi. Kemur þá alstaðar í lögunum í stað orðsins: »dómstjóri« orðið: forseti.

(A. XVIII, 6).

Ed. **158. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

3. gr. laga nr. 38, frá 3. nóv. 1915, skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, múra upp gröf eða kringum leiði, og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 100 kr. fyrir það, og þar að auki 40 kr. legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XX, 4).

Nd. **159. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 3. grein laganna bætist: eða stundað vjelgæslu samkvæmt 2. grein að minsta kosti 12 mánuði.

2. gr.

Fyrir orðin »6 mánuðir« í 4. gr. áðurnefndra laga komi: 12 mánuðir.

3. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

4. gr.

2. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi 12 mánuði eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjettindum sínum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 29, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

(B. VII, 4).

Ed. **160. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. október 1919, um hæstarjett.

Flutningsmenn: Jóhannes Jóhannesson, Hjörtur Snorrason, Ingvar Pálmason, Björn Kristjánsson, Jóhann Jósefsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 4. gr. Greinin orðist svo: Hæstarjett skipa dómstjóri og 2 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.

2. Við 2. gr. Síðari málsliður (»2. málsgrein falli niður«) falli niður.

3. Við 10. gr. Síðari málsliður (»ekki fer kosning . . . í embættinu«) fellur niður.
4. Við 11. gr. Greinin fellur niður.

(B. I, 4).

Ed. **161. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Á undan 1. gr. komi ný (1.) gr., er orðist þannig:

Við 9. gr.: Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákveða skal í lögum, hvernig fara skal um ráðherraembætti, er ráðherra deyr eða lætur af embætti, og um ábyrgð þess manns, er með fer.

Greinatala frumvarpsins breytist þar eftir.

(B. XXXIV, 2).

Nd. **162. Nefndarálit**

um frv. til kosningalaga fyrir Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Með lögum um kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga frá 1909 er kveðið á um það, hverjir hafi kosningarrjett í málefn-

um kaupstaðanna, og er þar eitt skilyrðið það, að hlutaðeigandi greiði gjald í bæjarsjóð. Nú hafa kaupstaðirnir hver eftir annan fengið þessu breytt þannig, að kosningarrjetturinn í bæjarmálefnum er bundinn sömu skilyrðum og til Alþingis, Akureyri með l. nr. 65, 14. nóv. 1917, Ísafjörður með l. nr. 67, 14. nóv. 1917, Vestmannaeyjar með l. nr. 26, 22. nóv. 1918, Siglufjörður með l. nr. 58, 22. nóv. 1919, og Seyðisfjörður með l. nr. 61, 28. nóv. 1919. Hafnarfjörður og Reykjavík eru því einu kaupstaðirnir, sem ekki hafa breytt þessu. Þegar bæjarstjórn Reykjavíkur fer nú fram á að fá þessu breytt, virðist ekki sanngjarnt að neita um það, eftir það, sem á undan er farið. Aftur á móti er meiri hluti nefndarinnar frá hverfur því atriði í frumvarpsgreininni, að þeir fái kosningarrjett, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, ef hann hefir verið veittur fyrir elli, heilsubrest, ómegð eða atvinnuleysi. Meiri hlutinn vill ekki fallast á þá grundvallarreglu, að rjett sje að þeir hafi íhlutun um ráðstafanir á fje bæjarsjóðs, sem njóta þaðan fátækrastyrks. En sjerstaklega verður að telja hæpna aðgreiningu þá, sem frv. gerir á orsökunum til þess að sveitarstyrkur hefir verið veittur. Slík aðgreining mundi verða mjög erfið og jafnvel ómöguleg í framkvæmd og afaróvinsæl, og mundi sennilega leiða til þess, að öllum eða nálega öllum, sem fátækrastyrk þiggja, yrði veittur kosningarrjetturinn.

Þegar sú breyting hefir verið gerð, að sömu kjörskrár að öllu leyti geti gilt við kosningar í bæjarmálefnum og til Alþingis, verður allur síðari partur 3. gr. frv. óþarfur, og af niðurfellingu hans leiða svo aftur III. og IV. brtt. nefndarinnar.

Viðvíkjandi 7. gr. frv. sjer meiri hlutinn, og víst reyndar öll nefndin, erfiðleika á því, að gera kosningu utan kjörstaðar jafnviðtæka og þar er gert. Þá þyrfti að senda kjörgögn út um alt land, og sýnist það vera óþarflega umsvifamikið í samanburði við þann ávinning, sem af því hlytist. Hitt er aftur á móti augljós rjettarbót frá því, sem nú er, að kjósendur geti greitt atkvæði hjá bæjarfógeta í Reykjavík strax er framboðsfrestur er liðinn og á skipum frá Reykjavík.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

I. Við 1. gr. Greinin orðast svo:

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára eða eldri og hafa átt lögheimili í bænum í eitt ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, eigi heldur foreldrar og börn nje móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konu jafnan að skorast undan kosningu.

II. Við 3. gr.
Orðin frá og með »og viðbótarskrá« í fyrsta málslið greinarinnar og út greinina falla burt.
III. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
Við aukakosningar getur bæjarstjórn stytt þennan frest um helming.
IV. Við 6. gr. Greinin fellur burt. Greinatalan á eftir breytist því samkvæmt.
V. Við 7. gr., sem verður 6. gr.:
Á eftir orðunum: »geta neytt atkvæðisrjettar síns«, kemur: á skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík og á skipum frá Reykjavík.
VI. Fyrirsögn frumvarpsins verður:
Frv. til laga um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

Alþingi, 17. mars 1924.

Jón Þorláksson, form.
Jörundur Brynjólfsson, með fyrirvara.

Magnús Jónsson, framsm. meiri hl.
Jón Kjartansson.

(A. I, 2).

Nd. **163. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

A. Tekjur:

1.	Við	2. gr.	3. (Aukatekjur): Fyrir »300000« kemur	280000
2.	—	2. —	8. (Áfengistollur): Fyrir »350000« kemur	375000
3.	—	2. —	10. (Kaffi- og sykurtollur): Fyrir »800000« kemur	775000
4	—	2. —	11. (Vörutollur): Fyrir »1250000« kemur	1000000
5.	—	2. —	13. (Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð): Fyrir »20000« kemur	15000
6.	—	2. —	18. (Vínsinkasala): Fyrir »250000« kemur	300000
7.	—	4. —	1. (Tekjur af bönkum): Fyrir »100000« kemur	50000

B. Gjöld:

8.	Við 7. gr.	I, 1. (Innlend lán):		
		Fyrir »284152,34« kemur		384152,34
9.	— 10. —	C. (Sendiherra utanríkismál og ríkisráðskostnaður):		
		a. Fyrirsögn liðsins verði: Utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
		b. Við 1. a—d. Liðurinn orðist svo:		
		1. Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn		17000
10.	— 11. —	A. 1, c. (Annar kostnaður hæstarjettar):		
		Fyrir »2000« kemur: alt að		2000
11.	— 11. —	A. 4, d. (Ýms gjöld bæjarfóg. í Rvík):		
		Fyrir »1800« kemur: alt að		1800
12.	— 11. —	A. 5. c. (Húsaleiga lögreglustjóra):		
		Fyrir »6000« kemur		4500
13.	— 11. —	A. 5. e. (Ýms gjöld sama):		
		Fyrir »9000« kemur: alt að		9000
14.	— 11. —	B. 3. (Brunaábyrgðar- og sótaragjald):		
		Fyrir »10000« kemur		20000
15.	— 11. —	B. 6. (Til landhelgisgæslu):		
		Fyrir »50000« kemur		80000
16.	— 12. —	2. (Skrifstofukostnaður landlæknis):		
		Fyrir »2000« kemur		1500
17.	— 12. —	3. (Læknisvitjunarstyrkur):		
		Á eftir liðnum kemur svo hljóðandi athugasemd:		
		Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum gildandi fjárlaga.		
18.	— 12 —	4. (Aðstoðarlæknirinn á Ísafirði):		
		Fyrir »2300« kemur		1800
19.	— 12. —	5. a. (Augnlæknir í Rvík):		
		Fyrir »1200« kemur		1000
20.	— 12. —	5. b. (Augnlækningaferðir):		
		Fyrir »700« kemur		500
21.	— 12. —	6. (Vilh. Bernhöft):		
		Fyrir »1200« kemur		1000
22.	— 12. —	7. (Ólafur Þorsteinsson):		
		Fyrir »1200« kemur		1000
23.	— 12. —	11. B. 1. (Starfslaun á Kleppi):		
		Fyrir »10000« kemur		12000
24.	— 12. —	11. B. 5. (Ljós og hiti á Kleppi):		
		Fyrir »9000« kemur		12000
25.	— 12. —	13. b. Nýir liðir:		
		a. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Grímsneshjeraði		3000
		b. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Borgarfj.hjeraði		15000

26. Við 12. gr. 13. d. (Sóttir heftar):
Fyrir »4000« kemur 15000
27. — 12. — 13. e. (Sóttum bægt frá):
Fyrir »1000« kemur 4000
28. — 12. — 13. f. (Gjöld samkv. fátækralögum):
Fyrir »50000« kemur 60000
29. — 12. — 13. i. (Líkn):
Fyrir »4000« kemur 2000
30. — 12. — 13. j. (Yfirsetukvennastyrkur):
Liðurinn fellur niður.
31. — 12. — 13. l. (Hjúkrunarkvennafjel.)
Liðurinn fellur niður.
32. — 13. — A. 3. d. (Önnur gjöld til póstmála):
Fyrir »38000« kemur 44000
33. — 13. — B. I. 4. (Aðstoð við vegamælingar):
Fyrir »5000« kemur 2000
34. — 13. — B. I. 5. (Skrifstofukostnaður vegamálastjóra):
Fyrir »5000« kemur: alt að 4500
35. — 13. — B. VI. 1. (Til áhalda):
Fyrir »10000« kemur: alt að 10000
36. — 13. — B. VIII. 3. Nýr liður:
IX. Styrkur til bifreiðaferða vor og haust frá Reykjavík austur um sveitir.
Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.
37. — 13. — C. 1. Á eftir »Til strandferða« kemur: Esju.
38. — 13. — C. 2. Nýr liður:
Til strandferða Eimskipafjelags Íslands 45000
39. — 13. — D. II. (Viðauki símakerfa o. fl.):
Fyrir »20000« kemur 25000
40. — 13. — D. III. 1. (Laun símamanna):
Fyrir »273150« kemur 300000
41. — 13. — D. III. 5. (Bæjarsíminn í Reykjavík):
Fyrir »60000« kemur 90000
42. — 13. — D. III. 10. (Borðeyrarstöðin):
Fyrir »2000« kemur 7000
43. — 13. — D. III. 18. (Talsímastöðvar o. fl.):
Fyrir »65000« kemur 80000
44. — 13. — D. V. (Viðhald stöðva):
Fyrir »25000« kemur 35000
45. — 13. — D. VII. (Viðhald landssímanna):
Fyrir »90000« kemur 110000

46. Við 13. gr. D. VIII. (Alþjóðaskrifstofan í Bern):
Fyrir »1000« kemur 1500
47. — 13. — E. I. 3. (Skrifstofa vitamálastjóra):
Fyrir »3000« kemur 3500
48. — 13. — E. III. (Rekstur vitanna):
Fyrir »55000« kemur 60000
49. — 13. — E. IV. (Sjómerki):
Fyrir »8000« kemur 5000
50. — 14. — A. a. 2. (Skrifstofukostnaður biskups):
Fyrir »2000« kemur 1000
51. — 14. — B. I. b. (Aukakennari við háskólann):
Liðurinn fellur niður.
52. — 14. — B. I. c. (Háskólakensla hjeraðslæknis):
Fyrir »1500« kemur 1000
53. — 14. — B. I. d. (Styrktarfje):
Liðurinn verður:
d. Námsstyrkur og húsaleigustyrkur 10000
gegn 12500 kr. úr Sáttmálasjóði.
Húsaleigustyrk og námsstyrk o. s. frv.
54. — 14. — B. I. 1. f. (Gerlarannsóknir):
Fyrir »2000« kemur 1600
55. — 14. — B. II. (Námsstyrkur erlendis):
a. Fyrir «8000« kemur 12000
b. Orðin »1200 kr. handa hverjum styrkþega« í athugasemdinni falli burt.
56. — 14. — B. III. b. 2. (Ljós og hiti í mentaskólanum):
Fyrir »4000« kemur 6000
57. — 14. — B. III. b. 10. (Kenslubækur mentaskólans):
Liðurinn fellur niður.
58. — 14. — B. IV. b. 4. (Ljós og hiti Akureyrarskólans):
Fyrir »3500« kemur 5000
59. — 14. — B. IV. b. 8. (Ýmis gjöld Akureyrarskólans):
Fyrir »1000« kemur 2000
60. — 14. — B. V. b. 5. (Viðhald kennaraskólans):
Fyrir »1000« kemur 2000
61. — 14. — B. VII.
a. Úr athugasemdinni falli orðin: »að undanskilinni lærdómsdeild mentaskólans«
b. og fyrir »100« kemur 150
62. — 14. — B. VIII. 1 c. 3. (Ljós og hiti Hólaskóla):
Fyrir »2500« kemur 5000
63. — 14. — B. VIII. 2. c. 3 (Ljós og hiti á Hvanneyri):
Fyrir »2000« kemur 3000

64. Við 14. gr. B. VIII. 2. c. 4. (Ýmisleg útgjöld á Hvanneyri):
Fyrir »4500« kemur 5000

65. — 14. — B. VIII. 3. c. 3. (Ljós og hiti á Eiðum):
Fyrir »2500« kemur 3500

66. — 14. — B. IX. a. (Iðnaðarmannafjel. í Rvík):
Fyrir »6000« kemur 3000

67. — 14. — B. IX. b. (Iðnaðarmannafjel. á Akureyri):
Fyrir »1000« kemur 500

68. — 14. — B. IX. c. (Iðnaðarmannafjel. á Ísafirði):
Fyrir »1000« kemur 500

69. — 14. — B. IX. (Iðnfræðsla):
Fyrri liður athugasemdarinnar orðist þannig:
Styrkur til þessara 3 skóla veitist gegn jafnmiklu framlagi frá hlutaðeigandi bæjarfjelögum.

70. — 14. — B. X. a. (Verslunarskólar):
Fyrir »6000« kemur 3000

71. — 14. — B. X. b. (Samvinnuskóli):
Fyrir »6000« kemur 3000

72. — 14. — B. XI. 1. (Forstöðum. yfirsetukv.skólans):
Fyrir »1500« kemur 1000

73. — 14. — B. XI. 2. a. (Kensla við yfirsetukv.skólann):
Fyrir »900« kemur 600

74. — 14. — B. XII. 1. a. (Rekstrarstyrkur kvennask. í Rvík):
Liðurinn orðist svo:
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 4800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði, þar af 3000 kr. úr bæjarsjóði Reykjavíkur 16000

75. — 14. — B. XII. 2. a. (Rekstrarstyrkur Blönduóssk.).
Liðurinn orðist svo:
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000

76. — 14. — B. XII. 2. b. (Námsstyrkur Blöndaóssk.):
Fyrir »40« kemur 65

77. — 14. — B. XIII. 1. b. (Ritfje fræðslumálastj.):
Fyrir »1200« kemur 1000

78. — 14. — B. XIII. 5. (Framhaldsnám kennara):
Liðurinn fellur niður.

79. — 14. — B. XIII. 6. (Skólablaðið).
Liðurinn fellur niður.

80. — 14. — B. XIV. 2. (Flensborgarskóli):
Liðurinn orðist svo:
Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg 12000
gegn 3000 kr. tillagi frá Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III—VII.

81. Við 14. gr. B. XIV. 3. (Lýðskóli í Bergstaðastræti):
Liðurinn fellur niður.

82. — 14. — B. XVI. (Alþýðukenslubækur):
Liðurinn fellur niður.

83. — 14. — B. XIX. 2. (Ólafur Pálsson):
Fyrir »1200« kemur 1000

84. — 14. — B. XIX. 4. (Ingibjörg Guðbrandsd.):
Liðurinn fellur niður.

85. — 14. — XIX. 5. (Valdemar Sveinbjörnss.):
Liðurinn fellur niður.

86. — 15. — 1. d. (Spjaldskrá landsbókasafnsins):
Liðurinn fellur niður.

87. — 15. — 2. b. (Þjóðskjalasafnið):
Liðurinn orðist svo:
b. Til að binda inn og búa um skjöl 1000

88. — 15. — 3. b. (Aðstoð við þjóðmenjas.):
Fyrir »2400« kemur 1200

89. — 15. — 3. c. (Útvegun forngripa):
Fyrir »1500« kemur 500

90. — 15. — 3. e. (Kaup á listaverkum):
Liðurinn fellur niður.

91. — 15. — 3. f. (Skrásetning fornmenja):
Liðurinn fellur niður.

92. — 15. — 3. g. (Viðgerð á Þingvöllum):
Liðurinn fellur niður.

93. — 15. — 3. Fyrir »6« í aths. kemur: 4.

94. — 15. — 4. (Náttúrufræðifjelagið):
Fyrir »1700« kemur 1200

95. — 15. — 10. (Þjóðvinafjelagið):
Fyrir »1000« kemur 2000

96. — 15. — 11. (Fornleifafjelagið):
Liðurinn fellur niður.

97. — 15. — 13. (Fornbrjefasafn):
Fyrir »1600« kemur 1000

98. — 15. — 14. (Alþingisbækur):
Liðurinn fellur niður.

99. — 15. — 15. (Landsyfirdómar):
Liðurinn fellur niður.

100. — 15. — 16. (Lög Íslands):
Liðurinn fellur niður.

101. — 15. — 17. (Dansk-islandsk Samfund):
Liðurinn fellur niður.

102. Við 15. gr. 18. (Norræna fjelagið):
Liðurinn fellur niður.
103. — 15. — 19. (Jarðabók Árna Magn.):
Liðurinn fellur niður.
104. — 15. — 21. (Listvinafjelagið):
Liðurinn fellur niður.
105. — 15. — 22. a. (Skáld og listamenn):
Fyrir »12000« kemur 8000
106. — 15. — 23. a. (Jóhannes L. L. Jóhannsson):
Fyrir »7000« kemur 4000
107. — 15. — 23. b. (Þórbergur Þórðarson):
Liðurinn fellur niður.
108. — 15. — 26. (Helgi Jónsson):
Liðurinn fellur niður.
109. — 15. — 27. (Guðm. G. Bárðarson):
Liðurinn fellur niður.
110. — 15. — 36. (Veðurathuganir):
Fyrir »35000« kemur 20000
111. — 15. — 37. (Alþýðufræðsla stúdentafjel.):
Liðurinn fellur niður.
112. — 15. — 38. (Íþróttasamband Íslands):
Fyrir »1500« kemur 1000
113. — 15. — 41. (Þórarinn Guðmundsson):
Liðurinn fellur niður.
114. — 15. — 44. Nýr liður:
Til frjettastofu blaðamannafjelagsins 4000
115. — 16. — 1. (Búnaðarfjel. Íslands):
Fyrir »130000« kemur 140000
116. — 16. — 3. (Til búnaðarfjelaga):
Fyrir »20000« kemur 10000
117. — 16. — 3. Nýr liður:
Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna 35000
118. — 16. — 4. (Garðyrkjufjelagið):
Fyrir »5000« kemur 4000
119. — 16. — 5. a. (Laun skógfræðinga):
Liðurinn orðist svo: Laun 12300
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.
120. — 16. — 6. c. Nýr liður:
Til fjárkláðalækninga 25000
121. — 16. — 9. (Iðnaðarnám):
Liðurinn fellur niður.
122. — 16. — 11. (Fiskifjelagið): Liðurinn orðist svo:
Til Fiskifjelagsins 55000

Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.

123. Við 16. gr. 13. (Markaðsleit):
Fyrir »5000« kemur 10000

124. — 16. — 15. (Heimilisiðnaður): Athugasemdin orðist svo:
Af þessum lið ganga 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur og 600 kr. til handavinnuskóla á Akureyri, sje honum haldið áfram.

125. — 16. — 17. (Vörumerkjaskrásetjari): Liðurinn orðist svo:
Til vörumerkjaskrásetjara 800

126. — 16. — 18. (Ungmennafjel. Íslands):
Fyrir »1800« kemur 1500

127. — 16. — 28. Nýr liður:
Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:
Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót, enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í landssjóð 5250

128. — 16. — 29. (Þór):
Fyrir »20000« kemur 30000

129. — 18. — II. b. 6. Nýr liður:
Til Sigríðar Finnbogadóttur 500

130. — 18. — II. c. 2. (Björn Jónsson):
Liðurinn fellur niður.

131. — 18. — II. d. 21. Nýir liðir:
Til Guðfinnu Jensdóttur 183.04
Til Guðrúnar Sigurðardóttur 181.07

132. — 18. — II. f. 15. Nýir liðir:
Til Stefáns Stefánssonar, Eskifirði... 300
Til Friðriks Klemenssonar 1000

133. — 18. — II. j. (Ingeborg Sigurjónsson):
Liðurinn fellur niður.

134. Á eftir 21. gr. kemur ný grein, er verður 22. gr., svo hljóðandi:
Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán.

a. Alt að 40000 kr. fyrir Mjólkurfjelagið Mjöll í Borgarfirði, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þegar fyrirtækið er svo undirbúið, að stjórninni þyki tryggilegt, enda falli þá lánsheimild í gildandi fjárlögum niður.

b. Alt að 15000 kr. til Bessastaðahrepps í Gullbringusýslu, gegn endurábyrgð sýslunnar.

(B. LXI, 1).

Ed.

164. Frumvarp

til byggingalaga.

Frá allsherjarnefnd.

I. kafli.

Verksvið laganna og önnur almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda fyrir alla kaupstaði og sjávarþorp á Íslandi, utan Reykjavíkur, sem hafa 500 íbúa eða fleiri, og ná þau 500 metra út fyrir það svæði, er skipulagsuppdráttur sýnir (sjá lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, nr. 55, 27. júní 1921). Þó getur ráðuneytið ákveðið að færa svæði þetta út eða minka það.

Ennfremur getur ráðuneytið ákveðið, að lög þessi gildi fyrir kauptún og sjávarþorp, er hafa færri íbúa en fyr er sagt, og ber þá um leið að taka fram, yfir hve stórt svæði lögin skuli ná, þó skal ráðuneytið leita umsagnar hreppsnefndar áður en lögin fá staðfestingu.

Lögin skulu einnig gilda fyrir gistihús, sjúkrahús, skóla, samkomuhús, iðju- og orkuver, sem reist kunna að verða úti um land. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu, ef um smáhýsi er að ræða.

Ráðuneytið getur með úrskurði ákveðið, að lög þessi skuli einnig gilda fyrir Reykjavík.

2. gr.

Ef staðhættir eru þannig, að sjerstök nauðsyn beri til, að gerðar verði breytingar á ákvæðum þessara laga, getur ráðuneytið gefið út reglugerð þar að lútandi (sbr. 3. gr.).

Hin nýju ákvæði geta gilt fyrir allan bæ þann, er hlut á að máli, eða að eins nokkurn hluta hans, og geta þau verið strangari eða mildari en ákvæðin í lögunum. Þó má ekki breyta ákvæðum laga þessara um eignarnám.

3. gr.

Ráðuneytið getur því að eins gefið út eða felt úr gildi reglugerð um breytingar á ákvæðum laga þessara, að bæjarstjórn eða hreppsnefnd óski þess, nema svo sje ástatt sem segir í 4. gr.

4. gr.

Ef brýn nauðsyn krefur og skipulagsnefnd mælir með því, getur ráðuneytið gefið út reglugerð um breytingar á ákvæðum laga þessara án þess að leita samþykkis hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar.

5. gr.

Ráðuneytið getur veitt undanþágu frá ákvæðum laga þessara og breytingum þeim, er kunna að verða ákveðnar í reglugerð, þó ber að leita samþykkis hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, ef um er að ræða undanþágu frá breytingum, er gerðar hafa verið vegna staðhátta. Ef undanþága ráðuneytisins hefir áhrif á hagsmuni nágranna, ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að tilkynna honum undanþáguna.

6. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd geta veitt smávægilegar undanþágur til bráðabirgða frá ákvæðum laga þessara, ef auðvelt er að kippa síðar í það lag, sem lögin ákveða. Undanþágur þessar skulu veittar með því skilyrði, að viðkomandi húseigandi skuldbindi sig til, með þinglesinni yfirlýsingu, að endurbæta eða rífa það, sem leyft hefir verið um stundarsakir, en bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur afturkallað slíkar undanþágur hvenær sem er.

Tilkynna ber ráðuneytinu í hvert sinn, sem slíkar undanþágur eru veittar eða afturkallaðar.

7. gr.

Kvaðir, sem stafa frá yfirlýsingum eða samningum, sem hús- eða lóðareigandi verður skyldaður að gera vegna ákvæða laga þessara, breytinga eða undanþága frá þeim og honum ber að þinglesa, skulu hafa forgangsrjett fyrir öllum veðböndum og kvöðum, er hvíla á eigninni.

8. gr.

Mál, er höfðuð verða gegn bæjarstjórn eða hreppsnefnd vegna ákvarðana, sem þær gera og kunna að fara í bága við lög þessi, skal farið með sem almenn lögreglumál.

II. kafli.

Stjórn byggingamála o. fl.

9. gr.

Yfirstjórn byggingamála er í höndum stjórnarráðsins.

Á þeim stöðum, er lög þessi gilda, skal skipuð byggingarnefnd, er hafi eftirlit með öllum byggingamálum.

Einnig skal skipaður byggingafulltrúi eða sjerstakur eftirlitsmaður með byggingamálum.

10. gr.

Í byggingarnefnd eiga sæti í kaupstöðum bæjarstjóri, ella oddviti hreppsnefndar,

og eru þeir formenn nefndarinnar, ennfremur slökkviliðsstjóri og heilbrigðisfulltrúi, þar sem þeir eru, og eru þessir menn allir fastir menn nefndarinnar.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs þar að auki 4 menn, og skulu þeir kosnir til 4 ára. Tveir af þeim ganga úr nefndinni annaðhvert ár, fyrsta sinn eftir hlutkesti. Þeir eru eigi skyldir að taka við endurkosningu jafnlangan tíma og þeir hafa setið í nefndinni.

11. gr.

Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef helmingur nefndarmanna situr hann. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Nefndin velur sjer ritara úr sínum flokki og heldur sjerstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir. Undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.

Jafnframt gerðabók skal halda sjerstaka glögga skrá um allar þær eignir, er nefndin tekur ákvarðanir um.

Ennfremur skal nefndin halda lóðabók eða spjaldskrá, dagbók yfir öll brjef, er nefndinni berast, og brjefabók.

Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

Byggingarnefnd getur heimilað umsækjanda eða þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fundi nefndarinnar og skýra ástæður sínar.

12. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd skipar byggingafulltrúa eða eftirlitsmann með byggingamálum, sbr. 9. gr., og setur honum erindisbrjef. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sje starfinu vaxinn.

Laun þessara manna eða þóknun greiðist úr bæjar- eða hreppssjóði.

Byggingafulltrúi eða eftirlitsmaður með byggingamálum skal hafa á hendi framkvæmd byggingamála og eftirlit, samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar. Hann skal og leiðbeina þeim, er byggja, þegar hann álítur þess þörf.

Nefndin getur gefið byggingafulltrúa eða eftirlitsmanni með byggingamálum umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingaleyfi, eftir því sem nefndin kveður nánar á um. Skal hann þá rita úrskurð sinn á hvert umsóknarskjalið og leggja málið síðan fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.

Skylt skal byggingafulltrúa eða eftirlitsmanni með byggingamálum að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sjeu þeir í nefndinni, og hafi því eigi atkvæðisrjett á fundum hennar; hinsvegar hafa þeir þar tillögurjett.

Byggingarnefnd leitar aðstoðar sjerfræðinga í þeim málum, er hana varða, en brestur sjerþekkingu á.

13. gr.

Ef reist eru úti um land gistihús, sjúkrahús, skólar, samkomuhús, iðju- eða orkuver, sem ekki standa í kaupstöðum eða sjávarþorpum þeim, er lög þessi ná til, skal ráðuneytið skipa eftirlitsmann í hvert sinn, sem gæti þess, að lögunum sje fylgt.

III. kafli.

Skipulagsatriði.

14. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af öllum kauptúnum og sjávarþorpum, er hafa 500 íbúa eða fleiri. Um alt skipulag bæja fer samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdrátta, sem gerðir verða samkvæmt þeim.

15. gr.

Ef ráðuneytið ákveður, að lög þessi skuli gilda fyrir kauptún og sjávarþorp með færri íbúum en fyr er tiltekið, sbr. 1. gr., skal af þeim gerður skipulagsuppdráttur (sjá lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, nr. 55, 27. júní 1921) innan þess tíma, er ráðuneytið ákveður.

16. gr.

Utan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir (sbr. 1. gr.) og ekki er útlit fyrir að bygt verði til muna í náinni framtíð, getur byggingarnefnd ákveðið götur og húsalínur, en hafi það útgjöld fyrir bæjar- eða hreppsfjelagið í för með sjer, skal til þess fengið samþykki bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Ákvörðunin tilkynnist ráðuneytinu.

17. gr.

Nú hefir maður fengið byggingaleyfi, en lóð hans breytist svo við skipulagsuppdrátt, að hún verður ekki nýtileg til þess, sem fyrirhugað var, og skulu honum þá greiddar skaðabætur eftir mati, ef hann hefir sannanlega beðið tjón við breytinguna.

18. gr.

Nú hefir verið ákveðið að taka lóð í þarfir bæjarins, svo sem undir götu eða opið svæði, og má þá eigandi hagnýta sjer lóðina til annars en bygginga, þangað til bærinn tekur hana. Þó má heimila að reisa á lóðinni lítil geymsluhús, sem að öðru leyti fullnægja kröfum laganna, en skyldur skal eigandi að rífa þau án endurgjalds þegar bæjarstjórn eða hreppsnefnd krefst. Heimilt er eiganda að gera jarðabætur á slíkri lóð, en endurgjald fær hann því að eins fyrir þær, ef gerðar eru með samþykki bæjarstjórnar eða hreppsnefndar.

19. gr.

Ekki má byggja við hús þau eða höfuðaðgerð fara fram á húsum þeim, er fara í bága við skipulagið.

Ekki má að öðru leyti gera nokkra þá breytingu á fyrnefndum húsum, sem veldur því að verðmæti þeirra aukist til muna, fyr en bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefir ákveðið, hvort bæjar- eða hreppsfjelagið skuli kaupa húsið eða nokkurn hluta þess.

20. gr.

Ef skipulagið hefir í för með sjer nauðsynlega breytingu á húseign til þess

hún haldi sama notagildi og áður, getur húseigandi krafist skaðabóta eftir mati, en þó því að eins, að verðgildi hússins hafi eigi aukist svo við skipulagsbreytinguna, að það jafngildi breytingarkostnaðinum.

21. gr.

Nú missir eigandi lögmætan aðgang að húsi sínu vegna skipulagsbreytingarinnar, og getur hann þá krafist að fá, sjer að kostnaðarlausu, annan jafngóðan aðgang, eða skaðabætur eftir mati.

22. gr.

Ef mörg hús eru sambygð og hafa sameiginlegar akdyr samkvæmt skipulagsuppdrætti, ber eigendum húsa, sem akdyr liggja gegnum, borgun frá hinum húseigendunum fyrir það verðfall, sem húsin verða fyrir vegna akdyranna. Borgunin jafnast hlutfallslega niður á hin húsin. Bygginganefnd ákveður, hvar akdyrnar skuli vera, og eru hlutaðeigendur skyldir að hlíta úrskurði hennar.

IV. kafli.

Lóðarnám undir götur, opin svæði o. fl.

23. gr.

Hver sá, er byggir á lóð, sem ekki er eign bæjar- eða hreppssjóðs og engin gata liggur að, er skyldur að láta af hendi ókeypis lóð undir götu meðfram lóðareign sinni, hálfa götubreidd, ef hann á lóð að eins öðru megin, en alla götubreidd, ef hann á lóð beggja megin. Ef lóðin er á götuhorni, ber lóðareiganda að leggja til lóð undir báðar götur á sama hátt og fyr segir. Ef lóðin er við opið svæði, skal leggja til lóð, sem svarar hálfri götubreidd.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd veitt, ef gata eða opið svæði er gert aðallega með almannaþarfir fyrir augum, eða til umferðar, enda auki gatan ekki að mun hagsmuni lóðareiganda.

24. gr.

Ráðuneytið getur ákveðið með reglugerð, að lóðareigandi, er hann byggir á lóðinni, kosti götugerð á því svæði, er honum ber að láta af hendi til götugerðar samkvæmt 23. gr. (að nokkru eða öllu leyti).

25. gr.

Ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefir áður viðurkent götu fullnægjandi, en henni er síðar breytt, breikkuð eða á annan hátt löguð, er bæjar- eða hreppssjóður skyldur að greiða andvirði lóðarviðbótar þeirrar, er þarf til breytingarinnar.

26. gr.

Ef skolpveita er í götu, er öllum þeim, er við götu búa, skylt að leggja fullnægjandi skolpveitu frá húsi sínu í götuveituna á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd veitt, ef bygginganefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan.

27. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 23. gr., ef lóðareigandi hefir eignast lóðina áður en lög þessi ganga í gildi, og hann verður að kaupa viðbótarlóð til að fullnægja settum skilyrðum.

V. kafli.

Skifting lóða og eignarnám.

28. gr.

Við skifting lóða ber að gæta þess, að hver eigandi fái jafnstóra lóð og hann áður átti, og svo nærri hinni, sem kostur er á. Ef eigi er unt að framkvæma þetta og samkomulag næst ekki milli eigenda, skal með málið farið svo sem mælt er fyrir í 27. gr. skipulagslaganna.

29. gr.

Kvaðir þær, sem kunna að hvíla á lóðum, verða eigi afnumdar, nema það sje sjerstaklega tekið fram við nýju skiftinguna. Heimilt er að leggja nýjar kvaðir á lóðirnar.

30. gr.

Eigi skal greiða stimpilgjald eða þinglestrargjöld af afsalsbrjefum þeim, sem nauðsynleg eru vegna nýju lóðaskiftingarinnar.

31. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur synjað um byggingaleyfi innan þess svæðis, sem ákveðið er að skifta skuli að nýju, þar til skiftingin er komin á. Ber þá að framkvæma skiftinguna innan árs frá því beðið var um byggingaleyfi.

32. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefir heimild til að taka lóðir eignarnámi í þarfir bæjar- eða hreppsfjelagsins, ef nauðsyn krefur. Um framkvæmd eignarnáms fer sem mælt er fyrir í lögum nr. 61, frá 14. apríl 1917, um framkvæmd eignarnáms.

33. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur tekið heila bæjarhluta eignarnámi, ef nauðsyn krefur, til að fá haganlegt skipulag.

Sömuleiðis getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd tekið eignarnámi lóðir, sem að hennar dómi eru óheppilegar til bygginga, og hús, er óprýða bæinn.

34. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal skylt, ef þess er óskað, að greiða eftir megni fyrir því, að eigandi húss eða lóðar, sem tekin er eignarnámi, geti fengið jafngóða eign í stað þeirrar, sem tekin var.

VI. kafli.

Sjereign og sameign.

35. gr.

Í lögum þessum teljast tölusett hús með tilheyrandi lóðum sjerstakar eignir, þótt sami sje eigandinn. Þó má telja sambygð hús (með mismunandi tölusetning) eina eign, ef sömu kvaðir eða engar hvíla á öllum húsunum.

Skilyrði lóðarnotkunar.

36. gr.

Gæta ber þess, er lóðir eru teknar til bygginga, að ekki stafi hætta af sigi, jarðskriðu, snjóflóðum eða vatnságangi, og engin óheilnæm efni mega vera í jarðveginum.

Að jafnaði skal þess gætt, að góð skolpveita liggi frá húsinu, og sje hún í sambandi við skolpveitu bæjarins, ef nokkur er. Til þess að koma skolpveitu fyrir á annan hátt, þarf samþykki byggingarnefndar.

Ekki má veita skolpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skolpveitu í lokræsi gegnum annars lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Drykkjarvatn.

37. gr.

Ekki má reisa íbúðarhús nema vissa sje fengin fyrir því, að æfinlega sje aðgangur að nægilegu og góðu neysluvatni, eftir því sem staðhættir frekast leyfa.

Lóðir fyrir utan skipulagssvæði.

38. gr.

Eigi má reisa hús á þeim lóðum, er liggja fyrir utan svæði það, sem skipulagsuppdráttur er gerður af (sbr. 1. gr.), nema byggingnefnd álíti að aðgangur að húsinu sje fullnægjandi, og skal þinglesin yfirlýsing um það, að aðgangurinn skuli fylgja húsinu, ef hann er annars manns eign.

Nágrannaeign.

39. gr.

Sá, er byggir upp að nágrannahúsi, skal sjá um, að það skemmist ekki á neinn hátt, og ef nauðsyn krefur, setja við það styrktarstoðir. Sömuleiðis verður að gæta þess, að lóð eða önnur mannvirki nágrannans verði eigi fyrir skemdum.

Ef eigi er unt að komast hjá því, að nágrannaeign að einhverju leyti verði fyrir tjóni, eða að kostnaðurinn við að verja hana verði óhæfilega mikill, getur byggingnefnd veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar. Þó skal sá, er byggir, skyldur til að bæta að fullu tjón það, er af því hlýst, nema nágrannaeignin sje svo hrörleg, að tjónið stafi eingöngu af því. Geta þá skaðabætur fallið burtu eftir atvikum.

Ef samkomulag næst ekki milli nágranna og þess, er byggir, skulu dómkvaddir menn skera úr deilunni.

Ef hætta er á því, að hús, sem íbúð er í, muni hrynja, má á engan hátt halda verkinu áfram fyr en fólkið hefir flutt úr því.

Byggingnefnd ákveður hvenær flytja skuli út.

Sambygging.

40. gr.

Í þjettbygðum bæjarhlutum skulu öll hús bygð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað, til þess að öll lóðin, er snýr að götu, notist betur til bygginga.

Byggingnefnd getur bannað, að hús sjeu sambygð með lágum millibyggingum.

Sambygging við nágranna.

41. gr.

Ef nágrannahúsið nær ekki að lóðamörkum, skal byggingnefnd gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir ósmekklega húsgerð, þegar sambygging myndast.

Byggingnefnd getur krafist, að eldri byggingum, sem standa skulu í sambygðri húsaröð, sje breytt þegar að þeim er bygt, ef nauðsyn krefur vegna fegurðar. Ef

húseigandi er skyldaður til að gera breytingar á húsi sínu vegna ákvæða þessara, getur hann krafist skaðabóta eftir mati.

Við matið ber að taka jafnt tillit til hagnaðar og óhagnaðar við breytinguna. Bætur greiðast úr bæjar- eða hreppssjóði.

Húsalínur.

42. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins (sbr. 47. gr.).

Lóðagirðingar.

43. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að komið sje upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbygð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem lög þessi ná til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skuli vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan árs frá þeim degi, er lög þessi ganga í gildi.

Hornsneiðingar.

44. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sje eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sje með öðru sniði en fyr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

Framskot.

45. gr.

Grunnbrún (»Sökkulband«) má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem bygð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar ná lengra en 0,50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helmingi bilsins milli húshliðar og götulínu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemra vera frá stjett eða stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á, og ekki nær nágranna en 1½ sinnum dýpt þeirra.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sjerstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í opnum framskotum skulu vera þjett og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

46. gr.

Inngöngurið mega ná alt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstjett er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, alt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingarnefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyr er sagt um inngöngurið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstjett en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind jafnháa gangstjettinni og nægilega sterka og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

47. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götu eða gangstjett, nema með leyfi byggingarnefndar.

Um hæð húsa.

48. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

   Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.
2. Vegghæð húsa mælist frá gangstjett eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Sjeu mishæðir miklar, skal vegghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

   Standi hús við opið svæði, ákveður bygginganefnd, við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

   Ef bygginganefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.
3. Bygginganefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en 2/5 hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

   Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metra. Að öðrum kosti sje eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur sje á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

49. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem bygð eru með þeirri vegghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 48. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við lárjettan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

Bygginganefnd getur þá ákveðið þakhalla eftir því, sem best þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

Íbúðarhæðir.

50. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 67. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 67. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbyggð lóð og aðgangur að bakhúsum.

51. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sje fullnægt.

   Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

   a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
   b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er bygt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
   c. Í bæjarhverfum, sem bygð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því að eins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 48. gr. um götuhliðar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi lárjettri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
4. Ráðuneytið getur ákveðið, að óbygða lóðin skuli vera minni en fyr er sagt í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verslunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbygða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Sjeu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyr segir, nema þeir að öðru leyti sjeu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

52. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11.

gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal veggbæð þess talin upp í mitt ris.

Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.

2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg óbygð lóð.

53. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa sjeu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðaskifting kann að hafa í för með sjer. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Undirstöður.

54. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynnra en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggs og 1 meter af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sje grynnra á lausagrjótið en 0,70 metrar.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sje.

Varnarlög.

55. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávalt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega

varið jarðraka, skal vera minst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sje að þykt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan þegar steypan er orðin þur. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sementi eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um »skúta« eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

56. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambygð hús, þannig að bygt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Ekki má skifta húseign nema hún fullnægi ákvæðum þessara laga um sjerstakar húseignir (sbr. 35. gr.).
5. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að ysta lagi á þaki (bárujárn, hellum o. þ. h., sjá 12. lið þessarar gr.) og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykt þeirra í hvert skifti. Á þeim mega hvorki vera gluggar nje önnur op.
6. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
7. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
8. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0,23 metrar sjeu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
9. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður bygt upp að um langan tíma að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlegan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
10. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigenda geti rifið vegginn meðan annaðhvort húsið stendur.
11. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
12. Í sambygðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alstaðar ná fast upp að ystu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.) en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þjettara en á 20,00 metra millibili.
13. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metrar.

Þök.

57. gr.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en 10 × 10 sentimetrar, þegar hafið er alt að 3,15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 13 millimetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hjer er tiltekið, ef samur er styrkleikinnn.

   Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera alt að 1,25 metra, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en alt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.
2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki sjeu þynnri en 2½ sentimetrar og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sje súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járnið.
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trjebitar, trjególf og milligólf.

58. gr.

1. Trjebitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sje að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

   Þar sem milligólf er, skulu trjebitar ekki grennri vera en 0,16 metrar á hæð og 0,13 metri á breidd, þegar bitahafið er alt að 3,15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 25 millimetra, og breidd um 13 millimetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið fer fram úr 3,15 metrum.

   Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 13 millimetrum grennri en hjer er ákveðið.

   Nota má bita með öðrum gildleik en hjer er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því að eins að bitarnir sjeu skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.
2. Sjeu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
2. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 32 millimetra.

   Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

   Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 200 millimetra, er fest sje annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða

í mót í hlið þeirra, enda sjeu þeir þá að dómi bygginganefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara nje veldur óheilnæmi eða fúa, og sje það þurt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sje gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki bygginganefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur bygginganefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfelt, skal gólfið þó vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem bygginganefnd tekur gilt.

4. Þar sem bitaendar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.

Stigar.

59. gr.

1. Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metra.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi bygginganefndar eru aðallega notuð til verslunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri sjeu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sje gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 2,5 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sje greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 68. gr., ef bygginganefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

2. Stigar skulu vera í sjerstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Bygginganefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnumgerð.

Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sjerstöku stigahúsi.

Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr trje eða þiljur á veggjum, nema með sjerstöku leyfi bygginganefndar.

3. Allir trjestigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.

4. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,23 metrar, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 70. gr., 3, c.
5. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metrar og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metrar; þó getur byggingarnefnd leyft, að í minni húsum sje aðalstigi 0,75 metrar á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).
6. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þjettum spölum, að ekki sje hætta á að börn falli niður milli þeirra.
7. Breidd stiga, sem um ræðir í lögum þessum, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.

   Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórra vera á milli þeirra en 0,80 metrar í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum.

   Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,20 metrar, og skal haga vídd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.
8. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sje 0,60—0,65 metrar. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárjett milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þótt stiginn sje breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má eigi mjórra vera en 0,21 metrar nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, og í bakstigum ekki mjórra en 0,17 metrar.
9. Ef sjerstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hætta af.
10. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

Eldtraustur umbúnaður.

60. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

a. að allir veggir, loft og gólf sjeu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.

   Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr trje.
b. að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, sjeu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstigi má vera úr trje.
c. að stigagöng og göng að þeim sjeu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

61. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra en 0,30 metra út fyrir götulínu þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

62. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sje að minsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en 0,50 × 0,50 metrar; bæði glugginn og karmurinn sje úr járni eða klætt eldtraustu efni.

Þakrennur.

63. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem lög þessi ná til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sje í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstjett eða götu. Sje holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipan.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd krafist þess, að settar sjeu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en lög þessi gengu í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

64. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trjebitum.
2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sjerstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sje fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minsta kosti vera 0,12 metrar á þykt, og vídd hans

að innanmáli eigi minni en 0,23 metrar á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0,18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.

4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.

   Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og viða, ekki minna en 0,23 metrar, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viða. Ekki má þilja reykháf utan nje klæða hann borðum eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðrjettri línu; skal hann þá hvíla á múr eða trjeskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sje ekki nær skorðunni en 0,23 metrar. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hvert sinn hæðina, er sje þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má ekki setja reykpípur frá fleiri eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu, þannig gerðan að pípan geti ekki ýtst inn í reykháfinn. Reykháfur sje þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hjer var talið.
8. Innanhúss má sjerstæður reykháfur standa óstuddur á alt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álítur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafist þess, að reykháfurinn sje svo gerður, að unt sje að hækka hann síðar.

   Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefndar, án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.
10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sjerstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

65. gr.

1. Eldstæði má því að eins setja í herbergi, að veggir sjeu þjettir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 0,21 metrar sje á milli.

3. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega ekki koma nær trje en svo, að 0,21 metrar sje á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trjevegg en 0,21 metrar, skal setja minst 0,12 metra þykkan vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trjevegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sje skemra en 0,21 metrar frá eldstæði að timbri.
5. Eldavjel má setja á trjególf, ef að minsta kosti 0,11 metrar eru frá gólfi upp að botni á eldavjel og á milli sjeu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykt, eða að gólfið sje þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fyltur múr eða steypu. Sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið framundan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavjelina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir sjeu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarupphitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa trjeloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarupphitunarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir sjeu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr trje, en hvergi mega þeir koma nær trje en svo, að bilið á milli þeirra og trjesins sje minna en 1,00 m. Ef timbrið er klætt með steini eða steypuvegg ekki þynnri en 0,12 metra, má bilið vera 0,50 metrar.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpípan, á leið út í reykháf, liggja gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4,00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær trje en 0,21 metrar. Ef hún liggur gegnum trjevegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær trje en 0,21 metra.

Ef hnje er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af, til að hreinsa pípuna.

Íbúðarherbergi.

66. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minst 2,50 metrar; þó getur byggingarnefnd leyft, ef sjerstakar

ástæður koma til greina, alt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir, skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.

3. Ef herbergi er undir súð, verður að minsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; bygginganefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metrar, og gólfflöturinn minst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmál glugga má minst vera 1/12 af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Bygginganefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

67. gr.

a. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema bygginganefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem að eins hefir glugga á móti norðri, nema það sje hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
b. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar, og í minsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má bygginganefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi að eins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
c. Glerflötur glugga ofanjarðar sje eigi minni en nemi 1/12 af gólffleti herbergis.
d. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sje trjególf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
e. Gólfið sje að minsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum bygginganefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
f. Veggi skal verja raka á þann hátt, er bygginganefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

68. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu nema bygginganefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þjett steypugólf; þó getur bygginganefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfflötur þeirra eigi minni en 0,80 × 0,70 metrar.

Ef salerni er innanhúss, skal vera á því gluggi, sem hægt er að opna, eða að öðrum kosti loftrás, sem byggingarnefnd samþykkir. Salerni má að eins setja þar, sem byggingarnefnd samþykkir.

Skolpveitur.

69. gr.

Skolpveita skal vera algerlega þjett og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, er með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Veggir steinhúsa.

70. gr.

1. Veggir steinhúsa sjeu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1 : 4 : 7. (Þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1 : 4 : 8.

   Ef notuð er önnur gerð steypu en fyr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sjer upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús sjeu bygð úr þeim.

   Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því að eins nota, að það sje sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi alt að helmingi veggþyktar. Ekki skulu steinar þjettari en svo, að auðvelt sje að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna og að öðru leyti svo sterk, sem fyr segir.

   Öll steypuefni sjeu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sje ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentímetra víðan hring.
2. Þykt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1 : 4 : 7, skal vera sem hjer segir:
   a. Þykt hliðveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metrar á þykt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metrar og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metrar á þykt. Ef gólf er úr timbri, skulu veggþyktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metrar.

      Ef húsið er portbygt, skal portið hafa sömu þykt og veggurinn á næstu

hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metrum. Sje portið hærra, skal það gert með veggþykt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur að svo langt sje milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafist þess, að burðarveggir sjeu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verslunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafist, að styrkleiki allra burðarveggja sje ákveðinn af sjerfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hjer með talið risið) með sömu þykt og efsta hæð. Gaflveggir, sem að eins bera sinn eigin þunga (ef loftin eru úr trje), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metrar.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykt útveggja en hjer segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje önnur en fyr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera að eins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir sjeu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metrar.

3. a. Burðarveggir innanhúss sjeu á þykt í efstu hæð 0,16 metrar, og þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins við hverja hæð um 3 sentim. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metrar.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir nje stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sje hafið stutt, má þyktin þó vera alt að 0,08 metrar.

c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metrar, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að trjestiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykt veggja, sem um getur í a-, b- og d-lið, á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægjur (»múrlektur«) undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki meiri vera en helmingur af

allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en 1/3 af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, nje á neinn veg þynnri en samsvari 1/8 af hæð hans, nema í honum sje járnbendingar, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sje nauðsynlegur. Yfir glugga- og dyratóftum sjeu veggir nægilega styrktir járni.

4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykt en fyr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því er byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þjettari en hjer hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sjerfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fullkraustan.
5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hjer er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sje fullnægt.
6. Útveggi úr steini eða steypu skal sljetta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

71. gr.

Byggingarnefnd getur því að eins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sjerfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

72. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykt veggjanna frá því, sem fyr um getur, ef hemi þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er alt að 3,00 metrum og herbergjadýpt alt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri

en 10 × 10 sentimetrar (4 × 4″), á neðri hæð 10 × 13 sentimetrar (4 × 5) og hornstafir 13 × 13 sentimetrar (5 × 5″). Sje hæðin meiri, eða alt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt alt að 5,50 metrum, skal þykt stafanna út og inn aukin að minsta kosti um 2½ sentimetra (1″). Í stærri húsum ákveður bygginganefnd gildleika stafanna.

Bygginganefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema bygginganefnd leyfi sjerstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður (»lausholt«) og í hverjum vegg eigi minna en tvær spyrnur (»skástífur«). Skorður skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrjetta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Bygginganefnd getur þó leyft, að aurstokkur sje ekki gildari en 13 × 13 sentimetrar, þó að stafir í veggnum sjeu gildari.

Ofan á bitaenda komi staflægjur (»undirstokkar«), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella trje á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (½″) þykk, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn, en 1½ sentimetra (½″) þykkir listar á milli járns og pappa. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sjerstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af því.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar (¾″), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10 × 10 sentimetra (4 × 4″) á neðri hæð, og 8 × 10 sentimetra (3 × 4″) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur að styrkleikinn sje nógur. Byggingarnefnd getur krafist gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sje hvoru megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema bygginga-

nefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).

e. Í útihúsum og skútum, sem eru að eins ein hæð, má gera grind úr plönkum (»battingum«).

f. Í timburveggjum sje samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til.

g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

73. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 56. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metrar. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

74. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambygð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd fært bæði þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

75. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metra. Þó má vegghæð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metra, en hærri eða lægri, ef skipulagsuppdráttur ákveður svo. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr trje, skulu þau vera í sjerstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

76. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur sýnir; en ef enginn skipulagsuppdráttur er til, getur byggingarnefnd leyft að þeir sjeu reistir í útjaðri bæjar og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vera vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðyrðum, er byggingarnefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

77. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbolíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, sjerstaklega í steinhúsum, troða mjög vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan.

Viðhald húsa.

78. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að húsum sje haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaaðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í lögum þessum.

79. gr.

Ef nota skal byggingaaðferð eða byggingaefni, sem ekki er tilgreint í lögum þessum, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingaleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem byggingarnefnd álítur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum þessum.

Hús þar sem farið er með eldfim efni.

80. gr.

Öll hús þar sem unnið er að einhverju, sem sjerstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau sjeu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur byggingarnefnd leyft að þau sjeu úr timbri.

Eldstæði tilheyrandi bræðsluhúsum skulu vera í sjerstöku húsi.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minsta kosti 1,00 metra frá gólfi; enn fremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trjesmiða má að eins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metrar frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafneldtraustu.

Hús, sem háð eru sjerstökum heilbrigðisreglum.

81. gr.

Járnbræðsluhús, gasstöðvar, sútunarhús, sláturhús og hús, sem unnið er í með áburðarefni, má að eins setja þar, sem bygginganefnd ákveður eða skipulagsuppdráttur sýnir, og eftir að heilbrigðisfulltrúi, eða hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi, þar sem hann er, hafa gefið samþykki sitt til þess.

Eftirlit með útliti bæja og húsasniði.

82. gr.

Öll hús, girðingar eða húshlutar, að meðtöldum bakhliðum, skulu að útliti fullnægja almennum fegurðarkröfum. Sama gildir um liti, sem bornir eru á þá húshluta, sem blasa við almannafæri. Bygginganefnd skal skera úr, hvort kröfum þessum sje fullnægt.

Bygginganefnd getur með samþykki ráðuneytisins sett sjerstök ákvæði um útlit húsa í sumum bæjarhlutum, eða hluta af þeim.

Ráðuneytið getur ákveðið, að uppdrættir að húsum eða húsaþyrpingum skuli gerðir af þar til hæfum mönnum og með þeim skilyrðum, er það ákveður.

Ráðuneytið getur skipað sjerstaka nefnd (yfirbygginganefnd) til þess að hafa eftir megni eftirlit með útliti bæja og húsasniði. Ráðuneytið semur reglugerð um störf nefndarinnar og framkvæmd eftirlitsins.

Allar bygginganefndir, bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu skyldar að hlíta úrskurðum nefndarinnar, enda hafi ráðuneytið samþykt úrskurðinn.

Breyting á eldri húsum.

83. gr.

Ekki má breyta eldra húsi, hvorki með viðgerð, viðbyggingu eða ofanábyggingu, er fer í bága við lög þessi.

Bygginganefnd getur leyft fyrirhugaða breytingu, ef hún er smávægileg, en miðar að því að bæta húsið, þótt hún fullnægi ekki að öllu lögum þessum.

Ef breytingin er stórvægileg og húsið verður að miklu leyti sem nýtt að áliti bygginganefndar, skal breytingin eða viðgerðin að öllu leyti fullnægja lögum þessum.

Bygginganefnd getur úrskurðað, ef um viðgerð á húshluta er að ræða, að einnig aðrir hlutar hússins sjeu teknir um leið til viðgerðar, ef hún álítur það nauðsynlegt.

Flatarmál bygðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

84. gr.

Þegar mældur er flötur bygðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot

talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

85. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal vera traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingafulltrúa eða eftirlitsmanni með byggingamálum er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

VII. kafli.

Byggingaleyfi og framkvæmd verksins.

86. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem lög þessi ná til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og bæjarstjórnar eða hreppsnefndar til að framkvæma verkið.

   Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sje send til byggingarnefndar.

   Umsókn um byggingaleyfi fyrir hús þau, er um getur í 13. gr., skal senda til sýslumanns. Hann sendir hana með umsögn sinni til ráðuneytisins, er veitir byggingaleyfið.

   Umsækjandi má eigi byrja á verkinu fyr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd eða ráðuneytinu, að leyfið sje veitt.
2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sje lögum samkvæmt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum.
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minsta kosti 1 : 500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim, er fyrir kunna að vera á lóðinni, enn fremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.
   b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minsta kosti 1 : 100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess. er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

      Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

      Sýna skal á húsuppdráttum þykt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.
   c. Áður en leyft er að byggja hús í sambygðri húsaröð, getur byggingarnefnd kraf-

ist, að gerður sje lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambygðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.

d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minsta kosti 1 : 20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í tje, ef þess er krafist.

e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að sjeð verði fyrir afrensli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sje átt við.

4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert lögum samkvæmt og eins og uppdrættir sýna.

5. Eftir að byggingafulltrúinn eða eftirlitsmaður með byggingamálum hefir kynt sjer umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingafulltrúi eða eftirlitsmaður með byggingamálum fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, sem veitir byggingaleyfið.

Byggingnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfs mánaðar frá fyrsta fundi byggingnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sje synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþyktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingaleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sje í höndum manns, sem byggingnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþyktum uppdráttum nema fengið sje leyfi byggingnefndar til þess.

7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingafulltrúa eða eftirlitsmanni með byggingamálum, svo og einstökum mönnum úr byggingnefnd, sje jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.

8. Húseigandi skal tilkynna byggingafulltrúa eða eftirlitsmanni með byggingamálum með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað var á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.

9. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingaleyfi. Gjaldið rennur í bæjar- eða hreppssjóð.

10. Byggingaleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingaleyfi, sem fer í bága við lög þessi.

87. gr.

Nú veitir bæjarstjórn eða hreppsnefnd byggingaleyfi, en síðar kemur í ljós, að mannvirkið fer í bága við lög þessi eða reglur, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, þá getur byggjandi krafist sanngjarnra skaðabóta úr bæjar- eða hreppssjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við lög eða reglur, hafi sjest ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sje, að hann hafi farið eftir bestu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði lögum og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

88. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyr en fengið er vottorð byggingafulltrúa eða eftirlitsmanns með byggingamálum um, að húsið fullnægi lögum þessum.

VIII. kafli.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

89. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld (»skilti«) og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sje eigi til óprýði. Byggingafulltrúi eða eftirlitsmaður með byggingamálum hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, sjeu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar hjeraðslæknis. Sje hann á sama máli og nefndin, getur hún krafist þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur byggingarnefnd framkvæmt umbótina á hans kostnað, eða að öðrum kosti úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að sjá um að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

Kostnað þann, er um getur í 1. og 2. lið, má taka lögtaki.

Svæðið milli götulínu og húss.

90. gr.

Svæðið frá götu að húsum þeim, sem við hana standa, skal vera með þeim frágangi, sem byggingarnefnd tekur gildan. Byggingafulltrúi eða eftirlitsmaður með byggingamálum skal sjá um, að þessu ákvæði sje fylgt, nema bæjarstjórn eða hreppsnefnd hafi skipað aðra nefnd til þess.

IX. kafli.

Sektarákvæði.

91. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 1000 kr., er renna í bæjarsjóð eða hreppssjóð.

Nú er byrjað á verki áður en byggingaleyfi er veitt, og má þá sekta bæði smið og eiganda.

Nú er hús notað á annan hátt en leyft er í lögum þessum eða reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, og má þá sekta þann, sem hefir afnot hússins, ef hann hefir notað húsið þannig án heimildar eiganda; að öðrum kosti skal sekta eiganda.

Nú er byrjað á verki án þess, að byggingaleyfið sje fengið, eða verkið unnið á annan hátt en lög mæla fyrir, og getur þá byggingarnefnd krafist, að verkið sje tafarlaust stöðvað með aðstoð lögreglunnar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál, og skal oddviti byggingarnefndar tafarlaust kæra fyrir lögreglunni.

X. kafli.

Um það hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

92. gr.

Lög þessi ná til allra nýrra bygginga, eftir að þau öðlast gildi, þó beiðni um byggingaleyfi hafi verið sent áður og samþykt.

Sama gildir um byggingar, sem eigi eru fullgerðar. Þó verður eigi krafist breytingar á verki, sem þegar hefir verið unnið, ef það veldur kostnaðarauka, eða veldur tjóni á annan hátt, nema gegn fullu endurgjaldi eftir mati.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1925, og falla þá úr gildi allar byggingar-

samþyktir fyrir staði þá, er þau ná til eða geta náð til samkvæmt úrskurði ráðuneytisins (sbr. 1. gr.).

Greinargerð.

Frumvarp þetta með ástæðum er borið fram eftir tilmælum atvinnumálaráðherra.

Almennar athugasemdir.

Húsagerð er með stærstu útgjaldaliðum hverrar þjóðar og má nefna sem dæmi, að árið 1919 nam aðflutt byggingarefni um 3800000 kr. Gefur þetta nokkra hugmynd um, hve stórvaxinn árlegi byggingakostnaðurinn er, þegar alt er talið. Hann hefir verið 7—8 miljónir þetta ár að minsta kosti. Þessu mikla fje er misjafnlega varið. Til þess að byggja hús af fullri forsjá þarf allmikla þekkingu og meiri en flestir hafa, svo ekki verður hjá því komist, að stórfje fari í súginn, ef hver byggir eftir sínu höfði, auk þess sem voði er búinn af eldshættu í bæjum o. fl., nema bygt sje eftir sæmilega föstum reglum.

Reynt hefir verið að bæta að nokkru úr þessu í bæjum vorum með lögunum um byggingarsamþyktir frá 20. október 1905, en tilgangi sínum hafa þau að minstu leyti náð, því samþyktir hafa að eins verið gerðar fyrir suma kaupstaðina og örfá kauptún. Auk þess er það bæði dýrt og fyrirhafnarsamt að semja og prenta sjerstaka reglugerð fyrir hvert kauptún, úr því að öll meginatriði í reglugerðunum eru að mestu samhljóða.

Erlendis hefir verið ráðið fram úr þessu með því að gefa sjerstök byggingarlög fyrir alla bæi, sem innihalda öll meginatriði byggingasamþykta á einum stað og allir eru skyldir að hlýða. Með frv. þessu er sama ráð tekið upp fyrir oss, og hefir frv. til byggingarlaga, sem nú liggur fyrir norska stórþinginu, verið lagt til grundvallar. Jafnframt hefir verið höfð hliðsjón af sænsku lagafrumvarpi sama efnis. Þó hefir það þótt rjettara að undanskilja að svo stöddu Reykjavík, sem er að nokkru frábrugðin hinum bæjunum, en heimila ráðuneytinu að láta lögin ná til hennar, ef ráðlegt þykir, þegar bæjarstjórn hefir látið álit sitt í ljós.

Það veldur alveg sjerstökum erfiðleikum við föst lagaákvæði um byggingamál, að sífelt koma fram nýjar aðferðir, ný byggingaefni og aðrar nýungar, en auk þess geta staðhættir á stöku stað verið slíkir, að óhjákvæmilegt verði að veita undanþágu frá almennum ákvæðum, breyta þeim að nokkru eða auka. Fyrir þessi sker er reynt að sigla með því að gefa ráðuneytinu víðtæka heimild til þess að gefa undanþágur frá lögunum, breyta ákvæðum eða auka þau, þegar brýn nauðsyn ber til. Í Noregi hefir verið ráðið fram úr þessu á sama hátt, og engin líkindi til þess að ráðuneytið noti þetta vald sitt að óþörfu.

I. kafli.

Verksvið laganna. Almenn ákvæði.

1. gr. Hjer er gert ráð fyrir, að lögin gildi fyrir þá bæi, sem lögin um skipulag bæja frá 27. júní 1921 ná til, því heita má, að þessi tvenn lög sjeu hliðstæð. Nú eru skipulagsuppdrættir miðaðir við það, að þeir nægi vexti bæjarins í 50 ár, en vel bygð hús standa miklu lengur, og þótti því nauðsynlegt að láta byggingalögin ná yfir nokkru stærra svæði en sýnt er á skipulagsuppdrætti. Stærð þess ætti að fara eftir staðháttum, en 500 m. hafa þótt líkleg takmörk hjer eins og erlendis.

Það hefir þótt nauðsynlegt, að ráðuneytið gæti gert ákveðnar kröfur til meiriháttar húsa, sem reist eru úti um land, einkum þar, sem margir menn eru samankomnir, hætta getur stafað af eldi o. þvl., þó ekki sjeu þau í kauptúnum þeim, sem lögin gilda fyrir.

2.—5. gr. Eins og fyr hefir verið sagt (almennar athugasemdir), verður ekki hjá því komist, að ráðuneytið hafi vald til þess að veita undanþágur frá lögunum, breyta þeim að nokkru eða auka þau, ef sjerstakir staðhættir eða ástæður gera það nauðsynlegt.

6. gr. Undanþágur þær, sem greinin ræðir um, munu ætíð gerðar eftir ósk húseiganda, og greinin miðar að því, að geta bæði gert húseiganda nokkurt hagræði, en tryggja jafnframt bæjarfjelagið fyrir því, að kostnaður út af undanþágu falli á það.

7.—8. gr. Þessi ákvæði, eða svipuð, virðast sjálfsögð og rjettmæt.

II. kafli.

Stjórn byggingamála.

9. gr. Að undanförnu hefir yfirstjórn byggingamála verið sumpart í höndum dómsmálaráðuneytisins (flestar opinberar byggingar), sumpart atvinnumálaráðuneytisins (almenn byggingamál, sveitabæir o. fl.) Æskilegt væri, að öll byggingamál heyrðu undir sama ráðuneyti og kæmust á þann hátt í skipulega heild.

10. gr. Rjett þykir, að bæjarstjórn hafi að öllu frjálsar hendur um kosningu 4 manna í byggingnefnd, og getur hún þá tekið jöfnum höndum tillit til smekkvísi manna og áhuga á byggingamálum. Aftur er það talið sjálfsagt, að byggingafulltrúi eða eftirlitsmaður kunni til bygginga og sje iðnaðarmaður.

Gert er ráð fyrir, að í stærstu bæjunum sje skipaður launaður byggingafulltrúi, en í smábæjum eftirlitsmaður, sem fái nokkra þóknun, eftir því hve mikið starf hans er. Ætlast er til þess, að þessir menn gefi ókeypis góð ráð og leiðbeiningar,

þegar þess gerist þörf, skýri byggingalögin o. þvíl., ef um smáatriði er að ræða, en ekki nær þetta til að gera uppdrætti eða áætlanir.

11.—13. gr. Þarfnast ekki sjerstakra skýringa.

III. kafli.

Skipulagsatriði.

Í þessum kafla eru nokkur atriði, sem snerta skipulag bæja, en hafa þó ekki verið tekin upp í skipulagslögin frá 1921.

16. gr. Rjett hefir þótt að taka fram, að samþykkis bæjarstjórnar eða hreppsnefndar skuli leitað, ef slík skipulagsgerð, er greinin ræðir um, hefir kostnað í för með sjer fyrir bæjar- eða hreppsfjelagið.

17. gr. Ákvæði þessi koma að eins til greina meðan verið er að koma skipulaginu á. Greinin á að koma í veg fyrir, að veiting byggingaleyfis og skipulagsgerð reki sig á, svo að menn verði bótalaust fyrir tjóni.

18. gr. Lóðarspildur, sem ákveðnar eru fyrir götu, eða opin svæði geta staðið mörg ár, áður en bæjar- eða hreppsfjelagið tekur þær til afnota. Rjettmætt er, að eigendur lóðanna hafi rjett til þess að nota þær meðan bæjarfjelagið þarfnast þeirra ekki, en hinsvegar er sleginn varnagli við því, að bæjarfjelagið bíði verulegan halla við jarðabætur eða ræktun landsins.

19. gr. Grein þessi er sjálfsögð til þess að koma í veg fyrir, að húsum, sem koma í bága við skipulagið, sje endalaust haldið við. Oftast er um það að ræða, að húsin standa ekki í rjettri húsalínu, hafa aðra hæð en skipulag krefur eða aðra fjarlægð frá nágrannahúsum. Byggingarnefndin sker úr því, hvað telja skuli höfuðaðgerð og hvað ekki, en yfirleitt telst höfuðaðgerð alt, sem gerir húsið íbúðarfært um miklu lengri tíma en annars hefði verið.

Síðari málsgrein á við það, að ekki megi setja upp búð í húsinu eða annað, sem auki stórum verðmæti þess.

20.—21. gr. Fyrri greinin er í samræmi við 25. gr. skipulagslaganna. Síðari greinin fullnægir sjálfsagðri sanngjarnri kröfu.

22. gr. Þegar fleiri hús hafa hagnað af akdyrum, er sjálfsagt að kostnaðurinn við þær leggist á þau öll. Hann má oftast meta eftir flatarmáli húsanna.

IV. kafli.

Lóðarnám undir götu og opin svæði.

23. gr. Það má telja sjálfsagt, að lóðareigendur leggi til lóð undir götu, sem gerð er í þeirra þarfir, en bæjarfjelagið, ef gatan eða opna svæðið er gert í þarfir almennings að mestu eða öllu leyti.

24. gr. Undanfarið hafa ýmsir menn eignast bæjarlóðir fyrir lítið verð sem erfðafestulönd eða á annan hátt, fengið þeim síðan breytt í byggingalóðir, selja þær síðan með miklum hagnaði, en bæjarfjelagið hefir kostað götugerð að mestu eða öllu leyti. Á þennan hátt fellur þungt gjald á bæina, en allur hagnaðurinn rennur til lóðaeigenda. Í Englandi o. v. ber lóðaeigendum að kosta götugerðina að öllu leyti og að vanda mjög til hennar, en bærinn annast viðhaldið, eftir að úttekt hefir farið fram á götunni. Gróði lóðareiganda rýrnar svo mjög við þetta, að sjálfar húslóðirnar seljast ekki miklu dýrara en ræktað land, þegar allur kostnaður er dreginn frá. Þetta skipulag ljettir mikilli byrði af bæjunum og gerir þeim auðveldara að halda lóðum í hæfilegu verði, enda breiðist það nú víðsvegar út.

Það hefði ef til vill verið rjettast að lögfesta þetta skipulag nú þegar, en að svo stöddu þótti viðsjárvert að ráðast í svo mikla nýbreytni.

25. gr. Almenn sanngirni mælir með greininni.

26. gr. Kostnaður við skolpveitu getur orðið svo hár, einkum ef farið er gegnum klappir, að hann verður ókleifur fyrir fátæka húseigendur. Er þá sanngjarnt, að bæjarfjelagið hlaupi undir baggann. Byggingarnefnd verður að skera úr í hvert sinn, hvort ástæða sje til að veita undanþágu að nokkru leyti eða öllu.

V. kafli.

Skifting lóða og eignarnám.

28. gr. Greinin er að mestu samhljóða 27. gr. skipulagslaganna.

29.—30. gr. Ákvæði fyrri greinarinnar má telja sjálfsögð, en sanngirni mælir með síðari greininni.

31. gr. Til þess að lóðarskiftingin sje framkvæmanleg, er óhjákvæmilegt að synja megi um byggingaleyfi til þess skiftingu er lokið. Hinsvegar má skiftingin ekki dragast óþarflega lengi. Ársfrestur ætti ætíð að vera nægilegur, þó sumstaðar erlendis (Noregur, sumstaðar í Þýskalandi) sje gefinn 2 ára frestur.

32.—33. Greinar þessar eru að mestu samhljóða 24. gr. skipulagslaganna, en nokkru víðtækari.

34. gr. Úr því bæjarfjelagið tekur annars eign í þarfir almennings, er því skylt að gera skaða eigandans sem minstan, og stundum á bæjarstjórn eða hreppsnefnd auðveldara með að útvega hentugt hús eða lóð en eigandi sjálfur.

VI. kafli.

Almenn byggingaákvæði.

35. gr. Þó ákvæði greinarinnar sje almenn venja, þykir rjettara að lögfesta það. Bent skal á, að vandræði hljótast stundum af því, að fleiri íbúðir eru stundum bygðar saman sem ein eign, en ef til þess kemur, að selja skuli einstakar íbúðir, reynast þær ófullnægjandi, greindar frá hinum.

36. gr. Ákvæðið í fyrstu málsgrein á aðeins við þá lóð, sem húsið stendur á. Ef skolpveita frá húsi gengur ekki í skolppípur bæjarins, þykir sjálfsagt að byggingnefnd ákveði, hvernig henni skuli komið fyrir.

37. gr. Ákvæðið er sjálfsagt, en sumstaðar hjer á landi er mikill skortur á góðu vatni, t. d. í Vestmannaeyjum, og þótti því ekki fært að krefjast meira en »staðhættir frekast leyfa«.

38. gr. Stundum verður ekki hjá því komist, að aðgangur að húsi liggi yfir annars manns eign, og er þá hússtæðið ekki nýtandi, nema aðgangur að því sje fyllilega trygður.

39. gr. Öll sanngirni mælir með því, að sá, sem byggir að annars manns húsi, skemmi það ekki eða lóðina, eða bæti að minsta kosti skaðann að fullu.

40. gr. Ákvæðið í fyrstu málsgrein miðar að því, að lóðin nýtist sem haganlegast og ekki verði lítil sund milli húsa, sem erfitt er að fylla síðar svo vel fari á. Síðari málsgrein lýtur að því, að útlit byggingaraðarinnar verði ekki óhæfilega ljótt og sundurleitt.

41. gr. Búast má við, að hús, sem reist voru áður lögin gengu í gildi eða skipulag er gert, verði að meira eða minna leyti frábrugðin húsum þeim, sem síðar eru bygð í röðinni. Þessi gömlu hús geta staðið óbreytt til þess, er að þeim er bygt, en þá þarf líka að breyta þeim, svo samræmi fáist í húsaröðina. Að öðrum kosti verða þau endalaust til stórlýta. Skaðabætur koma því að eins til greina, að skaðinn við breytinguna sje meiri en hagnaðurinn.

42. gr. Að vísu er hjer um sjálfsagðan hlut að ræða, en rjettara hefir þó þótt, að ákvæðið stæði í lögunum.

43.—46. gr. Greinar þessar eru að mestu samhljóða ákvæðum í gildandi byggingasamþyktum.

47. gr. Það virðist sjálfsagt, að byggingarnefnd ráði, hversu handrið og stólpar eru settir í götu eða á gangstjett.

48. gr. Ad 1—2. Ákvæðin eru í samræmi við 11. gr. c skipulagslaganna, en nokkru nákvæmari. Með ákvæðinu um, að vegghæð skuli ekki að jafnaði fara fram úr 10 og 8 metrum nema svo sje ákveðið í skipulagsuppdrætti, er stefnt að því, að húshæð í bæjum vorum sje yfirleitt ekki meiri en 2 hæðir. Bæði fer best á því, að hús sjeu ekki mjög há í smábæjum og lítið við það unnið, því háu húsin verða ekki ódýrari nema lóðarverð sje því hærra, en lágu húsin að ýmsu leyti betri til íbúðar. Ef há hús eru bygð á stöku stað innan um lægri hús, verður bygðin samræmislaus og getur tæpast litið vel út. Erlendis er nú hvervetna kept að því að gera ekki húsin óþarflega há, og styðst þetta við grandgæfilega rannsókn á því, hvað best henti og borgi sig.

Ad 3. Leyfi það, sem hjer ræðir um, getur oft verið nauðsynlegt, annaðhvort vegna skipulags í húsinu eða útlits, en sjálfsagt að það sje í höndum byggingarnefndar.

Ákvæðin í síðustu málsgrein eru sjálfsögð vegna brunahættu.

49. gr. Bæði hjer og erlendis hefir þeirri reglu verið fylgt, að rishalli fari ekki fram úr 45% ef vegghæð er svo mikil sem frekast er leyft. Sje hún að mun minni, er ekki ástæða til að banna nokkru brattara ris, ef vel fer á því og aðrar ástæður mæla ekki móti.

50. gr. Ákvæðin í fyrri málsgrein má telja sjálfsögð meðan kjallaraíbúðir eru leyfðar. Timburhús eru sett skör lægra vegna brunahættu, og er þar ekki leyfð íbúð, nema annaðhvort í kjallara eða þakhæð, auk aðalhæðanna.

51. gr. Ad 1. Ákvæðið um stærð óbygðu lóðarinnar er mjög vægilegt, en við það bætast ákvæði 11. gr. (e) skipulagslaganna um fjarlægðir milli húshliða, sem tryggja væntanlega hverju húsi sæmilegt ljós. Í Svíþjóð er krafist, að 4/5 lóðar sjeu óbygðir, þar sem hús eru ekki sambygð, og í Englandi þykir helst til þjettbygt ef fleiri hús (fyrir 1 fjölskyldu) en 10 koma á ekru (húslóð alls 405 m²). Hjer á landi gerist þess tæpast þörf að krefjast svo stórra lóða, því bæði verða þær arðlitlar og þjettbýlið ekki eins tilfinnanlegt í köldu og næðingasömu veðurlagi og í sumarhitunum erlendis.

Ákvæðið í staflið a dregur nokkuð úr kostnaði bæja við nauðsynlega breikkun á götum, þegar hún nemur ekki svo miklu, að lóð rýrist um of. Ákvæðið í staflið b má telja nauðsynlegt, þegar um mjóar lóðir er að ræða á götuhornum. c. Í þjettbygðum bæjarhverfum er það oft og einatt orðið ókleift fyrir kostnaðarsakir að fullnægja ákvæðunum í stafl. 1, svo slíkt undanþáguleyfi er óhjákvæmilegt.

Ad 2. Ákvæðið er nauðsynlegt, bæði vegna útlits og hagnýtingar á húsunum,

52. gr. Grein þessi er í samræmi við 11. gr. skipulagslaganna, að eins nokkru nákvæmar orðuð.

53. gr. Greinin miðar að því að gera baklóðir heillegar og þrifalegar.

54. gr. Hjer er gert ráð fyrir, að undirstöður verði að ná 1 m. niður í jörð sunnanlands, en 1½ m. norðanlands, til þess að hús lyftist ekki í frosti. Annars verður að taka tillit til þess, hve djúpt frost gengur í jörðu á hverjum stað.

55. gr. Öll ákvæði í þessari grein eru í samræmi við það, sem tíðkast hefir bæði hjer og erlendis. Asfaltpappi er ekki nefndur, sjerstaklega sökum þess, að sumir telja hann ófullnægjandi, en ekki er þó ætlast til að bannað sje að nota hann, ef ekki er á öðru völ.

56. gr. Greinin er að mestu samhljóða gildandi byggingasamþyktum. 9. og 11. liður eru nýir og í samræmi við norsku byggingalögin. Ákvæðið í 12. lið byggist á því, að reynslan hefir sýnt það erlendis, að holsteinar þola ekki mikinn hita, og í Danmörku er ekki leyft að byggja eldvarnarveggi úr þeim.

57.—58. gr. Ákvæði þessara greina eru að mestu samhljóða gildandi byggingasamþyktum, en þær hafa verið samdar eftir dönskum byggingalögum. Um gildleika viða skal það tekið fram, að Danir krefjast yfirleitt gildari viða en flestar aðrar þjóðir, en það þótti þó varhugavert að breyta að svo stöddu frá venjum þeim, sem hjer hafa tíðkast. Að mál á viðum er tiltekið eftir álnamáli (breyttu í metramál) stafar af því, að enn eru menn því vanastir og viður allajafna seldur eftir því.

59. gr. Ákvæði greinar þessarar eru miðuð aðallega við tvent: eldhættu og umferð. Þau eru yfirleitt í samræmi við það, sem tíðkast hefir bæði hjer og erlendis. Undanþáguleyfið í 9. lið er nauðsynlegt, því stundum getur það verið sanngjarnt og áhættulaust að leyfa nokkru brattari eða mjórri stiga en til er tekið.

60. gr. Sjálfsagt er að taka það fram, hvað talið sje eldtraust og hvað ekki. Enn sem komið er verður ekki komist hjá því að leyfa hurðir og gluggaumgerðir úr trje, þótt eldfimt efni sje. Þá hefir heldur ekki að svo stöddu þótt fært að banna veggþiljun, sem einkum kemur til greina á útveggjum. Á einhvern hátt verður að gera þá hlýja, og tvöfaldir tróðveggir hafa ekki enn þá rutt sjer svo til rúms, að tími sje kominn til þess að banna trjeþiljur. Ef loft og gólf er úr steini, myndi og húsinu tæpast hætta búin, þótt veggþiljur brynnu.

61. gr. Greinin er samhljóða gildandi byggingasamþyktum.

62. gr. Ákvæðið er til þess, að komast megi út um þakið og inn, ef eldsvoða ber að höndum.

63.—65. gr. Greinar þessar eru að mestu samhljóða gildandi byggingasamþyktum og í samræmi við erlend ákvæði.

66. gr. Erlendis eru gerðar sömu kröfur til skrifstofa, vinnustofa og sölubúða eins og venjulegra íbúðarherbergja, og er ætlast til, að sömu reglu verði fylgt hjer. Lofthæð og gluggastærð er ákveðin heldur minni en tíðkast erlendis, en ætti þó að vera fullnægjandi.

67. gr. Æskilegt væri að banna kjallaraíbúðir með öllu. Birtu og sólar nýtur þar ver, loftið er verra, ryk leitar mjög inn um glugga, ef opnaðir eru, og oft er þar hætt við raka. Að svo stöddu virðist þetta ekki framkvæmanlegt, en ákvæðin miða að því að gera íbúðir þessar sæmilega úr garði.

68. gr. Út af ákvæðinu í annari málsgrein skal þess getið, að mikinn gufumökk leggur allajafna út úr stórum þvottahúsum, og verður þá ekki hjá því komist, að hann sje til óþæginda fyrir þá, sem ganga eftir stjettinni. Ætlast er til, að reynt sje að forðast þetta þegar ástæður leyfa.

69. gr. Ákvæðin eru sjálfsögð.

70. gr. Auk erlendra ákvæða um styrkleika veggja, hefir verið tekið tillit til útreiknings Jóns Þorlákssonar verkfræðings um þykt steypuveggja.

Ákvæðið í 7. lið verður að telja nauðsynlegt, því reynslan hefir sýnt, að bæði einfaldir útveggir úr steini, steypu og holsteinum eru óhæfilega kaldir. Þó æskilegas sje, að innra borð útveggja sje úr eldtraustu efni, verður ekki hjá því komist að svo stöddu að leyfa að þylja útveggi að innan.

71. gr. Það verður að telja algert óráð að gera loft og gólf og stiga í húsum úr járnbentri steypu án þess að hafa bæði forsögn sjerfróðs manns og fyllilega hæfan verkstjóra við steypuna. Bæði húsið og líf manna er í veði, ef út af ber.

72. gr. Greinin er að mestu samhljóða gildandi byggingasamþyktum.

73. gr. Bilið milli steinhúsa er sama og tíðkast hefir, en milli timburhúsa nokkru meira, en er þó minna en krafist er í norsku byggingalögunum.

74. gr. Ákvæðin eru nokkru strangari en í norsku lögunum, sem leyfa 180 og 400 fermetra.

75. gr. Það hentar oft vel í vöruskemmum að hafa hæðir fleiri, en lágar, rúmlega manngengar eða því sem næst. Er því rjettara að miða aðallega við vegghæðina.

76. gr. Það getur verið hentugt fyrir fátæklinga, að leyft sje að byggja torfbæi, ef staðhættir eru haganlegir. Meðan bygging torfbæja er lítt rannsakað mál, hefir

ekki þótt vert að setja nánari ákvæði um gerð þeirra, í því trausti að byggingarnefnd, sem er öllum staðháttum kunnug, fari nærri um hvað nauðsynlegt er.

77. gr. Ákvæðin eru í samræmi við það, sem tíðkast hefir.

78. gr. Sjálfsagt virðist, að byggingarnefnd geti krafist þess, að útlit húsa sje stórlýtalítið.

79. gr. Sanngjarnt er, að umsækjandi beri þann kostnað, sem leiðir af nauðsynlegri rannsókn á nýju byggingarefni.

80. gr. Ákvæði greinarinnar eru nauðsynleg til þess að draga úr eldshættu, og þess fremur sem flest hús hjer eru úr timbri.

81. gr. Úr því að hjer er beinlínis um heilbrigðismál að ræða, þykir sjálfsagt að fara mest eftir dómi hjeraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa.

82. gr. Ákvæðin í 1.—3. málsgrein miða að því, að hús sjeu yfirleitt sæmilega útlítandi, og einkum þau hús eða bæjarhlutar, sem mikið ber á og eru ef til vill þungamiðja bæjarins.

Síðasta málsgrein hefir rót sína að rekja til þess, að bæði hjer og erlendis hefir það viljað til, að byggingarnefnd leyfir byggingar, sem spilla mjög útliti nágrennisins, og auk þess er ekki við því að búast, að byggingarnefndir geti ætíð fellt sæmilega rjettan dóm um það, hvað vel fari og hvað ekki. Það hefir þótt líklegt, að úr þessu mætti að nokkru bæta með slíkri heimild sem hjer er gefin, þó tæpast verði önnur byggingaleyfi lögð undir úrskurð slíkrar nefndar en þau, sem vekja venjulega athygli og þykja óvenjulega athugaverð. Sökum þess að hjer er gripið inn í hinn sjerstaka verkahring byggingarnefnda og bæjarstjórna, hefir þótt varlegra að krefjast, að samþykki ráðuneytisins komi til.

83. gr. Hjá því verður tæpast komist, að byggingarnefnd dæmi um, hvað sje smávægileg eða stórvægileg breyting, en yfirleitt er sú breyting stórvægileg, sem lengir aldur hússins til mikilla muna og kostar mikið fje.

84. gr. Ákvæðin eru nauðsynleg til að taka af tvímæli.

85. gr. Ákvæðin má telja sjálfsögð.

86. gr. Greinin á að tryggja tvent: að fullar upplýsingar sjeu gefnar um verk það, sem vinna skal, og að það verði unnið á þann hátt, sem til var ætlast. Flest ákvæðin eru í samræmi við það, sem tíðkast hefir. Kvöðin í 2. lið er sett til þess, að unt sje að fá viðunandi samræmi í húsaröðina. Sjeu sambygð smáhýsi sitt með hverju sniði, fer naumast hjá því, að húsaröðin verði afskræmi. Sjaldnast kemur það til, að tilfinnanlegur kostnaður fylgi þessu. Ákvæðið í tölulið 3 tryggir manni þeim, sem kann að bíða tjón við bygginguna, nægan tíma til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Síðasta málsgrein í tölul. 5 á að tryggja, að bersýnilega óhæfum mönnum sje ekki trúað fyrir að hafa umsjón með svo vandasömu verki sem byggingar eru allajafna. Það skiftir oft ekki minnu, að verkið sje trúlega unnið en önnur ákvæði um styrkleika o. þvíl., ekki síst þegar bygt er úr steinsteypu.

87. gr. Hjá því verður ekki komist, að bæjarfjelagið beri ábyrgð á gerðum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar.

88. gr. Vottorð það, sem hjer ræðir um, er nauðsynlegt til þess að byggingarnefnd geti gengið úr skugga um, að ekki hafi verið brugðið út af því, sem lög og reglur ákveða.

VIII. kafli.

Um eftirlit.

89. gr. Greinin er áminning til byggingarnefndanna, að líta eftir gömlum húsum, enda er slíkt oft nauðsynlegt, sjer í lagi ef húsin ganga kaupum og sölum eða lenda í höndum braskara.

90. gr. Útlit forgarða ræður mjög svip götunnar, og er því sjálfsagt að heimila byggingarnefnd eftirlit með þeim, eða annari nefnd, sem til þess er skipuð.

IX. kafli.

Sektarákvæði.

91. gr. Þar sem lög þessi eru að mestu nýmæli, þykir rjettara að tilnefna brot þau, sem vanalegast munu koma fyrir. Ekki þykir rjett að setja dagsektir fyrir brot, eins og víða tíðkast þó erlendis. Við erum að mörgu leyti svo skamt á veg komnir í húsagerð, að svo ströng ákvæði væru tæpast heppileg.

X. kafli.

Niðurlagsákvæði.

92. gr. Fyrsti og annar liður greinarinnar er að mestu svo sem gildandi byggingasamþyktir hjer fyrirskipa.

(B. LXII, 1).

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 20 % af innkaupsverði þeirra vara. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir ráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina:

Galvaniseraðir balar, brúsar og fötur, bambus, bast, bíla- og hjólhestadekk og slöngur, botnvörpur, botnvörpugarn, burstar og kústar, dynamit, dælur, ný epli, ger, gerduft, glóðarlampar, hampur, kátsjúk (óunnið), kopar, kolsýra, karbólín, lamir, lásar, gluggajárn, skrár, læknistæki, lyklar, lampaglös, sútað leður og skinn, viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí, gúmmíhælar og sólar, lóðarbelgir, lampakveikir, lyfjavörur, meðalalýsi, málning, mottur til umbúða, net, niðursoðin mjólk, ostahleypir, pottar, pönnur, prentletur, prentsverta, prjónavjelar, rafmagnstæki og mælar, ratin, reikningsspjöld, röntgentæki, sáraumbúðir, saumavjelar, seglgarn, síldarkrydd, skipsbrauð, smíðatól, stangasápa og blautsápa, sveskjur, svínafeiti, trjeskór og klossar, talsíma- og ritsímatæki, ullarkambar, vaxdúkur, veggfóður, vjelareimar, vír úr járni og kopar, vogir, önglar og öngultaumar.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1925.

Greinargerð.

Ástæður fyrir þessu frv. er að finna í nefndaráliti meiri og minni hluta fjárhagsnefndar um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25 % gengisviðauka, þskj. 114 og 119. Nefndin telur það öldungis ótiltækilegt að hækka svo mjög gildandi tolla, munaðarvörutolla og vörutoll, að tekjuþörf ríkissjóðs verði fullnægt á þann hátt. Telja sumir nefndarmenn þegar of langt farið í því efni, að því er nauðsynjavörurnar snertir, í frv. um gengisviðaukann. Sjer nefndin því ekki annað ráð til að auka tekjurnar frekara en að hverfa að verðtolli þeim, sem frv. þetta fjallar um. Að vísu er þess ekki að dyljast, að þessi tollur nær einnig til ýmsra nauðsynjavara, en þar er þó eingöngu um þær vörur að ræða, sem ætla má, að jafnvel flestir geti dregið eitthvað úr notkun á, eða jafnvel notað ódýrari innlendar vörur í þeirra stað. Hinsvegar er ekki unt á annan hátt betur að ná til gjaldþols þeirra manna, sem ekki gæta hófs í notkun miður nauðsynlegs erlends varnings.

Það er augljóst, að svo hár tollur, sem hjer um ræðir, muni verða til þess að draga mjög úr innflutningi á þeim vörum, sem hann nær til. Það er því þegar af þeirri ástæðu ómögulegt að gera nokkra áreiðanlega áætlun um það, hve miklar tolltekjurnar muni verða. Árið 1921 mun innflutningur þessara vöruflokka hafa numið um 10 milj. króna, að frádregnu verði þeirra vörutegunda, sem undanþegnar eru tollinum í frv. Þó að innflutningurinn minkaði um helming, ættu tolltekjur þessar þó að verða um 1 milj. króna á ári. En þess er að gæta, að fram er komið frv. um algert innflutningsbann á ýmsum þeim vörum, sem hjer um ræðir.

(B. LXIII, 1).

Nd. **166. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Magnús Torfason.

1. og 2. málslið 3. gr. skal orða svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt, er miðaður sje við samtölu fasteignarhundraða innan hverrar sýslu.

Hreppsnefnd heimtir skattinn af ábúanda hverrar jarðar, eða eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum, kjósi hún ekki að greiða skattinn beint úr sveitarsjóði.

Skattinn skal greiða sýslumanni á manntalsþingi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt óskum kjósenda eystra. Telja þeir heppilegra, að hreppsnefnd sje frjálst að haga skattálögum þessum eftir því er best hentar í hverjum hreppi.

(B. XXXI, 5).

Nd. **167. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921 (Friðun rjúpna).

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað »1926« komi: 1925.

(B. VII, 5).

Ed. **168. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Alstaðar í lögum nr. 22, frá 1919, kemur í stað orðsins: »dómstjóri«: forseti.

(B. I, 5).

Ed. **169. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson og Einar Árnason.

I. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 24 þingmenn, en 12 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum; þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur og við óhlutbundnar kosningar.

Í efri deild eiga sæti 12 þingmenn, er sameinað Alþingi kýs úr flokki þingmanna, þá er Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir almennar kosningar. Hinir eiga sæti í neðri deild.

II. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

Við 27. gr. Greinin orðist svo:

Þingmenn skulu kosnir til 6 ára. Deyi þingmaður á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

III. Á eftir 8. grein komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. Við 28. gr. Greinin falli burtu.
2. — 29. gr.
   a) Orðin »í sjerstökum kjördæmum« falli burtu.
   b) Þriðja málsgrein orðist þannig:

   Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar til Alþingis.
3. Við 30. gr. fyrri málsgr.
   a) Orðin »í sjerstökum kjördæmum« falli burtu.
   b) Orðin »með sömu skilyrðum . . . . . um land alt« falli burtu.

IV. Við 15. gr. Greinin orðist þannig:

Við 2. og 3. ákvæði um stundarsakir:

Ákvæðin falla burtu.

V. Við 16. gr. Greinin falli burtu.

Greinatalan í frumvarpinu og formálanum breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

(B. XV, 5).

Nd. **170. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Eftir »tvær kjördeildir« bætist við: eða þrjár.
   b. Í stað »annarar« komi: einnar. Orðið »en« falli burt.
   c. Eftir »hreppsnefndaroddviti annarar« bætist við: og varahreppsnefndaroddviti hinnar þriðju.
   d. Fyrir »aðra« komi: eina.
   e. Aftan við greinina bætist: Í forföllum hinna lögákveðnu kjördeildaoddvita kýs hreppsnefnd aðra í þeirra stað.
2. Við 2. gr. Síðari málsgr. falli burt.
3. Við 3. gr. Greinin falli burt.
4. Við 4. gr. Greinin falli burt.
5. Við 5. gr. Greinin falli burt.
6. Við 6. gr. Í stað »11. viku sumars« komi: 12. viku sumars.

(A. I, 3).

Nd. **171. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefir hagað störfum sínum á líkan hátt og undanfarið. Fundir hafa verið haldnir hvern virkan dag síðan nefndin var kosin, venjulega $2^1/_2$ tíma, og stundum tveir fundir á dag. Eins og að undanförnu hafa nefndinni borist fjölmörg skjöl, sem nauðsyn bar til að væru athuguð rækilega, og auk þess hefir nefndin átt tal við fjölda manns. Störfunum hefir nefndin samt lokið á mun skemmri tíma en stundum undanfarin ár. Er nefndarálit nefndarinnar í fyrra t. d. dagsett 4. apríl, en árið 1921 16. apríl.

Öllum nefndarmönnum var það ljóst þegar í upphafi, að höfuðverkefni nefndarinnar væri það, að ganga þannig frá fjárlögunum að sínu leyti, að nokkur eða ríflegur tekjuafgangur yrði, til þess að ekki drægist lengur, að alvarleg gangskör yrði að því gerð að rjetta hinn erfiða fjárhag ríkisins. Þessi grundvallarhugsun hefir sett mark sitt á alt starf nefndarinnar. Hennar vegna hefir nefndin synjað mörgum fjárbeiðnum, sem henni hefði þótt sjálfsagt að verða við, ef um venjulega tíma hefði verið að ræða, og hennar vegna leggur nefndin til, að skorin sjeu enn frekar en áður við nögl fjárframlög til þeirra starfa og stofnana, sem ekki er unt að kasta að öllu.

Þar sem nefndin hefir reynt að fara eftir þessari grundvallarhugsun í einstökum atriðum, má segja, að það hafi flýtt fyrir störfum nefndarinnar. Og eigi síður hitt, að nálega um öll atriði, sem máli skifta, hafa nefndarmenn verið á einu máli. Að eins um örfá einstök atriði hefir ekki náðst fult samkomulag innan nefndarinnar. Væri það vænlegt um að skila fjárlögunum með ríflegum tekjuafgangi, ef háttv. deild bæri gæfu til slíkrar samheldni, sem náðst hefir í fjárveitinganefnd. —

Áður en vikið er að hinum einstöku tillögum nefndarinnar, þykir rjett að gera stuttlega grein fyrir, hvernig útkoman yrði á fjárlögunum samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Nefndin hefir um áætlun tekjubálksins getað stuðst við nánari skýrslur um útkomu ársins 1923 en fengnar voru þegar fjárlagafrumvarpið var samið. Með hliðsjón af þeim leggur nefndin til, að einstakir liðir sjeu samtals hækkaðir um 75 þús. kr., en aðrir liðir lækkaðir samtals um 350 þús. kr. Niðurstaða nefndarinnar verður því sú að *lækka tekjuáætlunina um 275 þús. kr.*

Þá leggur nefndin til, að ýmsir gjaldaliðir sjeu sumpart lækkaðir, sumpart feldir niður. *Nema þær lækkunartillögur samtals um 160 þús. kr.*

Hins vegar leggur nefndin til, að ýmsir gjaldliðir sjeu hækkaðir og nokkrum nýjum bætt við. Má flokka þær hækkunartillögur í tvo flokka. Annars vegar eru

tillögur um *reikningslegar hækkanir*, sem kalla mætti. Hefir stjórnin um ýmsa þá liði fylgt áætlunarupphæð undanfarinna ára, en landsreikningar sýna, að liðir þessir eru alt of lágt áætlaðir, enda eru fjárgreiðslur þessar langflestar lögbundnar og þannig, að ekki verður komist hjá að greiða þær. Lítur nefndin svo á, að það sje að blekkja sjálfan sig að áætla liði þessa lægra en reynsla bendir til, að þeir muni verða. *Hækkanir af þessu tægi eru um 310 þús. kr.* — Þá eru þær tillögur um hækkanir, sem eru *raunverulegar hækkanir*. Eru þær hvorki margar nje háar og alveg hverfandi í samanburði við tillögur fjárveitinganefnda undanfarinna ára. *Hækkunartillögur þessar nema samtals um 170 þús. kr.* og eru að langmestu leyti aukinn styrkur við atvinnuvegina. Og um eina hina hæstu þeirra tillagna (til útrýmingar fjárkláða 25 þús. kr.) er það að segja, að hún er í raun og veru að eins tilfærsla. Loks er þess getið í nefndaráliti þessu á öðrum stað, að nefndin leggur til, að spöruð verði ýms gjöld, sem talist hafa til óvissra gjalda. Heildarniðurstaðan af tillögum nefndarinnar er því þessi:

Reikningslegar hækkanir	kr.	310000
Raunverulegar hækkanir	—	170000
Lækkuð tekjuáætlun	—	275000
Samtals	kr.	755000
Frá dregst sú upphæð, sem nefndin leggur til að gjaldaliðirnir lækki	kr.	160000
Eftir verða	kr.	595000

Nú var svo gengið frá fjárlagafrumvarpinu af stjórnarinnar hendi, að tekjuafgangur var um 500 þús. kr. Fjárveitinganefnd skilar frumv. þannig frá sjer í þetta sinn með tæplega 100 þús. kr. tekjuhalla. En aðalsummurnar, sem valda þessum mismun útkomunnar, stafa af gætilegri tekjuáætlun nefndarinnar og reikningslegum hækkunartillögum á gjöldunum, sem bygðar eru á reynslunni. Raunverulegar hækkunartillögur nefndarinnar á gjöldunum eru ekki nema 10 þús. kr. hærri en lækkunartillögur hennar á gjöldunum, og þá er þess er minst, að í þessum hækkunartillögum er 25 þús. kr. upphæð, sem er tilfærsla, kemur það út, að *raunverulega leggur nefndin til, að fjárveitingar sjeu lækkaðar um 15 þús. kr. frá tillögum stjórnarinnar*. Hinar ólíku tölur stafa af því, að áætlunin er nú gætilegri og reist á traustari grundvelli.

Loks skal það tekið fram, að nefndin hefir ekki tekið tillit til þeirra tollahækkunarfrumvarpa, sem þingið hefir til meðferðar. Þar sem telja má nálega víst, að a. m. k. eitthvað í þá átt verði samþykt, sem nemi allverulegum tekjuauka fyrir ríkissjóð, ætti það að vera trygt, yrðu tillögur nefndarinnar í öllum verulegum atriðum samþyktar, að fjárlögin yrðu afgreidd með nokkrum eða allríflegum tekjuafgangi.

I. Tekjubálkurinn.

Um tekjubálkinn hefir nefndin viljað fylgja þeirri reglu að áætla tekjurnar varlega, því að hún gengur þess eigi dulin, að varleg áætlun teknanna er eitt af grundvallarskilyrðunum fyrir góðri fjárhagsafkomu. Í raun og veru er það svo, að tekjurnar þurfa að vera svo varlega áætlaðar, að meira komi inn en áætlað er, ef sú niðurstaða á að haldast, sem þingið gengur út frá, því að það hefir jafnan verið svo, og hlýtur jafnvel að vera svo, að gjöld komi, sem ekkert eða of lítið er áætlað fyrir, en af því hlýtur að leiða verri niðurstaða en þingið hefir gengið út frá, nema tekjurnar verði ríflegri en áætlað var.

Með þetta fyrir augum hefir nefndin ekki sjeð sjer annað fært en að lækka nokkuð ýmsa tekjuliði frv.

Aukatekjurnar vill nefndin lækka um 20000 kr., því að með þverrandi fjármagni almennings dregur úr þessum tekjulið. Hann var 1922 336000 kr., en 1923 296000 kr.

Kaffi- og sykurtollur er tæpast nægilega varlega áætlaður hjá stjórninni, og þykir nefndinni því ástæða til að færa áætlunina niður um 25000 kr. Þessi tollur var 75000 kr. minni 1923 en 1922.

Nefndinni þykir vörutollurinn alt of hátt áætlaður í frv.: 1250000 kr., og leggur til, að hann sje ekki áætlaður nema 1 milj. Á síðastliðnu ári var hann að sönnu 52 þús. kr. hærri, en ekkert virðist líklegra en að töluvert dragi úr innflutningnum.

Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð þykir nefndinni rjett að færa niður í 15000 kr., því að þetta gjald var að eins 16000 kr. 1923.

Tekjur af bönkum fara svo fallandi, að áætlun stjórnarinnar þykir helmingi of há. Nefndin vill því færa þennan lið niður í 50000 kr., og styðst hún þar við það, að þessi tekjuliður hefir ekki verið nema 52000 kr. 1923.

Aftur á móti hefir nefndinni litist óhætt að hækka áfengistollsliðinn um 25000 kr., og er hann þó ekki óvarlega áætlaður 375000 kr., þar sem hann varð rúmlega 470000 kr. 1923. Enn fremur hefir nefndin talið óhætt að hækka liðinn um tekjur af víneinkasölunni um 50 þús. kr., því að 1923 hefir sá liður orðið 298000 kr. Um þennan lið er þess annars að geta, að hann er í gildandi fjárlögum áætlaður 450000 kr., og var það gert í samráði við dómsmálaráðherrann, sem lofaði fjárveitinganefndinni í fyrra, að verðið á vínunum skyldi hækkað, svo að þessar tekjur næðust. En samkvæmt skýrslu framkvæmdarstjóra áfengisverslunarinnar hefir hann enga fyrirskipun fengið um þetta, og hefir ríkissjóður eflaust beðið mikinn halla við þetta. Nefndin ætlast til, að úr þessu verði bætt nú þegar, og ætti þá þessi liður að vera varlega áætlaður 300000 kr.

II. Gjaldabálkurinn.

7. gr.

Vexti af innlendum lánum telur nefndin of lágt áætlaða. Liggja til þess þau rök, að af skuldum ríkissjóðs við Landsbankann eru fullar 2 miljónir kr., sem ekki eru teknar upp á skuldaskrána í aths. frv. Fjárhæð þessi er, að því er virðist, ósamningsbundin, og því ekki við að búast, að mikið verði greitt af henni með tekjuafgangi. Mun meginið af skuldinni standa 1925. Þó vill nefndin gera ráð fyrir, að eitthvað kunni að greiðast, og áætlar því ekki nema 100 þús. kr. til hækkunar þessum lið, sem svarar til 7% vaxta af tæplega $1^1/_2$ miljón kr.

10. gr.

Það er víst orðið, að sendiherra Sveinn Björnsson lætur af embætti sínu á komandi vori, og jafnframt má telja það yfirlýstan vilja þingsins, að ekki verði skipaður maður í embættið að sinni. Það verður því að teljast rjettmætt að fella niður laun sendiherra, risnufje og húsaleigu. Aftur á móti þykir sjálfsagt að veita nokkru ríflegra fje til skrifstofuhalds þeim manni, er stjórnin hefði í Kaupmannahöfn til að reka erindi sín, og því er sá liður hækkaður nokkuð frá því sem var, enda eru þar í falin laun þessa manns.

11. gr.

Húsaleiga fyrir skrifstofur lögreglustjóra hefir verið endurmetin nýverið og færð niður um 1500 kr. Fyrir því er þessi liður lækkaður um þá upphæð.

Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar hækkar nefndin um 10 þús. krónur. Kostnaður þessi hefir orðið fullar 22 þús. kr. á árinu 1922, og líkur til að hann hækki frekar en lækki, ef frv. það um brunatryggingar, sem nú liggur fyrir þinginu, verður að lögum.

Í fjárlagafrv. eru ætlaðar 50 þús. kr. til landhelgisgæslu, og er það sama upphæð og veitt er í þessu skyni í gildandi fjárlögum og fjárl. 1923. En eftir upplýsingum, sem nefndin hefir fengið um málið hjá stjórninni, hefir 2 síðastl. ár verið varið mun meira fje til landhelgisgæslunnar en hinum áætluðu upphæðum nemur. Nefndin leggur til að hækka þennan lið upp í 80 þús. kr., og telur, meðan ekki er annað skipulag upp tekið með landhelgisgæsluna, að þessi upphæð sje nær sanni. Því henni er það fullljóst, að hjer er um mjög mikið nauðsynjamál að ræða, en meiri hluti nefndarinnar sjer sjer þó hins vegar ekki fært að leggja til að hækka liðinn meira að svo komnu.

12. gr.

Þar sem nefndin hefir tekið þá stefnu að draga úr útgjöldum, þar sem það sýndist fært og raskaði ekki samræmi miðað við störf, leggur hún til, að lækkaður verði skrifstofukostnaður landlæknis, og sömuleiðis þóknun til læknanna, er kenna við háskólann.

Aðstoðarlækninn á Ísafirði hefir nefndin einnig lækkað. Telur hún, að ríkissjóði beri ekki skylda til að greiða honum meira en 800 kr. með dýrtíðar-

uppbót. En þar sem laun hans hafa áður verið hækkuð með tilliti til launabóta annara lækna, vill nefndin ekki gera tillögur um meiri lækkun að þessi sinni.

Læknisvitjanastyrknum vill nefndin að stjórnin úthluti. Geta ástæður fyrir styrkþörfinni verið nokkuð breytilegar, og því auðveldara fyrir stjórnina en þingið að meta þær í hvert skifti. Einnig geta komið fram nýjar beiðnir, sem ættu eins mikinn rjett á sjer. Og enn er það, að ónotaður getur orðið eða niður fallið styrkur sá, sem áður hefir verið ákveðinn. Þó ætlast nefndin til, að stjórnin úthluti styrknum hlutfallslega sem næst því, er áður hefir verið veitt, ef ekki raskast við þær ástæður, sem fram voru teknar, og engan veginn meiri heildarupphæð en ákveðið er.

Geðveikralæknirinn á Kleppi telur laun starfsmanna við spítalann sennilega áætluð með 13 þús. kr., en stjórnin hefir áætlað þau 10 þús. kr. Eftir reynslu undanfarinna ára, og sjerstaklega síðastl. árs, þar sem kostnaður þessi hefir orðið eins og læknirinn áætlar hann, verður ekki hjá því komist að hækka þennan lið. Sama leggur nefndin til, að gert sje við liðinn »ljós og hiti«, sem eftir umsögn læknisins hefir orðið síðastl. ár 15 þús. kr., þar sem ekki er útlit fyrir, að það, sem þar um ræðir, lækki svo í verði, að áætlun stjórnarinnar geti staðist.

Sóttvarnarkostnað, eða gjöld samkv. lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, hefir nefndin hækkað allverulega. Þykir henni áætlunin fjarri sanni. Alt frá því 1916 hefir útgjaldaliður þessi farið mikið fram úr áætlun. 1919 er hann orðinn nærfelt 19 þús. kr., 1920 55 þús., 1921 yfir 19 þús., 1922 yfir 17½ þús. og síðastl. ár 19729 kr.

Þó segja megi, að áraskifti sjeu að því, hve mikið gangi til sóttvarna, þar sem komið geti fyrir, að engir næmir sjúkdómar komi upp í landinu, þá má jafnframt á hitt líta, að reynsla undanfarinna ára bendir í þá átt, að kostnaður þessi verði aldrei undir því, sem nefndin áætlar, enda mikið af þessu fastur kostnaður.

Sama má segja um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins. Kostnaður við þennan lið hefir orðið árin 1918—1922 yfir 20 þús. að meðaltali. Virðist því engan veginn mega áætla lægri upphæð en nefndin gerir. Lægstur hefir þessi kostnaður orðið 1918: 1600 kr. og 1921 3080 kr., en hæstur árið 1920: 68600 kr.

Gjöld, sem stafa af breytingum á fátækralögunum frá 1921, námu 1922 yfir 82 þús. kr., og síðastl. ár fara þau sýnilega nokkuð yfir 60 þús. Dylst engum, að upphæð þessi mun ekki lækka svo mjög á næstu árum, að komist verði af með áætlun stjórnarinnar. Nefndin leggur því til, að liðurinn hækki verulega, þar sem hún býst ekki við, að kostnaðurinn muni geta orðið fyrir neðan þetta.

Þá leggur nefndin til, að lækkaður sje styrkurinn til hjúkrunarfjelagsins Líknar. Þó að nefndin geri þessa tillögu, játar hún þó að sjálfsögðu, að tilgangur og starf fjelagsins sje gott. En á hitt vill nefndin líta, að þar sem allur fjöldinn af sjúklingum, sem þarna njóta hjúkrunar, er úr Reykjavíkurbæ, þá beri bænum skylda til að leggja þar meira af mörkum en verið hefir, og er því miðað við aukið framlag þaðan, til þess ekki þurfi að draga úr starfi fjelagsins.

Utanfararstyrk til ungra yfirsetukvenna til framhaldsnáms erlendis vill nefndin fella niður. Telur hún, að sökum hins erfiða fjárhags ríkissjóðs verði að

minsta kosti að verða frestur á slíkum og öðrum utanferðum, þó nauðsynlegar megi kalla. Hún lítur líka svo á, að kensla og æfingar á þessum fræðum sje oiðið hjer í góðu lagi, svo ekki muni að skaða verða, þó niður falli upphæðin.

Eftir því tilefni, sem þessi liður gefur, vill nefndin taka það fram, að hún ætlast til, að stjórnin sýni hina ýtrustu sparsemi um utanferðastyrki, og ef hún veiti þá, geri hún það á eigin ábyrgð.

Styrkinn til hjúkrunarnema vill nefndin fella niður, og er það af sömu ástæðum og um utanfararstyrkinn til yfirsetukvenna.

Fyrir nefndinni lágu umsóknir frá 8 læknishjeruðum um styrk til bygginga sjúkraskýla og læknisbústaða. Hjeruð þessi eru Grímsneshjerað, Borgarfjarðarhjerað, Flateyjarhjerað, Siglufjarðarhjerað, Nauteyrarhjerað, Víkurhjerað, Reykhólahjerað og Síðuhjerað.

Þar sem nefndin sá engin tök á því að veita nema að mjög litlu leyti styrk til þessara fyrirtækja, eins og fjárhag ríkissjóðs er komið, og enda skoðun sumra nefndarmanna, að alger frestun yrði að vera á fjárveitingum til þessa að sinni, þá gekk nefndin aðeins inn á fjárveitingu til þeirra hjeraða, sem alveg sjerstaklega stóð á fyrir, enda bera sumar styrkbeiðnirnar með sjer, að málin eru ekki nægilega undirbúin heima í hjeraði, til þess að ríkissjóður geti heitið styrk til þeirra.

Grímsneshjerað hefir þegar bygt sjúkraskýli og læknisbústað. Hafði það keypt af stjórninni hið svo nefnda Geysishús til byggingarinnar. Var því haldið fram á síðasta Alþingi, að læknishjeraðið hefði fengið óbeinlínis styrk til fyrirtækisins, þar sem það hefði komist að óvenju góðum kaupum á húsinu, og mun Nd. Alþingis af þeirri ástæðu hafa felt 3000 kr. styrkbeiðni til byggingarinnar, er þá la fyrir þinginu frá hjeraðsbúum. Nefndin lítur nú svo á, að þó að nokkuð kunni að vera í því, að Geysishúsið hafi verið ódýrt, sje ekki full sanngirni að neita um allan frekari styrk. Nú var ekki farið fram á hærri fjárveitingu til sjúkraskýlisins á síðasta þingi en 3000 kr., og því vill nefndin nú leggja til, að þessi upphæð sje veitt, þar sem ætla má, að læknishjeraðið geri sig ánægt með það, enda þótt nú liggi fyrir hærri kröfur.

Borgfirðingar hafa um nokkur undanfarin ár verið að undirbúa sjúkrahúsbyggingu og læknisbústaðar. Hafði læknir sá, sem nú þjónar hjeraðinu, tekið það með því skilyrði, að þetta kæmist í framkvæmd hið fyrsta. Nú var orðinn sá dráttur á þessu, að læknirinn var ráðinn í að sækja burtu. En það varð til þess, að allir hreppar læknishjeraðsins hafa bundist samtökum í málinu. Jörð er keypt og nægilegs fjár aflað til þess að byrjað verði á byggingunni þegar í vor komandi. Áætlun um kostnaðinn við bygginguna er upp á 46 þús. kr. Auk þess er áætlað, að kosta muni 5 þús. kr. að nota hverahita til þess að hita upp húsið með.

Bygt á svipuðum grundvelli og undanfarið um ríkistillög til slíkra bygginga og hjer um ræðir, leggur nefndin til að veita 15 þúsund kr. framlag til þessa.

Þó að nefndin viðurkenni, að mikil þörf sje á samskonar framkvæmdum í öðrum læknishjeruðum, þá eru þó í þessum 2 hjeruðum þær sjerstöku ástæður, að annað hjeraðið hefir þegar lokið við bygginguna, en hitt hjeraðið sýnist

verða læknislaust, ef það ekki byggir. Og þegar nefndin líka leit á þetta í sambandi við frestun á öllum þessum málum, þá þótti henni þó rjettara að jafna þessu á fleiri ár heldur en að fá allar þessar upphæðir til útborgunar samandregnar síðar.

13. gr.

Áætlun aðalpóstmeistara um póstgjöld er í nokkrum liðum hærri en áætlun stjórnarinnar, en sjerstaklega munar þetta á síðasta liðnum (önnur gjöld) um 6000 krónur.

Þó að nefndin þykist vita, ef að vanda lætur, að áætlun aðalpóstmeistara muni ekki verða of há, þá hefir hún þó ekki að þessu sinni lagt til að hækka nema »önnur gjöld«, en þann lið hefir hún hækkað upp í áætlun póstmeistara, enda liggur fyrir nákvæm sundurliðun frá aðalpóstmeistara um þennan lið.

Vegamálastjóri hefir afdráttarlaust látið það í ljós við nefndina, að ekki væri hægt að spara neitt af því, sem stjórnin hefir áætlað til stjórnar og undirbúnings vegagerða, nema það, að liðinn til aðstoðarmanna og mælinga mætti lækka, vegna þess, að ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum. Í samræmi við þetta hefir nefndin fært þennan lið niður í 2000 kr., og auk þess lækkað skrifstofukostnaðinn um 500 kr., og ætlast ekki til að yfir það verði farið.

Eimskipafjelag Íslands hefir sótt um 45 þús. kr. styrk til strandferða, og hafa samgöngumálanefndir beggja deilda mælt með því að styrkur þessi yrði veittur. Ástæður fyrir því, að fjelagið þarf þennan styrk, eru aðallega þær, að hið óhagstæða gengi íslenskra peninga gerir fjelaginu erfiða samkepnina við erlend skipafjelög, sem reka hjer siglingar. Fjelög þessi reka hjer siglingar einungis í gróðaskyni, og haga því ferðum sínum á þann hátt, sem best svarar kostnaði, með viðkomum að eins á bestu höfnum landsins, þar sem fólks- og vöruflutningar eru mestir. Aftur á móti verður rekstur Eimskipafjelagsins að byggjast á því, að landinu komi að sem bestum notum ferðirnar, en þar af leiðir, að skipin verða að koma jafnt á allar lökustu hafnir landsins sem þær betri. Og þó að skip ríkissjóðs sjeu í ferðum hjer við land alt sumarið, hefir þó Eimskipafjelagið, eins og kunnugt er, orðið að láta skip sín koma við á flestum smáhöfnum landsins, til þess að flytja þangað nauðsynjavörur og taka þar afurðir til flutnings til útlanda.

Annar þátturinn í erfiðleikum Eimskipafjelagsins er afborgana- og vaxtagreiðslan af hinu hollenska láni fjelagsins. Veldur lággengi okkar peninga og hágengi hinna hollensku því, að nú þarf að greiða hvert gyllini með kr. 2.90, sem fjelaginu var greitt með kr. 1.50, þegar lánið var tekið.

Þar sem nefndin lítur svo á, að samhliða þessum ástæðum sje það skylda þingsins að fleyta fjelaginu yfir mestu örðugleikana, leggur nefndin til, að styrkur þessi sje veittur.

Reynslan sýnir, að jafnan hafa verið áætluð of lágt gjöldin til símans, enda sjest af skjölum þeim, sem legið hafa fyrir nefndinni, að stjórnin hefir dregið mikið úr tillögum landssímastjóra. Nefndin hefir athugað gjöld undanfarinna ára á þessum lið og sannfært sig um, að ýmsir liðir eru of lágt áætlaðir í frv. Að þessu athuguðu hefir nefndin talið sig neydda til að hækka ýmsa af þessum

liðum allverulega, svo sem: til viðauka símakerfa, útgjöld bæjarsímans í Reykjavík, Borðeyrarstöðina, talsímastöðvar úti um land, viðhald stöðva og viðhald landssímanna.

Hinn fyrstnefndi liður er hækkaður vegna þess, að nauðsynlegt er að leggja nýja símalínu milli Hóla og Hafnar í Hornafirði, og jafnframt að flytja stöðina frá Hólum að Höfn. Gjöld bæjarsímans í Reykjavík eru miklu hærri en stjórnin hefir áætlað, enda gefur símakerfið í Reykjavík því nær 1/5 tekna landssímans. Stjórnin hefir ekkert áætlað fyrir vöxtum og afborgunum af láni, er hvílir á símahúsinu á Borðeyri, og því hefir nefndin orðið að hækka þann lið.

Liðinn til talsímastöðva úti um land hefir nefndin neyðst til að hækka um 15 þús. kr., með því að þar er um samningsbundna greiðslu að ræða.

Þá hefir nefndin og hækkað liðina um viðbót og viðhald stöðvanna og viðhald landssímanna. Hinn fyrnefnda vegna væntanlegrar viðbótar við símakerfið í Reykjavík og hinn síðara með hliðsjón af að landssímalínunum verður að halda nokkurnveginn forsvaranlega við.

Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern er tilgangslaust að áætla lægra en það reynist í raun og veru, og hefir nefndin því hækkað það um 500 kr.

Laun símamanna hefir nefndin hækkað nokkuð, ekki af því, að hún ætlist til launabóta hjá símamönnum, heldur af því, að áætlun stjórnarinnar er sýnilega of lág, þar sem ýmsum er slept, sem sjáanlega er ekki hægt að komast af án. Annars hefir nefndin grun um, að sumstaðar muni mega fækka símamönnum og óskar, að stjórnin taki það til rækilegrar íhugunar.

Eftir skýrslu vitamálastjóra eru eigi líkur til, að hann komist af með það skrifstofuhald, sem stjórnin hefir áætlað. Fyrir því er þessi liður hækkaður um 500 kr.

Eftir skýrslum sama embættismanns er rekstrarkostnaður vitanna of lágt áætlaður hjá stjórninni. Nefndin hefir því sjeð sig knúða til að hækka þennan lið um 5000 kr., en jafnframt hefir hún lækkað tillagið til sjómerkja um 3000 kr., og er það gert í samráði við vitamálastjóra.

14. gr.

Nefndin leggur til, að skrifstofukostnaður biskups lækki um 1000 kr. Því hefir einatt verið haldið fram, að þessi liður væri óþarflega hár. En hvað sem um það er eða verið hefir, þá hefir hann þó áður verið lægri, og ekki þótt óviðunandi. Þetta er líka gert í samræmi við lækkaðan skrifstofukostnað hjá landlækni.

Á þinginu 1922 flutti minni hluti fjárveitinganefndar Nd. tillögu um að fella niður aukakennaraembættið í sögu og málfræði íslenskrar tungu við háskólann. Voru þá færð fram ýms rök fyrir því, að kennaraembætti þetta væri óþarft. Þar á meðal að Björn Ólsen hafði einn haft á hendi þá kenslu í norrænum fræðum, sem tveir hafa nú. Þá má nefna það, að nú, eftir 12 ára kenslu, hafa að eins 2 tekið próf í þessari fræðigrein. Störf þessa kennara hafa verið fremur lítil, að eins 4 stundir á viku. — Þrátt fyrir það, þó nefndin vilji ekki neita því, að kennari þessi hafi með fyrirlestrum sínum getað gert eitthvert gagn, þá telur hún þó að annarsstaðar geti verið meiri þörf fyrir starfskrafta hans en við há-

skólann og kensla hans gæti orðið að meira liði, og því sje það engan veginn að vísa þessum manni út á gaddinn, þótt hann hverfi frá háskólanum. Þetta er einnig í samræmi við þær tillögur, sem nú liggja fyrir þinginu um breytingu á háskólanum.

Þá leggur nefndin til, að laun hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann verði færð niður um 500 kr. — Þegar bæjarlæknisembættið var stofnað, var ætlast til þess af þinginu, að borgun fyrir þessa kenslu fjelli niður, þannig, að kenslan yrði lögð sem kvöð á það embætti eða hjeraðslæknisembættið. Nú hefir þetta ekki verið gert, og vill því nefndin lækka þennan lið, og jafnframt ætlast hún til þess, að þegar annaðhvort þetta embætti losnar, þá verði þessu þannig fyrir komið.

Nefndinni þykir mikið á bresta, að sáttmálasjóður hafi orðið að slíku liði fyrir háskólann eins og til var ætlast í fyrstu. Nú vill nefndin fá allverulega breytingu á þessu, þannig að sparað verði nú úr ríkissjóði af styrktarfje til háskólans alls 12500 kr. og að sáttmálasjóður leggi það fram. Er nefndin þeirrar skoðunar, að jafnvel þó telja mætti, að sáttmálasjóðnum sje af háskólaráðinu vel varið, þá myndi honum þó mun betur varið í þessa stefnu, þegar saman fer þörf stúdenta og þröngur fjárhagur ríkissjóðs.

Undanfarið hefir námsstyrkur íslenskra stúdenta við erlenda háskóla farið geypilega fram úr því, sem áætlað hefir verið. Þannig varð styrkur þessi 1922 23 þús. kr. En veittar voru það ár í fjárlögunum 8 þús. kr. Stjórnin hefir því veitt hverjum stúdent 1200 kr., án nokkurs tillits til aðaláætlunarupphæðar. Nefndin sjer ekki, að svo búið geti staðið framvegis, þar sem stúdentum getur stöðugt fjölgað og byrðin orðið of þung fyrir ríkissjóð.

Nefndin leggur því til að hækka aðalupphæðina úr 8 þús. upp í 12 þús. og jafnframt fella úr athugasemdinni ákveðna upphæð handa hverjum styrkþega. Ætlast nefndin til, að þessi upphæð, 12 þús. kr., verði skift milli styrkþeganna, og leggur áherslu á, að fram yfir hana verði ekki farið.

Liðurinn til ljóss og hita í mentaskólanum leggur nefndin til, að hækki um 2000 kr. Kostnaður þessi hefir stöðugt farið fram úr áætlun, og síðastliðið ár varð hann 6490 kr. Rektor skólans telur, að raflýsingin nú sje miklu dýrari en gaslýsingin áður og skólanum hafi aldrei verið áætlað nægilegt fje í þessu skyni áður, og ekki hærra en gagnfræðaskólanum á Akureyri eða kennaraskólanum.

Þar sem nefndin leggur til, að fresta verði öllum verklegum framkvæmdum og ýmsum nauðsynjastörfum, leggur hún einnig til, að niður sje feldur liðurinn til útgáfu kenslubóka handa mentaskólanum. Þó verulegt útlit sje ekki til þess, má þó vera, að bráðlega lækki nokkuð sá hinn mikli kostnaður, sem nú er við bókaútgáfu, og jafnframt verði þá frekar fje til þeirra hluta.

Í skýrslu um áætlun um kostnað við gagnfræðaskólann á Akureyri frá skólameistaranum er farið fram á, að áætlun stjórnarinnar verði hækkuð um 6500 kr. Eftir því sem nefndin hefir kynt sjer þetta, telur hún óhjákvæmilegt að hækka liðinn til ljóss og hita um 1500 kr. og ýms gjöld um 1000 kr.

Skólastjóri kennaraskólans telur bráðnauðsynlegt að mála skólahúsið

utan, ef járnið eigi ekki að stórskemmast. Nefndin fellst á þetta og leggur því til, að til viðhalds verði veittar 2000 kr.

Lærdómsdeild mentaskólans hefir verið undanþegin skólagjaldi að undanförnu. Nefndin telur, að svo eigi ekki að vera, og vill því fella niður úr athugasemdinni þá undantekningu. Virðist henni, að þótt þetta yrði til að draga örlítið úr stúdentaframleiðslunni, þá yrði það ekki til óhagnaðar. Jafnframt vill nefndin færa skólagjaldið úr 100 kr. upp í 150 kr.

Við skólana á Hólum, Hvanneyri og Eiðum hefir nefndin hækkað nokkra kostnaðarliði, af sömu ástæðu og við aðra skóla áður. Sje þetta ekki gert, er það aðeins til að villa mönnum sýn um hin lögboðnu gjöld ríkissjóðs.

Styrkurinn til iðnaðarmannafjelaganna í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði leggur nefndin til, að lækki um helming frá áætlun stjórnarinnar, en að hlutaðeigandi bæjarfjelög leggi fje til helminga á móti. Er það í samræmi við það, sem nefndin hefir áður lagt til, að bæjarfjelögin taki á sig fjárframlög, þar sem bæjarbúar svo að segja einir eiga hlut að máli.

Í nefndinni kom fram tillaga um það að fella alveg niður styrkinn til verslunarskólans og samvinnuskólans. Meiri hluti nefndarinnar vill þó ekki ganga svo langt, og leggur því til, að styrkurinn til beggja þessara skóla sje lækkaður um helming.

Nefndin leggur til, að laun forstöðumanns yfirsetukvennaskólans og borgun fyrir aðra kenslu við skólann verði færð niður, og verða launin þá nær því, sem gildandi lög ákveða.

Í samræmi við tillögur nefndarinnar um verslunarskólana og aðra skóla, leggur hún til, að styrkurinn til kvennaskólans í Reykjavík og kvennaskólans á Blönduósi verði lækkaður, og að sú upphæð, sem styrkurinn er lækkaður um við hvorn skóla, verði greidd annarsstaðar að, og að því er Reykjavík snertir úr bæjarsjóði. Jafnframt er sú breyting gerð um Blönduósskóla, að styrkur fyrir hverja námsmey er hækkaður úr 40 kr. upp í 65 kr. Stafar þetta af þeirri breytingu, sem nú er gerð á skólanum, að nemendur geta ekki verið þar jafnmargir og áður.

Þá leggur nefndin til, að ritfje fræðslumálastjórans lækki um 200 kr., eins og hjá landlækni og biskupi.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til framhaldskenslu handa kennurum falli niður. Telur hún, að hjá þessu megi komast, sjerstaklega ef lengdur verður kenslutími á kennaraskólanum, sem líkur eru til. Annars má líta á þetta sem frestun, þar til batnar í ári, eins og margt annað.

Styrkur til Skólablaðsins leggur nefndin til, að falli niður, og þarf ekki að fjölyrða um það, þar sem blaðið er hætt að koma út.

Við Flensborgarskólann gerir nefndin sömu tillögur og við aðra skóla áður, að sýslufjelagið og bæjarfjelagið taki að nokkru á sig byrðar ríkissjóðs.

Styrk til lýðskólans í Bergstaðastræti vill nefndin fella burtu og álítur, að bæjarfjelagið eigi að halda honum uppi, telji það þess þörf.

Af sömu ástæðum og áður eru greindar leggur nefndin til, að feldur sje niður styrkur til að gefa út alþýðukenslubækur.

Laun Ólafs Pálssonar sundkennara leggur nefndin til að lækka í samræmi við aðrar hliðstæðar launalækkanir.

Styrkurinn til Ingibj. Guðbrandsdóttur og Valdemars Sveinbjörnssonar, fyrir leikfimiskenslu, leggur nefndin til að falli niður. Telur hún ekki þá nauðsyn á þessari kenslu, að lögboðin gjöld ríkissjóðs verði ekki að sitja fyrir þegar síðasti eyririnn er greiddur.

15. gr.

Nefndin telur ekki frágangssök að látá vera að veita fje á næsta ári til þess að semja spjaldskrá Landsbókasafnsins. Að sönnu hefir landsbókavörður lagt það til, að liður þessi verði hækkaður og fjárveitingin látin ná ekki einungis til samningar spjaldskrár, heldur og til afritunar hennar, en að athuguðu því, að nauðsynlegustu framkvæmdir verklegar verða að bíða, telur nefndin sig neydda til að láta þennan lið niður falla.

Af sömu ástæðum leggur nefndin til, að ekki sje í þetta skifti veitt fje til þess að útvega og afrita skjöl og bækur handa þjóðskjalasafninu. Vill hún því lækka liðinn til útgjalda safnsins, annara en launa, um 1000 kr., en veita 1000 kr. til að binda inn og búa um skjöl.

Þá telur nefndin, að við það megi una fyrst um sinn, að Þjóðmenjasafnið sje að eins opið 4 stundir á viku, og við það sparast nokkur fjárhæð til aðstoðar; virðist mega færa þá fjárhæð niður um helming, með tilliti til styttri starfstíma og launalækkunar yfirleitt.

Fjárveitinguna til fornmenjakaupa vill nefndin færa niður í 500 kr. Er það að sönnu viðurkent, að ekki muni mikið fást fyrir þessa upphæð, en óhjákvæmilegur sparnaður á fje ríkissjóðs verður að koma víða niður, og tjáir eigi að fást um það.

Þegar svo er, að nauðsynlegustu framkvæmdir verklegar verða að falla niður, ræður af líkum, að ekki er fært að leggja fram fje til þess að kaupa listaverk og listiðnað. Þennan lið vill nefndin því alveg fella niður. Og hið sama er um rannsókn og undirbúning að skrásetning fornmenja. Slíkt þolir bið, eigi síður en vegalagningar, brúagerðir og önnur nauðsynjafyrirtæki.

Þá þykir eigi bráð nauðsyn á fjárveitingu til viðgerða á Þingvöllum, og telur nefndin því, að hún megi niður falla, enda eru nokkur tvímæli á gagnsemi þess fjár, sem þegar hefir verið veitt í þessu skyni.

Það varð ofan á í nefndinni að hækka styrkinn til Þjóðvinafjelagsins um 1000 kr., til þess að hjálpa því til að rjetta við fjárhag sinn og styðja hina gagnlegu bókaútgáfu þess, en fella aftur á móti niður í þetta skifti styrkinn til Fornleifafjelagsins.

Nefndin sá sjer eigi fært annað en lækka styrkinn til útgáfu Fornbrjefasafnsins niður í 1000 kr. og fella niður fjárveitingu til útgáfu Alþingisbókanna, Landsyfirdómanna, Laga Íslands, styrkinn til Dansk-islandsk Samfund, Norræna fjelagsins, til útgáfu jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og til Listvinafjelagsins. Nefndin leggur þetta þó eigi til fyrir þær sakir, að flest eða alt þetta væri ekki styrks maklegt í sjálfu sjer, heldur vegna nauðsynjarinnar á rót-

tækum sparnaði á fje ríkissjóðs. Má að vísu segja, að þessir liðir ríði ekki baggamun, en svo er um hvert einstakt atriði, og er þessi mótbára því lítils virði.

Styrkinn til skálda og listamanna er nefndin samkvæmt stefnu sinni neydd til að lækka og vill færa hann niður í 8000 kr., eða lækka að þriðjungi. Ætlast nefndin til, að þeir einir verði styrksins aðnjótandi, sem skara fram úr. Sjerstaklega vill hún geta þess, að hún ætlast til og vill taka það fram, að gefnu tilefni frá fyrri árum, að þeir Jakob Thorarensen og Hjálmar Lárusson njóti styrks af þessu fje.

Meiri hluti nefndarinnar vill færa niður um 3000 kr. fjárveitinguna til Jóh. L. L. Jóhannssonar, til þess að safna til ísl. orðabókar, og fella alveg niður styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar til þess að safna orðum úr alþýðumálinu. Verða þessir menn þá að leita sjer annars starfs.

Þeir dr. Helgi Jónsson og Guðm. G. Bárðarson gegna nú báðir embættum í þarfir ríkisins, en njóta auk þess styrks til vísindarannsókna, 1500 kr. hvor. Þó að nefndin viðurkenni vísindastarf þessara manna, telur hún sig þó neydda til þess að leggja það til, að vísindastyrkur þeirra falli niður, og er það í fullu samræmi við aðrar till. hennar.

Veðurathuganastofnunin hefir 1922 kostað ríkissjóð rúmlega 53000 kr. og í frv. stjórnarinnar eru áætlaðar til hennar 35000 kr. Sennilegt virðist, að þetta mundi varla nægja, ef stofnunin ætti að halda áfram með sama fyrirkomulagi og verið hefir. Nefndin hefir tekið þetta mál til allrækilegrar athugunar og orðið ásátt um að leggja til að færa fjárveitingu þessa niður í 20000 kr., og ætlast hún til, að þessu fje verði varið til þess að safna og senda veðurskeyti, en felur annars stjórninni, ef þetta verður samþykt, að ráða fyrirkomulaginu í öllum nánari atriðum, þó þannig, að ekki verði varið meira fje til þessa en að framan er sagt. Nefndin ætlast ekki til, að sjerstakri stofnun sje haldið í þessu skyni og þykir líklegt, að hafa mætti um þetta samvinnu við landssímastjórann, þannig, að miklu ódýrara verði ríkissjóði, án þess þó að minna verði gert að sendingu veðurskeyta, en veðurspárnar fjellu niður.

Þá vill nefndin og fella niður styrkinn til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins. Þykir henni að sönnu fræðsla þessi oft hafa komið að góðum notum, en lítur hins vegar svo á, að kostnað af þessu sje auðvelt að hafa upp, ef vel færir menn halda henni uppi, menn, sem alþýðan telur sig hafa verulegt gagn af að hlusta á.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til Íþróttasambands Íslands verði lækkaður um þriðjung, og liggja þar til þau rök, að spara verður, eins og margtekið hefir verið fram.

Styrkinn til Þórarins Guðmundssonar fiðluleikara sjer nefndin eigi fært að láta haldast samkvæmt þeirri stefnu, sem hún hefir tekið, enda óvarlegt að festa í fjárlögum slíka styrki.

Blaðamannafjelag Íslands sækir um styrk til rekstrar íslenskri frjettastofu.

Eftir umsögn fjelagsins er verkefni fjelagsins þetta:

1. *að* afla útlendra frjetta svo mikilla, að Íslendingar fái símleiðis glögt yfirlit yfir helstu erlenda viðburði; er gert ráð fyrir, að stofan hafi einn frjettaritara á Norðurlöndum og annan í Englandi.

2. *að* afla innlendra frjetta. Til þess ráði frjettastofan 4 fasta menn á helstu tíðindastöðum úti um land, en auk þess trúnaðarmenn í sem flestum hjeruðum.
3. *að* ná sambandi við útlendar frjettastofur og blöð og sjá þeim fyrir frjettum frá Íslandi, bæði símleiðis og brjeflega, í því skyni, að aukast megi þekking erlendis á Íslandi.
4. *að* annast frjettasendingar til íslenskra blaða í Reykjavík, út um land og til frjettafjelaga, sem stofnuð yrðu innanlands.

Það er gert ráð fyrir því, ef opinber styrkur fæst til frjettastofunnar, að hún flytti ókeypis fregnir þær, sem stjórnin vill láta boða almenningi, og jafnframt hefði stjórnin íhlutun um skipun forstöðumanns.

Landssímastjórinn hefir mælt með þessari málaleitun Blaðamannafjelagsins. Telur hann, að ef frjettastofan kemst vel á stofn og verður vel stjórnað, muni hún hafa í för með sjer talsverða aukningu á blaðaskeytaviðskiftum, bæði utanlands og innan, og þannig auka tekjur landssímans.

Þó að nefndin geti eigi gert sjer glögga grein fyrir því, hve mikils fjár þetta fyrirtæki afli ríkissjóðnum, þá dylst það þó ekki, að líkur eru til, að svo verði svo nokkuð um muni, jafnframt því sem frjettastofan setur oss í örara og nánara frjettasamband innanlands og við umheiminn.

Vill nefndin því leggja til, að fyrirtækið verði ofurlítið styrkt.

16. gr.

Stjórnin hefir fært niður styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands um 25000 kr., en nefndinni þykir þessi niðurfærsla helst til mikil og leggur til, að hann verði ekki lækkaður nema um 15000 frá því, sem gildandi fjárlög ákveða, því að ella mundi raskast starfsáætlanir fjelagsins og styrkurinn til búnaðarsambandanna lækka svo mikið, að þau mundu vart fá starfað áfram sum þeirra, en búnaðarframkvæmdir vill nefndin einna síst hefta allra hluta, og liggja til þess ýms rök, sem óþarft er að fara nánar út í hjer.

Til búnaðarfjelaga hefir stjórnin ætlað 20000 kr. eins og í gildandi fjárlögum, en aftur á móti hefir hún ekkert áætlað til útgjalda eftir jarðræktarlögum síðasta þings. Nefndin verður að líta svo á, að ekki sje unt að komast hjá að áætla nokkra fjárhæð í þessu skyni, því að jarðrækt má eigi sitja á hakanum, þótt þröngt sje í búi. En með því að ýmsar jarðabætur, sem áður hafa notið styrks af hinum fyrnefnda lið, geta notið styrks samkvæmt jarðræktarlögunum, þykir mega lækka styrkinn til búnaðarfjelaga um helming. Nefndinni hefir komið saman um að veita að eins styrk til jarðræktar samkv. II. kafla jarðræktarlaganna (túnrækt og garðyrkja), og eftir því, sem slíkar jarðabætur hafa verið undanfarið, virðist ekki mega áætla minna í þessu skyni en 35000 kr., og er þó ekki gert ráð fyrir hámarki því, er jarðræktarlögin heimila. Þetta verður að nægja, og ætlast nefndin ekki til, að upp úr þessari fjárhæð verði farið. Vjelayrkju (þúfnabana) er sem stendur ekki hægt að styrkja, og verður því að láta þá ónotaða, nema notendur greiði það, sem vinna þeirra kostar, enda ætti nú tilraunastigi þeirra að vera lokið eftir 3 ára reynslu. Til nýbýlaræktar er ekki heldur unt að veita fje, en öll nefndin er á einu máli um það, að heimila verði stjórninni, úr

því sem komið er, að verja til fyrirhugaðra nýbýla við Mosfell í Mosfellssveit því, sem nauðsynlega þarf, til þess að ekki verði ónýtt það verk, sem þegar er þar unnið. Þetta verk er sjerstaklega framræsla og girðing landsins, og mun nauðsynlegt, að það fari fram þegar á þessu ári.

Ríkissjóður hefir um nokkur undanfarin ár launað garðyrkjustjóra Garðyrkjufjelags Íslands. Hefir stjórnin ætlað til þessa 5000 kr., en nefndin sjer ekki fært að greiða nema 4000 kr., og mundi hafa lækkað þennan lið meira eða jafnvel felt hann alveg niður, ef hún hefði talið það fært vegna verðleika og áhuga þess manns, sem í hlut á.

Laun Einars Sæmundsens virðast ekki talin með í launum skógræktarmanna, og hefir nefndin því hætt við launauppbæð þessari, 1200 kr. með 50% uppbót, og auk þess gert ráð fyrir, að hann fái 600 kr. húsaleigustyrk, þar sem aðrir skógarverðir hafa ókeypis húsnæði, og er þetta í samræmi við gerðir síðasta þings.

Á hverju ári gýs fjárkláði upp meira og minna, og hefir verið varið miklu til lækninga undanfarin ár. Þannig hefir þessi kostnaður orðið 1920 rúml. 21 þús., 1921 32½ þús. og 1922 57½ þús. kr. Nefndinni þótti því rjett, þar sem um sjálfsögð útgjöld er að ræða, að veita sjerstaklega í þessu skyni 25 þús. kr. Því að fela það í óvissum útgjöldum hefir enga þýðingu. Auðvitað hlýtur þetta að verða áætlunarupphæð, en ekki of há eftir reynslunni.

Í mörg ár hefir staðið í fjárlögum styrkur til iðnaðarmanna til utanfarar, en nú þykir nefndinni ekki fært að láta þann lið standa, og leggur því til, að hann falli niður, og er það í samræmi við þá grundvallarreglu, sem nefndin hefir tekið sjer, að veita ekki utanfararstyrki.

Styrkinn til Fiskifjelagsins vill nefndin færa upp um 5000 kr. og gera það jafnframt að skilyrði, að fjelagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaksins á sinn kostnað, en ekki er fjelaginu sett það skilyrði, að það sje í sama formi og verið hefir, heldur er því treyst, að það sjái um, að það sje svo úr garði gert, að það komi farmönnum að haldi. Athugasemdina við liðinn, um kenslu á Ísafirði, taldi Fiskifjelagið óþarfa, og er hún því feld niður.

Fjárveitinganefndin telur framlag það úr ríkissjóði, sem stjórnin hefir ætlað til þess að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis, alt of lágt, og leggur til, að sú fjárhæð sje tvöfölduð, og er þó síst um of, því að mikil nauðsyn er á, að gangskör sje að þessu ger. En eins og nú er ástatt, er þó varla fært að fara hærra, þótt full nauðsyn væri á.

Nefndin leggur til, að af styrk til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga gangi 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur, eins og nú er í gildandi fjárlögum. Viðurkennir nefndin áhuga og dugnað þessarar konu í þessum málum, og þar sem hún hefir óskað eftir þessu, vill nefndin verða við þeirri beiðni.

Skrásetning vörumerkja er framkvæmd af manni, sem vinnur í stjórnarráðinu og hefir þar föst laun; sá nefndin sjer ekki annað fært en lækka upphæð þá, sem er í stjórnarfrumv., þar sem nefndin hefir ástæðu til að ætla, að ekki fari í skrifstofukostnað eins mikið og búist var við, þegar upphæð þessi var hækkuð síðast.

Það er af sparnaðarástæðum að nefndin færir lítið eitt niður styrkinn til Ungmennafjelags Íslands.

Jóhann Kristjánsson húsagerðareftirlitsmaður hafði sent nefndinni skýrslu um störf sín í þarfir húsagerðarinnar, og æskir þess jafnframt að fá að halda starfi þessu framvegis. Nefndin viðurkennir það, að landsmenn hafi haft margháttað gagn af störfum þessa manns og að hann hafi haft áhuga á því að umbæta húsagerð yfirleitt og sjerstaklega hafi hann sýnt staka vandvirkni í störfum sínum. Og þar sem þetta verður að teljast áríðandi framtíðarstarf, vill nefndin að honum sjeu ætluð laun áfram með þeirri nánari skilgreiningu, sem þar er tekin fram.

Í sambandi við þetta vill nefndin geta þess, að þrátt fyrir tilætlun þingsins 1922 um, að aðstoðarmannsstarfið hjá húsameistara ríkisins fjelli niður, hefir stjórnin haldið starfi þessu við, og vill því nefndin árjetta fyrri ályktun sína, með sjerstöku tilliti til þess, að sem stendur eru ekki líkur til, að reistar verði opinberar byggingar á næstunni.

Fyrir nefndinni lá erindi frá þm. Vestmannaeyinga, um að björgunarskipinu »Þór« verði veittur 40 þús. kr. styrkur. En þótt nefndin sæi sjer ekki fært að veita svo háan styrk, þá viðurkennir hún, að ríkissjóði beri eftir megni að hlynna að því að »Þór« geti starfað, og vill því hækka styrkinn upp í 30 þús. Nefndin býst við, að stjórnin noti »Þór« eins og áður um síldveiðatímann fyrir Norðurlandi, og mundi það ljetta nokkuð undir útgerðarkostnaði Vestmannaeyinga. En til þess að »Þór« gerði fult gagn sem varnarskip eða eftirlitsskip, þyrfti hann að hafa fallbyssu, og vill nefndin að stjórnin taki til athugunar, hvort eigi sje gerlegt að útbúa hann þannig.

18. gr.

Nefndin leggur til, að ekkju dr. Jóns Þorkelssonar skjalavarðar verði veittar 500 kr. úr ríkissjóði.

Sömuleiðis vill nefndin hækka eftirlaun tveggja prófastsekkna um örlitlar upphæðir, svo þau nemi alls 300 kr. Ástæðan til þess er sú, að þessir prófastar, sjera Sigurður Jensson í Flatey og Björn Jónsson í Miklabæ, höfðu hvorugur trygt ekkjum sínum lífeyri, þar sem þeir höfðu fengið veitingu fyrir embættum sínum löngu áður en lögin um lífeyristrygginguna gengu í gildi, og hafa því eigi álitið að þeim bæri skylda til þess.

Stefán Stefánsson, póstafgreiðslumaður á Eskifirði, sækir um að sjer verði veitt nokkur eftirlaun, þar sem hann hefir nú látið af þessu starfi eftir 20 ára þjónustu, er 66 ára að aldri og farinn að heilsu.

Nefndin hefir talið rjett að verða við óskum hans að nokkru leyti og hefir sniðið upphæðina eftir því, sem tíðast er að póstmenn hafi.

Nefndin leggur til, að Friðrik Klemenssyni verði veittar 1000 kr. í þessari grein. Maður þessi hefir verið opinber starfsmaður í 14 ár, þar af 10 ár á pósthúsinu hjer, við hin vandasömustu störf þar. Hann misti snögglega heilsuna og er vonlaust um, að hann fái hana aftur að fullu og getur engum störfum gegnt. Hann hefir þungt hús og á þar af leiðandi erfiða framfærslu.

Styrkinn til Ingeborg Sigurjónsson vill nefndin ekki láta standa áfram, með því að eigi virðist rjett, eftir upplýsingum, sem fyrir liggja, að láta hana njóta opinbers styrks.

22. gr. (ný grein).

Nefndin leggur til, að ríkið ábyrgist lán fyrir Mjólkurfjelagið »Mjöll« í Borgarfirði. Þingið hefir í gildandi fjárlögum heimilað lán til þessa fjelags, en þar sem fjárhagnum er nú svo varið, að ómögulegt er að veita lán þetta, en fyrirtækið á hina hliðina, að dómi nefndarinnar, þess vert, að því sje veittur einhver stuðningur frá hinu opinbera, leggur nefndin þetta til.

Bessastaðahreppur í Gullbringusýslu sækir um 15000 kr. lán úr Viðlagasjóði, til þess að standast þurfamannaframfærslu sveitarinnar. Sjer nefndin af erindi þessu, að hreppurinn geti ekki án einhvers stuðnings komist yfir þessa erfiðleika, og því vill hún leggja til, að ríkissjóður ábyrgist þessa upphæð, gegn endurábyrgð sýslunnar.

Alþingi, 17. mars 1924.

Magnús Guðmundsson, formaður.	Þórarinn Jónsson, skrifari og framsm.	Ing. Bjarnarson.

Jón Sigurðsson. Pjetur Ottesen. Tryggvi Þórhallsson.

Þorleifur Jónsson.

(B. LI, 2).

Nd. 172. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um löggilding verslunarstaðar á Málmeyjarsandi innan við Votaberg.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »á Málmeyjarsandi« komi: við Málmeyjarsund.
2. Við fyrirsögn. Fyrir: »á Málmeyjarsandi« komi: við Málmeyjarsund.

(B. LXIV, 1).

Ed. **173. Frumvarp**

til laga um Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

I. kafli.

Stofnfje bankans.

1. gr.

Stofnfje Landsbanka Íslands er 1 miljón króna, er skiftist í 100 hluti, hvern að upphæð 10000 krónur. Stofnfje þetta er innskotsfje það, er ríkissjóður hefir greitt bankanum samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóvember 1913, og er eign ríkisins. Fyrir stofnfjenu skal gefa út hlutabrjef.

Innskotsfje það, er ríkissjóður hjer eftir greiðir bankanum samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 50, 10. nóvember 1913, legst við stofnfje bankans, og skal, jafnóðum og það er greitt, gefa út hlutabrjef fyrir því.

Fulltrúaráð bankans getur, með samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, ákveðið að hlutafje bankans sje aukið um alt að 2 miljónir króna. Skal afla þess hlutafjárauka með almennu útboði, og ákveður fulltrúaráð bankans, hvernig útboðinu skuli hagað. Sje útboðsgengi þessara hluta hærra en nafnverð þeirra, rennur fjárhæð sú, sem umfram er nafnverðið, í varasjóð bankans. Hlufhafar þeir, er leggja til hlutafjárauka þennan, taka arð samkvæmt ákvæðum 27. gr.

Hlutabrjef bankans skulu hljóða á nafn hluthafa og skulu undirrituð af fulltrúaráði og framkvæmdarstjórn bankans. Framkvæmdarstjórnin sjer um, að hluthafaskrá sje haldin.

II. kafli.

Seðlaútgáfurjettur bankans.

2. gr.

Landsbanki Íslands hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögum fulltrúaráðs bankans, lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýs-

ingar um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn; þó að ekki sje búið að láta hann úti.

3. gr.

Bankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt. Sje komið með til innlausnar seðlaupphæð, er eigi verður öll greidd í heilum gullmyntum, er bankanum heimilt að greiða það, sem umfram er, í gjaldgengri silfurmynt eða skiftimynt. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skirt, ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum $^1/_2$ % í myntgerðarkostnað. Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema fulltrúaráð bankans mæli svo fyrir.

4. gr.

Landsbanka Íslands skal heimilt að gefa út seðla, eftir því sem viðskiftaþörfin krefur, gegn því að bankinn

1) eigi gullforða, er nemi $^5/_8$ af seðlamagni því, sem úti er í hvert skifti,
2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum.

5. gr.

Til gullforða telst:

a) lögleg gjaldgeng gullmynt,
b) ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2480 kr. fyrir hvert kílógram af skíru gulli.

Af gullforða bankans skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum og útibúum hans svo mikið, að það svari að minsta kosti $^5/_{10}$ hlutum seðlamagns þess, sem úti er í hvert skifti, og sje það gjaldgeng mynt. Þó má til þessa hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 kr. í einu.

6. gr.

Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast einkum skuldabrjef gefin út fyrir lánum gegn handveði, víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis, kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er greiðast skulu þegar er heimtað er, og opinber verðbrjef eftir gangverði.

7. gr.

Bankanum skal skylt að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, á hverjum mánuði skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 6. gr. er til tryggingar seðlunum.

Beri skýrsla þessi það með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmælt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi í lok eftirfarandi mánaðar.

8. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er heimilt, með konunglegri tilskipun, að veita bankanum undanþágu frá ákvæðum 4. gr. um tryggingu seðla, þó aldrei um lengri tíma en tvö ár í senn. Af seðlamagni því, sem í umferð er umfram það, sem trygt er samkvæmt 4. gr., greiði bankinn í ríkissjóð gjald, er sje $^1/_2$% undir forvöxtum bankans. Gjald þetta greiðist á hverjum mánuði.

III. kafli.

Starfsemi bankans.

9. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar sem fulltrúaráðið ákveður, að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

10. gr.

Bankinn tekur við peningum:

1) á dálk eða í hlaupareikning,
2) sem innláni eða með sparisjóðskjörum,
3) til geymslu.

11. gr.

Bankanum er heimilt:

1) að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands,
2) að kaupa og selja víxla og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis,
3) að kaupa og selja dýra málma,
4) að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð,
5) að kaupa og selja skuldabrjef ríkja-, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef,
6) að annast að öðru leyti öll venjuleg bankastörf.

12. gr.

Bankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum.

13. gr.

Bankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbrjef. Bankinn getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbrjefum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabrjefum. Einnig getur bankinn tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hólfum eða innsiglað.

14. gr.

Bankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

IV. kafli.

Stjórn bankans.

15. gr.

Stjórn bankans annast fimm manna fulltrúaráð og þrír bankastjórar. Bankastjórarnir skipa framkvæmdarstjórn bankans.

16. gr.

Sameinað Alþingi kýs 2 fulltrúa til 6 ára og ráðherra sá, er fer með bankamál, skipar 3 fulltrúa, sömuleiðis til 6 ára. Fulltrúar þeir, er ráðherra skipar, skulu valdir með tilliti til þess, að þeir sjeu fulltrúar landbúnaðar, sjávarútvegs og verslunar. Í fyrsta sinn gengur annar af fulltrúum þeim, er Alþingi kýs, úr fullrúaráðinu eftir 3 ár, en úr því eftir kjöraldri. Alþingi kýs 2 varafulltrúa fyrir hina þingkosnu aðalfulltrúa.

Fulltrúaráðið kýs formann og varaformann til eins árs í senn.

Hver fulltrúanna fær í þóknun 1500 kr. á ári og uppbót á sama hátt og ákveðið er um bankastjóra.

17. gr.

Ráðherra sá, er fer með bankamál, skipar bankastjóra, að fengnum tillögum fulltrúaráðsins. Skal einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Ráðherra sá, er fer með bankamál, getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

18. gr.

Fulltrúaráðið skal halda fundi einu sinni í hverjum mánuði, en annars svo oft, sem formaður þess telur nauðsynlegt eða meiri hluti þess krefst, eða þegar framkvæmdarstjórnin mælist til þess. Til þess að gerð verði gild

álvktun, verða eigi færri en 3 fulltrúar að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Þegar jöfn eru atkvæði, sker atkvæði formanns úr.

Framkvæmdarstjórnin á rjett á að vera á fundum fulltrúaráðsins og taka þátt í umræðum, nema rætt sje um mál, er taka til bankastjóranna sjálfra.

19. gr.

Fulltrúaráðinu ber:

a) að semja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu. Reglugerðin skal staðfest af ráðherra þeim, sem fer með bankamál, og síðan birt í stjórnartíðindum.
b) að skipa aðalbókara, aðalfjehirði, útibússtjóra, bókara og fjehirða við útibúin, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnarinnar. Á sama hátt getur fulltrúaráðið vikið þessum starfsmönnum frá.
c) að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.
d) að ákveða laun starfsmanna bankans og setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans.
e) ásamt framkvæmdarstjórninni að ákveða, hvort stofna skuli útibú eða leggja niður.
f) ásamt framkvæmdarstjórninni að ákveða, hve mikið af útlánsfje bankans sje fengið í hendur hverju útibúi.
g) að sjá um að reikningar bankans sjeu endurskoðaðir og að úrskurða þá.
h) að gera álvktun um skifting ársarðsins (sbr. 26. gr.).
i) að gera álvktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir fulltrúaráðið.

Fulltrúaráðið getur hvenær sem er rannsakað ráðstafanir framkvæmdarstjórnarinnar og framkvæmt endurskoðun í bankanum; fulltrúaráðinu er einnig heimilt að fela einstökum fulltrúum að annast slíka rannsókn og endurskoðun.

20. gr.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans; henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti framkvæmdarstjórnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er fulltrúaráðinu heimilt (sbr. 19. gr. c) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra.

21. gr.

Kvittanir bankans eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórn-

ar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem hefir umboð samkvæmt 20. gr.

22. gr.

Bankastjórar hafa að árslaunum 15000 krónur hver og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni. Þó mega laun og dýrtíðaruppbót samtals aldrei nema meira en 24000 kr. handa hverjum þeirra. Dýrtíðaruppbótin reiknast eftir ákvæðum laga nr. 71, 28. nóv. 1919, 33. gr. 1. málsgrein.

23. gr.

Bankastjórar mega ekki hafa önnur embættisstörf á hendi, reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

24. gr.

Stofna skal eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er lögin ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Fulltrúaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

V. kafli.

Reikningsskil og arður.

25. gr.

Starfsár bankans er almanaksárið. Ársreikning bankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hag bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 endurskoðendum; kýs sameinað Alþingi annan þeirra, en hinn skal skipaður af ráðherra þeim, er fer með bankamál. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera hann saman við bækur bankans og heimafjeð. Endurskoðendurnir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Endurskoðendurnir fá þóknun úr bankanum, 1500 kr. á ári hvor, og uppbót á sama hátt og ákveðið er um bankastjóra.

26. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og byggingar niður á alt að 5 ár.
2. tap, sem lokið er uppgerð á.
3. enn fremur má leggja til hliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

27. gr.

Afganginum sje varið þannig:

1. 6% af hlutafjenu til hluthafa;
2. því næst skal leggja 10% af því, sem þá er eftir, í varasjóð;
3. af því, sem þá er eftir, greiðast 4% af hlutafjenu til hluthafa;
4. af afganginum renna 20 % í jöfnunarsjóð, þar til sá sjóður nemur $^1/_5$ af stofnfjenu;
5. það, sem þá er eftir, skiftist þannig, að $^9/_{10}$ renna til ríkisins og $^1/_{10}$ til annara hluthafa. Meðan ríkið er eitt hluthafi rennur öll þessi upphæð í ríkissjóð.

Fulltrúaráðið getur ákveðið að greiða fje úr jöfnunarsjóði til hæfilegrar aukningar á arði af hlutafjenu; þó má arðurinn við slíka aukningu eigi fara fram úr 10%.

28. gr.

Hrökkvi árstekjur bankans eigi til að bera tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem búast má við, ber varasjóður það, sem á vantar.

29. gr.

Bankinn skal eiga fjárhæð, er nemi $^1/_3$ af varasjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum ríkisskuldabrjefum,
2. víxlum, er greiðast erlendis, eða
3. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún, jafnskjótt og unt er, aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

VI. kafli.

Yms ákvæði.

30. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa við-

tökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

31. gr.

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

32. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetning og löghaldi meðan það stendur þar.

33. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

34. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

35. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabrjef sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

36. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

37. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja veðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist

með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita eigi um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

38. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabrjefum eða skuldabrjefum bankans, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

VII. kafli.

Bráðabirgðaákvæði.

39. gr.

Ákvæði 3. gr. um seðlainnlausn og gullkaup og ákvæði 29. gr. um varasjóð ganga í gildi 1. jan. 1928.

40. gr.

Auk seðla þeirra, er bankinn hefir rjett til að gefa út samkv. 4. gr. þessara laga, er honum heimilt að gefa út seðla alt að 1 miljón króna. Koma ákvæði laga þessara um innlausn og tryggingu seðla og gjald af ótrygðum seðlum eigi til greina um þessa seðla. Meðan seðlar þeir, er gefnir hafa verið út samkvæmt lögum nr. 14, 18. september 1885, og lögum nr. 2, 12. janúar 1900, eru í umferð, skulu þeir taldir til seðlamagns þess, er bankinn má gefa út samkvæmt þessari grein. Seðlamagn þetta skal minka um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1925 og úr því árlega um sömu upphæð.

41. gr.

Landsbankinn kaupir gullforða Íslandsbanka, er nemur 2250000 kr. Íslandsbanki fær rjett til reikningsláns og endursölu á víxlum í Landsbankanum, er samtals nemi þeirri upphæð, er í umferð er af seðlum Íslandsbanka þegar lög þessi koma í framkvæmd, að frádregnu andvirði gullforðans. Helmingur lánsupphæðarinnar sje reikningslán, er greiðist af vextir, sem nemi $^{3}/_{8}$ af forvöxtum Landsbankans, en viðskiftagjald greiðist eigi. Við endursölu víxla greiðist einnig $^{3}/_{8}$ af forvöxtum Landsbankans. Lánsupphæð þessi lækki árlega um $^{1}/_{8}$ hluta af upprunalegu upphæðinni.

VIII. kafli.

Niðurlagsákvæði.

42. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885, um stofnun landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka, lög nr. 50, 10. nóvember 1913, 1. gr. 2.—4. málsgr., um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Frumvarp þetta með athugasemdum er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 6, 31. maí 1921, var ákveðið, að á tímabilinu frá 31. okt. 1922 til enda leyfistíma (31. des. 1933) skuli Íslandsbanki draga inn seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru $2^1/_2$ miljón króna, en þaðan af svo, að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans. Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á tímabilinu til ríkissjóðs, og átti fyrir 1. júní 1922 að ákveða með lögum, hversu seðlaútgáfunni skyldi komið fyrir framvegis. Þingin 1922 og 1923 hafa framlengt frestinn og á nú að vera lögskipað í þessu efni fyrir 1. júní þ. á.

Inndráttur Íslandsbanka á seðlunum er nú kominn svo langt, að eigi verður hjá því komist að ákveða með lögum um framtíðarfyrirkomulag seðlaútgáfunnar. Frumvarp þetta byggist á því, að Landsbankinn fari framvegis með seðlaútgáfuna, og er frumvarpið því jafnframt um skipulag bankans.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, leggur ríkissjóður Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í 20 ár til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir króna, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóv. 1907. Ríkissjóður er innskotseigandi (interessent) að þessu fje og fær af því sömu hlutdeild, sem hann myndi fá af jafnhárri hlutafjárupphæð, af hreinum tekjuágóða bankans, í hlutfalli við annað eignarfje hans; teljast seðlar ríkissjóðs í þessu efni sem eign bankans, og auk þess, að sjálfsögðu, varasjóður bankans.

Samkvæmt 1. gr. breytist innskotsfjeð í hlutafje og eftir 10 ár verður hlutafjáreign ríkisins greidd að fullu. Ríkið fær arð af bankanum af innborguðu hlutafje á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr., en bankinn hverfur auðvitað sem arðtaki, bæði að því er snertir seðlana og varasjóð.

Í þessari grein er bankanum ennfremur veitt heimild til að auka hlutafjeð um 2 milj. króna með opinberu hlutaútboði. Þessir hluthafar taka aðeins takmarkaðan arð (sbr. 27. gr.) og fá enga hlutdeild í stjórn bankans (sbr. 15.—20. gr.) Slík heimild til hlutafjárauka er nauðsynleg til þess, að bankinn geti, ef svo ber undir, að nokkru eða öllu losað sig við þær skuldir, sem hann hefir orðið að stofna til á síðustu árum.

Um 2. gr.

Akvæði þessarar greinar um seðlaútgáfurjettinn eru að efni til samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin er um skyldu bankans til þess að innleysa seðlana með gulli og um framkvæmd innlausnarinnar. Við kaup á ómyntuðu gulli dregst frá $^1/_2$ % í myntgerðarkostnað. Ef til kemur, þarf að senda gullið út til myntgerðar, og er gjaldið því lítið eitt hærra en annarsstaðar tíðkast (t. d. $^1/_4$% hærra en í Danmörku).

Um 4. gr. og 5. gr.

Tryggingarhlutfallinu, $^3/_5$ hlutar, er haldið óbreyttu eins og það er í l. nr. 66, 10. nóv. 1905, en að eins er gert ráð fyrir gulli sem tryggingu fyrir seðlunum. Aftur á móti er ekki ætlast til, að innstæða hjá erlendum bönkum og seðlar tiltekinna banka geti talist til gullforðans. Í nánu sambandi við tryggingu seðlanna er ákvæði 29. gr. um, að $^1/_3$ hluta varasjóðs skuli komið fyrir í erlendum verðbrjefum, víxlum eða innstæðum. Bæði ákvæði 4. og 5. gr., um tryggingu seðlanna, og fyrgreint ákvæði 29. gr., um varasjóð, stefna að sama marki, þ. e. að halda uppi verðmæti seðlanna og þá um leið verðmæti gjaldeyris landsins, en það á að vera eitt aðalhlutverk seðlabankans. Að sjálfsögðu væri það æskilegt, að geta gert frekari kröfur til tryggingar seðlunum en hjer er ákveðið, en slíku verður vart við komið eins og sakir standa. Og þótt hægt væri nú að setja nokkru öflugri tryggingu fyrir seðlunum, þá mundi það eigi hafa nein veruleg áhrif á gengi ísl. gjaldeyris.

Óvissan, sem nú ríkir á öllum sviðum, veldur því, að eigi er unt sem stendur að gera sjer grein fyrir, hversu seðlatryggingunni verði best fyrir komið til verulegrar frambúðar. Enn sem komið er eru það að eins Bandaríkin, sem hafa innleysanlega seðla og frjálsan útflutning á gulli. Meðan svo er getur enginn vitað fyrir örlög gullsins. Það getur farið líkt um gullið og fór um silfrið á árunum eftir 1870. Þá rýrnaði verðmæti silfursins stórkostlega vegna þess, að mörg ríki hættu þá samtímis að nota silfur í aðalmynt og sem tryggingu fyrir seðlaútgáfu. Það verður hlutverk bankans að vinna að því, að síðar meir sje unt að koma seðlaútgáfunni fyrir á enn tryggari og

hagkvæmari grundvelli. Að þessu marki verður allur rekstur bankans að stefna, og þá sjerstaklega með því, að sýnd sje forsjá og gætni í framkvæmd seðlaútgáfunnar.

Um 6. gr.

Ákvæðin um, hvað teljast megi til eignar þeirrar, er tryggja skal með seðlamagn það, sem gullforðinn nægir ekki til, eru hin sömu sem í 7. gr. l. nr. 66, 10. nóv. 1905.

7. gr. virðist ekki þurfa að skýra.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gefin heimild til þess að veita bankanum, með konungstilskipun, undanþágu frá ákvæðum 4. gr. um tiltekið tímabil. Þessa heimild má að eins nota þegar sjerstaklega stendur á, t. d. á styrjaldartímum eða í stórfeldri viðskiftakreppu. Af þessari seðlaútgáfu á bankinn að greiða gjald, er sje $^1/_2$% undir forvöxtum hans. Þar sem beinn kostnaður við seðlana er að minsta kosti 1% af seðlaupphæðinni,[1]) er engin hætta á því, að bankinn í gróðaskyni haldi út slíkum seðlum. Samskonar ákvæði er í flestum lögum um seðlabanka, og í þeim löndum, þar sem slík heimild er ekki í lögum, hefir á miklum krepputímum orðið að veita undanþágu með sjerstökum lögum.

Um 9.—14 gr.

Þessi kafli er um starfsemi bankans. Hjer, og í frumvarpinu í heild sinni, hefir verið reynt að halda þeim grundvelli, sem fyrir er. Stórfeldar breytingar eru sjaldan til bóta, síst af öllu á viðskiftasviðinu. Í löndum, þar sem tala bankanna skiftir tugum og jafnvel hundruðum, er unt að ætla seðlabönkunum takmarkað verksvið. En hjer eru að eins tveir bankar, og verður því eigi hjá því komist, að seðlabankinn fyrst um sinn gefi sig við margvíslegum viðskiftum. Slíkt er heldur eigi einsdæmi, og má í þessu efni vísa til Þjóðbankans danska og Noregsbanka. Báðir þessir bankar voru í mannsaldra einir um að annast bankaviðskifti, sinn í hvoru landi, jafnframt sem þeir voru seðlabankar. Það verður hlutverk bankastjórnarinnar að leiða starfsemi bankans smám saman inn á þá braut, sem best hæfir seðlabanka.

Það virðist ástæða til að athuga sjerstaklega einn þáttinn í starfsemi bankans. Er hjer átt við innlánsstarfsemina, það að bankinn tekur við fje og greiðir af því venjulega innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma. Það hefir verið talið óhagkvæmt fyrir seðlabanka að taka við slíku fje vegna þess, að á krepputímum geti hann komist í vandræði vegna mikilla úttekta. Slíkt getur líka verið þar, sem um fjölda af bönkum er að velja og þar sem almenningur hefir vanist á að festa fje sitt í verðbrjefum. Flutningur á fje milli

1) Sbr. álit nefndar þeirrar, er skipuð var til þess að leita samninga við Íslandsbanka um að láta af hendi seðlaútgáfurjett sinn, birt í júní 1919.

bankanna getur þá orðið hættulegur hverjum þeim banka, sem verður fyrir vantrausti fólksins. En hjer stendur alveg sjerstaklega á, þar sem að eins er um tvo banka að ræða og fje því, sem handbært á að vera, koma menn yfirleitt ekki fyrir á annan hátt en sem innlánum. Verðbrjefaverslunin er hjer svo ófullkomin, að verðbrjefakaup eiga sjer vart stað, nema þegar um er að ræða að festa fje til frambúðar. Stjórn Þjóðbankans danska hefir líka vikið að þessu í álitsskjali sínu um stofnun Íslandsbanka; tekur Þjóðbankastjórnin það fram, að hætta, sem annars geti stafað af innlánsfje, muni lítið gera vart við sig (mindre effektiv) hjer vegna hinna sjerstöku staðhátta.

Allir, sem nokkuð fylgjast með í þessum efnum, vita líka, að nú er farið að líta öðrum augum á þetta atriði. Því til sönnunar má geta þess, að nýlega hefir lögum ríkisbankans sænska verið breytt einmitt á þessu sviði. Með l. 23. apríl 1920 var bankanum veitt heimild til þess að taka við innlánsfje og greiða vexti af því. Og ástæðurnar, sem færðar voru fyrir lagabreytingunni, voru þær, að bankinn ætti að nota innlánsfje til styrktar forvaxtaráðstöfunum sínum (discontopolitik). Í umræðunum um lögin kom einnig fram sem ein höfuðástæða fyrir breytingunni, að ríkisbankanum yrði þá fært að neyða einkabankana til þess að hækka innlánsvexti, og á þann hátt yrði forvaxtahækkun áhrifameiri en ella. Á undanförnum árum hafði það verið svo, að forvextir voru hækkaðir hvað eftir annað án þess, að samsvarandi breyting yrði á innlánsvöxtunum, og dró það auðvitað úr áhrifum forvaxtahækkunarinnar.

Um. 15.—24. gr.

Þessi kafli er um stjórn bankans. Ætlast er til, að æðsta stjórn bankans sje í höndum fimm manna fulltrúaráðs. Tveir af þeim sjeu kosnir af sameinuðu Alþingi og þrír skipaðir af ráðherra þeim, er með bankamál fer, með sjerstöku tilliti til þess, að það sjeu fulltrúar fyrir þrjá helstu atvinnuvegina í landinu. Fulltrúaráð við seðlabanka erlendis taka ávalt mikinn þátt í stjórn bankans; að svo gæti orðið hjer, er mikið komið undir fordæmi því, er fulltrúaráðið gefur í byrjun, og þeim venjum, er því tekst að skapa. Fyrir framkvæmdarstjórn bankans er það ómetanlegur styrkur, að geta borið undir fulltrúaráðið allar mikilvægar ráðstafanir. Aðalatriðið er þó, að yfirstjórn bankans verður í sífeldri samvinnu við framkvæmdarstjórnina og fylgist með í rekstri bankans (sbr. 18. og 19. gr.) Enginn getur búist við, að núverandi yfirstjórn bankans, ráðuneytið, hafi sífeld afskifti af honum og fylgist með í því, hvernig stjórn hans er framkvæmd. Og þar sem hjer er um seðlabanka að ræða, er því óhjákvæmilegt, að breytt sje til í þessu efni.

Í ákvæðunum um framkvæmdarstjórnina er engin efnisbreyting frá því, sem nú eru gildandi lög, nema að því leyti, að samkvæmt frumvarpinu skal leita tillagna fulltrúaráðsins um skipun bankastjóra, og að nokkuð af því valdi, sem bankastjórar nú hafa, er sumpart að öllu leyti falið fulltrúaráðinu (sbr. 19. gr. b, c, d og h) og sumpart að nokkru leyti, þ. e. ásamt framkvæmdarstjórn (sbr. 19. gr. e og f).

Á eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum (24. gr.) hefir verið

gerð sú breyting, að bankanum er ætlað að greiða í sjóðinn árlega sömu fjárhæð, sem starfsmennirnir greiða í hann. Er þetta nauðsynleg breyting til þess, að sjóðurinn verði fær um að standa straum af væntanlegum greiðslum, og má þó jafnvel búast við, að tillögin sjeu enn helst til of lág.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að heita má samhljóða gildandi ákvæðum. Að eins er styttur fresturinn til birtingar ársreiknings og enn fremur ákveðið, að birt skuli mánaðarlega yfirlit yfir hag bankans. Þá er og þóknun til endurskoðenda hækkuð um 450 kr. á ári, með uppbót á sama hátt og verið hefir.

Um 26.—28. gr.

Í þessum greinum eru ákvæðin um, hversu tekjum bankans skuli varið. Fyrst er, að sjálfsögðu, greiddur allur kostnaður og rekstrarútgjöld, tap, sem lokið er uppgerð á, og lagt hæfilegt til hliðar fyrir væntanlegu tapi. Skifting þess afgangs, sem þá verður eftir, er með svipuðu móti og gildir um Noregsbanka. Þó er sá mismunur, að samkvæmt lögum um Noregsbanka er heimilt, undir vissum kringumstæðum, að taka fje úr varasjóði til þess að greiða hluthöfum alt að 6% arð. Aftur er hjer gert ráð fyrir jöfnunarsjóði, er, þegar fram í sækir, tryggir hluthöfum takmarkaðan, en jafnan arð. Þjóðbankinn danski greiðir að óskiftu tiltekna upphæð í ríkissjóð, þá 5% í varasjóð, Því næst fá hluthafar (ríkið á enga hluti) 6% og afgangurinn skiftist þannig, að að eins 1/4 rennur í ríkissjóð, en 3/4 til hluthafa. Bankastjórnin hefir heimild til að láta þessa 3/4 hluta renna, að nokkru eða öllu, í sjerstakan arðsjöfnunarsjóð.

Flestir seðlabankar eru hlutabankar, en afstaða hluthafanna takmörkuð með lögum. Það er líka auðsætt, að eigi er gerlegt að fá hluthöfunum í hendur vald í peningamálum, er snerta landið í heild sinni. Afstaða hluthafanna er þó nokkuð mismunandi í hinum ýmsu löndum. Af seðlabönkum á Norðurlöndum eru Þjóðbankinn danski og Noregsbanki hlutabankar. Í Noregsbanka hafa hluthafar engin afskifti af stjórn bankans, og í Þjóðbankanum danska hafa hluthafarnir mjög takmörkuð afskifti.

Um. 29. gr.

Seðlabankinn verður að hafa öfluga aðstöðu í gjaldeyrisversluninni, og er því nauðsynlegt, að hann að staðaldri hafi yfir að ráða verulegum upphæðum í erlendum gjaldeyri eða verðmæti, sem auðvelt sje að breyta í handbæran, erlendan gjaldeyri. Eins og tekið hefir verið fram í athugasemdunum við 4. og 5. gr., er hjer um að ræða einn þáttinn í þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru til þess, að festa komist á verðmæti innlenda gjaldeyrisins, og slík eign í erlendum gjaldeyri má skoðast sem sjerstök trygging fyrir seðlum bankans.

Um 30.—38. gr.

Í þessum greinum eru ýms ákvæði um hlunnindi handa bankanum, og eru þau að efni til óbreytt eins og nú gildir um Landsbankann. Um ákvæði 38. gr. 1. málsgr. skal það tekið fram, að það er samhljóða ákvæði í l. nr. 47, 20. júní 1923, um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Um 39. gr.

Það er augljóst, að eigi er unt að láta ákvæði 3. gr., um seðlainnlausn og gullkaup, ganga þegar í gildi. Enginn veit nú, hvenær hægt verði að taka upp gullinnlausn á seðlum, og því verður að setja einhvern frest til bráðabirgða. Sama er að segja um ákvæði 29. gr. Það verður alt undir viðskiftaástandinu komið, hvenær ákvæði greinarinnar geti orðið framkvæmd að fullu.

Um. 40. gr.

Í þessari grein felst bein aukning á seðlatryggingunni frá því, sem verið hefir, þar sem gert er ráð fyrir, að núverandi seðlar Landsbankans sjeu smámsaman dregnir inn; eins og kunnugt er, hafa þeir seðlar ávalt verir í umferð jafnframt seðlum Íslandsbanka, og hafa seðlar landsins í heild sinni því aldrei verið trygðir að $^3/_8$ hlutum.

Um 41. gr.

Samkvæmt 2. og 3. gr. l. nr. 6, 31. maí 1921, er ákveðið að »á tímabilinu frá 31. okt. 1922 til enda leyfistímans skal bankinn (Íslandsbanki) draga inn seðla sína alla með 1 milj. kr. árlega, þar til eftir eru $2^1/_2$ milj. króna, en þaðan af svo, að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans, 31. des. 1933« og að »Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum«. Liggur því næst, að lög þessi gangi í gildi, að því er snertir seðlaútgáfurjettinn og kaup af ríkissjóði á gullforða Íslandsbanka, jafnóðum og lögin frá 1921 koma í framkvæmd. En vegna þess, að það er mjög óheppilegt, að seðlaútgáfurjetturinn sje tvískiftur þannig, að tvennskonar gulltrygðir seðlar sjeu samtímis í umferð, þá hefir verið valin sú leið, sem farin er í 41. gr. Er það líkt fyrirkomulag og var í Svíþjóð er sænski ríkisbankinn fjekk einkarjett til seðlaútgáfunnar (l. 12. maí 1897 og l. 3. maí 1901) og tók við seðlaútgáfu einkabankanna. Sjái Íslandsbanki ekki ástæðu til að aðhyllast þetta fyrirkomulag í stað þess, sem ákveðið er í lögunum frá 1921, verður greinin að orðast á þessa leið:

»Landsbankinn kaupir gullforða Íslandsbanka, er nemur 2250000 kr., jafnóðum og hann losnar, samkvæmt 2. gr. l. nr. 6, 31. maí 1921«.

Framkvæmd laganna verður þá á þann hátt, að ríkissjóður selur Landsbankanum gullforðann með nafnverði, sem er 2250000 kr., annaðhvort í einu lagi, ef fyrirkomulagið verður eins og gert er ráð fyrir í 41. gr., eða smámsaman, ef greinin verður samþykt eins og hún er orðuð hjer í athugasemdinni.

(C. XIV, 1).

Nd. **174. Tillaga**

til þingsályktunar um endurheimt ýmsra íslenskra skjala og handrita, sem enn eru í söfnum í Kaupmannahöfn.

Flutningsmenn: Tryggvi Þórhallsson og Benedikt Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að skilað verði landinu aftur öllum þeim skjölum og handritum, sem fyrrum hafa verið ljeð Árna Magnússyni, eða af öðrum svipuðum ástæðum hafa lent á söfnum í Kaupmannahöfn, en eru úr skjalasöfnum biskupa, kirkna, klaustra eða annara embætta eða stofnana hjer á landi, en hefir ekki verið skilað til þessa.

(B. XXV, 4).

Ed. **175. Lög**

um brunatryggingar í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafjelög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum í Reykjavík, enda staðfesti atvinnumálaráðherra slíkan samning.

Tekjur þær, sem verða af starfseminni samkvæmt slíkum samningi, skulu skattfrjálsar til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, trygð hjá fjelögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álítur hæfilega.

Hinn 1. apríl 1924 skulu öll hús, sem þá eru trygð hjá hinu almenna brunabótafjelagi kaupstaðanna, tekin í ábyrgð fyrir sömu upphæð og þau eru trygð fyrir, en hús, sem kunna að vera ótrygð, skal virða fyrir 1. október 1924, og hús, sem ekki hafa verið virt eftir 1. janúar 1917, skal endurvirða

fyrir sama tíma. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

3. gr.

Öll iðgjöld og virðingargjöld hvíla á húseignum þeim, sem trygðar eru, með forgangsrjetti fyrir öðrum skuldbindingum, sem hvíla á eignunum, og sjeu iðgjöldin ekki greidd á rjettum gjalddaga, má heimta þau eftir þeim reglum, sem gilda um lögtök á sköttum til ríkissjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að sjá um, að bærinn hafi vel skipað slökkvilið og nauðsynleg slökkvitól, sem haldið sje vel við.

Allir karlmenn í bænum, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, bæði við æfingar og við að slökkva eld, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem bæjarstjórnin semur, en atvinnumálaráðherra staðfestir, og má í þeirri samþykt ákveða sektir, alt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum hennar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð samkvæmt 4. gr. skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1924 kl. 12 á hádegi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 32, 13. desember 1895, um eldsvoðaábyrgð fyrir Reykjavík.

(B. VII, 6).

Nd. **176. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Þessar breytingar skal gera á eftirtöldum greinum laga nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett: 4. gr., 5. gr., 6. gr., 9. gr., 38. gr., 45. gr., 53. gr., 54. gr. og 56. gr.

1. gr.

Við 4. gr.: Greinin orðist svo: Hæstarjett skipa 3 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sjer forseta úr sínum hópi, til ekki skemri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Við 5. gr.: Í stað »5« komi: 3. — 2. málsgrein falli niður.

3. gr.

Við 6. gr.: Í stað orðanna: »dómari (bæjarfógeti) . . . landsins« komi: hjeraðsdómari.

4. gr.

Við 9. gr.: Í stað: »Konungur« komi: Rjetturinn. — Orðin: »með 1. einkunn« falli burt. — Við greinina bætist: Hæstarjettarritari nýtur þeirrar þóknunar, er ákveðin er í fjárlögunum.

5. gr.

Við 38. gr.: 2. tölul. orðist svo:

Ef rjetturinn leyfir það, enda hafi að minsta kosti annar aðilja eða umboðsmanna óskað þess.

6. gr.

Við 45. gr.: Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú gerir einhver dómaranna ágreiningsatkvæði, og á hann þá heimting á því, að það verði birt í dómasafni rjettarins ásamt dóminum.

7. gr.

Við 53. gr.: Greinin falli burt.

8. gr.

Við 54. gr.: Greinin falli burt.

9. gr.

Við 56. gr.: 2. málsgrein orðist svo: Hæstarjettardómarar eiga sæti í landsdómi.

10. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, er sæti fasts dómara losnar næst í hæstarjetti. Ekki fer kosning dómstjóra fram meðan núverandi dómstjóri situr í embættinu.

11. gr.

Alstaðar í lögum nr. 22, frá 1919, kemur í stað orðsins: »dómstjóri«: forseti.

(B. L, 2).

Nd. **177. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá Sveini Ólafssyni og Tryggva Þórhallssyni.

Við 2. gr.

Fyrir »5 af hundraði« komi: 2 af hundraði.

(B. XXXI, 6).

Nd. **178. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921 [Friðun rjúpna].

Frá Sveini Ólafssyni.

Fyrir »1926« í 1. gr. komi: 1924.

(A. V, 2).

Ed. **179. Nefndarálit**

um frumvarp til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta er fram komið samkvæmt ítrekuðum óskum þingsins, síðast árið 1923, enda var það loforð þá gefið af hálfu landsstjórnarinnar, um leið og viðhaldi Flóavegarins og Borgarnesbrautarinnar var ljett af viðkomandi sýslum, að frv. slíkt sem það, er hjer liggur fyrir, skyldi verða lagt fyrir þetta þing.

Vegalögin frá 1907 skifta vegum hjer á landi í 5 flokka, nefnilega: flutningabrautir, þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hreppsvegi, og gildir sú meginregla um vegi þessa, að viðhald flutningabrautanna og akfærra kafla þjóðvega í bygð skuli smám saman leggjast á viðkomandi sýslusjóði, en hinsvegar greiðist úr ríkissjóði kostnaður vegagerða á þjóðvegum og flutningabrautum.

Óánægja með lögin frá 1907 kom brátt í ljós, og varð hennar þráfaldlega

vart hjer í þinginu bæði árin 1914, 1915, 1919 og nú síðast 1923, uns það loforð fjekst frá stjórninni, sem getið er um hjer að ofan.

Þetta frv. skiftir vegunum í 4 flokka, sem sje: þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hreppsvegi.

Hjer er því hætt að tala um flutningabrautir sjerstaklega, en þær látnar heyra til þeim vegaflokki, er þjóðvegir nefnast.

Auðsætt er, að með þessu frv. er miklu ljett af sýslufjelögum landsins að því er snertir viðhald á þjóðvegunum innan bygða.

En þess ber að gæta, að sýslufjelögin hafa yfirleitt talið sjer ófært að uppfylla skilyrði laganna frá 1907 um viðhald greindra vega. Ef halda ætti áfram að byggja á lögum þessum, myndi viðhald veganna framvegis verða ófullnægjandi eins og það hefir verið hingað til.

Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, ef frv. verður að lögum, að sýslunum veitist hægara en áður að halda vegum innan sýslna í góðu ásigkomulagi.

Um fjallvegi ætlast frv. til, að gildi sömu ákvæði og í núgildandi lögum, og hið sama er að segja um sýslu- og hreppsvegi, að öðru leyti en því, að sýslu- og hreppsvegagjald er hækkað að mun, eins og sjálfsagt er.

Eins og sjá má af framanskráðu, eykst allmjög við frv. lengd þeirra vega, sem teljast þjóðvegir, og er það þó nokkuð misjafnt í hinum ýmsu landshlutum.

Aukningin verður einna mest í Þingeyjar- og Strandasýslum. Þó ber þess að geta, að þar eru það aðallega reiðfærir vegir, sem orsaka lengdaraukninguna, og mikið af þeim fjallvegir, sem áður hefir verið lagt fje til úr ríkissjóði.

Nefndin er frv. í öllum aðalatriðum sammála. Henni dylst þó eigi, að með samþykt þess aukast útgjöld ríkissjóðs að miklum mun, en það er hvorttveggja, að reynsla þykir vera fengin fyrir því, að ákvæði vegalaganna frá 1907 nái ekki tilgangi sínum, og eins hitt, að öll sanngirni mælir með því fyrirkomulagi í heild sinni, sem frv. fer fram á.

Hinsvegar þykir rjett að taka það fram nú þegar, að nefndin lítur svo á, að með tilliti til núverandi fjárhags ríkisins sje þess ekki að vænta í náinni framtíð, að neinu fje sje varið til lagningar nýrra vega, heldur að eins til viðhalds, þar sem brýn nauðsyn krefur.

Að því er hinar einstöku greinar snertir, vill nefndin geta þess, að hún getur ekki fallist á það, að látið sje vera óákveðið, hvar Biskupstungnabraut eigi að liggja frá Torfastöðum að vegamótum Geysisbrautar.

Nefndinni hafa borist mjög eindregnar áskoranir frá búendum því nær öllum í Biskupstungum og nokkrum búendum ofan til í Ytrihrepp um, að Biskupstungnabraut, sem nú er fullger upp fyrir Brúará upp í vestari hluta Biskupstungna, verði lögð hjá Vatnsleysu, og þannig valin hin svo kallaða eystri leið.

Þetta er nauðsynlegt að ákveða nú þegar, þareð hreppur sá, er í hlut á, verður að haga innanhjeraðsvegagerðum sínum eftir því, hvar brautin verður ákveðin.

Að því er Norðurlandsveg snertir, hafa nefndinni borist tilmæli frá þingmönnum Húnavatnssýslu um það, að breytt sje til um legu fyrirhugaðs vegar um Línakradal og Vesturhóp yfir Víðidalsá fyrir utan Faxalæk, og hann látinn liggja þar, sem heitir Múlavegur sunnan við Stórhól, og sem leið liggur að brúarstæði

á Víðidalsá hjá Steinsvaði, eða með öðrum orðum nálægt því, sem þjóðvegurinn er nú, og þykir auðsætt, að taka beri þær óskir til greina, og það því fremur sem ríkissjóði mundi sparast um 60000 króna við þessa breytingu, eftir því sem segir í greinargerð frv.

Í 49. gr. frv. er svo ákveðið, að verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skuli vera lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfjelagið hafi næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið jafnmiklu fje úr sveitarsjóði til vegagerða og sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem fyrir hendi var það ár, enda hafi hreppsvegagjaldið þá ekki verið lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann.

Nefndinni þykir þetta vera of skamt farið, og vill hún setja lágmark hreppsvegagjalds í slíkum tilfellum 5 kr.

Í 52. gr. frv. eru ákvæði um það, að enginn megi skilja eftir á vegi vagna, er hindri umferð, og ef hestur sje fyrir vagni, skuli hann bundinn á einhvern tryggilegan hátt.

Nefndin getur ekki sjeð, að tryggilegt geti verið að hafa hesta fasta við vagna, sem yfirgefa verður á vegum, og vill hún breyta greininni þann veg, að ökumanni sje ávalt skylt að leysa hest frá vagni undir slíkum kringumstæðum.

Með þeim undantekningum, sem hjer hafa verið greindar, er nefndin frv. samþykk, og leyfir hún sjer því að leggja það til, að háttvirt deild samþykki það með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. A. 4.
   Á eftir »Biskupstungur« bætist inn í: hjá Vatnsleysu.
2. Við 2. gr. C. 1.
   Í staðinn fyrir »um Línakradal . . . . . utan Faxalæk« komi: um svonefndan Múlaveg, sunnan við Stórhól, vestan við Auðunnarstaði að brúarstæði á Víðidalsá hjá Steinsvaði.
3. Við 49. gr.
   Í staðinn fyrir »4 kr.« komi: 5 kr.
4. Við 52. gr.
   Í staðinn fyrir »en ef hestur . . . . . tryggilegan hátt« komi: enda sje hesturinn þá leystur frá vagninum.

Alþingi, 19. mars 1924.

Eggert Pálsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, skrifari og frsm.	Einar Árnason, með fyrirvara.

Guðm. Ólafsson. Hjörtur Snorrason.

(B. XXXIV, 3).

Nd. **180. Álit**

um frv. til kosningalaga fyrir Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi eigi getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um frv. þetta. Á það sjerstaklega við 1. gr. frv., skilyrðin fyrir kosningarrjetti og kjörgengi.

Þar sem hv. meiri hluti telur of langt gengið í 1. gr. frv., þá tel jeg aftur á móti of skamt farið.

Í frv. er aldurstakmarkið fyrir kosningarrjetti og kjörgengi 25 ár. Þessu tel jeg rjett að breyta í þá átt, að binda það við 21 árs aldur. Á þeim aldri hafa menn yfirleitt öðlast þau rjettindi, sem þjóðfjelagið hefir að bjóða — önnur en kosningarrjett og kjörgengi.

Jeg get ekki komið auga á neinar þær ástæður, sem geri það varhugavert að færa aldurstakmarkið niður í 21 ár. Þvert á móti finst mjer alt mæla með því, enda er það nú orðið allvíða í löndum.

Þar sem ekki hefir heldur getað orðið samkomulag í nefndinni um ýmislegt annað í 1. gr. frv., þá hefi jeg talið rjettast að bera fram tillögur um gagngerða breytingu á henni.

Jeg tel rjett, að sá fái að kjósa, sem á kjördegi sannar fyrir kjörstjórn, að hann fullnægi skilyrðum fyrir kosningarrjetti, þótt hann hafi fallið burt af kjörskrá.

Jeg er sammála hv. meiri hluta nefndarinnar um sumar þær breytingar, er hann vill gera á frv.; en af minni hendi leyfi jeg mjer að bera fram við frv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, sem eru 21 árs eða eldri og hafa verið heimilisfastir í bænum í eitt ár þegar kosning fer fram. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir.

II. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: sbr. þó 3. gr.

III. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:

Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, að hann eigi kosningarrjett, þótt hann standi eigi á kjörskrá.

Alþingi, 19. mars 1924.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

(A. XXIV, 2).

Nd. **181. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá fjárveitinganefnd.

Á þinginu 1922 var felt af fjárlögum laun aðstoðarmanns húsameistara ríkisins. Þótti þá, eins og fjárveitinganefnd þykir enn, of miklu fje varið til þessa, þar sem erfiðleikar og dýrtíð ullu því, að lítið varð bygt. Miklu fremur er þó ástæða til þess nú að draga úr slíkum greiðslum, þar sem enn eru sömu eða svipaðir erfiðleikar, og þess utan búið að vinna mest af því, sem ríkið þarf að láta gera í þessum efnum í svipinn. Þrátt fyrir þetta hefir húsameistara ríkisins verið greiddur skrifstofukostnaður, kr. 5780,11. Telur nefndin, að í upphæð þessari felist að meira eða minna leyti laun aðstoðarmanns, og telur hún þá greiðslu óviðeigandi. Og þótt hún álíti, að við svo búið verði að standa að þessu sinni, þá leggur hún áherslu á, að slíkt verði ekki framvegis greitt.

Í annan stað hefir upphæð verið greidd frá 1920, af því að fengist *muni* hafa ádráttur um það frá þáverandi dómsmálaráðherra og fjárveitinganefndir »ekki lögðu á móti greiðslunni«.

Nefndin telur þetta einskisnýta heimild til að greiða fje úr ríkissjóði eftir.

Þrátt fyrir þessa agnúa leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1924.

Magnús Guðmundsson, formaður.	Þórarinn Jónsson, skrif. og framsm.	Jón Sigurðsson.

Tr. Þórhallsson.	Pjetur Ottesen.	Ing. Bjarnarson.	Þorleifur Jónsson.

(B. LI, 3).

Nd. **182. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar við Málmeyjarsund innan við Votaberg.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við Málmeyjarsund innan við Votaberg skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

(A. XXII, 9).

Ed. **183. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir íhugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 20. mars 1924.

Jón Magnússon, form. Björn Kristjánsson, fundaskrifari.

Jóhann Þ. Jósefsson, framsögum. Ingvar Pálmason. Jónas Jónsson.

(A. III, 3).

Ed. **184. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og þykir henni óþarft að eyða tíma til þess að framlengja þessi lög á hverju þingi, auk þess sem árlegar framlengingar valda óþarfa kostnaði. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Fyrir orðin: »til ársloka 1925« komi: þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Alþingi, 20. mars 1924.

Jón Magnússon, formaður. Björn Kristjánsson, fundaskrifari. Jóhann Þ. Jósefsson, framsm.

Ingvar Pálmason. Jónas Jónsson.

(B. VIII, 4).

Nd. **185. Nefndarálit**

um frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá 1. hluta fjárhagsnefndar (J. Þ., Á. F., J. A. J.).

Nefndin hefir ekki orðið sammála um þetta frv.

Vjer, sem ritum nöfn vor hjer undir, teljum að frv. gangi í rjetta átt, að því leyti, sem það miðar að því að lækka alþingiskostnaðinn, sem óneitanlega hefir verið of hár hin síðari árin.

Dagpeningar alþingismanna voru 6 kr. á dag alt til 1912. Þá voru þeir hækkaðir upp í 8 kr. fyrir alþingismenn búsetta í Reykjavik og 10 kr. fyrir utanbæjarmenn. Árið 1919 voru þeir hækkaðir upp í 12 kr. fyrir alla þingmenn, og skyldi greidd dýrtíðaruppbót þar á ofan, og stendur svo enn.

Frv. fer nú fram á að fastákveða dagpeningana 12 kr. á dag, án dýrtíðaruppbótar, og á þskj. 41 er fram borin breytingartillaga frá þm. Mýramanna, þess efnis, að dagpeningar utanbæjarþingmanna verði 15 kr. á dag.

Vjer getum nú fallist á, að þar sem nauðsyn er til að gæta ýtrasta sparnaðar á landsfje, sje rjett að gera mun á dagpeningum innanbæjar- og utanbæjarþingmanna, og þykir oss hæfilegt, að upphæðin sje, eins og nú stendur, sem næst 12 kr. og 15 kr. á dag. En oss þykir varhugavert, vegna hinna miklu verðlagsbreytinga, sem nú standa yfir, að einskorða dagpeningana alveg án tillits til þeirra breytinga á almennu verðlagi, sem fram kunna að koma, og sjerstaklega þykir oss varhugavert að lögleiða hærri fasta upphæð en nú er. Hitt þykir oss viðfeldnara, að lækka hina föstu upphæð niður í það, sem ákveðið var 1912, en greiða dýrtíðaruppbót þar á, eftir sömu reglum, sem gilda um dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna, og yrðu þá dagpeningarnir með uppbót eins og nú stendur sem næst 12 kr. fyrir innanbæjarmenn og 15 kr. fyrir aðra.

Vjer könnumst við það, að óviðkunnanlegt ósamræmi hefir verið í ferðakostnaðarreikningum þingmanna, og að í sjálfu sjer væri æskilegt, að ferðakostnaðurinn væri fastákveðinn, eða þá hámark hans. En hinar miklu verðlagsbreytingar síðustu ára, sem enn standa yfir, gera það erfitt, ef eigi alveg ómögulegt, að ákveða með löggjöf hámark ferðakostnaðar, svo að sanngirni sje í, og ef þetta væri gert, þá yrði að líkindum að setja hámarkið svo hátt, að ef því yrði fylgt alment, sem vel gæti verið, þá yrði enginn sparnaður fyrir ríkissjóð að breytingunni.

Lækkun dagpeninganna eftir tillögu vorri mun nema nálægt 10 til 15 þús. kr. fyrir hvert þing, eftir því hve lengi það stendur.

Samkvæmt þessu leggjum vjer til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Alþingismenn skulu hafa 10 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til Alþingis og frá Alþingi heim aftur. Þeir alþingismenn, sem eru heimilisfastir í Reykjavík, skulu þó einungis hafa 8 kr. þóknun daglega. Á þóknuninni skal greiða samskonar uppbót eins og embættismenn fá á launum sínum.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.
   Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.
3. Við 3. gr. Greinin falli burtu. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 19. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. og frsm. | Aug. Flygenring. | Jón A. Jónsson.

(C. XV, 1).

Sþ. **186. Tillaga**

til þingsályktunar um fækkun ráðherra.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja til, að ráðherrum verði nú þegar fækkað með konungsúrskurði.

(B. XXXII, 2).

Nd. **187. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir fallist á efni frv. þessa í aðalatriðum, en vill gera nokkrar frekari breytingar á lögunum um ríkisskuldabrjef. Eru aðalbreytingarnar tvær, hin fyrri þess efnis, að stjórnin ákveði nafnverð hinna einstöku brjefa og vaxta-

fót, í stað þess að þetta er nú einskorðað í lögunum. Síðari breytingin er efnismeiri og fer fram á, að skuldabrjefin skuli jafnan vera útdráttarbrjef, sem þýðir það, að ríkissjóður greiðir árlegar afborganir af skuldum þeim, sem hann stofnar með sölu brjefanna, en eins og ákvæðin eru í núgildandi lögum, er gert ráð fyrir sem meginreglu, að hver skuld verði greidd öll í einu eftir 25 ár. Þykir hagkvæmara, bæði fyrir ríkissjóð og eigendur brjefanna, að árlegur útdráttur á tilteknum hluta upphæðarinnar fari fram en að brjefin öll bíði innlausnar til loka tímabilsins, m. a. verða brjefin veðhæfari og seljanlegri, og þessi tilhögun er tíðkanleg hjer um önnur lík skuldabrjef.

En að öðru leyti vill nefndin láta uppi það álit sitt, að meðan fjárhagur ríkissjóðs er svo þröngur sem nú er orðið, þá megi landsstjórnin alls ekki nota heimildir þær til verklegra framkvæmda fyrir lánsfje, sem gefnar eru í símalögunum frá 1913 og 1917, lögum um húsagerð ríkisins, frá 1919, og lögum um brúargerðir, frá sama ári, og öðrum hliðstæðum lögum, nema fje sje veitt eða heimilað til framkvæmdanna í fjárlögum. Kom til tals í nefndinni að flytja frv. til laga um að fella úr gildi um stundarsakir þessar heimildir til framkvæmda fyrir lánsfje, en hitt varð ofan á, að nægja mundi að taka þetta fram í nefndaráliti, ef stjórnin vill lýsa yfir því, að hún taki þessa ákvörðun nefndarinnar til greina og muni fara eftir henni. Í trausti þess, að stjórnin gefi slíka yfirlýsingu, leggur nefndin til, að frv. á þskj. 74 verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   2. gr. laganna verði þannig:
   Öll skuldabrjefin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, er verður 2. grein, svo hljóðandi:
   Aftan við 3. gr. laganna bætist:
   Af skuldabrjefum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabrjefaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabrjefin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð.
   Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.
3. Við 2. gr. Greinin orðast svo:
   7. gr. laganna er úr gildi numin.

Greinatala laganna breytist eftir því, sem fer um atkvæðagreiðsluna.

Alþingi, 20. mars 1924.

Jón Þorláksson, form.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Jón A. Jónsson, frsm.
Sveinn Ólafsson.	Aug. Flygenring,	Halldór Stefánsson.
Jakob Möller, með fyrirvara.		

(B. VIII, 5).

Nd. **188. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá 2. hluta fjárhagsnefndar (Sv. Ó., Jör. B., H. Stef.).

Vjer undirritaðir höfum eigi getað fylgt meðnefndarmönnum vorum um meðferð þessa máls.

Flutningsmenn frumvarpsins hafa borið það fram í sparnaðarskyni og hafa með því sett hæst met um sparnað, því að eftir frv. er bersýnilegt, að þingmenn úr fjarlægum hjeruðum, sem eigi njóta vilkjara af dvöl hjá vinum eða vandamönnum, geta orðið sjálfs sín ómagar meðan þeir sitja á þingi.

Frumvarpið ætlar þingmönnum 12 kr. dagkaup án uppbótar, og samsvarar það með núverandi lággengi um 5,6 fullgildum krónum. Kaupið verður því mun minna en það var fyrir stríð og lægra en verkkaup óbreyttra erfiðismanna við tímavinnu.

Fyrir þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík, getur kaup þetta samt nægt vel til hóflegrar neyslu, og fyrir reykvíska þingmenn, sem njóta launa eða styrks úr ríkissjóði og engu starfi drepa niður með þingsetunni, er það ríkmannleg launabót. Sparnaðurinn kemur því einkum niður á bændum þeim eða alþýðumönnum, sem úr fjarlægum hjeruðum koma og oft verða að ráða dýra menn til forstöðu heimilum sínum meðan á þingför stendur.

Vjer teljum að vísu vel gerlegt að draga úr gjöldum ríkissjóðs með niðurfærslu þingfararkaups meðan fjárhagur er svo þröngur, sem nú er hann, og takmarka kaupið við lægstu þurftarlaun, en vjer teljum óforsvaranlegt að gera það á þann hátt, að skakkafallið lendi eingöngu á þeim, sem úr fjarlægum hjeruðum koma og erfiðasta eiga aðstöðu.

Um ferðakostnað þingmanna sjáum vjer eigi, að ákvæði frv. geti staðist, og yfirleitt ekki fært að fastákveða hann. Hann fer hvert sinn eftir því, hvernig skipaferðir falla og hlýtur að ákvarðast af ýmsum ófyrirsjáanlegum atvikum, svo sem fjarlægð bústaðar þingmanns frá hafnarstað, af vegalengd til þings, ef um landferðir er að ræða og skipaferðir teppast, sem auðveldlega getur að vetri komið fyrir, o. s. frv. Ennfremur er fargjald breytilegt með strandskipum og mun hafa fallið um nærfelt $^1/_3$ á undanförnum tveim árum.

Oss virðist því einsætt, að fara verði eftir ákvæðum gildandi laga um ferðakostnaðinn og greiða hann eftir reikningi. Sú regla hefir yfirleitt gefist vel og er sanngjarnleg. Hafi hún verið eða verði hún misbrúkuð, er engu um að kenna öðru en þingfararkaupsnefnd þingsins, og óviðurkvæmilegt er að gera ráð fyrir því, að hún samþykki ranga eða ósanngjarnlega reikninga.

Út af framansögðu leggjum vjer því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist eins og lagt er til á þingskjali 47.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.
Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga þingmanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 20. mars 1924.

Sveinn Ólafsson, frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Halldór Stefánsson.

(B. I, 6).

Ed. **189. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 169. [Stjórnarskrárbreyting].

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson og Einar Árnason.

1. Við IV. Breytingartillagan orðist svo:
Við 15. gr. Greinin orðist þannig:
Við 2. ákvæði um stundarsakir.
Ákvæðið orðist svo:
Kosning þeirra 8 kjördæmakosinna þingmanna, er kosnir hafa verið til efri deildar á næsta þingi áður en stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, skal ekki ná lengra en til þess þings. Í byrjun reglulegs Alþingis 1925 skal kjósa þá 12 þingmenn, er efri deild skipa, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.
2. Við V. Breytingartillagan orðist þannig:
Á eftir 16. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá um leið niður umboð landskjörinna þingmanna.

(A. V, 3).

Ed. **190. Breytingartillögur**

við frumvarp til vegalaga.

Frá Einari Árnasyni.

1. Við 2. gr. B. 3. Á eftir liðnum komi:
   4. Eyjafjarðarbraut frá Akureyri að Saurbæ.
2. Við 20. gr. Í stað orðanna: »sem heimilað er í 18. gr.« komi: sem hreppsnefnd ákveður samkvæmt heimild 18. gr.

(A. XVI, 2).

Ed. **191. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta er bein afleiðing af þeirri breytingu, sem gert er ráð fyrir í frv. því til vegalaga, sem nú liggur fyrir þinginu, og þar sem nefndin hefir tjáð sig breytingunni samþykka, leggur hún til, að einnig þetta frv. verði samþykt.

Alþingi, 21. mars 1924.

Eggert Pálsson, formaður. Jóhann Þ. Jósefsson, skrifari og frsm.

Hjörtur Snorrason. Einar Árnason. Guðmundur Ólafsson.

(B. LVII, 2).

Nd. **192. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ríkissjóður ábyrgist lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar vill fallast á frv. þetta með þeirri breytingu, að ábyrgð landssjóðs verði einungis veitt hjerlendum bönkum. Þetta þarf þó ekki

beinlínis að þýða það, að þessir bankar veiti lánið til skipakaupanna af sínu eigin veltufje, heldur gætu lánin t. d. verið veitt erlendis gegn tryggingum frá bönkunum hjer, en ríkissjóður ábyrgist svo gagnvart þeim. Telur nefndin að mikil trygging fyrir ríkissjóð felist í því, að hinir hjerlendu bankar fái, ef til kemur, alla þá aðstöðu gagnvart fyrirtækjunum, sem lánveitendur hafa er svo stendur á.

Sveinn Ólafsson er frv. mótfallinn.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt með svofeldri

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Á eftir orðunum »að ábyrgjast« komi: í hjerlendum bönkum.

Alþingi, 21. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. og frsm.	Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.	Sveinn Ólafsson, með fyrirvara.

Aug. Flygenring. Halldór Stefánsson. Jakob Möller. Jón A. Jónsson.

(B. LVIII, 2).

Nd. **193. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta fer í þá átt að gera ákvæði laganna ótvíræð um það, að leggja megi útsvar á ítök og slægjuafnot utansveitarbænda. Er það fram komið vegna skilnings hæstarjettar á 1. gr. l. nr. 50, 1919, svo sem vikið er að í greinargerð frv.

Nú er meiri hluti allsherjarnefndar þeirrar skoðunar, að með lögum nr. 29, 1922, og með ýmsum eldri breytingum á sveitarstjórnarlögunum sje þegar of langt gengið í því, að veita sveitarfjelögum heimild til útsvarsálagninga á utan-

sveitarmenn, og vill því, þegar af þeirri ástæðu, ekki mæla með frv., sem gengur enn lengra en áður hefir verið í þessum efnum.

Leggur meiri hluti allsherjarnefndar til, að frv. sje felt.

Alþingi, 21. mars 1924.

Jón Þorláksson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari, frsm. meiri hl.
Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.

(B. LVII, 3).

Nd. **194. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ríkissjóður ábyrgist lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 500000 króna lán fyrir bæjarsjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar til botnvörpuskipakaupa, gegn veði í skipum þeim, sem keypt kunna að verða.

(A. XX, 3).

Ed. **195. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir nú rætt frv. hæstv. stjórnar um breytingu á kennaraskólalögunum og getur með skírskotun til greinargerðar stjórnarinnar fyrir frumv. og áliti mentamálanefndar háttv. Nd. mælt með því, að frumvarpið, sem ætla má, að verði til þess að auka mentun væntanlegra kennara án þess að íþyngja ríkissjóði svo teljandi sje, verði samþykt óbreytt af háttv. Ed.

Alþingi, 21. mars 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm.	Jón Magnússon.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

(A. I, 4).

Nd. **196. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925 og við breytingartillögur fjárveitinganefndar á þskj. 163.

I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 10. gr. B. 7. (Manntal 1703).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Jóni A. Jónssyni, Jörundi Brynjólfssyni, Sigurjóni Jónssyni, Hákoni J. Kristóferssyni, Jakob Möller, Aug. Flygenring og Árna Jónssyni.*
Við brtt. 163, 15. Við 11. gr. B. 6. (Til landhelgisgæslu).
Fyrir »80000« kemur 120000
Til vara:
Fyrir »80000« kemur 100000

III. Frá *Halldóri Stefánssyni, Árna Jónssyni* og *Sveini Ólafssyni.*
Við 12. gr. 3. Nýr liður:
Til Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaðar- og Eiðahreppa, ef þeir ráða sjer sjerstakan lækni 1500

IV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við brtt. 163, 25. a. (Grímsneslæknishjerað).
Fyrir »3000« koma 9000

V. Frá *Hákoni Kristóferssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 13. b. Nýir liðir:
a. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Flatey á Breiðafirði .. 15000
b. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Nauteyrarhjeraði ... 15000

VI. Frá *Jóni Kjartanssyni.*
Við 12. gr. 13. b. Nýir liðir:
a. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Vík í Mýrdal, 1/3 kostnaðar 15000
b. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Síðu (uppbót)... ... 3298,28

VII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 12. gr. 13. g. Nýr liður:
Til slysa- og tryggingarsjóðs verklýðsfjelaganna í Reykjavík, hálfu meira en tillög til sjóðsins annarsstaðar frá, alt að 5000

Til vara:

Til sama sjóðs, jafnmikið og tillög til sjóðsins annarsstaðar frá, alt að 2500

VIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við 12. gr. 13. l. Nýr liður:

Til Steinunnar Jóhannesdóttur frá Skáleyjum, til hjúkrunarnáms erlendis 300

Til vara 200

IX. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 12. gr. 13. m. (Sjúkrasjóður Fellshrepps).

Liðurinn falli niður.

X. Frá *Jakob Möller.*

Við 12. gr. 13. n. Nýir liðir:

1. Til Árna Ó. Árnasonar, utanfararstyrkur til heilsubótar .. 1800
2. Til Elínar Sigurðardóttur, sjúkrastyrkur 1000

XI. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*

Við 13. gr. B. VII. (Tillög til akfærra sýsluvega).

Fyrir »10000» kemur 20000

XII. Frá *Jakob Möller.*

Við 13. gr. D. III. 18. Nýr liður:

Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, alt að... 10000

XIII. Frá *Árna Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*

Við 14. gr. A. b. 4. Nýr liður:

Viðbótarstyrkur til húsabóta á prestssetrinu Skeggjastöðum í Norður-Múlasýslu, með sömu skilyrðum sem í fjárlögum 1924, 14. gr. A. b. 5.... 2000

XIV. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við brtt. 163, 62. Við 14. gr. B. VIII, 1. c. 3. (Ljós og hiti Hólaskóla).

Fyrir »5000« kemur 3500

XV. Frá *Hákoni Kristóferssyni, Sigurjóni Jónssyni, Jóni A. Jónssyni, Árna Jónssyni* og *Birni Líndal.*

Við 14. gr. B. X. (Verslunarskólar).

Liðurinn (a. og b.) fellur niður.

XVI. Frá *Jóni Þorlákssyni, Jóni Baldvinssyni, Jakob Möller* og *Magnúsi Jónssyni.*

1. Við 14. gr. B. XII. 1. a. (Rekstrarstyrkur kvennaskólans í Rvík).
   Fyrir »19000« kemur 22000
2. Við 14. gr. B. XII. 1. b. (sama) Liðurinn orðist svo:
   65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 6500

XVII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 14. gr. XIV. 3. Nýr liður:
Til fulltrúaráðs verklýðsfjelaganna í Reykjavík, til kvöldskóla verkamanna 500

XVIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 14. gr. XV. (Húsmæðrafræðsla). Athugasemd á eftir:
Ef kvenfjelagið Ósk notar ekki styrkinn, er ríkisstjórninni heimilt að greiða hann öðrum með sömu skilyrðum.

XIX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 15. gr. 1. d. (Landsbókasafn). Nýr liður:
Til þess að semja og gefa út handritaskrá safnsins 3000

XX. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 15. gr. 20. Liðurinn orðist svo:
Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti jafnháu tillagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur 3000

XXI. Frá *Jakob Möller.*

Við 15. gr. Aftan við greinina kemur athugasemd:
Fjárveitingarnar til útgáfu á Alþingisbókum, Landsyfirdómum, Lögum Íslands og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, samtals 4300 krónur, skulu því að eins greiddar, að stjórnin telji það fært fjárhagsins vegna.

XXII. Frá *Jóni A. Jónssyni og Hákoni Kristóferssyni.*

Við brtt. 163, 115. Við 16. gr. 1. (Búnaðarfjel. Íslands).
Fyrir »140000« kemur 120000

XXIII. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við 16. gr. 3. (Búnaðarfjelög).
Liðurinn fellur niður.

XXIV. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*

Við 16. gr. 6. (Dýralækningar). Ný málsgr. aftan við aths.:

Ennfremur veitist styrkurinn með því skilyrði, að hemandinn gefi stjórnarráðinu skriflegt drengskaparloforð um að starfa í opinberri þjónustu við dýralækningar a. m. k. í 15 ár að námi loknu, ef þess er óskað og gildar ástæður eigi hamla, og endurgreiðist styrkurinn að öðrum kosti.

XXV. Frá *Jóni A. Jónssyni og Hákoni Kristóferssyni.*
Við brtt. 163, 122. Við 16. gr. 11. (Fiskifjelagið).
Fyrir »55000« kemur 45000

XXVI. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
Við 16. gr. 12. a. Nýr liður:
Launauppbót þriggja yfirfiskimatsmanna 2200
Þar af fær yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. og yfirfiskimatsmennirnir á Vestfjörðum og Austfjörðum 600 kr. hvor.

XXVII. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við brtt. 163, 123. Við 16. gr. 13. (Markaðsleit).
Fyrir »10000« kemur 20000

XXVIII. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Hákoni Kristóferssyni.*
Við brtt. 163, 123. Við 16. gr. 13 (Markaðsleit).
Fyrir »10000« kemur 15000

XXIX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 14. Nýr liður:
Til bænda í Hrunamannahreppi, til greiðslu á viðlagasjóðsláni til smjörlíkisgerðar 5000

XXX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 28. Nýr liður:
Til verðlauna fyrir teikningar og tillögur um híbýlaprýði 1000
Verðlaunin veitast samkvæmt tillögum nefndar, er stjórnin skipar.

XXXI. Frá *Sigurjóni Jónssyni.*
Við 16. gr. 31. Nýr liður:
Til Ísafjarðarkaupstaðar, til þess að byggja hafskipabryggju, gegn þreföldu framlagi frá kaupstaðnum, alt að ... 55000
Styrkurinn greiðist þannig, að skuld kaupstaðarins við ríkissjóð lækki um þá upphæð, er styrknum nemur.

XXXII. Frá *Hákoni Kristóferssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður:
Til Guðmundar Björnssonar... 100

XXXIII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 19. gr. Ný málsgr. á eftir greininni:
Ólafi J. Hvanndal myndamótara skal veitt uppgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, sem nú eru kr. 4334.
Til vara:
Ólafi J. Hvanndal myndamótara skal veittur 5 ára greiðslufrestur á rentum og afborgunum af eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, sem nú eru kr. 4334.

XXXIV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 21. gr. 3. Nýr liður:
Alt að 40000 kr. til lánveitinga til tóvinnuvjela. Lánin veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum og ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

XXXV. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Sveini Ólafssyni.*
Við brtt. 163, 134. Nýr stafliður:
Til stofnunar klæðaverksmiðju á Austurlandi (Reyðarfirði), alt að 200000 kr., þó eigi yfir $^2/_5$ stofnkostnaðar.

(B. XXXV, 4).

Nd. **197. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 1. gr.
Í stað »þangað til öðruvísi verður ákveðið« komi: þangað til ákveðið verður í fjárlögum með athugasemd við alþingiskostnaðinn.

(B. LX, 2).

Nd. **198. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að innheimta í gullkrónum sektir fyrir landhelgisbrot.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur eindregið til, að það verði samþykt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.

Í staðinn fyrir »skal innheimta í gullkrónum« í lok greinarinnar komi:

skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sektinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

2. Við fyrirsögn.

Fyrir: »innheimta í gullkrónum« komi: miða við gullkrónur.

Alþingi, 22. mars 1924.

Aug. Flygenring, formaður.	Ásgeir Ásgeirsson, framsögumaður.	Björn Líndal, fundaskrifari.

Sigurjón Jónsson. Jón Baldvinsson.

(B. LXV, 1).

Nd. **199. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 67, 22. nóv. 1913, um hvalveiðamenn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 67, 22. nóv. 1913, skulu gilda til 1. janúar 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt samkvæmt tilmælum fiskifjelags og atvinnumálaráðuneytis, og verður gerð nánari grein fyrir í framsögu.

(A. VI, 2).

Nd. **200. Nefndarálit**

um frv. til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Afgreiðsla þessa máls hefir dregist hjá nefndinni, af því að til mála hafði komið, að þeim tveim embættismönnum, er hjer ræðir um, yrði gert að skyldu að starfa sem aukakennarar í íslenskum fræðum við háskólann, en þá fjelli burtu annar fastakennarinn við háskólann í þeim fræðum. Hefðum við, sem hjer ritum nöfn okkar undir, talið þessa skipan hina heppilegustu. En nú höfum við fengið vitneskju um, að meiri hluti mentamálanefndar, sem hefir til meðferðar frv. til laga um breyting á háskólalögunum, hefir ekki getað fallist á að nema burt annan fastakennarann í ísl. fræðum, þótt aukakensla þessara tveggja embættismanna kæmi þar í staðinn, og úr því að ekki næst samkomulag um að ná embættafækkun þeirri, er frv. fer fram á, á þennan hátt, þá leggjum við til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 22. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. og frsm. Jón Kjartansson.

(A. V. 4).

Ed. **201. Frumvarp**

til vegalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Stjórnarfrumvarpið á þskj. 5, með breytingunum (1.—4.) á þskj. 179.

(C. X, 2).

Nd. **202. Þingsályktun**

um bann gegn innflutningi útlendinga í atvinnuskyni.

(Afgreidd frá Nd. 22. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gefa nú þegar út reglugerð samkv. heimild í lögum nr. 10, 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, þar sem girt sje fyrir, að útlendingar geti leitað sjer atvinnu hjer á landi meðan atvinnuvegirnir fullnægja ekki atvinnuþörf landsmanna.

(B. LVIII, 3).

Nd. **203. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Tilgangurinn með frumv. þessu er að gera ótvíræð ákvæði laganna um, að leggja megi aukaútsvar á ítök og slægjuafnot utansveitarbænda.

Eins og drepið er á í greinargerð frumv., er það fram komið vegna skilnings hæstarjettar á 1. gr. l. nr. 50, 1919. Enda þó að jeg geti ekki sjeð, að þetta muni skifta miklu máli fyrir nokkurt sveitarfjelag, þá sýnist mjer, að ekki sje órjettmætara, að utansveitarbændur greiði nokkurt aukaútsvar fyrir þessi hlunnindi heldur en aðrir, og get ekki fallist á, að með þessari breytingu sje nokkurn hlut gengið lengra, almennt sjeð, um heimild sveitarstjórna til að leggja aukaútsvar á utansveitarmenn. Hjer er aðeins farið fram á, að heimilt sje að leggja aukaútsvar á utansveitarbændur eins og aðra samkv. gildandi lögum, og virðist það í alla staði sanngjarnt.

Alþingi, 21. mars 1924.

Jörundur Brynjólfsson.

(B. XLII, 2).

Nd. **204. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um, að frumvarpið gangi í rjetta átt, miði að því að auka undirbúningsnám ljósmæðra og tryggja það, að sá styrkur, sem varið er til námskvennanna, komi allur að notum, en renni aldrei til þeirra, sem hafa námið að yfirskyni, eins og komið mun hafa fyrir. Hinsvegar telur nefndin það fullharða skilmála, að ljósmæðraefni skuldbindi sig til 5 ára þjónustu áður en þær hefja námið. Nefndin telur og rjett, að landlæknir starfi við skólann samkvæmt embætti sínu og hafi engin laun fyrir, enda hefir fjárveitinganefnd bent á það í áliti sínu. Nefndin gerir því þá breytingartillögu, að ákvæðum laganna sje breytt í það horf. Hinsvegar telur nefndin rjett, að launaákvæðum þeirra ljósmæðra, er starfa við skólann, sje breytt í það horf, sem nú á sjer stað, og sjeu laun þeirra ákveðin 300 kr. á ári. Fjárveitinganefnd hefir að vísu gert tillögu um lækkun á launum þeirra niður í 200 kr. En þar sem skólinn er lengdur um 3 mánuði, virðist rjettmætt, að þær fái að halda núverandi launum. Hinsvegar leggur nefndin ekki sjerstaka áherslu á þetta atriði og sættir sig við, að breytt verði á þann hátt, er fjárveitinganefnd leggur til, heldur en að þetta smáatriði, sem öll sanngirni þó mælir með, standi frumvarpinu fyrir þrifum.

Mentamálanefnd leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   Á eftir greininni komi ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
   a) Fyrri málsgrein 3. gr. laganna orðist svo:
   Landlæknir er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari skólans.
   b) Í staðinn fyrir »100 kr.« í síðari málsgrein sömu greinar komi: 300 kr.
2. Við 4. gr.
   Í staðinn fyrir »5 ár« komi: 3 ár.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 21. mars 1924.

Magnús Jónsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, skrifari og frsm.	Sigurjón Jónsson.
Bernharð Stefánsson.	Jón Kjartansson.	

(C. XIII, 2).

Nd. **205. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 152 (Gullkaup).

Frá Sveini Ólafssyni.

Orðin »og 5« í niðurlagi tillögunnar falli burtu.

(A. II, 2).

Nd. **206. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt með nokkrum smávægilegum breytingum. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna telja, að leita beri aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslum til endurgjalds fyrir burðareyri handa embættismönnum og embættisskeyti til greiðslu á brunabótagjöldum, sótaragjöldum o. fl. fyrir ýmsar opinberar byggingar og gjöldum til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar, en á þetta hefir stjórnin ekki getað fallist. Enda þótt hjer sje um lögboðnar og óhjákvæmilegar greiðslur að ræða, þá hefir fjárhagsnefndin þó fallist á tillögu yfirskoðunarmannanna um, að rjett sje að taka þessar fjárhæðir upp í frumvarpið. Fyrir umframgreiðsluna »til áhalda við fimleikakenslu« við mentaskólann og »til eldiviðar og ljósa« í gagnfræðaskóla á Akureyri telur nefndin, að leita beri aukafjárveitingar, þó að í fjárlögunum sje um áætlunarupphæðir að ræða. Aðrar breytingartillögur nefndarinnar eru til leiðrjettingar á prentvillum í frv.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. B. 5. Fyrir »60,00« komi: 60,39

2. Við 3. gr. B. 1. Við bætist nýir liðir, þannig:

2. Burðareyrir og embættisskeyti:
   a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef 10512,76
   b. Fyrir embættisskeyti 106,42
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar 14016,50

3. Við 3. gr. B. 6. Nýr liður:
   7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar 40208,10

4. Við 4. gr. 27. a. Fyrir »18258,25 komi: 18258,26.

5. Við 6. gr. B. III. 9. Nýr liður:
   11. Til áhalda við fimleikakenslu 55,78

6. Við 6. gr. B. IV. b. 3. Fyrir »451,00« komi: 178,33

7. Við 6. gr. B. IV. b, 3. Nýr liður:
   4. Til eldiviðar og ljósa 451,00

Samlagningartölur í frumvarpinu breytast samkvæmt þessu.

Alþingi, 22. mars 1924.

Jón Þorláksson, form. | Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. | Aug. Flygenring.

Sveinn Ólafsson. | Jakob Möller, frsm. | Halldór Stefánsson.

Jón A. Jónsson.

(A. I, 5).

Nd. **207. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá Jóni Baldvinssyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Við 16. gr. 31.
Liðurinn orðist svo:
Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak ... 1000

(B. LVI, 2).

Nd. **208. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frumvarp það, sem hjer um ræðir, ráðgerir þrjár efnisbreytingar frá núgildandi lögum um skipun barnakennara og laun þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á neinar af þessum breytingum, og skulu hjer tilfærðar aðalástæðurnar fyrir því.

Fyrsta og aðalástæða okkar til þess að leggja á móti tveim fyrri breytingunum er sú, að við getum ekki fallist á, að kaupstaðir, skólahjeruð eða fræðsluhjeruð sjeu fær um að taka á sig þau auknu útgjöld, sem af breytingunum mundi leiða, en þau hefir framsögumaður fjárveitinganefndar áætlað um 100 þús. kr. árlega. Hjer er ekki um neinn sparnað á þjóðarbúskapnum að ræða; það sem sparast af ríkissjóði, er aftur tekið af bæjar- og hreppssjóðum.

Við fáum heldur ekki annað sjeð en að beinlínis væri óheppilegt, að hjeruðin að einhverju leyti greiði launabætur eftir þjónustualdri, þar sem af því gæti leitt, að skóla- eða fræðslunefndir mæltu síður með eldri og reyndari kennurum til veitingar, af því að þeir yrðu kauphærri en nýir kennarar.

Að öðru leyti mælir öll sanngirni með, að ríkissjóður greiði allar dýrtíðarbætur, og það af þeim ástæðum, að nú þegar eru gerðar ráðstafanir til þess, að hann innheimti sínar aðaltekjur eftirleiðis með dýrtíðarálagningu (útflutningsgjald, tekju- og eignarskatt, tolla o. fl.).

Breytingu þeirri, sem felst í 3. gr. frv., erum við og mótfallnir af því, að við erum hræddir um, að slík ákvæði mundu freista skóla- og fræðslunefnda til þess að segja kennurum upp, jafnvel þó ekki væri trygt, að lögskipaðri fræðslu yrði haldið uppi í hjeraðinu.

Af framangreindu leggjum við til, að hv. deild felli frv. þetta.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 23. mars 1924.

Magnús Jónsson, form.	Sigurjón Jónsson, framsögum.	Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari.

(A. III, 4).

Ed. **209. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Lög nr. 70, 27. júní 1921, skulu vera í gildi þangað til öðruvísi verður ákveðið.

(A. XI, 2).

Nd. **210. Nefndarálit**

um frv. til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Aðaltilgangur þessa frv. er sá, að búa í haginn fyrir reglugerð, er ákveði talsvert strangari inntökuskilyrði í skólann en nú eru, bæði um bóklega og verklega þekkingu, og á þá að vera hægt að útskrifa af skólanum skipstjóraefni með staðbetri mentun til starfsins án aukinnar kenslu í skólanum sjálfum.

Um aukinn kostnað er hjer ekki að ræða, því að enda þótt í 12. gr. sje gert ráð fyrir 2 skipuðum kennurum auk skólastjóra, í stað þess að nú er 1, þá er á það að líta, að nú um undanfarin ár hefir verið fastur kennari við skólann með sömu launum og skipaður kennari, og hlýtur svo að verða áfram hvort sem er. En á hinn bóginn er það víst, að af frumvarpi þessu mundi leiða talsverður sparnaður, því að nemendum í skólanum mundi stórum fækka með þessu nýja fyrirkomulagi, og því verða óþörf allmikil aukakensla, sem nú verður að kaupa. Er þá vel úr ráðið, ef hægt er að ná hvorutveggja í senn, að bæta skólann og draga úr kostnaði við hann, svo sem hjer er. En nú er svo mikið til af skipstjóraefnum, að hentugt tækifæri er til þess að koma þessari breytingu á.

Nefndin ræður því háttv. deild til þess að samþykkja frv., en gerir við það eina smávægilega breytingu, í samræmi við skoðanir sínar um yfirstjórn fræðslumála yfirleitt.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 14. gr. Orðin »með aðstoð skólaráðs« og út greinina falli burt.

Alþingi, 22. mars 1924.

Magnús Jónsson, form. og framsögum. Bernh. Stefánsson. Sigurjón Jónsson.

Jón Kjartansson. Ásg. Ásgeirsson.

(A. VI, 3).

Nd. **211. Nefndarálit**

um frv. til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frv. samhljóða þessu að efni til lá fyrir síðasta Alþingi og var þá felt við 2. umr. í neðri deild. Verður meiri hluti nefndarinnar að ítreka þau rök, sem tvívegis áður hafa verið borin fram gegn sameining þessara embætta og Alþingi metið svo, að það hefir í bæði skiftin eftir þeim farið, þó að hæstvirtur ráðherra, sem þetta frv. er frá komið, vilji svo vera láta í greinargerð frumvarpsins, að þau hafi ekki verið mikils virði.

Það verður aldrei út skafið, að þessi tvö söfn eru gagnólík að eðli sínu, þótt svipuð kunni að vera að ytra útliti fyrir þeim, sem lítt eða ekki þekkja þau, enda sjest í greinargerð frumvarpsins, að öllu er saman ruglað, þar sem það er talinn vottur um skyldleik safnanna, að í landsbókasafninu sjeu *ýms stórmerk handrit*. En handrit geta auðvitað verið eins óskyld að efni og tilgangi og frekast er unt. Í landsbókasafninu eru *handrit*, en það eru alt *bækur*, skrifaðar í stað prentaðra, en í skjalasafninu eru *skjöl*, embættisbrjef, opinberar skýrslur, kirkjubækur o. fl. o. fl., og fer skiftingin fram eftir *eðli* þessara plagga, en ekki eftir því, hvort skrifuð eru eða prentuð, hvort í bókarformi eru eða öðru. Og geymsla þessara plagga er ólík, niðurröðun og einkum notkun gagnólík og alveg sitt hvað að vera góður bókavörður eða skjalavörður, að því ógleymdu, að ærin og allsendis nóg störf eru fyrir tvo forstöðumenn við söfn þessi, jafnvel þótt miklu meira fje hefðu til aðstoðar en hjer er um að ræða. Annars leyfir minni hlutinn sjer að vitna til þeirra raka, sem mentamálanefnd þingsins 1919 og minni hluti allsherjarnefndar í fyrra bar fram, og vill ekki endurtaka þau hjer.

Á hinn bóginn vill meiri hluti nefndarinnar fúslega viðurkenna það, að þörf sje á sem víðtækustum sparnaði á öllum sviðum nú, og vill þá ekki heldur mæla Þjóðskjalasafnið undan slíkum sparnaði, þó að ekki verði sagt, að til þess sje varið ýkjamiklu fje. En því vill meiri hlutinn ná með því að láta fyrst um sinn, meðan fjárhagurinn er svo örðugur, niður falla fjárveitingu til aðstoðarmanns við safnið. Nú stendur svo á, að aðstoðarskjalavörðurinn hefir verið settur til að gegna yfirskjalavarðarembættinu, og þar sem hann hefir náð hámarkslaunum í aðstoðarmannsembættinu, en mundi verða að taka hitt embættið með byrjunarlaunum, munar þetta fyrstu árin ekki nema 1000 krónum í launum, ef honum væri veitt embættið.

Ef þessi ummæli hjer í nefndarálitinu væru ekki talin nægileg bending

til landsstjórnarinnar um, að veita ekki aðstoðarmannsembættið, mun meiri hlutinn bera það mál fram á annan hátt, svo að fulltryggilegt sje.

Meiri hlutinn ræður því háttv. deild til þess að fella frumvarpið með þessu fororði.

Alþingi, 22. mars 1924.

Magnús Jónsson,	Jón Baldvinsson,
frsm. meiri hl.	fundaskrifari.

Jörundur Brynjólfsson.

(B. XXXVIII, 2).

Nd. **212. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á ýmsum vörum.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr.
   a) Aftan við *a*-lið bætist: nema skipsbrauð og kringlur.
   b) Úr *g*-lið falli: kaffibætir.
   c) Inn í *i*-lið bætist á eftir »nema tvistdúkur«: flónel, ermashirting, lasting.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs þriggja manna verðlagsnefnd til þess að hafa eftirlit um framkvæmd laga þessara. Skal hún leggja lag á innlendan iðnaðarvarning, sem bannaður er innflutningur á, og allan bannvarning eftir 1. gr., sem í landinu er þegar lögin ganga í gildi. Enginn má slíkan bannvarning til sölu hafa fyr en verðlagsnefnd hefir veitt leyfi til þess og fullnægt er fyrirmælum 5. gr. um framtal og afgjald.
   Lögreglustjórar skulu skyldir að aðstoða verðlagsnefnd um alt, er að framkvæmd laganna lýtur, og hafa eftirlit með því, að þeim sje hlýtt.
   Stjórnarráðið getur, eftir ósk sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, auk þess löggilt eftirlitsmenn þar, sem þörf þykir á.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eigi síðar en 6 vikum eftir að lög þessi öðlast gildi skulu allir vöruinnflytjendur og verslanir senda stjórnarráðinu sundurliðaða skýrslu um bannvörubirgðir sínar, eins og þær voru er lögin gengu í gildi, með tilgreindu innkaupsverði að viðbættu flutningskaupi til landsins. Skýrslurnar skulu undirritaðar af eiganda eða prókúruhafa og lagt við drengskaparorð um það, að rjett sje frá skýrt.

Afrit af skýrslunum skal jafnframt sent hlutaðeigandi lögreglustjóra ásamt 3 % sölugjaldi í ríkissjóð af samanlögðu verði bannvörunnar eftir framansögðu. Lögreglustjóri tilkynnir verðlagsnefnd greiðsluna þegar í stað, og skal hún þá veita söluleyfi og ákveða hámarksverð á þeim ýmsu vörum, og má það aldrei fara fram úr 30 % álagningu á innkaupsverðið með farmgjaldi. Söluleyfið gildir til ársloka 1924. Þeir, sem þá eiga bannvöru óselda, geta með sama hætti og fyr segir fengið söluleyfi framlengt til ársloka 1925, og skulu þeir fyrir slíkt leyfi greiða 5 % í ríkissjóð af frumverði bannvöruleifanna eftir framansögðu.

Sama meðferð gildir um bannvöruleifar þær, sem eftir kunna að vera í árslok 1925 og seljast á árinu 1926.

4. Á undan 6. gr. komi ný gr., sem verður 6. gr., þannig:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og störf verðlagsnefndar.

Kostnaður allur af framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.

Greinatala breytist eftir þessu og atkvæðagreiðslu.

(B. XXXII, 3).

Nd. **213. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna verði þannig:

Öll skuldabrjefin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Af skuldabrjefum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabrjefaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabrjefin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

3. gr.

7. gr. laganna er úr gildi **numin.**

(B. LX, 3).

Nd. **214. Frumvarp**

til laga um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920, og lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sektinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XX, 5).

Ed. **215. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þetta frumvarp var flutt í neðri deild af 2. þm. Reykv. (J. Bald.), eftir beiðni nokkurra manna, sem vjelgæslu stunda á mótorskipum.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefir gert nokkrar breytingar á frv. eins og það var upphaflega, og hefir, að því er segir í nefndaráliti hennar, flutningsmaður frv., eftir atvikum, fallist á þær.

Sjávarútvegsnefnd Ed. hefir athugað frv. eins og það nú liggur fyrir eftir 3. umræðu í Nd.

Nefndin er samþykk þeim breytingum til rýmkunar, sem orðið hafa á frv. við meðferð þess í Nd., og leyfir hún sjer að leggja til, að það verði þannig samþykt hjer í deildinni.

Alþingi, 24. mars 1924.

Björn Kristjánsson, formaður.	Jóhann Þ. Jósefsson, skrifari og framsögum.

Ingvar Pálmason.

(C. XVI, 1).

Ed. **216. Tillaga**

til þingsályktunar um að rannsaka stjórnarhætti við Landsbókasafnið.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela mentamálanefnd að rannsaka, hvers vegna hinir kjörnu fulltrúar háskólans hafa nú í mörg ár neitað að taka þátt í stjórn Landsbókasafnsins, eins og lög standa til. Svo og það, hvers vegna landsstjórnin hefir virt að vettugi álit eftirlitsnefndarinnar. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um, hversu gera megi þegar í stað umbætur á stjórn safnsins, að því leyti, sem þar hafa verið á meinlegir ágallar á undanförnum árum.

(C. XVII, 1).

Ed. **217. Tillaga**

til þingsályktunar um niðurlagning vínsölu ríkisins á Siglufirði.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja niður vínsölu ríkisins á Siglufirði hið allra fyrsta, og flytja jafnframt á brott þær vínbirgðir, sem þá kunna að vera þar óseldar.

(B. LX, 4).

Nd. **218. Breytingartillögur**

við frv. til laga um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

Frá Tryggva Þórhallssyni og Hákoni Kristóferssyni.

1. Á eftir orðunum í 1. grein »til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922« komi: og 15. gr. tilskipunar um veiði, 20. júní 1849.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frumvarp til laga um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot og fleira.

(A. XII, 3).

Nd. **219. Nefndarálit**

um frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 24. mars 1924.

Jón Þorláksson, form.	Jón Kjartansson, framsögum.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari, (með fyrirvara).

Magnús Jónsson. Jörundur Brynjólfsson.

(B. LVI, 3).

Nd. **220. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Í frumvarpi þessu er svo til ætlast, að launaviðbætur barnakennara eftir þjónustualdri og dýrtíðaruppbót þeirra greiðist af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum. Ennfremur að skólanefndir og fræðslunefndir geti sagt kennurum upp.

Launaviðbætur kennara eftir þjónustualdri eru miðaðar við það, hvað hlutaðeigandi hefir verið lengi í þjónustu ríkisins sem kennari, án tillits til þess, hvað hann hefir kent lengi við sama skóla. Það virðist því rjett, að ríkið greiði þessar uppbætur. Öðru máli er að gegna um dýrtíðaruppbótina. Hún er bein uppbót á launaunum vegna núverandi dýrtíðar og greidd vegna þess, að launin hafa ekki fult gildi. Það virðist því vera eðlilegt, að dýrtíðaruppbót sje greidd af sömu aðiljum og launin. Sjer minni hluti nefndarinnar því ekki ástæðu til að leggja á móti þessu atriði, þó hann hinsvegar játi, að sparnaður af slíkri breytingu mundi ekki verða mikill raunverulega.

Minni hlutinn lítur svo á, að vald til að segja upp stöðu eigi að vera í höndum þess sama og stöðuna veitir, og getur því ekki fallist á 3. gr. frumv.

Víða í sveitum hagar svo til, að ekki er þörf á barnakennara allan veturinn; er rjett, að þeir kennarar, sem þannig ekki kenna fullar 24 vikur, njóti þó hlutfallslega sömu launa og aðrir kennarar. Leggur því minni hluti nefndarinnar til, að ákvæði um þetta verði tekin upp í lögin.

Samkvæmt ofanrituðu leggur minni hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við staflið e. í 9. gr. laga nr. 75, 28. nóv. 1919, komi:
   Standi skólinn skemur, lækka launin hlutfallslega.

2. Við 3. gr. Greinin falli burt.

Greinatalan breytist samkv. þessu.

Alþingi, 25. mars 1924.

Bernh. Stefánsson, frsm. Jón Kjartansson.

(B. XXXII, 4).

Nd. **221. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef.

Frá Birni Líndal og Jóni Kjartanssyni.

Við 2. gr. Á milli orðanna: »sem út eru gefin hvert sinn« og »skal dregin út« komi: skal ekkert draga út (innkalla) fyrstu 5 árin. En eftir það.

(B. XV, 6).

Nd. **222. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Baldvinssyni og Magnúsi Jónssyni.

6. gr. frv. orðist svo:
1. málsgr. í 23. grein laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal orða svo:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur. Þó getur ríkisstjórnin, eftir tillögum sýslunefnda, ákveðið, að kosning til Alþingis í einstökum kjördæmum skuli fara fram hinn 10. dag septembermánaðar næst á undan hinum almenna kjördegi.

Til vara.

6. gr. frv. fellur burt.

(A. XXII, 10).

Ed. **223. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Afgreidd frá Ed. 26. mars).

1. gr.

Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta alla tolla samkvæmt tolllögum nr. 41, 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslu skipa samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna með gengisviðauka að upphæð 25%, þannig að hver toll- eða gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir og stærra brot úr tolleiningu sem heill eyrir, en minna broti er slept. Hækkun þessi nær þó ekki til vörutolls af kornvörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXX, 2).

Nd. **224. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir sent háskólaráðinu frumvarpið til athugunar og fengið svör frá háskólaráði og guðfræði-, laga- og heimspekideild. Er þar lagt »eindregið á móti því, að frumvarpið nái fram að ganga, hvort heldur er í heild sinni eða í einstökum atriðum«. Nefndin hefir ekki getað fallist á ástæður háskólaráðsins í öllum greinum og leggur til, að frumvarpið sje samþykt með nokkrum breytingum.

Nefndin sjer ekki ástæðu til að sameina laga- og heimspekideild, enda ljet flutningsmaður þess getið, að sjer væri ekki fast í hendi með þá breytingu, og fellst á ummæli heimspekideildar um þetta atriði, »*að* námsgreinar deildanna eru svo sundurleitar, sem framast má verða, *að* kenslukraftar annarar deildarinnar myndu jafnan geta borið hina ofurliði (3:2), *að* þótt deildirnar yrðu sameinaðar, myndi ekki sparast við það eyrisvirði, *en* deildirnar eru hvor um sig ályktunarfærar í öllum málum, þótt eigi sjeu í þeim nema tveir kennarar, með því að atkvæði deildarforseta ræður úrslitum allra mála, ef jöfn eru atkvæði (sbr. 11. gr. háskólareglugerðar), og hlutkesti getur ráðið kosningu deildarforseta, ef samkomulag fæst ekki«.

Nefndin fellst á, að biskupi sje falin kensla við guðfræðideild, enda eru slík sambönd milli kirkju og guðfræðideildar engin einsdæmi. Kenningafrelsi deildarinnar er þar með í enga hættu stefnt og ekki heldur kirkjunni, þó biskup leggi stund á guðfræðileg vísindi. Mætti heldur hvoru um sig gagn af verða, deildinni að nánara sambandi við kirkjuna og kirkjunni að nánara sambandi við vísindi. Hitt getur nefndin aftur ekki fallist á, að biskup komi í stað prófessors, enda ætlast nefndin ekki til, að hann hafi meira en hálfa kenslu á við aðra fasta kennara. Guðfræðideild yrði og afskift móts við lögfræðideild, ef í henni væri ekki nema einn prófessor. Biskup yrði því kennari við deildina, en með prófessorsrjettindum, þar sem ekki þykir hlýða, að hann sje óæðri að tign öðrum kennurum. Breyting þessi rýrir ekki biskupsembættið, en er í þágu þess, þar sem biskup fær aukna þekking og áhrif á prestsefni. Guðfræðideild virðist af svari sínu til nefndarinnar ekki vera frábitin slíkri breytingu, ef prófessorsembættin haldast óbreytt, en biskup komi í stað dósents. Alþingi hefir dregið margvísleg störf undan biskupi og ekki ástæðulaust að bæta það einhverju. — Meðundirritaður Magnús Jónsson er þó mótfallinn ákvæðum frumvarpsins og breytingartillögu nefndarinnar um þetta.

Nefndin getur eftir atvikum fallist á þá breytingu frumvarpins, að lagadeild sje svift einum prófessor. Deildin hefir frá upphafi haft einum prófess-

or fleira en lækna- og guðfræðideild. Hinsvegar þykir rjett, að fastráðinn sje í lagadeild aukakennari, svo ekki þurfi að auka starf hinna tveggja prófessora, er eftir verða, að mun, enda myndi aukakenslan veita góðan undirbúning undir prófessorsstarf. Í Reykjavík er nægur kostur góðra lögfræðinga, er ætla má að myndi vera ljúft að taka að sjer nokkra kenslu við háskólann. Meðundirritaður Magnús Jónsson er einnig mótfallinn ákvæðum frumvarpsins og breytingartillögu nefndarinnar í þessu efni.

Í frv. er svo ákveðið, að einn skuli vera prófessor og einn dósent í íslenskri málfræði og sagnfræði. Vilja tveir nefndarmenn (J. K., Sigurj. J.) fylgja frumvarpinu í þessu, en hinir þrír halda tveim prófessorum í íslenskum fræðum. Komin er fram tillaga frá fjárveitinganefnd, sem ætla má að nái fram að ganga, um að kennarinn »í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju« falli niður af fjárlögum, og getur þá ekki talist sómasamlegt að skerða frekar kenslu í íslenskum fræðum. Íslensk fræði eru sú fræðigrein við háskólann, sem síst má vanrækja. Í þeim fræðum verðum vjer að standa á sporði öðrum þjóðum, enda líklegast, að þjóð vorri auðnist helst að leggja nokkurn skerf til vísindanna á því sviði. Nefndin vill því auka íslensk fræði með því móti, að forstöðumenn landsbókasafns, þjóðskjalasafns og þjóðmenjasafns verði samkvæmt embættisstöðu sinni kennarar í deildinni. Gæti það orðið til gagns fyrir hvorttveggja starf forstöðumannanna. Um þetta atriði er nefndin sammála.

Þá er ákvæði frumvarpsins um, að lög nr. 25, 2. nóv. 1914, um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands, falli úr gildi. Nefndin getur fallist á það, þó með skírskotun til þess ákvæðis 6. gr., að fækkunin komi til framkvæmda þegar embættið losnar. Hún telur ekki nauðsyn á kennarastóli í klassiskum fræðum og sje hægt að fullnægja þörfum íslenskra fræða og guðfræðideildar í þessu efni með öðru móti. Hinsvegar situr nú í þessu embætti ágætur maður, sem að vísu gæti unnið margt á öðrum sviðum til þjóðþrifa, en nefndinni þætti þó of hart að gengið að fara þess á leit við hann, að hann taki við öðru embætti, þar sem hann er nú kominn yfir sextugsaldur, enda mun það ekki hafa verið tilætlun flutningsmanns.

Í frumvarpinu er og ætlast til, að niður falli lög nr. 35, 26. okt. 1917, um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við háskóla Íslands, enda flytji stjórnin hann í annað embætti. Um þennan kennarastól er nokkuð öðru máli að gegna en um kennarann í klassiskum fræðum, þar sem hann er bundinn við nafn dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar. Nefndin telur núverandi starf dr. phil. G. F. ekki eins nauðsynlegt og margt annað, er hann gæti unnið fyrir ríkið öðrum betur. Telur hún dr. phil. G. F. enga minkun gerða, heldur heiður, að þess sje farið á leit við hann, að hann taki að sjer annað starf jafnvirðulegt og kauphátt þegar völ verður á. Mætti til nefna forstöðumannsstarf við landsbókasafn. Dr. phil. G. F. er mjög bókfróður maður og í tölu bestu rithöfunda þjóðarinnar, og væri því vel farið, að hann tæki við einhverjum þeim störfum, er nær standa bókmentum en þau, er hann nú gegnir. Nefndin gerir sjer þó fyllilega ljóst, að slíkt getur ekki orðið nema með samkomulagi við dr. phil. G. F.

Kennarastólarnir í klassiskum fræðum og hagnýtri sálarfræði hafa verið

mikið umræðuefni Alþingis á seinni árum, og telur nefndin, að þeirri deilu verði best lokið með því að binda kennarastólinn í klassiskum fræðum við aldur núverandi kennara og fela hæstv. stjórn að ná samkomulagi við kennarann í hagnýtri sálarfræði um að flytjast í annað embætti þegar kostur gefst. Væri vel farið, að þessi mál fengju nú fullnaðarafgreiðslu. Meðundirritaður Bernharð Stefánsson lætur þess getið, að hann fellst þó ekki á þá meginreglu, að ríkinu sje skylt að sjá embættismönnum fyrir jafngildu embætti, þótt embætti þeirra sje lagt niður.

Nefndin vill svo að lokum geta þess, að Alþingi verður enginn sómi að þessum breytingum nema gætt sje um leið alls sparnaðar á þeim sviðum, er minna snerta íslenska menning. En þegar svo er komið hag ríkissjóðs, sem nú er, þarf nokkuð að spara í öllum greinum. Þess vegna leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

3. Við 3. gr. Á eftir »dósentar og aukakennarar« í síðari málsgr. komi: en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

4. Við 4. gr.
   a) Í stað »auk biskups 1 prófessor og 1 dósent« komi: auk biskups 2 prófessorar.
   b) Í stað »Í laga- og heimspekideildinni« í þriðju málsgr. komi: Í lagadeild.
   c) Á eftir »2 prófessorar í lögfræði« í sömu málsgr. komi: og 1 aukakennari.
   d) Á undan »1 prófessor í heimspeki« í sömu málsgr. komi, enda byrji þar ný málsgrein: Í heimspekideild eru.
   e) Í staðinn fyrir »1 prófessor og 1 dósent í íslenskri málfræði og sagnfræði« í sömu málsgr. komi: 2 prófessorar í íslenskri málfræði, bókmentasögu og sagnfræði.
   f) Við sömu málsgr. bætist nýr málsliður: Forstöðumenn þjóðskjalasafns, þjóðmenjasafns og landsbókasafns eru samkvæmt embættisstöðu sinni aukakennarar í íslenskum fræðum.
5. Við 5. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo: jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda eru úr gildi numin.

Alþingi, 24. mars 1924.

Ásgeir Ásgeirsson, skrifari og frsm. — Jón Kjartansson.

Bernharð Stefánsson. — Sigurjón Jónsson.

Undirritaður getur ekki fallist á það, að háskólinn sje svo minkaður, sem hjer er ráð fyrir gert, og að minsta kosti ekki svo, að hann verði liðfærri og veikari en í upphafi. En hann hefir fylgst með í starfi nefndarinnar til þess að vera ekki áhrifalaus um það, hvernig samfærslunni væri hagað, ef til hennar ætti að koma.

Magnús Jónsson.
formaður.

(B. LXVI, 1).

Nd. **225. Frumvarp**

til laga um gengisskráningu.

Flutningsmenn: Bernh. Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson og Halldór Stefánsson.

1. gr.

Landsstjórnin skal skipa þriggja manna nefnd til að meta verð erlends gjaldeyris í viðskiftum landsmanna innanlands og utan. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Landsbankans og Íslandsbanka í sameiningu, einn eftir tillögum Verslunarráðs Íslands og einn eftir tillögum Sambands íslenskra samvinnufjelaga.

2. gr.

Nefndin skal hafa fundi eigi sjaldnar en einu sinni í viku hverri, en forðast af fremsta megni tíðar gengisbreytingar. Sjái hún sjer eigi fært að ákveða verðgildi íslenskrar krónu að minsta kosti 50 % af gullverði á hverjum tíma, skal skráning eigi fara fram.

3. gr.

Gengi það, er nefndin ákveður á hverjum tíma, skal gilda sem grundvöllur viðskiftanna þannig, að enginn, hvorki peningastofnanir nje einstaklingar, megi selja gjaldeyri öðru verði en nefndin ákveður.

4. gr.

Kostnaður, sem leiðir af starfi nefndarinnar, greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Nánari fyrirmæli um starf nefndarinnar skal ákveða með reglugerð, er stjórnarráðið setur.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 5000—50000 krónum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Að margra áliti er hið sífallandi gengi hinnar íslensku krónu þyngsta fjárhagsbölið, sem þjóðin á við að búa.

Dýrtíðin í landinu fer altaf vaxandi. Aðalorsökin er áreiðanlega gengisfallið, þar sem vjer verðum að greiða tvo peninga fyrir einn, þegar um kaup á erlendum varningi er að ræða. Það er og mjög alvarlegt atriði í þessu máli, hversu illar afleiðingar gengishrunið hefir haft fyrir fjárhag ríkissjóðs, þar sem nú mun láta nærri, að það auki útgjöld hans á aðra miljón króna á ári.

Hinar tíðu gengisbreytingar orsaka og mjög *óheppilega* óvissu í öllu viðskiftalífi og gefa *tilefni til gróðabralls með gjaldeyrinn, á kostnað almennings.*

Næði íslensk króna sínu upphaflega gildi (þ. e. gullgildi), þá mundi allur kostnaður við framleiðslu lækka til muna og útgjöld ríkisins sömuleiðis. Væri hægt að festa gengið, þó það hækkaði ekki, þá mundi öryggi í viðskiftalífinu vaxa. Væri og mikið unnið, ef hægt væri að koma í veg fyrir, að gengið lækkaði frekar en orðið er.

Það sýnist vera sjálfsögð skylda ríkisvaldsins að taka í taumana í þessu efni, og þess vegna er frv. þetta fram komið. Hvort ráðstafanir þær, sem frumv. ætlast til að gerðar verði, koma að fullu gagni einar út af fyrir sig, kann að vera vafasamt, en þá er að gera frekari ráðstafanir, ef ástæða þykir til. En hvað sem því líður, þá tjáir ekki lengur afskiftaleysi þingsins af máli þessu.

(B. LVIII, 4).

Nd. **226. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Á eftir frumvarpsgreininni, sem verður 1. gr., komi ný grein, sem verður 2. gr. svo hljóðandi:

Á eftir síðustu málsgrein sömu greinar laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Svæðið frá Reykjanestá til Garðsskaga telst í þessu efni liggja við Faxaflóa.

(B. XXXII, 5).

Nd. **227. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 221 [Ríkisskuldabrjef].

Frá Birni Líndal og Jóni Kjartanssyni.

Breytingartillöguna skal orða svo:

Við 2. gr. Á eftir orðunum »sett í umferð« í niðurlagi fyrri málsgr. komi: Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

(B. LXII, 2).

Nd. **228. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

I. Frá *Ágúst Flygenring* og *Jakob Möller.*

Við 1. gr. Á eftir orðunum: »um vörutoll« í 3. málsl. 1. málsgr. komi: svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, tilbúnar hurðir og glugga.

II. Frá *fjárhagsnefnd.*

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ennfremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnivörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar.

(B. XLIX, 2).

Nd. **229. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Vill meiri hluti nefndarinnar ráða hv. deild til þess að fella frumvarpið.

Lítur meiri hlutinn svo á, að ef frv. þetta verður samþykt, þá raski það öllum grundvelli fátækralaganna, svo að þau verði að mestu úr sögunni, ef frv. verður samþykt. Allur fátækrastyrkur væri með frumvarpinu afnuminn, því þau fáu tilfelli, sem yrðu eftir, eru svo fá, að þeirra gætti sama og ekki. Lítur meiri hl. svo á, að ef svo stórfeld röskun er gerð á fátækralögunum, verði hún að

vera vandlega undirbúin, og jafnframt sjálfsagt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá eitthvað í staðinn, sem ljetti undir mjög þungan bagga sveitar- og bæjarsjóða. Mætti í því sambandi nefna almennar tryggingar o. s. frv. Það leiðir af sjálfu sjer, að ef frv. þetta verður samþykt, mun afleiðingin verða sú, að menn alment verða miklu stórtækari til sveitarsjóðanna en áður, ef styrkurinn hefir ekki lengur neinn rjettindamissi í för með sjer.

Það er auðvitað, að þessi rjettindamissir, sem sveitarstyrkur hefir í för með sjer, kemur hart niður á sumum, en það má segja það sama um flest lög, sem koma við almenning.

Meiri hlutinn lítur svo á, að það sje mjög óheppilegt að hrapa fljótlega að stórfeldum breytingum á fátækralögunum, og ræður þess vegna hv. deild til þess að fella frv. þetta.

Alþingi, 24. mars 1924.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson, framsm.

(B. LXVII, 1).

Nd. 230. Frumvarp

til laga um skattfrelsi fyrir h/f. Eimskipafjelag Íslands.

Flutningsmenn: Björn Líndal, Sigurjón Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Bernharð Stefánsson, Benedikt Sveinsson, Tryggvi Þórhallsson, Jón A. Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson og Árni Jónsson.

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti og sveitarútsvari árin 1924 til 1928, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það þykir nauðsyn að veita Eimskipafjelaginu ívilnun þessa, vegna erfiðleika þeirra um greiðslur á erlendum lánum fjelagsins, sem gengislækkun hins íslenska gjaldeyris bakar fjelaginu, og vegna þeirrar óhægu aðstöðu, sem fjelagið hefir í samkepni við þau hin erlendu fjelög, sem geta látið sjer nægja að sigla á arðvænlegustu viðkomustaðina einungis.

(C. XVIII, 1).

Ed. **231. Tillaga**

til þingsályktunar um sparnað við starfrækslu ríkisrekstrarins.

Frá fjárveitinganefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til rækilegrar yfirvegunar, hversu spara megi útgjöld ríkissjóðs við starfrækslu í hinum ýmsu greinum ríkisrekstrarins, svo sem í umboðs- og dómsmálum, heilbrigðismálum, kirkju- og kenslumálum og samgöngumálum. Telur deildin æskilegt, að stjórnin neyti til þessa aðstoðar nefndar eða nefnda, og væntir hún, að það geti orðið án nokkurs verulegs kostnaðar fyrir ríkissjóð.

(B. LVI, 4).

Nd. **232. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 220. (Barnakennarar).

Frá fjárveitinganefnd.

2. brtt. orðist svo:

3. gr. orðist svo:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið segir upp með 4 mánaða fyrirvara þeim kennurum, sem skólanefndir og fræðslunefndir telja eigi nauðsyn á til þess að halda uppi lögskipaðri fræðslu.

(C. V, 2).

Nd. **233. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um prófessorsembættið í íslenskri bókmentasögu við háskólann.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefir athugað tillögu þessa og leggja þrír nefndarmenn (Ing. B., Tr. Þ. og Þorl. J.) það til, að tillagan verði samþykt, en þrír nefndar-

manna (P. O., Sigurj. J. og Þór. J.) leggja hinsvegar til, að tillagan nái ekki fram að ganga, en einn nefndarmanna (J. S.) hyggst að koma fram með breytingu við tillöguna.

Alþingi, 27. mars 1924.

Pjetur Ottesen, form. Þórarinn Jónsson, fundaskrifari. Þorleifur Jónsson. Tr. Þórhallsson.

Sigurjón Jónsson. Jón Sigurðsson. Ing. Bjarnarson.

(B. XXXII, 6).

Ed. **234. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna verði þannig:

Öll skuldabrjefin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Af skuldabrjefum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabrjefaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabrjefin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

3. gr.

7. gr. laganna er úr gildi numin.

(A. I, 6).

Nd. **235. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1925.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1925 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
			1015000
3.	Aukatekjur	280000	
4.	Erfðafjárskattur	30000	
5.	Vitagjald	170000	
6.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
			490000
7.	Útflutningsgjald		700000
8.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og límonade)	375000	
9.	Tóbakstollur	350000	
	Flyt ...	725000	2205000

		kr.	kr.
	Flutt ...	725000	2205000
10.	Kaffi- og sykurtollur	775000	
11.	Vörutollur	1000000	
12.	Annað aðflutningsgjald	100000	
			2600000
13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		15000
14.	Stimpilgjald		300000
15.	Lestagjald af skipum		30000
16.	Pósttekjur	350000	
17.	Símatekjur	1000000	
			1350000
18.	Víneinkasala...		300000
19.	Tóbakseinkasala		200000
20.	Steinolíueinkasala.		60000
21.	Skólagjöld		3000
22.	Bifreiðaskattur		22000
	Samtals ...	... ...	7085000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		35000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		20000
	Samtals ...	... ...	55100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		45000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		5000
6. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
7. Greiðsla frá Landsverslun...		200000
Samtals ...	... ...	330000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Ovissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	52000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1925 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	384152,34	
2. Erlend lán: £ 8901 - 8 - 3 á 30 kr. og danskar kr. 343895,11	610937,24	
3. Gengismunur.	51584,16	
		1046673,74
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Erlend lán: £ 1707 - 5 - 2 á 30 kr. og danskar kr. 541272,16	592489,91	
3. Gengismunur..	81190,82	
		931080,73
III. Framlag til Landsbankans, 12. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2077754,47

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	170000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4500	
		174500
Samtals ...	... ...	174500

10. gr.

Til ráðuneytisins, hagstofunnar, utanríkismála og ríkisráðskostnaðar er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	30000	
	b. Til risnu	4000	
			34000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		74850
4.	Annar kostnaður		18000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum.		16200
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000
			152050
	B.		
	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra		8250
2.	Laun aðstoðarmanns		5250
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		8000
4.	Prentun eyðublaða		2000
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		2000
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		10000
7.	Til að gefa út manntalið 1703		1000
			36500
	C.		
	Utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
1.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn		17000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		6500
			39500
	Samtals ...	... ...	228050

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara	51500	
	b. Laun ritara	6000	
	c. Annar kostnaður, alt að	2000	
			59500
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		143700
3.	Laun hreppstjóra		27000
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun	19800	
	b. Húsaleiga	3000	
	c. Hiti, ljós og ræsting	2000	
	d. Ýms gjöld, alt að	1800	
			26600
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	21900	
	b. Laun 3 tollvarða...	13400	
	c. Húsaleiga	4500	
	d. Hiti og ljós	1300	
	e. Ýms gjöld, alt að...	9000	
			50100
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		42000
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		11000
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
9.	Borgun til sjódómsmanna		1000
10.	Borgun til setu- og varadómara		2000
			374900
	Flyt ...	... ...	374900

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	374900
B.			
Ýmisleg gjöld.			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ...	900		
b. Til pappírs og prentunar	8000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1200		
		10100	
2. Burðareyrir og embættisskeyti:			
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	20000		
b. Fyrir embættisskeyti	40000		
		60000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		20000	
4. Til embættiseftirlitsferða		5000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500	
6. Til landhelgisgæslu		100000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar ..		20000	
			215600
	Samtals ...	... ...	590500

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1. Laun			268200
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að			1500
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...			5000
Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924.			
	Flyt ...	... ...	274700

		kr.	kr.
	Flutt ...		274700
4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		1800
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
	b. Styrkur til sama, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	500	
			1500
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
8.	Til geislalækningastofu ríkisins		10000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Holdsveikraspítalinn		79705
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7250	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 12000		
	2. Viðurværi 58 manna (ca. 150 a. á dag) 31755		
	3. Klæðnaður 2800		
	4. Meðul og sáraumbúðir 1800		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti 2000		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	Flyt ... 68755	7250	372205

		kr.	kr.
	Flutt .. 68755	7250	372205
12. Skattar o. fl.	2500		
13. Ýmisleg gjöld	1200		
		72455	
		79705	
11. Geðveikrahælið á Kleppi			64645
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7250	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	12000		
2. Viðurværi 90 manna (ca. 150 a. á dag)	49275		
3. Klæðnaður 64 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	5760		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	12000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	900		
10. Óviss gjöld	1400		
		94435	
		101685	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 64 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		37040	
Mismunur ...		64645	
12. Til berklalækninga:			
1. Styrkur samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki		100000	
2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		9610	
			109610
Kostnaðurinn í 2. lið sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7250	
Flyt ...		7250	546460

		kr.	kr.
	Flutt ...	7250	546460
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	34000		
2. Viðurværi	135000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	8000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		236500	
		243750	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
	Mismunur ...	9610	
13. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að og með því skilyrði, að bæjarfjelagið og hlutaðeigandi sýslufjelag taki sjúkrahúsið að sjer til eignar og rekstrar, enda ábyrgist bæjar- og sýslufjelagið, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (2. veiting)		25000	
c. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Grímsneshjeraði		3000	
d. Bólusetningarkostnaður		1500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
	Flyt ...	59500	546460

	kr.	kr.
Flutt ...	59500	546460
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...	4000	
g. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breytingu á fátækralögunum, 77. og 78. gr.	60000	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
i. Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
j. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
k. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
l. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafirði	200	
m. Til slysatryggingasjóðs fjelagsins »Dagsbrúnar« ...	500	
		138000
14. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		22000
Samtals ...	... ...	706460

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum 83874		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur ... 66000		
c. Brjefhirðingamenn 20000		
	169874	
2. Póstflutningur	150000	
Flyt ...	319874	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	319874	... ...
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	7500		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	17000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10000		
d. Önnur gjöld	44000		
		78500	
			398374
B.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra	8250		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5750		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	2000		
5. Skrifstofukostnaður, alt að..	4500		
		23500	
II. Flutningabrautir:			
Viðhald og umbætur		75000	
III. Þjóðvegir:			
Viðhald og umbætur		50000	
IV. Til viðhalds slitlagi á akvegum		22000	
V. Fjallvegir		6000	
VI. 1. Til áhalda, alt að	10000		
2. Til bókasafns verkamanna	300		
		10300	
VII. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		10000	
VIII. Til dragferjuhalds:			
1. Á Hjeraðsvötnum	300		
Flyt ...	300	196800	398374

		kr.	kr.
Flutt ...	300	196800	398374
2. Á Lagarfljóti	300		
3. - Skjálfandafljóti	300		
		900	
IX. Styrkur til bifreiðaferða vor og haust frá Reykjavík austur um sveitir		1000	
Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.			
			198700
C. Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða:			
a. Esju	100000		
b. Eimskipafjelags Íslands	45000	145000	
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		60000	
			205000
D. Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000	
III. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	300000		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	8000		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	22000		
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	10000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	90000		
6. Áhaldahúsið	2500		
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	7300		
Flyt ...	439800	60000	802074

		kr.	kr.
	Flutt ...	439800	60000	802074
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000		
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	5800		
10.	Símastöðin á Borðeyri	7000		
11.	Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	4000		
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	6000		
13.	Símastöðin á Siglufirði	5000		
14.	Til aukaritsímaþjónustu	2000		
15.	Til loftskeytastöðvar í Flatey	2000		
16.	Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17.	Til loftskeytastöðvar á Síðu	2500		
18.	Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	80000		
			567100	
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		25000	
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		35000	
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		5000	
VII.	Viðhald landssímanna		110000	
VIII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500	
				803600
	E. Vitamál.			
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	8250		
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	5700		
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3000		
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
			18950	
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		20700	
	Flyt ...		39650	1605674

	kr.	kr.
Flutt ...	39650	1605674
III. Rekstrarkostnaður vitanna	60000	
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa	8000	
V. Ýmislegt	5000	
		112650
Samtals ...	... ...	1718324

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	8750	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	1000	
		9750
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.	406,28	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs...	210000	
4. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
		218806,28
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	104000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1000	
Flyt ...	105000	228556,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	105000	228556,28
c.	Styrktarfje:		
	1. Námsstyrkur 12000		
	2. Húsaleigustyrkur 9000		
	3. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta 1500		
		22500	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum.		
	Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.		
d.	Til kensluáhalda læknadeildar	500	
e.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 800 kr. til hvors	1600	
f.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4500	
g.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	2400		
	3. Ýms gjöld 3000		
		6900	
			141000
II.	Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum		8000
	1200 kr. handa hverjum styrkþega: Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra, að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Há-			
	Flyt ...	... ...	377556,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	377556,28
skóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.			
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		79100	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
3. — skólahússins utan og innan ...	2000		
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	18000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3000		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Ýmisleg gjöld	2500		
10. Til verðlaunabóka	100		
		34600	
			113700
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		20350	
b. Önnur gjöld:			
1. Til þriggja aukakennara	9200		
2. Tímakensla	3500		
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	5000		
5. Námsstyrkur	700		
	Flyt ... 19400	20350	491256,28

		kr.	kr.
Flutt ...	19400	20350	491256,28
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	2000		
		23300	
			43650
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		15600	
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	2000		
6. Ýmisleg gjöld	2500		
		13000	
			28600
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til Sveinbjarnar Egilssonar til fyrirlestra	300		
		9300	
			22500
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		12600	
Flyt ...		12600	586006,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	12600	586006,28
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	1800		
2. Ljós og hiti	1000		
3. Ýms kostnaður	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		6600	
			19200
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda.. ... 500			
3 Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 5300			
	10300		
		21500	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	10200		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ymisleg gjöld 4500			
	9000		
		20500	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum,			
	Flyt ...	42000	605206,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	42000	605206,28
	sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
	Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3.	Til skólahalds á Eiðum:		
	a. Laun 10800		
	b. Til aðstoðarkenslu 600		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms ... 600		
	2. Til kensluáhalda.. ... 500		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 3500		
	4. Ýmisleg gjöld 2000		
	6600		
		18000	
			60000
IX.	Iðnfræðsla:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	3000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			4000
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	3000	
	Flyt ...	3000	669206,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	3000	669206,28
b.	Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	3000	
			6000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	1000	
2.	Til verklegrar kenslu:		
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 600		
b.	Annar kostnaður, alt að 400		
		1000	
3.	Styrkur til námskvenna	6000	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			9500
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a.	Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 19000		
b.	40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
c.	Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		24000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
a.	Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
b.	65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
		17000	
			41000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
a.	Laun fræðslumálastjóra 7250		
b.	Skrifstofukostnaður hans 1000		
c.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		9250	
	Flyt ...	9250	725706,28

	kr.	kr.
Flutt ...	9250	725706,28
2. Laun kennara og dýrtíðaruppbót	250000	
3. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	9000	
4. Til prófdómara við barnapróf	2500	
		270750
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:		
1. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	30000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
2. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg gegn 3000 kr. tillagi frá Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði.	12000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII.		
		42000
XV. Húsmæðrafræðsla:		
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að		1000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla og leikfimi:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Flyt ...	300	1052456,28

	kr.	kr.
Flutt ...	300	1052456,28
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		4300
XIX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík		2000
Samtals ...	... ...	1058756,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	19900	
b. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3000	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	8000	
d. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
e. Húsaleiga	500	
f. Ymisleg gjöld	700	
		32460
Flyt ...	... ...	32460

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	32460
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	13000	
b. Til að binda inn og búa um skjöl	1000	
		14000
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7750	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1200	
c. Til að útvega forngripi, alt að	500	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
Þjóðmenjasafnið sje opið 4 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		10050
4. Náttúrufræðifjelagið		1200
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
b. Til viðhalds og áhalda	1500	
		9500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
9. Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
10. Til Þjóðvinafjelagsins		2000
11. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1000
12. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni		1000
13. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
14. a. Styrkur til skálda og listamanna	8000	
b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
Flyt ...	9200	81910

		kr.	kr.
	Flutt ...	9200	81910
	c. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
			14200
15.	a. Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins	4000	
	b. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli	1500	
			5500
16.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign landsins að honum látnum		2000
17.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7250	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1000	
			8250
18.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1500
19.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
20.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
21.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
22.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
23.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		500
24.	Til Sigfúsar Sigfússonar á Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar		500
25.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
26.	Til landsskjalftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		500
27.	Til veðurathugana og veðurskeyta		20000
28.	Til íþróttasambands Íslands		1000
29.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
30.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafnsins.		5000
31.	Til Goodtemplarafjelagsins, til bindindisstarfsemi ...		6000
	Flyt ...	... ...	157560

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	157560
32. Til að kaupa grasasafn Stefáns Stefánssonar skólameistara, síðari helmingur kaupverðs		4000
33. Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, þriðja afborgun		2500
34. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		4000
Samtals ...	... ...	168060

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		140000
2. Til sandgræðslu		15000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		10000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		35000
5. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
6. Til skógræktar:		
a. Laun	12300	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	10000	
		22300
7. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	18750	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis	1200	
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		
		20450
Flyt ...	... ...	246750

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	246750
8.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5250	
	b. Húsaleiga	1000	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
			7650
10.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
11.	Til Fiskifjelagsins		55000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
12.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	18000	
	b. Launauppbót þriggja fiskiyfirmatsmanna..	2200	
	Þar af fær fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. og fiskiyfirmatsmennirnir á Vestfjörðum og Austfjörðum 600 kr. hvor.		
	c. 4 síldarmatsmanna	9600	
	d. 4 ullarmatsmanna	2400	
	e. 5 kjötmatsmanna...	4500	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			44700
13.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		15000
14.	Til gerlarannsókna		2000
15.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6000
	Af þessum lið ganga 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur og 600 kr. til handavinnuskóla á Akureyri, sje honum haldið áfram.		
16.	Til sambands norðlenskra kvenna...		500
17.	Til vörumerkjaskrásetjara		800
18.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu		1500
	Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		
19.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		600
	Flyt ...	... ...	387100

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	387100
20. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
21. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		600
22. Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
23. Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5250
24. Til bjargráðasjóðs		23000
25. Til landhelgissjóðs		20000
26. Til slysatryggingar sjómanna		20000
27. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
28. Laun húsagerðarmeistara...		7550
29. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita: Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót, enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í landssjóð		5250
30. Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		30000
31. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli, að frádregnu eftirgjaldi af Staðarfelli, 1800 kr.		1200
32. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1000
Samtals ...	.. ...	503350

17. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	31962,28	
	b. Embættismannaekkjur og börn	14069,89	
	c. Uppgjafaprestar	1113,01	
	d. Prestsekkjur	5555,30	
			52700,48
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250		
	2. — Þorvaldar Pálssonar læknis 300		
	3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis 640		
	4. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra ... 1500		
		2690	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 500		
		2275	
	c. Uppgjafaprestar:		
	1. Til Stefáns M. Jónssonar 325		
	2. — Guðlaugs Guðmundssonar 500		
	3. — Bjarna prófasts Einarssonar 780		
		1605	
	d. Prestsekkjur:		
	1. Til Ástu Þórarinsdóttur 130,00		
	2. — Auðar Gísladóttur 300,00		
	3. — Bjargar Einarsdóttur 500,00		
	4. — Guðrúnar Björnsdóttur 300,00		
	5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ... 300,00		
	6. — Guðrúnar Ólafsdóttur... 100,00		
	7. — Guðrúnar Pjetursdóttur 300,00		
	Flyt ... 1930,00	6570	52700,48

		kr.	kr.
Flutt ...	1930,00	6570	52700,48
8. Til Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11. — Ingibjargar Sigurðardóttur... ...	400,00		
12. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
13. — Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
14. — Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar sem er í ómegð	300,00		
16. — Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17. — Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19. — Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
20. — Valgerðar Gísladóttur	176,50		
21. — Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22. — Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23. — Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
		6637,71	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2. — 3 barna hennar	300		
3. — Bjargar Jónsdóttur...	300		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5. — Hjartar Snorrasonar	500		
6. — Jónasar Eiríkssonar	500		
7. — Magnúsar Einarssonar	500		
8. — Elínar Briem Jónsson	300		
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300		
10. — 1 barns hennar	100		
11. — Steinunnar Frímannsdóttur	450		
12. — Þórunnar Stefánsdóttur...	400		
13. — Guðmundar Björnssonar	100		
14. — Árna Theódórs Pjeturssonar þangað til stjórnin veitir honum aftur starf hans eða annað álíka	500	4910	
Flyt ...		18117,71	52700,48

			kr.	kr.
		Flutt ...	18117,71	52700,48
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
	1. Til Árna Gíslasonar	300		
	2. — Guðm. Kristjánssonar	300		
	3. — Böðvars Jónssonar	200		
	4. — Hallgríms Krákssonar	200		
	5. — Jóhanns Jónssonar	200		
	6. — Þóru Matthíasdóttur	300		
	7. — Daníels Jónssonar	200		
	8. — Jens Þórðarsonar	100		
	9. — Friðriks Möllers	1200		
	10. — Kristínar Jóelsdóttur	200		
	11. — Eliesers Eiríkssonar	200		
	12. — Kristjáns Jóhannessonar Jódísarstöðum	300		
	13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
	14. — Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
	15. — Guðm. Kristjánssonar	200		
	16. — Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	300		
	17. — Friðriks Klemenssonar	1000		
			5700	
g.	Rithöfundar:			
	1. Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
	2. — Valdimars Briems	1200		
	3. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
	4. — Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
			8000	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
	1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson ...	300		
	2. — Jakóbínu Pjetursdóttur	200		
	3. — Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr. ...	600		
	4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	700		
	5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
	6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
	Flyt ...	2400	31817,71	52700,48

		kr.	kr.
	Flutt ... 2400	31817,71	52700,48
7.	Til 3 barna hennar 300		
8.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 300		
		3000	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Sigurðar Eiríkssonar fyrv. reglubóða 500		
3.	— Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 500		
4.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar... 300		
5.	— Páls Erlingssonar 800		
6.	— Erlends Zakaríassonar 300		
7.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
8.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
9.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar... 400		
10.	— Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar... 400		
11.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 400		
12.	Til Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
		4900	
	Á styrkveitingum í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...	1200	
			40917,71
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i ...		46209,10
IV.	Tillag til ellistyrktarsjóða		40000
	Samtals ...	... ...	179827,29

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskiveiðum í landhelgi o. fl.

Sömuleiðis skal af þessari upphæð greiða gengismun á útborgunum erendis samkvæmt þessum lögum, öðrum en lángreiðslum.

20. gr.

Til gjalda árið 1925 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr.	2077754.47	
——	8. —	—	60000.00	
——	9. —	—	174500.00	
——	10. —	—	228050.00	
——	11. —	—	590500.00	
——	12. —	—	706460.00	
——	13. —	—	1718324.00	
——	14. —	—	1058756.28	
——	15. —	—	168060.00	
——	16. —	—	503350.00	
——	17. —	—	4000.00	
——	18. —	—	179827.29	
——	19. —	—	100000.00	
				kr. 7569582.04
En tekjur eru áætlaðar:				
Samkvæmt	2. gr.	kr.	7085000.00	
——	3. —	—	55100.00	
——	4. —	—	330000.00	
——	5. —	—	52000.00	
				— 7522100.00
			Tekjuhalli	kr. 47482.04

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í

16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

2. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

22. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán:

a. Alt að 40000 kr. fyrir Mjólkurfjelagið Mjöll í Borgarfirði, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þegar fyrirtækið er svo undirbúið, að stjórninni þyki tryggilegt.
b. Alt að 15000 kr. til Bessastaðahrepps í Gullbringusýslu, gegn endurábyrgð sýslunnar.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1925, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1924 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(B. XLII, 3).

Nd. **236. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Í Reykjavík skal vera ljósmæðraskóli.

2. gr.

Fyrir »6 mánuðir« í 2. gr. komi: 9 mánuðir.

3. gr.

Fyrri málsgrein 3. gr. laganna orðist svo:
Landlæknir er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari skólans.

4. gr.

Í 3. og 7. gr. laganna, sem verða 4. og 10. gr., komi: ljósmóðir í stað »yfirsetukona«.

5. gr.

Aftan við 4. gr., sem verður 5. gr., bætist:
Þær námskonur einar fá styrkinn, sem skuldbinda sig til að takast á hendur að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sjerstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að fullu að öðrum kosti.

6. gr.

Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 6. og 7. gr., svo hljóðandi:

a) 6. gr.

Inntaka í ljósmæðraskólann skal bundin þessum skilyrðum:

1. Innsækjandi sýni skírnarvottorð, bóluvottorð og heilbrigðisvottorð, siðferðisvottorð frá sóknarpresti og vottorð um að hafa lokið fullnaðarprófi barna.
2. Innsækjandi skal sýna skilríki frá hreppsnefnd og sýslumanni um það, að henni sje ætlað ákveðið ljósmóðurumdæmi að loknu prófi.
3. Innsækjandi sje ekki yngri en 22 ára og ekki eldri en 35 ára. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarki, ef ástæða þykir.

b)

7. gr.

Tala námskvenna skal að jafnaði ekki vera hærri en 10—12.

7. gr.

5., 6. og 7. gr. verði 8., 9. og 10. gr.

8. gr.

8. gr. laganna, sem verður 11. gr., orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 15, 22. okt. 1912, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík.

(A. XI, 3).

Nd. **237. Frumvarp**

til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 11, með breytingunni á þskj. 210.

(B. LVII, 4).

Nd. **238. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ríkissjóður ábyrgist lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast í hjerlendum bönkum fyrir hönd ríkissjóðs alt að 500000 króna lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði, gegn viðunanlegri tryggingu og með öðrum þeim skilyrðum, sem nauðsynleg má telja af hálfu ríkissjóðs.

2. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

(A. XX, 4).

Ed. **239. Lög**

um breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 27. mars).

1. gr.

Námstími í kennaraskólanum skal vera 7 mánuðir á ári, október — apríl.

2. gr.

Í tölu námsgreina skólans bætist ensk tunga.

3. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi lög nr. 19, frá 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun kennaraskóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. I, 7).

Nd. **240. Nefndarálit**

um flóabátastyrk.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd Nd. hefir ekki orðið sammála um styrkupphæðir til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum fyrir árið 1925.

Minni hlutinn telur, að upphæð sú, kr. 60000,00, sem ákveðin er í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, nægi til að bætu úr hinum brýnustu þörfum til samgangna í þessu skyni.

Við, sem skrifum nöfn okkar undir álit þetta, teljum óhjákvæmilegt að hækka styrkupphæðina lítið eitt.

Þess ber að gæta, að styrkurinn er í tveimur tilfellum að miklu eða mestu póstferðastyrkur. T. d. má fullyrða, að til póstferða um Ísafjarðardjúp verði ríkissjóður undir öllum kringumstæðum að greiða árlega 10—12 þús. kr. og til póstferða milli Borgarness og Reykjavíkur álíka upphæð.

Nefndin er á einu máli um það, að styrkurinn til Borgarnesbátsins hafi

undanfarið, og þá ekki síður á þessu ári, verið óhæfilega hár í samanburði við aðra bátastyrki, sjerstaklega þegar þess er gætt, að flutningur og ferðamannastraumur er óvenjumikill á milli Reykjavíkur og Borgarness, og þá ekki síður þegar báturinn, sem þessar ferðir hefir annast, hefir sloppið við þá sjálfsögðu kvöð að annast ferðirnar við sunnanvert Snæfellsnes.

Með því að láta sama bátinn annast ferðirnar við sunnanvert Snæfellsnes, sem heldur uppi Borgarnesferðunum og sem virðist hagkvæmast að öllu leyti, þá má lækka styrkinn til bátaferða um Breiðafjörð að stórum mun.

Hinsvegar er nefndin öll sammála um, að ekki sje fært að lækka styrkinn til póst- og flutningaferða um Ísafjarðardjúp að neinum mun.

Þá er nefndin og sammála um það, að ekki verði hjá komist að styrkja bátaferðir til Skaftafellssýslu ríflega, eins og að undanförnu. Sama er um flóaferðir á Breiðafirði; þar eru útflutningshafnir, sem millilandaskip koma ekki til. Við það að sleppa höfnunum sunnan Snæfellsness álítum við, að styrkurinn geti lækkað að stórum mun.

Við verðum að játa, að fylsta þörf væri til þess að styrkja ýmsa fleiri báta til vöru- og mannflutninga innan hjeraðs en fært þykir að þessu sinni, en þar sem við, engu síður en aðrir háttv. þingdeildarmenn, höfum fullan vilja til að spara fje ríkissjóðs, jafnvel á þeim gjaldaliðum, sem nauðsynlegir eru, höfum við sniðið tillögur okkar við hinar allra brýnustu þarfir viðkomandi hjeraða.

Nefndin er öll sammála um það, að heppilegast sje að ætla hverju hjeraði ákveðna upphæð til þessara samgangna og að ríkisstjórnin úthluti styrknum í samráði við hjeraðsstjórnir.

Tillögur okkar eru því, að til báta ferðanna verði varið árið 1925:

Til báta ferða um Faxaflóa (Reykjavík, Borgarnes, Skógarnes, Búðir, Stapi)	kr. 25000
— báta- og póstferða um Ísafjarðardjúp...	— 15000
— báta ferða um Breiðafjörð, þar með Flateyjarbátur	— 8000
— — við Skaftafellssýslur og Rangársand	— 12500
— — milli Hornafjarðar og Austfjarða, þar með Lagarfljótsbátur	— 4000
Ýmislegt	— 500
Samtals	kr. 65000

Af framangreindum ástæðum berum við fram breytingu við fjárlagafrv. fyrir árið 1925, í samræmi við framanskráða niðurstöðu.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 24. mars 1924.

Jón A. Jónsson, form. og frsm.	Hákon J. Kristófersson, fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson.

(A. II, 3).

Nd. **241. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 2, með breytingunum á þskj. 206.

(A. XVIII, 7).

Nd. **242. Lög**

um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 28. mars).

1. gr.

3. gr. laga nr. 38, frá 3. nóv. 1915, skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, múra upp gröf eða kringum leiði, og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 100 kr. fyrir það, og þar að auki 40 kr. legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. LV, 2).

Nd. **243. Álit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Mjer hefir virst sem jeg mundi vera einn í allsherjarnefnd um að mæla með því, að frv. þetta verði samþykt.

Hefir álits bæjarstjórnar verið leitað, og hefir hún samþykt tillögu, sem mjer virðist gera það óhjákvæmilegt að láta frv. verða að lögum. Leyfi jeg mjer því að prenta hjer á eftir útdrátt úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem Alþingi hefir borist í staðfestu eftirriti og jeg tel vera bestu meðmælin með frv.:

»Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar«.

Ár 1924, þriðjudaginn þann 25. mars, átti bæjarstjórnin aukafund með sjer á skrifstofu bæjarstjóra. Var honum stýrt af bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni. Fjarverandi var Aug. Flygenring.

Á fundinum gerðist það, sem hjer segir:

1. Bæjarstjórninni hafði borist til umsagnar frá allsherjarnefnd Nd. Alþingis frumvarp til laga um breyting á löggjöf kaupstaðarins, að viðhafa hlutfallskosningu við nefndarkosningar.

Kom fram tillaga svo hljóðandi:

»Bæjarstjórnin samþykkir að beiðast þess af hinu háa Alþingi, að það gefi út lög um hlutfallskosningu nefnda innan bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem sje í samræmi við frumvarp það, er alþingismaður Jón Baldvinsson flytur nú á þinginu«.

Tillaga þessi var feld með 4 atkvæðum gegn 4 atkv.

Því næst var borin upp svo hljóðandi tillaga:

»Bæjarstjórnin lítur svo á, að með því að smeygja frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, inn á Alþingi að bæjarstjórninni fornspurðri, og fyrir milligöngu þingmanns annars kjördæmis, sje gerð óþörf tilraun til þess að smitta bæjarstjórnina af kosningaríg borgaranna og að innleiða þar flokkadrætti og sundrung að ófyrirsynju.

Mælir bæjarstjórnin því eindregið á móti því, að frumvarpið verði að lögum á Alþingi«.

Tillagan samþykt með 4 atkvæðum gegn 3.

2. .....

Fundi slitið. Magnús Jónsson.

Sigurgeir Gíslason. Ólafur Böðvarsson. Guðm. Jónasson. B. Snæbjörnsson. Gunnl. Kristmundsson. Guðmundur Helgason. Jón Einarsson. Davíð Kristjánsson.

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði hinn 25. mars 1924.

Magnús Jónsson«.

Nú er kosið til bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði með hlutfallskosningum, og það er bygt á þeim rjettláta grundvelli, að minni hlutinn fái með því þann rjett til þátttöku í bæjarmálum, sem atkvæðamagn hans veitir. Á sama grundvelli er þetta frv. bygt, sem veitir minni hlutanum í bæjarstjórninni rjett til, eftir atkvæðamagni, að kjósa menn í nefndir innan bæjarstjórnarinnar og ráða því, hvernig verkum er skift milli þeirra.

Nú hafa verið samþyktar hlutfallskosningar til nefnda innan bæjarstjórnar Reykjavíkur, og fleiri bæjarstjórnir munu nú þegar hafa tekið þær upp.

Engin ástæða er því til, sem hægt er að bera fram gegn frv., síst af öllu mótmæli meiri hluta hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Lögin um hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum heimta beinlínis slík lög sem þessi.

Jeg legg því til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 28. mars 1924.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

(B. XLIX, 3).

Nd. **244. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað í þessu máli og vill meiri hlutinn algerlega fella frumvarpið.

Minni hlutinn lítur svo á, að hjer sje farið fram á sanngjarnar rjettarbætur þeim mönnum til handa, sem við erfiðust kjör eiga að búa í þjóðfjelaginu, og að því beri að stefna, að menn missi eigi rjettindi sín, þótt þeir af ósjálfráðum atvikum þurfi að leita opinbers styrks sjer og sínum til framfærslu.

Hins vegar þykir öðrum manni í minni hlutanum (2. þm. Árn.) of langt skref tekið með frv., og vill því aðeins samþykkja það með nokkrum breytingum, og vill flutningsmaður eftir atvikum fallast á þær breytingar, í trausti þess, að frv. þannig breytt nái frekar fram að ganga.

Samkvæmt framansögðu leyfir minni hlutinn sjer að leggja til, að háttv. deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. a. Við 1. gr. b. Orðin »eða vottorði tveggja skilríkra manna« falli burt.
   b. Við 1. gr. c. Liðurinn falli burt.

2. 2. gr. falli burt.

3. 3. gr. falli burt.

Stafliðir og greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 28. mars 1924.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari, frsm. minni hl.

Jörundur Brynjólfsson.

(B. LVI, 5).

Nd. **245. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við staflið c. í 9. gr. laga nr. 75, 28. nóv. 1919, komi:
Standi skólinn skemur, lækka launin hlutfallslega.

2. gr.

13. gr. sömu laga orðist svo:
Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og embættismenn, og greiðist hún af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum. Hlunnindi þau, er ræðir um í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi.

3. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið segir upp með 4 mánaða fyrirvara þeim kennurum, sem skólanefndir og fræðslunefndir telja eigi nauðsyn á til þess að halda uppi lögskipaðri fræðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1924.

(B. LXII, 3).

Nd. **246. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, tilbúnar hurðir og glugga, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 20 % af innkaupsverði þeirra vara. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir ráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina:

Galvaniseraðir balar, brúsar og fötur, bambus, bast, bíla- og hjólhestadekk og slöngur, botnvörpur, botnvörpugarn, burstar og kústar, dynamit, dælur, ný epli, ger, gerduft, glóðarlampar, hampur, kátsjúk (óunnið), kopar, kolsýra, karbólín, lamir, lásar, gluggajárn, skrár, læknistæki, lyklar, lampaglös, sútað leður og skinn, viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí, gúmmíhælar og sólar, lóðarbelgir, lampakveikir, lyfjavörur, meðalalýsi, málning, mottur til umbúða, net, niðursoðin mjólk, ostahleypir, pottar, pönnur, prentletur, prentsverta, prjónavjelar, rafmagnstæki og mælar, ratin, reikningsspjöld, röntgentæki, sáraumbúðir, saumavjelar, seglgarn, síldarkrydd, skipsbrauð, smíðatól, stangasápa og blautsápa, sveskjur, svínafeiti, trjeskór og klossar, talsíma- og ritsímatæki, ullarkambar, vaxdúkur, veggfóður, vjelareimar, vír úr járni og kopar, vogir, önglar og öngultaumar.

Enn fremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnivörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1925.

(C. XIX, 1).

Ed. **247. Tillaga**

til þingsályktunar um breytt skipulag Söfnunarsjóðs Íslands.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta þing breytingu á skipulagi Söfnunarsjóðs Íslands, þannig að hjer eftir láni sjóðurinn aðeins til ræktunar í sveit og til endurbyggingar sveitabæja og nýbýla. Jafnframt er stjórn sjóðsins bannað að binda nokkuð af því fje, sem inn kann að koma, í löngum lánum þar til breyting sú, er hjer ræðir um, er orðin að lögum.

Greinargerð.

Landbúnaðinn vantar tilfinnanlega fje til ræktunar og húsabóta. Söfnunarsjóðurinn getur veitt löng lán og fremur ódýr. Hann hefir á hinn bóginn bundið fje sitt fram að þessu, sjer í lagi í húseignum í kaupstöðum. Hjer er gert ráð fyrir, að á þessu verði gerð alger breyting, þannig að fje þessarar lánsstofnunar verði framvegis eingöngu varið til lána handa sveitunum, auðvitað gegn nægilegum tryggingum.

(B. LXVIII, 1).

Ed. **248. Frumvarp**

til laga um niðurfall nokkurra embætta.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Önnur málsgr. 2. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, falli niður.

2. gr.

Önnur málsgr. 3. gr. sömu laga falli niður.

3. gr.

Önnur málsgr. 17. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, falli niður.

4. gr.

Fyrri málsgr. 19. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, falli niður, svo og öll önnur eldri lagafyrirmæli um starf og embætti skógræktarstjóra.

5. gr.

Framan við síðari málsgr. 19. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, bætist þessi orð:

Búnaðarmálastjóri hefir forstöðu skógræktarmála á Íslandi.

Greinargerð.

Með lögum um læknaskipun, frá 1907, voru stofnuð tvö aðstoðarlæknisembætti, annað á Ísafirði, hitt á Akureyri. Brátt lagðist niður embættið á Akureyri, en á Ísafirði hefir maður haft veitingu fyrir embættinu um alllanga stund, án þess að hafa nokkurt verksvið. Síðan embættið var stofnað hefir fjölgað héraðslæknum í Ísafjarðarsýslu, svo að hin upprunalega þörf er breytt. Embættið er nú með öllu þarflaust og óviðeigandi að halda því við.

Í launalögunum frá 1919 er gert ráð fyrir, að vegamálastjóri og vitamálastjóri hafi aðstoðarmenn, og sitja menn í þessum embættum. Hinsvegar er sýnilegt, að á næstu misserum verða hvorki byggðir vegir nje vitar. Aðstoðarmenn þessir eru því með öllu óþarfir, og er því lagt til að spara fje það, sem til þeirra gengur, uns framkvæmdir aukast aftur.

Skógræktarmálunum er nú komið í það horf, að óþarfi virðist að hafa þar sjerstakan forstjóra. Er því gert ráð fyrir að leggja niður það embætti og fela forstöðumanni Búnaðarfjelags Íslands að hafa yfirumsjón skógræktarmálanna. Sanngjarnt myndi, að skógræktarstjóri yrði látinn njóta biðlauna og síðan nokkurs ellistyrks.

Allar þessar tillögur ganga í sparnaðaráttina. Fyrir utan það gagn, sem leiða mundi af samþykt þeirra, er þeim mönnum, sem barist hafa móti skipun sparnaðarnefndar í efri deild, gefin bending um, að nokkru hefði mátt til vegar koma um samfærslu og niðurlagningu embætta á þessu þingi, ef þingmeirihlutinn hefði haft á því mikinn áhuga.

(B. LXII, 4).

Nd. **249. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Við 1 gr.

a. Orðin »burstar og kústar« falli burt.
b. Orðin »stangasápa og blautsápa« falli burt.

(B. LXII, 5).

Nd. **250. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson, Jón A. Jónsson.

Við 1. gr.:

Á eftir orðunum »önglar og öngultaumar« komi: tvistdúkur, flónel (Bommesie), shirting, lasting, ljereft (dowlas, stout), molskinn, nankin, boldang, sáraumbúðir.

(B. XX, 6).

Ed. **251. Lög**

um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Afgreidd frá Ed. 29. mars).

1. gr.

Aftan við 3. grein laganna bætist: eða stundað vjelgæslu samkvæmt 2. grein að minsta kosti 12 mánuði.

2. gr.

Fyrir orðin »6 mánuðir« í 4. gr. áðurnefndra laga komi: 12 mánuðir.

3. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

4. gr.

2. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi 12 mánuði eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjettindum sínum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 29, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

(C. XVIII, 2).

Ed. **252. Þingsályktun**

um sparnað við starfrækslu ríkisrekstrarins.

(Afgreidd frá Ed. 29. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til rækilegrar yfirvegunar, hversu spara megi útgjöld ríkissjóðs við starfrækslu í hinum ýmsu greinum ríkisrekstrarins, svo sem í umboðs- og dómsmálum, heilbrigðismálum, kirkju- og kenslumálum og samgöngumálum. Telur deildin æskilegt, að stjórnin neyti til þessa aðstoðar nefndar eða nefnda, og væntir hún, að það geti orðið án nokkurs verulegs kostnaðar fyrir ríkissjóð.

(B. LXII, 6).

Ed. **253. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, tilbúnar hurðir og glugga, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 20 % af innkaupsverði þeirra vara. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir ráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina:

Galvaniseraðir balar, brúsar og fötur, bambus, bast, bíla- og hjólhestadekk og slöngur, botnvörpur, botnvörpugarn, burstar og kústar, dynamit, dælur, ný epli, ger, gerduft, glóðarlampar, hampur, kátsjúk (óunnið), kopar, kolsýra, karbólín, lamir, lásar, gluggajárn, skrár, læknistæki, lyklar, lampaglös, sútað leður og skinn, viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí, gúmmíhælar og sólar, lóðarbelgir, lampakveikir, lyfjavörur, meðalalýsi, málning, mottur til umbúða, net, niðursoðin mjólk, ostahleypir, pottar, pönnur, prentletur, prentsverta, prjónavjelar, rafmagnstæki og mælar, ratín, reikningsspjöld, röntgentæki, sáraumbúðir, saumavjelar, seglgarn, síldarkrydd, skipsbrauð, smíðatól, sveskjur, svínafeiti, trjeskór og klossar, talsíma- og ritsímatæki, ullarkambar, vaxdúkur, veggfóður, vjelareimar, vír úr járni og kopar, vogir, önglar og öngultaumar.

Enn fremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnivörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1925.

(A. III, 5).

Nd. **254. Breytingartillaga**

við frv. til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Í stað niðurlagsorða frumvarpsgreinarinnar: »þangað til öðruvísi verður ákveðið« komi:
til ársloka 1927.

(B. LXIX, 1).

Nd. **255. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Ákvæði laga nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, taka einnig til viðskifta við almenning í vinnustofum í kaupstöðum, svo sem rakarastofum, þó að enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1924.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að ósk rakarafjelags Reykjavíkur, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.

(B. LV, 3).

Nd. **256. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir borið frv. þetta undir bæjarstjórnina í Hafnarfirði og fengið svar, sem greinir á þingskj. 243, þar sem bæjarstjórnin mælir »eindregið á móti því, að frumvarpið verði að lögum á Alþingi«.

Hinsvegar liggur ekkert fyrir um það, að það sje neinn almennur vilji í Hafnarfirði, að frumv. verði að lögum. Flutningsm. þess segir að vísu í greinargerðinni, að frv. sje flutt »eftir beiðni nokkurra manna í Hafnarfirði«, en engar frekari upplýsingar liggja þó fyrir um það.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að ekki sje rjett að gera frumv. þetta að lögum á móti vilja hlutaðeigandi kaupstaðar, og ræður því háttv. deild til að fella það.

Alþingi, 29. mars 1924,

Jón Kjartansson, form. — Bernharð Stefánsson, frsm.

Magnús Jónsson. — Jörundur Brynjólfsson.

(B. LVI, 6).

Nd. **257. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 3. gr.

a. Fyrir »4 mánaða fyrirvara« komi: 6 mánaða fyrirvara.

b. Fyrir »telja eigi« komi: sanna, að eigi sje.

(B. LXII, 7).

Ed. **258. Nefndarálit**

um frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumv. þetta og leggur eftir atvikum til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 30. mars 1924.

Sig. Eggerz. — Björn Kristjánsson, fundaskrifari. Með fyrirvara. — Jóhann Þ. Jósefsson. framsögum.

(B. LXII, 8).

Ed.

259. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti fjárhagsnefndar telur það mjög misráðið, að frv. um sjerstakan toll á nokkrar vörutegundir er hraðað gegnum þingið með afbrigðum frá þingsköpum, eingöngu til að afla landssjóði tekna, áður en þinginu hefir gefist kostur á að láta í ljósi álit sitt um það, hvort innflutningur á mörgum þeim vörum, sem hjer ræðir um, verður bannaður eða leyfður. Fari svo, að mjög mikið af tollvörum þessum verði bannvörur um nokkur ár, er lagasmíði um verðtoll á þær óþörf fyrirhöfn.

Sömuleiðis verður að telja það mjög óheppilegt, að ekki hafa verið rannsakaðar hinar helstu leiðir til bjargráða atvinnulífinu og til að rjetta við gengi íslenskrar krónu. (Takmarkaður innflutningur, skipulag á sölu sjávarafurða, eftirlit með því, til hvers íslenskur gjaldeyrir er notaður o. fl.). Slík rannsókn var eðlileg og óhjákvæmileg áður en byrjað var að leggja nýja tolla á innfluttar vörur.

Ennfremur hefir landsstjórnin ekki skýrt nægilega fyrir þinginu, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir, hvaða afstöðu hún tekur í þessum miklu vanda- og velferðarmálum þjóðarinnar.

Þótt minni hlutinn sje þannig, að svo vöxnu máli, ekki fylgjandi þessu frv., má samt búast við, að það verði samþykt. Þykir þó rjett að gera tilraun til að bæta úr nokkrum bersýnilegum ágöllum. Orðin »viðhafnarlaus skófatnaður« eru óákveðin og teygjanleg, en allir vita, hvað átt er við með nafninu vatnsleðurskór. Þá er lagt til að undantaka frá verðtollinum nokkrar þær nauðsynlegustu fatnaðarvörur, sem fátækari hluti þjóðarinnar notar alment til klæðnaðar. Sömuleiðis þykir ekki ástæða til, ef verðtollur er samþyktur, að það skipulag standi óumtalað nema fram til næsta þings.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr.
   a. Í staðinn fyrir orðin »viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni« komi: skófatnaður úr vatnsleðri.
   b. Á eftir orðunum »önglar og öngultaumar« komi: tvistdúkur, flónel (Bommesie), shirting, lasting, ljereft (dowlas, stout), molskinn, nankin, boldang.

2. Við 3. gr. Í stað orðanna »til ársloka 1925« komi: til febrúarloka 1925.

Alþingi, 30. mars 1924.

Ingvar Pálmason, framsögum. minni hl.

Jónas Jónsson.

(A. I, 8).

Nd. **260. Nefndarálit**

um strandferðir og styrk til flóabáta.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Við undirritaðir höfum eigi getað orðið samferða meðnefndarmönnum okkar að öllu um tillögur í þessu máli. Er öll nefndin þó sammála um það, að láta standa óbreytta áætlunarupphæðina, 100000 kr., til Esjuferða 1925, með því að líkur benda til þess, að sú upphæð nægi með breyttu og bættu fyrirkomulagi á strandferðaáætlun skipsins.

Aftur hefir nefndin klofnað um tillöguna vegna styrks til flóabáta. Vill meiri hluti hækka styrkinn frá áætlun fjárlagafrumvarpsins og jafnvel ákveða hann fyrir hvern bát, en við teljum hvorki ástæðu til þess brýna nje efni á því. Álítum við, að þær 60000 kr., sem stjórnin hefir áætlað til þessara ferða, geti nægt, ef hyggilega og sanngjarnlega er úthlutað fjenu, en þá úthlutun fjárins ætlumst við til að stjórnin hafi á hendi og hafi þar til hliðsjónar aðrar samgöngur á sjó, flutningaþörf, tilhögun póstgangna að öðru leyti og bendingar þær, sem fram koma í tillögum samgöngumálanefndar og umræðum.

Við teljum þörf fyrir flóabáta vera einkum á 5 svæðum landsins og að 60000 kr. geti nægt til að fullnægja henni, þótt áætlunarferðum fækki eitthvað.

Þessi svæði eru:

1. Faxaflói með sunnanverðu Snæfellsnesi.
2. Vestur-Skaftafellssýsla með Rangársandi.
3. Breiðifjörður með Hvammsfirði og Gilsfirði.
4. Ísafjarðardjúp.
5. Austfirðir, einkum milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar.

Undanfarið hefir tiltölulega langt of mikið af bátastyrknum gengið til ferða um Faxaflóa og til ferðanna verið notað afardýrt og óhentugt skip. Nokkuð líkt má segja um Breiðafjörð, að óhentugt og dýrt skip hefir annast ferðir þar að mestu, og auk þess miklu af styrknum varið til skuldalúkninga fyrir fjelag það, er skipið á. Aftur hefir meir verið í hóf stilt fjárveitingum til Skaftfellingabáts, og þó einkum til Austfjarðabáts, eða sambandsins milli Hornafjarðar og Austfjarða.

Við teljum rjett, að sýslunefndir þeirra hjeraða, sem bátanna njóta, geri tillögur til stjórnarinnar um fyrirkomulag ferðanna og skifti fjárins milli báta, ef fleiri en einn bátur er á hverju svæði, en hins vegar álítum við, að skifti fjárins milli landshlutanna verði að vera verk stjórnarinnar eftir framansögðu, eins og líka að hún setji nauðsynleg skilyrði til öryggis ferðunum.

Eðlileg skifting og sanni næst á þeim 60000 kr., sem við viljum að lagðar verði til flóabáta á árinu 1925, teljum við að ætti að vera þessi:

Til Faxaflóaferða	18000 kr.
— ferða með Rangársandi og Vestur-Skaftafellssýslu	13000 —
— ferða um Breiðafjörð og greinar hans	12000 —
— ferða um Ísafjarðardjúp	12000 —
— ferða um Austfirði með Hornafirði	5000 —

Alþingi, 29. mars 1924.

Sveinn Ólafsson, framsögum.

Árni Jónsson, með fyrirvara.

(A. I, 9).

Nd. **261. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 2. gr. 3. (Aukatekjur).
   Fyrir »280000« kemur 320000
2. Við 2. gr. 5. (Vitagjald).
   Fyrir »170000« kemur 195000
3. Við 2. gr. 8. (Áfengistollur).
   Fyrir »375000« kemur 430000
4. Við 2. gr. 9. (Tóbakstollur).
   Fyrir »350000« kemur 400000
5. Við 2. gr. 10. (Kaffi- og sykurtollur).
   Fyrir »775000« kemur 890000
6. Við 2. gr. 11. (Vörutollur).
   Fyrir »1000000« kemur 1120000
7. Við 2. gr. 12. (Annað aðflutningsgjald).
   Fyrir »100000« kemur 115000

II. Frá *fjármálaráðherra.*

1. Við 4. gr. 7. Liðurinn verður:
   Vextir frá Landsverslun... 25000
2. Við 4. gr. 7. Nýr liður:
   Vextir af Viðlagasjóði 75000
3. Við 5. gr. 2. Nýr liður:
   Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna 175000
4. Við 9. gr. 1. (Alþingiskostnaður).

Á eftir liðnum kemur athugasemd:

Heimilt er alþingisforsetum að ákveða til sparnaðar, að niður skuli falla prentun á umræðuparti Alþingistíðinda.

5. Við 11. gr. B. 6. Liðurinn verður:
Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði 50000

III. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 11. gr. B. 7. (Yfirskattanefndir).
Liðurinn orðist svo:
Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar 30000
2. Við 12. gr. 12. 1. (Berklalækningar).
Fyrir »100000« kemur 200000

IV. Frá *Jóni Kjartanssyni, Pjetri Ottesen, Pjetri Þórðarsyni* og *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 12. gr. 13. b. Nýr liður:
Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ... 20000

V. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 12. gr. 13. c. (Grímsneslæknishjerað).
Fyrir »3000« kemur 6000

VI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 13. e. (Sóttvarnir innanlands).
Fyrir »15000« kemur 8000

VII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 12. gr. 13. h. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík 1500

VIII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 12. gr. 13. j. Nýr liður:
Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ annarsstaðar að... 2000

IX. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 12. gr. 13. m. Nýr liður:
Til Tómasar Kristjánssonar, til þess að leita sjer heilsubótar erlendis 2000

X. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. B. VII. (Til akfærra sýsluvega).
Fyrir »10000« kemur 15000

XI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. C. 1. a. (Esja):
Fyrir »100000« kemur 180000

XII. Frá *Þorleifi Jónssyni.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir):
Fyrir »60000« kemur 70000

XIII. Frá *Jóni A. Jónssyni, Pjetri Þórðarsyni* og *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir).
Fyrir »60000« kemur 65000

XIV. Frá *Jakob Möller.*
Við 13. gr. D. III, 18. Nýr liður:
Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að 11000

XV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 14. gr. B. I. c. (Styrktarfje). Liðurinn verður:
c. Námsstyrkur og húsaleigustyrkur 10000
og er ætlast til, að veitt verði úr Sáttmálasjóði í þessu skyni 12500 kr. samkvæmt 2. gr. 3 í stofnskrá sjóðsins.
Húsaleigustyrk og námsstyrk o. s. frv.
2. Við 14. gr. B. II. (Námsstyrkur erlendis).
a. Fyrir »8000« kemur 12000
b. Orðin »1200 kr. handa hverjum styrkþega« í athugasemdinni falli burtu.
c. Aftan við athugasemdina bætist: og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 2—3 ár.
3. Við 14. gr. B. II. Nýr liður:
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að... ... 2500

XVI. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. IX. a. (Iðnskólinn).
Fyrir »3000« kemur 5000

XVII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. B. X. b. (Samvinnuskólinn).
Fyrir »3000« kemur 5000

XVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XIV. 2. (Flensborgarskólinn).
Fyrir »frá Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði« kemur: annarsstaðar frá.

XIX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. XIV. 2. Nýr liður:
Til fulltrúaráðs verklýðsfjelaganna í Reykjavík, til kvöldskóla verkamanna 350

XX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XV. (Húsmæðrafræðsla).
a. Liðinn skal orða svo:
Til kvenfjelagsins Óskar á Ísafirði, til húsmæðrafræðslu, gegn 500 kr. annarsstaðar að 1500
b. Við liðinn bætist aths.:
Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.

XXI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 2. a. (Þjóðskjalasafn).
Fyrir »13000« kemur 6750

XXII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 3. d. Nýr liður:
Til málverkakaupa 2000

XXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 3. d. Nýr liður:
e. Til eftirlits á Þingvöllum 1000

XXIV. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 12. Nýr liður:
Til að gefa út Lög Íslands, 100 kr. á örk 1000

XXV. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 15. gr. 14. a. (Skáld og listamenn).
Liðurinn fellur niður.

XXVI. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 15 a. (Jóh. L. L. Jóh.).
Fyrir »4000« kemur 6000

XXVII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 15. a. (Jóh. L. L. Jóh.).
Fyrir »4000« kemur 5500

XXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 15. gr. 15. b. (Þórbergur Þórðarson).
Fyrir »1500« kemur 500
2. Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót 7500

XXIX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 16. (Til Hannesar Þorsteinssonar).
Fyrir »2000« kemur 1000

XXX. Frá *Jakob Möller.*
1. Við 15. gr. 17. Nýr liður:
Til Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsóknum á gróðri landsins 1200
2. Við 15. gr. 27. (Veðurathuganir).
Fyrir »20000« kemur 30000
3. Við 15. gr. 31. (Templarafjel.)
Fyrir »6000« kemur 8000
4. Við 15. gr. 34. Nýr liður:
Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavik 1000
Til vara: 600
gegn 400 kr. frá Reykjavíkurbæ

XXXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 3. (Búnaðarfjelög).
Á eftir liðnum kemur athugasemd:
Styrknum skal varið til styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna, og ræður skiftingunni milli þeirra dagsverkatala í öðrum jarðabótum en þeim, er styrks njóta samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna.
2. Við 16. gr. 7. Nýr liður:
Til fjárkláðalækninga 10000

XXXII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*
Við 16. gr. 7. Nýr liður:
Til fjárkláðalækninga 2500

XXXIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 11. (Fiskifjelagið). Ný málsgr. við aths.:
Af upphæðinni skal 500 kr. varið til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum.

XXXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 12. Nýr liður:
Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra 3000

XXXV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 15. Nýr liður:
Til bændanna í Hrunamannahreppi, til greiðslu á viðlagasjóðsláni til smjörlíkisgerðar 3000
Til vara: 2500

XXXVI. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 22. Nýr liður:
Styrkur til Finnboga bónda Helgasonar í Hítardal, í viðurkenningarskyni fyrir sjerstakan dugnað til að halda uppi bygð á þessu fornfræga höfuðbóli 800

XXXVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 32. Nýr liður:
Til vatnsrenslismælinga 2000

XXXVIII. Frá *Magnúsi Torfasyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 32. Nýr liður:
Til bryggjugerðar á Eyrarbakka, alt að 1/3 kostnaðar (endurveiting) 10000

XXXIX. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 18. gr. II. a. 3. Nýr liður:
Til Sigurðar Magnússonar læknis 169,87

XL. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. d. 23. Nýr liður:
Til Guðbjargar Hermannsdóttur 181,70

XLI. Frá *Jakob Möller.*
1. Við 18. gr. II. f. 17. (Friðrik Klemensson).
Fyrir »1000« kemur 1200
2. Við 18. gr. II. f. 17. Nýr liður:
Til Elínar Sigurðardóttur 500

XLII. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
1. Við 18. gr. II. g. 1. (Indriði Einarsson).
Liðurinn fellur niður.
2. Við 18. gr. II. g. 4. (Einar H. Kvaran).
Liðurinn fellur niður.

XLIII. Frá *Tryggva Þórhallssyni* og *Jakob Möller.*
Við 18. gr. II. g. 4. Nýr liður:
Til Þorsteins Gíslasonar 2000

XLIV. Frá *Magnúsi Torfasyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 18. gr. II. i. 12. Nýr liður:
Til Þórdísar Símonardóttur, júbílljósmóður 600

XLV. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. i. Athugasemdin fellur niður.

XLVI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við 18. gr. II. j. Nýr liður:
Til ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds 1000

XLVII. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við 18. gr. III.
Fyrir »Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i.« kemur: Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. lið.
Upphæðin breytist samkvæmt því.

XLVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Vig 21. gr. 3. Nýr liður:
Alt að 25000 kr. til lánveitinga til tóvinnuvjela, gegn 6% vöxtum, endurgreiðslu á 20 árum og tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XLIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 22. gr. a. Nýr liður:
Alt að 40000 kr. til Húsavíkurhrepps, til að koma á vatnsleiðslu í kauptúninu, gegn endurábyrgð sýslufjelagsins.
2. Við 22. gr. b. (Bessastaðahreppur).
Liðurinn fellur niður.

L. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 22. b. Nýir liðir:
a. Til stofnunar klæðaverksmiðju á Austurlandi (Reyðarfirði), alt að 180000 kr., þó eigi yfir $^2/_5$ stofnkostnaðar, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
b. Alt að 10000 kr. til Norðfjarðarhrepps, gegn endurábyrgð sýslusjóðs.

LI. Frá *Árna Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 22. gr. b. Nýr liður:
Alt að 25000 kr. til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu, gegn endurábyrgð sýslunnar.

LII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*

Við 22. b. Nýr liður:

Alt að 50000 kr. til Jóhannesar J. Reykdal í Hafnarfirði, til þess að koma upp verksmiðju til að gera fóðurmjöl úr fiskúrgangi og þangi, enda telji stjórnin fyrirtækið vel undirbúið og trygt.

LIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. b. Nýr liður:

II. Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

LIV. Frá *Ingólfi Bjarnarsyni.*

Við 23. gr. Greinina skal orða svo:

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1925, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun, án uppbótar.

LV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 23. gr. Ný málsgrein:

Bankastjórninni er ennfremur heimilt að greiða til veðdeildarinnar af öðru fje bankans tveggja ára vexti og afborganir af veðdeildarláni til Skeiðaáveitufjelagsins.

(B. LXX, 1).

Nd. **262. Frumvarp**

til laga um lögreglusamþyktir í löggiltum verslunarstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í löggiltum verslunarstöðum, sem ekki eru hreppsfjelög út af fyrir sig, og þannig ekki njóta heimildarlaga nr. 18, 20. okt. 1905, til þess að gera lögreglusamþyktir, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leyft vera að gera samþykt um meðferð skepna, þar með taldir alifuglar í kauptúnum, til þess að varna því, að tjón eða skemdir hljótist af því, að skepnur gangi lausar eða í vanhirðu, með því að fyrirskipa vörslu á þeim á ákveðnum árstímum.

Hreppsnefnd sendir sýslunefnd frumvarp að samþyktinni, og fallist hún á það, sendist það stjórnarráðinu, er veitir því gildi með staðfestingu sinni.

2. gr.

Tiltaka má í samþyktinni sektir, alt að 200 krónum, fyrir brot á henni, og renna þær í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Lög nr. 18, 20. okt. 1905, sem veita heimild til þess að gera lögreglusamþyktir utan kaupstaða, ná aðeins til kauptúna og verslunarstaða, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig. Smærri kauptún og verslunarstaðir geta ekki notað þessa heimild, en það þykir nauðsynlegt að veita þeim heimild til þess að koma á samþyktum til varnar eignum manna fyrir átroðningi alifugla og annara skepna. Víða hagar svo til, að matjurtagörðum og öðrum eignum manna stafar mikil hætta af slíkum átroðningi.

Á frumvarp þetta að bæta úr þessu.

(B. XXXI, 7).

Nd. **263. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921. (Friðun rjúpna).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað fallist á frumvarpið óbreytt, en leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist þannig:
   a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu alfriðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.
2. Á eftir 1. gr. koma tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi:
   a. Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10 kr. fyrir hvern fugl, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins.
   b. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 27. júní 1921.

3. 2. gr., sem verður 4. gr., orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.
4. Fyrirsögn frv. orðist þannig:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Alþingi, 31. mars 1924.

Björn Líndal, framsögumaður.	Árni Jónsson, fundaskrifari.	Halldór Stefánsson.

(B. XV, 7).

Nd. **264. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 222 [Kosningar til Alþingis].

Frá Jóni Baldvinssyni og Magnúsi Jónssyni.

Aftan við aðaltill. bætist:
Ef 10. september ber upp á sunnudag, er kosið næsta virkan dag á undan.

(B. XLVII, 2).

Ed. **265. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta og kynt sjer þær ástæður, sem færðar hafa verið með og móti frumvarpinu af viðkomandi hjeraðsbúum. Og þar sem skoðanir manna í Snæfellsnessýslu virðast, eftir því sem fram hefir komið, vera töluvert skiftar í þessu efni, þá lítur nefndin svo á, að heppilegast sje að fela stjórninni að leita álits sýslunefndanna í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu um málið og leggja það álit fyrir næsta þing.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að hjeraðsbúa, sem hlut eiga að máli, greinir allmikið á um gagnsemi þessa frumvarps, leggur deildin til, að ríkisstjórnin leiti álits sýslunefndanna í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu um málið og leggi það álit fyrir næsta þing, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. mars 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskrifari og frsm.	Jónas Jónsson.

(B. LXXI, 1).

Nd. **266. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Flutningsmaður: Kl. Jónsson.

1. gr.

14. gr. laganna skal orða þannig:

Um greiðslu meðlagskostnaðar sjúklinga með smitandi berkla á heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna fer sem hjer segir:

Sjúklingurinn sjálfur eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, skal standa straum af kostnaðinum, ef hann er fær um það. Sje hann ekki fær um það að dómi hreppsnefndar dvalarhrepps sjúklingsins, skal hreppsnefndin senda stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal sýslumaður staðfesta skýrsluna eftir bestu vitund, en hjeraðslæknir vottar á hana, að vist utan heimilis sje nauðsynleg. Eftir þessum gögnum úrskurðar ráðherra, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur.

Nú úrskurðar ráðherra, að sjúklingur sje styrkhæfur, og skal þá ríkissjóður, eftir nánari ákvörðun ráðherra í hvert sinn, taka þátt í meðlagskostnaði sjúklingsins með alt að $^2/_5$ hlutum, dvalarhjerað sjúklingsins skal greiða jafnmikinn hluta og ríkissjóður, en sjúklingurinn sjálfur eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, skal greiða afganginn, og geti hann það eigi, þá skal framfærslusveit sjúklingsins greiða hann.

Dvalarhjerað táknar í lögum þessum bæjar- eða sýslufjelag það, sem sjúklingurinn á heimili í.

Undir meðlagskostnað telst einnig lyf og læknishjálp.

Upphæð sú, sem ríkissjóður greiðir upp í meðlagskostnað, má ekki fara fram úr 2 kr. fyrir hvern legudag, eða 1 kr. 50 aur., ef um börn er að ræða

innan 12 ára, ef sjúklingurinn dvelur í sjúkrahúsi eða heilsuhæli, sem rekið er á opinberan kostnað annan en ríkissjóðs, en nýtur þó styrks úr ríkissjóði.

Nú dvelur sjúklingurinn á sumarhæli barna, sem rekið er á þann hátt, er að framan getur, og má greiðsla ríkissjóðs þá ekki fara fram úr kr. 1,00 á dag.

Nú er heilsuhæli, sjúkrahús eða sumarhæli barna ekki rekið á opinberan kostnað með ríkissjóðsstyrk, heldur eign einstakra manna, fjelaga eða stofnana, og getur þá ráðherra ákveðið, að berklaveikir sjúklingar geti einnig fengið þar vist, gegn greiðslu eftir framangreindum ákvæðum.

Ef heilsuhæli eða sjúkrahús er rekið á ríkiskostnað, þá skal dvalarhjerað sjúklingsins greiða, eftir ákvörðun ráðherra, alt að 2 kr. fyrir hvern legudag, eða kr. 1,50, ef um börn innan 12 ára er að ræða, þó ekki meira en $^2/_3$ hluta rekstrarkostnaðar. Um þátttöku sjúklingsins í kostnaðinum fer eftir framansögðu.

Ekki verður meðlagskostnaður af opinberu fje fyrir sjúklinga með smitandi berkla í heilsuhæli, sjúkrahúsi eða sumarhæli barna greiddur lengur en yfirlæknir stofnunarinnar telur sjúklingnum þörf vistar þar vegna sjúkdómsins.

Nú getur sjúklingurinn ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. og 13. gr., og greiðir þá ríkissjóður alt að kr. 1,00 fyrir hvern dag, þó ekki meira en $^2/_3$ kostnaðar. Greiðir þá dvalarhjerað jafnmikið og ríkissjóður, en sjúklingurinn eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, skal greiða afganginn. Úrskurður um styrkhæfi og um greiðsluhlutföll kostnaðar fer fram á sama hátt og að framan greinir.

Ef heilbrigð börn eru tekin að heiman samkvæmt fyrirmælum 13. gr., og sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er ekki fær um að greiða kostnaðinn, greiðir ríkissjóður meðgjöf með þeim að hálfu, þó ekki meira en 50 aura fyrir hvern dag, en dvalarhjeraðið greiðir afganginn.

Dvalarhjerað sjúklingsins getur krafist endurgjalds á $^2/_3$ hlutum þess kostnaðar, sem það greiðir samkvæmt þessari grein, af bæjar- eða sýslusjóði framfærslusveitar sjúklingsins.

Nú fer meðlag það, sem einstöku hreppsfjelagi ber að greiða samkvæmt þessari grein, fram úr upphæð, sem nemur jafnmiklu og 3 króna gjald á hvern hreppsbúa, sem gjaldskyldur er til ellistyrktarsjóðs, og á þá hreppssjóður rjett til endurgreiðslu þess, sem fram yfir er 3 kr., úr sýslusjóði.

Nú verða gjöld sýslufjelaga eftir þessari grein á einhverju ári meiri en svarar 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, og endurgreiðist þá mismunurinn úr ríkissjóði.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan getur, í sjúkrahúsum eða hælum, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, var ríkissjóði gert að skyldu að greiða að $^{3}/_{5}$ hlutum mestan hluta af kostnaði þeim, sem leiðir af lækningu berklaveiks fólks í landinu. Að eins lækningakostnaður þeirra einna berklasjúklinga er ríkissjóði óviðkomandi, sem eru svo efnum búnir, að ætla má, að þeir mundu ekki bíða mikið tjón á efnahag sínum, þó þeir ættu að standa straum af lækningu sinni sjálfir.

Það hefir nú í framkvæmdinni reynst svo, að flestir berklasjúklingar, sem sótt hefir verið um lækningastyrk fyrir, hafa reynst svo illa efnum búnir, samkvæmt efnahagsskýrslum þeirra, að eigi hefir þótt annað fært en að telja þá styrksþurfa. Það hefir því orðið sú raun á, að ríkissjóður hefir orðið að greiða stórfje til lækninga þessara berklasjúklinga, og hafa útgjöldin í þessu skyni orðið sem hjer segir:

Árið 1922	...	...	...	kr.	128557,66
— 1923	...	...	...	—	278705,07

og það sem af er þessu ári kr. 77412,00. Auk þess er mikið af ríkissjóðsávísunum gefið út fyrir slíkum kostnaði, sem enn eru eigi greiddar, og má búast við, að berklavarnakostnaðurinn samkvæmt lögum frá 1921 og lögum nr. 44, 20. júní 1923, verði ekki undir 350000 krónum fyrir umliðið ár, þegar alt er greitt.

Vegna þess að ríkissjóður getur ekki risið undir slíkum gjöldum, er frv. þetta borið fram, enda sanngjarnt, að sjúklingurinn sjálfur beri það af lækningakostnaðinum, sem hann er fær um, eða að öðrum kosti framfærslusveit hans að einhverju leyti. Þess virðist mega vænta, að fyrirkomulag það, sem frumvarpið ákveður, gæti orðið til þess, að nákvæmari efnahagsskýrslur fengjust um berklasjúklingana en nú ef til vill á sjer stað oft og einatt, því það er í þágu hreppsins, að efnahagsskýrslan greini sem best allan efnahag sjúklingsins, þegar góður efnahagur hans gæti orðið til þess að ljetta talsverðri byrði af hreppnum. Stundum gæti þá líka efnahagsskýrslan sýnt, að sjúklingurinn þyrfti eigi neinn styrk úr ríkissjóði, ef eigi þyrfti nema stutta sjúkrahúsvist.

Það virðist eigi um of, þó framfærslusveit berklasjúklings sje skylduð til að greiða $^{1}/_{5}$ hluta meðlagskostnaðarins að svo miklu leyti, sem sjúklingurinn getur það ekki sjálfur. Yfirleitt mundi þetta ekki nema mjög stórri upphæð fyrir hvert hreppsfjelag, en þegar svo bæri undir, að margir sjúklingar væru úr sama hreppi í sjúkrahúsinu, gæti þó þetta numið allmiklu, og er þess vegna sett það ákvæði í frumvarpið, að það fje, sem hreppurinn þannig yrði að greiða, fari aldrei fram úr upphæð, sem nemi jafnmiklu og 3 krónur á hvern gjaldskyldan mann til ellistyrktarsjóðs í hreppnum.

Lög nr. 44, 20. júní 1923, hafa verið tekin upp í frumvarp þetta að því er gjöld sýslusjóða snertir eftir lögunum, og þykir því rjett að fella þau úr gildi.

Loks er sú breyting gerð frá núgildandi ákvæðum, að framlag af opinberu fje sje samkv. þessari grein greitt einungis vegna sjúklinga með smitandi berkla.

falla þá sjúklingar með berkla, sem ekki eru smitandi, undir hin almennu ákvæði laga um greiðslu sjúkrahúskostnaðar, og virðist það eðlilegt.

Samkvæmt því, sem að framan segir, virðist mega vænta þess, að ríkissjóði geti sparast að minsta kosti alt að því þriðjungur þess fjár, sem hann verður nú að greiða með berklaveiku fólki, ef frumvarp þetta verður að lögum, og ef til vill meira.

(B. LXIII, 2).

Nd. **267. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Frá samgöngumálanefnd.

Þegar frv. til laga þeirra, er hjer um ræðir, var til meðferðar í þinginu í fyrra, voru það hin einu verulegu andmæli gegn því, að mikið skorti á fulla sanngirni í því, að ætla notendum og eigendum fasteigna einum að bera skatt þann, er lögin hljóða um, og að hann næði ekki til annara hversu vel efnum búnir sem þeir væru. Misrjetti í þessu efni mundi og koma sjerstaklega hart niður á fasteignaeigendum í kauptúnum og sjávarsveitum.

Með frv. því, er nú liggur fyrir, er það lagt á vald hreppsnefnda, hvernig skatturinn verður á lagður í hverjum hreppi fyrir sig, og mundi það í flestum tilfellum fara eftir samkomulagi hreppsbúa sjálfra.

Nefndin er á einu máli um, að breytingin sje hagkvæm, og leggur því til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 31. mars 1924.

Jón A. Jónsson, form.	H. J. Kristófersson, fundaskrifari.	Pjetur Þórðarson, framsögum.

Sveinn Ólafsson. Árni Jónsson.

(B. LVI, 7).

Ed. **268. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við staflið e. í 9. gr. laga nr. 75, 28. nóv. 1919, komi:
Standi skólinn skemur, lækka launin hlutfallslega.

2. gr.

13. gr. sömu laga orðist svo:
Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og embættismenn, og greiðist hún af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum. Hlunnindi þau, er ræðir um í 11. gr. 2. málsgr., koma ekki til greina í þessu sambandi.

3. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið segir upp með 4 mánaða fyrirvara þeim kennurum, sem skólanefndir og fræðslunefndir sanna, að eigi sje nauðsyn á til þess að halda uppi lögskipaðri fræðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1924.

(B. XXXIV, 4).

Nd. **269. Frumvarp**

til laga um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára eða eldri og hafa átt lögheimili í bænum í eitt ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, eigi heldur foreldrar og börn nje móðurforeldrar eða

foðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konu jafnan að skorast undan kosningu.

2. gr.

Kjörskrá sú og aukakjörskrá, sem árlega eru samdar yfir kjósendur til Alþingis, skulu og gilda fyrir kosningar í bæjarmálefnum fyrir sama tímabil og til alþingiskosninga.

3. gr.

Þegar kosning á fram að fara, skal borgarstjóri auglýsa dag, stað og stundu með 6 vikna fyrirvara og samtímis leggja fram eftirrit af gildandi kjörskrám.

4. gr.

Kosningu stýrir kjörstjórn, og eru í henni borgarstjóri, sem er oddviti kjörstjórnar, og tveir bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin kýs. Auk þess skal bæjarstjórnin kjósa tvo bæjarfulltrúa til vara í kjörstjórnina, og tekur varamaður sæti í kjörstjórninni í forföllum þess aðalmanns, sem kosinn er á sama lista. Við borgarstjórakosningu og í forföllum borgarstjóra skal forseti bæjarstjórnar, eða varaforseti í forföllum hans, gegna störfum oddvita.

5. gr.

Lista þá, sem kjósa skal um, skal afhenda oddvita kjörstjórnar ekki síðar en á hádegi 20 dögum á undan kosningu. Við aukakosningar getur bæjarstjórn stytt þennan frest um helming.

6. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar síns í skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík og á skipum frá Reykjavík, eftir sömu reglum og gilda við kosningar til Alþingis, þegar þeim stendur á.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 30. júlí 1909, að því er Reykjavík snertir, og 7. og 8. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

(B. LXII, 9).

Ed. **270. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 259. (Verðtollur).

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Við 1. b. bætist:

blautsápa, garn allskonar til heimilisðinaðar og nýtt grænmeti.

(B. LXII, 10).

Nd. **271. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, tilbúnar hurðir og glugga, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 20 % af innkaupsverði þeirra vara. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir ráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina:

Galvaniseraðir balar, brúsar og fötur, bambus, bast, bíla- og hjólhestadekk og slöngur, botnvörpur, botnvörpugarn, burstar og kústar, dynamit, dælur, ný epli, ger, gerduft, glóðarlampar, hampur, kátsjúk (óunnið), kopar, kolsýra, karbólín, lamir, lásar, gluggajárn, skrár, læknistæki, lyklar, lampaglös, sútað leður og skinn, viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí, gúmmíhælar og sólar, lóðarbelgir, lampakveikir, lyfjavörur, meðalalýsi, málning, mottur til umbúða, net, niðursoðin mjólk, ostableypir, pottar, pönnur, prentletur, prentsverta, prjónavjelar, rafmagnstæki og mælar, ratin, reikningsspjöld, röntgentæki, sáraumbúðir, saumavjelar, seglgarn, síldarkrydd, skipsbrauð, smíðatól, sveskjur, svínafeiti, trjeskór og klossar, talsíma- og ritsímatæki, ullarkambar, vaxdúkur, veggfóður, vjelareimar, vír úr járni og kopar, vogir, önglar og öngultaumar, tvistdúkur, flónel (Bommesie), shirting, lasting, ljereft (dowlas, stout), molskinn, nankin, boldang, blautsápa, garn allskonar til heimilisiðnaðar og nýtt grænmeti.

Enn fremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnivörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1925.

(B. XV, 8).

Ed.

272. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóvember 1915, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrri málsgr. 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, víðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílíkt, að skifta hreppi í þrjár kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hverja kjördeild. Er hreppstjóri oddviti einnar, hreppsnefndaroddviti annarar og varahreppsnefndaroddviti hinnar þriðju, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hverri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í eina kjördeildina. Í forföllum hinna lögákveðnu kjördeildaoddvita, kýs hreppsnefnd aðra í þeirra stað.

2. gr.

Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslið 9. gr. laganna komi: kaupstað eða hreppi verið skift.

3. gr.

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. komi: laugardagurinn í 12. viku sumars.

4. gr.

Í stað orðanna »er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum« í 36. gr. komi: er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.

Aftan við sömu gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ógildur er seðill í tvímenningskjördæmi, ef aðeins einn er kosinn.

5. gr.

Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

6. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á kosningalögunum, skal færa inn í texta laga nr. 28, 3. nóv. 1915, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

(B. LXII, 11).

Nd. **273. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá Aug. Flygenring, Birni Líndal og Jakob Möller.

Við 1. gr.

Orðin »tvistdúkur, flónel« og til enda þriðju málsgreinar falli burt.

(B. LXII, 12).

Nd. **274. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Við 1. gr.

1. Orðið »gerduft« falli burt.
2. Orðið »blautsápa« falli burt.
3. Á eftir »síldarkrydd« komi:
   sjálfvinnandi þvottaefni.

(B. LXII, 13).

Nd. **275. Lög**

um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Afgreidd frá Nd. 31. mars).

1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, tilbúnar hurðir og glugga, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 20 % af innkaupsverði þeirra vara. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir ráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina:

Galvaniseraðir balar, brúsar og fötur, bambus, bast, bíla- og hjólhestadekk og slöngur, botnvörpur, botnvörpugarn, burstar og kústar, dynamit, dælur, ný epli, ger, gerduft, glóðarlampar, hampur, kátsjúk (óunnið), kopar, kolsýra, karbólín, lamir, lásar, gluggajárn, skrár, læknistæki, lyklar, lampaglös, sútað leður og skinn, viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí, gúmmíhælar og sólar, lóðarbelgir, lampakveikir, lyfjavörur, meðalalýsi, málning, mottur til umbúða, net, niðursoðin mjólk, ostahleypir, pottar, pönnur, prentletur, prentsverta, prjónavjelar, rafmagnstæki og mælar, ratin, reikningsspjöld, röntgentæki, sáraumbúðir, saumavjelar, seglgarn, síldarkrydd, skipsbrauð, smíðatól, sveskjur, svínafeiti, trjeskór og klossar, talsíma- og ritsímatæki, ullarkambar, vaxdúkur, veggfóður, vjelareimar, vír úr járni og kopar, vogir, önglar og öngultaumar, tvistdúkur, flónel (Bommesie), shirting, lasting, ljereft (dowlas, stout), molskinn, nankin, boldang, blautsápa, garn allskonar til heimilisiðnaðar og nýtt grænmeti.

Enn fremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efnivörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar.

2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1925.

(A. XXIV, 3).

Ed. **276. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og kynt sjer ástæður þær, sem liggja til þeirra fjárveitinga, sem í því standa. Leggur nefndin til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt, en vill að eins geta þess, að hún er sammála því, er fram kemur í nefndaráliti neðri deildar um þetta mál.

Alþingi, 31. mars 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Einar Árnason, framsm.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.
Guðm. Ólafsson.	Ingibjörg H. Bjarnason.	

(C. XX, 1).

Nd. **277. Tillaga**

til þingsályktunar um útsölu á vínum í Reykjavík.

Flutningsmaður: Ásgeir Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að fela einstökum manni smásölu á vínum í Reykjavík með sjerstökum samningi fyrir ákveðna þóknun, enda sje útsölustöðum ekki fjölgað og ekkert gert til að auka söluna.

Greinargerð.

Tóbaks- og steinolíuverslun Landsverslunar er eingöngu heildsala, og þykir rjett að svo sje einnig um vínverslunina, enda hefir smásalan á vínum verið fengin í hendur einstaklingum alstaðar annarsstaðar en í Reykjavík. Það er og sannanlegt, að hægt er að spara hálfan útsölukostnað með því fyrirkomulagi, sem hjer er stungið upp á. Á slíkum hlutum sem þessum á sparnaðurinn að byrja. Nánar í framsögu.

(A. I, 10).

Nd. **278. Varatillaga**

við breytingartillögu XIV. á þskj. 261 [Fjárlög].

Frá Magnúsi Jónssyni, Jóni Kjartanssyni, Jóni A. Jónssyni og Birni Líndal.

Í stað »11000« kemur: ..... 8000.

(A. III, 6).

Ed. **279. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Lög nr. 70, 27. júní 1921, skulu vera í gildi til ársloka 1927.

(A. I, 11).

Nd. **280. Breytingartillaga**

við varatillögu á þskj. 278 [Fjárlög].

Frá Jakob Möller.

Í stað »8000« kemur: 9400.

(A. I, 12).

Nd. **281. Breytingartillaga**

við breytingartillögu XVII. á þskj. 261 [Fjárlög].

Frá Jakob Möller.

Tillagan orðist svo:

Við 14. gr. B. X. (Verslunarskólar).

Fyrir »3000« í báðum liðum komi: 5000.

(B. LXXII, 1).

Ed. **282. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Fúluvík í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu.

Flutningsmaður: Halldór Steinsson.

1. gr.

Fúlavík í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt áskorun hlutaðeigandi hjeraðsbúa.

(B. L, 3).

Nd. **283. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál. Minni hluta nefndarinnar þykir prósentugjaldið, sem frumvarpið tiltekur, of lágt og telur rjettmætt, að þessar stofnanir ríkisins greiði allverulegt gjald til bæjarins og vill gera breytingu á frumvarpinu í þá átt. Meiri hluti nefndarinnar telur, að þessar stofnanir hafi þá sjerstöðu, að ekki sje unt að bera þær saman við privatfyrirtæki hvað skattálögur til bæjarsjóðs snertir, en getur hinsvegar fallist á, að þær sjeu ekki með öllu undanþegnar gjaldi til bæjarsjóðs Reykjavíkur. En það gjald til bæjarins ber að skoða sem greiðslu fyrir þau not, er þessar stofnanir hafa af tækjum og ýmsum athöfnum bæjarins (vegum o. fl.). Og með tilliti til þessa þykir meiri hluta nefndarinnar rjett að fallast á það gjald, er frumvarpið tiltekur (5 %). Nú er að vísu svo með verslunarstarfsemi ríkissjóðs, að sumar greinar hennar eru beinlínis reknar í gróðaskyni, t. d. tóbaksverslunin og vínverslunin, en olíuverslunina má aftur telja sem bjargráðaráðstöfun. Sumum kann að virðast sem þær greinar ríkisverslunarinnar, sem reknar eru í gróðaskyni, ættu

að greiða hærra gjald til bæjarins heldur en hinar, sem reknar eru til hagsmuna fyrir almenning (olíuverslunin), en meiri hluti nefndarinnar telur ekki ástæðu til, að farið sje að gera mun á þessu gjaldi af þessum ríkisstofnunum. Komið hefir breytingartillaga (þingskj. 177) um, að gjaldið til bæjarins sje 2 %. En meiri hluti nefndarinnar telur eftir öllum ástæðum þetta gjald helst til lágt sett, og er þess vegna þessari tillögu mótfallinn. Enn fremur vill meiri hluti nefndarinnar láta þess getið, að hann vill ekki að þessar stofnanir ríkisins fari að greiða sjerstakt gjald til annara sveitar- eða bæjarsjóða utan Reykjavíkur, þó Landsverslunin hafi þar útibú. Getur meiri hlutinn að vísu viðurkent, að það væri ekki ósanngjarnt, en álítur hins vegar, að það skifti svo sáralitlu máli fyrir hvern einstakan bæjar- eða sveitarsjóð, að ekki taki að heimila slíka skattálagningu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því eindregið til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1924.

Jörundur Brynjólfsson, framsögum.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson.

(B. XXVIII, 2).

Nd. 284. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg, sem hjer rita undir, hefi ekki getað fallist á, að rjett sje að hrapa nú þegar að því að afnema þau lög, sem í fyrra voru sett og víst er um, að eru mikil rjettarbót á sínu sviði. Það er vitaskuld, að þau losa menn ekki undan öllu því margvíslega böli, sem leiðir af elli og sjúkdómum, en varla verður það talin ástæða gegn lögunum, því sá hefir ekki verið tilgangur þeirra, heldur að eins að draga úr því á þessu eina sviði, eftir því sem hægt er, og það tel jeg að tekist hafi.

Annars er ástæðan fyrir frumv. sú, að heimildin um heimakosningar hafi verið misbrúkuð svo mjög við síðustu kosningar og megi telja víst, að þessi misbrúkun fari í vöxt. Þetta hlýt jeg að telja sumpart ýkt og sumpart rangt. Það liggur ekki fyrir frá síðustu kosningum, að lögin um heimakosningu hafi verið misbrúkuð þannig, að þau hafi orðið orsök til þess, að menn hafi greitt atkvæði, sem ekki áttu rjett til þess, eða greitt atkvæði öðruvísi en sannfæring þeirra bauð, og því haft ranglát áhrif á kosningaúrslit. Menn hafa ekki heldur farið kringum þau eða fundið í þeim smugu til rangrar aðferðar. Hitt skal játað,

að þessi heimakosning hafi ekki farið fram að öllu leyti sem best, en það stafar af því, að lögin voru ný, menn vöruðu sig ekki fullkomlega á afleiðingum þeirra, og voru því ekki við þeim búnir sem skyldi; menn sýnast ekki alstaðar hafa skilið lögin til fulls eða gætt þeirra, en það er svo langt frá því, að líkindi sjeu til þess, að þetta fari í vöxt, að það er sjálfsagt, að þetta muni geta horfið með öllu, þegar frá líður.

Á hinn bóginn er það víst, að mörg hundruð kjósendum, sem áttu rjettinn fullan og óskoraðan, hefir með þessum lögum verið gert kleift að nota hann, og væri því mjög ómaklegt að afnema þau nú, án frekari reynslu. Legg jeg því til, að frumv. verði felt.

Alþingi, 1. apríl 1924.

Magnús Jónsson.

(B. LX, 5).

Ed. **285. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1924.

Björn Kristjánsson, formaður.	Jóhann Þ. Jósefsson, skrifari og framsm.	Ingvar Pálmason.

(B. XXVIII, 3).

Nd. **286. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál. Minni hluti nefndarinnar vill fella frumvarpið, en telur að nauðsyn beri að breyta lögunum í þá átt, að síður sje hægt að misbrúka þau. Meiri hluti nefndarinnar er hinsvegar þeirrar skoðunar, að tæpast muni vera mögulegt að gera þessi lög svo úr

garði, að ekki sje unt að misbrúka þau, og leggur þess vegna til, að frumv. verði samþykt. Meiri hluti nefndarinnar telur líka, að þær breytingar á kosningalögunum, sem háttv. Nd. hefir nú samþykt, geri mönnum yfir höfuð það auðvelt að nota kosningarrjett sinn, að nú sje miklu síður ástæða til þess að heimila heimakosningar. Það mun hvort sem er ekki mögulegt að gera kosningalögin þannig úr garði, að öllum kjósendum verði undir öllum kringumstæðum mögulegt að nota kosningarrjett sinn, svo hætt er við, að lítið sje með heimakosningunum unnið, en hins vegar allmikil hætta á, að þau yrðu misnotuð, fengju þau að standa.

Alþingi, 1. apríl 1924.

Jón Kjartansson, formaður.	Jörundur Brynjólfsson, framsögum.	Bernh. Stefánsson.

Jón Baldvinsson,
með fyrirvara.

(B. LXXIII, 1).

Nd. **287. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig;

Til sauðfjárbaðana í landinu má aðeins nota eina tegund baðlyfja, sem löggilt sje til þess af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með ráði dýralæknis. Skulu gefnar út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun baðlyfsins.

2.

4. gr. orðist svo:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sjer um, að búnar verði til í landinu nægar birgðir af baðlyfi til hinna fyrirskipuðu þrifabaðana og annara sauðfjárbaðana, sem kynni að þurfa að framkvæma. Skal baðlyfjagerðin háð eftirliti sjerfræðings, sem ráðuneytið kveður til þess. Þó skal ráðuneytinu heimilt að leyfa innflutning á samskonar baðlyfi þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sje það baðlyf alt nákvæmlega rannsakað, eftir nánari ákvæðum, sem ráðuneytið setur um það, og má eigi selja það innanlands nema það fullnægi þeim ákvæðum, sem sett hafa verið um hið löggilta baðlyf. Kostnað allan við eftirlit með

baðlyfjagerð innanlands greiði framleiðandi baðlyfsins, en kostnað þann, sem leiðir af rannsókn innflutts baðlyfs, greiði innflytjandi.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra, og er það samið af honum, ásamt svo látandi ástæðum:

Með þingsályktun, dags. 28. apríl 1923, skoraði Alþingi á stjórnina að halda áfram rannsóknum á innlendri baðlyfjagerð og að henni lokinni að leggja fyrir Alþingi það, sem nú stendur yfir, frumvarp til laga um framkvæmd á henni og útrýmingarböðun á fjárkláða.

Baðlyfjarannsóknin hefir nú farið fram og hefir verið búið til nokkuð af baðlyfi samkvæmt henni hjá sápuverksmiðjunni »Hrein« í Reykjavík undir eftirliti dýralæknis og efnarannsóknarstofu ríkisins, og hefir baðlyf þetta reynst mjög vel. Mun það stórum tryggilegra, að baðlyfin sjeu þannig búin til í landinu undir opinberu eftirliti en að löggilt sjeu eins og að undanförnu ýms erlend baðlyf, sem svo reynast misjafnlega vel.

Með því að innlend baðlyfjagerð hefir óhjákvæmilega í för með sjer breytingu á lögum nr. 58, 30. nóvember 1914, um sauðfjárbaðanir, hefir það þótt hentast, að þessi lög verði gefin út sem lög um breytingu á þeim lögum.

Eins og á stendur hefir ekki þótt tiltækilegt að ráðast í útrýmingarböðun fjárkláða nje ástæða til að setja ný lög um það efni.

(B. XXXIII, 2).

Nd. **288. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir rætt þetta mál á allmörgum fundum og hefir aðalágreiningurinn í nefndinni orðið um ákvæðin í 2. gr. frv. í b- og c-lið, um gjald af bygðum og óbygðum lóðum og af löndum. Var það skoðun meiri hluta nefndarinnar (J. K., M. J. og J. Þ.), að gjaldið ætti að vera hið sama af húsum og lóðum eins og það er ákveðið í a-lið 2. gr., eða 0,8%, og reiknað í einu lagi. Þetta

höfum við undirritaðir ekki getað fallist á. Teljum við rjett, að þessum gjöldum sje haldið aðgreindum eins og frv. gerir. Enda er lóðargjaldið alls annars eðlis en húsaskatturinn, og teljum við það í alla staði rjettmætt. Lóðir einstakra manna hafa margfaldast í verði fyrir aðgerðir bæjarfjelagsins, án þess eigendur þeirra hafi nokkuð til þess lagt öðrum fremur, og eðlilegt að bæjarfjelagið, sem stuðlað hefir að þessari verðhækkun, fái hjer nokkrar tekjur af.

Þó vill meðundirritaður 2. þm. Árn. (Jör. B.) ekki fallast á, að lóðargjaldið sje ákveðið svo hátt, sem í frv. segir, og þykir gjald af lóðum hæfilega ákveðið nú 1 %, í stað 2 %, og gjaldið í c-lið 2. gr. $^1/_4$ %, í stað $^1/_2$ %.

2. þm. Reykv. (J. Bald.), sem er einn flutningsmanna frv., telur gjaldið að vísu fullkomlega rjettmætt eins og það er ákveðið í frv., en vill þó til samkomulags láta það eftir að fylgja breytingu þeirri, sem að ofan greinir, í von um framgang málsins.

Minni hlutinn telur hæfilegt að miða útsvarsskyldu þá, sem ræðir um í 4. málsgr. 7. gr. frv., við það, að störfin sjeu stunduð ekki skemur en 3 mánuði, og verður það þá líka í fullu samræmi við gildandi ákvæði sveitarstjórnarlaga. Mun meiri hlutinn og vera sammála um þetta.

Viðvíkjandi undirbúningi þessa máls þykir rjett að geta þess, að það lá fyrir síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt. Hefir bæjarstjórn Reykjavíkur enn á ný haft málið til meðferðar og endursamþykt frv. eins og það nú liggur fyrir nær því í einu hljóði. Telur bæjarstjórnin mikla nauðsyn á því, að frumvarpið verði afgreitt nú frá þinginu, því núgildandi skattalöggjöf bæjarins er orðin gömul og að sumu leyti úrelt.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. a. Við 2. gr. b. Í stað: »2%« — tveim krónum af hverjum 100 krónum —« komi: 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum —.
   b. Við 2. gr. c. Í stað: »$^1/_2$%« — 50 aura af hverjum 100 krónum —« komi: $^1/_4$% — 25 aurum af hverjum 100 krónum —.
2. Við 7. gr. 4. málsgr. Í stað orðanna »4 vikur« komi: 3 mánuði.

Alþingi, 1. apríl 1924.

Jörundur Brynjólfsson. Jón Baldvinsson, fundaskrifari, frsm. minni hl.

(B. LXXIV, 1).

Nd. **289. Frumvarp**

til laga um gjaldeyrisnefnd.

Flutningsmenn: Klemens Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Halldór Stefánsson og Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal gera þær ráðstafanir til að tryggja fjárhag og viðskifti landsins, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal skipa 5 manna gjaldeyrisnefnd, er hefir ráðstöfunarrjett á andvirði þeirra vara, er í 3. gr. getur, og er útflytjendum skylt að hlíta þar um ákvörðunum hennar.

Nefndin skal skipuð þannig: Einn maður eftir tillögum hvors banka, einn eftir tillögum verslunarráðs Íslands, einn eftir tillögum Sambands íslenskra samvinnufjelaga og oddamaðurinn, er ríkisstjórnin skipar.

3. gr.

Skylt er öllum, er flytja úr landi og selja íslenskar afurðir, hverju nafni sem nefnast, að láta gjaldeyrisnefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn vörunnar og söluverð og aðrar þær upplýsingar viðvíkjandi sölunni, er nefndin kann að óska.

4. gr.

Allar yfirfærslur banka, firma og einstaklinga skulu gerðar með ráði og samþykki nefndarinnar.

Nefndin skal láta sitja í fyrirrúmi greiðslur fyrir óumflýjanlegar lífsnauðsynjar og afborganir og vexti af skuldum erlendis.

5. gr.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um framkvæmd laga þessara, og má þar tiltaka sektir fyrir brot á þeim eða reglugerð, 1000 til 50000 krónur. Um meðferð mála út af þeim brotum fer sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Hið óstöðuga og lága gengi íslenskrar krónu hefir víðtækar og skaðlegar afleiðingar fyrir fjárhag einstaklinga þjóðarinnar og þjóðarheildarinnar og yfir höfuð alt viðskiftalíf, bæði innanlands og við útlönd. Þegar gengið er lágt og á sífeldu reiki eru viðskifti öll óviss og áhættusöm. Lággengið má því heita þegar orðið þjóðarbyrði, og verður því þyngra sem lággengið vex. Það er þess vegna afarþýðingarmikið, að alt sje gert, sem hægt er, til að stöðva, festa og hækka smátt og smátt gengi peninga vorra. Auk alls hugsanlegs sparnaðar í landinu og aukinnar framleiðslu eftir ýtrustu föngum, er hagkvæm meðferð á andvirði þeirra afurða landsins, sem út eru fluttar, þannig að heildarhagsmunir þjóðarinnar sjeu ætíð látnar sitja fyrir hagsmunum fárra einstaklinga í meðferð gjaldeyrisins, eitthvert öflugasta ráðið. En til þess að því verði náð, verður meðferð gjaldeyrisins að vera undir opinberu eftirliti.

Vjer flutningsmenn þessa frv. erum sannfærðir um það, að verði farið í þessu efni eitthvað nálægt því, sem vjer leggjum hjer til, þá muni meðferð gjaldeyrisins erlendis verða miklu hagkvæmari fyrir heildarhaginn en ef meðferð hans verður látin afskiftalaus og eftirlitslaus eins og hingað til hefir verið gert.

Nauðsyn þjóðarinnar krefst þess, að alt verði gert, sem hægt er, til að stöðva og festa gengið, og það er þingið eitt, sem hefir á sínu valdi að gera þær ráðstafanir, sem að haldi geta komið, og eitt af því er að eftirlit verði sett með meðferð á gjaldeyri vorum erlendis.

(B. LXXV, 1).

Nd. **290. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 [Landhelgissjóður Íslands].

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 68, 3. nóv. 1915, orðist svo:

4. gr. laga nr. 55, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæsluskipum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þess. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að sektarfje sjóðsins skuli varið til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum, gegn jöfnu tillagi úr ríkissjóði.

2.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Brýn þörf er á að auka landhelgisgæsluna nú þegar, en ríkissjóði fjeskylft.

(A. I, 13).

Nd. **291. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 12. gr. 13 b. Liðurinn orðist svo:

Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjar- og sýslufjelagið, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (2. veiting) ... ... kr. 25000,00

(A. I, 14).

Nd. **292. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 261 [Fjárlög].

Frá Jakob Möller.

Brtt. II, 5. (Landhelgisgæsla) orðist svo:

Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði, að þar til fenginni heimild með sjerstökum lögum 50000

(B. XXXVII, 2).

Nd. **293. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og athugað það. Hefir nefndin meðal annars borið málið undir stjórn Landsbankans, og hefir hún látið nefndinni í tje álit sitt um málið og telur það varhugavert frá bankans hlið sjeð.

Nefndin er á einu máli um þýðingu þess fyrir landbúnaðinn, að hann fái að njóta fjármagns bankanna í eðlilegu hlutfalli við aðrar atvinnugreinir landsmanna, sjávarútveg og verslun. Getur nefndin ekki fallist á, að mótbárur bankastjórnarinnar sjeu á fullum rökum bygðar. Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin »til jarðabótaframkvæmda o. fl.« falli burt.

2. Við 3. gr. 3. Nýr tölul.:
að veita lán til varanlegra húsabóta í sveitum.

3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Þegar um lán til húsabóta er að ræða, skal umsókninni fylgja áætlun um kostnað frá byggingarfróðum manni, og skulu byggingarnar framkvæmdar eftir fyrirsögn og undir eftirliti slíks manns.

4. Við 8. gr.
a. Í stað »4%« komi: 5 %.
b. Í stað »20 ár« komi: 25 ár.
c. Í stað »fyrstu 4 árin« komi: fyrstu 5 árin.

Alþingi, 2. apríl 1924.

H. J. Kristófersson, formaður. Árni Jónsson, frsm., fundaskrifari. Björn Líndal, með fyrirvara.

Pjetur Þórðarson. Halldór Stefánsson.

(A. XII, 4).

Nd. **294. Lög**

um mælitæki og vogaráhöld.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

2. gr.

Löggildingu mælitækja og vogaráhalda hafa á hendi lögreglustjórar í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, samkvæmt nánari ákvæðum, sem felast í lögum þessum og sett verða í konlegri tilskipun um mælitæki og vogaráhöld. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, er sje stórt C með X innan í og kórónu yfir, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram og af hvaða lögreglustjóra hún sje framkvæmd.

3. gr.

Mælitæki og vogaráhöld, sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, sem ræðir um í 1. gr., skal löggilda, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., áður byrjað sje að nota þau, enda sje gerð þeirra slík, að fullnægi ákvæðum konungstilskipunar þeirrar, er um ræðir í 2. gr.

4. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem mælitæki eða vogaráhöld þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, enda sje gætt fyrirmæla laga þessara um gerð þeirra og löggildingu.

5. gr.

Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfjelög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja. Þeir geta fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið annast um, að lögreglustjórar hafi jafnan rjett tæki til að reyna mælitæki og vogaráhöld, er löggilt skulu vera, og skulu fyrirmyndir slíkra tækja geymdar í vörslum þess.

6. gr.

Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakt eða ónákvæmt við skoðun samkv. 5. gr., eða slíkt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyr en viðgerð hefir fram farið á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju af einhverjum þeirra lögreglustjóra, sem löggildingu hafa

á hendi. Notendur mega hvorki sjálfir nje með aðstoð annara breyta löggiltum tækjum nje gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

7. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

8. gr.

Lögreglustjórum ber engin sjerstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal ríkissjóður greiða lögreglustjórum í kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslur til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917.

Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur.

9. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum til ríkissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 78, 14. nóv. 1917, um mælitæki og vogaráhöld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

(B. XXXIII, 3).

Nd. **295. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið fullkomlega sammála um afgreiðslu þessa frumvarps, og vill meiri hlutinn ekki láta afgreiða frumvarpið nema á því sjeu gerðar allverulegar breytingar.

Í 2. gr. frumvarpsins er tekið upp fasteignagjald, er sje 0,8 % af húsum, 2 % af byggingarlóðum, bygðum og óbygðum, og ½ % af öðrum lóðum.

Um fasteignagjald af húsum er það að segja, að það kemur að mestu sem borgun fyrir verk, sem bæjarfjelagið lætur vinna fyrir húseigendur, en þá er líka rjett að taka það fram í lögunum sjálfum, svo að ekki þurfi að rætast sá kvíði sumra, að hætt verði að vinna þessi verk, en skatturinn látinn haldast.

Um lóðargjaldið er alt öðru máli að gegna. Þar er um allháan nýjan skatt að ræða og alltilfinnanlegan, þegar honum er komið á eftir að lóðir hafa náð jafnháu verði og hjer er í Reykjavík. Það er að vísu nokkuð satt í því, að lóðirnar hafa náð þessu háa verði meðfram fyrir aðgerðir bæjarfjelagsins, en hitt er jafnvíst, að fæstir þeir, sem þessar dýru lóðir eiga, hafa notið þessarar hækkunar. Langflestir þeirra hafa keypt þær þessu háa verði, og ágóði verðhækkunarinnar er því þegar kominn í vasa einstakra manna. Nú kemur lóðargjaldið án allrar sanngirni á þá menn, sem af tilviljun eiga lóðirnar á þessum tíma, og það þýðir ekkert annað en verðlækkun á þessum lóðum, og þar af leiðandi tekjurýrnun á þessum gjaldstofni.

Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að óbygð svæði á dýrum stöðum í bænum eru ekki æskileg og valda bænum nokkrum erfiðleikum og kostnaði, og er því ekki fjarri sanni, að nokkurt gjald sje af þeim greitt, enda þótt viðurkenna verði, að það komi hart niður í fyrstu. En meiri hluti nefndarinnar vill ekki fallast á, að það verði sett hærra en 0,8%, eða jafnhátt og gjaldið af húsunum. Gjaldið af öðrum lóðum er svo lækkað í sama hlutfalli.

Um breytingu á 7. gr. 4. málsgrein, að þar komi 3 mánuðir í stað 4 vikur, mun nefndin öll vera sammála, og er þá í samræmi við það, sem gildir í sveitunum, en auk þess vill meiri hlutinn gera að skyldu, að niðurjöfnunarnefnd tilkynni þeim útgerðarmönnum og öðrum atvinnurekendum, sem eiga að standa skil á útsvörum utanbæjarmanna, hver þau eru, og eru ástæður fyrir því augljósar, enda fyrirhöfn ekki mikil að gera þetta á móts við sanngirnina í því.

Algert nýmæli hjá meiri hluta nefndarinnar er ákvæði það, sem hann leggur til, að sett sje í lögin um rjett manna til þess að áfrýja úrskurði bæjarstjórnar í útsvarsmálum til yfirskattanefndar. Þennan áfrýjunarrjett verður meiri hl. að telja alveg sjálfsagðan vegna þeirra, sem nú verður hægt að leggja útsvar á án þess að þeir sjeu búsettir í bænum. En auk þess verður og að telja þetta eðlilegan rjett þeirra, sem í bænum eru búsettir. Bæjarstjórn er í raun rjettri aðili í slíkum málum, og því óheppilegt, að hún sje líka *æðsti* dómstóll í þeim. Á hinn bóginn er það ekki nema rjett, að hún eigi úrskurðarrjett í þeim, og hitt sje að eins undantekning. Til þess að leggja nokkrar hömlur á óþarfa áfrýjanir eru svo ákvæðin um hlutdeild áfrýjanda í kostnaði við áfrýjunina, eða fulla greiðslu, ef rjetting fæst ekki á málinu. — Þegar finna á æðri dómstól í þessum málum, virðist yfirskattanefnd bæjarins eðlilegust og bærust að fjalla um þau. Hún hlýtur samkvæmt hlutverki sínu að kynnast fjárhag manna vel, og auk þess er það ekki nema eðlilegt, að nokkurt samræmi sje milli útsvars og tekjuskatts manna, eins og þá mætti vænta, einkum eins og niðurjöfnun útsvara í bænum er nú hagað. En að sjálfsögðu yrði það föst regla yfirskattanefndar, að hún gæfi bæjarstjórn kost á að hafa sinn málsvara þegar úrskurðuð væru aukaútsvör.

Um þetta nýmæli var ekki tekin bein ákvörðun áður en nefndin klofnaði, og er meiri hl. því ekki kunn afstaða háttv. minni hl. í þessu efni.

Sama er að segja um brtt. meiri hl. við 10. gr. frv. Meiri hl. þykir ekki heppilegt að hafa gjalddaga aukaútsvara aðeins einn á ári. Það gæti verið mörgum býsna erfitt, einkum þegar tekið er upp ákvæði um allströng viðurlög gegn miklum drætti á greiðslu.

Þess skal getið, að úrslit þessa máls í nefndinni fóru fram í sömu svifum, er mannaskifti urðu þar, núverandi fjármálaráðherra J. Þ. gekk úr nefndinni, en 2. þm. Eyf., B. St., tók þar sæti. En eftir það var til lykta ráðið sumum atriðum í áliti meiri hlutans, og er því meðundirritaður J. Þ. óbundinn þeim atriðum.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað stafliðanna a og b kemur nýr stafliður, sem verður a, svo hljóðandi: Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, svo og af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 0,8 % — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði, enda annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sóthreinsun, sorp- og salernahreinsun, ráðstafanir til útrýmingar rottum og tryggingar gegn eldsvoða.
   b. Í niðurlagi stafliðs c, sem verður stafl. b, kemur í stað orðanna: »alt að ½ % ... af virðingarverði«: 0,2 % — 20 aurar af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
2. Við 7. gr.
   a. Í stað »4 vikur« í 4. málsgrein kemur: 3 mánuðir.
   b. Aftan við 5. málsgrein bætist: Niðurjöfnunarnefnd tilkynnir þeim, sem standa eiga skil á útsvari utanbæjarmanna, jafnskjótt er hún hefir lokið niðurjöfnun, útsvör þau, sem þeim ber að standa skil á.
3. Við 9. gr.
   a. Aftan við síðustu málsgrein 9. gr. bætist: sbr. þó 10. gr.
   b. Aftan við greinina kemur ný grein, sem verður 10. gr., og hljóðar svo:

      Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til yfirskattanefndar bæjarins. Skal það gert brjeflega innan 15 daga frá úrskurði bæjarstjórnar. Yfirskattanefnd úrskurðar kæruatriðin innan 15 daga og birtir þeim, sem hlut eiga að máli, úrslitin. Er því máli þar með lokið.

      Ekkert gjald má yfirskattanefnd hækka eða lækka nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10 % of lágt eða hátt.

      Nefndin tekur borgun fyrir störf sín, og reiknast hún samkv. lögum nr. 74, 27. júní 1921, og tilsk. nr. 84, 30. nóv. 1921, þó þannig, að það greiðist úr bæjarsjóði, sem þar greiðist úr ríkissjóði, enda úrskurðar bæjarstjórn reikningana. Nú fær áfrýjandi lækkun á útsvari sínu, og ber honum þá að endurgreiða bæjarsjóði allan kostnað af áfrýjuninni, og úr-

skurðar yfirskattanefnd þann kostnað. Fái áfrýjandi lækkun á útsvari sínu, greiðir hann helming kostnaðar með sama hætti. Þessum kröfum bæjarsjóðs á áfrýjendur fylgir lögtaksrjettur.

Greinatalan breytist samkv. þessu.

4. Við 10. gr., sem verður 11. gr. Greinin orðast svo:

Útsvör öll skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkera, og eru gjalddagar útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar og 1. dag októbermánaðar, en gjalddagar annara útsvara þann dag, sem niðurjöfnunarskrá er lögð fram, og sá annar, ekki skemra frá en 5 mánuðum, sem á niðurjöfnunarskrá er ákveðinn. Helming útsvars skal greiða á hverjum gjalddaga. Enginn getur, með því að skjóta útsvari sínu til bæjarstjórnar eða yfirskattanefndar, komist hjá því að greiða þann hluta útsvarsins, sem fallinn er í gjalddaga, en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgoldið er, endurgreitt úr bæjarsjóði.

Alþingi, 2. apríl 1924.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson, framsm. meiri hl.	Jón Kjartansson.

(B. L, 4).

Nd. **296. Nefndarálit**

um frv. til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á, að verslunarfyrirtæki ríkisins, sem nú eru tóbakseinkasala, víneinkasala og steinolíueinkasala, verði undanþegnar aukaútsvari, en borgi í þess stað 5% af nettóverði í bæjarsjóð.

Það er nú augljóst, að með þessu er bæjarsjóður Reykjavíkur sviftur mjög verulegum tekjustofni. Steinolíufjelagið borgaði í aukaútsvar 1920 40000 kr., 1921 60000 kr., 1922 50000 kr. Um tekjur bæjarins af tóbaksverslun er erfiðara að segja, af því að auk sjerverslana í þeirri grein höfðu fjölmargar verslanir mikla umsetning með tóbak, en það hefir verið álitleg upphæð. Um vínverslunina verður auðvitað ekkert sagt, því að hún hefir verið einokuð af ríkinu síðan hún hófst.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir látið uppi álit sitt á þessu máli, og vill hún sýna þessu máli alla sanngirni og ganga inn á það, að þessi verslunarfyrirtæki láti ekki á sama hátt áliti niðurjöfnunarnefndar og önnur gróðafyrirtæki eða einkafyrirtæki, heldur borgi til bæjarsjóðs ákveðna hundraðstölu af hreinum ágóða fyrirtækjanna, en hún telur 10% hæfilegt gjald.

Það er rjett, sem í greinargerð frv. stendur, að verslunarfyrirtæki ríkisins voru talin útsvarsfrjáls þar til fyrir fáum árum. En hjer er ekki heldur um óbreyttar stofnanir að ræða. Upphaflega var landsverslunin sett á stofn og rekin í alt öðrum tilgangi en þeim, að vera gróðafyrirtæki. En 1921 er gengið inn á nýja braut, þegar tóbakseinkasalan er sett á stofn, beinlínis í því skyni að græða og afla ríkissjóði tekna, og sama er að segja um víneinkasöluna. Hún er rekin í beinu gróðaskyni fyrir ríkissjóð. Öðru máli er að gegna um steinolíueinkasöluna, sem samkvæmt tilgangi sínum á að vera þjóðþrifafyrirtæki, án þess að það sje til þess ætlast, að hún græði fje, nema til þess að safna sjer varasjóði. Hún er því rekin á líkum grundvelli sem landsverslunin var þar til fyrir fáum árum, og er ekki nema eðlilegt, að hún sje útsvarsfrjáls, en borgi aðeins mjög lágt gjald, í notum þess, að hún nýtur og notar ýmislegt það, sem bærinn kostar.

En þrátt fyrir þetta, að telja verður gróðafyrirtæki ríkissjóðs tvímælalaust gjaldskyld til bæjarsjóðs vegna þess, að ríkissjóður seilist þar beinlínis inn á þau svið, sem áður hafa verið tekjulindir fyrir bæjarsjóðinn, vill minni hlutinn, eins og bæjarstjórn Reykjavíkur, ganga inn á það, að þessi fyrirtæki fái þá sjerstöðu, að þau borgi aðeins ákveðið hundraðsgjald af ágóða í bæjarsjóð. Og okkur þykir þetta gjald mjög hóflega tiltekið, ef það er ákveðið 10%, og er það þá langt fyrir neðan það, sem lagt er á slíkar stofnanir, ef þær væru í höndum einstaklinga með sömu aðstöðu. Sjest það af því, að nú síðasta ár mundi þetta hafa numið um 30000 krónum í lækkun á tóbaks- og víneinkasölunni. En steinolíuverslun teljum við rjett, að ekki gjaldi nema mjög lágt gjald í bæjarsjóð.

Við viljum því ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þeirra er, hundraðsgjald af hreinum ágóða sem hjer segir:

Af tóbakseinkasölu og víneinkasölu skal greiða 10% af hreinum ágóða.

Af steinolíueinkasölu skal greiða 2% af hreinum ágóða.

Gjaldið greiðist á sama gjalddaga eða gjalddögum sem aukaútsvör. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur í sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Aðrar stofnanir ríkisins greiða ekki þennan skatt.

Alþingi, 2. apríl 1924.

Jón Kjartansson, formaður.

Magnús Jónsson, framsm. minni hl.

(A. I, 15).

Nd. **297. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá Jóni A. Jónssyni.

[Varatillaga við brtt. á þskj. 291].

Við 12. gr. 13 b. Orðin: »og hlutaðeigandi sýslufjelag« falli burt.

(A. I, 16).

Nd. **298. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 292 [Fjárlög].

Frá Jakob Möller.

Í stað »50000« kemur: 70000.

(B. LXXVI, 1).

Ed. **299. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Upphaf annars málsliðs 16. gr. orðast þannig:

Fjárveitinganefnd neðri deildar skal skipuð í lok hvers þings fyrir það þing, er halda skal næst þar á eftir.

Nú fara fram almennar kosningar til Alþingis, og skal þá skipað í fjárveitinganefnd neðri deildar með hlutbundnum, skriflegum eða símuðum kosningum allra þingmanna, sbr. 17. og 48. gr.

Skulu listar afhentir stjórnarráðinu í síðasta lagi 10 dögum eftir að úrslit kosninga eru kunn, þ. e. talningu lokið í því kjördæmi, þar sem síðast er talið.

Stjórnarráðið tilkynnir þingmönnum tafarlaust eftir að liðinn er frestur

sá, sem nefndur er hjer að framan, hve margir listar hafa komið fram og með hvaða nöfnum.

Skulu þingmenn síma eða skrifa stjórnarráðinu þegar í stað, hvaða lista þeir kjósa.

Stjórnarráðið telur því næst atkvæðin og tilkynnir úrslit kosninganna þeim þingmönnum, sem kosningu hafa hlotið í nefndina. Skal nefndin síðan koma saman 6 vikum fyrir samkomutíma Alþingis og hafa tilbúið og fullprentað nefndarálit við fjárlagafrumvarp stjórnarinnar fyrir það fjárhagstímabil, er í hönd fer, áður en þing er sett.

Að öðru leyti skal skipa þessar fastanefndir, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar.

2. gr.

34. gr. orðast þannig:

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal stíga í sjerstakan þar til gerðan ræðustól, við hliðina á forsetastóli hvorrar deildar.

Skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins; eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu.

3. gr.

Aftan við 35. gr. bætist:

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar og flutningsmaður máls mega tala lengst eina klukkustund í senn við frumræðu hvers máls, og framsögumenn fjárveitinganefnda tvær klukkustundir.

Aðrar ræður mega eigi standa lengur yfir en hálfa klukkustund og stuttar athugasemdir eigi lengur en fimm mínútur.

Ástæður.

Hin síðari ár hafa störf fjárveitinganefnda, einkum neðri deildar, tekið mjög langan tíma og alment verið talið, að þetta lengdi þingsetuna stórkostlega.

Á því þingi, sem nú stendur yfir, verður að vísu eigi annað sagt en fjárveitinganefnd Nd. hafi verið óvenju hraðvirk.

Ef tiltækilegt þætti, að fjárveitinganefnd Nd. væri skipuð eins og frv. fer fram á, og störfum hennar hagað samkvæmt því, má gera ráð fyrir, að þingið gæti lokið störfum sínum á miklu skemri tíma en nú á sjer stað, og myndi á þann hátt sparast ríkissjóði fje eigi alllítið.

Þá virðist einnig tiltækilegt, að takmarka megi þann tíma, sem þingmenn nota til ræðuhalda, þó því beri ekki að neita, að hæfilegar umræður um málin sjeu nauðsynlegar. Hins vegar eru langar umræður, stundum um þýðingarlítil efni, landinu of dýrar, og rjett að lögð sje áhersla á það á þessum sparnaðartímum, að vel sje varið vinnutíma þingsins.

Það er venja í þjóðþingum nágrannalandanna, að þingmenn stígi í ræðustól þar til gerðan, er þeir taka til máls. Þykir það bæði virðulegra og svo er hitt, að þá myndu sennilega færri ræður verða fluttar og þingmenn sjaldnar standa upp »til að gera grein fyrir atkvæði sínu«.

Nánar í framsögu.

(B. LXXVII, 1).

Ed. **300. Frumvarp**

til laga um sjerstakan verðtoll á nokkrum fyrirliggjandi vörubirgðum.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Lögreglustjórar skulu hver í sínu umdæmi láta fara fram vörukönnun, til að fá vitneskju um, hve mikið var til af vörum þeim, sem lagður er á 20 % verðtollur og tilgreindar eru á þingskjali 271, þegar þau lög komu í gildi.

2. gr.

Reikna skal, hve mikils virði þær vörubirgðir eru hjá kaupfjelögum og kaupmönnum, sem um ræðir í 1. gr. Skal hver slík verslun greiða af þessum birgðum til ríkissjóðs 20 % verðtoll.

3. gr.

Heimilt er lögreglustjórum að semja við einstakar verslanir um að tollur sá, er um ræðir í 2. gr., greiðist jafnótt og vörurnar seljast. En um leið og vörutalning fer fram samkvæmt 1. gr., skal hver lögreglustjóri senda stjórnarráðinu afrit af hverri birgðaskýrslu.

4. gr.

Landsstjórninni heimilast nauðsynlegt fje til að kosta rannsókn á birgðum, svo og til annara óhjákvæmilegra útgjalda við lög þessi.

5. gr.

Ef rangt er skýrt frá birgðum, skal það varða sektum frá 5000—50000 kr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Fjármálaráðherrann hefir nú komið gegnum þingið lögum um 20 % verðtoll á fjölmörgum vörutegundum, er til landsins flytjast. Telur hann bágborinn hag landssjóðs gera slíka skattaaukningu nauðsynlega. Nú eru miklar birgðir til af samskonar varningi í búðum hjer á landi. Sumpart er búið að hækka þær og sumpart verða þær hækkaðar um 20 % eða meira þegar nýjar vörur með þeim tolli bætast við. Landsstjórnin hefir enga tilraun gert til að halda niðri verði á gömlum birgðum, og vafamál hvort það er hægt. En úr því að neytendur verða að borga vörur þær, sem nú liggja í búðunum, með álagningu þeirri, sem síðar leiðir af tollinum, þykir rjettara að láta landssjóð njóta teknanna heldur en að mörg hundruð þúsund eða jafnvel miljónir króna renni í vasa nokkurra einstakra manna, sem af tilviljun hafa átt birgðir, þegar umrædd tolllöggjöf kom í gildi. — Sem dæmi þess, um hve mikið fje hjer er að ræða, má geta þess, að einstakir kaupmenn eru til hjer á landi, er hafa birgðir af álnavöru, sem talið er að nemi 800 þús. kr. Má af því sjá, að hjer er um mikinn tekjuauka að ræða, og er þess vænst, að fjármálaráðherrann og stuðningsmenn hans geri sitt ýtrasta til að koma þessu frv. gegnum þingið á svo sem 2—3 dögum, til að tryggja landssjóði mörg hundruð þúsund króna tekjuauka, sem honum ber með rjettu.

(B. LX, 6).

Ed. **301. Lög**

um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920, og lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sektinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. VI, 4).

Nd. **302. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Aðstoðarskjalavarðarembættið skal lagt niður.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Með lögum þessum er úr gildi numin fimta málsgr. 32. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, og önnur ákvæði, er í bága fara við þessi lög.

3. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um að leggja niður aðstoðarskjalavarðarembættið.

(B. LXIII, 3).

Nd. **303. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Frá Ingólfi Bjarnarsyni og Jóni Sigurðssyni.

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Á eftir öðrum málslið 3. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Þó skal hreppsfjelagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.

(B. LXXVIII, 1).

Nd. **304. Frumvarp**

til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar til þess að reka víðboð (broadcasting) á Íslandi.

Flutningsmaður: Jakob Möller.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita Ottó B. Arnar sjerleyfi til þess að reka víðboð á Íslandi um næsta 15 ára skeið, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði hlutafjelag til að reka víðboðið, sem hafi ekki minna en 200000 króna hlutafje, og sje að minsta kosti helmingur hlutafjár boðinn út innanlands í 6 mánuði.

2. Að víðboðsstöðin verði svo sterk, að hún nái um land alt.

3. Að ríkisstjórnin geti gefið út reglugerð um rekstur víðboðsins, þar sem tekið sje fram, hvaða viðtökutæki megi nota og hver ekki, og að gjaldskrá fyrir þau eða leigu af þeim sje staðfest af ríkisstjórninni.

4. Að ríkið eigi kauparjett að stöðinni eftir 15 ár fyrir virðingarverð hennar.

5. Að byrjað sje á víðboðinu áður en 24 mánuðir sjeu liðnir frá staðfesting laga þessara.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða í leyfisbrjefinu:

1. Að samfara víðboðssjerleyfinu fylgi einkarjettur til þess að flytja inn, smíða og selja eða leigja loftskeyta-viðtökutæki, eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir, og að enginn megi nota önnur tæki til viðtöku en þau, sem víðboðsfyrirtækið útvegar eða tekur gild. Undanskilin frá þessu sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þau viðtökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á stöðvum sínum.

2. Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá síma, sem nauðsynlegir þykja, frá ýmsum stöðum hjer í bænum (alþingishúsinu, dómkirkjunni, leikhúsinu o. fl.) til víðboðsstöðvarinnar.

3. Að leyfishafa sjeu gefnar frjálsar hendur með að gera loftskeytatilraunir, er miða til framfara á þessu sviði, með því sjálfsagða skilyrði, að þær trufli ekki nje komi í bága við almenn loftskeytaviðskifti.

4. Að leyfishafa sje leyft að nota þá öldulengd til viðboðsins, er hentugust þykir, þó með þeim fyrirvara, sem tilgreindur er í næstu grein hjer á undan.

5. Að viðboðsfyrirtækið verði fyrstu fimm árin undanþegið frá greiðslu opinberra skatta og gjalda.

6. Að bannað sje með reglugerð *óþarfa* sending frá loftskeytastöðvum þann tíma dags, sem viðboðsstöðin starfar.

7. Að heimilt sje að framselja sjerleyfið öðrum í hendur, en slíkt framsal sje háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Greinargerð.

Í öllum menningarlöndum er nú verið að koma á viðboði fyrir frjettir, allskonar fræðslu og »músik«. Þar sem það er komið á og búið að fá nokkra reynslu, er látið mjög mikið yfir því, og fer notendum þess dagfjölgandi. Mætir menn og málsmetandi telja þýðingu þess í framtíðinni ómetanlega, og ber öllum saman um, að þar sje á ferðinni afarmerkilegur menningarauki.

Hjer á landi er ekki síður þörf á góðu viðboði en annarsstaðar, nema frekar sje, en sökum hins erfiða fjárhagsástands hjá ríkissjóði er ríkinu ókleift að leggja í slíkt fyrirtæki sem þetta, og fyrirsjáanlegt er, að allmörg ár muni líða áður en fjárhagur ríkisins leyfir það. Virðist það því heppileg lausn á þessu nauðsynjamáli, að veita einstaklingi sjerleyfi til þess háttar rekstrar, þó með ýmsum skilyrðum, sem talin eru í lagafrumvarpi því, er um þetta fjallar. Að sjerleyfistímanum loknum hefir ríkið kauparjett að fyrirtækinu og getur þá tekið reksturinn að sjer með mikilli og dýrmætri reynslu að baki þess.

Bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður verður nokkuð mikill, en þar sem afnotagjöldin mega ekki vera svo há, að þau dragi úr notkuninni, má búast við, að fyrstu árin verði fjárhagslega erfið fyrir fyrirtækið. Þykir því sanngjarnt að verða við þeim tilmælum umsækjandans, að fyrirtækið sje undanþegið skattgreiðslu fyrstu fimm árin, enda verður það eini styrkurinn, sem það fær hjá því opinbera.

(A. I, 17).

Ed. **305. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1925.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1925 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
		1015000
3. Aukatekjur	280000	
4. Erfðafjárskattur	30000	
5. Vitagjald	195000	
6. Leyfisbrjefagjöld	10000	
		515000
7. Útflutningsgjald		700000
8. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og límonade)	430000	
9. Tóbakstollur	400000	
Flyt ...	830000	2230000

		kr.	kr.
	Flutt ...	830000	2230000
10.	Kaffi- og sykurtollur	890000	
11.	Vörutollur	1120000	
12.	Annað aðflutningsgjald	115000	
			2955000
13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		15000
14.	Stimpilgjald		300000
15.	Lestagjald af skipum		30000
16.	Pósttekjur	350000	
17.	Símatekjur	1000000	
			1350000
18.	Víneinkasala...		300000
19.	Tóbakseinkasala		200000
20.	Steinolíueinkasala.		60000
21.	Skólagjöld		3000
22.	Bifreiðaskattur		22000
	Samtals ...	... ...	7465000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		35000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		20000
	Samtals ...	... ...	55100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		45000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		5000
6. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
7. Vextir frá Landsverslun		25000
8. Vextir af Viðlagasjóði.		75000
Samtals ...	... ...	230000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Ovissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000
Samtals ...	... ...	227000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1925 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	384152,34	
2. Erlend lán: £ 8901 - 8 - 3 á 30 kr. og danskar kr. 343895,11	610937,24	
3. Gengismunur.	51584,16	
		1046673,74
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Erlend lán: £ 1707 - 5 - 2 á 30 kr. og danskar kr. 541272,16	592489,91	
3. Gengismunur..	81190,82	
		931080,73
III. Framlag til Landsbankans, 12. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2077754,47

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	170000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4500	
		174500
Samtals ...	... ...	174500

10. gr.

Til ráðuneytisins, hagstofunnar, utanríkismála og ríkisráðskostnaðar er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	30000	
	b. Til risnu	4000	
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	74850	
4.	Annar kostnaður	18000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	16200	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			152050
	B.		
	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra	8250	
2.	Laun aðstoðarmanns	5250	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	8000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	2000	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	10000	
7.	Til að gefa út manntalið 1703	1000	
			36500
	C.		
	Utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
1.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	17000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	6500	
			39500
	Samtals		228050

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 51500		
	b. Laun ritara 6000		
	c. Annar kostnaður, alt að 2000		
		59500	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...	143700	
3.	Laun hreppstjóra	27000	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 19800		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 2000		
	d. Ýms gjöld, alt að 1800		
		26600	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 21900		
	b. Laun 3 tollvarða... 13400		
	c. Húsaleiga 4500		
	d. Hiti og ljós 1300		
	e. Ýms gjöld, alt að... 9000		
		50100	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...	42000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	11000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	1000	
10.	Borgun til setu- og varadómara	2000	
			374900
	Flyt ...	... ...	374900

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	374900
	B.		
	Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	b. Til pappírs og prentunar 8000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1200		
		10100	
2.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef 20000		
	b. Fyrir embættisskeyti 40000		
		60000	
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	20000	
4.	Til embættiseftirlitsferða	5000	
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	500	
6.	Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði, að þar til fenginni heimild með sjerstökum lögum	70000	
7.	Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar	30000	
			195600
	Samtals ...	... ...	570500

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		268200
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		1500
3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		5000
	Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924.		
	Flyt ...	... ...	274700

		kr.	kr.
	Flutt ...		274700
4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		1800
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
	b. Styrkur til sama, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	500	
			1500
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8.	Til geislalækningastofu ríkisins		10000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Holdsveikraspítalinn		79705
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7250	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 12000		
	2. Viðurværi 58 manna (ca. 150 a. á dag) 31755		
	3. Klæðnaður 2800		
	4. Meðul og sáraumbúðir 1800		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti 2000		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	Flyt ... 68755	7250	372205

		kr.	kr.
Flutt ...	68755	7250	372205
12. Skattar o. fl.	2500		
13. Ýmisleg gjöld	1200		
		72455	
		79705	
11. Geðveikrahælið á Kleppi			64645
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7250	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	12000		
2. Viðurværi 90 manna (ca. 150 a. á dag)	49275		
3. Klæðnaður 64 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	5760		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	12000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	900		
10. Óviss gjöld	1400		
		94435	
		101685	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 64 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		37040	
Mismunur ...		64645	
12. Til berklalækninga:			
1. Styrkur samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki		200000	
2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		9610	
			209610
Kostnaðurinn í 2. lið sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7250	
Flyt ...		7250	646460

		kr.	kr.
	Flutt ...	7250	646460
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	34000		
2. Viðurværi	135000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	8000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		236500	
		243750	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Óneitanlega hefði það verið það rjettasta í þessu máli, að setja nú þegar á þessu þingi lög um slíkar ráðstafanir. En af því að nú er orðið áliðið þings og málið lítt undirbúið í þinginu, er óvíst, að slík lög nái fram að ganga að þessu sinni. Því hefi jeg valið þann kostinn að bera fram þingsályktunartillögu þessa.

(A. XIX, 4).

Nd. **317. Nefndarálit**

um frv. til laga um nauðasamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og telur rjett, að það verði samþykt. Nefndin lítur svo á, að frumvarpið nái jafnt til fjelaga og stofnana sem til einstaklinga, enda þótt það komi ekki skýrt fram í frumvarpinu, en ætlunin mun eflaust hafa verið sú.

Með þessum skilningi á frv. leggur nefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

Jón Kjartansson, form. og frsm. Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Magnús Jónsson. Bernh. Stefánsson. Jörundur Brynjólfsson.

(B. LXIII, 4).

Ed. **318. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Á eftir öðrum málslið 3. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Þó skal hreppsfjelagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.

(B. LXXV, 3).

Nd. **319. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 [Landhelgissjóður Íslands].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 68, 3. nóv. 1915, orðist svo:

4. gr. laga nr. 55, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæsluskipum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þess. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að af árlegu sektarfje og vöxtum sjóðsins skuli varið til þess að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum alt að jöfnu tillagi móti því, sem ríkissjóður leggur til.

2.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. LIX, 3).

Nd. **320. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Einn nefndarmanna (Á. Á.) er frumvarpinu fylgjandi skilyrðislaust, annar (J. Bald.) með nokkurri breytingu, en meiri hlutinn (Á. F., B. L. og Sigurj. J.) leggur til, að það verði felt, og gera nefndarmenn nánari grein fyrir afstöðu sinni við umræðuna.

Alþingi, 7. apríl 1924.

Aug. Flygenring,	Ásgeir Ásgeirsson,	Björn Líndal,
form. og frsm. meiri hl.	frsm. minni hl.	fundaskrifari.

Jón Baldvinsson. Sigurjón Jónsson.

(B. L, 5).

Nd. **321. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá Sigurjóni Jónssyni.

Við 2. gr.

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði o. s. frv.

(A. IV. 2).

Nd. **322. Nefndarálit**

um frumv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1922.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumv. þetta og borið það saman við landsreikninginn og hefir ekkert fundið athugavert.

En út af 5. athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikninganna vill nefndin taka það fram, að hún telur sjálfsagt, að landsstjórnin geri alvarlega gangskör að því að innheimta þær eftirstöðvar, er í áminstri athugasemd getur. Reynist það svo við innköllunina, að eitthvað af þessum eftirstöðvum sje ófáanlegt, telur nefndin miklu rjettara, að þær upphæðir sjeu strikaðar út heldur en verið sje að skrá slíkar eftirstöðvar á landsreikningi árum saman.

Út af þessu ber nefndin fram tillögu á sjerstöku þingskjali, er hún vill ráða háttvirtri deild til að samþykkja.

Alþingi, 7. apríl 1924.

Jakob Möller, form. — Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari og framsm. — Halldór Stefánsson.

Kl. Jónsson. — Björn Líndal. — Aug. Flygenring. — Jón A. Jónsson.

(C. XXIV, 1).

Nd. **323. Tillaga**

út af athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1922.

Frá fjárhagsnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að innheimta svo fljótt, sem frekast er unt, eftirstöðvar þær, sem getið er um í 5. athugasemd yfirskoðunarmanna við landsreikninginn fyrir árið 1922.

(C. XXV, 1).

Nd. **324. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning fullkominnar klæðaverksmiðju fyrir landið.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson og Pjetur Ottesen.

Alþingi ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að rannsaka og undirbúa fullkomna klæðaverksmiðju fyrir landið.

Greinargerð.

Samkv. þingsályktun frá Alþingi 1921 skipaði landsstjórnin 22. maí 1922 þriggja manna nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um:

1. Hvar hentugast væri að koma á kembi- og lopavjelum.
2. Hvar hentast væri að reisa klæðaverksmiðjur og hve margar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að kembi- og lopavjelar gætu ekki borgað sig sem sjerstök fyrirtæki og mundi kembing og lopun fyrir heimilisiðnaðinn verða dýrari í þeim heldur en í fullkominni klæðaverksmiðju, sem gæti gernotað bæði vjelar og starfskrafta betur alt árið heldur en yrði gert í kembi- og lopavjelum einum. Flutningar kostuðu nálega það sama, hvort sent væri til næstu hafnar eða lengra.

Nefndin athugaði þær 2 ullarverksmiðjur, sem til eru í landinu, og komst að raun um, að þær væru mjög á eftir tímanum og í mörgu ábótavant, einkum Álafoss-verksmiðjunni, sem mætti heita á fallandi fæti, þótt hún væri rekin af dugnaði. Lagði nefndin til, að komið yrði á fót einni álitlegri og fullkominni ullarverksmiðju sunnanlands (í Reykjavík eða nágrenni Rvíkur, t. d. á Álafossi), sem ásamt verksmiðjunni á Akureyri gæti:

1. Fullnægt kembingar-, lopa- og spunaþörf heimilisiðnaðarins, þótt hann vaxi að mun (kembt 50—100 þús. kg. á ári).
2. Fullnægt klæðaþörf landsmanna, að svo miklu leyti sem unt er, með íslenskum ullarvefnaði (unnið úr ca. 170000 kg. af ull).
3. Framleitt garn, teppi og dúka til útflutnings í litlum mælikvarða, til þess að þreifa fyrir sjer um erlendan markað.

Slík verksmiðja, með ca. 20 vefstólum, mundi kosta 1,5—1,8 milj. kr.

Árleg ullarframleiðsla í landinu er ca. 1,1 miljón kg.

Innflutningur erlendrar vefnaðarvöru var um síðustu aldamót kominn yfir 1 milj. kr., 1906 yfir 2 milj. kr. og 1919 komst hann hæst upp í 8 milj. kr. Nefndinni taldist til, að í stað ca. 40 % af þessum innflutningi ætti að mega nota íslenskar vefnaðarvörur, ef ullariðnaðinum væri komið í gott lag. 2—3 ára sparnaður í innflutningi mundi þá vega upp á móti öllum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Sjálfsagt er að glæða og auka heimilisiðnaðinn sem mest og best. Það verður best gert og ódýrast með því að sameina vjelafyrirvinnuna til hans fullkominni ullarverksmiðju. Sú reynsla, sem fengin er hjer á landi, bendir líka *ótvírætt* á þetta sama.

Íslenskur ullarverksmiðjuiðnaður á að grundvallast fyrst og fremst á klæðaþörf landsmanna, en markmiðið á þó að verða það að geta unnið úr sem mestu af ísl. ullinni og sent á erlendan markað. Hin fyrirhugaða verksmiðja ætti að gera tilraun í þessa átt og reyna að finna út, hvaða vörutegundir úr íslenskri ull seljast best á erlendum markaði.

Að tilhlutun Haralds Árnasonar kaupmanns og Þorvalds Árnasonar ullariðnaðarnema í Huddersfield í Englandi kom hingað síðastliðið sumar enskur sjerfræðingur, Mr. Brook, framkvæmdarstjóri firmans Major Cliffe, Ltd., í Huddersfield, sem fæst við að reisa ullarverksmiðjur. Hann skoðaði hjer staðhætti og kynti sjer ullariðnaðarmál vort eftir föngum og hefir síðan gert uppdrætti og áætlun að ullarverksmiðju hjer, af líkri stærð og nefndin hafði hugsað sjer. Áætlar hann kostnaðinn 40—50 þús. sterlingspund, eða svipað og nefndin hafði áætlað. Líst honum vel á fyrirtækið og álítur, að það gæti orðið arðvænlegt.

Mr. Brook segir, að ganga megi út frá því, að fá megi til þessa fyrirtækis $^1/_3$ stofnkostnaðar (alt að £ 17000) í Englandi, ef íslenska ríkið tæki $^1/_3$ og $^1/_3$ fáist hjá landsmönnum sjálfum.

Á þennan hátt ætti að vera hægt að tengja við fyrirtækið næga reynslu og sjerþekkingu þeirrar þjóðar, sem lengst mun komin í þessari iðngrein, og þaðan væri sennilega rjettast að fá forstöðumann fyrir fyrirtækið fyrstu árin, þangað til t. d. Þorvaldur Árnason gæti tekið við, en hann mun nú best mentur allra Íslendinga í þessari iðnfræðigrein.

Þótt tímarnir sjeu nú fjárhagslega örðugir, þá er þó auðsætt, að oss auðnast ekki að komast úr kreppunni, ef vjer aukum ekki innlenda framleiðslu og spörum innflutning eftir fremsta megni. Það er því í fylsta samræmi við fjárhagslega viðreisnarviðleitni, að stefnt sje áfram með þetta þýðingarmikla nauðsynjamál. Yrði það hins vegar nú látið niður falla, er hætt við, að enn örðugra væri að byrja síðar, og engan veginn víst, að sá fjárhagslegi stuðningur, sem nú má vænta frá Englandi, standi síðar til boða.

Hlutafjársöfnun innanlands þyrfti að hefjast sem fyrst. Nefndin hafði hugsað sjer, að unt mundi að vekja áhuga bænda til almennrar hluttöku í fyrirtækinu á þann hátt t. d., að þeir ljetu einhvern hluta, t. d. 10%, af andvirði ullar sinnar í nokkur ár til hlutakaupa í verksmiðjunni.

Það virðist æskilegt, að komið yrði nú þegar á fót vel skipaðri undirbúnings- eða stofnnefnd, sem annaðist hlutafjársöfnun og allan frekari undirbúning undir stofnun fyrirtækisins. Málið ætti að verða sem minst flokkpólitiskt og nefndin helst þannig skipuð, að þar tækju höndum saman sem flestar stjettir og tengdir saman sem mest þeir menn, er hafa áhuga og getu til að hrinda fyrirtækinu áfram og inn á rjetta braut, og skal í því tilliti t. d. bent á aðstandendur Iðunnarfjelagsins, sem enn þá á talsverðar eignir.

Hugsanlegt væri, að ef í nefndinni ættu sæti 5 menn, skipaði landsstjórnin 2, verslunarráðið 1, Búnaðarfjelag Íslands eða samvinnufjelögin 1 og þessir 4 veldu sjer sjálfir 5. manninn. Nefndin mundi líklega vinna kauplaust, en fá útlagðan kostnað greiddan fyrst um sinn úr ríkissjóði.

(B. XI, 5).

Ed. **325. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Í 1. gr. laxafriðunarlaganna frá 19. febr. 1886 er svo ákveðið, að á því 3 mánaða tímabili, sem laxveiði er leyfð, skuli þó lax friðaður í 36 klukkustundir í viku hverri, öll laxanet þá tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo að lax hafi frjálsa göngu. Gildir þetta ákvæði laganna um allar ár og vötn á landinu, og meira að segja um sjóinn umhverfis strendur þess, að því leyti, sem lax kann þar að vera veiddur.

Þetta ákvæði má hiklaust telja eitt af aðalgrundvallarákvæðum laxafriðunarlaganna frá 19. febr. 1886. En með lögunum frá 6. júní 1923 var þessu grundvallarákvæði laganna kipt burtu að því er Ölfusá snertir, án þess þó að láta sömu reglu gilda að því er snertir efri hluta árinnar, er Hvítá nefnist, og þverárnar, sem í hana renna.

Að þingið á sínum tíma samþykti þessa undanþágu, má ætla, að stafað hafi á aðra hliðina af því, að það hafi talið vatnsmagn árinnar nægilega tryggingu fyrir því, að lax gæti ávalt gengið hindrunarlítið upp eftir henni, enda þótt net lægju að staðaldri niðri, og á hina hliðina af því, að engum mótmælum mun þá hafa verið hreyft gegn þessari undanþágu, hvorki frá hálfu sýslunefndar Árnessýslu nje þeim, sem búa upp með Hvítá eða við þverár hennar.

En nú er hvorug þessara ástæðna lengur fyrir hendi.

Reynslan frá síðastliðnu sumri sýnist ótvíræðilega benda í þá átt, að undanþágan, sem veitt var á síðasta þingi, hafi orðið til hindrunar laxgöngu upp eftir umræddum ám, þar sem laxveiðin mun hafa orðið venju fremur lítil hjá þeim laxveiðendum, sem búa við ofanverða Ölfusá og Hvítá, enda þótt hún reyndist með meira móti hjá þeim, sem búa neðan til við Ölfusá.

Að undanþágan sje gagnstæð óskum eða vilja alls þorra þeirra, sem hjer eiga hlut að máli, hefir lýst sjer með ýmsu móti síðan hún komst á, og þar á meðal því, að á síðasta sýslufundi Árnessýslu var með 9 atkvæðum gegn 7 samþykt tillaga, sem gekk í þá átt, að árnar væru friðaðar vikulega í 48 klukkustundir, eða með öðrum orðum 1/4 lengur en laxafriðunarlögin frá 19. febr. 1886 gera ráð fyrir. Og segir það sig sjálft, að þeir, sem óska eftir því, að friðunartíminn sje lengdur úr 36 klukkustundum upp í 48 klukkustundir, mundu telja það fullkomið óráð að hafa hann engan.

Og þar sem undanþágan, sem hjer ræðir um, stríðir þannig á móti meiri hluta sýslunefndar og alls þorra hjeraðsbúa þeirra, sem málið varðar, auk þess, sem hún verður að teljast óeðlileg í sjálfu sjer, þá virðist ekki ástæða til að halda henni. Og það því síður, sem búast má við því, að framhald undanþágunnar yrði til þess, eins og vikið er að í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar Nd., að stöðva tilraunir þær með laxaklak, sem byrjaðar eru á nokkrum stöðum við Hvítá og árnar, sem í hana falla.

Samkvæmt þessu leggjum við það því til, að háttv. deild samþykki óbreytt framangreint frumvarp.

Alþingi, 7. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, frsm.

(B. LXXX, 1).

Nd. **326. Frumvarp**

til laga um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Heimilt er að leggja aukaútsvar til bæjar eða hrepps á erlend tryggingarfjelög, sem ekki eru með sjerstökum lögum undanþegin opinberum gjöldum, þar sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er búsettur, eftir veltu og ágóða fjelagsins af starfsemi sinni hjer á landi.

Ef fjelag hefir fleiri en einn aðalumboðsmann eða vafi er á um það, hvar aðalumboðsmaður þess er hjer á landi, sker ráðherra úr, hvar útsvar skuli á fjelagið leggja.

2. gr.

Aðalumboðsmaður ber ábyrgð á greiðslu útsvarsins sem sjálfs sín skuld, enda má taka eignir hans lögtaki í því skyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sjóvátryggingarfjelag Íslands verður að gjalda hátt útsvar — síðast 8000 kr. — til Reykjavíkurkaupstaðar. Á erlenda keppinauta þess hefir hingað til ekkert aukaútsvar verið lagt. Erlendu fjelögin standa því stórum betur að vígi í samkepninni hjer en Sjóvátryggingarfjelag Íslands og önnur innlend vátryggingarfjelög, er síðar kynnu að myndast hjer. Engin skynsamleg ástæða er fyrir þessu misrjetti.

Erlend vátryggingarfjelög, sem starfa hjer, taka hjer inn árlega iðgjöld svo hundruðum þúsunda króna skiftir, og sama sem öll þessi upphæð fer beint út úr landinu, án þess greitt sje af henni útsvar.

(B. XXX, 3).

Nd. **327. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

7. gr. laga nr. 35, 30. júlí 1909, skal orða þannig:

Biskup þjóðkirkjunnar er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari við guðfræðideild háskólans, og nýtur hann sömu rjettinda um öll háskólamál sem prófessorar.

Aðrir kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum. Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara, að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sjerstaklega skipaðir til kenslunnar. Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann

samkvæmt þessu, skal leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verður 8. grein, svo hljóðandi:

Í guðfræðideild háskólans eru auk biskups 2 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar, 1 dósent og aukakennarar eftir því, sem ákveðið verður hverju sinni, og eru þeir fyrst um sinn þessir: hjeraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði, og eru þessir aukakennarar skyldir að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann.

Í lagadeild eru 2 prófessorar í lögfræði og 1 aukakennari.

Í heimspekideild eru 1 prófessor í heimspeki og 2 prófessorar í íslenskri málfræði, bókmentasögu og sagnfræði. Hin 2 síðastnefndu embætti skal einungis veita þá er til fást menn, sem að dómi háskólaráðsins eru sjerstaklega vel hæfir.

Við allar deildir má skipa aukakennara, ef fje er til veitt í fjárlögum, og gildir sú skipun eigi lengur en fje er til veitt.

Prófessorar og dósentar taka laun úr ríkissjóði eftir ákvæðum launalaga.

3. gr.

Jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 19, 1. okt. 1919, um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 25, 2. nóv. 1914, um stofnun kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Lög nr. 34, 26. okt. 1917, um stofnun dósentsembættis við Háskóla Íslands.

Lög nr. 35, 26. okt. 1917, um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

4. gr.

Til þess að fækkun sú á embættum, sem leiðir af lögum þessum, komist sem fyrst í framkvæmd, skal beita, eftir því sem fært þykir, ákvæðinu í 16. grein stjórnarskrárinnar, þriðju málsgrein. Að öðru leyti kemur fækkunin til framkvæmda jafnóðum og embættin losna.

5. gr.

Þegar lög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem felast í 1.—2. gr., inn í lögin frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, og getur konungur þá gefið út lögin þannig breytt, og með þeirri breytingu á greinatölu laganna, er þar af leiðir, sem lög um stofnun háskóla.

(B. VIII. 6).

Nd. **328. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 10 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til Alþingis og frá Alþingi heim aftur. Þeir alþingismenn, sem eru heimilisfastir í Reykjavík, skulu þó einungis hafa 8 kr. þóknun daglega. Á þóknuninni skal greiða samskonar uppbót eins og embættismenn fá á launum sínum.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.

3. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1925, og eru frá sama tíma úr gildi numin lög nr. 36, 26. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna.

(B. LXV, 2).

Ed. **329. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 67, 22. nóv. 1913, um hvalveiðamenn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að deildin samþykki það eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 8. apríl 1924.

Björn Kristjánsson, formaður.

Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.

Ingvar Pálmason, framsögumaður.

(B. LIV, 2).

Ed. **330. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (þingskj. 130).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin álítur, að þar sem sveitarstjórnarlögin eru nú orðin alt að því 20 ára gömul og aðstaða mjög breytt víða hjer á landi frá því þessi lög voru sett, þá beri nauðsyn til að endurskoða lög þessi í heild sinni. Vill nefndin því vísa málinu til stjórnarinnar með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnin leggi fyrir Alþingi næsta ár ítarlega endurskoðun á allri sveitarstjórnarlöggjöfinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Eggert Pálsson, fundaskrifari.

Jónas Jónsson, framsögumaður.

(B. LXIV, 2).

Ed. **331. Nefndarálit**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá 1. hluta fjárhagsnefndar (I. P., J. J.).

Minni hluti nefndarinnar lítur svo á, að meginefni frv. geti orðið til mikilla hagsbóta fjármálalífi landsins. Það er bein nauðsyn að efla sem mest þjóðbanka landsins, og í öðru lagi telur minni hlutinn engan vafa á, að seðlaútgáfa landsins sje og verði best komin hjá Landsbanka Íslands. Hins vegar álítur minni hlutinn, að ákvæði frv. um æðstu stjórn bankans gætu tekið breytingum til bóta, og skoðum við okkur óbundna til að taka afstöðu til breytinga af því tægi, sem fram kynnu að koma við síðari umræður málsins.

Alþingi, 8. mars 1924.

Ingvar Pálmason, framsögumaður. Jónas Jónsson.

(C. XIX, 2).

Ed. **332. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um breytt skipulag Söfnunarsjóðs Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta þing breyting á skipulagi Söfnunarsjóðs Íslands, þannig að hjer eftir verði lánbeiðnir gegn veði í fasteignum, öðrum en húseignum í kaupstöðum, látnar hafa forgangsrjett.

Alþingi, 8. apríl 1924.

Jónas Jónsson, framsögumaður. Ingvar Pálmason.

(A. XXI, 2).

Nd. **333. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og fellst á þær ástæður, er færðar eru fyrir breytingu þeirri, er hjer er farið fram á á þessum lögum, og leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið.

Alþingi, 8. apríl 1924.

Jakob Möller, form. Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari.

Kl. Jónsson, frsm. Jón A. Jónsson. Halldór Stefánsson.

Aug. Flygenring. Björn Líndal.

(A. XI, 4).

Ed. **334. Nefndarálit**

um frv. til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin mælir með, að frv. þetta nái fram að ganga óbreytt. Það á bæði að geta orðið til sparnaðar fyrir ríkissjóð og þó bætt skólann stórmikið, með því að þyngja inntökuskilyrðin og auka sjálfa kensluna. Nefndin leggur mikla áherslu á, að í væntanlegri reglugerð verði inntökuskilyrði að því er snertir bóklega þekkingu gerð mjög mikið strangari en hingað til, svo að ekki komi framvegis í skólann nema þeir menn, sem bæði eru hraustir sjómenn og vel undirbúnir í almennum fræðigreinum, þeim sem sjerkensla skólans hlýtur að byggjast á.

Alþingi, 8. apríl 1924

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður.	Jónas Jónsson, framsögumaður.	Sig. Eggerz.

(C. XXVI, 1).

Nd. **335. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að semja frumvarp til laga um slysatryggingar.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennar slysatryggingar, og hafi nefndin lokið starfi sínu fyrir 15. febrúar 1925.

Nefndina skal skipa þannig: einn nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annar eftir tillögum stjórnar Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, en hinn þriðja tilnefnir ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn fá hver um sig 100 króna þóknun fyrir starfa sinn, er greiðist úr ríkissjóði að loknu starfi.

Ástæður.

Á allmörgum þingum, bæði fyr og seinna, hefir því verið hreyft, að koma þyrfti á almennum slysatryggingum. Hafa og nokkrum sinnum verið samþyktar ályktanir frá Alþingi, þar sem skorað hefir verið á ríkisstjórnina að koma fram með frv. um þetta efni. Hefir þetta enn eigi orðið. Hjer er farið fram á það, að atvinnumálaráðherra skipi þriggja manna nefnd til þess að semja frv. um almennar slysatryggingar, og er í tillögunni ákveðið, hvernig nefndin skuli skipuð. Verði samkomulag um ákvæði frv. hjá þeim aðiljum, verður að vænta þess, að það gangi fram á Alþingi.

Vilji annarhvor þeirra, sem tillögur eiga að gera um mann í nefndina, ekki benda á neinn, er rjett, að atvinnumálaráðherra tilnefni mann í staðinn.

(B. XLV, 2).

Ed. **336. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um seðlaútgáfu ríkisins.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Við 6. gr. Fyrir orðin í síðasta málslið: »Um stjórn« komi: Um fyrirkomulag.

2. Við 9. gr.
   a. 3. lið. Fyrir orðin: »í síðustu árslok« komi: að meðaltali síðasta ár.
   b. 5. liður orðist svo:
   Að bankarnir hvor um sig annist að öllu leyti, á sinn kostnað, innlausn seðlastofnunarinnar með gullmynt, er hún leggur bönkunum til eftir hendinni.

3. Við 10. gr.
   a. Fyrir orðin: »forstjóra seðlaútgáfunnar, og getur hann þá tekið« komi: forstjóra seðlaútgáfunnar eða bankanna, og skal hann þá taka.
   b. Á eftir orðunum: »auk fullra forvaxta, $^1/_2$ % fyrir« komi: hvern.
   c. Orðin: »sem hækkar um $^1/_2$ %« til enda greinarinnar falli burt.

4. Við 11. gr. Á eftir orðunum »Og geti annarhvor bankinn ekki« komi: í verulegum atriðum.

5. Við 14. gr. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Seðlaútgáfa ríkisins er undanþegin útsvari, tekjuskatti, stimpilgjaldi og öllum öðrum opinberum gjöldum.
   Greinatalan breytist samkvæmt því.

6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Þann dag, sem seðlaútgáfa ríkisins tekur til starfa samkvæmt lögum þessum, fellur úr gildi 1. gr. í lögum nr. 7, 4. maí 1922.

(B. L 6).

Ed. **337. Frumvarp**

til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Engin stofnun ríkisins er aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða, og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur. Aðrar stofnanir greiða ekki þennan skatt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. LVI, 8).

Ed. **338. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Frá mentamálanefnd.

Breytingar þær, sem ætlast er til að frumvarp þetta geri á gildandi lögum, eru 3:

1. Laun farskólakennara og eftirlitskennara við heimafræðslu, sem í gildandi lögum eru miðuð við 6 mánaða skóla, minka hlutfallslega, ef skólinn stendur styttri tíma.
2. Dýrtíðaruppbót kennara, sem nú greiðist úr ríkissjóði, á að greiðast af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum.
3. Dóms- og kenslumálaráðherra má segja upp þeim kennurum með 4 mánaða fyrirvara, sem skólanefndir og fræðslunefndir sanna, að eigi sje þörf á.

Að því er 1. atriði snertir, þá eru laun kennara, sem þar um ræðir, 300 kr. á ári auk hlunninda, sem kennari fær meðan hann hefir kensluna á hendi. Sparnaður af þessu mundi verða svo óverulegur, að varla er ástæða til að nefna hann, enda þessir kennarar verst launaðir.

Að því er 2. atriði snertir, þá er þar að ræða um að ljetta af ríkissjóðnum nokkrum þeim útgjöldum, sem enn hvíla á honum vegna barnafræðslunnar, og leggja þau á sveitarfjelögin. Útgjöld landssjóðs mundu við þetta fyrirkomulag minka, ef árið 1924 væri lagt til grundvallar, um kr. 80796,92, en þessi útgjöld mundu yfirfærast:

1.	Á Reykjavík	kr. 24916,67
2.	- aðra kaupstaði	— 22143,30
3.	- sveitarfjelögin	— 33736,95

Hjer er því ekki um neinn þjóðarsparnað að ræða, að eins um hitt, hvort sveitarfjelögin eru fær til þess að taka á sig nokkuð af þeim byrðum, sem nú hvíla á ríkissjóði. Þar sem skattar til ríkissjóðs hafa verið auknir alltilfinnanlega á þessu þingi, og ríkissjóðurinn því færari til að mæta útgjöldum sínum, virðist ekki sanngirni mæla með því, auk skattanna, að íþyngja sjerstaklega sveitarfjelögunum, sem eiga við flesta þá sömu örðugleika að búa eins og ríkissjóður, en hafa hinsvegar ekki fengið neina nýja tekjustofna.

Að því er 3. atriði snertir, þá er heimild í 14. gr. gildandi laga um laun kennara fyrir dóms- og kirkjumálaráðherra til þess að segja kennurum upp starfi þeirra. Breytingin hjer sýnist að eins fara í þá átt, að uppsagnarfresturinn er ákveðinn. En þessar breytingar sýnast óverulegar.

Samkvæmt þessu verður ekki sjeð, að frá fjárhagslegu sjónarmiði sje rjett að samþykkja þetta frumvarp. En þegar hinsvegar er litið á það frá sjónarmiði alþýðumentunarinnar, virðist ennþá síður ástæða til þess að frumvarpið verði að lögum.

Ef útgjöld samkvæmt frumv. yrðu yfirfærð frá ríkissjóði til sveitar- og bæjarfjelaga, mundu þau verða til þess að auka andúð gegn alþýðumentuninni, og þeir, sem enn ekki hafa skilið hina djúptæku þýðingu góðrar alþýðufræðslu, mundu henda tækifærið á lofti og beinlínis róa öllum árum að því að draga af alefli úr alþýðumentuninni, en þetta telur nefndin óholt fyrir þjóðina.

Nefndin er á einu máli um það yfirleitt, að gera beri hinar strögustu kröfur til kennara þjóðarinnar, en jafnframt lítur hún svo á, að nauðsynlegt sje, að þessi stjett mæti samúð og skilningi löggjafarinnar, þar sem verkefni þau, sem hún fer með, eru svo djúptækur liður í uppeldi þjóðarinnar.

Með tilvísun til þess, sem tekið er fram hjer að framan, leggur nefndin því til við háttv. deild, að frumv. verði felt.

Alþingi, 9. apríl 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður.	Sigurður Eggerz, framsögum.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

(B. LXIX, 2).

Nd. **339. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði umsagnar borgarstjórans í Reykjavík um þetta mál, og hefir hann í brjefi 7. apríl síðastl. mælt með frv. og telur »rjett, að bæjarstjórnin fái heimild til að setja reglugerð um lokunartíma rakarastofa og annara vinnustofa, þar sem einhver viðskifti við almenning fara fram«, en jafnframt óskar borgarstjóri eftir frekari heimild til að ákveða »lokunartíma útsölustaða fyrir innlendan varning« og nefnir þar sjerstaklega til konfektbúðir.

Nefndin hefir athugað málið og vill hún taka hvorttveggja til greina, það sem felst í frv. og hitt, sem kemur fram í áðurnefndu brjefi borgarstjórans í Reykjavík. En nefndinni þykir ekki rjett að halda því formi, að aðalgrein frv. sje lögskýring á því, hvað löggjafinn vill láta felast í lögunum um lokunartíma sölubúða, heldur vill nefndin láta orðalag frv. fela í raun og veru í sjer þann viðauka eða þær breytingar, sem gerðar eru á lögunum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. gr. frv. orðist svo:

Á eftir 2. málsgrein 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

Alþingi, 9. apríl 1924.

Jón Kjartansson, formaður.	Jón Baldvinsson, fundaskrif., framsm.

Jörundur Brynjólfsson. Bernh. Stefánsson. Magnús Jónsson.

(B. XXXVIII, 4).

Nd. **340. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aðflutningsbann á ýmsum vörum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Þrír háttv. nefndarmenn ráða til, að frv. nái samþykki háttv. deildar, þó með nokkrum breytingum. Aðaltilgangur með frumv. er sá að bæta verslunarjöfnuð landsins og á þann hátt að stuðla að hækkuðu gengi ísl. krónu.

Það er álit meiri hluta nefndarinnar, að til viðreisnar genginu sje engin ein leið einhlít; hitt skal játað, að hagstæður verslunarjöfnuður er ein af leiðunum til viðreisnar, en þó að eins í sambandi við aðrar ráðstafanir, svo sem þá að koma jöfnuði á tekjur og gjöld ríkissjóðs, helst þannig, að hægt sje að borga verulegar afborganir af ríkisskuldunum af árlegum tekjum ríkissjóðsins.

Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt, að höfð sje hliðsjón af þessu tvennu þegar ráða á bót á lággenginu.

Hinsvegar hafa nefndarmenn nokkuð skiftar skoðanir um áhrif innflutningshafta á gengið, og þá ekki síður um það, hversu langt beri að ganga í heftingu á innflutningi umfram beinar óþarfavörur.

Það virðist fyrirsjáanlegt, að ekki sje hægt í lögum, sem gilda eiga máske um fleiri ára bil, að telja upp eða skilgreina allar þær vörur og vörutegundir, sem ástæða er eða verður til að hefta innflutning á, því fremur sem búast má við, að bannvöru verði reynt að koma inn í breyttu formi og með breyttum nöfnum.

Þá er og vitað, að nokkrar vörutegundir, sem bannaður verður innflutningur á, ef frv. nær samþykki Alþingis, verður óhjákvæmilegt að flytja inn, ef ekki nú þegar, þá innan ekki langs tíma. Í annan stað er sennilegt, að einhverjar vörutegundir megi og eigi að banna á ýmsum tímum aðrar en þær, sem í frumvarpinu eru taldar.

Minni hluti nefndarinnar vill, að þær vörur, sem bannaður verður innflutningur á í lögunum, en sem fyrirsjáanlegt er, að veita þarf undanþágu á, verði fluttar inn af Landsverslun.

Þetta getur meiri hlutinn ekki fallist á, meðal annars af þeim ástæðum, að ef Landsverslun ætti að hafa innkaup og sölu á mörgum flokkum erlendra vara, hlyti að verða óhjákvæmilegt að auka mannahald við verslunina að stórum mun og fá menn með sjerþekkingu á ýmsum vörutegundum, t. d. vefnaðarvöru, til aðstoðar og ráðuneytis. Jafnvel þó þetta væri gert, telur meiri hl. víst, að mistök og ókunnugleiki á þörfum almennings í hinum ýmsu hjeruðum í vöruvalinu yrði til þess, að varan yrði síður að þörfum almennings og dýrari en annars þyrfti að vera.

Þær vörur, sem óhjákvæmilegt er að leyfa innflutning á, eiga að vera öllum frjálsar, bæði til neyslu og verslunar. Með því verður helst dregið úr ýmsum að-

algöllum innflutningshaftanna, svo sem tortrygni um hlutdrægni í garð einstakra manna, er sjerstakar undanþágur fá, óhæfilega hátt vöruverð og of einhæft vöruval, og þar með aukna örðugleika, sjerstaklega fyrir þá, sem minsta hafa kaupgetuna.

Deilunni um það, hvort í lögunum frá 8. mars 1920 felist næg heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að hefta innflutning á vörum, jafnvel þeim, sem ekki geta talist óþarfar eða ónauðsynlegar, má telja lokið með reglugerð þeirri, sem hæstvirt fyrver. ríkisstjórn gaf út í fyrra mánuði, þar sem bannaður er innflutningur á ekki ónauðsynlegri vöru en skófatnaði o. fl.

Af framangreindum ástæðum og fleirum telur meiri hlutinn heppilegast og hagkvæmast, að ríkisstjórninni sje falin framkvæmd innflutningshaftanna. Fyrir því leggjum vjer til, að frumvarpið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti heimild í lögum nr. 1, 8. mars 1920, til þess að hefta innflutning eins og fært þykir með hliðsjón af fjárhagsástandi ríkissjóðs, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. mars 1924.

Jón A. Jónsson, framsm. Aug. Flygenring. Björn Líndal.

Undirritaður telur ekki rjett að hefta eða banna innflutning á öðrum varningi en þeim, sem alónauðsynlegur getur talist, og væntir þó lítils árangurs af. Með slíkum ummælum telur hann rjett, að málinu væri vísað til stjórnarinnar.

D. u. s.
Jakob Möller.

(B. XXXIX, 2).

Nd. 341. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 30. júní 1923 (Ritsíma- og talsímakerfi.)

Frá samgöngumálanefnd.

Á mörgum undanförnum þingum hafa verið samþyktar nýjar símalínur, oft án þess að línustæðin væru athuguð af landssímastjórninni.

Nefndin lítur svo á, að ekki eigi nje megi samþykkja nýjar línur án þess framkvæmdarstjórn landssímans hafi athugað línustæðin og gert bráðabirgðaáætlun um kostnað.

Í frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, er það órannsakað, hvort heppilegra sje að leggja línuna til Ingjaldssands frá Holti eða Mýrum (Núpi).

Hinsvegar er fullvíst, að lagning símalínu frá Mýrum að Núpi er mjög auðveld og ekki nema um eina leið að ræða.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Síðari málsgr.: Orðin »Lína frá Holti . . . . . út á Ingjaldssand« falli burt.

Alþingi 9. apríl 1924.

Jón A. Jónsson, form. og frsm. Sveinn Ólafsson. Pjetur Þórðarson.

H. J. Kristófersson, fundaskrifari. Árni Jónsson.

(C. XIV, 2).

Nd. **342. Þingsályktun**

um endurheimt ýmsra íslenskra skjala og handrita, sem enn eru í söfnum í Kaupmannahöfn.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að skilað verði landinu aftur öllum þeim skjölum og handritum, sem fyrrum hafa verið ljeð Árna Magnússyni, eða af öðrum svipuðum ástæðum hafa lent á söfnum í Kaupmannahöfn, en eru úr skjalasöfnum biskupa, kirkna, klaustra eða annara embætta eða stofnana hjer á landi, en hefir ekki verið skilað til þessa.

(B. LXXXI, 1).

Ed. **343. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Leyning í Siglufirði, með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar. Jörð sú, er hjer ræðir um, er nú leigð Siglufjarðarkaupstað gegn 70 kr. eftirgjaldi. Hún er Siglfirðingum nauðsynleg, bæði til ræktunar fyrir bæjarbúa og hagagöngu fyrir gripi þeirra.

Þess skal getið, að presturinn í Siglufirði, sem hefir umráð jarðarinnar, er meðmæltur sölunni.

(B. LXXXII, 1).

Ed. **344. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Við 3. gr. tölulið 2., c-lið:

Á eftir orðunum »er fari fram úr kr. 3000,00« komi: auk dýrtíðaruppbótar, sem á hverjum tíma gildir samkvæmt landslögum.

Og í sömu málsgrein komi í stað talnanna »kr. 100,00« og »10 ára« tölurnar: kr. 500,00 og 15 ára.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt fyrir áhugasama menn í »Sjúkrasamlagi Reykjavíkur«. Breytingarnar eru óhjákvæmilegar vegna verðfalls peninga.

Nánar í framsögu.

(B. LXXXIII, 1).

Nd. **345. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

Aftan við síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922, kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Svæðið frá Reykjanestá til Garðskaga telst í þessu efni til Faxaflóa.

Greinargerð.

Vjelbátaútvegurinn frá veiðistöðvunum við innanverðan Faxaflóa stendur og fellur að mestu leyti með því, að fiskveiðar verði stundaðar frá Sandgerði, á tímabilinu frá áramótum til vetrarvertíðarloka. En þaðan sækja menn aflann á fiskimið, sem enginn ber brigður á, að sjeu í Faxaflóa, þó að staðurinn, þar sem aflinn kemur á land, sje aðeins sunnan við Garðskaga, sem talinn er nú takmarka flóann landfræðilega að sunnanverðu, samkvæmt nýföllnum hæstarjettardómi. Nú er það tilgangur útsvarsákvæðanna hjer að lútandi, að útvegsmenn úr öðrum hreppi, sem útsvar bera í sínu eigin sveitarfjelagi, skuli ekki útsvarsskyldir þar, sem útræðið er, ef þeir sækja á mið í sama firði eða flóa, sem hreppsfjelag þeirra sjálfra liggur að. Hjer er bersýnilega svo ástatt, en hin landfræðilegu takmörk flóans samkvæmt áðurnefndum dómi eru því til fyrirstöðu, að þessum tilgangi laganna verði náð hjer við Faxaflóa. Þessi viðauki við lögin, sem hjer er farið fram á, er því nauðsynlegur til þess að tryggja fult jafnrjetti í þessu efni.

Að öðru leyti getur ákvæðið einnig orðið mjög þýðingarmikið. Fátt væri það, sem orðið gæti öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna jafnmikil hagsbót og rýmkun landhelginnar. Má vænta þess, að einskis verði látið ófreistað af vorri hálfu til þess að fá því framgengt, að landhelgislínan verði færð út, sjerstaklega þó, að landhelgissvæðið taki yfir alla flóa og firði. En þá liggur það í augum uppi, hver munur væri á því að fá friðunarsvæðið ákveðið frá Öndverðunesi til Reykjanestár eða aðeins til Garðskaga.

(B. XXXI, 8).

Nd. **346. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921. (Friðun rjúpna).

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar hefir ekki getað fallist á breytingar þær, er meiri hlutinn flytur á þskj. 263, og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1924.

H. J. Kristófersson, formaður. Pjetur Þórðarson, frsm.

(C. XXVII, 1).

Nd. **347. Tillaga**

til þingsályktunar um rýmkun landhelginnar.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislínuna breytt þannig, að hún verði færð út og landhelgissvæðið nái yfir alla firði og flóa og helstu bátamið.

Greinargerð.

Eitt af því, sem brýnasta nauðsyn ber til að unnið sje að og einskis látið ófreistað til að koma í framkvæmd, er að fá landhelgina rýmkaða.

Takist það á þann hátt, sem í tillögunni greinir, er í fyrsta lagi sá útvegurinn, sem landsmönnum er notadrýgstur, bátaútvegurinn, fullkomlega trygður, og í öðru lagi mjög stemt stigu fyrir þeirri eyðileggingu og tortýming ungfiskjarins, sem nú, með síauknum botnvörpuveiðum, horfir til beinnar eyðileggingar á fiskveiðum hjer við land í framtíðinni. Nánari greinargerð í framsögu.

(B. LXVIII, 2).

Ed. **348. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um niðurfall nokkurra embætta.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er vafalaust, eins og tekið er fram í greinargerð þess, borið fram í sparnaðarskyni, enda verður því ekki neitað, að ef niðurfall þeirra embætta, sem hjer ræðir um, þætti fullkomlega tiltækilegt, mundi með því sparast allálitleg upphæð.

Í greinargerð frumvarpsins er það tekið fram um öll þessi embætti, að þau sjeu orðin óþörf með öllu. Og fer það því að líkindum, að minni hluti nefndarinnar, sem jafnframt er flutningsmaður frumvarpsins, muni halda því fast fram, að háttv. deild samþykki það.

Meiri hluti nefndarinnar treystist aftur á móti ekki til að fullyrða, að öll þessi embætti, sem hjer ræðir um, sjeu og verði í nálægri framtíð algerlega óþörf.

Að því er snertir aðstoðarlæknisembættið á Ísafirði, þá er að vísu meiri hluti nefndarinnar á sömu skoðun og minni hlutinn, að það embætti sje í sjálfu sjer óþarft. En kæmi það til, að sá maður, sem nú situr í þessu embætti, færi úr því, annaðhvort lífs eða liðinn, þá telur meiri hlutinn það fullkomlega víst, að það mundi ekki verða öðrum veitt, og falla þannig niður alveg af sjálfu sjer. En þótt nú væri með sjerstökum lögum samþykt að leggja þessa stöðu eða embætti niður, þá er ekki sýnilegt, að með því mundi nokkur eyrir sparast.

Launin, sem samkvæmt 3. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, fylgja þessari stöðu, eru einar 800 krónur. Og þótt svo væri litið á, að dýrtíðaruppbót skyldi reikna á þessa upphæð eins og hver önnur laun, þá væri hjer þó ekki að ræða nema um c. 1200 krónur.

Ef nú þingið teldi sig engar skyldur hafa gagnvart manni þeim, sem skipar þessa stöðu nú, og ljeti sjer á sama standa, hvað um hann yrði, þá mundi það fyrst og fremst ekki ætla honum í laun hærri upphæð en lög standa frekast til. En eins og fjárlagafrumvarpið fyrir 1925, sem nýlega hefir verið samþykt í háttv. Nd., ber með sjer, eru manni þessum ætlaðar 1800 krónur í laun, eða með öðrum orðum hjer um bil þriðjungi hærri upphæð en hægt er að segja, að lög standi til. Og bendir þetta ótvíræðilega í þá átt, að þingið ætli sjer ekki að varpa manni þeim, sem hjer á hlut að máli, algerlega út á gaddinn. Það virðist því mega líta svo á, að þó embætti þetta væri nú lagt niður með því að samþykkja framangreint frumvarp, þá yrði þó maður sá, sem nú situr í þessari stöðu, látinn

njóta framvegis sama eða svipaðs styrks og honum er nú ætlaður í fjárlagafrumvarpinu. En þá yrði sparnaðurinn við niðurfall embættisins alls enginn.

Embætti þau, sem samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er ætlast til að niður falli, eru tvö, sem sje aðstoðarmannsembætti vegamálastjóra og aðstoðarmannsembætti vitamálastjóra.

Það er nú að vísu auðsætt, að venjuleg störf þessara manna hljóta að verða á komandi ári minni en þau hafa verið að undanförnu, vegna þess að Alþingi neyðist til þess að kippa að sjer hendinni með framkvæmdir á verksviði þeirra á næsta fjárhagsári. En gagnvart minni hluta nefndarinnar, sem telur menn þessa alls óþarfa, hafa bæði vegamálastjóri og vitamálastjóri, sem báðir mættu á fundi nefndarinnar, haldið því fram, að báðir þessir umræddu aðstoðarmenn geti á ýmsan hátt haft nægileg verkfræðileg störf fyrir stafni fyrir hið opinbera, sem að öðrum kosti yrði að kaupa aðra til að vinna um eins árs skeið, þótt framkvæmdir yrðu litlar á næsta ári við vegagerðir og vitabyggingar. Að skera úr því, hvorir hafi rjettara fyrir sjer í þessu efni, treystir meiri hluti nefndarinnar sjer ekki til, enda hyggur hann, að á því velti ekki, heldur hinu, hvort þörf sje þessara manna í framtíðinni eða ekki. Ef hægt væri að líta svo á, að engin þörf væri fyrir sjerstaka verkfróða aðstoðarmenn á þessum sviðum á komandi árum, mætti það eðlilegt telja að láta þá fara nú þegar. En verði nú ekki, eins og meiri hluti nefndarinnar vill vona, nema stundarhlje á verklegum framkvæmdum og aftur verði innan skamms tekið til óspiltra mála í þeim efnum, svo að þörfin fyrir verklega aðstoð teldist þar af leiðandi aftur vera fyrir hendi, þá álítur meiri hluti nefndarinnar það varhugavert, að hafa nú þegar vísað burt úr þjónustu landsins mönnum þessum, sem búnir eru þó að fá talsverða reynslu, hvor á sínu sviði. Það virðist alls ekki ósennilegt, að svo gæti farið, að hvorki þessir nje aðrir hæfir menn í þeirra stað fengjust til þess að ganga aftur í þjónustu landsins, þegar þörf þess útheimtir, nema því að eins, að stórfje væri í boði.

Í 4. gr. frv. er það lagt til að leggja nú þegar niður skógræktarstjóraembættið. Með því mundi óneitanlega nokkurt fje sparast, en þó ekki neitt sem teljandi sje fyrst um sinn, þar sem ráð er fyrir því gert, eins og líka sanngjarnt er, að fráfarandi skógræktarstjóri yrði látinn njóta biðlauna.

En þótt það sje í sjálfu sjer ekki ósennilegt, að finna mætti heppilegra fyrirkomulag en nú á sjer stað að því er skógræktina snertir, þá verður það þó að teljast álitamál, hvort hið litla fje, sem skógræktarstjóri hefir að jafnaði haft úr að spila, hefði komið að meiri notum í höndum annara manna en hans.

Þótt við þannig, samkvæmt framansögðu, getum ekki mælt með því, að nefnt frumvarp verði nú að þessu sinni samþykt í hinni háttv. deild, þá teljum við þó, að tillögur þær, sem í því felast, sjeu verðar fyllri rannsóknar, og leggjum þess vegna til, að frumvarpinu sje vísað til stjórnarinnar með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnin láti nefnd þá, sem væntanlega verður skipuð

samkvæmt þingsályktun um sparnað við starfrækslu ríkisrekstrarins, athuga tillögur þær, sem í frumvarpinu felast, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Eggert Pálsson, frsm.

(A. V, 5).

Nd. **349. Nefndarálit**

um frumvarp til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Stjórnarfrumvarp þetta er komið frá háttv. Ed. og hefir orðið þar fyrir lítilsháttar breytingum, sem taldar eru á þskj. 179.

Vjer höfum yfirfarið frv. ítarlega með nefndum breytingartillögum og álítum, þótt á milli beri um nokkur einstök atriði, að með frv. sje mikilvæg og að mörgu leyti haldkvæmari skipun en áður gerð á vegamálunum yfirleitt.

Samkomulag hefir orðið um það, að hagga ekki við breytingum Ed., nema 3. lið, sem snertir 49. gr. frv., en þeirri grein teljum vjer ástæðu til að breyta í verulegum atriðum. Aðrar breytingar lítilvægar leggjum vjer til, að gerðar verði á 4. og 7. gr.

7. gr. mælir svo fyrir, að fá skuli vegamálastjóra *fasta* aðstoðarmenn eftir þörfum. Vjer lítum svo á, að eigi sje þörf að ákveða í þessum lögum föst embætti við þau störf eða óuppsegjanleg, og leggjum því til, að niður falli orðin í 1. og 2. málsgr. 7. gr. »fasta« og »fastir«.

Um 49. gr. erum vjer þeirrar skoðunar, að rjett sje, til samræmingar við 4. gr. laga nr. 10 frá 1923, um samþyktir um sýsluvegasjóði, að taka upp hliðstæð ákvæði við hana um greiðslu sýsluvegagjalds frá kauptúnum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig. Þau hafa eftir vegalagabreytingunni frá 1911 getað leyst sig undan *öllu* sýsluvegagjaldi með hliðstæðum skilyrðum þeim, sem í nefndum samþyktarlögum eru sett fyrir því að losna við *hálft* sýsluvegagjaldið.

Vjer álítum auk þess varla sanngjarnlegt, að slíkir hreppar sleppi með öllu við þátttöku í sýsluvegagerð, og það því síður, sem vönduðustu og dýr-

ustu sýsluvegirnir tíðast liggja að eða frá kauptúnum, og eru því notaðir af kauptúnabúum og í þeirra þarfir engu síður en nærsveitanna.

Út af framansögðu viljum vjer því ráða háttv. deild til að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr.
   Á eftir orðunum »ráðherra ákveður« komi: eftir tillögum vegamálastjóra.
2. Við 7. gr.
   Orðin »fasta« í fyrstu málsgrein og »fastir« í annari málsgrein falli burtu.
3. Við 49. gr. Greinin orðist svo:
   Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skal hálft sýsluvegagjaldið renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið hefir næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði og nemur hálfu sýsluvegagjaldinu auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ráð, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

Alþingi, 8. apríl 1924.

Sveinn Ólafsson, framsögumaður.
Árni Jónsson.

H. J. Kristófersson, með fyrirvara.
Pjetur Þórðarson, með fyrirvara.

Jeg var ekki sammála meðnefndarmönnum mínum um að láta frv. ganga fram að þessu sinni.

Einnig hafði jeg óskað, að frv. væri breytt í upphaflegt form, að því er snertir vegalagninguna í Vestur-Húnavatnssýslu.

Nánar við umræður í deildinni.

Jón A. Jónsson, formaður.

(B. LXIV, 3).

Ed.

350. Nefndarálit

um frumvarp til laga um Landsbanka Íslands.

Frá 2. hluta fjárhagsnefndar (B. K.).

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta, og hefir hún ekki getað orðið samferða um meðferð þess.

Það er eðlilegt, að frumvarp þetta sje í mörgum greinum frábrugðið fyrri lögum Landsbankans, sem að miklu leyti stafar af því, að gert er ráð fyrir, að Landsbankinn taki í sína hönd alla seðlaútgáfu ríkisins jafnótt og hún losnar.

Þráðurinn, sem gengur í gegnum þetta frumvarp, er að gera hann að hlutabanka og seðlabanka. Ætlast er til, að Landsbankinn leggi fram eina miljón króna hlutafje af láni því, sem hann tók 1907, en sem ríkissjóður borgar og mun nú greitt að hálfu. Er bankanum svo gefin heimild til í frumvarpinu að bjóða almenningi að kaupa hluti í bankanum, eða leggja fram innskotsfje, alt að tveim miljónum króna, án þess þó að eiga neina hluttöku í stjórn hans eða eftirliti.

Samskonar hugmynd kom fram á þinginu 1917, þingskj. 674, en var þá feld í neðri deild.

Það má segja, að Landsbankinn svífi að mestu í lausu lofti á meðan hann á svo lítið veltufje, samanborið við sparisjóð hans og hlaupareikning, sem nam 31. des. 1922 kr. 27944286,50, en á nú ekki nema um 2 miljón króna eigið veltufje, sem hann þó verður enn að borga af 4½ % vexti, í dönskum krónum að hálfu, eða af hinum ógreidda helmingi.

Ómögulegt er að segja um, hvort bankanum gæti nú tekist að afla þessa veltufjár, þar sem peningaþröng manna er á svo háu stigi. En hugsjónin er jafngóð fyrir því og ekki rjett að meina bankanum að gera tilraunina. En eflaust yrði mat á eignum bankans að vera á undan gengið, bæði almennings vegna og til þess að vita með vissu, hvers virði hlutabrjefin eiga að verða.

Mjög er það sjaldgæft, að seðlabankar sjeu ríkiseign. Í Evrópu voru að eins þrír seðlabankar ríkiseign fram að 1913, í tveim löndum þar sem var einveldisstjórn (Rússlandi og Finnlandi), og svo ríkisbankinn sænski. Allir aðrir seðlabankar voru þá hlutafjelög, og munu vera það enn.

Það er því öðru nær en að það sje sjálfgefið, að þjóðbanki vor taki við seðlaútgáfurjettinum, og liggja þar til margar orsakir, sem tæplega verður hægt að skýra frá hjer, nema í einstökum atriðum.

Það er samt sem áður ætlast til, að Landsbankinn taki að sjer allan seðlaútgáfurjettinn, »eftir því sem viðskiftaþörfin krefur«, segir í 4. gr. En heppilegra mundi vera að nefna þetta *gjaldmiðilsþörf*, því gjaldmiðilsþörf og viðskiftaþörf eru gagnólík hugtök.

Gjaldmiðilsþörfin var áður uppfylt með því að hafa gull-, silfur- og koparmynt í umferð milli manna, sem var í senn gjaldmiðill og verðmælir. Og var þessi gjaldmiðill gefinn út til þess að greiða fyrir viðskiftum manna á milli, svo að menn t. d. gætu greitt öll laun í peningum, gætu keypt hest eða kú fyrir peninga, í staðinn fyrir að borga þetta í vörum, sem seljandinn ef til vill hafði enga þörf fyrir. Og gjaldmiðillinn var nægur í landinu, ef peningar í smáum stíl lágu alstaðar meðal almennings, svo að eigi þyrfti að grípa til þess að borga hlut með öðrum hlut í smáu viðskiftunum milli manna.

Það má gera ráð fyrir, að öll gjaldmiðilsþörfin hafi verið hjer um 1874 nálægt 2 miljónum króna, því þegar myntskiftin fóru fram um það leyti, tók landfógeti, sem hafði myntskiftin á hendi, við rúmum 2 miljónum króna.

Árið 1914 munu seðlar hafa verið í umferð hæst um 2700 þúsund kr., en af þeim seðlum var talsvert í umferð erlendis. Hinsvegar gekk hjer nokkuð af norskum og dönskum seðlum, sem hafa ef til vill vegið á móti seðlum vorum erlendis. Og loksins var þá næg silfur- og koparmynt til skifta, en nálega engin gullmynt. Það væri því ekki ósennilegt að áætla, að gjaldmiðilsþörf vor hafi verið 1914 $3-3^1/_2$ miljón krónur, og þó tæpast það. Eftir því væri ekki ósennilegt að ætla, að gjaldmiðilsþörfin væri nú í hæsta lagi 40 kr. á mann, eða um 4 miljónir króna, *ef* embættislaun, daglaun, búfje og aðrar eignir manna væru í meðalverði. En þess ber vel að gæta, að *gjaldmiðilsþörfin* er alveg hin sama, hvort borgað er með ávísun á gull í banka, það er bankaseðlum, eða borgað er með myntinni sjálfri.

Reynslan er því, að ef land gefur út meira af seðlum en þessi *sanna gjaldmiðilsþörf* krefur, þá falla seðlarnir í verði, og því meir, sem meira er gefið út af þeim, ef ekki er sjeð fyrir vaxandi gulli að sama skapi, eða fyrir því, sem er í umferð af seðlum fram yfir hina sönnu gjaldmiðilsþörf.

Viðskiftaþörf er hinsvegar ótæmandi og óseðjandi. Menn taka lán, þörf og óþörf, á meðan lánið fæst, og getur því ekki verið um það að ræða, að uppfylla *þá* þörf með seðlum.

Í 3., 4. og 5. grein frumvarpsins er ætlast til, að seðlarnir verði gulltrygðir á venjulegan hátt og innleysanlegir fyrir gullmynt þegar krafist er, og kemur *innlausnin* eðlilega ekki til framkvæmda fyr en viðskifti milli landanna komast í sitt gamla horf og gengi á gjaldmiðli landanna nálgast að verða líkt því, sem það var fyrir styrjöldina.

Í 8. gr. frumvarpsins er ákveðið, að leysa megi Landsbankann undan því að setja nokkra tryggingu fyrir seðlunum í 2 ár í senn. Þetta er ákvæði, sem er mjög varhugavert og hætt við, að það hefði spillandi áhrif á gengi seðlanna, ef það fengi að standa í frumvarpinu.

Hvergi kemur beint fram í frumvarpinu, hvenær bankinn eigi að byrja að gefa út gulltrygða seðla samkvæmt 4. gr. En 39. grein bendir til, að það verði ekki gert fyr en 1. janúar 1928. Þetta mun liggja í því, að ætlast er til, að bankinn þangað til gefi út seðla jafnótt og Íslandsbanki innleysir seðla sína, samkvæmt lögum nr. 7, 4. maí 1922, sem eigi er ætlast til, að falli úr gildi, þó þessi lög verði samþykt.

Bankinn á þannig að hafa tvenn mjög mismunandi lög til að velja um

til 1. janúar 1928 að minsta kosti. Önnur lögin áskilja gullforða, en hin ekki. Önnur lögin áskilja, að bankinn borgi alla forvextina í ríkissjóð, nema að eins ½ % af ógulltrygðum seðlum, en lögin frá 1922 áskilja 2 % undir forvöxtunum af ógulltrygðu seðlunum. Og segir svo í fyrstu grein þessara laga: »Af þeim hluta seðlanna, sem málmtrygðir kynnu að verða, greiðist ekkert gjald. Í þessu virðist engin *skylda* liggja á bankanum að gulltryggja seðlana.

Ekkert er eðlilegra en að bankinn notaði þessi lög, sem eru honum á krepputímum hagstæðari. Og yrðu þau þá notuð að minsta kosti á tímabilinu til 1. janúar 1928. En á því tímabili mun Íslandsbanki eiga að draga inn 3 miljónir króna í seðlum að minsta kosti.

Minsti hluti nefndarinnar verður að álíta, að Landsbankinn megi á engan hátt gefa meira út af alveg ógulltrygðum seðlum. Og seðlar yfir höfuð hjer á landi verða að vera betur trygðir með gulli, vegna legu landsins, ef banki gefur seðlana út, með því sú trygging, sem sett er fyrir ógulltrygðu seðlunum, víxlar og annað, er óseljanleg hjer á landi, ef með þarf og upphot (Panik) ber að höndum. Þess vegna þarf gulltrygging hjá seðla*banka* hjer á landi að vera að mun sterkari en í nágrannalöndunum, sem á skömmum tíma getur breytt í gull víxlum sínum og verðbrjefum, sem standa sem trygging fyrir ógulltrygðu seðlunum. Annars er fullvirði seðlanna ekki trygt.

Eigi er gert ráð fyrir í frumvarpinu, að neitt sjerstakt vald eigi að skipa fyrir um það, hversu mikið megi mest gefa út af seðlum; virðist svo sem framkvæmdarstjórninni einni sje ætlað að gera út um það. Og eigi er einhlítt, að minsta kosti hjer á landi, að láta seðlaútgáfuna stjórnast af gulltryggingunni einni, þó það kunni að mega gera í öðrum löndum, þar sem eftirlit seðlabankanna er óbrigðult og veðin fyrir ógulltrygðu seðlunum eru gulls ígildi. Þetta sannar líka reynsla Íslandsbanka, sem gulltrygði seðla sína, en gaf þó svo mikið út af þeim, að þeir fjellu í verði, vegna þess að of mikið var lánað til hæpinna fyrirtækja. Nær sanni hefði þó verið að láta yfirstjórn bankans, hið fyrirhugaða bankaráð samkv. 19. grein, gera út um seðlaþörfina á hverjum tíma. Svo mikilvægt atriði er það. En eigi er gert ráð fyrir í frumvarpinu, að það eigi að hafa nokkurn íhlutunarrjett um útgáfumagn bankaseðlanna, tilbúning þeirra, ónýtingu nje annað.

Það hefir verið og er aðalregla seðlabanka að forðast að hafa ábyrgðina á því að taka við annara fje til ávöxtunar, og mun það hafa verið reglan fram að styrjöldinni miklu.

Og þar sem seðlabönkum var heimilað að taka á móti fje til ávöxtunar, svo sem við þýska ríkisbankann og Ítalíubanka, þá var sú upphæð takmörkuð við ákveðna upphæð. Og sú upphæð var t. d. við ríkisbankann þýska bundin við samanlagða upphæð veltufjár og varasjóð bankans, sem síðar mun sýnt verða. Að öðru leyti leyfir minsti hluti nefndarinnar sjer að tilfæra upplýsingar um þetta efni úr bók, sem heitir »Die Centralnotenbanken Europas« eftir hagfræðing ríkisbankans sænska, Ivar Hultman, sem út var gefin 1912, og gefur hann upplýsingar um fyrirkomulag allra seðlabanka í Evrópu. Er það gert í tilefni af athugasemdinni við 9.—14. gr. í athugasemdunum við frumvarp þetta, er gefur í skyn, að skoðanir manna muni vera breyttar í þessu efni, svo sem ríkisbankans sænska. Segir í þessari bók svo um *verksvið* seðlabankanna í lauslegri þýðingu:

Á bls. 35, *Frakklandsbanki:*

»Bankinn tekur á móti fjárupphæðum á hlaupandi reikning (hlaupareikning) eða geymslureikning (geymslufjárreikning) frá einstökum mönnum, svo og frá því opinbera og stofnunum einstakra manna, án þess að borga vexti af því«.

Á bls. 54, *þýski ríkisbankinn:*

»Ríkisbankinn hefir rjett til að taka á móti geymslufje og hlaupareikningsfje, með eða án ávöxtunar; þó má heildarupphæð geymslufjárins ekki yfirstíga samanlagt veltufjeð og varasjóðsfjeð. Ríkisbankinn er þannig bær um að taka á móti fje til ávöxtunar upp að ákveðinni upphæð; samt sem áður hefir hann ekki gert það síðan 1878«.

Á bls. 91, *Rússlandsbanki:*

»3. Eins og stendur (síðan 1898) greiðir bankinn enga vexti fyrir innlagt fje á hlaupandi reikningi. Fyrir innlög með löngum uppsagnarfresti og 5 daga uppsagnarfresti hefir bankinn til þessa greitt vexti, en nú borgar hann ekki neina vexti af slíku fje«.

Á bls. 100, *Finnlandsbanki:*

»9. Tekur á móti geymslufje, án þess að greiða vexti af því; þó er bankanum ekki bannað að borga vexti af hlaupareikningum útlendra banka og verslunarhúsa«.

Á bls. 106, *ríkisbanki Svíaríkis:*

»7. Tekur við fje með dags eða lengri uppsagnarfresti, án þess að greiða vexti af því«.

Á bls. 148, *svissneski þjóðbankinn:*

»4. Tekur á móti innlögum frá einstökum mönnum og fjárhagsnefnd sambandsins, svo og frá stofnunum sambandsstjórnarinnar, án þess að greiða vexti af því«.

Á bls. 151, *Spánarbanki:*

»Loksins tekur bankinn við fje á geymslufjárreikning og á hlaupareikning, í báðum tilfellum án þess að greiða vexti«.

Að lokum skrifar höf. yfirlit um seðlabankana í enda bókarinnar, og segir á bls. 184—185:

»Það má telja aðalregluna í ákvæðunum (lagaákvæðum seðlabankanna), að það sje ekki leyfilegt að taka á móti fje til ávöxtunar. Í mörgum löndum, þar sem leyft er að taka á móti fje til ávöxtunar, nota bankarnir á engan hátt þessa heimild. Rjett á litið sýnir reynslan þá staðreynd, að ávöxtun utanaðkomandi fjár gæti þvingað bankana til að veita lán, sem gagnstæð eru tilgangi seðlabanka«.

Auk þessarar ástæðu má vísa til ástæðna þeirra, sem vikið er að í ástæðunum við frumvarpið um seðlaútgáfu ríkisins, á bls. 5—6, og sem eru enn veigameiri og byggðar á reynslu.

Nú hefir hagfræðingur ríkisbankans sænska haft 2 alda reynslu Svíaríkis um bankaseðlaútgáfu fyrir sjer, er hann ritaði bók þessa, því bankaseðlar voru fyrst út gefnir í Svíaríki árið 1709. Og ennfremur hefir höf. haft fyrir sjer reynslu annara landa í Evrópu, sem gefið hafa út seðla. Það verður því ekki líklegt, að

ríkisbankinn sænski hafi skift um skoðun á því, hvort ráðlegt sje fyrir seðlabanka að taka við takmarkalausu fje til ávöxtunar, eins og athugasemdin við stjórnarfrumvarpið gefur í skyn.

Segir svo í athugasemdinni um þetta aftan við stjórnarfrumvarpið, á bls. 13:

»Allir, sem nokkuð fylgjast með í þessum efnum, vita líka, að nú er farið að líta öðrum augum á þetta atriði. Því til sönnunar má geta þess, að nýlega hefir lögum ríkisbankans sænska verið breytt einmitt á þessu sviði. Með l. 23. apríl 1920 var bankanum veitt heimild til að taka við innlánsfje og greiða vexti af því«.

Hjer er um misskilning einan að ræða, því í nýútkominni »*Bankpolitik*«, sem útgefin er 1923, eftir prófessor Axel Nielsen, segir svo í kaflanum »*Sviariki*«, á bls. 401—402, um þetta atvik:

»Bankinn má eftir lögunum 1897 taka á móti innlánum, án þess að svara vöxtum af þeim. En firmum, sem selja bankanum víxla, og sem ekki reka sjálf bankaviðskifti, má opna »upp ock avskrivningsräkning«, sem ber vexti. Á sama hátt má fara með reikninga erlendra banka (Korrespondenter)«.

Svo segir ennfremur:

»Þessum ákvæðum er 1920. breytt þannig, að bankinn fjekk leyfi til, þegar kringumstæður gerðu það æskilegt, að borga vexti af upphæðum, sem stóðu á geymslufjárreikningi (depositionsräkning). Ástæðan var, að ástandið, sem skapast hafði á árunum á undan, gat gert það æskilegt fyrir bankana að nota innlán sem hjálparmeðal í forvaxtapólitík sinni. En rjett á eftir breyttist viðskiftaástandið (konjunkturerne), og bankinn hefir því ekki notað þetta leyfi«.

Hjer er því villandi frá sagt og alls ekki líklegt, að hjer sje átt við venjulegt *sparisjóðsfje*, heldur fje, sem taka mætti til ávöxtunar með samningi um langan borgunarfrest, og sem þessi banki kallar »depositionsräkning«, sem getur verið alveg sjerstök aðferð fyrir þann banka. Það er því augljóst, að skoðanir ríkisbankans sænska í þessu efni eru alveg óbreyttar.

Það fje, sem Landsbankinn hafði með útibúum sínum til ávöxtunar 31. des. 1922, var:

Sparisjóðsfje	kr.	23103977,98
Á hlaupareikningi	—	4840308,52
Samtals	kr.	27944286,50

En eigið veltufje hans er nú ekki fullar 2 miljónir. Og þess utan skuldar hann ekki svo lítið fje erlendis, eins og kunnugt er.

Það má því telja, að nálega alt veltufje hans sje *annara* fje, sem að miklu leyti má segja upp fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust.

Það mundi því vera talin afarmikil ógætni í erlendra fjármálamanna augum, sem þekkja seðlabankafyrirkomulag, að veita þeim banka seðlaútgáfurjett til frambúðar, heldur seðlalán gegn handveði, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, eða að víxlar hans sjeu framseldir annari seðlabankastofnun. Og það væri heldur ekki í samræmi við stefnu Alþingis í seðlafyrirkomulagsmálinu 1901,

að veita nú Landsbankanum seðlaútgáfurjett, þar sem bæði nefndin í því máli 1901 (sjá þingskj. 351) og stofnendur Íslandsbanka, þeir Arntzen og Warburg, (sjá þingskj. 45 II., bls. 213) vildu ekki tengja neinn sparisjóð við Íslandsbanka, ef þeir fengju seðlaútgáfurjettinn, og var það af sömu ástæðum, sem hjer eru fram teknar, og eftir bendingu Þjóðbankans danska í þingskjali 45 sama ár. Þó bankinn 1905 fengi í *reglugerð* leyfi til að reka innláns- eða sparisjóðsviðskifti, þá var það leyfi veitt gagnstætt undirstöðu laga þess banka. Þar næst er rjett að víkja að 12. grein frumvarpsins.

Þó hún sje ekki nema ein lína, þá felur hún þó mikið í sjer. Bankanum er heimilað þar ótakmarkað að taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum. Nú má gera ráð fyrir, að hann mundi telja seðla bankans sína eign, og af því það hefir komið fyrir, og það jafnvel í Danmörku fyr á tímum, að seðlabankar í kröggum sínum hafa sett seðla sína að veði fyrir skuldum, þá væri þó rjett að undanskilja þá. Og ekki mundi fjármálamönnum þykja það neitt hart aðgöngu, þó bankanum væri meinað að veðsetja sín eigin hlutabrjef, þegar hann væri orðinn hlutabanki. Og álitamál væri enn fremur, hvort heimila ætti *seðlabanka* að veðsetja víxla sína, sem eiga aðallega að standa sem veð fyrir ógulltrygðu seðlunum.

Það er því æðimargt athugavert við þetta frumvarp. Og hefði fjármálastjórnin þurft að geta haft tækifæri til að leggja slíkt frumvarp fyrir seðlabankastjórn á Norðurlöndum, eða öllu heldur að láta semja frumvarpið þar. Þetta hefði og verið í samræmi við aðferð landshöfðingjans 1900, sem tók sjer aðstoð Þjóðbankans danska, þegar lög um stofnun Íslandsbanka voru samin.

Og minsti hluti nefndarinnar vill sterklega ráða hinu háa Alþingi til að fresta þessu máli til næsta þings, heldur en að samþykkja það á þessum grundvelli, ef hugir manna skyldu hneigjast fremur að því að samþykkja, að Landsbankinn taki við seðlaútgáfu ríkisins en sjerstök stofnun, samkvæmt frumvarpinu á þingskjali nr. 105, eða sjerstakur hlutabanki. Þá fengist full trygging fyrir því að fá óvilhallar leiðbeiningar og álit um bæði frumvörpin. Og ættu þá að fylgja frumvarpinu þær bendingar, sem gefnar eru í þessu nefndaráliti.

Þá er í 15. gr. gert ráð fyrir 5 manna bankaráði, og er starfssvið þess ákveðið í 19. grein. Það er sýnilegt, að svo miklum störfum er ljett af bankastjórunum og velt yfir á bankaráðið, að bankastjórarnir ættu að nægja tveir, er núverandi bankastjórar láta af embættum, einn eða fleiri. Er bankaráðinu meðal annars ætlað að skipa bæði aðalbókara og aðalfjehirði og að víkja þeim frá, en þessi embætti hefir landsstjórnin hingað til veitt, stundum þvert ofan í tillögur bankastjóranna, sem hefir eins og kunnugt er gefist illa. Þetta má því telja til bóta. Undir bankaráðið hefði að sjálfsögðu átt að liggja að veita eftirgjafir á óvissum skuldum bankans, og þess háttar ákvarðanir, og að ákveða forvextina. Þá ætti fulltrúaráðið og að annast alla endurskoðun í bankanum.

Bankaráðin hafa gefist hjer misjafnlega, einkum að því er eftirlit með starfsemi bankastjóranna snertir. Það eftirlit ætti því ekki einungis að vera *heimild*, heldur *skylda* bankaráðsins, að hafa á hendi þá »kritisku« endurskoðun um gerðir bankastjóranna.

Þá má telja það til mikilla bóta, að ársreikning bankans á að semja og

birta innan 3 mánaða eftir hvert nýár. Ættu þingmenn þá að geta fengið þá áður en þingi er slitið. Það leiðir af sjálfu sjer, að ef bankanum er ekki afhentur seðlaútgáfurjetturinn, þá er 29. gr. óþörf, og lítils virði hvort sem væri til þess að auka traustið á seðlunum, því *varasjóður* banka er ekki lengi að hverfa, eins og reynslan sýnir.

Starfsemi seðlabankans er ákveðin í 10. gr., og er honum fyrst og fremst ætlað að taka við peningum til ávöxtunar á dálk og hlaupareikning og sem sparisjóð. Þá eru upp taldir nokkrir liðir, og loksins segir í 6. lið: »að annast að öðru leyti öll bankastörf«. Og það er eðlilegt, að frumvarpið segi þetta, því bankanum er frá upphafi ekki ætlað að fara öðruvísi að. Hann er ekki skapaður til að vera *seðla*banki. Og enginn seðlabanki í Evrópu má reka »öll venjuleg bankaviðskifti«, því þeim er ekki ætlað að eiga mikið í hættunni, og skifta því aðallega við *aðra banka*, við stórkaupmenn og stóran, tryggan verksmiðjurekstur, beint eða aðallega fyrir milligöngu annara banka. Við almenning skifta þeir ekki, eins og hjer gerist.

Til þess að gefa þó hugmynd um þetta, má tilfæra hjer verkahring ríkisbankans sænska. Hann er þessi, tekið eftir áðurnefndri bók (Axel Nielsen) á bls. 401:

> »Ríkisbankanum er að eins heimilt að reka þau viðskifti, sem beint eru nefnd í lögunum: kaup og sölu á gulli og silfri, að kaupa innlenda og útlenda víxla, sem greiðast innan 6 mánaða, að kaupa og selja svensk og útlend verðbrjef (obligationer), sem verðsett eru á erlendum kauphöllum, þar á meðal að taka þátt í að skrifa sig fyrir svenskum og útlendum ríkisskuldabrjefum. Þess utan má bankinn lána út á vörur í alt að 6 mánuðum (sem hann hefir að handveði), verðbrjef, hlutabrjef og önnur verðbrjef, og ennfremur veita reikningslán eða lán gegn tryggingu í alt að 12 mánuði«.

Trygging fyrir lánunum er auðvitað verðbrjef eða trygg hlutabrjef, en ekki sjálfskuldarábyrgð, eins og hjer gerist. Það er auðsætt, að Landsbankinn gæti ekki farið eftir þessum eða líkum reglum, ef hann yrði seðlabanki, enda er ekki svo til ætlast. En alt þetta staðfestir þá skoðun, að Landsbankinn geti ekki tekist á hendur að vera seðlabanki. Það er of hættulegt fyrir hann og landið. Auk þess mundi engum banka hjer á landi vera hagur að því að gefa út seðla, því gefi banki ekki meira út af seðlum en *sönn gjaldmiðilsþörf krefur*, þá hefir hann *engan* ávinning af seðlaútgáfunni, og gefi hann meira út, þá liggur hættan nærri, að seðlarnir falli í verði, eins og reynslan hefir nú sýnt. Og auðvitað má enginn seðlabanki er tímar líða uppfylla *alla* vora gjaldmiðilsþörf með seðlum. Nokkurt rúm verður þó að vera eftir skilið fyrir gull- og silfurmynt.

Að lokum er ástæða til að minnast á 40. og 41. gr. Er í fyrri greininni ætlast til, að bankinn auki ógulltrygða seðla upp í 1 miljón króna. Og virðist það vera önnur tegund seðla en 4. gr. ræðir um. Eiga þessir seðlar að vera í umferð nokkur ár samtímis og hinir seðlarnir, að minsta kosti frá 1. janúar 1928. Þetta er hætt við, að verki traustspillandi bæði fyrir bankann og seðla hans. Að því er snertir 41. gr., þá mun alveg vera óumsamið við Íslandsbanka um þau atriði, sem þar um ræðir, og virðist því ekki vera hægt að skipa fyrir um þau með lögum.

Byggingu frumvarps þessa hefir nú verið stuttlega lýst, einkum að því er veit að seðlaútgáfunni. Er augljóst, að það er langt frá að vera bygt á alment viðurkendum seðlabankagrundvelli, og getur því ekki verið um það að ræða að samþykkja frumvarpið, án þess að nema burt úr því alt, sem snertir seðlaútgáfuna, enda mun bankastjórn Landsbankans eigi vera það áhugamál að taka við seðlaútgáfunni. En ef alt er felt úr frumvarpinu, sem að seðlaútgáfunni lýtur, og frumvarpinu breytt nokkuð að öðru leyti, þá virðist svo sem bankinn gæti haft allmikla stoð af lagabreytingunni.

Með þeim skýringum, sem hjer eru gefnar, er lagt til, að frumvarpi þessu sje vísað til stjórnarinnar með dagskrá þeirri, sem tveir nefndarmennirnir bera fram.

Alþingi, 9. apríl 1924.

Björn Kristjánsson.

(B. XXXIII, 4).

Nd. **351. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu og með því að leggja útsvar á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum, á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Fasteignagjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum og ákveðst það þannig:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, svo og af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 0,8 % — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði, enda annast bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sóthreinsun, sorp- og salernahreinsun, ráðstafanir til útrýmingar rottum og tryggingar gegn eldsvoða.

b. Af öllum lóðum og löndum, sem með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða með sjerstakri samþykt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara slíkra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, skal greiða 0,2 % — 20 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Reykjavíkur.

Ennfremur eru undanþegin fasteignagjaldi:

Lóðir, sem eru eign annara ríkja, að svo miklu leyti sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og kirkjugarðar.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Reykjavík, og er gjalddagi 2. janúar ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

6. gr.

Þegar lög þessi koma í gildi, falla í burtu þau gjöld, sem nú hvíla á fasteignum kaupstaðarins til að standast kostnað við sóthreinsun (lög nr. 20, 15. okt. 1875) og sorphreinsun og salernahreinsun (lög nr. 42, 11. júlí 1911), en vatnsskattur helst óbreyttur samkvæmt lögum nr. 84, 22. nóv. 1907, að öðru leyti en því, að miða skal skattinn við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu.

7. gr.

Útsvari því, sem ræðir um í 1. gr., skal niðurjöfnunarnefnd jafna niður eftir efnum og ástæðum gjaldenda.

Niðurjöfnunin nær til allra einstaklinga og fjelaga, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Skal þá draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem stunduð er í bænum, eða á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, eða leggja þar upp afla sinn eða nauðsynjar, má leggja útsvar, þótt atvinna sje ekki stunduð nema 4 vikur ársins og þótt sá, er atvinnuna stundar, eigi lögheimili annarsstaðar, utanlands eða innan.

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, sem skrásett eru í Reykjavík, svo og til þeirra, sem hafa á hendi launuð störf og aukastörf í bænum, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir, enda sje atvinnan stunduð ekki skemur en 3 mánuði. Þó má ekki skattleggja þingfararkaup alþingismanna, sem heimili eiga annarsstaðar.

Útgerðarmenn, skipaeigendur og aðrir atvinnurekendur skulu standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem atvinnu hafa hjá þeim eða á skipum þeirra, enda er þeim heimilt að halda eftir alt að 10 % af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu. Niðurjöfnunarnefnd tilkynnir þeim, sem standa eiga skil á útsvari utanbæjarmanna, jafnskjótt er hún hefir lokið niðurjöfnun, útsvör þau, sem þeim ber að standa skil á.

Um útsvar samvinnufjelaga fer eftir þeim sjerstöku lögum, er um slík fjelög gilda.

Undanþegnir útsvari eru sendimenn annara ríkja og þeir þegnar sama ríkis, sem eru í þjónustu þeirra og stunda ekki aðra atvinnu í bænum, svo og þeir, sem með sjerstökum lögum eru undanþegnir skatti.

8. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Skattstjórinn í Reykjavík er formaður hennar, en 4 nefndarmennina kýs bæjarstjórnin til eins árs í senn á síðari reglulegum fundi sínum í nóvembermánuði ár hvert. Kjörgengir til nefndarinnar eru þeir bæjarbúar, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnarinnar. Nefndarmenn fá þóknun úr bæjarsjóði fyrir starf sitt eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar.

9. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara skal fara fram í byrjun hvers árs og vera lokið fyrir 15. dag aprílmánaðar, og skal niðurjöfnunarskráin liggja til sýnis frá 15. apríl til 1. maí.

Við aðalniðurjöfnun skal jafna niður þeirri upphæð, sem ákveðin er í fjárhagsáætlun bæjarins það ár, auk 8—10 % umfram.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram síðari hluta hvers mánaðar og aukaskrá liggja til sýnis 1.—15. dag næsta mánaðar.

Við aukaniðurjöfnun skal leggja útsvar á þá gjaldendur, sem bæst hafa við frá síðustu niðurjöfnun, svo og á þá, sem kunna að hafa fallið af niðurjöfnunarskrá áður.

Um kærur yfir niðurjöfnun og úrskurði á þeim fer eftir þeim reglum, er nú gilda, sbr. þó 10. gr.

10. gr.

Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til yfirskattanefndar bæjarins. Skal það gert brjeflega innan 15 daga frá úrskurði bæjarstjórnar. Yfirskattanefnd úrskurðar kæruatriðin innan 15 daga og birtir þeim, sem hlut eiga að máli, úrslitin. Er því máli þar með lokið.

Ekkert gjald má yfirskattanefnd hækka eða lækka nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10 % of lágt eða hátt.

Nefndin tekur borgun fyrir störf sín, og reiknast hún samkv. lögum nr. 74, 27. júní 1921, og tilsk. nr. 84, 30. nóv. 1921, þó þannig, að það greiðist úr bæjarsjóði, sem þar greiðist úr ríkissjóði, enda úrskurðar bæjarstjórn reikningana. Nú fær áfrýjandi ekki lækkun á útsvari sínu, og ber honum þá að endurgreiða bæjarsjóði allan kostnað af áfrýjuninni, og úrskurðar yfirskattanefnd þann kostnað. Fái áfrýjandi lækkun á útsvari sínu, greiðir hann helming kostnaðar með sama hætti. Þessum kröfum bæjarsjóðs á áfrýjendur fylgir lögtaksrjettur.

11. gr.

Útsvör öll skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkera, og eru gjalddagar útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar og 1. dag októbermánaðar, en gjalddagar annara útsvara þann dag, sem niðurjöfnunarskrá er lögð fram, og sá annar, ekki skemra frá en 5 mánuðum, sem á niðurjöfnunarskrá er ákveðinn. Helming útsvars skal greiða á hverjum gjalddaga. Enginn getur, með því að skjóta útsvari sínu til bæjarstjórnar eða yfirskattanefndar, komist hjá því að greiða þann hluta útsvarsins, sem fallinn er í gjalddaga, en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgoldið er, endurgreitt úr bæjarsjóði.

12. gr.

Sje fasteignagjald eða útsvar, sem ræðir um í lögum þessum, eigi greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Sömu dráttarvexti skal og greiða, ef önnur gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, svo sem vatnsskattur, leigugjöld af lóðum, erfðafestulöndum og öðrum fasteignum, gangstjetta- og holræsagjöld, skólagjöld o. s. frv., eru eigi greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga.

Dráttarvextirnir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

22. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og lög 19. okt. 1877, um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

(B. LXIV, 4).

Ed.

352. Nefndarálit

um frumvarp til laga um Landsbanka Íslands.

Frá 3. hluta fjárhagsnefndar (J. Jós. og S. E.).

Við höfum athugað frv. þetta og rætt það við bankastjórnir beggja bankanna og fjármálaráðherra. Jöfnum höndum höfum við haft til athugunar frv. 2. þingmanns Gullbringu- og Kjósarsýslu um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar.

Þungamiðjan í frumvarpinu um Landsbankann er seðlaútgáfan; er þar ætlast til, að Landsbankinn fari með hana framvegis, en jafnframt er lagt til, að gerðar sjeu verulegar breytingar á fyrirkomulagi bankans, þannig, að hann verði hlutafjárbanki. Auk þess skal sett 5 manna bankaráð yfir bankann.

Frv. þetta bað fyrverandi fjármálaráðherra fjárhagsnefnd að flytja, er mánuður var liðinn af þinginu. Tími hefir því eigi unnist til ítarlegrar rannsóknar á málinu, en án slíkrar rannsóknar má ekki ráða máli til lykta, sem jafnmikla þýðingu hefir fyrir þjóðina og þetta.

Okkur er það að vísu ljóst, að því er fyrirkomulag á stjórn bankans snertir, að honum myndi vera styrkur í hinni nýju skipun, en álitamál er, hvort ekki mætti á einfaldari hátt búa tryggilega um stjórn hans, en um það verður ekki fullyrt, eftir ekki meiri rannsókn.

Þá sýnist okkur einnig, að styrkur væri fyrir bankann að fá stofnfje sitt aukið. Að því er seðlaútgáfuna snertir, sem er þýðingarmesti þátturinn í þessum bankamálum, þá hefir nú dregist alllengi úr hömlu að koma skipulagi á hana. Var til þess ætlast, að henni yrði ráðstafað fyrir 1. júní 1922, en það hefir þó ekki orðið enn, og hefir núverandi fjármálaráðherra borið þá ósk fram við nefndina, að fresturinn, sem ákveðinn er með lögum nr. 32, 20. júní 1923, verði nú framlengdur enn þá eitt ár, og hefir nefndin flutt frv. um þetta efni fyrir stjórnina. Hefir meiri hluti nefndarinnar fallist á þær óskir stjórnarinnar, að henni mætti gefast kostur á að athuga ítarlegar, hvernig seðlaútgáfunni yrði best fyrir komið, og hefir stjórnin lýst því yfir, að hún myndi leita aðstoðar sjerfræðinga um það efni.

Samkvæmt frumvarpinu um Landsbankann er þeim banka ætlað að hafa alla seðlaútgáfuna og ráða öllu um hana, og hefir landsstjórnin engin bein áhrif í því efni. Þar sem nú banki þessi ávaxtar svo mikið af sparisjóðsfje landsmanna, teljum við að sjerstök ástæða sje til að íhuga, hvort það geti samrýmst einræðinu um seðlaútgáfuna. Aftur ef litið er til þess fyrirkomulags, sem gert er ráð fyrir í frv. háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.), ræður stjórnin öllu um seðlaútgáfuna, og þykir þetta ekki hafa gefist vel, eftir þeirri reynslu, sem fengin er hjer í þessu efni. Frá almennu sjónarmiði má segja, að eins og það gæti orðið freisting fyrir seðlabanka, sem ávaxtar sparisjóðsfje, að gefa út of mikla seðla,

vegna aðsúgs að bankanum, eins gæti stjórn, sem er í fjárkröggum, freistast til að gefa út seðla til þess að geta fengið lán hjá bankanum, eins og bankinn gæti einnig gert það að skilyrði fyrir láni, að fá aukna seðlaútgáfuna.

Við endanlega skipun seðlaútgáfunnar væri æskilegt, að reynt væri eftir megni að komast fram hjá þessum torfærum. Fyrir alt lánstraust þessarar þjóðar mundi það skifta miklu máli, að vel og tryggilega yrði frá seðlaútgáfunni gengið, og viljum við, eins og áður er vikið að, á engan hátt vera því til fyrirstöðu, að stjórnin hafi til næsta þings þetta mjög svo þýðingarmikla mál til rannsóknar og ítarlegs undirbúnings. En á næsta þingi teljum við, að óhjákvæmilegt sje að skipa þessu máli endanlega, enda er þessi tillaga miðuð við, að svo verði gert.

Loks látum við þess getið, að við væntum, að á sem tryggilegastan hátt verði sjeð fyrir seðlaaukningu þeirri, sem nauðsynleg kann að verða á þessu ári. Samkvæmt því, sem tekið er fram hjer að ofan, leggjum við til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð stjórnin hefir óskað, að henni gefist kostur á að athuga með aðstoð sjerfræðinga og undirbúa fyrir næsta þing endanlegt fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, og þar sem hjer er um mjög vandasamt mál að ræða, sem miklu skiftir fjárhag þessarar þjóðar, þá þykir rjett, að þessi undirbúningur fari fram, svo málinu geti orðið ráðið til lykta á næsta þingi, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. apríl 1924.

Sig. Eggerz, formaður. Jóhann Þ. Jósefsson, framsögum.

(C. XXVIII, 1).

Nd. **353. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um skatt af heiðursmerkjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um skatt af íslenskum heiðursmerkjum og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um það efni. Verði hæð skattsins og væntanleg tekjuvon af honum fyrir ríkissjóð við það miðuð, að fullkomlega greiðist kostnaður sá, sem ríkið hefir og hefir haft af Fálkaorðunni.

(C. XIX, 3).

Ed. **354. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um breytt skipulag Söfnunarsjóðs Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um þessa tillögu, og hefir því klofnað. Tillagan hefir verið rædd á fundum nefndarinnar, og á einum fundi með forstöðumanni Söfnunarsjóðsins, sem gaf þær upplýsingar, að vöxtur Söfnunarsjóðsins væri um 100 þúsund krónur á ári, og væri það regla sín að láta jarðarveðslán ganga fyrir lánum út á hús, þegar þesskonar lánbeiðnir lægju fyrir, með því hann teldi jarðarveð tryggara fyrir sjóðinn en húsaveð.

Á hinn bóginn taldi hann það geta valdið sjóðnum verulegum hnekki, ef fyrirskipað yrði með lögum, að sjóðurinn skyldi eingöngu lána út á jarðarveð, með því sumir, sem legðu fje í sjóðinn, áskildu, hvernig því væri varið til lána. Enn fremur tjáði hann nefndinni, að ógerningur væri fyrir Söfnunarsjóðinn að hafa eftirlit með því, hvort fjenu, sem sjóðurinn lánar, er varið til ræktunar í sveit eða endurbygginga á sveitabæjum og nýbýlum, því þó svo væri áskilið í skuldabrjefi, þá gæti lántakandi varið fjenu til alls annars, án þess Söfnunarsjóðurinn gæti um það vitað, sem hefir fyrir markmið að halda rekstrarkostnaðinum sem mest niðri.

Á næsta fundi átti prófessor Eiríkur Briem, stofnandi Söfnunarsjóðsins, viðtal við nefndina. Benti hann á tilgang sjóðsins; hann væri ekki sá, að vera lánsstofnun, þó hann auðvitað yrði að ávaxta fje sitt, heldur væri tilgangur hans að hjálpa almenningi til að spara saman fje fyrir eftirtímann og að ávaxta það sem best, svo að þjóðinni í framtíðinni yrði sem mest lið að. Það væri tilgangurinn. Eins benti hann á, að megnið af fje sjóðsins væri óuppsegjanlegt, sem lagt væri inn í sjóðinn undir þeim lögum, sem gilt hafa fyrir sjóðinn frá upphafi, og sje því ekki heimilt að breyta lögunum, innstæðueigendunum í óhag.

Það kom ljóslega fram af viðtalinu við prófessorinn, að regla hans, eins og núverandi forstöðumanns Söfnunarsjóðsins, hefði verið þau 35 ár, er hann stjórnaði Söfnunarsjóðnum, að láta lán út á jarðir sitja i fyrirrúmi, og fullyrti hann, að í sinni tíð hefði aldrei komið fyrir, að slík lán hefðu ekki verið veitt.

Minni hluti nefndarinnar hefir nú lagt til, í nefndaráliti á þskj. 332, að tillagan verði samþykt gerbreytt.

En samkvæmt fengnum upplýsingum er tillagan í þessu móti alveg óþörf og að eins móðgun við stofnanda Söfnunarsjóðsins og einnig við forstjóra hans,

sem hefir lýst yfir því við nefndina, að hann myndi halda þeirri sömu stefnu viðvíkjandi lánveitingum, sem hann hingað til hefir haft.

Vjer leggjum því til, að tillagan verði feld.

Alþingi, 10. apríl 1924.

Sig. Eggerz, formaður, með fyrirvara.

Björn Kristjánsson, fundaskrifari.

Jóhann Þ. Jósefsson, framsögumaður.

(B. XXXIX, 3).

Nd. **355. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 30. júní 1923. (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá Þórarni Jónssyni.

Á eftir »í Dýrafirði« komi:
Lína frá Melstað að Efra-Núpi í Miðfjarðardölum.

(B. LXVII, 2).

Nd. **356. Nefndarálit**

um frv. til laga um skattfrelsi fyrir h/f. Eimskipafjelag Íslands.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta var sent borgarstjóranum í Reykjavík til umsagnar, og hefir hann í mjög ítarlegu erindi 9. þ. m. mótmælt því, að Eimskipafjelagið verði með

lögum undanþegið greiðslu sveitarútsvars. Segir svo um þetta í brjefi borgarstjórans:

»Hvað sjálft frumvarpið snertir um skattfrelsi Eimskipafjelagsins skal jeg láta í ljós þá skoðun mína, að ekki sjeu til nein frambærileg rök fyrir því, að fjelagið sje undanþegið útsvari til bæjarsjóðs. Það nýtur hjer allra sömu hlunninda og önnur fyrirtæki, sem starfrækt eru í bænum, og hlýtur að taka þátt í kostnaði þeim, sem bæjarfjelagið hefir til að geta veitt þau, í hlutfalli við getu sína á móts við aðra borgara og fyrirtæki. Útsvar hefir og ávalt verið lagt á fjelagið mismunandi eftir því sem arður þess hefir verið. Árið 1919 var arðurinn kr. 1211338,48 + 96574,55 = kr. 1307913,03 og útsvarið 1920 kr. 85000, c. 6,5%; árið 1920 var arðurinn kr. 533806,65 + 151668,00 = kr. 685474,65 og útsvarið 1921 kr. 50000,00, c. 7,3%; árið 1921 var arðurinn kr. 485278,91 + 112805,50 = kr. 598084,41 og útsvarið 1922 kr. 40000,00, c. 6,7%; árið 1922 var arðurinn kr. 203891,74 + 111456,13 = kr. 315347,87 og útsvarið 1923 kr. 45000,00, c. 14,2%. Útsvör fjelagsins þessi 4 ár hafa þannig verið að meðaltali c. 8,7% af arði þess árið áður, og er þetta talsvert lægra útsvar en lagt hefir verið sömu ár á tekjur annara atvinnufyrirtækja og á einstaklinga, sem hafa haft miklar tekjur.

Það er því ekki hægt að rjettlæta framkomu hjer umrædds frumvarps með því, að Eimskipafjelaginu hafi undanfarið verið íþyngt með tiltölulega háum útsvörum, og það er vissulega engin hætta á því, að svo verði gert framvegis, heldur mun útsvarið lækka með lækkandi arði.

Það kann satt að vera, að Eimskipafjelagið eigi nokkuð erfiða aðstöðu í bili, vegna gengislækkunar krónunnar, en það er ekki sjerstakt fyrir þetta fjelag, heldur tekur það til allra, sem skulda fje í útlöndum, ekki síst til bæjarfjelagsins sjálfs, sem skuldar c. 4¾ miljón króna í útlöndum, en útlendar skuldir Eimskipafjelagsins eru í reikningunum fyrir árið 1922 taldar alls tæplega 1 miljón. Eimskipafjelagið stendur og það betur að vígi en flestir aðrir, að flutningsgjöld fyrir vörur frá útlöndum eru að mestu leyti greidd í erlendri mynt, dönskum krónum og sterlingspundum«.

Fellst minni hluti allsherjarnefndar á þessi rök gegn frv. Hið sama gildir einnig um skattfrelsi til ríkissjóðs, að öðru leyti en því, að fjárveitingarvaldið getur auðvitað styrkt þau fjelög eða stofnanir af fje ríkissjóðs, sem þess eru makleg og nauðsyn þykir til bera að styrkja.

Ræður minni hlutinn hv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari, frsm. minni hl.	Magnús Jónsson.

(B. XLV, 3).

Ed. **357. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins.

Frá 1. hluta fjárhagsnefndar (B. K.).

Nefndin hefir ekki fylgst að um frumvarp þetta fremur en um hitt seðlafrumvarpið, og hefir hvorugt verið rætt í nefndinni á venjulegan hátt. Þess vegna verður ekki komist hjá að drepa á þetta mál í örfáum orðum.

Minsti hlutinn gat þess í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að annaðhvort verði að stofna sjerstakan seðlabanka, og þyrfti hlutafje hans að vera minst 2 miljónir króna, eins og á stendur, eða sem svarar því, sem kostar að gulltryggja seðla hans, en taldi að vandkvæði gætu orðið á því að safna svo miklu veltufje innanlands. Er þá ekki nema ein leið eftir, eða sú, sem frumvarp þetta er bygt á.

Aðalkostirnir við þessa leið eru:

1. *Að* óliklegt er, að svona stofnun geti nokkurntíma orðið fyrir árásum eða traustleysi almennings, ef hún að eins fylgir lögunum, með því hún á ekki að þurfa að verða fyrir neinu tapi út af viðskiftum.
2. *Að* tryggingar þær, sem stofnunin hefir frá bönkunum, er *handveð*, sem veitir skýlausari tryggingu fyrir ógulltrygðu seðlunum en venjuleg lagaákvæði um tryggingar í seðlabankalögum, og er í engu tilliti óhagkvæmara bönkunum í framkvæmd en víxlasala þeirra til seðlabanka.
3. *Að* tæplega er hægt að væna stofnunina um, að hún hafi minni gullforða en henni ber að hafa samkvæmt lögunum, og
4. *Að* stofnunin stendur undir beinu eftirliti stjórnarráðsins og á ábyrgð þess.

Alt þetta og fleira á að geta trygt seðlum vorum fult gildi.

En þessar kringumstæður valda því, að óhætt má telja, að áhættulaust sje að *byrja* að reka stofnunina með 30 % gullmynt, auk tryggingarinnar frá bönkunum; er það sama gulltrygging og sett er fyrir seðlum Þjóðbankans danska.

Búast má og við, að stofnuninni hafi bæst nokkur aukinn gullforði, er sá tími kemur, að seðlarnir verða gerðir innleysanlegir.

Ef seðlaútgáfan er sjerstök, óháð bönkunum, má telja hana miklu tryggari seðlastofnun en bankana, sem telja má, að jafnan standi í glerhúsi, sem almenningsálitið getur kastað steinum að, eins og reynslan hefir sýnt, og það oft að ástæðulausu, en sem getur valdið því, að seðlarnir missi traustið og falli í verði. Og þetta hefir reynslan áður sýnt í öllum löndum á meðan menn voru að læra að skapa trygt seðlabankafyrirkomulag.

Vel getur verið, að það þyki ekki nægilega trygt í augum fjármálamanna erlendis að láta landsstjórnina kveða á um seðlamagnið á hverjum

tima, því oft geti komið fyrir, að stjórnin sjálf sje lánþurfi, sem geti leitt af sjer of mikla seðlaútgáfu. Og er sú skoðun ekki ástæðulaus. En tæplega mundi taka betra við, þó Alþingi yrði látið ákveða þetta, þar sem það skortir svo mjög fjármálafróða menn, sem þing erlendis hafa gnægð af. Þar er og miklu fremur tekið tillit til sjerþekkingar í slíkum og öðrum málum en hjer.

Hugsanlegt væri að láta t. d. 7—9 manna nefnd, valda af sameinuðu Alþingi, kveða á um seðlamagnið eftir hendinni, að fengnum tillögum forstöðumanns seðlaútgáfu ríkisins.

Minsti hlutinn hefir leyft sjer að bera fram nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, á þskj. 336, til leiðrjettingar á frumvarpinu, sem ætlast er til, að fylgi því til stjórnarinnar.

Leggur svo þessi nefndarhluti til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar samkvæmt ósk hennar.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Björn Kristjánsson.

(C. XXIX, 1).

Sþ. **358. Tillaga**

til þingsályktunar um íslenskt happdrætti.

Flm.: Ingibjörg H. Bjarnason, Magnús Jónsson, Jón A. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um íslenskt happdrætti, í því skyni, að ágóði af því gangi til þess að koma upp og starfrækja landsspítala.

Greinargerð.

Það er á margra vitorði, að mikið fje rennur hjeðan á ári hverju til happdrættismiðakaupa í erlendum happdrættisfyrirtækjum. Væri fje þetta að öllu leyti betur komið hjer heima, og þar sem í fljótu bragði verður ekki annað sjeð en að hægðarleikur ætti að vera að stöðva það hjer, með því að gefa mönnum tækifæri til þess að verja fje sínu með þessum sama hætti í innlendu fyrirtæki, þá væri þarft verk, að stjórnin rannsakaði þetta mál og legði fyrir næsta Alþingi niðurstöður þær, sem hún kemst að.

Að ýmsu leyti verðum vjer að telja það heppilegra, að tekjur þær, sem verða mundu af happdrættinu, rynnu til ákveðinnar þarfar, sem ríkissjóður hvort sem er þarf að bæta úr, heldur en að láta það renna til almennra þarfa hans,

og flestum eða öllum mun koma saman um, að bygging, viðhald og rekstur landsspítala sje kvöð, sem ríkissjóður getur ekki til lengdar skotið sjer undan að uppfylla. Má þá segja, að þungri byrði væri af ríkissjóði ljett, ef hjer fyndist leið til þess að standa straum af svo miklu og dýru fyrirtæki, en á hinn bóginn er til vill frekar von um, að það drægist ekki óhæfilega, að slíkt nauðsynjamál kæmist í framkvæmd.

(B. XXXIII, 5).

Nd. **359. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá Jakob Möller.

Í stað a.-liðs í 2. gr. frumvarpsins komi tveir nýir liðir, svolátandi:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8%—80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði, enda annist bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sóthreinsun, sorp- og salernahreinsun, ráðstafanir til útrýmingar rottum og tryggingar gegn eldsvoða.
b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 0,8%—80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði,

(B. XXXIX, 4).

Nd. **360. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 355 (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá Jóni Sigurðssyni.

Aftan við tillöguna bætist:

og lína frá Heiði í Gönguskörðum í Skagafirði að Skíðastöðum í Laxárdal.

(B. XLV, 4).

Ed. **361. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins.

Frá 2. hluta fjárhagsnefndar (S. E. og J. Jós.)

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar jafnhliða frv. til laga um Landsbanka Íslands, sem um ræðir í nefndaráliti okkar undirritaðra á þingskj. 352.

Leyfum við okkur að vísa til þess, sem þar er sagt um frv., og leggjum til, að háttv. deild afgreiði það með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þareð stjórnin hefir óskað, að henni gefist kostur á að athuga með aðstoð sjerfræðinga og undirbúa fyrir næsta þing endanlegt fyrirkomulag seðlaútgáfunnar og þar sem hjer er um mjög vandasamt mál að ræða, sem miklu skiftir fjárhag þessarar þjóðar, þá þykir rjett, að þessi undirbúningur fari fram, svo málinu geti orðið ráðið til lykta á næsta þingi, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Sig. Eggerz, formaður.

Jóhann Þ. Jósefsson, framsögumaður.

(B. XLV, 5).

Ed. **362. Nefndarálit**

um frv. til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins.

Frá 3. hluta fjárhagsnefndar (I. P., J. J.).

Minni hluti fjárhagsnefndar álítur, að seðlaútgáfa ríkisins eigi að sjálfsögðu að vera hjá Landsbankanum. Að efna til sjerstakrar stofnunar, með nýjum dýrum embættum, til að gera á landsins kostnað það, sem þjóðbankinn getur gert án aukins tilkostnaðar, væri mjög í ósamræmi við þann sparnaðaranda, sem nú ríkir í þinginu. Við leggjum því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Jónas Jónsson, frsm.

Ingvar Pálmason.

(B. LXXXII, 2).

Ed. **363. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á, að sökum verðfalls peninganna sje breyting sú, er frv. gerir ráð fyrir, til bóta, og mælir því með, að það verði samþykt.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,	Jónas Jónsson,	Eggert Pálsson,
formaður.	frsm.	fundaskrifari.

(B. XXXIII, 6).

Nd. **364. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. gr. a-lið.

a. Eftir orðið »salernahreinsun« komi: og.
b. Orðin »og tryggingar gegn eldsvoða« falli burt.

(B. LXIII, 5).

Ed. **365. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í staðinn fyrir »meiri hluta« komi: $^2/_3$.

Alþingi, 12. apríl 1924.

Eggert Pálsson, formaður. Jóhann Þ. Jósefsson, skrifari og frsm.

Einar Árnason. Hjörtur Snorrason. Guðmundur Ólafsson.

(B. XXXIII, 7).

Nd. **366. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 2. gr. a.
   Orðin í niðurlagi stafliðsins: »ráðstafanir til útrýmingar rottum og tryggingar gegn eldsvoða« falli burt.
2. Við 10. grein. Upphaf greinarinnar hljóði svo:
   Úrskurði bæjarstjórnar um útsvar utansveitarmanna má skjóta o. s. frv.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Útsvör öll skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkera, og eru gjalddagar útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar og 1. dag septembermánaðar. Helming útsvars skal greiða á hvorum gjalddaga. Enginn getur, með því að skjóta útsvari sínu til bæjarstjórnar, komist hjá því að greiða þann hluta útsvars síns, sem fallinn er í gjalddaga, eða verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgoldið er, endurgreitt úr bæjarsjóði.
   Gjalddagi á útsvari utansveitarmanna er þann dag, sem niðurjöfnunarskrá yfir þau er lögð fram. Og getur enginn komist hjá því að greiða útsvarið með því að skjóta útsvarinu undir úrskurð bæjarstjórnar eða yfirskattanefndar. Um endurgreiðslu, ef til kemur, fer sem að ofan segir.

(B. LXIX, 3).

Nd. **367. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. málsgrein 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1924.

(A. XI, 5).

Ed. **368. Lög**

um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

I.

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið Stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til að standast stýrimannapróf, hið minna (fiskimannapróf) og hið meira (farmannapróf).

2. gr.

Skólinn er í tveim deildum, eins árs fiskimannadeild og tveggja ára farmannadeild.

II.

Kenslan.

3. gr.

Í skólanum skal kenna: Siglingafræði, íslensku, dönsku, ensku, sjórjett, heilsufræði, bókhald og viðskiftafræði. Ennfremur má með reglugerð skipa fyrir um kenslu eða fyrirlestra í sjóvinnufræði og í þeim atriðum veðurfræðinnar, er varða sjómenn mestu.

III.

Próf.

4. gr.

Í skólanum skulu auk inntökuprófs vera tvennskonar próf: fiskimannapróf og farmannapróf.

5. gr.

Kröfurnar til fiskimannaprófs eru þessar:

Í siglingafræði:

1. Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logariþma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að búa þá til, þekking á grundvallarsetningum hornafræðinnar og á útreikningi rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni.
2. Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd.
3. Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju (deviation) og hvernig hún verður fundin. Á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.
4. Skyn á sjókortum.
5. Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins á kortinu.
6. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganetum himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
7. Þekking á sextungi (sextanti) og notkun hans.
8. Þekking á mælingu og skiftingu tímans.
9. Þekking á hæðarleiðrjettingum himinhnatta.
10. Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
11. Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju við hæðarhvirfilhorn sólar eða fastastjörnu.

12. Að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug.
13. Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju af athugun pólstjörnunnar.
14. Að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara.
15. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og bjargtækjum.
16. Að kunna að nota alþjóðlega merkjabók.

Í íslensku: Að hafa lesið að minsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, og geta skýrt þær nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðtök, er að sjómensku lúta. Þeir skulu geta farið sæmilega með íslenskt mál í ræðu og riti, sjerstaklega í þeim efnum, er stöðu þeirra heyra.

Í dönsku: Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, sjerstaklega um líf og starf sjómanna, og geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er sjómensku snertir.

Í ensku: Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 100 bls. í 8 bl. br., einkum um sjómensku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

Í sjórjetti: Að þekkja helstu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra.

Í heilsufræði: Að hafa fengið yfirlit yfir hið helsta, sem stendur í lækningabókum sjómanna, og sje einkum lögð áhersla á þessi atriði:

1. Algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.
2. Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
3. Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
4. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur á skipum, hirðingu þeirra og umgengni alla, matvæli og fæði skipverja.

Í bókhaldi: Að kunna það bókhald, er staðan heimtar.

6. gr.

Til farmannaprófsins er krafist:

Í siglingafræði hins sama og til fiskimannaprófsins, og enn fremur:

1. Fyllri þekking á veldi og rót, á logariþmum, á reikningi með viðlægum og frádrægum stærðum, á almennustu myndum rúmmálsfræðinnar og á útreikningi þeirra.
2. Þekking á himintunglum.
3. Þekking á hallsegulskekkju og á notkun segulskekkjumælisins (deflektorsins) við rannsókn segulskekkju.
4. Að kunna að finna breiddina af athugun sólar, fastastjörnu og reikistjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og að kunna að finna breiddina af athugun tunglsins í hágöngu (háboga).
5. Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.
6. Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.

7. Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínum, bygðum á athugun sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.

Í íslensku: Að hafa lesið að minsta kosti 200 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, og geta skýrt þær vel. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðtök, er að sjómensku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenskri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenskt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á vönduðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er snertir sjóferðir, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar.

Í dönsku: Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 200 bls. í 8 bl. br., í lausu máli og ljóðum, sjerstaklega um líf og starf sjómanna, og geta talað dönsku sæmilega, einkum um það, er sjómensku snertir.

Í ensku: Að hafa lesið og geta lagt út að minsta kosti 200 bls. í 8 bl. br., sjerstaklega um líf og starf sjómanna, skilja »Nautical Almanack« og geta talað ensku nokkurn veginn, einkum um það, er sjómensku heyrir, svo sem um skip og skipsbúnað, sjómannastörf, sætjón, sjóveð o. s. frv.

Í sjórjetti og heilsufræði: Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs.

Í bókhaldi og viðskiftafræði: Þau atriði, er farmenn skifta mestu.

7. gr.

Við inntökupróf og burtfararpróf skólans skulu, auk kennarans sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar yfirstjórnin til þess sjerfræðinga eftir föngum.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði.

8. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans, án þess að hafa stundað þar nám, skal hann senda yfirstjórninni beiðni um það 2 mánuðum áður, og skulu beiðninni fylgja vottorð um, að umsækjandinn fullnægi kröfum þeim, er segir í 1.—5. lið 10. greinar þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefir fengið.

9. gr.

Þeir, sem staðist hafa burtfararpróf við Stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og sjereinkunnir. Prófskírteini skulu gefin út á íslensku og að minsta kosti einu stórþjóðarmáli.

IV.

Inntaka nemenda.

10. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma,

2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, er staðan heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að hafa óspilt mannorð.
6. Að hafa þá þekkingu í íslensku, dönsku, ensku, reikningi og þjóðhagsfræði, er reglugerð áskilur.

V.

Kennslutími.

11. gr.

Skólinn starfar frá byrjun októbermánaðar og ekki skemur en til aprílloka.

VI.

Kennarar skólans.

12. gr.

Við Stýrimannaskólann skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera tveir skipaðir kennarar, aðstoðarkennari í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

13. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri Stýrimannaskólans verður umsækjandi að hafa lokið farmannaprófi skólans og síðan viðtækara farmannaprófi við erlendan skóla, hvorttveggja með góðum vitnisburði.

Til þess að verða aðstoðarkennari í siglingafræði, verður umsækjandi að hafa lokið að minsta kosti góðu farmannaprófi við skólann.

Til þess að verða tungumálakennari verður umsækjandi að hafa lokið embættisprófi í einhverju af þeim málum, sem kend eru við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði þeim, sem reyndur er að nægri kunnáttu og kennarahæfileikum.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi verið settur til að þjóna því að minsta kosti eitt ár.

Stundakennara setur yfirstjórn skólans samkvæmt tillögum skólaráðs.

VII.

Yfirstjórn skólans.

14. gr.

Yfirstjórn skólans hefir stjórnarráð Íslands.

VIII.

Ýmisleg ákvæði.

15. gr.

Með reglugerð verður nánar ákveðið um tilhögun kenslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kenslutíma og leyfi, reglu og aga, kennara skólans, skólalækni, skólaráð.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma úr gildi numin lög nr. 22, 11. júlí 1911, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og lög um breytingu á nefndum lögum, 3. nóv. 1915.

(B. LXV, 3).

Ed. 369. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 67, 22. nóv. 1913, um hvalveiðamenn.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

1. gr.

Lög nr. 67, 22. nóv. 1913, skulu gilda til 1. janúar 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

(A. XIX. 5).

Nd. **370. Lög**

um nauðasamninga.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl).

I. KAFLI.

Orðaskýringar o. fl.

1. gr.

Nauðasamningur er í lögum þessum samningur gerður með atbeina skiftarjettar milli skuldunauts og lögmælts meiri hluta lánardrotna hans um skuldagreiðslur, og bindur samningurinn einnig minni hluta lánardrotnanna eftir að skiftarjettur hefir staðfest hann.

Samningsmenn eru þeir lánardrotnar nefndir, er nauðasamningur bindur.

Samningskröfur eru þær kröfur nefndar, er nauðasamningur tekur til.

Atkvæðismenn eru þeir lánardrotnar nefndir, sem eiga kröfur, er atkvæðisrjettur um nauðasamning fylgir.

Atkvæðiskröfur eru þær kröfur, er atkvæðisrjettur um nauðasamning fylgir.

2. gr.

Hvarvetna þess, er lögheimilt er að gefa út áskorun (proklama) til lánardrotna að viðlögðum missi kröfu, ef henni er ekki lýst í tækan tíma, skal kröfulýsingarfrestur vera 4 almanaksmánuðir frá síðustu birtingu áskorunar talið.

II. KAFLI.

Um nauðasamninga í sambandi við gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts.

3. gr.

Nú er bú manns tekið til gjaldþrotaskifta að honum lifanda, og er honum þá rjett að bera upp frumvarp til nauðasamninga. Skal hann skila frumvarpinu með nafni sínu undir til skiftarjettar í síðasta lagi viku eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn. Frumvarp, er síðar kemur fram en áður en úthlutun fer fram, má þó taka til meðferðar, ef fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, veitir til þess samþykki sitt, enda fylgi frumvarpinu skrifleg yfirlýsing þeirra um það atriði.

Í frumvarpi skal greina:

1. Hvern hundraðshluta af samningskröfum skuldunautur ætli að greiða.

2. Hvenær þær greiðslur skuli fara fram.
3. Hvort trygging verði sett fyrir skilvísri greiðslu, og, ef svo er, þá hver.
4. Önnur atriði, er skuldunautur vill taka fram og hann ætlar máli skifta.

4. gr.

Skuldunautur hefir ekki rjett til að leita nauðasamninga samkvæmt 3. gr., ef hann

1. Hefir á síðustu 2 árum fyrir gjaldþrotaskiftin orðið sannur um brot þau, er í 262. og 263. gr. alm. hegningarlaga segir.
2. Hefir ekki, þegar bú hans var síðast tekið til gjaldþrotameðferðar, haldið þær bækur, sem honum var lögskylt að halda, eða ef bækur þær, sem hann hefir haldið, hvort sem honum var lögskylt að halda þær eða ekki, eru sviksamlega haldnar eða bókhaldið var í verulegri óreiðu að dómi skiftarjettar.
3. Hefir farið burt úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiftarjettar eða þverskallast við að láta skiftarjetti í tje alla þá fræðslu um hag sinn, er hann má veita og honum er lögskylt,

Nú er hafin opinber rannsókn um atriði þau, er í 1. tölul. greinir, og skal þá fresta meðferð frumvarps að nauðasamningum, þar til aðili er sýknaður með dómi eða ákæruvaldið hefir fallið frá málshöfðun.

5. gr.

Ekki má taka frumvarp að nauðasamningi til meðferðar, nema fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, samþykki, ef skuldunautur hefir eftir skiftaupphaf eða 3 mánuðum eða síðar fyrir þann tíma komið fram með frumvarp að nauðasamningi, er annaðhvort hefir fallið við atkvæðagreiðslu eða því hefir verið synjað staðfestingar.

Skrifleg yfirlýsing lánardrotna um samþykki þeirra skal fylgja frumvarpinu.

6. gr.

Rjett er skuldunaut að breyta frumvarpi sínu eða auka við það, þar til það er borið upp á skiftafundi til umræðu. Eftir það getur skuldunautur ekki breytt eða aukið við frumvarpið, nema eftir áskorun eins eða fleiri atkvæðismanna eða samkvæmt leiðbeiningum skiftarjettar.

7. gr.

Skiftaráðandi leggur frumvarp að nauðasamningi þegar fram í skrifstofu sinni er hann hefir úrskurðað það tækt, og skal það liggja frammi viku að minsta kosti til sýnis lánardrotnum. Framlagning frumvarps skal birta með þeim hætti, er skiftarjetti þykir hlýða. Framlagningartíminn telst frá auglýsingardegi.

Nú þykir skiftarjetti frumvarp að nauðasamningi ekki tækt, sbr. 4. og 5. gr., og skal hann þá kveða upp rökstuddan úrskurð um það, enda hafi skuldunautur átt kost á að tala máli sínu áður.

Úrslit eftir 1. og 2. málsgr. tilkynnir skiftarjettur skuldunaut þegar í stað.

8. gr.

Skiftarjettur auglýsir með þeim hætti, er honum þykir hlýða, að frumvarp að nauðasamningi verði lagt fram á skiftafundi nánar til teknum. Ef þess er kostur, þá skal leggja frumvarpið fyrir fund þann, er rannsakar framkomnar kröfur (37. gr. skiftalaganna). Ella skal halda fund til að ræða frumvarpið svo fljótt sem kostur er.

Skiftarjettur getur frestað umræðum eða atkvæðagreiðslu um frumvarp frá einum fundi til annars, ef honum þykir það nauðsynlegt eða hentugt. Til þeirra funda skal boða sem til skiftafunda (23. gr. skiftalaganna).

9. gr.

Meðan meðferð nauðasamnings stendur yfir má ekki selja eignir búsins framar en nauðsynlegt kann að vera til greiðslu þeirra skulda, sem nauðasamningur tekur ekki til, og yfir höfuð skal búinu haldið í því horfi á meðan, að hagur skuldunauts raskist sem minst vegna skiftameðferðarinnar á búi hans.

10. gr.

Allir lánardrotnar skuldunauts, þeir er lýst hafa í tækan tíma kröfum sínum, eða kröfur þeirra eru án þess teknar til greina, og greiðslu eiga að fá af eignum búsins (13. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894), hafa atkvæðisrjett um frumvarp að nauðasamningi, nema einhverjar þær takmarkanir eða undantekningar, sem hjer fara á eftir, taki til þeirra.

11. gr.

Nú á lánardrottinn fleiri en eina atkvæðiskröfu, og hefir hann þó að eins eitt atkvæði, þegar atkvæðismenn eru taldir, en kröfur hans eru samanlagðar, þegar reikna á kröfumagn með samningi og móti.

Nú fer sami maður með umboð fleiri atkvæðismanna, og skulu þá hverjum þeirra talin atkvæði eins og ef þeir hefðu sjálfir farið með atkvæðisrjett sinn.

Ef fleiri en einn eiga kröfu saman, þá fara þeir allir (báðir) með eitt atkvæði.

12. gr.

Þessir lánardrotnar eiga ekki atkvæði um frumvarp að nauðasamningi:

1. Þeir, sem hlutbundinn rjett hafa yfir eignum búsins til tryggingar kröfu sinni, að því leyti sem tryggingin telst nægileg til að greiða kröfuna. Um þann hlutann, sem eigi telst trygður, hafa þeir atkvæðisrjett.
2. Þeir, er forgangskröfur eiga á hendur búinu (82. og 83. gr. skiftalaganna).
3. Þeir, er kröfu gera til gjafa úr búinu.
4. Maki skuldunauts, frændur hans að feðgatali eða niðja, tengdaforeldri og tengdabörn eða unnusti eða unnasta hans.
5. Þeir, er nota kröfu til skuldajafnaðar (20. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894).

Ef krafa er ekki öll höfð til skuldajafnaðar, fylgir henni atkvæðisrjettur að því leyti.

6. Þeir, er eignast hafa fyrir framsal kröfu á hendur skuldunaut eftir upphaf gjaldþrotaskifta (8. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894) eða eftir að skuldunautur hefir skilað skiftarjetti árangurslaust frumvarpi að nauðasamningi til þess að afstýra gjaldþrotaskiftunum, nema aðili hafi eignast kröfuna vegna skuldbindingar, er hann hefir tekið á sig fyrir þann tíma, svo sem ábyrgð, sem hann hefir undirgengist fyrir skuldunaut og eigi greitt fyrr en eftir upphaf skifta.

Vextir áfallnir eftir upphaf gjaldþrotaskifta teljast ekki með, þegar reikna skal kröfumagn.

7. Þeir, er hafa afsalað sjer hlutbundnum tryggingarrjetti, skuldajafnaðarheimild eða forgangsrjetti eftir þann tíma, sem í 6. tölul. segir, nema að því leyti, sem þeir kynnu ella að hafa átt atkvæðisrjett, sbr. 1. og 5. tölul.

8. Þeir, er eiga skildagaðar kröfur, en skildaginn er ekki fram kominn.

13. gr.

Nú skilur menn á um kröfu, hvort sem ágreiningurinn er um sæti kröfu í skuldaröð, tilvist hennar, tryggingu eða annað, og hefir lánardrottinn þá ekki atkvæðisrjett að sinni. En ef svo reynist, að úrslit kynnu að verða önnur, ef þeir tækju þátt í atkvæðagreiðslu, er deilukröfur eiga, þá skal skiftarjettur rannsaka lögmæti þeirra krafna og að lokinni rannsókn skera úr því, hverjar þeirra og með hvaða fjárhæð skuli verða atkvæðakröfur. En ekki bindur sá úrskurður, ef síðar verður leitað dómsúrlausnar um þær kröfur.

14. gr.

Atkvæðisrjett hefir lánardrottinn um frumvarp að nauðasamningi, þó að krafa hans hafi ekki verið viðurkend. En ekki missir skuldunautur þar fyrir rjettinn til að mótmæla kröfunni.

Atkvæðisrjettur fylgir kröfu, þó að hún sje ekki fallin í gjalddaga.

15. gr.

Frumvarp skal telja samþykt með þeim hætti, sem hjer segir:

1. Ef skuldunautur býðst til að greiða 50% eða meira af samningskröfum — og þar með talin full greiðsla, en greiðslufrestur er áskilinn —, þá þarf samþykki $^2/_3$ atkvæðismanna, er fari með að minsta kosti $^2/_3$ af atkvæðiskröfum.
2. Ef skuldunautur býður minna en 50% af samningskröfum, en þó meira en 20%, þá þarf samþykki $^3/_4$ í báðar áttir.
3. Ef skuldunautur býður 20% eða minna, þá þarf samþykki $^5/_6$ í báðar áttir.

16. gr.

Nú fæst einungis nægur meiri hluti með frumvarpi í aðra áttina, og skal skiftarjettur þá ákveða fund af nýju, er haldinn sje ekki síðar en 14 dög-

um eftir. Ef þá fæst ekki nægur meiri hluti í báðar áttir, þá er frumvarpið fallið.

Þeir, sem greiddu atkvæði með frumvarpi á fyrra fundinum, teljast og gera það á síðara fundinum, enda þótt þeir sæki hann ekki, nema þeir hafi tjáð skiftarjetti, að þeir hafi vikið frá atkvæði sínu.

17. gr.

Nú er frumvarp samþykt á fundi, og skal skiftarjettur, eftir því sem honum þykir þurfa, rannsaka öll þau atriði, er máli skifta að lögum um gildi og staðfestingu samningsins. Rjett er skiftarjetti að stefna fyrir sig í því skyni og að viðlögðum þingvítisbótum með gestarjettarfyrirvara þeim mönnum, er telja má líklegt, að upplýsingar geti gefið, enda hefir skiftarjettur vald til að spyrja og eiðfesta vitni um öll þessi atriði. Ef vitni á varnarþing í öðru lögsagnarumdæmi, skal hjeraðsdómari þar spyrja það eftir tilmælum skiftarjettar.

18. gr.

Ef allir atkvæðismenn hafa sótt fund, þar sem frumvarp að nauðasamningi hefir hlotið samþykki (15. gr.), þá getur skiftarjettur þegar staðfest samninginn, eftir atvikum að lokinni rannsókn samkvæmt 17. gr. Nú hafa ekki allir atkvæðismenn sótt fund, og á skiftarjettur þá að skora á þá með auglýsingu í Lögbirtingablaði að bera upp fyrir honum rökstudd mótmæli gegn frumvarpinu innan 14 daga frá birtingu auglýsingarinnar. Ef engin mótmæli koma, þá getur skiftarjettur þegar staðfest samninginn með þeim hætti, sem sagt var. Annars kostar boðar skiftarjettur til fundar af nýju með viku fyrirvara, nema sjálfur þurfi hann lengri frest til rannsóknar samkvæmt 17. gr., og á þeim fundi tekur hann svo ákvörðun um það, hvort staðfesta skuli samning eða ekki, enda hafi atkvæðismenn fengið kost á að lýsa áliti sínu á framkomnum mótmælum.

Birta skal einu sinni í Lögbirtingablaði, ef samningur hefir fallið eða hefir ekki fengið staðfesting.

Skiftarjettur kveður upp rökstuddan úrskurð um staðfestingu nauðasamnings og synjun staðfestingar.

19. gr.

Skiftarjetti er skylt að leiðbeina aðiljum eftir grundvallarreglum um meðferð almennra einkamála í hjeraði.

20. gr.

Synja skal skiftarjettur um staðfestingu á nauðasamningi, ef

1. Það kemur í ljós eftir samþykt hans, að fyrirmæli 4. gr. standa staðfestingu í vegi.
2. Í samningi eru fyrirmæli í óhag einhverra þeirra lánardrotna, er samningur bindur ekki, enda hafi samþykki þeirra ekki komið til.
3. Einhverjum samningsmanna eða öðrum er eða hefir verið ívilnað í samningnum eða í sambandi við samningagerðina án samþykkis allra atkvæðis-

manna, eða ef rjettur einhvers samningsmanns er fyrir borð borinn án samþykkis hans.

4. Skiftaráðanda þykir víst, að skuldunautur eða aðrir hafi gefið rangar skýrslur um veruleg atriði, og ætla megi, að þær skýrslur hafi skift máli um ákvörðun lánardrotnanna, er þeir samþyktu frumvarpið.
5. Ekki þykja sæmilegar líkur fyrir efndum nauðasamnings.
6. Einhver samningsmanna krefst þess, og sýnt er, að samningurinn brýtur verulega bág við sameiginlega hagsmuni samningsmanna, svo sem ef skuldauppgjöfin er að mun meiri eða gjaldfrestur að mun lengri en skuldunautur hefði þurft að fá, eða trygging er stórum minni en honum hefði verið unt að veita.

21. gr.

Þegar nauðasamningur hefir hlotið staðfestingu skiftarjettar, bindur hann alla þá, er atkvæðisrjett eiga um frumvarp að honum, og ennfremur þá skuldheimtumenn, sem eigi hafa atkvæðisrjett og í 3., 4., 6., 7. og 8. tölul. 12. gr. segir, og þá, sem í 13. gr. getur, þótt þeir hafi verið úrskurðaðir frá atkvæðisrjetti.

22. gr.

Nauðasamningur hefir sömu verkanir sem dómssátt væri milli skuldunauts og samningsmanna, ef kröfur þeirra hafa verið viðurkendar í samningnum (sbr. 13. og 14. gr.).

23. gr.

Nauðasamningur haggar ekki heimild lánardrottins til þess að ganga að veði, sem þriðji maður kann að hafa sett til tryggingar samningskröfu, nje til að krefjast fullrar greiðslu af ábyrgðarmanni eða öðrum, sem ábyrgjast slíka skuld jafnframt skuldunaut.

24. gr.

Nauðasamningur leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem frá er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrotni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

Nú greiðir þriðjimaður, ábyrgðarmaður, samskuldari o. s. frv. þann hluta skuldar, sem skuldunautur tók á sig með nauðasamningi, og er honum þá skylt að greiða þriðjamanni hundraðshlutann samkvæmt nauðasamningi að rjettri tiltölu við það, sem hinn hefir greitt.

25. gr.

Nú er krafa deilukrafa eða skildöguð, en skildagi ekki fram kominn, eða krafa hefir ekki verið viðurkend, og er skiftarjetti þá skylt, ef aðili krefst þess, að binda staðfestingu því skilyrði, að lagt verði fje til hliðar fyrir svo miklu af hverri slíkri kröfu, er svarar til þess, sem greitt er þegar eða greiða

á á næstu 6 mánuðum af öðrum samningskröfum, þó þannig, að aldrei verði kostur þessara samningsmanna betri en kostur annara um greiðslur samkvæmt nauðasamningi.

Ef krafa er deilukrafa, verður lánardrottinn þó að höfða mál til greiðslu eða viðurkenningar hennar áður 6 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu nauðasamnings. Ef krafa er skildöguð, getur skuldunautur krafist tryggingar aftur, ef skildagi er eigi fram kominn áður ár er liðið frá sama tíma.

26. gr.

Ekki eru samningsmenn leystir undan ákvæðum nauðasamnings framar en í lögum þessum segir, þótt hann verði ekki efndur.

Nú býður skuldunautur til nauðasamninga af nýju eða bú hans verður tekið til skiftameðferðar sem þrotabú eða skuldfrágöngudánarbú áður en hann hefir að fullu efnt nauðasamning, og er þá samningsmönnum rjett að heimta samningskröfur sínar með fullri upphæð, að því frádregnu, sem þegar kann að vera greitt, eins og ef enginn nauðasamningur hefði verið gerður. Samsvarandi gildir um ábyrgðarmenn og aðra, er greitt kunna að hafa skuldir fyrir skuldunaut, sbr. 24. gr.

27. gr.

Staðfestan nauðasamning skal skrásetja í skiftabók, enda skulu allir þeir, er greitt hafa atkvæði með honum, undirrita hann í skiftabókinni.

Áður en bú er afhent skuldunaut skal þess gætt, að allir skuldheimtumenn, sem nauðasamningur tekur ekki til, hafi fengið sitt eða fulla tryggingu, nema þeir samþykki framsal búsins með öðrum kostum. Ef skuldunautur skyldi greiða samningsmönnum að einhverju leyti eða öllu þegar í stað eða setja tryggingu, þá ber skiftarjetti og að afhenda ekki búið fyrr en það hefir verið gert, nema samþykki aðilja komi til.

Loks getur skiftarjettur haldið búinu í umsjá sinni, þar til greiddur hefir verið allur kostnaður af samningagerð og skiftum.

Skiftarjettur gerir skuldunaut skil fyrir meðferð sinni á búinu.

28. gr.

Ef nauðasamningur hlýtur staðfestingu, þá skal þegar birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaði. Einnig skal birta þá eða síðar, sbr. 3. mgr. 27. gr., með sama hætti tilkynningu um framsal búsins í hendur skuldunaut. Svo skal og tilkynna til firmaskrár og hlutafjelaga- og samvinnufjelagaskrár, ef þau fjelög eiga hlut að máli, staðfestingu og aðalefni nauðasamnings og framsal bús í hendur skuldunaut. Tilkynningu skal fylgja eftirrit af nauðasamningi og staðfestingarúrskurði, eða dómi um staðfestingu, ef staðfesting hefir fengist fyrir áfrýjun.

29. gr.

Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings,

1. Að skuldunautur hefir sjálfur, eða þriðji maður með vitund hans, ívilnað samningsmanni eða heitið honum ívilnun fram yfir aðra áður en samn-

ingagerðin hófst eða meðan hún stóð yfir, enda megi telja ívilnun hafa haft áhrif á samningagerðina,
2. Að nauðasamningur hafi komist á fyrir óráðvandlegt atferli af hálfu skuldunauts, svo sem vísvitandi rangar skýrslur hans um hag hans, undanskot fjár o. s. frv., eða
3. Að skuldunautur hefir í sambandi við gjaldþrotaskiftin gert sig sekan um atferli, sem varðar refsingu eftir 262. eða 263. gr. almennra hegningarlaga, eða hefir greint vísvitandi rangt frá um atriði, sem máli skifta, í bókum þeim, er hann hefir haldið,

og er honum þá skylt að greiða samningsmönnum, sem ekki hafa tekið þátt í því atferli, sem nú var talið, kröfur þeirra með fullri upphæð eigi síðar en á upphaflegum gjalddaga, svo og ábyrgðarmönnum og samskuldurum sínum það alt, er þeir kunna að greiða eða hafa greitt og skuldunaut hefði verið skylt að endurgreiða, ef nauðasamningur hefði enginn verið gerður. Samningsmenn halda og óskertum rjetti sínum gagnvart þriðjamanni, er ábyrgist samningskröfu eða sett hefir veð til að tryggja hana.

30. gr.

Nú líða 3 ár og 6 mánuðir svo, að samningsmaður hefir ekki fengið viðurkenningu skuldunauts um ónýting nauðasamnings vegna fyrirmæla 29. greinar, eða hann hefir ekki höfðað mál til ónýtingar nauðasamningi, og er hann þá bundinn við samninginn.

III. KAFLI.

Um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi skuldunauts.

31. gr.

Nú vill skuldunautur, er eigi hygst geta staðið í skilum við lánardrotna sína, gera nauðasamning, og skal hann þá afhenda skiftarjetti þeim, er fara skyldi með skifti á búi hans, skriflega beiðni um það, að hann geri ráðstafanir til samningatilrauna.

Beiðni skal fylgja:

1. Greinargerð um orsakir til þess, að skuldunautur leitar nauðasamninga.
2. Efnahagsreikningur skuldunauts, gerður á þeim tíma, að engin veruleg breyting geti hafa orðið á efnahag hans síðan.
3. Sundurliðuð skrá yfir eignir skuldunauts, gerð á sama tíma sem efnahagsreikningur hans, og sje í skránni nákvæm skýrsla um fasteignir hans, skip, lausafje, kröfur, er hann á hjá öðrum, o. s. frv.
4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrotna skuldunauts, nafn hvers lánardrottins, skuldarupphæð, gjalddagi, trygging fyrir skuld o. s. frv.
5. Skrá um bækur þær, er skuldunautur heldur, hvort sem hann er bókhaldsskyldur eða ekki.

6. Drengskaparyfirlýsing um það, að skýrslur hans samkvæmt 1.—5. tölul. sjeu gefnar eftir bestu vitund.
7. Frumvarp að nauðasamningi, og sje þar tekið til, hvern hundraðshluta af skuldum sínum aðili hygst að greiða, hvenær greiðslur eigi að fara fram, hverja tryggingu hann ætli að setja, ef því er að skifta, og annað, er hann vill hafa í nauðasamningi.
8. Meðmæli frá að minsta kosti ¼ væntanlegra samningsmanna, bæði að tölu og kröfumagni.
9. Fjárhæð, 50—200 kr., eftir ákvörðun skiftarjettar, til greiðslu kostnaðar af samningatilraunum.

32. gr.

Þeim, sem ekki hafa rjett til að leita nauðasamninga meðan bú þeirra sætir gjaldþrotameðferð (4. gr.), er og meinað að leita nauðasamninga samkvæmt 31. gr.

Nú hefir skuldunautur borið fram frumvarp að nauðasamningi á síðustu 12 mánuðum, er annaðhvort hefir fallið eða verið synjað staðfestingar, og má skiftaráðandi þá ekki taka frumvarp hans til meðferðar, ef ætla má, eftir efni frumvarpsins að dæma, að úrslitin hljóti að verða hin sömu sem síðast.

Nú hefir gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts lokið svo fyrir misseri eða skemri tíma, að skuldunaut hefir eigi verið fengið bú sitt til frjáls forræðis eða hann hefir gert nauðasamning fyrir 12 mánuðum og eigi efnt hann, og má þá eigi leita nauðasamninga fyrir hann, nema samþykki og yfirlýsing lánardrotna samkvæmt 5. gr. komi til.

33. gr.

Skiftaráðandi skal þegar skrá í skiftabók athugasemd um, að beiðni samkvæmt 31. gr. sje til hans komin, og nefna fylgiskjöl með henni, enda skal nákvæmlega greina dag og stund, er beiðnin kom í skrifstofu skiftarjettar. Ef þörf þykir, rannsakar skiftarjettur málavöxtu, eftir atvikum með þeim hætti, sem í 17. gr. segir, áður en hann úrskurðar, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki. Einnig kveður skiftarjettur skuldunaut á fund sinn, ef þörf þykir, enda er skiftarjetti skylt að leiðbeina skuldunaut og veita honum kost á að lagfæra það, er ábótavant þykir vera um beiðnina eða fylgiskjöl með henni eða annað.

Jafnskjótt sem unt er leysir skiftarjettur úr því með rökstuddum úrskurði, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki.

Ekki skal taka beiðni til meðferðar og niður falla samningatilraunir, ef þær eru byrjaðar, ef

1. Svo reynist ástatt sem í 32. gr. segir.
2. Skuldunautur veitir skiftarjetti ekki þá fræðslu um efnahag sinn, sem hann er krafinn um og máli skiftir, að áliti skiftarjettar, svo og ef skuldunautur þverskallast við fyrirmælum skiftarjettar um meðferð á búi sínu (36. gr.).

3. Ekki verður komist að sæmilega áreiðanlegri niðurstöðu um hag skuldunauts.
4. Skuldunautur fer svo úr lögsagnarumdæminu, að ekki verði náð nógu skjótlega til hans, þegar þörf er, að dómi skiftarjettar.
5. Víst þykir, að óhjákvæmilegt verði að synja samningi staðfestingar, enda breyti skuldunautur honum ekki í það horf, sem skiftarjettur telur nauðsyn til bera.
6. Skuldunautur ívilnar einstökum samningsmönnum meðan á samningatilraunum stendur.

34. gr.

Nú synjar skiftarjettur að taka til greina beiðni samkvæmt 31. gr., og skal hann þegar skýra skuldunaut frá því.

Ef beiðnin er tekin til greina, hvort sem það er gert eftir úrskurði skiftarjettar eða úrlausn æðra dóms, þá skal telja samningaráðstafanir byrjaðar frá þeirri stundu, er beiðni um þær kom til skiftarjettar.

35 gr.

Frá því er samningatilraunir byrja (34. gr.) og þar til þeim er lokið má enginn væntanlegra samningsmanna kyrsetja fjármuni skuldunauts nje gera aðför í þeim.

Frá upphafi samningstilrauna og þar til atkvæðagreiðslu lánardrotna um nauðasamning er lokið getur enginn samningsmanna látið taka bú skuldunauts til gjaldþrotameðferðar, sbr. þó 36. gr., nema hann hafi til þess samþykki atkvæðismanna, er fari með nægilegt atkvæðamagn til þess að fella nauðasamning. Eftir að samningur er samþyktur og þar til skiftarjettur hefir úrskurðað um staðfestingu hans getur enginn samningsmanna fengið bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta.

Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta samkvæmt kröfu lánardrottins eftir þessari málsgrein, og skal þá telja riftingarfresti (22., 23., 25., 26. og 28. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894) til upphafs nauðasamninga (34. gr.).

Lánardrotnar þeir, sem nauðasamningur bindur ekki, geta gengið að skuldunaut lögum samkvæmt þrátt fyrir samningatilraunirnar.

36. gr.

Frá því að beiðni samkvæmt 31. gr. er komin til skiftarjettar og þar til samningagerð er lokið má skuldunautur ekki greiða neinum af væntanlegum samningsmönnum skuldir hans, eindagaðar eða óeindagaðar, nje veita neinum samningsmanni ívilnanir fram yfir hina.

Skuldunautur fer með bú sitt og heldur áfram atvinnurekstri sínum meðan á samningatilraunum stendur, undir umsjá skiftarjettar eða annars umsjármanns, er skiftarjettur setur, ef honum þykir þess þörf.

Skuldunautur má ekki veðsetja eignir sínar frá því að samningatilraunir hófust (34. gr.) og þar til þeim er lokið. Ekki er honum heldur heimilt að selja, leigja eða láta af hendi með öðrum hætti fasteignir sínar nje skrá-

sett skip sín. Aðrar eignir getur hann af hendi látið, ef afhendingin verður talin til venjulegra ráðstafana í atvinnurekstri hans. Ekki má skuldunautur heldur taka lán nje stofna nýjar skuldir fram yfir það, sem nauðsynlegt er til atvinnurekstrar hans eða heimilisframfærslu að áliti skiftarjettar.

Ógildar eru ráðstafanir skuldunauts þær, sem honum eru bannaðar samkvæmt 2. málsgr., nema ákvörðun um samningagerð hafi ekki verið birt (37. gr.) og kaupunaut hafi verið ókunnugt um hana, enda verði honum ekki á þeim ókunnugleika sök gefin. Ef skuldunautur brýtur fyrirmæli þessarar greinar verulega, þá skal skiftarjettur taka bú hans til gjaldþrotaskifta, ef einhver lánardrotna hans krefst þess.

37. gr.

Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið, að beiðni samkvæmt 31. gr. skuli til greina tekin, skal skiftarjettur birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði áskorun til allra þeirra lánardrotna skuldunauts, er væntanlegur nauðasamningur bindur og kröfur áttu á hendur honum við upphaf samningatilrauna (34. gr.), um að lýsa fyrir skiftarjetti kröfum sínum innan 4 vikna frá síðustu birtingu auglýsingar. Auglýsingu skal einnig þinglýsa á varnarþingi skuldunauts og á varnarþingi skipa og fasteigna hans. Fyrir þinglýsingar þessar greiðist ekkert gjald.

Eigi missir lánardrottinn kröfu sinnar, þótt hann lýsi henni ekki samkvæmt 1. málsgr., en ekki hefir hann rjett til að taka þátt í meðferð frumvarps að nauðasamningi, nema kröfulýsing hans sje komin til skiftarjettar að minsta kosti viku fyrir þann fund, er atkvæðagreiðsla um frumvarpið skal byrja. Og ekki skal fresta meðferð frumvarps vegna lánardrotna, er eigi hafa lýst kröfum sínum samkvæmt 1. málsgr.

Í auglýsingu þeirri, sem í 1. málsgr. getur, skal einnig boðað til fundar til þess að ræða frumvarp að nauðasamningi, og ef til vill greiða atkvæði um það, og skal ekki hafa þann fund síðar en 14 dögum eftir lok kröfulýsingarfrests.

Loks skal skiftarjettur tilkynna öllum væntanlegum samningsmönnum í ábyrgðarbrjefi eða með símskeyti, ef brjef mundu ekki berast nægilega fljótt, að nauðasamninga verði leitað fyrir skuldunaut, að kröfum skuli lýst innan ákveðins tíma (sbr. 1. málsgr.) og að fundur verði haldinn til að ræða og ef til vill greiða atkvæði um frumvarpið (sbr. 3. málsgr.). Ekki raskar það þó gildi nauðasamnings, þó að lánardrotni hafi ekki borist tilkynning samkvæmt þessari málsgr.

Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið að taka beiðni skuldunauts til greina, skal leggja hana með fylgiskjölum (31. gr.) fram í skrifstofu skiftarjettar til sýnis lánardrotnum, enda eiga þeir rjett á að fá eftirrit af frumvarpi að nauðasamningi fyrir lögmælt ritlaun.

38. gr.

Skuldunautur getur afturkallað frumvarp sitt þangað til skiftarjettur

hefir lýst því yfir, að atkvæðagreiðsla um það skuli fara fram. Afturköllun skal auglýsa í Lögbirtingablaði og þinglýsa samkvæmt 1. málsgr. 37. gr.

Breytingar getur skuldunautur gert á frumvarpi sínu og viðauka við það með sama hætti sem í 6. gr. segir. Sker skiftarjettur svo úr því, hvort frumvarp, þannig breytt, fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að samningatilraunir megi halda áfram.

39. gr.

Að liðnum kröfulýsingarfresti semur skiftarjettur skrá yfir allar framkomnar kröfur, bæði nöfn og heimili lánardrotna, skuldarupphæð eða efni kröfu að öðru leyti, gjalddaga ásamt athugasemd um það, hvort skuldunautur viðurkenni kröfu eða mótmæli henni, hvort krafa sje skildöguð o. s. frv. Einnig gerir skiftarjettur skrá um eignir og skuldir skuldunauts, ef ekki hefir reynst unt að fara eftir skrá þeirri, er skuldunautur hefir sjálfur afhent (31. gr.). Skjöl þessi, svo og breytingartillögur og viðaukatillögur skuldunauts við frumvarpið, skal leggja fram í skrifstofu skiftarjettar.

40. gr.

Ef nauðsyn ber til, þá getur skiftarjettur tekið sjer aðstoð við rannsókn á búinu og eftirlit á kostnað skuldunauts. Skiftarjettur ákveður þóknun til handa aðstoðarmönnum sínum.

41. gr.

Á fundi þeim, sem í 3. málsgr. 37. gr. segir, leggur skiftarjettur fram skjöl þau öll, sem í 31. og 40. gr. getur.

Sækja skal skuldunautur þann fund, nema sjúkdómur, veður eða vötn banni. Skal hann senda einhvern góðan mann í stað sinn, ef þess er kostur. Nú telur skiftarjettur víst eða líklegt, að skuldunautur hafi hvorugt mátt gera, og frestar hann þá fundi hæfilegan tíma. Ef skuldunautur sækir ekki fund að forfallalausu, þá falla samningatilraunir niður samkvæmt úrskurði skiftarjettar. Úrskurð skal birta eins og mælt er í fyrri málsgr. 38. gr.

Skuldunaut er skylt að veita lánardrotnum sínum á fundi allar þær skýringar og upplýsingar, sem hann má og máli skifta.

Einnig er einstökum lánardrotnum skylt að svara spurningum skiftarjettar og annara lánardrotna um skifti hans við skuldunaut. Ef lánardrottinn svarar ekki, enda þótt telja megi hann munu geta það, eða svarar vísvitandi rangt um veruleg atriði, þá getur skiftarjettur úrskurðað, að hann skuli hafa fyrirgert atkvæðisrjetti sínum um frumvarpið. Og auk þess varðar atferli lánardrottins refsingu eftir 147. og 149. gr. alm. hegningarlaga.

Ef fundi er frestað, boðar skiftarjettur til fundar af nýju með þeim hætti, sem honum þykir hlýða.

42. gr.

Hver sem skuldar þeim, er nauðasamninga leitar, getur, ef nauðasamningur kemst á, dregið frá það, sem hann kann að eiga hjá honum,

hvernig sem kröfu og gagnkröfu er varið, enda hafi gagnkröfuhafi eða sá, sem hann hefir erft kröfu eftir, öðlast hana áður en auglýsing um nauðasamninga var birt (37. gr.), án þess að honum væri þá kunnugt um, að skuldunautur undirbyggi þá eða leitaði nauðasamninga, eða gagnkrafan stafar af skuldbindingu, sem gagnkröfuhafi hefir undirgengist fyrir þennan tíma, og svo var ástatt um skuldunaut og vitneskju hins sem fyrr var sagt. Nú leikur vafi á um það, hvenær gagnkrafa er til orðin, og getur gagnkröfuhafi þá staðfest skýrslu sína þar um með eiði fyrir skiftarjetti.

Meðan samningagerð stendur yfir má skuldunautur ekki framselja viðskiftabrjefskröfur sínar með þeim hætti, að skuldajafnaðarheimild glatist, nema aðilja sje sett trygging fyrir því tjóni, er hann kann að bíða þar af.

Ef gagnkröfuhafi krefst þess, þá skal skiftarjettur skrá á viðskiftabrjef skuldunauts, þegar nauðasamningur er staðfestur, að aðilja sje áskilin skuldajafnaðarheimild samkvæmt þessari grein, þó að brjefið verði framselt, nema gagnkröfuhafa sje sett trygging við tjóni, er hann kynni að bíða, ef skuldajafnaðarheimild hans glatast vegna framsals, og skal þá aðferð hafa, ef brjefið er víxill.

Ákvarðanir skiftarjettar um gagnkröfur samkvæmt þessari grein eru ekki bindandi, ef ágreiningur verður síðar um þær.

43. gr.

Þeir, sem öðlast hafa kröfur á hendur skuldunaut fyrir upphaf nauðasamninga (34. gr.), hafa atkvæðisrjett um þá eftir þeim reglum, sem í 11.—14. gr. segir.

Nauðasamningur tekur yfir óeindagaðar kröfur, en rjett er að draga frá sparisjóðsvexti frá greiðsludegi og til gjalddaga, ef fyrr er greitt.

Rjett er að meta til peningaverðs allar kröfur á hendur skuldunaut, er nauðasamningur tekur til, ef það er nauðsynlegt til að koma jöfnuði á milli allra samningsmanna og til að reikna atkvæðamagn með nauðasamningi og móti.

Um atkvæðamagn og samþykt nauðasamninga fer annars eftir 15. og 16. gr.

44. gr.

Nauðasamningur er gildur, þegar skiftarjettur hefir staðfest hann. Fara skal skiftarjettur eftir 17.—18. gr.

Skiftarjettur synjar staðfestingar:

1. Ef það kemur í ljós eftir samþykt nauðasamnings, að fyrirmæli 32. gr. standa staðfestingu í vegi.
2. Ef svo stendur á sem í 2.—6. tölul. 20. gr. segir.

45. gr.

Svo fer um skrásetningu nauðasamnings í skiftabók og undirskrift lánardrotna sem í 27. gr. er mælt.

Auglýsing og tilkynning um synjun og staðfesting nauðasamnings skal fara eftir 28. gr.

46. gr.

Um verkanir nauðasamnings fer eftir 21.—26. gr., sbr. 43. gr.

Sá, er forgangskröfu á á hendur skuldunaut, heldur forgangsrjetti sínum þar til mánuði eftir lok nauðasamninga, enda þótt krafan sje þá orðin það gömul, að forgangsrjettur á búi skuldunauts væri þá annars glataður.

47. gr.

Skuldunautur, sem hefir í frammi nokkra þá athöfn, sem í 262. og 263. gr. almennra hegningarlaga segir, meðan á nauðasamningatilraunum stendur eða eftir að hann var tekinn að hyggja á slíka samninga, sæti refsingu eftir þeim greinum.

48. gr.

Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings:

1. Að svo hefir verið að farið sem í 1. og 2. tölul. 29. gr. segir, eða
2. Að skuldunautur hefir gerst sekur samkvæmt 47. gr., eða hefir greint vísvitandi rangt frá í bókum sínum um atriði, sem máli hafa skift um samþykt eða staðfestingu nauðasamnings,

og fer þá um gildi hans samkvæmt 1. og 2. málsgr. 29. gr.

IV. KAFLI.

Áfrýjun.

49. gr.

Ákvörðunum skiftarjettar samkvæmt II. og III. kafla laga þessara má skjóta til hæstarjettar eftir þeim reglum, sem hjer segir.

50. gr.

Úrskurði, þar sem beiðni eftir 3. og 31. gr. er tekin til greina, verður ekki áfrýjað.

Úrskurði, þar sem synjað er að taka beiðni samkvæmt 3. og 31. gr. til greina, úrskurði, þar sem ákveðið er, að samningatilraunir skuli falla niður eða þar sem nauðasamningi er synjað staðfestingar, getur skuldunautur einn áfrýjað.

Öðrum ályktunum skiftarjettar getur hver sá áfrýjað, er ályktun varðar hag hans að lögum.

Áfrýjunarfrestur er vika frá uppkvaðning úrskurðar eða frá lokum þeirrar dómsathafnar, er áfrýja skal. Úrskurði um staðfestingu á nauðasamningi má þó áfrýja innan 14 daga.

Úrskurði hæstarjettar um þóknun aðstoðarmanna skiftarjettar eftir 40. gr. má fullnægja með aðför í búi skuldunauts, ef á þarf að halda.

51. gr.

Áfrýja má þegar ákvörðunum skiftarjettar, en ekki stöðvar áfrýjun samningatilraunir.

Nú er úrskurðað, að samningatilraunir skuli niður falla eða nauðasamningi er synjað staðfestingar, og skal þá ekki telja samningatilraunum lokið fyrr en liðinn er áfrýjunarfrestur, enda sje áfrýjunarbeiðni þá ekki fram komin, eða hæstirjettur hefir staðfest úrskurðinn.

Ef úrskurðað er, að nauðasamning skuli staðfesta, má ekki framselja skuldunaut bú hans nje hætta eftirliti fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, enda hafi ekki verið áfrýjað, eða hæstirjettur hefir staðfest úrskurð skiftarjettar.

52. gr.

Áfrýjandi skili skiftarjetti skriflega beiðni áður en áfrýjunarfrestur er liðinn um það, að skiftarjettur annist áfrýjun þess atriðis, sem áfrýja á, og sje það svo glögt greint, að ekki sje um að villast, svo og þær kröfur, sem áfrýjandi gerir, ástæður þær, sem hann byggir kröfur sínar á, og gögn þau, er hann telur sjer í hag, og mega ný gögn og nýjar kröfur koma fram. Skiftarjettur sendir hæstarjetti svo fljótt sem unt er áfrýjunarbeiðni, eftirrit úr skiftabók af öllu því, er það mál varðar, skjöl þau, sem að málinu lúta, og álit sitt, ef hann vill.

Hver, sem áfrýjuð athöfn varðar, getur og sent hæstarjetti skriflega greinargerð sína um málið.

Nú þykir hæstarjetti málið ekki nægilega skýrt, og leggur hann þá fyrir skiftarjett að afla upplýsinga þeirra, sem vantar. Skal skiftarjettur gera það svo fljótt sem kostur er á, og fer um þá rannsókn eftir 17. og 41. gr. Eftirrit rannsóknar sendir skiftarjettur hæstarjetti jafnskjótt sem kostur er.

Hæstirjettur kveður upp úrskurð í málum þessum innan viku frá því, er skjölin komu til hans, sbr. 1. og 3. málsgr., nema málið sje sjerstaklega umfangsmikið, enda sje úrskurður aldrei upp kveðinn síðar en 2 vikum eftir móttöku skjalanna.

V. KAFLI.

Um gjöld o. fl.

53. gr.

Fyrir starfsemi skiftarjettar samkvæmt III. kafla þessara laga skal

greiða gjald í ríkissjóð, sem reiknast þannig, í hlutfalli við eignir skuldunauts samkvæmt skýrslu hans eftir 31. gr.:

1/8% af fyrstu 20000 kr.

1/6% af næstu 80000 —

1/8% af því, sem þar er fram yfir. Þó verður lægsta gjald aldrei minna en 20 kr., og hæsta gjald aldrei meira en 500 kr. Gjaldið reiknast af heilum hundruðum, og tala, sem endar á 50 eða hærri tölu, verður hækkuð í 100, en tala, sem endar á lægri tölu, verður færð niður í 100.

Ef beiðni samkvæmt 31. gr. er synjað, skal gjalda einar 10 kr. Ef samningatilraunir falla niður áður en frumvarp að nauðasamningum er borið upp til atkvæðagreiðslu eða ef samningi er synjað staðfestingar, skal gjalda hálft gjald.

Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta 4 mánuðum eða fyr eftir lok samningaumleitana eða eftir staðfestingu nauðasamnings, og skal þá draga það frá skiftagjaldi, sem greitt hefir verið í ríkissjóð vegna samningagerðarinnar. Þegar gjaldþrotameðferð bús lýkur með nauðasamningi, skal aldrei greiða nema 1/4 skiftagjalds í ríkissjóð.

54. gr.

Áfrýjandi greiðir 20 kr. í ríkissjóð fyrir fyrirtöku máls í hæstarjetti, og skal senda skiftarjetti gjaldið ásamt áfrýjunarbeiðni, og vottar skiftarjettur um greiðslu þess um leið og hann sendir hæstarjetti skjölin. Að öðru leyti greiðast engin gjöld fyrir meðferð máls í hæstarjetti.

Hæstirjettur getur gert þeim, er áfrýjað hefir án þess að hann verði talinn hafa haft sæmilega ástæðu til þess, eða fyrir ósæmileg ummæli eða vísvitandi ósannindi í málflutningi, að greiða 20—200 kr. sekt til ríkissjóðs.

Að öðru leyti dæmir hæstirjettur engan málskostnað.

55. gr.

Ef skiftarjettur dregur óhæfilega störf þau, sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum, má beita 1. málsgr. 97. gr. skiftalaganna. 100. gr. sömu laga á hjer og við.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Nú hefir bú verið tekið til gjaldþrotameðferðar fyrir 1. júlí 1924, og getur þá skuldunautur neytt heimildar II. sbr. IV. kafla til þess að leita nauðasamninga, ef beiðnin um það kemur fram eigi síðar en mánuði eftir nefndan tíma, enda hafi skiftarjettur ekki þá þegar gengið frá úthlutunargerð búsins.

(B. XXXI, 9).

Nd. **371. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu alfriðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10 kr. fyrir hvern fugl, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 27. júní 1921.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.

(B. XXXIX, 5).

Nd. **372. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. júní 1923. [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Aftan við lagagreinina bætist:
Lína frá Mýrum að Núpi í Dýrafirði.

(B. XXXIII, 8).

Nd. **373. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 2. gr. staflið a.
Orðið »tryggingar« í síðustu málsgrein falli burt.

(B. XXXIII, 9).

Ed. **374. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu og með því að leggja útsvar á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum, á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Fasteignagjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum og ákveðst það þannig:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8% — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði, enda annist bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sóthreinsun, sorp- og salernahreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og gegn eldsvoða.
b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 0,8% — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
c. Af öllum lóðum og löndum, sem með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða með sjerstakri samþykt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara slíkra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, skal greiða 0,2 % — 20 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Reykjavíkur.

Ennfremur eru undanþegin fasteignagjaldi:

Lóðir, sem eru eign annara ríkja, að svo miklu leyti sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum, og kirkjugarðar.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Reykjavík, og er gjalddagi 2. janúar ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

6. gr.

Þegar lög þessi koma í gildi, falla í burtu þau gjöld, sem nú hvíla á fasteignum kaupstaðarins til að standast kostnað við sóthreinsun (lög nr. 20, 15. okt. 1875) og sorphreinsun og salernahreinsun (lög nr. 42, 11. júlí 1911), en vatnsskattur helst óbreyttur samkvæmt lögum nr. 84, 22. nóv. 1907, að öðru leyti en því, að miða skal skattinn við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu.

7. gr.

Útsvari því, sem ræðir um í 1. gr., skal niðurjöfnunarnefnd jafna niður eftir efnum og ástæðum gjaldenda.

Niðurjöfnunin nær til allra einstaklinga og fjelaga, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Skal þá draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem stunduð er í bænum, eða á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, eða leggja þar upp afla sinn eða nauðsynjar, má leggja útsvar, þótt atvinna sje ekki stunduð nema 4 vikur ársins og þótt sá, er atvinnuna stundar, eigi lögheimili annarsstaðar, utanlands eða innan.

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, sem skrásett eru í Reykjavík, svo og til þeirra, sem hafa á hendi launuð störf og aukastörf í bænum, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir, enda sje atvinnan stunduð ekki skemur en 3 mánuði. Þó má ekki skattleggja þingfararkaup alþingismanna, sem heimili eiga annarsstaðar.

Útgerðarmenn, skipaeigendur og aðrir atvinnurekendur skulu standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem atvinnu hafa hjá þeim eða á skipum þeirra, enda er þeim heimilt að halda eftir alt að 10 % af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu. Niðurjöfnunarnefnd tilkynnir þeim, sem standa eiga skil á útsvari utanbæjarmanna, jafnskjótt er hún hefir lokið niðurjöfnun, útsvör þau, sem þeim ber að standa skil á.

Um útsvar samvinnufjelaga fer eftir þeim sjerstöku lögum, er um slík fjelög gilda.

Undanþegnir útsvari eru sendimenn annara ríkja og þeir þegnar sama ríkis, sem eru í þjónustu þeirra og stunda ekki aðra atvinnu í bænum, svo og þeir, sem með sjerstökum lögum eru undanþegnir skatti.

8. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Skattstjórinn í Reykjavík er formaður hennar, en 4 nefndarmennina kýs bæjarstjórnin til eins árs í senn á síðari reglulegum fundi sínum í nóvembermánuði ár hvert. Kjörgengir til nefndarinnar eru þeir bæjarbúar, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnarinnar. Nefndarmenn fá þóknun úr bæjarsjóði fyrir starf sitt eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar.

9. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara skal fara fram í byrjun hvers árs og vera lokið fyrir 15. dag aprílmánaðar, og skal niðurjöfnunarskráin liggja til sýnis frá 15. apríl til 1. maí.

Við aðalniðurjöfnun skal jafna niður þeirri upphæð, sem ákveðin er í fjárhagsáætlun bæjarins það ár, auk 8—10 % umfram.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram síðari hluta hvers mánaðar og aukaskrá liggja til sýnis 1.—15. dag næsta mánaðar.

Við aukaniðurjöfnun skal leggja útsvar á þá gjaldendur, sem bæst hafa við frá síðustu niðurjöfnun, svo og á þá, sem kunna að hafa fallið af niðurjöfnunarskrá áður.

Um kærur yfir niðurjöfnun og úrskurði á þeim fer eftir þeim reglum, er nú gilda, sbr. þó 10. gr.

10. gr.

Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til yfirskattanefndar bæjarins. Skal það gert brjeflega innan 15 daga frá úrskurði bæjarstjórnar. Yfirskattanefnd úrskurðar kæruatriðin innan 15 daga og birtir þeim, sem hlut eiga að máli, úrslitin. Er því máli þar með lokið.

Ekkert gjald má yfirskattanefnd hækka eða lækka nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10 % of lágt eða hátt.

Nefndin tekur borgun fyrir störf sín, og reiknast hún samkv. lögum nr. 74, 27. júní 1921, og tilsk. nr. 84, 30. nóv. 1921, þó þannig, að það greiðist úr bæjarsjóði, sem þar greiðist úr ríkissjóði, enda úrskurðar bæjarstjórn reikningana. Nú fær áfrýjandi ekki lækkun á útsvari sínu, og ber honum þá að endurgreiða bæjarsjóði allan kostnað af áfrýjuninni, og úrskurðar yfirskattanefnd þann kostnað. Fái áfrýjandi lækkun á útsvari sínu, greiðir hann helming kostnaðar með sama hætti. Þessum kröfum bæjarsjóðs á áfrýjendur fylgir lögtaksrjettur.

11. gr.

Útsvör öll skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkera, og eru gjalddagar útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar og 1. dag septembermánaðar. Helming útsvars skal greiða á hvorum gjalddaga. Enginn getur, með því að skjóta útsvari sínu til bæjarstjórnar, komist hjá því að greiða þann hluta útsvars síns, sem fallinn er í gjalddaga, en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgoldið er, endurgreitt úr bæjarsjóði.

Gjalddagi á útsvari utansveitarmanna er þann dag, sem niðurjöfnunarskrá yfir þau er lögð fram. Og getur enginn komist hjá því að greiða útsvarið með því að skjóta útsvarinu undir úrskurð bæjarstjórnar eða yfirskattanefndar. Um endurgreiðslu, ef til kemur, fer sem að ofan segir.

12. gr.

Sje fasteignagjald eða útsvar, sem ræðir um í lögum þessum, eigi greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Sömu dráttarvexti skal og greiða, ef önnur gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, svo sem vatnsskattur, leigugjöld af lóðum, erfðafestulöndum og öðrum fasteignum, gangstjetta- og holræsagjöld, skólagjöld o. s. frv., eru eigi greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga.

Dráttarvextirnir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

22. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og lög 19. okt. 1877, um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

(B. LXXXIII, 2).

Nd. **375. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Í stað »Svæðið frá . . . . Faxaflóa« komi:
Svæðið frá Þjórsárósum til Garðskaga telst í þessu efni til Faxaflóa.

(A. I, 18).

Ed. **376. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 7. gr.	I. 1. (Vextir af innl. lánum). Fyrir »384152,34« kemur	500000
2.	— 10. —	A. 5. (Ríkisfjehirðir). Fyrir »16200« kemur	20000
3.	— 11. —	A. 4. a. (Starfsmenn bæjarfóg. í Rvík). Fyrir »19800« kemur	25200
4.	— 11. —	A. 7. Nýr liður: Til byggingar fangahúsa á Ísafirði og í Vestmannaeyjum	16000
5.	— 11. —	B. 6. (Landhelgisgæsla). a. Fyrir »70000« kemur	80000
		b. Aftan við liðinn bætist: Af þessari upphæð má verja alt að 20 þús. kr. til að útbúa björgunarskipið »Þór« sem eftirlitsskip.	
6.	— 12. —	4. (Aðstoðarlæknir á Ísafirði). Fyrir »1800« kemur	1500
7.	— 12. —	13. b. (Sjúkrahús á Ísafirði). Fyrir »bæjar- og sýslufjelagið« kemur: bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu.	
8.	— 12. —	13. c. Liðurinn verður þannig: Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústað í Borgarfjarðarhjeraði	15000
9.	— 13. —	B. II. (Flutningabrautir). Fyrir »75000« kemur	100000
10.	— 13. —	B. VIII. 3. (Dragferjur). Nýr liður: Á Blöndu	300
11.	— 13. —	B. IX. (Bifreiðaferðir). Orðin »vor og haust« falli burt.	
12.	— 13. —	D. III. 19. (Uppbót talsímakvenna). a. Fyrir »9400« koma	10500
		b. Nýr liður: Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar, 150 kr. með hverju barni hans	1200
13.	— 14. —	A. a. 2. (Ritfje biskups). Fyrir »1000« koma	1500

14. Við 14. gr. B. I. b. (Háskólakensla hjeraðslæknis).
a. Fyrir »1000« koma 1500
b. Nýr liður:
Til kennara í lagalæknisfræði 500
15. — 14. — B. III. a. (Laun mentaskóla).
Fyrir »79100« koma 84200
16. — 14. — B. III. b. 4. (Tímakensla við sama skóla).
Fyrir »18000« koma 15000
17. — 14. — B. III. b. 10. Nýr liður:
Til að gefa út kenslubók í veraldarsögu handa mentaskólanum 2000
18. — 14. — B. XI. 2. a. (Verkleg ljósmæðrakensla).
Fyrir »600« koma 900
19. — 14. — B. XI. 3. (Námsst. ljósmæðraefna).
Liðurinn verður þannig:
Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að 7280
20. — 14. — B. XII. 1. (Kvennaskólinn í Rvík).
Nýr liður á undan a.:
Húsaleigustyrkur 2000
21. — 14. — B. XIV. 2. (Flensborgarskólinn).
a. Orðin »gegn 3000 kr. tillagi annarsstaðar frá« falli burt.
b. Aftan við athugasemdina bætist: og renni það í skólasjóð.
22. — 14. — B. XVIII. 1. (Sundkensla í Rvík).
Í stað orðanna »mentaskólans ..... stýrimannaskólans« í aths. kemur: ríkisskólanna.
23. — 15. — 3. b. (Aðstoð við Þjóðmenjas.).
Fyrir »1200« kemur 1600
24. — 15. — 12. Liðurinn orðist svo:
Til að vinna að útgáfu registurs við XI. bindi af íslensku fornbrjefasafni 1000
25. — 15. — 15. a. (Jóh. L. L. Jóh.).
Fyrir »4000« kemur 5000
26. — 15. — 15. b. (Þórbergur Þórðarson).
Fyrir »500« kemur 1200
27. — 15. — 19. (Guðm. Bárðarson).
Fyrir »1500« kemur 1800
28. — 15. — 27. (Landskjálftarannsóknir).
Fyrir »500« kemur 800
29. — 15. — 28. (Veðurathuganir).
Fyrir »20000« kemur 26000
30. — 16. — 7. b. (Hólmgeir dýralæknir).
Fyrir »500« kemur 700

31. Við 16. gr. 17. (Heimilisiðnaður).
a. Athugasemdin fellur burt.
b. Nýr liður:
Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar 1200
32. — 16. — 19. (Vörumerkjaskráseljari).
Fyrir »800« kemur 1200
33. — 16. — 33. Nýir liðir:
a. Til hjónanna í Hítardal 1000
b. — Bjarna Magnússonar, fangavarðar í Stykkishólmi 800
34. — 18. — II. d. 15. Liðinn skal orða svo:
Til Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð 400
35. — 18. — II. d. 20. Liðinn skal orða svo:
Til Valgerðar Gísladóttur, kr. 176,50, og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ... 476,50
36. — 18. — II. e. 13. (Guðm. Björnsson).
Liðurinn fellur niður.
37. — 18. — II. e. 14. (Árni Theódór Pjetursson).
Fyrir »þangað til stjórnin ... annað álíka« kemur: lokastyrkur.
38. — 23. — Síðari málsgreinin fellur niður.

(C. XXV. 2).

Nd. **377. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning fullkominnar klæðaverksmiðju fyrir landið.

Flutningsmenn: Jörundur Brynjólfsson og Tryggvi Þórhallsson.

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að skipuð verði 5 manna nefnd til undirbúnings stofnun fullkominnar nýtísku ullarverksmiðju. Skal ríkisstjórnin skipa 1 nefndarmanna, Samband íslenskra samvinnufjelaga 1, Búnaðarfjelag Íslands 1, Verslunarráð Íslands 1 og Fiskifjelag Íslands hinn fimta.

Verkefni nefndarinnar sje þetta:

1. *að* ákveða stærð, gerð og alla aðaldrætti í fyrirkomulagi verksmiðjunnar.
2. *að* ákveða henni stað.
3. *að* gera eða láta gera frumdrætti og sem nákvæmasta kostnaðaráætlun og rekstraráætlun fyrir fyrirtækið.

4. *að* safna hlutafje innanlands og jafnvel utan og gera tillögur fyrir næsta Alþingi um hluttöku ríkisins í fyrirtækinu.
5. *að* kalla til stofnfundar, ef til kemur.

Nefndin vinni kauplaust, en kostnaður við störf hennar greiðist úr ríkissjóði. Verði verksmiðjunni komið á, skal þessi kostnaður reiknast til stofnkostnaðar hennar og endurgreiðast ríkissjóði.

(B. XXVI, 3).

Nd. **378. Breytingartillaga**

við frv. til laga um ákvörðun vinnutíma í skrifstofum ríkisins.

Frá Sigurjóni Jónssyni.

Við 1. gr.
Í stað »8 stunda« komi: 7 stunda.

(B. LXVIII, 3).

Ed. **379. Nefndarálit**

um frv. til laga um niðurfall nokkurra embætta.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði vísað frá með dagskrá, en játar þó, að embætti þessi sjeu meir og minna óþörf eins og nú háttar. Sýnist þá rökrjett að leggja embættin niður, og það myndu einstakir menn gera, ef þeir ættu að borga starfsfólki, sem þeir hefðu ekki með að gera.

Fyrst kemur aðstoðarlæknirinn á Ísafirði. Stjórn heilbrigðismálanna hefir játað, að embættið sje nú óþarft. Maður sá, er því gegnir, mun alls ekki hafa neitt verulegt að gera sem læknir þar. Í fyrra vildi fjárveitinganefnd Ed. fella niður starfið til sparnaðar. En þá voru læknalögin frá 1907 til fyrirstöðu. Nú er farið fram á að fella úr gildi þá grein, er í fyrra var til hindrunar sjálfsögðum sparnaði. Að nefndin í Nd. ætlar þessum lækni 1800 krónur, kemur ekki af öðru en því, að einstakir menn í nefndinni töldu sig ekki nógu harðlynda til að svifta launamann landssjóðslaunum, þótt vissa væri fyrir, að hann hefði ekki neitt að gera í þjónustu landsins, þar sem hann nú er settur.

Meiri hlutinn telur engan sparnað að því að fella embættið niður. En þó vita allir, að ekki kæmi til mála, að umræddur læknir fengi meira en biðlaun,

þ. e. part af frumlaunum sínum, 800 kr., og það að eins í nokkur ár. Eftirlaun af slíkri launafúlgu yrðu svo lítil, að þeirra gætti ekki. Er því hjer um bersýnilega rökvillu að ræða.

Um aðstoðarmenn hjá vegamála- og vitamálastjóra er það að segja, að forstjórarnir játa, að á árinu 1925 verði ekki um nýbyggingar að ræða. En báðir þykjast þeir geta fundið mönnum þessum starf. Telja líka, að ef annarhvor þeirra fjelli frá eða fatlaðist skyndilega, yrði enginn til að gegna embættunum um sinn og enginn kunnugur. En ef ganga á inn á þessa reglu, yrði hver embættismaður að vera tvöfaldur í roðinu, hver læknir að hafa varalækni, hver prestur varaprest o. s. frv. Sjá allir, hvílík fjarstæða slíkt er. Vitamálastjóri hefir þar að auki skrifað yfirboðurum sínum brjef út af þessu máli, þar sem hann hótar að ganga úr vistinni, ef lagt sje niður aðstoðarembættið. Er óskyggilegt fyrir þjóðina, ef starfsmenn hennar gera sig svo gilda að hóta brotthlaupi, ef þeir ekki ná að hafa meðhjálp, sem er aðallega miðuð við það, að vera til taks, ef þeir skyldu deyja. Sýnist það vera óvanaleg og nokkuð dýr líftrygging.

Um skógræktarstjóra er það að segja, að töluverður sparnaður yrði að því að fella embætti hans niður, þó að gert sje ráð fyrir biðlaunum í 5 ár, og síðan eftirlaunum. Skógræktarstarfið heyrir í eðli sínu alveg til búnaðarmálunum. Og það má ganga að því vísu, að Búnaðarfjelag Íslands hafi jafnan völ þeirra manna, sem vel kunna skil á skógmálum. Núverandi búnaðarmálastjóri mun þar standa einna fremstur allra manna hjer á landi, bæði að þekkingu og áhuga. Hafa honum og lánast skógræktartilraunir betur en nokkrum öðrum manni hjer á landi. Er því bæði betra fyrir skógræktina og sparnaður fyrir landið, að frv. þetta nái fram að ganga.

Yfirleitt er sá andi, sem kemur fram í áliti háttv. meiri hluta, mjög viðsjárverður. Landið er sokkið í miklar skuldir. Verklegar framkvæmdir eru stöðvaðar, ef til vill um mörg ár. Þungar gjaldabyrðar hvíla á þjóðinni. En tekjur landsins hrökkva varla til fyrir nauðsynlegum vaxtagreiðslum, afborgunum og starfsmannalaunum. Eina ráðið til að rjetta við hag ríkissjóðs er að færa saman embætti í mjög stórum stil. Frv. það, er hjer ræðir um, var borið fram í því skyni að gefa Alþingi tækifæri til að sýna, að hægt væri að spara. Þess vegna voru hjer valin nokkur embætti til niðurfalls eða samfærslu, þar sem allir gátu verið sammála, ef annars átti að vera hægt að spara nokkursstaðar.

Aðstaða háttv. meiri hluta er þess vegna í þessu efni hættulegur veðurboði. Þjóðin hefir ástæðu til að kvíða, ef dagskráin á þingskjali 348 nær fram að ganga, að lítið verði úr því, að þingið á næstu árum færi saman »embættabákn« landsins.

Til skýringar þeim anda, sem kemur fram í þessu máli, er látið fylgja hjer með sem fylgiskjal umrætt brjef frá vitamálastjóra.

Minni hlutinn leggur til, að deildin samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Jónas Jónsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN.

Reykjavík, 31. mars 1924.

Mjer er kunnugt um, að frumvarp hefir komið fram í efri deild Alþingis um niðurfelling nokkurra embætta (þskj. nr. 248), þar á meðal aðstoðarmannsembættið við vitastjórnina. Um það vildi jeg leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar og jafnframt fara þess á leit, að hið háa ráðuneyti vilji gera það sem hægt er til þess að frumvarpið verði felt, að því er snertir þetta embætti.

Flutningsmaðurinn telur embætti þetta »með öllu óþarft« vegna þess, að engir vitar munu verða bygðir á næstu missirum, en sú skoðun er bygð á algerlegum misskilningi, enda er honum ókunnugt um störf þau, sem stjórn vitamálanna felur í sjer. Hið umrædda embætti var í raun og veru stofnað samkv. fjárlögum 1914—15; þar sem jeg í brjefi 27. des. 1912 hafði sýnt fram á nauðsynina fyrir, að aðstoðarmaður yrði skipaður. Á þetta fjelst stjórn og þing umræðulaust, og munu þær ástæður, sem þá voru færðar að mestu leyti standa óbreyttar enn. Gæti jeg því vísað til þeirra; en að vissu leyti eru ástæður breyttar, og því rjett að bæta nokkru við. Að vísu er ekkert bygt á þessum árum, en jeg tel víst, að landið geti ekki haldið áfram að innheimta vitagjald, sem fer langt fram yfir kostnað við rekstur vitanna, — jafnvel hækka gjaldið eins og gert hefir verið nú aftur — án þess að framkvæma nokkuð. En menn verða að athuga það, að þegar talið var nauðsyn á að skipa aðstoðarmann, voru vitarnir að eins 17, nú eru þeir 44, og það liggur í augum uppi, hve miklu meira verk það er að stjórna og líta eftir 44 vitum heldur en 17.

Enda þótt ekkert sje bygt að nýju á þessum árum er alveg nægilegt að gera fyrir okkur við þetta starf. Er þetta svo að skilja, að við með því að aðstoðarverkfræðingurinn og jeg vinnum inn á milli ýms störf á skrifstofunni við skýrslur, reikningshald og þess háttar, sem annars mætti láta skrifstofumann vinna. En með því komustum við af með minni skrifstofuhjálp en ella mundi vera hægt. Má því segja að að þessu leyti er okkar ekki notið að fullu; en hjer er alveg nægilegt verkefni fyrir okkur eins og er, og þar sem hið núverandi ástand væntanlega ekki verður mjög lengi frameftir, þykir illa ráðið, að reka þann mann frá, sem nú í nokkur ár hefir haft þessa stöðu og staðið vel í henni og fengið reynslu og kunnáttu, í þeirri von að geta fengið nokkuð ódýrari hjálp á skrifstofunni í bráð; í raun og veru er mjög ólíklegt að það fengist, þar sem aðstoðarverkfræðingurinn er svo lágt launaður, að varla nokkur von um að ódýrari skrifstofuhjálp fengist í staðinn. En hvað sem því líður, verð jeg eindregið að leggja á móti, að aðstoðarverkfræðingsembættið verði lagt niður. Jeg tel það starfsins vegna með öllu óverjandi af þeim ástæðum, sem jeg sjerstaklega tók fram í brjefi mínu 27. des. 1912; þar er í hverri stofnun lágmarkstala manna, sem hægt er að komast af með, til þess að starfrækslunni sje trygt eins og vera ber. Hvað vitamálastjórnina snertir, liggur í augum uppi, að svo miklu veltur á, að alt sje í lagi, að ekki má vera minna en að tveir menn sjeu málunum kunnugir, sem geta tekið við hver af öðrum ef annar forfallast. Í stað þess, sem

tíðkast hefir áður og er enn sumstaðar að hafa 2 — 3 — 4, jafnvel upp í 6 vitaþjóna á hverjum vita, höfum við hjer hvergi nema einn fastan mann og liggur það í augum uppi, hvílíkur stórkostlegur sparnaður það er fyrir landið. En svo má hinsvegar ekki minna vera, en að vitamálastjóri hafi verkfræðing til hjálpar, sem er málunum kunnugur og sem getur tekið við, þegar á þarf að halda. Annars mun það geta haft afarhættulegar afleiðingar í för með sjer, og komið til að kosta landið stórfje, ef ekki nema einn væri kunnugur og hann fjelli frá.

Jeg vil taka það skýrt fram, að jeg tel það svo mikla fjarstæðu að vilja leggja niður þetta embætti, að jeg, svo framarlega sem tillagan gengur í gegn, hiklaust mun segja af mjer embætti mínu, fyrst og fremst vegna þess, að jeg þykist ekki geta tekið ábyrgð á stjórn vitamálanna með þeim hætti, en svo líka vegna þess, að jeg eftir 18 ára, oft mjög erfitt og þreytandi starf hjer, er farinn að lýjast svo, að jeg alls ekki treysti mjer til að taka að mjer stjórn vitamálanna hjálparlaust. En það eru auðvitað að nokkru leyti persónulegar ástæður, sem þingið ef til vill ekki þykist geta tekið tillit til.

En eitt vildi jeg mega taka fram í þessu sambandi og það er að benda á það, að til þess að standa straum af rekstrarkostnaði vitanna hefir verið lagt vitagjald á skipin, og nam það 1922 yfir 200000 kr. Nýlega hefir það verið hækkað um 25%, og má því ætla, að það verði á þessu ári um 250000 kr. en allur kostnaður við stjórn, rekstur og viðhald vitanna var 1923 tæpar 150000 kr., og verður varla meira á þessu ári. En þegar þess er gætt, að vitagjaldið er beint ætlað til viðhalds vitanna, virðist það í meira lagi lúalegt að sjá eftir því fje, sem nauðsynlega þarf til þess að vitarnir sjeu í lagi. Ætla má, að landið fái um 100000 kr. tekjuafgang af vitagjaldinu á þessu ári, og virðist mjer þá með öllu ósæmilegt bæði gagnvart þeim, sem greiða þetta fje, og gagnvart þeim, sem vitamálunum stjórna, og sem gera sjer far um að gera það eins ódýrt og haganlegt og hægt er, — að vera að neita um þær bráðnauðsynlegustu fjárveitingar til mannahalds, skrifstofu og annars, sem með þarf. Jeg vænti þess fastlega, að hið háa ráðuneyti gagnvart þinginu kröftulega mótmæli þessari aðferð.

Th. Krabbe.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

(B. LXXIII, 2).

Ed. **380. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem samþykt hefir verið í háttvirtri

neðri deild, og hefir eigi annað við það að athuga en það, sem tekið verður fram í framsögu, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja það.

Alþingi, 14. apríl 1924.

Eggert Pálsson, form.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson, framsögum.

(B. XXXIX, 6).

Nd. **381. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 355. (Ritsíma- og talsímakerfi).

Frá Pjetri Ottesen.

Aftan við tillöguna bætist:
Lína frá Hesti í Borgarfirði að Hóli í Lundarreykjadal.

(B. LXXII, 2).

Nd. **382. Lög**

um löggilding verslunarstaðar í Fúluvík í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

1. gr.

Fúlavík í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

(A. V, 6).

Nd. **383. Frumvarp**

til vegalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Stjórnarfrumvarpið á þskj. 5 með eftirtöldum breytingum:

2. gr. A. 4. hljóðar svo:

Biskupstungnabraut frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisbrautar.

Í 2. gr. C. 1. er komið í stað orðanna: um »Línakradal . . . Faxalæk«: um svonefndan Múlaveg, sunnan við Stórhól, vestan við Auðunnarstaði að brúarstæði á Víðidalsá hjá Steinsvaði.

Úr 7. gr. er fallið orðið »fasta« úr 1. málsgr. og »fastir« úr 2. málsgr.

49. gr. hljóðar svo:

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skal hálft sýsluvegagjaldið renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið hefir næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði og nemur hálfu sýsluvegagjaldinu, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

52. gr. hljóðar svo:

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; þó mega bifreiðar eða vagnar standa á veginum við vinstra vegjaðar um skamman tíma, enda sje hesturinn þá leystur frá vagninum.

(B. LXXXIII, 3).

Nd. **384. Breytingartillaga**

við frv. til laga á þskj. 345. (Sveitarstjórnarlög).

Frá Pjetri Ottesen.

Orðin »í þessu efni« falli burt.

(B. LXXXIII, 4).

Ed. **385. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Aftan við síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922, kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Svæðið frá Reykjanestá til Garðskaga telst til Faxaflóa.

(B. LXXXII, 3).

Ed. **386. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Frá Jónasi Jónssyni.

Frumvarpsgreinina skal orða svo:

Staflið c. í 2. tölul. 3. gr. laga nr. 81, 28. nóv. 1919, skal orða svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., auk sömu dýrtíðaruppbótar, sem starfsmenn ríkisins njóta á hverjum tíma, að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.

(B. VII, 7).

Nd. **387. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allnákvæmlega og mun eftir atvikum geta mælt með því.

Aðalefnisbreytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að dómendum hæstarjettar verði fækkað úr 5 ofan í 3. Þessi breyting á hæstarjettarlögunum — sem eru ekki enn 5 ára gömul — hefir verið orðuð á 3 þingum undanfarið og af báðum aðalflokkum þingsins, og sýnir það, að hjer er ekki um staðlausan þyt að ræða, sem verði látinn þjóta undirtektalaust um eyru.

Aðalástæðan til þessarar breytingar á lögunum — fækkun dómendanna — hefir altaf verið ein og hin sama, sparnaðarþörf ríkissjóðs. Allir nefndarmenn viðurkenna hana mjög ríka eins og nú standa sakir.

Þó vilja nefndarmenn taka það fram, og leggja áherslu á það, að ekki megi líta á það atriði eitt út af fyrir sig, og síst til *frambúðar*. Á hitt verður einnig að líta, að *öryggi* dómsvaldsins verði eigi skert. Og þegar hjer er að ræða um æðsta dómstól landsins, hæstarjett, þá verður framar öllu að líta á þessa hlið málsins. Nefndin lítur svo á, að dómsvaldið sje ekki nægilega örugt, ef dómendum í hæstarjetti verður fækkað, fyrr en stofnað er miðdómstig, sem verður áfrýjunardómstóll frá undirrjetti til hæstarjettar. Og í því sambandi vill nefndin benda á þá leið, svo að kostnaðurinn við þetta yrði sem minstur, að þetta miðdómstig verði stofnað í sambandi við bæjarfógetaembættið í Reykjavík. Yrðu þá dómstigin 2 í Reykjavík, en 3 annarsstaðar frá. Er þess vegna öll nefndin sammála um að skora á ríkisstjórnina að athuga það og undirbúa til næsta þings, að stofnað verði miðdómstig án tilfinnanlegra útgjalda fyrir ríkissjóð. Leggur nefndin áherslu á þetta.

Að öðru leyti vill nefndin ekki gera breytingar á frv. frá því, sem það kemur frá hv. efri deild, um þau atriði, sem aðallega snerta fyrirkomulag rjettarins innbyrðis, þó nefndin sje þar ekki að öllu sammála, en sum þeirra miða þó að því, að gera mönnum hægra um vik að leita þar rjettingar mála sinna.

Enda þó að fleiri breytingar á lögunum hefðu getað komið til greina, úr því farið er að breyta þeim á annað borð, þá hefir nefndin þó leitt þær hjá sjer, sjerstaklega af því, að fyrirsjáanlegt er, að það gæti orðið til þess, að málið yrði ekki útrætt, þar sem mjög er liðið á þingtímann nú. Mun nefndin þar vafalaust vera í samræmi við vilja hv. deildar.

Af framanskráðu ræður nefndin hv. deild til þess að samþykkja frumv. óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1924.

Jón Kjartansson, form. og frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari, með fyrirvara.

Jörundur Brynjólfsson. Bernh. Stefánsson.

(B. XLII, 4).

Ed. **388. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. hv. Nd. á þingskjali 236 og leggur til, að það verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. Í stað: »3 ár samfleytt« komi: 5 ár samfleytt.
2. — 7. — a. Orðin »að jafnaði« falli niður.
   b. Fyrir »10—12« komi: 12.

Vjer teljum starfstíma ljósmæðra að loknu prófi eigi mega vera skemmri en 5 ár, jafnmiklu og kostað er til náms þeirra, enda tíð skifti óheppileg.

Vjer erum hrædd um, að verða kynnu margar undantekningar frá reglunni, fengju orðin »að jafnaði« að standa, og leggjum því til, að þau sjeu feld niður, en gerum hámarkstölu nemenda fortakslausa og teljum, að 12 námskonur muni lengi nægja.

Þá munum vjer beitast fyrir það, að tekin verði upp í fjárlögin athugasemd um það, að hver kvenkennari við skólann hafi 300 kr. árslaun og greiða megi nemendum dýrtíðaruppbót á námsstyrkinn eftir sömu reglum og gilda um starfsmenn ríkisins.

Loks viljum vjer vekja athygli hv. deildar á því, að tilætlun nefndarinnar er, að núverandi landlæknir, þrátt fyrir ákvæðin í 3. gr., haldi þeim sjerstöku launum, sem honum eru ætluð fyrir forstöðu skólans.

Nánara í framsögu.

Alþingi, 14. apríl 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm.	Sig. Eggerz.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

(A. I, 19).

Ed. **389. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

Það sýnist vera orðið að fastri venju, að fjárveitinganefnd efri deildar sje ætlaður naumur tími til þess að athuga og afgreiða fjárlagafrumvarpið, og svo hefir orðið í þetta sinn. Nefndinni barst frv. þetta ekki í hendur fyr en 4. þ. m.; hún hefir því ekki haft nema eina 8 daga til afgreiðslu þess, og töluvert af þessum tíma hefir farið í það að veita mönnum þeim áheyrn, er óskað hafa viðtals við nefndina. Þessa fáu daga hefir nefndin því orðið að vinna öllum stundum, sem afgangs hafa verið frá öðrum störfum, og oft haldið 3 fundi á dag. Hins vegar hefir og nefndin frá því í þingbyrjun unnið að fjárlagafrumvarpinu, eftir því er

hún hafði frekast tök á, lesið og athugað hin mörgu erindi, sem fjárveitinganefndunum hafa borist frumvarpinu viðkomandi, jafnóðum og hún gat fengið þau frá háttv. fjárveitinganefnd neðri deildar, og haldið til þessa samtals 30 fundi, er flestir hafa staðið 2 tíma. En þó að nefndinni hafi þannig gefist tími til athugunar á mörgum atriðum, þá hefir henni þó ekki verið mögulegt að ganga frá nokkru til fulls fyr en sjeð varð, hvernig neðri deild afgreiddi frumvarpið, en það var ekki fyr en um síðastl. mánaðamót, eins og áður hefir verið tekið fram.

Um fjárlagafrumvarp þetta, eins og það var lagt fyrir Alþingi af hendi fyrverandi stjórnar, vill nefndin taka það fram, að hún viðurkennir fúslega sparnaðarviðleitni þá, er þar kemur fram í ýmsum atriðum, og telur nefndin með því stefnt í rjetta átt. Fjárhag ríkisins er þannig komið, að fylstu alvöru og festu verður að sýna í allri meðferð á fje landsins. En hins vegar virðist nefndinni, að hæstvirt stjórn hafi í sumum atriðum gengið helst til langt til sparnaðar, eða lengra en mögulegt er í raun og veru. Á þetta einkum við þau lögboðnu gjöld, sem ekki er mögulegt að komast hjá að greiða. Allar slíkar greiðslur verður að áætla í fjárlögum eins og búast má við, að þær verði, eftir því sem frekast má sjá, og með því einu móti er mögulegt að fá yfirlit það, sem á er hægt að byggja viðvíkjandi fjárreiðum ríkisins.

Háttvirt fjárveitinganefnd neðri deildar hefir gert ýmsar þær breytingar á frumvarpinu, er bæta úr áminstum göllum, áætlað mun hærra ýms óumflýjanleg gjöld en gert var í stjórnarfrumvarpinu og einnig gert nokkrar breytingar til hækkunar á ýmsum tekjuliðum þess, þar sem fært þótti, eftir líkum að dæma.

Nefndin vill ennfremur taka það fram, að hún telur háttv. fjárveitinganefnd neðri deildar hafa sýnt virðingarverða sparnaðarviðleitni í meðferð fjárlagafrumvarpsins, þó hún hinsvegar hafi máske farið nokkuð langt í einstökum atriðum. Þótt fjárveitinganefnd efri deildar vilji gera sitt besta til þess að halda umræddri sparnaðarstefnu, finnur hún sig knúða til að breyta nokkrum gjaldaliðum frumvarpsins til hækkunar þeim og bæta við nokkrum nýjum, þar sem henni virtist óumflýjanlegt. Nefndin leggur ekki til, að gerðar sjeu breytingar á tekjubálki fjárlagafrumvarpsins við 2. umræðu, en býst við að athuga þann kafla til 3. umræðu.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar sjeu á frumvarpinu, hafa þegar verið lagðar fram á sjerstöku þingskjali (nr. 376). En hjer vill nefndin leitast við að gera nokkra grein fyrir þeim og öðru því, er henni þykir sjerstaklega máli skifta.

7. gr.

Fjárveitinganefnd neðri deildar taldi vexti af innlendum lánum of lágt áætlaða og hækkaði því þann lið um 100 þús. krónur. Nú hefir fjármálaráðherra tilkynt fjárveitinganefnd efri deildar, að liður þessi sje enn þá um 140 þús. kr. of lágt áætlaður. Nefndin sá sjer því ekki annað fært en að hækka liðinn upp í 500000 krónur.

10. gr.

Nefndin fjekk upplýsingar um það hjá stjórninni, að fjárveiting til skrif-

stofu ríkisfjehirðis væri of lágt áætluð og ekki væri hægt að breyta þar neinu um í starfsmannahaldi frá því, sem nú er. Virtist henni því ekki verða hjá því komist að hækka liðinn upp í 20 þús. krónur.

11. gr.

Síðan skattalögin nýju komu í gildi og dýrtíðin byrjaði hafa erfiðleikar á innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík aukist að miklum mun og það svo, að um síðustu áramót lágu hjá bæjarfógeta um 3000 beiðnir um lögtök á manntalsbókargjöldum og um 7000 beiðnir um lögtök á bæjargjöldum frá bæjargjaldkera. Bæði lögreglustjóri og borgarstjóri hafa lagt ríka áherslu á það, að lögtök þessi væru framkvæmd sem allra fyrst og bent á, hvílíkt tjón stafaði af því fyrir ríkissjóð og bæjarsjóð, ef það yrði ekki gert, bæði vaxtatap og svo hitt, að gjöldin gætu orðið ófáanleg, ef dráttur yrði á framkvæmd lögtakanna.

Það var nú bert, að fulltrúi sá hjá bæjarfógeta, sem hefir haft lögtökin á hendi auk annara fógetastarfa, lausafjáruppboða, notarialstarfa, búuppskrifta og daglegrar afgreiðslu á bæjarfógetaskrifstofunni, gæti ekki með nokkru móti annað öllum þessum störfum svo viðunandi væri, og heimilaði því stjórnin um áramótin bæjarfógeta að bæta við sig fulltrúa fyrst um sinn í þrjá mánuði, er hefði ekki öðrum störfum að gegna en lögtökum fyrir lögreglustjóra og borgarstjóra, hefði 9 stunda vinnutíma á dag og 300 krónur í kaup á mánuði auk verðstuðulsuppbótar.

Fulltrúi þessi hefir nú starfað í 3 mánuði og framkvæmt 117 lögtaksgerðir fyrir lögreglustjóra með árangri, en 1368 árangurslausar lögtakstilraunir. Fyrir bæjargjaldkera hefir hann framkvæmt 327 lögtaksgerðir, og nema ríkissjóðsgjöldin fyrir þær einar kr. 1786,00, sem þegar eru greiddar í ríkissjóð, en ríkissjóðsgjöldin fyrir allar lögtaksgerðir og lögtakstilraunir, sem þessi fulltrúi framkvæmdi á þessum þrem mánuðum, nema alls kr. 5498,00.

Nefndin verður að viðurkenna þörfina fyrir þennan viðbótarfulltrúa hjá bæjarfógeta og telur víst, að sú þörf muni og verða fyrir hendi árið 1925. Þar sem tekjur ríkissjóðs af störfum hans og munu reynast mun meiri en laun hans, leyfir hún sjer að leggja til, að þau verði tekin upp í fjárlagafrv.

Fangahúsið á Ísafirði brann nýlega, og verður þar ekki komist af án fangahúss. Í Vestmannaeyjum vantar og tilfinnanlega slíkt hús síðan stjórnin fyrir 10—12 árum seldi fangahús, sem landið átti áfast við þinghús hreppsins.

Stjórnin hefir því farið fram á það við nefndina, að hún tæki upp í frv. fjárhæð til þessa, því gæsla sakamanna hefir oft reynst landinu ærið dýr þar, sem fangahús vantar, og nefndin ekki sjeð annað fært en gera það.

Nefndin hefir í samráði við stjórnina hækkað liðinn B. 6, í því skyni að björgunarbáturinn »Þór« verði betur útbúinn en hingað til hefir verið, svo hann verði færari um að hafa á hendi strandvarnir.

12. gr.

Eins og skýrt er frá í nefndaráliti háttv. fjárveitinganefndar neðri deildar, hafa Borgfirðingar áformað að byggja sjúkraskýli og læknisbústað nú í vor á jörð, sem læknishjeraðið hefir keypt í því augnamiði, og er nú þegar byrjað að

undirbúa þá byggingu, grafa fyrir grunni og kaupa byggingarefni, í þeirri vissu von, að Alþingi veiti umbeðinn styrk til þessa fyrirtækis. Nefndin leggur það til, að umræddu læknisbjeraði sje veittur 15 þús. kr. styrkur til byggingar sjúkraskýlis, þar sem svona er ástatt, þótt hún hins vegar sjái sjer ekki fært að mæla með styrk til annara sjúkraskýla, þar sem undirbúningur er skemra á veg kominn, í þetta sinn, og fjárhagur ríkissjóðs er erfiður.

13. gr.

Vegamálastjóri skýrði nefndinni frá því, að brýna nauðsyn bæri til að hækka fjárveitingu til viðhalds flutningabrautum, þar eð ekki yrði hjá því komist að endurbæta ýmsa vegakafla, svo þeir yrðu færir yfirferðar, og koma í veg fyrir hættulegar skemdir á ýmsum stöðum. Leyfir nefndin sjer því að leggja það til, að liður þessi verði hækkaður upp í 100000 kr.

Nefndinni þótti rjett að nema þessi orð »vor og haust« í burtu úr skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir styrk til bifreiðaferða, þar eð styrknjótendur verða, samkvæmt athugasemdinni, að hlíta þeim reglum, sem stjórnin setur um ferðirnar.

Símastjóri hefir tjáð nefndinni, að naumast yrði hjá því komist að bæta við laun nokkurra símastúlkna, sem svaraði 25 kr. á mánuði. Telur símastjóri stúlkur þessar vera 35 talsins og væru 28 þeirra í Reykjavík, en 7 utan Reykjavíkur. Nefndin athugaði þetta atriði og sá, að sanngirni mælti með því, að liður þessi væri hækkaður upp í 10500 kr., og leyfir sjer því að leggja það til.

Steindóri efnisverði Björnssyni, sem er einn af starfsmönnum landssímans, eru í núgildandi fjárlögum ætlaðar sem launauppbót 200 kr. með hverju barni hans, sem eru 8 talsins og öll á ómagaaldri. Maður þessi á, samkvæmt skýrslum þeim, er hann hefir sent fjárveitinganefnd um hagi sína, mjög erfitt uppdráttar, og mun efnahagur hans ekki hafa batnað síðan í fyrra. Nefndin vill því leggja það til, að honum verði veittar sem launauppbót í þetta sinn 150 kr. með hverju barni hans, eða samtals 1200 kr.

14. gr.

Skrifstofukostnað biskups telur nefndin of lágt settan í frv. og leggur til, að hann verði hækkaður, svo að hann verði eins og hjá landlækni.

Nefndin getur ekki að svo komnu fallist á þá lækkun, sem gerð hefir verið á borgun til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann. Kensla þessi er ekki skyldustarf læknisins, og gæti því farið svo, að hún legðist alveg niður eða að úr henni yrði dregið að miklum mun, ef laun þau, er hingað til hafa verið greidd fyrir þetta starf, eru lækkuð.

Þá leggur nefndin til, að bætt verði inn nýjum lið til kennara í lagalæknisfræði, 500 kr. Þessi liður hefir stundum staðið í fjárlögum og stundum ekki, en ætíð verið borgaður út, og svo mun eins verða áfram. Rjettara virðist því, að þetta standi í fjárlögum.

Nefndin leggur til, að launaupphæðin til fastra kennara mentaskólans verði hækkuð, með það fyrir augum, að cand. mag. Kristinn Ármannsson verði ráðinn þar fastur kennari. Þessi maður lauk kennaraprófi í Danmörku næstliðið sumar í latínu, grísku og ensku. Bauðst honum þá þegar álitleg kennarastaða í

Danmörku, en hann hafnaði henni vegna tilmæla frá þáverandi forsætisráðherra, sem óskaði eftir, að hann tækist á hendur kenslu við mentaskólann. Var hann síðan ráðinn til skólans frá 1. okt. 1923 til jafnlengdar 1924 með byrjunarlaunum adjunkta. Nú hefir þessi maður óskað eftir, að honum væri trygð til frambúðar þessi kennarastaða, og hefir rektor skólans mælt eindregið með því. Telur hann skólanum mikla nauðsyn að fá hann sem fastan kennara, bæði vegna þess að hann sje einkar álitlegur kennari, og auk þess hafi hann lokið mjög góðu embættisprófi í þeim námsgreinum, er skólanum sje mest þörf á nýjum kennara í. Nefndin telur rjett að sinna þessari málaleitun, bæði vegna þess að þetta er beint áframhald af því, sem þegar er búið að gera, og einnig af því að maðurinn hefir sakir þessara ráðstafana afsalað sjer annari stöðu, sem þó er betur launuð en embætti það, er hann fær við mentaskólann.

Í sambandi við fjölgun fastra kennara við mentaskólann leggur nefndin til, að liðurinn til tímakenslu lækki um 3000 krónur.

Í fjárlögunum fyrir 1924 er ætlaður nokkur styrkur til að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum. Nefndin vill taka upp dálítinn styrk í þessu skyni, svo framhald geti orðið á starfinu.

Með breytingu þeirri, sem fyrirhugað er á yfirsetukvennaskólanum, er námstíminn lengdur allmikið. Af þeim sökum sjer nefndin ekki, að komist verði hjá því að hækka lítillega tvo kostnaðarliði við skólann.

Fjárhagur kvennaskólans í Reykjavík er mjög þröngur, sjerstaklega vegna hárrar húsaleigu, er hann þarf að greiða. Nefndinni virðist því nauðsyn bera til þess að veita honum nokkurn húsaleigustyrk, sjerstaklega þar sem skólinn er nú búinn að starfa í 50 ár.

Nefndin ætlast til þess, að skólagjöld þau, er greidd verða við Flensborgarskólann, renni til skólans sjálfs, og telur að með því sje skólanum trygður ekki minni styrkur en frumvarpið gerir ráð fyrir.

15. gr.

Styrkinn til að safna til íslenskrar orðabókar hefir neðri deild lækkað úr 7000 kr. niður í 4000. Nefndin leggur til, að hann verði settur 5000 kr. með tilliti til þess, að fjárhagur þess manns, sem að henni vinnur, er mjög þröngur.

Verði styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar ekki hærri en frv. gerir ráð fyrir, er útilokað, að hann geti haldið starfinu áfram. En þar sem nefndin er þeirrar skoðunar, að starf hans við að safna orðum úr alþýðumáli verði til mikils gagns við samningu vísindalegrar orðabókar síðar meir, þá leggur nefndin til, að styrkurinn verði hækkaður lítið eitt.

Guðm. G. Bárðarson er einn af okkur ágætustu vísindamönnum. Hefir hann um nokkurt skeið haft með höndum ýmiskonar náttúrufræðirannsóknir og unnið á því sviði ótrúlega mikið og merkilegt starf. Hann hefir skrifað mikið í útlend vísindarit um uppgötvanir sínar, enda er starfi hans fylgt með mikilli athygli af erlendum vísindamönnum. Þegar hann fluttist að Akureyrarskólanum eftir beiðni margra merkra manna, þá mun hann hafa sett það skilyrði og treyst því, að vísindastyrkur sá, er hann þá hafði, hjeldist óbreyttur, 1800 kr. Nú kveðst

hann búast við, að hann neyðist til að hverfa frá skólanum og að búi sínu, er hann yfirgaf fyrir 3 árum, ef hann fái ekki kjör sín að einhverju leyti bætt. Með því að nefndinni er kunnugt um, að efnahagur hans er afarþröngur, og hinsvegar að það væri óbætanlegt tjón fyrir skólann að missa svo ágætan kennara, þá leggur hún til, að vísindastyrkur hans verði hækkaður upp í það, sem hann áður var.

Fjárhæð þá, er ætluð er til veðurathugana og veðurskeyta, telur nefndin allmikið of lága til þess, að sú starfræksla komi að því gagni, sem til er ætlast. Vill hún því hækka þennan lið nokkuð og væntir, að þá megi með ýtrustu sparsemi nokkurn veginn halda í horfi þessari starfsemi.

16. gr.

Nefndin leggur til, að Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga fái til umráða þær 6000 kr., er um getur í tölul. 17, óskertar, en ætlast hins vegar til, að af þessu fje veiti Sambandið frk. Ástu Sighvatsdóttur einhvern styrk, ef hún heldur uppi vefnaðarnámsskeiði í líku sniði og hún hefir gert. Jafnframt vill nefndin viðurkenna margra ára starfsemi frk. Halldóru Bjarnadóttur í þarfir heimilisiðnaðarins, með því að veita henni sjerstaklega 1200 kr. styrk til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar.

Bjarni Magnússon hefir haft á hendi nú í allmörg ár fangagæslu í Stykkishólmi, en aldrei fengið neitt fyrir það, annað en mjög ljelega íbúð á lofti fangahússins, svo ljelega, að tæplega mun hægt að telja forsvaranleg mannahíbýli. En þar sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegt sje að fangaverðir búi í fangahúsunum, vill nefndin leggja það til, að manni þessum sjeu veittar í eitt skifti fyrir öll umræddar 800 krónur.

23. gr.

Þó að nefndin fyrir sitt leyti sje ekki mótfallin því, að stjórn Landsbankans hagi slíkum greiðslum vegna Skeiðaáveitufjelagsins á þann hátt, sem heimilað er, þá telur hún ekki rjett, að löggjafarvaldið blandi sjer í starfrækslu bankans á þennan hátt, sjerstaklega þar sem þetta atriði er ekki fram komið eftir ósk bankastjórnarinnar og hefir ekki verið undir hana borið. Leggur nefndin því til, að málsgreinin verði feld niður,

Alþingi, 14. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Guðm. Ólafsson.
Einar Árnason.	Ingibjörg H. Bjarnason.	

(B. XXXII, 7).

Ed. **390. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef.

Frá fjárhagsnefnd.

Samkvæmt frumvarpi þessu er breyting gerð á 2. og 3. gr. ofannefndra laga, og eru breytingarnar í því fólgnar að því er 2. grein snertir, að feld eru burtu ákvæði um fastákveðna fjárhæð brjefanna, eða að þau skuli jafnan vera 100, 1000 eða 10000 kr., og að rentan sje sömuleiðis fast ákveðin $4^1/_2$, 5 eða $5^1/_2$ %. Meiri hluti nefndarinnar að minsta kosti telur þessa breytingu til bóta, því ómögulegt er að vita um fyrirfram, hvernig hentugast verður í framtíð að haga þessu, og að því sje hyggilegra, að ríkisstjórnin í hverju einstöku tilfelli kveði á um upphæð brjefanna og vexti af þeim.

Aðalbreytingin við 3. grein laganna er í því fólgin að gera lánin, sem nú eru föst lán, að afborgunarlánum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á lánstímabilinu; þó skal vera heimilt að fresta að greiða afborganir fyrstu 5 árin. Öll lán ríkissjóðs munu nú vera afborgunarlán, og telur að minsta kosti meiri hluti nefndarinnar þessa leið hagkvæmari og hollari heldur en að ríkissjóðurinn verði að borga þau á einu ári, í lok lánstímabilsins. Ennfremur er ákveðið í þessari grein laganna, að skuldabrjefin skuli gefin út til 25 ára, og hefir háttvirt fjárhagsnefnd í neðri deild skeytt aftan við þessa grein þannig löguðu ákvæði, sem ekki getur vel samrýmst við upphaf greinarinnar. Nefndin leggur því til, að upphafi greinarinnar sje einnig breytt í samræmi við viðauka nefndarinnar í neðri deild.

Það virðist líka geta verið óhentugt að binda ríkissjóð með lögum til að taka hvert lán, sem hann þarfnast, til 25 ára. Vel getur staðið svo á, að hann þurfi ekki láns með nema til t. d. 10 eða 15 ára. Aðalatriðið er, að ekkert lán sje tekið til lengri tíma en 25 ára, til þess að gera skuldabrjef ríkissjóðs seljanlegri. Því styttri sem lánstíminn er, því hægara er að selja brjefin. Nefndinni þykir hentugra, að lögin sjeu á einum stað, og leggur því til, að breytingarnar verði feldar inn í texta laganna, sem sjeu síðan gefin út þannig breytt sem lög í einu lagi.

Minni hluti nefndarinnar (J. J. og I. P.) geyma sjer rjett til að gera athugasemdir við lagabreytinguna og þessar tillögur.

Samkvæmt þessu eru það tillögur meiri hluta nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   3. grein laganna verði þannig:
   Skuldabrjefin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára, og með

vaxtamiðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að brjefin megi vera lengst í umferð.

Af skuldabrjefum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabrjefaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabrjefin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á framanskráðum lögum, skal innfæra í texta laga nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

Alþingi, 14. apríl 1924.

Sig. Eggerz, form.	Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Ingvar Pálmason, með fyrirvara.	Jónas Jónsson, með fyrirvara.	

(B. LXVII, 3).

Nd. **391. Nefndarálit**

um frv. til laga um skattfrelsi fyrir h/f. Eimskipafjelag Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið á eitt mál sátt um þetta frv. Meiri hluti nefndarinnar vill mæla með frv. með nokkrum breytingum, en minni hlutinn vill fella það. Meiri hlutinn lítur svo á, að þegar tekið er tillit til fjárhagsörðugleika fjelagsins nú og þegar þess er gætt, að ráðgert er að undanþiggja fjelagið sköttum til ríkissjóðs, þá virðist ástæða til að minsta kosti að takmarka einnig gjöld þess til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Hinsvegar getur meiri hlutinn eftir atvikum fallist á, að fjelagið sje ekki með öllu undanþegið gjaldi til bæjarsjóðsins.

Þá þykir meiri hluta nefndarinnar rjett að taka það fram, að hann telur tæplega fært að breyta með lögum útsvari fjelagsins, sem þegar er búið að leggja á það fyrir yfirstandandi ár.

Meiri hluti nefndarinnar vill því ráða háttv. deild til að samþykkja frv. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1924 til 1928, að báðum meðtöldum.

II. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Árin 1925 til 1928, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettóágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

III. Fyrirsögnin verður:
Frumvarp til laga um skattgreiðslu h/f. Eimskipafjelags Íslands.

Alþingi, 14. apríl 1924.

Jón Kjartansson, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Jörundur Brynjólfsson.

(A. V, 7).

Nd. **392. Breytingartillögur**

við frumvarp til vegalaga.

I. Frá *Þorleifi Jónssyni.*
1. Við 2. gr. A. 1. Milli »Skeiðarársand« og »Suðursveit« kemur: Öræfi, Breiðamerkursand.
2. Nýr töluliður á eftir 1:
Hafnarvegur, frá Höfn í Hornafirði, þangað sem vegurinn til Almannaskarðs byrjar.
Liðatalan breytist samkvæmt því.

II. Frá *Ágúst Flygenring.*
Við 2. gr. A. 6. Liðinn skal orða svo:
Reykjanesbraut frá Reykjavík um Hafnarfjörð, Keflavík og Garð til Sandgerðis.

III. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 2. gr. C. 1.
Fyrir orðin: »um svonefndan Múlaveg . . . . . Víðidalsá hjá Steinsvaði« komi: Um Línakradal, yfir Víðidalsá.

IV. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 2. gr. C. 3. Nýr töluliður á eftir:
Eyjafjarðarbraut frá Akureyri að Saurbæ.

V. Frá *Árna Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 2. gr. D. 4. Tveir nýir töluliðir:
a. Uppbjeraðsvegur frá Lagarfljótsbrú norðan fljóts að Brekku í Fljótsdal.
b. Úthjeraðsvegur frá Fagradalsbraut fyrir ofan Egilsstaði um Eiða að Hjaltastað.

(B. XI, 6).

Ed. **393. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið ásátt um frv. þetta. Minni hlutinn finnur mörg missmíði á framburði málsins, eins og það hefir verið undirbúið og skýrt á Alþingi.

Í fyrra vetur bar jeg fram tvö frv. viðvíkjandi laxveiði. Annað um að ófriða skyldi sel í Ölfusá vegna laxveiðanna. Tvær jarðir hafa hlunnindi af selveiðum þessum, en hins vegar fælir selurinn lax frá að ganga í Ölfusá, og þar með þverár hennar, og á hinn bóginn lifir selurinn fyrst og fremst á laxi þeim, sem gengur í ána. Sjálfsagðasta skilyrði til að auka laxveiði í Árnessýslu er að ófriða selinn og útrýma honum úr ánni. Efri deild eyddi þessu máli og vísaði til laga frá 1912 um að sýslubúar gætu gert samþyktir um þetta sjálfir.

Um sama leyti bar jeg með 2. þm. Rangæinga fram frv. um breytingu á laxveiðilögunum frá 1886 (þskj. 242). Var þar gert ráð fyrir, að bændur, sem ættu land að veiðiám, skyldu geta myndað klakfjelög, eins og nú má mynda áveitufjelög, þ. e. skylda mótþróafullan minni hluta til að starfa með til sameiginlegra hagsmuna fyrir heildina. Hvert slíkt klakfjelag átti að fá, með vissum skilyrðum, styrk úr landssjóði til klaksins, í hlutfalli við framlög fjelagsmanna. Ef lög þessi hefðu náð fram að ganga, myndu allir bændur í Árnessýslu, til að nefna eitthvert hjerað, þeir, sem búa við Ölfusá, Hvítá, Sogið, Tungufljót, Brúará og Laxárnar tvær, og hafa náttúrlega aðstöðu til veiða í þessum ám, hafa myndað með sjer gagnkvæman fjelagsskap um laxaklak, friðun og þá líka væntanlega að útrýma bitvargi úr ánni. Til að fá breiðari grundvöll undir löggjöf af þessu tægi, var málinu vísað til umsagnar allra sýslunefnda. En svör þeirra koma varla öll fyr en á næsta þingi.

Á sama þingi báru 1. þm. Rangæinga og 2. þm. Árnesinga fram frv. á þskj. 284, um að upphefja 36 stunda friðun í Ölfusá. Báru þeir frv. fram vegna áskorana frá nokkrum helstu laxveiðieigendum austanfjalls. Í umræðunum kemur fram, að það eru ekki eingöngu bændur við Ölfusá, sem óska breytinga, heldur er til nefndur einn hinn helsti bóndi á veiðijörð á Skeiðunum, sem var hlyntur breytingu. Í greinargerð frv. er vikið að nokkrum sjerstökum ástæðum við Ölfusá. Áin sje feikna breið, vatnsmikil og víðast straumþung, þar sem nokkuð veiðist. Netin eru víðast stuttir stúfar við bakkana. Oft koma svo miklir vatnavextir og hlaup í ána, að taka verður upp netin dögum og jafnvel vikum saman. Laxinn gengur í torfum, og hittist þá stundum vitanlega svo á, að laxagöngurnar geta komist alla leið upp í smáárnar, meðan engin tök eru til að veiða neðan til við ána.

Flutningsmenn benda á, að netin sjeu jafnan lítill farartálmi. Meginám sje og hljóti ætíð að vera opin og öndverð fyrir laxinum. Enginn mannlegur máttur ráði við að koma netum þannig fyrir, að verulegur tálmi sje að þeim fyrir gönguna. Laxveiðin í ánni, jafnvel á helstu veiðijörðunum, sje þess vegna í raun og veru fremur lítil. Valdi því tvær orsakir: *Selurinn* neðan til í ánni og *óleyfilegar laxveiðar* sumra bænda ofan til í sýslunni á hrygningarstöðum tæru ánna eftir að haustfriðun er byrjuð. Eftirliti þar efra verði alls ekki að neinu gagni við komið frá veiðieigendum neðar við ána. Er auðsjeð, að flm. álíta, að hin umræddá 36 stunda friðun sje óþörf að því er snertir Ölfusá, og að hún hafi verið og muni verða að eins pappírsgagn, nema á einstökum jörðum í þjóðbraut.

Allsherjarnefnd Nd. mælti hið besta með málinu. Í henni áttu sæti: Jón Þorláksson, form., Gunnar Sigurðsson, Björn Hallsson og Magnús Jónsson. Þessir voru allir sammála. M. Guðmundsson gerði ekki ágreining, en virðist hafa verið fremur mótfallinn. Málinu var vísað til 3. umr. með 16 : 5, og í Ed. með 9 : 2. Í allsherjarnefnd Ed. áttu þá sæti: Jón Magnússon, formaður, Sigurður Kvaran og Guðm. Guðfinnsson. Er nefndin öll sammála um, að svo sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi að því er Ölfusá snertir, að hún leggur til, að frv. gangi fram óbreytt, eins og líka varð. Sýnist nokkuð hverful lagasmíði þingsins, ef mál er samþykt með yfirgnæfandi atfylgi á einu þingi, og bygt á athugun gamalla og þaulreyndra þingmanna, og síðan afnumið af hinu sama þingi, þó að engin ný sönnunargögn, er máli skifta, hafi komið fram.

Helsta ástæðan, sem stefnubreyting þessi er bygð á, er talin sú, að meiri hlutinn í sýslunefnd Árnessýslu leggi til aukna friðun. En sýslunefnd er að lögum ekki rjettur aðili um þessa hlið málsins. Þar að auki hefir sýslunefnd Árnessýslu ekki gætt hófs í aðgerðum sínum á því sviði, þar sem henni er fengið úrslitavald.

Samkvæmt laxveiðalögunum frá 1876 var veiðitíminn í öllum ám hjer á landi lögfestur frá 20. maí til 1. sept. En með lögunum frá 1886 var sýslunefndunum fenginn rjettur til að ákveða, hvenær byrja skyldi og hætta laxveiði í hverri sýslu innan hins lögfesta tímatakmarks. Sýslunefnd Árnesinga mun þá strax hafa gripið tækifærið og stytt um 26 daga, eða nærri mánuð, hinn raunverulega veiðitíma í Ölfusá, með því að leyfa ekki að veiða fyr en 15. júní, en í Borgarfirði byrjar veiðin 20. maí, og hefir svo verið, að því er mjer er frekast kunnugt, síðan laxveiðalögin gengu í gildi. En laxveiðum í Ölfusá er að heita má lokið með júlí-

mánuði. Breytingin var að því leyti hagstæð bændum ofan til í Árnessýslu, að þeir gátu stundað laxveiðar fram á haust í skjóli við leyfi sýslunefndar. Þegar borin eru saman veiðileyfi í Árnessýslu og Borgarfirði, er munurinn býsna mikill, og allur í hag bændum ofan til í Árnessýslu, en í óhag veiðieigendum við Ölfusá. Sýslunefnd Árnesinga hefir þannig, að því er virðist, tekið nokkuð óvenjulegt sjertillit í fyrirmælum sínum, þar sem vald hennar nær til. Því síður er ástæða til að hagga við undanþágunni, sem veitt var með lögum frá 6. júní 1923, þar sem það er sýnilegt, að því fer fjarri, að hún bæti laxveiðendum við Ölfusá upp til fulls það misrjetti, sem þeir eru beittir með því að banna þeim að byrja veiðina fyr en 15. júní ár hvert. Þá er það og fjarstæða að taka til greina tillögur sýslunefndar, þar sem hún leitast við að seilast inn á verksvið Alþingis. Lengd veiðitímans og friðun er háð vilja Alþingis og hefir verið frá byrjun laxveiðalaganna. Löggjöfin gerir einmitt ráð fyrir, að á því sviði geti tilfinning sjerhagsmunanna haft svo mikil áhrif, að fulltrúar þjóðarinnar, en ekki sýslufjelaganna, eigi þar að hafa úrskurðarvald. Ef sýslunefnd Árnesinga færði sig ennþá lengra upp á skaftið, að þrengja að veiðieigendum við Ölfusá með því að leyfa ekki að byrja veiðina fyr en síðar á sumri, hlyti að draga að því, að Alþingi yrði að vernda minni hlutann í sýslunni fyrir ágangi meiri hlutans með sjerstöku lagaboði. Má jafnvel líta svo á, að það spor, sem stigið var í fyrra með undanþágunni, hafi meðal annars miðað til þess að vega á móti þeim yfirgangi meiri hlutans í sýslunefndinni, sem áratugum saman hefir komið í ljós við ákvörðun veiðitímans, þótt það hafi að miklu leyti legið í þagnargildi, þegar undanþágan var veitt. Síðan undanþágan var gerð með lögum frá 6. júní 1923, hafa einstakir menn sjeð sjer leik á borði að þyrla upp ryki og blekkingamoldviðri um málið, til að reyna að hnekkja rjettmæti undanþágunnar, og hafa til þess verið notuð þrenns konar höfuðósannindi.

Í fyrsta lagi sá fjarstæði uppspuni, að í sumar sem leið hafi Ölfusá verið »stokklögð«, þ. e. þvergirt með netum. En því fer svo fjarri, að nokkur hafi reynt neitt slíkt, eða nokkuð, sem talist geti að nálgist það, að engum manni, sem til þekkir, hefir til hugar komið, að á slíku væri nokkur mögulegleiki með þeirri þekkingu, er menn hafa hjer á landi í þeim efnum, eða með nokkuð svipuðum veiðitækjum, sem notuð hafa verið við laxveiði í Ölfusá.

Önnur ósannindin eru, að alveg óvenjuleg uppgripaveiði hafi verið á nokkrum bæjum við Ölfusá í sumar, og það sett í samband við undanþáguna. Sannleikurinn er sá, að veiðin var að vísu í betra lagi, en ekki meira. Eru áraskifti að veiðinni, eins og kunnugt er. Þriðju höfuðósannindin eru þau, að algert veiðileysi hafi verið ofan við Ölfusárbrú. Í Laugardælum var veiðin í góðu meðallagi. Á Kiðjabergi sömuleiðis. Og af fylgiskjali, sem hermir frá haustveiði í Biskupstungum, sýnist síst hafa skort laxinn þar, og þá að sjálfsögðu veiðin nokkurn veginn hlutfallsleg á öðrum veiðijörðum uppsýslunnar, þar sem hún hefir verið nokkuð verulega stunduð.

Reynslan er sú, að laxinn gengur í hópum, eða torfum sem kallað er, upp ána, mest að sjálfsögðu eftir hinum breiða meginál, þar sem netum verður eigi við komið, af því að áin er svo ströng; þar sem best lætur, rjett í jaðar álsins. Þar sem áin er ógegnsæ og skolalituð, veiðist örlítið brot af hinum stóru hlaupum í lagnet.

En seinni part sumars er laxinn í stórhópum í hyljum í hinum tæru bergvötnum ofan til í sýslunni. Þar eru á einstöku bæjum stundaðar nokkurskonar botnvörpuveiðar á laxi. Sópaðir hyljirnir, smátt og stórt með ádrætti, enda er auðgengið að veiðinni, þar sem svo að segja má telja laxana, að minsta kosti í sumum hyljunum.

Laxveiðamálið er orðið hitamál í sumum hreppum Árnessýslu, og deilt um það, sem minst er vert, en gleymt stóru hagsmunamálunum. Friðunarlögin virðast hafa verið slælega haldin á undanförnum áratugum, bæði ofan til og neðan til við ána. En hið mikla vatnsmagn árinnar hefir hindrað allar þvergirðingar. Nú lítur út fyrir, að nokkur hluti sýslubúa vilji láta nábúana, þá fáu, sem umferð þjóðveganna festir augu almennings á, hlýða lögunum, en hirða lítt um, þó að eytt sje hrygningarlaxinum og ungviðinu á þeim tíma og stöðum, sem mestu skiftir, að friðun sje framfylgt.

Um þetta er deilt, og þess vegna hefir sýslunefnd farið út fyrir verksvið sitt. Og meðan þannig er haldið áfram óleyfilegri haustveiði, minkar laxgengdin í ána, öllum hlutaðeigendum til tjóns, bæði af því, sem er eytt af hrygningarlaxinum, og fullorðni laxinn fældur og drepinn af selabjörðum við árósana og við eyrarnar hjá Arnarbæli. Lausn málsins er ekki í því fólgin, að halda áfram að þrengja að kosti nokkurs hluta hjeraðsbúa, til að auka sjerhagsmuni annara. Í stað þess þarf að sameina veiðieigendur í sýslunni, eins og stefnt var að með breytingu þeirri, er við 1. þm. Rangæinga fluttum í fyrra á laxveiðalögunum, ef allir, sem laxveiðar stunda við sömu á, mynduðu með sjer fjelagsskap, til að auka laxamergðina með klaki og vernd, ef landssjóður styrkti þessa ræktun vatnanna í hlutfalli við framlög bændanna, eins og þar er gert ráð fyrir, og ef slíkt fjelag útrýmir selnum af veiðisvæðinu, sem er hjer um bil sama og að fæla refinn frá stekkjarlömbunum, þá mun þetta deilumál Árnesinga lagast af sjálfu sjer. Þá verður aðaláhugamálið að ala upp sem mest af laxi, vernda hann meðan hann er ungur og leyfa honum óhindraða göngu milli fjalls og fjöru. En meðan sumir meðal hinna tilvonandi fjelagsmanna eyða unglaxinum, hlífa selnum í árósinum og heimta þá löghlýðni af náunga sínum, sem þeir ekki vilja leggja á sig sjálfir, er varla von mikilla umbóta.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. þetta verði felt, svo að málinu verði aftur komið í rjett horf. Gefst þá sýslunefnd Árnessýslu tækifæri til að taka málið upp á hinum eðlilega grundvelli, að hefja útrýmingu selsins, að stuðla að því, að fjelagsskapur geti komist á innbyrðis á meðal þeirra, sem lönd eiga í sýslunni að veiðiám, um klak og friðun, sem framkvæmd verði til gagnkvæmra hagsmuna fyrir þá, sem hlut eiga að máli.

Alþingi, 15. apríl 1924.

Jónas Jónsson.

Fylgiskjal.

Jeg hafði heyrt talsvert um það talað og mikið af því látið hve óvenjulega mikil laxveiði hafi verið síðastl. sumar (og haust) á ýmsum bæjum í ofanverðri Árnessýslu.

Í morgun las jeg í Morgunblaðinu þessa klausu:

. . . . »en eins og allir vita austur þar, var laxinn tekinn óvanalega mikið í sumar á Selfossi, svo að eins dæmi eru hvað lítið hefir veiðst af honum upp um árnar«.

Rjett í því að jeg var að sleppa blaðinu, kom unglingsmaður ofan úr Hrunamannahrepp inn í Landsbankann og kom mjer þá til hugar að spyrja hann hverju það sætti með þessar missagnir um veiðina.

Jeg þekti manninn og ættfólk háns að öllu góðu og veit að hann hefir sagt mjer satt og rjett frá um þetta mál, eins og hann vissi rjettast.

Jeg spurði hann, hvort laxinn hefði gengið venju fremur lítið upp í árnar, þarna ofarlega í Árnessýslu.

Því svaraði hann á þessa leið: Það var lítið um lax í Laxánum, en í Hvítá, fyrir ofan Iðu, veiddist óvenjulega mikið, t. d. í Laugarási og Auðsholti; þar veiddust um tíma þetta 18—28 laxar á dag, og heyrðum við þarna austur í Ytri-Hrepp að fiskigengdin hafi verið þar afar mikil, en það komst lítið af henni upp í Laxárnar, sem þó renna í Hvítá þarna í námunda við þessa bæi. »Jeg hefi ekki heyrt af veiðinni á Iðu«, sagði hann, »en geri ráð fyrir að hún hafi lítið verið stunduð þar«.

Eins og kunnugt er, eru bæirnir Laugarás og Auðsholt lítið ofar en Iða og gegnt Skálholti. Milli Selfoss og þessara bæja er Hvítá (— og Ölvesá) tæplega styttri en 50 kilometrar.

Þess skal getið, að á ofangreint samtal milli mín og manns þessa, um þetta efni, hlýddi hr. Ámundi Árnason kaupmaður hjer í bænum.

Reykjavík, 27. mars 1924.

Jón Pálsson,
bankafjehirðir.

(A. I, 20).

Ed. **394. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá *Halldóri Steinssyni.*

1. Við 12. gr. 13. i. Nýr liður:

Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar 2000

Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 200 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

2. Við 12. gr. 13. l. (Geitnalækningar).
Fyrir »2000« kemur 2500
3. Við 12. gr. 13. m. Nýr liður:
Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til styrktar hjúkrunarnemum 1000

II. Frá *Eggert Pálssyni.*
1. Við 12. gr. 13. o. Nýr liður:
Viðbótarstyrkur handa Guðmundi lækni Guðfinnssyni, til augnlækninganáms erlendis 1500
Til vara 1000
2. Við 13. gr. B. IX. (Bifreiðaferðir).
Fyrir »1000« kemur 2000

III. Frá *Halldóri Steinssyni.*
1. Við 14. gr. B. X. a. (Verslunarskólinn).
Liðurinn fellur niður.
Til vara: Fyrir »5000« kemur 3000
2. Við 14. gr. B. X. b. (Samvinnuskólinn).
Liðurinn fellur niður.
Til vara: Fyrir »5000« kemur 3000

IV. Frá *Birni Kristjánssyni.*
1. Við 14. gr. B. XIV. 2. (Flensborgarskólinn).
Fyrir »12000« kemur 14000
2. Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:
Til lýðskólans í Bergsstaðastræti 1000

V. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 14. gr. B. XVIII. 3. Nýr liður:
Til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, fyrir að veita utanbæjarstúlkum ókeypis kenslu í leikfimi 600

VI. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 20. Liðinn skal orða svo:
Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót 6000

VII. Frá *Halldóri Steinssyni.*
1. Við 15. gr. 35 (Frjettastofan).
Liðurinn fellur niður.
Til vara: Fyrir »4000« kemur 2000
2. Við 16. gr. 3. (Búnaðarfjelög).
Athugasemdin fellur niður.

VIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. 12. (Fiskifjelagið).
Fyrir »55000« kemur 65000

IX. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 16. gr. 13. b. Liðinn skal orða svo:
Launauppbót fiskiyfirmatsmanna 3400
Þar af fær fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. og fiskiyfirmatsmennirnir á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og í Vestmannaeyjum 600 kr. hver.

X. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason, Eggert Pálssyni* og *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 16. gr. 18. Nýr liður:
Til Bandalags kvenna... 800
Til vara 500

XI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
1. Við 18. gr. II. f. 16 (Stefán Stefánsson).
Fyrir »300« kemur 800
2. Við 18. gr. II. g. 5. (Þorsteinn Gíslason).
Liðurinn fellur niður.

XII. Frá *Jónasi Jónssyni* og *Sigurði Eggerz.*
Við 18. gr. II. i. 12. Nýr liður:
Til Þórdísar Símonardóttur, júbílljósmóður 500

XIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 19. gr. Ný málsgrein á eftir greininni:
Ólafi J. Hvanndal myndamótara skal veittur 3 ára greiðslufrestur á rentum og afborgunum af eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, sem nú eru 4334 kr.

XIV. Frá *Einari Árnasyni.*
Við 22. gr. I. b. Nýr liður:
Alt að 350000 kr. til Siglufjarðarkaupstaðar, til byggingar raforkustöðvar og rafmagnsveitu.
Ábyrgðarheimildin er bundin því skilyrði, að stjórnin telji, að fyrirtækið muni borga sig og að bæjarfjelagið sje fært um að standa straum af því.

(B. LXIII, 6).

Ed. **395. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Á eftir öðrum málslið 3. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Þó skal hreppsfjelagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með $^2/_3$ atkvæða á lögmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.

(B. XXXVII, 4).

Nd. **396. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Frá Árna Jónssyni og Tryggva Þórhallssyni.

A eftir 8. gr. komi ný grein, er verður 9. grein, svo hljóðandi:

Meðan Landsbanki Íslands leggur búnaðarlánadeild fje samkvæmt lögum þessum, er hann leystur undan því að greiða ríkissjóði hlutdeild af hreinum tekjuágóða bankans af innskotsfje ríkissjóð samkv. 1. gr. laga nr. 50 1913.

(A. V, 8).

Nd. **397. Breytingartillaga**

við frumvarp til vegalaga.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 2. gr. C. 3. Nýr töluliður:

Hofsósvegur frá Hofsósi, um Óslandshlíð og Viðvíkursveit að vegamótunum á Gljúfuráreyrum.

(B. VII, 8).

Nd. **398. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 10. gr.
Aftan við orðið »hæstarjetti« í fyrri málslið komi: og miðdómstig er komið á.

(A. V, 9).

Nd. **399. Breytingartillaga**

við frv. til vegalaga.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. gr. B. 1.
Fyrir »að Arngerðareyri« komi: um Arngerðareyri að Melgraseyri.

(B. XXXII, 8).

Ed. **400. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laganna verði þannig:
Öll skuldabrjefin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. gr.

3. gr. laganna verði þannig:
Skuldabrjefin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára, og með vaxtamiðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að brjefin megi vera lengst í umferð.

Af skuldabrjefum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabrjefaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabrjefin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

3. gr.

7. gr. laganna er úr gildi numin.

4. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á framanskráðum lögum, skal innfæra í texta laga nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

(B. XXXVII, 5).

Nd. **401. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 8. gr.

Í stað orðanna »mega ekki vera hærri en 5%« komi: mega vera alt að 1% hærri en venjulegir sparisjóðsvextir bankans.

(B. XXXVII, 6).

Nd. **402. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 401.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við tillöguna bætist:
þó ekki hærri en 6%.

(B. XXXVII, 7).

Ed. **403. Frumvarp**

til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjerstök lánadeild skal stofnuð við Landsbanka Íslands, sem annast lánveitingar samkvæmt lögum þessum. Deildin nefnist Búnaðarlánadeild.

2. gr.

Til ársloka 1926 leggur Landsbanki Íslands deildinni til alt að 500 þús. kr. á ári til útlána. Sjerstakan reikning skal bankinn halda um deildina.

3. gr.

Tilgangur deildarinnar er:

1. að veita lán til jarðabóta með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán til jarðabóta, til stofnunar nýbýla og til stofnunar mjólkurbúa til smjör- og ostagerðar, trygt með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda (sbr. 17. gr. laga nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands), er hafa með höndum samvinnumannvirki til jarðabóta, svo sem áveitu á engi, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgjöldum af eignunum, með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.
4. að veita lán til varanlegra húsabóta í sveitum.

4. gr.

Tryggingar fyrir lánum ákveður stjórn Landsbanka Íslands með reglugerð, í samræmi við 12.—20. gr. í lögum nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, að fengnum tillögum frá Búnaðarfjelagi Íslands.

5. gr.

Umsókn um lán úr deildinni skal jafnan fylgja áætlun um kostnað við þá landbúnaðarframkvæmd, sem lánið er tekið til, gerð af manni, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gildan; enn fremur áætlun um væntanlegan arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar. Þegar um lán til húsabóta er að ræða, skal umsókninni fylgja áætlun um kostnað frá byggingarfróðum manni, og skulu byggingarnar framkvæmdar eftir fyrirsögn og undir eftirliti slíks manns.

6. gr.

Stjórn Landsbankans skal leita umsagnar Búnaðarfjelags Íslands um lánveitingar úr deildinni.

7. gr.

Lán veitist því að eins úr deildinni, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu framkvæmda sem svarar a. m. k. 1/3 kostnaðar við þær. Alt að helmingi lánsins má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið og skoðun hefir farið fram á því, á kostnað lántakanda, framkvæmd af mönnum, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gilda. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

8. gr.

Vextir af lánum úr deildinni mega vera alt að 1% hærri en venjulegir sparisjóðsvextir bankans, þó ekki hærri en 6%, og lánstíminn eigi skemri en 25 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin.

9. gr.

Þá er lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands komast til framkvæmdar, skal deild þessi leggjast niður og hverfa inn í hann með þeim hætti, sem stjórnarráðið ákveður í samráði við stjórn Landsbanka Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924. Tekur Búnaðarlánadeildin þá þegar til starfa. Framlag Landsbankans til deildarinnar árið 1924 skal vera alt að 250 þús. kr.

(B. LXVII, 4).

Nd. **404. Frumvarp**

til laga um skattgreiðslu h/f. Eimskipafjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1924 til 1928, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Árin 1925 til 1928, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettóágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. I, 21).

Ed. **405. Breytingartillaga**

við brtt. XIII. á þskj. 394. [Fjárlög].

Frá fjárveitinganefnd.

Úr brtt. falli orðin »rentum og«.

(A. I, 22).

Ed. **406. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1925.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1925 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
		1015000
3. Aukatekjur	280000	
4. Erfðafjárskattur	30000	
5. Vitagjald	195000	
6. Leyfisbrjefagjöld	10000	
		515000
7. Útflutningsgjald		700000
8. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og límonade)	430000	
9. Tóbakstollur	400000	
Flyt ...	830000	2230000

		kr.	kr.
	Flutt ...	830000	2230000
10.	Kaffi- og sykurtollur	890000	
11.	Vörutollur	1120000	
12.	Annað aðflutningsgjald	115000	
			2955000
13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		15000
14.	Stimpilgjald		300000
15.	Lestagjald af skipum		30000
16.	Pósttekjur	350000	
17.	Símatekjur	1000000	
			1350000
18.	Vínsinkasala...		300000
19.	Tóbakseinkasala		200000
20.	Steinolíueinkasala.		60000
21.	Skólagjöld		3000
22.	Bifreiðaskattur		22000
	Samtals ...	... ...	7465000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		35000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		20000
	Samtals ...	... ...	55100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		45000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		5000
6. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
7. Vextir frá Landsverslun		25000
8. Vextir af Viðlagasjóði.		75000
Samtals ...	... ...	230000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Ovissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000
Samtals ...	... ...	227000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1925 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	500000	
2. Erlend lán: £ 8901 - 8 - 3 á 30 kr. og danskar kr. 343895,11	610937,24	
3. Gengismunur.	51584,16	
		1162521,40
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Erlend lán: £ 1707 - 5 - 2 á 30 kr. og danskar kr. 541272,16	592489,91	
3. Gengismunur..	81190,82	
		931080,73
III. Framlag til Landsbankans, 12. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2193602,13

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	170000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4500	
		174500
Samtals ...	... ...	174500

10. gr.

Til ráðuneytisins, hagstofunnar, utanríkismála og ríkisráðskostnaðar er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	30000	
	b. Til risnu	4000	
			34000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		74850
4.	Annar kostnaður		18000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum.		20000
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000
			155850
	B.		
	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra		8250
2.	Laun aðstoðarmanns		5250
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		8000
4.	Prentun eyðublaða		2000
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		2000
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		10000
7.	Til að gefa út manntalið 1703		1000
			36500
	C.		
	Utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
1.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn		17000
2.	Fyrir meðferð utanríkismála		12000
3.	Ríkisráðskostnaður		4000
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd		6500
			39500
	Samtals ...	... ...	231850

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara	51500	
	b. Laun ritara	6000	
	c. Annar kostnaður, alt að	2000	
			59500
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...		143700
3.	Laun hreppstjóra		27000
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun	25200	
	b. Húsaleiga	3000	
	c. Hiti, ljós og ræsting	2000	
	d. Ýms gjöld, alt að	1800	
			32000
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	21900	
	b. Laun 3 tollvarða...	13400	
	c. Húsaleiga	4500	
	d. Hiti og ljós	1300	
	e. Ýms gjöld, alt að...	9000	
			50100
	Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		42000
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		11000
8.	Til byggingar fangahúsa á Ísafirði og í Vestmannaeyjum		16000
9.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...		12000
10.	Borgun til sjódómsmanna		1000
11.	Borgun til setu- og varadómara		2000
			396300
	Flyt ...	... ...	396300

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	396300
	B.		
	Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ...	900	
	b. Til pappírs og prentunar	8000	
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum	1200	
			10100
2.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	20000	
	b. Fyrir embættisskeyti	40000	
			60000
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar		20000
4.	Til embættiseftirlitsferða		5000
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		500
6.	Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði, að þar til fenginni heimild með sjerstökum lögum		80000
	Af þessari upphæð má verja alt að 20 þús. kr. til að útbúa björgunarskipið »Þór« sem eftirlitsskip.		
7.	Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		30000
			205600
	Samtals ...	... ...	601900

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		268200
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		1500
3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		5000
	Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924.		
	Flyt ...	... ...	274700

		kr.	kr.
	Flutt ...		274700
4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		1500
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
	b. Styrkur til sama, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	500	
			1500
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
8.	Til geislalækningastofu ríkisins		10000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Holdsveikraspítalinn		79705
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7250	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 12000		
	2. Viðurværi 58 manna (ca. 150 a. á dag) 31755		
	3. Klæðnaður 2800		
	4. Meðul og sáraumbúðir 1800		
	5. Eldsneyti 11000		
	6. Ljósmeti 2000		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	Flyt ... 68755	7250	371905

		kr.	kr.
	Flutt ..	68755	7250	371905
12.	Skattar o. fl.	2500		
13.	Ýmisleg gjöld	1200		
			72455	
			79705	
11.	Geðveikrahælið á Kleppi			64645
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7250	
	B. Önnur gjöld:			
	1. Kaup starfsmanna	12000		
	2. Viðurværi 90 manna (ca. 150 a. á dag)	49275		
	3. Klæðnaður 64 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	5760		
	4. Meðul og umbúðir	550		
	5. Ljós og hiti	12000		
	6. Viðhald og áhöld	10000		
	7. Þvottur og ræsting	1800		
	8. Skemtanir	750		
	9. Skattar m. m.	900		
	10. Óviss gjöld	1400		
			94435	
			101685	
	Þar frá dragast þessar tekjur:			
	Meðgjöf með 64 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	35040		
	Tekjur af búinu	2000		
			37040	
	Mismunur ...		64645	
12.	Til berklalækninga:			
	1. Styrkur samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki		200000	
	2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		9610	
				209610
	Kostnaðurinn í 2. lið sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7250	
	Flyt ...		7250	646160

		kr.	kr.
	Flutt ...	7250	646160
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	34000		
2. Viðurværi	135000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	8000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		236500	
		243750	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
	Mismunur ...	9610	
13. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (2. veiting)		25000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústað í Borgarfjarðarhjeraði		15000	
d. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Grímsneshjeraði		3000	
e. Bólusetningarkostnaður		1500	
f. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
	Flyt ...	74500	646160

		kr.	kr.
	Flutt ...	74500	646160
g.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...	4000	
h.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breytingu á fátækralögunum, 77. og 78. gr.	60000	
i.	Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
j.	Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
	Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
k.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
l.	Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ annarsstaðar að	2500	
m.	Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
n.	Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til styrktar hjúkrunarnemum	1000	
o.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafirði	200	
p.	Til slysatryggingasjóðs fjelagsins »Dagsbrúnar« ...	500	
q.	Viðbótarstyrkur handa Guðmundi lækni Guðfinnssyni, til augnlækninganáms erlendis...	1500	
			158000
14.	Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		22000
	Samtals ...	... ...	826160

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum 83874		
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur ... 66000		
	c. Brjefhirðingamenn 20000		
		169874	
2.	Póstflutningur	150000	
	Flyt ...	319874	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	319874	... ...
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	7500		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	17000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10000		
d. Önnur gjöld	44000		
		78500	
			398374
B.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra	8250		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5750		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	2000		
5. Skrifstofukostnaður, alt að..	4500		
		23500	
II. Flutningabrautir:			
Viðhald og umbætur		100000	
III. Þjóðvegir:			
Viðhald og umbætur		50000	
IV. Til viðhalds slitlagi á akvegum		22000	
V. Fjallvegir		6000	
VI. 1. Til áhalda, alt að	10000		
2. Til bókasafns verkamanna	300		
		10300	
VII. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		10000	
VIII. Til dragferjuhalds:			
1. Á Hjeraðsvötnum	300		
Flyt ...	300	221800	398374

		kr.	kr.
Flutt ...	300	221800	398374
2. Á Lagarfljóti	300		
3. - Skjálfandafljóti	300		
4. - Blöndu	300		
		1200	
IX. Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir		2000	
Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.			
			225000
C.			
Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða:			
a. Esju	180000		
b. Eimskipafjelags Íslands	45000		
		225000	
2. Til báta ferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		70000	
			295000
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000	
III. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	300000		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	8000		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	22000		
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	10000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	90000		
6. Áhaldahúsið	2500		
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	7300		
Flyt ...	439800	60000	918374

		kr.	kr.
Flutt ...	439800	60000	918374
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	5800		
10. Símastöðin á Borðeyri	7000		
11. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	4000		
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	6000		
13. Símastöðin á Siglufirði	5000		
14. Til aukaritsímaþjónustu	2000		
15. Til loftskeytastöðvar í Flatey	2000		
16. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17. Til loftskeytastöðvar á Síðu	2500		
18. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	80000		
19. Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að	10500		
20. Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar, 150 kr. með hverju barni hans	1200		
		578800	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		25000	
V. Viðbót og viðhald stöðvanna		35000	
VI. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		5000	
VII. Viðhald landssímanna		110000	
VIII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500	
			815300
E. Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	8250		
2. Til verkfróðrar aðstoðar	5700		
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3000		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
		18950	
II. Laun vitavarða..		20700	
Flyt ...		39650	1733674

	kr.	kr.
Flutt ...	39650	1733674
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna	60000	
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa	5000	
V. Ýmislegt	8000	
		112650
Samtals ...	... ...	1846324

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	8750	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	1500	
		10250
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.	406,28	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs...	210000	
4. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
		218806,28
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	104000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
Flyt ...	106000	229056,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	106000	229056,28
d.	Námsstyrkur og húsaleigustyrkur ... ... og er ætlast til, að veitt verði úr Sáttmálasjóði í þessu skyni 12500 kr., samkvæmt 2. gr. 3 í stofnskrá sjóðsins. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.	10000	
e.	Til kensluáhalda læknadeildar	500	
f.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 800 kr. til hvors	1600	
g.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4500	
h.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Yms gjöld 3000		
	———	6900	
		———	129500
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stú-	12000	
	Flyt ...	12000	358556,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	12000	358556,28
	dentunum fyrstu 4 námsárin, og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 2—3 ár.		
	b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að	2500	14500
III.	Mentaskólinn almenni:		
	a. Laun	84200	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
	3. — skólahússins utan og innan ... 2000		
	4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að 15000		
	5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ... 1800		
	6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót 3000		
	7. Læknisþóknun 200		
	8. Til vísindalegra áhalda við kensluna 600		
	9. Ýmisleg gjöld 2500		
	10. Til verðlaunabóka 100		
	11. Til að gefa út kenslubók í veraldarsögu handa mentaskólanum ... 2000	33600	
			117800
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	a. Laun	20350	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til þriggja aukakennara 9200		
	2. Tímakensla 3500		
	3. Til bóka og kensluáhalda 1000		
	4. Til eldiviðar og ljósa 5000		
	5. Námsstyrkur 700		
	Flyt ... 19400	20350	490856,28

		kr.	kr.
Flutt ...	19400	20350	490856,28
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	2000		
		23300	
			43650
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		15600	
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	2000		
6. Ýmisleg gjöld	2500		
		13000	
			28600
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
		9300	
			22500
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		12600	
Flyt ...		12600	585606,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	12600	585606,28
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	1800		
2. Ljós og hiti	1000		
3. Ýms kostnaður	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		6600	
			19200
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda.. ... 500			
3 Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 5300			
	10300		
		21500	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	10200		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ymisleg gjöld 4500			
	9000		
		20500	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum,			
	Flyt ...	42000	604806,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	42000	604806,28
	sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
	Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3.	Til skólahalds á Eiðum:		
	a. Laun	10800	
	b. Til aðstoðarkenslu	600	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms ... 600		
	2. Til kensluáhalda.. ... 500		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 3500		
	4. Ýmisleg gjöld 2000		
		6600	
		18000	
			60000
IX.	Iðnfræðsla:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskó'a í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	5000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			6000
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	5000	
	Flyt ...	5000	670806,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	5000	670806,28
b.	Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ..	5000	
			10000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	1000	
2.	Til verklegrar kenslu:		
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
b.	Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7280	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11080
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a.	Húsaleigustyrkur 2000		
b.	Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 19000		
c.	40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
d.	Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		26000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
a.	Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
b.	65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
		17000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		43000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
a.	Laun fræðslumálastjóra 7250		
b.	Skrifstofukostnaður hans 1000		
c.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		9250	
	Flyt ...	9250	734886,28

	kr.	kr.
Flutt ...	9250	734886,28
2. Laun kennara og dýrtíðaruppbót	250000	
3. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	9000	
4. Til prófdómara við barnapróf	2500	
		270750
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:		
1. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	30000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
2. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
3. Til fulltrúaráðs verklýðsfjelaganna í Reykjavík, til kvöldskóla verkamanna	350	
		44350
XV. Húsmæðrafræðsla:		
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að. Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		1000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla og leikfimi:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Flyt ...	300	1063986,28

	kr.	kr.
Flutt ...	300	1063986,28
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, fyrir að veita utanbæjarstúlkum ókeypis kenslu í leikfimi ...	600	
		4900
XIX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík		2000
Samtals ...	... ...	1070886,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	19900	
b. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3000	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	8000	
d. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
e. Húsaleiga	500	
f. Ymisleg gjöld	700	
		32460
Flyt ...	... ...	32460

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	32460
2.	Þjóðskjalasafnið:		
	a. Laun	13000	
	b. Til að binda inn og búa um skjöl	1000	
			14000
3.	Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
	a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7750	
	b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1600	
	c. Til að útvega forngripi, alt að	500	
	d. Til áhalda og aðgerða	600	
	Þjóðmenjasafnið sje opið 4 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
	e. Til eftirlits á Þingvöllum	1000	
			11450
4.	Náttúrufræðifjelagið		1200
	Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.		
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5.	Landsbókasafnshúsið:		
	a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
	b. Til viðhalds og áhalda	1500	
			9500
6.	Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1500
8.	Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
9.	Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
10.	Til Þjóðvinafjelagsins		2000
11.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1000
12.	Til að vinna að útgáfu registurs við XI. bindi af íslensku fornbrjefasafni		1000
13.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
14.	a. Styrkur til skálda og listamanna	8000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	Flyt ...	9200	83310

		kr.	kr.
	Flutt ...	9200	83310
	c. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
			14200
15.	a. Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins	5000	
	b. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli	1200	
			6200
16.	Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7500
17.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign landsins að honum látnum		2000
18.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7250	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1000	
			8250
19.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
20.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót		6000
21.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
22.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
23.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
24.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		500
25.	Til Sigfúsar Sigfússonar á Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar		500
26.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
27.	Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
28.	Til veðurathugana og veðurskeyta		26000
29.	Til íþróttasambands Íslands		1000
30.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
31.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafnsins.		5000
	Flyt ...	... ...	169760

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	169760
32. Til Goodtemplarafjelagsins, til bindindisstarfsemi ...		6000
33. Til að kaupa grasasafn Stefáns Stefánssonar skólameistara, síðari helmingur kaupverðs		4000
34. Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, þriðja afborgun		2500
35. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		2000
Samtals ...	... ...	184260

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		140000
2. Til sandgræðslu		15000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		10000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		35000
5. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		4000
6. Til skógræktar:		
a. Laun	12300	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	10000	
		22300
7. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	18750	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
Flyt ...	19450	226300

	kr.	kr.
Flutt ...	19450	226300
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis	1200	
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		20650
8. Til fjárkláðalækninga		10000
9. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
10. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5250	
b. Húsaleiga	1000	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
		7650
11. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
12. Til Fiskifjelagsins		55000
Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
13. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	18000	
b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	3400	
Þar af fær fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. og fiskiyfirmatsmennirnir á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og í Vestmannaeyjum 600 kr. hver.		
c. 4 síldarmatsmanna	9600	
d. 4 ullarmatsmanna	2400	
e. 5 kjötmatsmanna	4500	
f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
		45900
14. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		3000
15. Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		15000
16. Til gerlarannsókna		2000
17. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6000
18. Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1200
19. Til sambands norðlenskra kvenna		500
20. Til Bandalags kvenna		500
21. Til vörumerkjaskrásetjara		1200
Flyt ...	... ...	401500

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	401500
22.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		1500
23.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		600
24.	Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
25.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		600
26.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
27.	Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5250
28.	Til bjargráðasjóðs		23000
29.	Til landhelgissjóðs		20000
30.	Til slysatryggingar sjómanna		20000
31.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
32.	Laun húsagerðarmeistara...		7550
33.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita: Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót, enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í landssjóð		5250
34.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		30000
35.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli, að frádregnu eftirgjaldi af Staðarfelli, 1800 kr.		1200
36.	Til hjónanna í Hítardal		1000
37.	Til Bjarna Magnússonar, fangavarðar í Stykkishólmi		800
38.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1000
39.	Til vatnsrenslismælinga		2000
	Samtals ...	.. ...	523650

17. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	31962,28	
	b. Embættismannaekkjur og börn	14069,89	
	c. Uppgjafaprestar	1113,01	
	d. Prestsekkjur	5555,30	
			52700,48
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250,00		
	2. — Þorvaldar Pálssonar læknis ... 300,00		
	3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis 640,00		
	4. — Til Sigurðar Magnússonar læknis 169,87		
	5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500,00		
		2859,87	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 500		
		2275	
	c. Uppgjafaprestar:		
	1. Til Stefáns M. Jónssonar 325		
	2. — Guðlaugs Guðmundssonar 500		
	3. — Bjarna prófasts Einarssonar 780		
		1605	
	d. Prestsekkjur:		
	1. Til Ástu Þórarinsdóttur 130,00		
	2. — Auðar Gísladóttur 300,00		
	3. — Bjargar Einarsdóttur 500,00		
	4. — Guðrúnar Björnsdóttur 300,00		
	5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ... 300,00		
	Flyt ... 1530,00	6739,87	52700,48

			kr.	kr.
	Flutt ...	1530,00	6739,87	52700,48
6.	Til Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Leifsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Ingibjargar Sigurðardóttur... ...	400,00		
12.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300.00		
13.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300.00		
14.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15.	— Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð	400,00		
16.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
20.	— Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	476,50		
21.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
24.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
			7219,41	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2.	— 3 barna hennar	300		
3.	— Bjargar Jónsdóttur...	300		
4.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5.	— Hjartar Snorrasonar	500		
6.	— Jónasar Eiríkssonar	500		
7.	— Magnúsar Einarssonar	500		
8.	— Elínar Briem Jónsson	300		
9.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300		
10.	— 1 barns hennar	100		
11.	— Steinunnar Frímannsdóttur	450		
	Flyt ...	3910	13959,28	52700,48

		kr.	kr.
	Flutt ... 3910	13959,28	52700,48
12.	Til Þórunnar Stefánsdóttur 400		
13.	— Árna Theódórs Pjeturssonar, lokastyrkur 500		
		4810	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Árna Gíslasonar 300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar 300		
3.	— Böðvars Jónssonar 200		
4.	— Hallgríms Krákssonar 200		
5.	— Jóhanns Jónssonar 200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
7.	— Daníels Jónssonar 200		
8.	— Jens Þórðarsonar 100		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri 200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar 200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 300		
17.	— Friðriks Klemenssonar 1000		
		5700	
g.	Rithöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 300		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
		10000	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson ... 300		
2.	— Jakobínu Pjetursdóttur 200		
3.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr. ... 600		
4.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ... 700		
	Flyt ... 1800	34469,28	52700,48

		kr.	kr.
Flutt ...	1800	34469,28	52700,48
5. Til Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7. — 3 barna hennar	300		
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
		3000	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar fyrv. reglubóða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
4. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
5. — Páls Erlingssonar	800		
6. — Erlends Zakaríassonar	300		
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
8. — Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
9. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar...	400		
10. — Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar...	400		
11. — Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400		
12. — Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
		4900	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...		1200	
k. — ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds		1000	
			44569,28
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			47534,88
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000
Samtals ...		... ...	184804,64

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefiirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefiirlit með fiskiveiðum í landhelgi o. fl.

Sömuleiðis skal af þessari upphæð greiða gengismun á útborgunum erlendis samkvæmt þessum lögum, öðrum en lángreiðslum.

Ólafi J. Hvanndal myndamótara skal veittur 3 ára greiðslufrestur á afborgunum af eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, sem nú eru 4334 kr.

20. gr.

Til gjalda árið 1925 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	... ...	kr.	2193602.13
—	8. —	... ...	—	60000.00
—	9. —	... ...	—	174500.00
—	10. —	... ...	—	231850.00
—	11. —	... ...	—	601900.00
—	12. —	... ...	—	826160.00
—	13. —	... ...	—	1846324.00
—	14. —	... ...	—	1070886.28
—	15. —	... ...	—	184260.00
—	16. —	... ...	—	523650.00
—	17. —	... ...	—	4000.00
—	18 —	... ...	—	184804.64
—	19. —	... ...	—	100000.00
				kr. 8001937.05

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	... ...	kr.	7465000.00
—	3. —	... ...	—	55100.00
—	4. —	... ...	—	230000.00
—	5. —	... ...	—	227000.00
				— 7977100.00
			Tekjuhalli	kr. 24837,05

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í

16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

2. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að ábyrgjast eftirfarandi lán:
   a. Alt að 40000 kr. fyrir Mjólkurfjelagið Mjöll í Borgarfirði, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þegar fyrirtækið er svo undirbúið, að stjórninni þyki tryggilegt.
   b. Alt að 40000 kr. til Húsavíkurhrepps, til að koma á vatnsleiðslu í kauptúninu, gegn endurábyrgð sýslufjelagsins.

II. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1925, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

Bankastjórninni er enntremur heimilt að greiða til veðdeildarinnar af öðru fje bankans tveggja ára vexti og afborganir af veðdeildarláni til Skeiðaáveitufjelagsins.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1924 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(B. LXXXI, 2).

Ed. **407. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og telur ekkert því til fyrirstöðu, að Siglufjarðarkaupstað sje veittur kauprjettur á ofangreindri jörð, sem hann sýnilega hefir fulla þörf á að eignast og hvorki hlutaðeigandi prestur, hjeraðsfundur eða biskup hafa, eftir því sem næst verður komist, neitt á móti, að kaupstaðurinn fái keypta fyrir hæfilegt verð.

Að leitað er sjerstaks samþykkis þingsins til þessarar jarðarsölu, stafar sennilega af því, að vegna kringumstæðnanna virðist það örðugleikum bundið að framkvæma söluna samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að háttv. deild samþykki frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1924.

Eggert Pálsson, form. og frsm.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson.

(B. LXX, 2).

Ed. **408. Nefndarálit**

við frv. til laga um lögreglusamþyktir í löggiltum verslunarstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. þetta verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, form.	Jónas Jónsson, frsm.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.

(B. LXXXIV, 1).

Nd. **409. Frumvarp**

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson, Sigurjón Jónsson, Jörundur Brynjólfsson, Árni Jónsson, Aug. Flygenring, Björn Líndal, Jón Sigurðsson, Pjetur Þórðarson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita bræðrunum Sturlu Jónssyni og Friðrik Jónssyni, báðum til heimilis í Reykjavík, og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmannahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks happdrættis (lotteri) með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Happdrætti hvers árs skiftist í tvo flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 15000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera fleiri en 5 drættir.

b) Iðgjald til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 200 íslenskar krónur, og eru 10 % af því skattur til ríkisins. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta. Þó má ekki skifta í smærri hluta en áttundir.

c) Í hvorum flokki happdrættisins eiga vinningarnir að nema að minsta kosti 70 % af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutana í flokknum, að frádregnum skatti til ríkisins.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykt af ráðuneytinu, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi affallalaust í íslenskum krónum.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til ríkisins.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar, sem gengir eru í æðri dómstóla. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita um alt að því 15 ár, frá 1. janúar 1925 að telja.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðuneytisins, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgert rjetti sínum, ef happdrættið er ekki tekið til starfa 1. janúar

1925 og ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til ríkissjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykt er fyrir happdrættið, er brotin af þeirra hálfu. Skal ráðuneytinu þá heimilt að selja einkaleyfið öðrum í hendur.

f) Einkaleyfishafar skulu greiða til ríkisins 10 % af iðgjöldum seldra hluta, sem um getur í b-lið þessarar greinar, þó aldrei lægri fjárhæð en 50000 kr. á misseri.

g) Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en happdrættið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hvorum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í Landsbanka Íslands.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu fyrir því, sem á vantar, er ráðuneytið tekur gilda.

Ráðuneytið hefir eftirlit með og ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til. Þá skulu leyfishafar og, áður en happdrættið tekur til starfa, setja ríkissjóði tryggingu, sem ráðuneytið tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði ríkissjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki misserisgjalds.

h) Ráðuneytið setur nánari ákvæði um fyrirkomulag happdrættisins.

2. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi alt að 2500 heila hluti í happdrættinu á þann hátt, sem það kveður nánar á um.

3. gr.

Meðan einkaleyfi það til happdrættis, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningahappdrætti fyrir Ísland nje leggja þar á það stimpilgjald.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til ríkissjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir happdrætti utanríkis eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Ágóðahluti ríkisins samkvæmt lögum þessum rennur að hálfu í landhelgissjóð Íslands og að hálfu til styrktar landbúnaði, enda setur Alþingi með lögum nánari reglur um þann hluta, er til landbúnaðar gengur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1912 var borið fram frv. til laga um lotterí fyrir Ísland, og er frumvarp þetta í aðaldráttum sniðið eftir því. Voru þar áætlaðir 50000 hlutir, en hjer 15000. Ágóðahluti ríkisins var þar áætlaður 4% af iðgjöldum, en hjer 10%, en lágmarkshagnaður ríkissjóðs nokkuð líkur. Frumvarpið 1912 var samþykt af Alþingi með miklum atkvæðamun, en lögin voru aldrei staðfest, og var það að kenna danskri löggjöf um sama efni. Kaup á hlutum erlendra happdrætta hafa mjög farið í vöxt hjer á landi og flyst nú út stórfje á ári hverju til slíkra kaupa. Verður ekki stemt stigu fyrir því með öðru móti en stofnun innlends happdrættis, enda gæti það gefið ríkinu góðar tekjur, þar sem meginið af hlutunum yrði selt erlendis. Aðalatvinnuvegum landsmanna mundi verða góður styrkur að þeim tekjum, og er sá höfuðtilgangur þess frumvarps, er hjer er flutt. Vísum vjer að öðru leyti til umræðnanna 1912, og verður frumvarpið nánar skýrt í framsögu.

(B. LV. 4).

Ed. **410. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin játar, að sanngirni mæli með, að þar sem bæjarstjórnir eru nú kosnar með hlutfallskosningum í kaupstöðunum, þá sje fylgt sömu reglu um nefndarkosningar í bæjarstjórnunum sjálfum. Nú hefir minni hluti bæjarstjórnar í Hafnarfirði ekki að fullu notið sín við nefndaskipanir. Vegna óánægju þess minni hluta mun frv. þetta fram borið. Meiri hluti nefndarinnar (Jóh. Jóh. og J. J.) leggja til, að frv. gangi fram óbreytt. En einn nefndarmanna (E. P.) hefði helst kosið, að ákvæði frv. yrðu látin ná til allra kaupstaðanna.

Alþingi, 15. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.

Jónas Jónsson, frsm.

Eggert Pálsson, fundaskrifari.

(B. LXXVI, 2).

Ed. **411. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin í heild sinni er ekki sammála nema um sum atriði þessa frumvarps, eins og sýnt verður hjer á eftir.

Tveir nefndarmenn (Jóh. Jóh. og J. J.) telja 1. gr. frv., eins og lagt er til, að hún verði, líklega til sparnaðar, með því að flýta störfum þingsins, sem síst er vanþörf á, en E. P. er henni mótfallinn. Um 2. gr. frv., eins og lagt er að hún verði, eru E. P. og J. J. sammála; telja hana líklega til sparnaðar, með því að fyrirbyggja stundum óþarfar ræður, en Jóh. Jóh. er henni mótfallinn. Um 3. gr. frv., eins og lagt er til, að hún verði, er nefndin öll á einu máli. Væntir hún, að slík breyting myndi bæta vinnubrögð þingsins.

Nefndin leggur því til, að frv. orðist eins og greinir í eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

   Upphaf annars málsliðs 16. gr. orðist þannig:

   Fjárveitinganefnd neðri deildar skal skipuð í lok hvers þings fyrir það þing, er halda skal næst á eftir, og gegna hinir kosnu menn nefndarstörfum á því þingi, nema nýjar kosningar hafi farið fram síðan þeir voru kosnir. Skal nefndin síðan koma saman í Reykjavík 14 dögum fyrir samkomutíma Alþingis og taka þá til nefndarstarfa.

   Að öðru leyti skal skipa fastanefndir á öðrum þingfundi hvorrar deildar, og fjárveitinganefnd neðri deildar á fyrsta þingi eftir nýafstaðnar kosningar fyrir það þing.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

   34. gr. orðist þannig:

   Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal stíga í sjerstakan, þar til gerðan ræðustól.

   Skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann með nafni, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu.
3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

   Í stað annarar málsgreinar í 35. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

   Ráðherrar mega tala svo oft og lengi sem þeim þykir þurfa.

   Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar og flutningsmaður

máls mega tala lengst eina klukkustund í senn við frumræðu hvers máls og framsögumenn fjárveitinganefnda tvær klukkustundir.

Aðrar ræður mega ekki standa lengur yfir en hálfa klukkustund og stuttar athugasemdir ekki lengur enn fimm mínútur.

Alþingi, 19. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Jónas Jónsson, framsögumaður.	Eggert Pálsson, fundaskrifari.

(A. II, 4).

Ed. **412. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta, og leggur hún til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1924.

Sig. Eggerz, formaður.	Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.

Ingvar Pálmason. Jónas Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

(B. LXXXIV, 2).

Nd. **413. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Magnúsi Jónssyni og Jóni A. Jónssyni.

Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Af ágóðahluta ríkisins samkvæmt lögum þessum renna 20 % — þó aldrei minna en 50000 kr. og aldrei meira en 100000 kr. á ári — til byggingarkostnaðar og starfrækslu Landsspítala Íslands.

(B. LXVII, 5).

Nd. **414. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skattgreiðslu h/f. Eimskipafjelags Íslands.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aðaltillaga:

2. gr. frv. orðist svo:

Árin 1925 til 1928, að báðum þeim árum meðtöldum, skal h/f. Eimskipafjelag Íslands vera heimilt að greiða aukaútsvar sitt til bæjarsjóðs Reykjavíkurkaupstaðar með skuldabrjefum, er gefi í ársvexti 6%. Skuldabrjefin greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum í lengsta lagi og skal gjalddagi vaxta og afborgana vera tvisvar á ári, hinn 1. dag maímánaðar og hinn 1. dag septembermánaðar, ári síðar en gjalddagi aukaútsvars þess, sem greitt er með skuldabrjefi.

Bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar er skylt að taka með nafnverði skuldabrjef þau, er að framan greinir, sem greiðslu á aukaútsvari Eimskipafjelags Íslands til bæjarsjóðs þann tíma, sem um ræðir, enda sjeu skuldabrjefin gefin út af stjórn Eimskipafjelagsins og í nafni fjelagsins.

Varatillaga:

2. gr. orðist svo:

Árin 1925 til 1928, að báðum þeim árum meðtöldum, skal h/f. Eimskipafjelagi Íslands heimilt að greiða aukaútsvar sitt til bæjarsjóðs Reykjavíkurkaupstaðar með hlutabrjefum fjelagsins.

Bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar er skylt að taka við hlutabrjefunum við nafnverði til greiðslu á aukaútsvari Eimskipafjelagsins þann tíma, sem um ræðir.

(B. XXXIII, 10).

Ed. **415. Nefndarálit**

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Jónas Jónsson.	Eggert Pálsson, fundaskrifari. (Með fyrirvara).

(B. XXXIV, 5).

Ed. **416. Nefndarálit**

um frv. til laga um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Jónas Jónsson, frsm.	Eggert Pálsson, fundaskrifari. (Með fyrirvara).

(A. I. 23).

Ed. **417. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 2. gr. 14. (Stimpilgjald).
   Fyrir »300000« kemur 600000
2. Við 2. gr. 21. (Skólagjöld).
   Fyrir »3000« kemur 20000
3. Við 4. gr. 5. (Hlutafjárarður í Eimskipafjel.).
   Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Halldóri Steinssyni.*

1. Við 12. gr. 13. c. (Borgarfjarðarhjerað).
   Liðinn skal orða svo:
   Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði 20000
2. Við 12. gr. 13. i. Nýr liður:
   Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar 1500
   Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 200 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

III. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 12. gr. 13. q. Nýr liður:
Sjúkrastyrkur handa Elínu Sigurðardóttur 500

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 13. gr. C. 1. a. (Styrkur til Esju).
Fyrir »180000« kemur 150000
2. Við 14. gr. B. 1. a. (Laun við háskólann).
Fyrir »104000« kemur 97000
3. Við 14. gr. B. I. d. (Námsstyrkur við sama skóla).
Fyrir »10000« kemur 13000
4. Við 14. gr. B. II. a. (Háskólanám erlendis).
Fyrir »12000« kemur 15000

V. Frá *Birni Kristjánssyni.*
1. Við 14. gr. B. VII. aths. (Skólagjöld).
Fyrir »150 kr.« kemur: 100 kr.
2. Við 14. gr. B. XIV. 3. (Kvöldskóli verkamanna).
Liðinn skal orða svo:
Til lýðskólans í Bergsstaðastræti 600
Til vara: Liðurinn fellur niður.

VI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 1. (Sundkensla í Rvík).
Á eftir »ríkisskólanna« í aths. kemur: og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje.

VII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 15. gr. 2. a. (Laun við Þjóðskjalasafn).
Fyrir »13000« kemur 6750
2. Við 15. gr. 2. b. (Skjalaband).
Fyrir »1000« kemur 1500

VIII. Frá *Birni Kristjánssyni* og *Sigurði Eggerz.*
Við 15. gr. 15. (Jóh. L. L. Jóh.).
Fyrir »5000« kemur 6000

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 17. *(Hannes Þorsteinsson).*
Fyrir »2000« kemur 1500

X. Frá *mentamálanefnd.*
Við 15. gr. 17. Nýr liður:
Til Sigurðar Nordals prófessors, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót 3000

XI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 15. Nýr liður:
Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að 10000

XII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Til Ísafjarðarkaupstaðar, til hafskipabryggju, gegn þreföldu framlagi frá kaupstaðnum, alt að 55000
Styrkurinn greiðist á þann hátt, að skuld kaupstaðarins við ríkissjóð lækki um þá upphæð, er styrknum nemur.

XIII. Frá *fjárveitinganefnd*:
1. Við 18. gr. I. b. (Embm.ekkjur og börn).
Fyrir »14069,89« kemur 14269,89
2. Við 18. gr. II. a. 5. Nýr liður.
Til Jóns Jacobson landsbókavarðar, ef hann lætur af embætti 3000

XIV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 18. gr. II. f. 16. (Stefán Stefánsson).
Fyrir »300« kemur 600

XV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður:
Til Guðmundar Björnssonar 200

XVI. Frá *fjármálaráðherra.*
Við brtt. XVII.
Fyrir »100000« í II. lið kemur... 168000

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 19. gr. Greinina skal orða svo:
Til óvissra gjalda o. fl. er veitt:
I. Til óvissra gjalda 100000
Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskiveiðum í landhelgi o. fl.
Sömuleiðis skal af þessari upphæð greiða gengismun á útborgunum erlendis samkvæmt þessum lögum, öðrum en lángreiðslum.
II. Til hækkunar á dýrtíðaruppbót, að því leyti sem allsherjarvísitala samkvæmt launalögum væntanlega reynist hærri en áætlað er í fjárlögunum hjer að framan ... 100000

2. Við 21. gr. 3. Nýir liðir:
   a. Ólafi J. Hvanndal myndamótara skal veittur 3 ára greiðslufrestur á afborgunum af viðlagasjóðsláni, sem nú er að eftirstöðvum 4334 kr.
   b. Verksmiðjunni »Álafoss« skal veittur 3 ára greiðslufrestur á afborgunum af viðlagasjóðsláni hennar.
   c. Af viðlagasjóðsláni Guðmundar Björnssonar sýslumanns skulu vextir taldir 2% lægri en útlánsvextir bankanna, en þó ekki hærri en 6%.

XVIII. Frá *Birni Kristjánssyni* og *Sigurði Eggerz*.
Við 23. gr. Orðið »öðru« í annari málsgr. fellur niður.

(A. I, 24).

Ed. **418. Nefndarálit**

um flóabátastyrk 1925.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir kynt sjer tillögur meiri og minni hluta samgöngumálanefndar neðri deildar um úthlutun flóabátastyrks fyrir árið 1925. Tillögur þessar voru gerðar með það fyrir augum, að 60000 eða 65000 krónum yrði varið í þessu skyni; síðan hefir styrkurinn verið hækkaður upp í 70000 krónur.

Vill nefndin þegar geta þess, að hún er samþykk báðum hlutum samgöngumálanefndar neðri deildar um það, að undanfarið hafi alt of miklu af flóabátastyrknum verið varið til Borgarnesferðanna, þó hún hinsvegar álíti ekki hægt að komast af með þá upphæð, er minni hluti þeirrar nefndar vill, að varið sje næsta ár til ferðanna.

Álítur nefndin hæfilegt, að til Borgarnesferða sje varið 25 þús. krónum, en þó því að eins, að skip það, er þess styrks kann að njóta, annist ferðir þær, sem óhjákvæmilegar eru til hafnanna á sunnanverðu Snæfellsnesi án aukastyrks fyrir þær.

Nefndin vill hækka dálítið styrk til Skaftfellingabáts, sem telja má einna helst styrks þurfandi af opinberu fje, vegna þess, að sá bátur (»Skaftfellingur«) er að nefndarinnar áliti til ómetanlegs gagns fyrir samgöngurnar á sjó við Skaftafellssýslur, sem ásamt Rangárvallasýslu eru hafnlausastar af öllum sýslum landsins, og eiga því örðugast með alla vöruflutninga til og frá.

Rangárvallasýsla hefir undanfarið fengið sjerstakan styrk til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands, og telur nefndin sjálfsagt, að sá styrkur sje látinn

haldast að einhverju leyti, en það skal tekið fram, að nefndin álítur sýslunefnd Rangárvallasýslu vera það heimilt að greiða styrk þennan eða hluta af honum til Skaftfellingabáts, ef samkomulag yrði milli Rangæinga og Skaftfellinga um sjerstakar viðkomur Skaftfellingabáts við Rangársand á einum eða fleiri stöðum í notum þess styrks, sem ætlaður er til Rangársandsbáts.

Þegar Breiðafjarðarbátur er losaður við hafnirnar á sunnanverðu Snæfellsnesi, eins og meiri hluti samgöngumálanefndar neðri deildar vill, og nefndin einnig hefir tekið fram, að hún vill setja sem skilyrði fyrir áður nefndri styrkveitingu til Faxaflóabáts, að hann þar með taki þessar hafnir að sjer, virðist mega færa styrkinn til Breiðafjarðarbáts að mun niður, og er nefndin í því sammála meiri hluta samgöngumálanefndar neðri deildar.

Til ferða um Ísafjarðardjúp vill nefndin verja 14000 kr., og er það nokkru minna en meiri hluti samgöngumálanefndar neðri deildar, en öllu meira en minni hluti sömu nefndar vildi verja til þessara ferða.

Hornafjarðarbát vill nefndin styrkja þeirri upphæð, er minni hluti samgöngumálanefndar leggur til, þó þannig, að af þeirri upphæð sjeu bátsferðir á Lagarfljóti einnig dálítið styrktar, eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda, eins og yfir höfuð alstaðar þar, sem svo stendur á, að fleiri en einn bátur annast ferðir, sem ein upphæð er veitt til.

Þá eru ótaldir Grímseyjarbátur og Hvalfjarðarbátur. Nefndin álítur, að eigi megi niður falla styrkveiting til þessara ferða, og hefir því leyft sjer að taka þær upp í tillögur sínar.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að leggja til, að flóabátastyrk 1925 verði úthlutað sem hjer segir:

Til Faxaflóabáts (»Suðurland«)	kr.	25000
— Ísafjarðardjúpsbáts	—	14000
— Breiðafjarðarbáts (»Svanur«)	—	8000
— Skaftfellingabáts (»Skaftfellingur«)...	—	15000
— Rangársandsbáts	—	1500
— Hornafjarðar-(Austfjarða)-báts	—	5000
— Grímseyjarbáts	—	900
— Hvalfjarðarbáts	—	600
Samtals	kr.	70000

Alþingi, 19. apríl 1924.

Eggert Pálsson, formaður. Einar Árnason. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.

Guðm. Ólafsson. Hjörtur Snorrason.

(B. XXXI, 10).

Nd. **419. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:
   Nú fækkar rjúpunni svo, að ástæða þykir til þess að friða hana alt árið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að skipa svo fyrir með reglugerð um eitt ár í senn.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Fyrir hverja rjúpu, sem veidd er á friðunartíma, skal sá, er brotlegur verður, sæta 10 kr. sekt, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins. Sömu sekt skal og hver sá maður sæta, er selur eða kaupir, gefur eða þiggur að gjöf rjúpu, sem svo er ástatt um, enda sje honum kunnugt, að svo hafi verið.

(B. LXXXV, 1).

Nd. **420. Frumvarp**

til laga um almenna sjúkratrygging.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hverju sýslufjelagi á landinu skal stofna sjóð til tryggingar þeim, sem verða fyrir veikindum.

2. gr.

Gjaldskyldir til sjúkrasjóðanna eru allir til fulls 65 ára aldurs, og skal árlegt gjald vera:

a. Frá 1. til fulls 15 ára aldurs kr. 1,00.
b. Frá upphafi 16. aldursárs til fulls 60 ára aldurs: karlar kr. 5,00, konur kr. 3,00.
c. Frá upphafi 61. aldursárs til fulls 65 ára aldurs kr. 1,00.

Undanþegnir gjaldi til sjúkratryggingarsjóða eru þeir, sem eru meðlimir í lögskráðu sjúkrasamlagi, svo og holdsveikir menn og geðveikir.

3. gr.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemur 2 kr. fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða sýslufjelagsins það ár. Enn fremur skal greitt úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði tillag, er nemur 1 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins eða hreppsins það ár.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum til tryggingarsjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin.

Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð, er stjórnarráðið útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur að láta nefndum þessum í tje skýrslur þær, er nauðsyn krefur, úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

5. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til sjúkratryggingarsjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn skyldir að leggja fram gjöldin fyrir aðra, svo sem hjer segir:

a. Kvongaðir menn eiga að inna af hendi sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir konur sínar meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.
b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir börn sín og fósturbörn, sem eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms. Sveitar- og bæjarstjórnum er heimilt að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjöld fyrir börn fátækra fjölskyldumanna úr bæjar- eða sveitarsjóði, og telst það ekki þeginn sveitarstyrkur.
c. Húsbændur eiga að greiða tryggingarsjóðsgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt.
d. Iðnaðarmenn eiga að greiða tryggingarsjóðsgjald fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
e. Kaupmenn, verslunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim, ef þeir ekki sjálfir eiga heimili forstöðu að veita.
f. Húsráðendur eiga að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða sjúkratryggingarsjóðsgjöld fyrir aðra, sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið. Þeir, sem greiða sjúkratryggingarsjóðsgjald fyrir aðra, hafa rjett til þess að telja þau þeim til skuld-

ar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum.

6. gr.

Skrár þær, sem gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til sjúkratryggingarsjóðanna, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúarmánaðar ár hvert á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, og skal auglýsa það með viku fyrirvara, hvar skrárnar verða lagðar fram.

7. gr.

Nú álítur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúar koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfs mánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marsmánaðar til fullnaðarúrskurðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefir sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum eða sýslufjelögum, og hefir hann þá rjett á að fá gjaldið endurgoldið úr tryggingarsjóðnum í því sveitar- eða sýslufjelagi, sem hann átti ekki lögheimili í 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan ársloka.

8. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn heimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu á tryggum stað þar til úthlutun fer fram.

9. gr.

Árgjald til sjúkratryggingarsjóðanna má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885. Sjúkratryggingarsjóðsgjöld hafa sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til ríkissjóðs. Rjett til greiðslu úr sjóðunum missa menn meðan þeir, eða þeir sem eiga að greiða fyrir þá, standa í skuld við þá.

10. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sýslufjelögum sýslumenn hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskírteini þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd, og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin atvinnumálaráðuneytinu árlega skýrslu um hag sjúkratryggingarsjóðanna; samskonar skýrslu sendir sýslunefndin atvinnumálaráðuneytinu, og í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag sjúkratryggingarsjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

11. gr.

Úr sjúkratryggingarsjóðunum skal á ári hverju greiða $^{9}/_{10}$ hluta af tekjum sjóðanna næsta ár á undan til þess að greiða yfirstandandi árs sjúkdómskostnað þeirra, sem rjett hafa til greiðslna úr sjóðnum. Eftirstöðvunum, $^{1}/_{10}$ hluta, skal sýslumaður eða bæjarfógeti koma á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Heimilt er þó að ávaxta eftirstöðvar þessar í peningastofnun innan sýslu- eða bæjarfjelagsins, ef viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn óskar þess og fjármálaráðuneytið, að fengnum tillögum bankaeftirlitsmanns, telur stofnunina fulltrygga.

12. gr.

Úthlutun úr sjúkratryggingarsjóðunum skal fara fram fjórum sinnum árlega, dagana 1.—7. febrúar fyrir undangengna 3 mánuði, október—desember. 1.—7. maí fyrir janúar—mars, 1.—7. ágúst fyrir apríl—júní, og 1.—7. nóvember fyrir júlí—september.

13. gr.

Úthluta skal úr sjóðunum eftir þessum reglum: Fyrir öðrum greiðslum skulu sitja greiðslur vegna berklaveikra samkvæmt 14. gr. berklavarnalaganna, þannig að þær greiðslur, sem eftir þeim hvíla á ríkissjóði og sýslu- og bæjarsjóðum, skulu greiddar úr sjúkrasjóðunum. Að öðru leyti fer eftir því, sem rjett þykir eftir efnahag og öðrum ástæðum styrkbeiðenda. Styrkur úr sjóðunum er bundinn við sjúkralegu innanlands, og undanskildir eru þeir sjúklingar, sem hið opinbera annast, t. d. holdsveikir, svo og geðveikir menn.

14. gr.

Úthlutun úr sjóðunum hafa með höndum: í kaupstöðum 3 menn, kosnir af bæjarstjórn, í sýslum 3 menn, kosnir af sýslunefnd. Þóknun til þeirra greiðist úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari reglur um stjórn sjóðanna, eftirlit og úthlutanir.

15. gr.

Sjúkdómskostnaður, sem tekið skal tillit til við úthlutun úr sjóðnum, er: legukostnaður, lyf og læknishjálp sjúklinga í sjúkrahúsum, lyf, læknishjálp og aðkeypt hjúkrun sjúklinga í heimahúsum.

16. gr.

Sjúklingar eiga rjett til greiðslna úr þeim sjúkrasjóði, þar sem þeir greiddu síðast tillag sitt eða það var greitt fyrir þá.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 14. gr. berklavarnalaganna frá 27. júní 1921, um greiðslu ríkissjóðs og sýslusjóða vegna berklasjúklinga.

Greinargerð.

Tryggingar ýmiskonar hafa verið notaðar frá fornu fari. Það er þó ekki fyr en á síðustu áratugum, að þjóðfjelögin, með aðstoð löggjafarvaldsins, skipa fyrir um almennar tryggingar, til þess að hjálpa olnbogabörnum þjóðfjelagsins eða þeim, sem hafa orðið fyrir sjerstökum óhöppum.

Í nágrannalöndum okkar er lögboðin ellitrygging, slysatrygging, sjúkratrygging o. fl.

Hjer á landi er lögskipuð ellitrygging og slysatrygging, og með berklavarnalögunum er ríkissjóði og sýslusjóðunum í reyndinni gert að skyldu að greiða sjúkrakostnað nálega allra berklaveikra manna á landinu án nokkurs tillags frá þeirra hendi.

Reynslan, sem þegar er fengin hjer á landi t. d. með ellistyrktarsjóðina, hefir sýnt, að slíkar tryggingar eru hagfeld og ódýr hjálp, sje þeim hyggilega fyrir komið.

Á ríkissjóði, sýslusjóðum og sveitarsjóðum hvíla nú þung gjöld vegna margvíslegs sjúkrakostnaðar. Síðastliðið ár var greitt úr ríkissjóði vegna berklasjúklinga um 300 þús. kr. og úr sýslusjóðum líklega 100—120 þús. kr. Á sama tíma greiddi ríkissjóður vegna annara sjúklinga, samkv. 77. og 78. gr. fátækralaganna, 52 þús. kr., og loks eru ótalin öll gjöld sveitarfjelaganna vegna sjúkrakostnaðar. Með þeirri skipulagsbreytingu, sem hjer er gert ráð fyrir, mundi meiri hlutinn af þessum gjöldum færast yfir á sjúkrasjóðina. Hjer er því að ræða um sparnað fyrir hið opinbera, sem síðar mun verða sýnt. Enn fremur er þjóðlíf okkar að breytast á þann veg, að þörfin á almennri sjúkratryggingu verður brýnni með hverju árinu sem líður. Í því efni má benda á, að sá gamli og góði siður, að fólk dveldi árum eða áratugum saman í sömu vistinni, er nú sem óðast að hverfa. Verkafólkið fer því á mis við þá hjálp, er flestir húsbændur töldu sjer skylt að veita slíkum hjúum, er veikindi bar þeim að höndum.

Nú fer mikill fjöldi fólks árlega landshorna á milli og eyðir bestu árum ævi sinnar án þess að leggja eyri fyrir. Bili heilsan eða veikindi steðji að, fer það á sveitina eða ríkissjóðinn. Þessi lausung og umrenningsháttur fer stöðugt vaxandi og virðist ætla að verða þyngri og þyngri byrði á öllum þeim, er hugsa lengra en um líðandi stund.

Það, sem drepið hefir verið á hjer að framan, reynslan, sem fengin er af tryggingum hjer á landi, bein gjöld þess opinbera til sjúklinga og kæruleysið í fjármálum, sem alment gerir vart við sig, alt þetta bendir ótvírætt í þá átt, að nú sje tímabært að koma hjer á nokkrum vísi til almennrar sjúkratryggingar.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi er því sá, að knýja hvern mann til að leggja til hliðar — spara nokkrar krónur árlega fyrir væntanlegum veikindakostnaði. Og þá auðvitað oftast peninga, sem færu fyrir lítið eða ekkert. Í ársútgjöldum þeirra, sem berjast í bökkum með að framfleyta sjer og sínum, er þetta svo lítill liður, að það gæti tæplega orðið tilfinnanlegt, enda mundu þeir að sjálfsögðu fyrstir njóta þess hagræðis, sem tryggingin veitir.

Tekjur sjóðanna mun óhætt að áætla þannig:

Frá ríkissjóði	kr.	185000,00
— sveitarsjóðum	—	93000,00
Árstillag barna til 15 ára aldurs	—	31000,00
— karla 15—60 ára	—	127000,00
— kvenna 15—60 ára	—	81000,00
— karla og kvenna 60—65 ára	—	3000,00
Samt.	kr.	520000,00
Þar frá dregst 1/10 hluti		52000,00
Eftir verða	kr.	468000,00

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að mestur hluti berklavarnakostnaðarins, þ. e. allur sjúkrakostnaðurinn, greiðist af sjúkratryggingarsjóðunum. Þessi kostnaður er nú um 400 þús. kr. Með smávægilegum breytingum á berklavarnalögunum, sem að nokkru leyti leiddi af þessum lögum, mundu þessi útgjöld lækka nokkuð, t. d. ef úrskurðarvaldið um styrkhæfi berklasjúklinga væri lagt í hendur stjórnum sjúkratryggingarsjóðanna og þeim heimilað að úrskurða, að sjúklingur greiði árlega nokkurn hluta sjúkrakostnaðar, ef hann telst efnalega fær um það.

Útgjöld sjúkratryggingarsjóðanna til berklaveikra, að fengnum þessum breytingum, mun hæfilegt að áætla 350—360 þús. kr. Eru þá eftir þegar á fyrsta ári rúmar 100 þús. kr., sem koma til skifta milli þeirra sjúklinga, sem nú verða að leita á náðir sveitanna eða góðra manna.

Að endingu má taka það fram, þó það sje ekkert aðalatriði í þessu máli, að með þessu skipulagi er lagður grundvöllur undir stórfelt fjársafn, sem getur orðið sem veltufje til ómetanlegs gagns fyrir allskonar framkvæmdir og umbætur er stundir líða.

(C. XXV, 3).

Nd. **421. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 377. (Klæðaverksmiðja).

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 1. og 2. tölulið.

Fyrir »ákveða« í báðum liðum komi: áætla.

(A. I, 25).

Ed. **422. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 13. gr. B. III. Nýr liður (IV).
Til brúagerða samkvæmt brúalögum 30000

II. Frá *dóms- og kirkjumálaráðherra.*
Við 14. gr. B. I. a. Nýr liður:
Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju... 5600

III. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Kostnaður af lögum nr. 55, 27. júní 1921 4000

(B. LXXXII, 4).

Nd. **423. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Staflið c. í 2. tölul. 3. gr. laga nr. 81, 28. nóv. 1919, skal orða svo:
sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., auk sömu dýrtíðaruppbótar, sem starfsmenn ríkisins njóta á hverjum tíma, að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.

(B. XLIII, 2).

Nd. **424. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Það er öllum ljóst, að árangur vínbannslaga hlýtur að fara mjög mikið eftir því, hversu mikið og ötullegt eftirlit er haft með þeim, og bestu endurbætur

á þeim væru því fólgnar í meira eftirliti. En samt sem áður má ekki heldur líta of smáum augum á það, hvernig lögin sjálf eru úr garði gerð. Og það hefir jafnan þótt galli á bannlögum vorum, að þau væru of lin í ýmsum atriðum og ekki svo smugulaus, sem vera ætti og vera mætti.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, á að bæta úr þessu að því er mörg atriði snertir. Undanþágur og smugur er leitast við að byrgja, ljett undir með eftirliti og framkvæmd og refsingar gerðar skarpari, einkum gagnvart þeim, sem brjóta lögin í beinu hagnaðarskyni.

Ein smuga bannlaganna, sem menn hafa jafnan haft illan augastað á, er leyfi læknanna til þess að veita lyfseðla upp á áfengi. Hefir það verið nokkuð takmarkað og bundið reglum, en samt þykir lekinn um þessa smugu vera drýgri en með líkindum væri, ef alt væri með feldu. Frv. fer fram á að takmarka þetta leyfi svo, að allir praktiserandi læknar yrðu útilokaðir frá að gefa vínlyfseðla. Meiri hlutanum þykir þetta nokkuð varhugavert, úr því að nauðsyn áfengis til lækninga er á annað borð viðurkend með því að heimila embættislæknum þessa notkun. Ýmsir praktiserandi læknar hafa miklu meira læknisstarf með höndum en flestir hjeraðslæknar, og oft getur svo viljað til, að í aðkallandi sjúkdómstilfelli, t. d. lungnabólgu, náist ekki til hjeraðslæknis fljótlega, en praktiserandi læknir á staðnum geti snúist fljótar við. Á hinn bóginn er þessi aðgreining í embættislækna og aðra ekki rjett í þessu efni. Það, sem ástæða virðist, samkvæmt reynslunni, til að gera, er að útiloka það, að menn með lækningaleyfi geti svo að segja gert sjer að atvinnu að veita mönnum áfengi, sem kallað er lyf. Heilbrigðisstjórnin, og þá nú landlæknir, virðist sjálfsagður til þess að skera úr, hverjir þurfi á þessu að halda, og eru menn ekki of góðir til þess að afla sjer þessa leyfis einu sinni á ári.

Erfiðleikum veldur það oft talsverðum við eftirlitið með ólöglegri vínsölu, hve mikið er kring um það, að geta framkvæmt húsrannsókn í því skyni. Getur oft verið þörf á því að framkvæma slíka rannsókn skyndilega, t. d. á næturþeli, þegar erfitt er að fá þar um dómsúrskurð. Þó er það rjett, að til þess að slíkar rannsóknir megi gera án dómsúrskurðar, sjeu fyrir hendi sjerstakar ákveðnar ástæður, t. d. að viðkomandi maður hafi beinlínis verið staðinn að samskonar broti áður og fengið dóm, því að það er vissulega óþolandi, að menn, sem að slíku hafa verið staðnir, hafi nokkra vernd á þesskonar ólöglegri atvinnu áfram.

Við 13. gr. vill meiri hlutinn gera tvær breytingar, sem í rauninni skýra sig sjálfar. Það getur verið hart, og jafnvel rekið mann út í frekari þrjósku gegn lögunum, ef hann fær fangelsisrefsingu fyrir að selja t. d. eina flösku af víni með einhverjum ágóða, en frekar að það gæti orðið til gagnlegrar áminningar, er menn vita, hvað við liggur ítrekun brotsins.

Hart virðist og ósanngjarnlegt að láta skipstjóra sæta skilyrðislausri ábyrgð fyrir það, sem um getur í 14. gr.

Þá verður ekki hjá því komist að taka það fram í lögunum, að undanþágan frá 1922 og 1923 sje í gildi, því að öðrum kosti mundu þessi lög, sem eru nýrri löggjöf í þessu efni, útrýma henni, þar sem þau tala skilyrðislaust um öll vín, sem hafa yfir 2 1/4% áfengi, en það mun ekki hafa verið tilgangur laganna.

Samkvæmt framanskráðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. 2. Í stað orðanna »og spítalalækna ríkisins« kemur: spítalalækna ríkisins og þeirra lækna annara, er til þess hafa fengið sjerstakt leyfisbrjef frá yfirstjórn heilbrigðismálanna til eins árs í senn.
2. Við 11. gr. Á eftir orðunum »við 12. gr.« kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Á eftir fyrstu málsgrein kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Nú hefir maður verið staðinn að því með dómi, að hafa brotið lög þessi eins og hermir í næstu málsgrein hjer að framan, og getur þá lögreglustjóri látið gera heimilisrannsókn hjá honum þegar honum þykir ástæða til.
3. Við 13. gr. 2.
   a. Aftan við fyrri málsgrein bætist: ef brotið er ítrekað.
   b. Á eftir orðunum »þá varðar það« í síðari málsgrein kemur: auk sekta.
4. Við 14. gr. Orðin í niðurlagi greinarinnar »verði ekki upplýst — — ábyrgð á því« falla burt.
5. Við 17. gr. Á undan »Ákvæði um stundarsakir« kemur ný grein, er verður 18. gr., svo hljóðandi:
   Við 23. gr.
   Aftan við greinina bætist: nema lög nr. 3, 4. apríl 1923, um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917.

Alþingi, 22. apríl 1924.

Magnús Jónsson, frsm. meiri hl. — Jörundur Brynjólfsson.

Bernharð Stefánsson. — Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

(B. LXXIII, 3).

Ed. **425. Lög**

um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig;

Til sauðfjárbaðana í landinu má aðeins nota eina tegund baðlyfja, sem löggilt sje til þess af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með ráði dýralæknis. Skulu gefnar út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun baðlyfsins.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sjer um, að búnar verði til í landinu nægar birgðir af baðlyfi til hinna fyrirskipuðu þrifabaðana og annara sauðfjárbaðana, sem kynni að þurfa að framkvæma. Skal baðlyfjagerðin háð eftirliti sjerfræðings, sem ráðuneytið kveður til þess. Þó skal ráðuneytinu heimilt að leyfa innflutning á samskonar baðlyfi þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sje það baðlyf alt nákvæmlega rannsakað, eftir nánari ákvæðum, sem ráðuneytið setur um það, og má eigi selja það innanlands nema það fullnægi þeim ákvæðum, sem sett hafa verið um hið löggilta baðlyf. Kostnað allan við eftirlit með baðlyfjagerð innanlands greiði framleiðandi baðlyfsins, en kostnað þann, sem leiðir af rannsókn innflutts baðlyfs, greiði innflytjandi.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

(B. LXIII, 7).

Nd. **426. Lög**

um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl).

Á eftir öðrum málslið 3. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Þó skal hreppsfjelagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með $^2/_3$ atkvæða á lögmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.

(A. VI, 5).

Ed. **427. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 22. apríl 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. Sig. Eggerz, frsm. Jónas Jónsson.

(C. XXII, 2).

Ed. **428. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um ráðstöfun á þjóðjörðinni Kópavogi til væntanlegs hressingarhælis fyrir berklaveika.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

I. Tillagan orðast þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við landlækni rannsaka, hvar heppilegt væri að koma upp hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk, og velja sjerstaklega stað eða staði, þar sem er gott til ræktunar, skóglendi og heitar laugar, hentugar til að hita híbýli og til afnota við ræktun, og leggja síðan árangur þessarar rannsóknar fyrir næsta Alþingi.

II. Fyrirsögnin orðast þannig:

Tillaga til þingsályktunar um hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk.

(B. LIX, 4).

Nd. **429. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Refsiákvæðum fyrri málsgr. 1. gr., um rjettindamissi skipstjóra, skal þó því aðeins beitt, að landhelgisbrotið sje framið á svæðinu vestan landsins, frá Reykjanesi við sunnanverðan Faxaflóa að Horni á Hornströndum.

(B. VII, 9).

Nd **430. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá Árna Jónssyni.

Við 6. gr.

Í stað orðanna: »á hann þá heimting á því, að það verði« komi: skal það þá.

(B. LXXI, 2).

Nd. **431. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er borið fram í þeim tilgangi að ljetta gjöldum af ríkissjóði, enda verður því ekki neitað, að útgjöld ríkissjóðs til berklavarna eru nú þegar orðin mikil, og má jafnvel búast við, að þau fari vaxandi fyrst um sinn. Hinsvegar er á það að líta, að nái berklavarnalögin tilgangi sínum, svo að til muna dragi úr berklaveikinni í landinu vegna þeirra, þá mundi þó vera tilvinnandi að bera þær byrðar, er lögin leggja þjóðinni á herðar. Lög þessi eru nýkomin til framkvæmda og því enn ekki hægt að segja, hvert gagn má af þeim verða, og virðist því þegar af þeirri ástæðu ekki rjett að breyta þeim í verulegum atriðum.

Eftir frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, á framlag af opinberu fje samkvæmt 14. gr. laganna einungis að greiðast vegna sjúklinga með smitandi berkla. Þessa breytingu verður nefndin að telja mjög varhugaverða. Eftir því sem merkir læknar segja, getur berklaveiki, sem ekki er talin smitandi, breyst þannig, að hún verði smitandi fyr en varir. Mundi því þetta ákvæði í mörgum tilfellum einungis verða til þess, að því yrði frestað, að sjúklingurinn kæmist undir læknishendur í tíma, en mundi seinna komast á opinbert framfæri, annaðhvort samkvæmt berklavarnalögunum eða þá samkv. 77. gr. fátækralaganna. Mundi því sparnaður ríkissjóðs af þessu oftast verða lítill.

Þá getur nefndin ekki heldur fallist á, að rjett sje að færa útgjöldin til berklavarna yfir á sveitarfjelögin meira en nú er. Sýslusjóðsgjöld hreppanna hafa víða stórum aukist vegna berklavarnanna, svo að ekki mun fært að íþyngja sveitarfjelögunum meira í þessu efni. Auk þess mundi þetta koma mjög misjafnt niður á sveitarfjelögin, og er það ekki rjett, því útrýming berklaveikinnar er fyrst og fremst alment velferðarmál þjóðarinnar.

Nefndin getur fallist á, að sum ákvæði þessa frv. sjeu í sjálfu sjer rjettmæt, t. d. það, að sjúklingurinn sjálfur taki þátt í kostnaði við dvöl sína á heilsuhæli eða sjúkrahúsi, ef hann er fær um það efnalega. Einnig að meðlagskostnaður verði ekki greiddur lengur af opinberu fje en læknir stofnunar þeirrar, sem sjúklingurinn dvelur í, telur veru hans þar nauðsynlega vegna veikinnar. Enn fremur að sýslumaður votti á efnahagsskýrslu sjúklinga.

En þetta eru alt framkvæmdaratriði, sem nefndin fær ekki sjeð, að komi í bága við berklavarnalögin, og virðist því óþarft að breyta lögunum vegna þessara atriða. Samkvæmt berklavarnalögunum á sjúklingur að kosta sig sjálfur, ef hann býður ekki mikið tjón á efnahag sínum við það, og jafnvel ef hann getur það án þess að verða öreigi. Þá ætti að vera hægt án lagabreytingar að koma í veg fyrir það, að menn dvelji í heilsuhælum og sjúkrahúsum á opinberu framfæri eftir að þeir eru orðnir heilbrigðir. Enn fremur mun stjórnarráðið geta leitað álits hlutaðeigandi sýslumanns áður en það úrskurðar, hvort sjúklingur sje styrkhæfur.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem enn er ekki komin full reynsla um framkvæmd berklavarnalaganna, en hinsvegar í lögunum ákvæði, sem gera ríkisstjórninni mögulegt að varna ágengni á ríkissjóð, þykir deildinni ekki ástæða til að breyta lögunum að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1924.

Jón Kjartansson, form.	Bernh. Stefánsson, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Jörundur Brynjólfsson. Magnús Jónsson.

(B. XXXVI, 2).

Nd. **432. Nefndarálit**

um frv. til laga um bygðarleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin getur fallist á, að þörf væri á einhverjum ráðstöfunum í þá átt, sem frumvarp þetta fer fram á, einkum eftir að sveitfestistíminn hefir verið styttur svo, sem raun er á orðin. En á hinn bóginn er mál þetta svo víðtækt og grípur svo margvíslega inn í atvinnulíf þjóðarinnar, að það gæti leitt til stórmikils baga, ef ekki er gætt ýtrustu varfærni um slíkar ráðstafanir til heftingar á frelsi manna til þess að færa sig frá einum stað landsins til annars. Er því óhugsandi að setja lög um þetta, nema þau komi til þingsins vandlega undirbúin af stjórn.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti rannsaka, að hve miklu leyti væri fært að heimila sveitar- og bæjarstjórnum að leggja hömlur á innflutning manna í framfærsluhjeruðin, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1924.

Jón Kjartansson, form.	Magnús Jónsson, framsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Ósamþykkur ýmsum atriðum nefndarálitsins.

Jörundur Brynjólfsson.

Tel rjettara, að frv. verði samþ., þó með nokkrum breytingum, er jeg mun síðar koma fram með.

Bernh. Stefánsson.

(A. XIV, 3).

Nd. **433. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um blöndun ilmvatna o. fl. með kolokvintextrakt.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar lítur svo á, að enda þótt augljósir erfiðleikar muni verða á því að framkvæma lög þessi til fullnustu, þá sje hjer farið inn á heppilega leið til þess að gera ilmvötn og ilmvatnaspíritus ónothæfan til drykkjar, og ræður því háttv. deild til þess að samþykkja það.

Alþingi, 23. apr. 1924.

Magnús Jónsson, framsm. meiri hl.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.
Jörundur Brynjólfsson.	Bernh. Stefánsson,

(A. I, 26).

Ed. **434. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjármálaráðherra.

Við 22. gr.
Á eftir II. komi nýr liður:
III. Að selja gamla símastöðvarhúsið á Akureyri og húseignirnar Bröttugötu 3 A og Aðalstræti 10 í Reykjavík.

(B. LXXV, 4).

Ed. **435. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 (Landhelgissjóður Íslands).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eins og kunnugt er var landhelgissjóður stofnaður með lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, og ákveðið, að honum skyldi á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum.

Með lögum nr. 68, 3. nóv. 1915, er svo ákveðið, að sjóðnum skuli á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum.

Nefndinni er það ljóst, að enn hlýtur það að eiga sjer nokkurn aldur, áður hægt er fyrir sjóð þennan að koma sjer upp nýju góðu strandgæsluskipi og halda því úti. Á hinn bóginn er aukning eftirlitsins við strendur landsins brýn nauðsyn.

Árangur þeirra tilrauna, sem landsmenn hafa þegar gert að því er snertir aukið eftirlit landhelginnar með gufubátum og mótorbátum, og þá sjerstaklega eftirlitsstarfsemi björgunarskipsins »Þórs« við Vestmannaeyjar, Rangársand og svo gæsla hans og annara skipa fyrir Norðurlandi um síldveiðatímann, er þess ljósastur vottur, að mikið má bæta eftirlitið með þeim tækjum, sem nú er kostur á, þó það geti ekki orðið svo fullkomið, sem menn annars myndu kjósa.

Nú virðist sú skoðun vera í fyrirrúmi hjá Alþingi, að alt kapp verði að leggja á að varðveita landhelgina fyrir ágangi innlendra og útlendra togara og erlendra fiskiskipa, og með því að geta ríkissjóðs til fjárframlaga í þessu skyni er nú sem stendur takmörkuð, er ekki óeðlilegt, að leitað sje til landhelgissjóðs, sem stofnaður var upphaflega til eflingar landhelgisvörnum.

Nefndin er eftir atvikum samþykk frv., með því líka, að ekki virðist ástæða til að ætla, að með þessu taki fyrir vöxt sjóðsins, þannig að allir vextirnir og sektarfje það, sem áskotnast kann sjóðnum, verði gert að eyðslueyri, enda væri mjög óheppilegt að ganga svo nærri sjóðnum.

Þá ætti hin aukna landhelgisgæsla, sem á þennan hátt fengist, að geta orðið sjóðnum tekjuauki með auknum sektum, sem í hann rynnu. Tekur nefndin þetta fram vegna þess, að henni er óljúft, að sjóðurinn skerðist svo til muna, að tilgangi hans samkv. lögunum frá 1915 verði ekki náð í náinni framtíð, enda skoðar hún þá tilhögun, sem frv. fer fram á, vera bráðabirgðaráðstöfun vegna hins erfiða fjárhagsástands ríkisins, en ekki frambúðarfyrirkomulag.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frv.

Alþingi, 23. apríl 1924.

Björn Kristjánsson, formaður.	Jóhann Þ. Jósefsson, skrifari og framsögum.

Ingvar Pálmason.

(B. XXXI, 11).

Ed. **436. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu alfriðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.

Nú fækkar rjúpunni svo, að ástæða þykir til þess að friða hana alt árið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að skipa svo fyrir með reglugerð um eitt ár í senn.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu, sem veidd er á friðunartíma, skal sá, er brotlegur verður, sæta 10 kr. sekt, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins. Sömu sekt skal og hver sá maður sæta, er selur eða kaupir, gefur eða þiggur að gjöf rjúpu, sem svo er ástatt um, enda sje honum kunnugt, að svo hafi verið.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 27. júní 1921.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.

(B. LIII, 2).

Nd. **437. Nefndarálit**

um frv. til laga um útgáfu 5. flokks (serie) bankavaxtabrjefa í veðdeild Landsbankans.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta og frv. um sjerstaka búnaðarlánadeild við Landsbankann lágu samtímis fyrir nefndinni. Stefna bæði þessi frv. í líka átt að því leyti, að þeim er ætlað að bæta nokkuð úr starfsfjárskorti landbúnaðarins. Vafi nokkur þótti leika á um bæði frv., að hverju gagni þau kæmu í framkvæmd, þótt samþykt yrðu.

Landbúnaðarnefnd afrjeð — eins og kunnugt er orðið — að mæla fremur með frv. um búnaðarlánadeildina, vegna þess, að hún taldi meiri líkur til, að það kæmi fremur að því gagni í bráð, sem ætlast var til og þörf er á.

Á meðan enn er óselt mikið af vaxtabrjefum 4. flokks og litlar líkur til, að þau seljist fljótlega, þá virðist ekki liggja á að setja lög um útgáfu nýs flokks bankavaxtabrjefa. Auk þess gæti útgáfa nýs flokks bankavaxtabrjefa ef til vill orðið til að seinka því, að ríkisveðbankinn tæki til starfa, en það telur nefndin óheppilegt, ef svo færi.

Hinsvegar telur nefndin frv. þetta fara í rjetta átt og vera líklega leið, þegar uppseld eru bankavaxtabrjef þau, sem þegar eru fyrir, ef þá reyndist enn ókleift að láta ríkisveðbankann taka til starfa. Fyrir því telur nefndin rjett, að

sú spurning sje látin opin, hvort horfið skuli að því ráði síðar, sem frv. bendir til, og leggur því til við háttv. deild, að málinu skuli vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 23. apríl 1924.

H. J. Kristófersson, form.	Halldór Stefánsson, frsm.	Árni Jónsson, fundaskrifari.

Björn Líndal. Pjetur Þórðarson.

(B. L, 7).

Ed. **438. Nefndarálit**

um frv. til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að hin háttv. deild samþykki framangreint frumvarp með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr.

Í stað orðanna »5 af hundraði af nettóágóða« komi: 8 af hundraði af nettóágóða aðalaðsetursins eða útibúsins.

Alþingi, 24. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.	Jónas Jónsson (með fyrirvara).

(A. I, 27).

Ed. **439. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Jónasi Jónssyni.

Við 16. gr. 17 (Heimilisiðnaður). Aths. á eftir:

Sambandið greiði þó Ástu Sighvatsdóttur 1200 kr., enda haldi hún uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík, ekki skemur en 6 mánuði ársins.

(A. I, 28).

Nd. **440. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1925.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1925 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	800000	
		1015000
3. Aukatekjur	280000	
4. Erfðafjárskattur	30000	
5. Vitagjald	195000	
6. Leyfisbrjefagjöld	10000	
		515000
7. Útflutningsgjald		700000
8. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og límonade)	430000	
9. Tóbakstollur	400000	
Flyt ...	830000	2230000

		kr.	kr.
	Flutt ...	830000	2230000
10.	Kaffi- og sykurtollur	890000	
11.	Vörutollur	1120000	
12.	Annað aðflutningsgjald	115000	
			2955000
13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		15000
14.	Stimpilgjald		600000
15.	Lestagjald af skipum		30000
16.	Pósttekjur	350000	
17.	Símatekjur	1000000	
			1350000
18.	Víneinkasala...		300000
19.	Tóbakseinkasala		200000
20.	Steinolíueinkasala.		60000
21.	Skólagjöld		20000
22.	Bifreiðaskattur		22000
	Samtals ...	... ...	7782000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		35000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		20000
	Samtals ...	... ...	55100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum		50000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909.	30000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		45000
5. Vextir af innstæðum í bönkum.		5000
6. Vextir frá Landsverslun		25000
7. Vextir af Viðlagasjóði.		75000
Samtals ...	... ...	225000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		2000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		175000
Samtals ...	... ...	227000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1925 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán...	500000	
2. Erlend lán: £ 8901 - 8 - 3 á 30 kr. og danskar kr. 343895,11	610937,24	
3. Gengismunur.	51584,16	
		1162521,40
II. Afborganir:		
1. Innlend lán...	257400	
2. Erlend lán: £ 1707 - 5 - 2 á 30 kr. og danskar kr. 541272,16	592489,91	
3. Gengismunur..	81190,82	
		931080,73
III. Framlag til Landsbankans, 12. greiðsla..		100000
Samtals ...	... ...	2193602,13

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar...	170000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4500	
		174500
Samtals ...	... ...	174500

10. gr.

Til ráðuneytisins, hagstofunnar, utanríkismála og ríkisráðskostnaðar er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	30000	
	b. Til risnu	4000	
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	74850	
4.	Annar kostnaður	18000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	20000	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			155850
	B.		
	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra	8250	
2.	Laun aðstoðarmanns	5250	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	8000	
4.	Prentun eyðublaða	2000	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	2000	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	10000	
7.	Til að gefa út manntalið 1703	1000	
			36500
	C.		
	Utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
1.	Til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn	17000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	6500	
			39500
	Samtals		231850

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 51500		
	b. Laun ritara 6000		
	c. Annar kostnaður, alt að 2000		
		59500	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ...	143700	
3.	Laun hreppstjóra	27000	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 25200		
	b. Húsaleiga 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 2000		
	d. Ýms gjöld, alt að 1800		
		32000	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 21900		
	b. Laun 3 tollvarða... 13400		
	c. Húsaleiga 4500		
	d. Hiti og ljós 1300		
	e. Ýms gjöld, alt að... 9000		
		50100	
	Fastir starfsmenn í skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...	42000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	11000	
8.	Til byggingar fangahúsa á Ísafirði og í Vestmannaeyjum	16000	
9.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
10.	Borgun til sjódómsmanna	1000	
11.	Borgun til setu- og varadómara	2000	
			396300
	Flyt ...	... ...	396300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	396300
B.		
Ýmisleg gjöld.		
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
b. Til pappírs og prentunar 8000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1200		
	10100	
2. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef 20000		
b. Fyrir embættisskeyti 40000		
	60000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	20000	
4. Til embættiseftirlitsferða	5000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	500	
6. Til landhelgisgæslu, gegn jöfnu framlagi úr landhelgissjóði, að þar til fenginni heimild með sjerstökum lögum	80000	
Af þessari upphæð má verja alt að 20 þús. kr. til að útbúa björgunarskipið »Þór« sem eftirlitsskip.		
7. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar	30000	
		205600
Samtals ...	... ...	601900

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		268200
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		1500
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn...		5000
Stjórnin jafnar niður fjárhæð þessari með hliðsjón af samskonar ákvæðum fjárlaga 1924.		
Flyt ...	... ...	274700

			kr.	kr.
		Flutt ...		274700
4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði			1500
5.	Til augnlækninga:			
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík		1000	
	b. Styrkur til sama, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi í hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að		500	
				1500
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...			1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			1000
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.				
8.	Til geislalækningastofu ríkisins			10000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
10.	Holdsveikraspítalinn			79705
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
	A. Laun læknis		7250	
	B. Annar kostnaður:			
	1. Laun starfsmanna	12000		
	2. Viðurværi 58 manna (ca. 150 a. á dag)	31755		
	3. Klæðnaður	2800		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
	5. Eldsneyti	11000		
	6. Ljósmeti	2000		
	7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
	8. Viðhald á húsum	2500		
	9. Þvottur og ræsting	1800		
	10. Greftrunarkostnaður	500		
	11. Skemtanir	600		
		Flyt ... 68755	7250	371905

		kr.	kr.
	Flutt .. 68755	7250	371905
12. Skattar o. fl.	2500		
13. Ýmisleg gjöld	1200		
		72455	
		79705	
11. Geðveikrahælið á Kleppi			64645
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7250	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	12000		
2. Viðurværi 90 manna (ca. 150 a. á dag)	49275		
3. Klæðnaður 64 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	5760		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	12000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	980		
10. Óviss gjöld	1400		
		94435	
		101685	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 64 sjúklingum: kr. 1,50 á dag	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		37040	
Mismunur ...		64645	
12. Til berklalækninga:			
1. Styrkur samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki		200000	
2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		9610	
			209610
Kostnaðurinn í 2. lið sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7250	
Flyt ...		7250	646160

		kr.	kr.
	Flutt ...	7250	646160
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	34000		
2. Viðurværi	135000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	8000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		236500	
		243750	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
	Mismunur ...	9610	
13. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		15000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið og sýslufjelag Norður-Ísafjarðarsýslu, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (2. veiting)		25000	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústað í Borgarfjarðarhjeraði		15000	
d. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Grímsneshjeraði		3000	
e. Bólusetningarkostnaður		1500	
f. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
	Flyt ...	74500	646160

	kr.	kr.
Flutt ...	74500	646160
g. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...	4000	
h. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breytingu á fátækralögunum, 77. og 78. gr.	60000	
i. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
j. Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
k. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
l. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ annarsstaðar að	2500	
m. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
n. Til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til styrktar hjúkrunarnemum	1000	
o. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafirði	200	
p. Til slysatryggingasjóðs fjelagsins »Dagsbrúnar« ...	500	
q. Viðbótarstyrkur handa Guðmundi lækni Guðfinnssyni, til augnlækninganáms erlendis...	1500	
r. Sjúkrastyrkur handa Elínu Sigurðardóttur	500	
		158500
14. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		22000
Samtals ...	... ...	826660

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A. Póstmál.			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	83874		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur ...	66000		
c. Brjefhirðingamenn	20000		
		169874	
2. Póstflutningur		150000	
Flyt ...		319874	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	319874	... ...
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	7500		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	17000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10000		
d. Önnur gjöld	44000		
		78500	
			398374
B.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra	8250		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5750		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	2000		
5. Skrifstofukostnaður, alt að..	4500		
		23500	
II. Flutningabrautir:			
Viðhald og umbætur		100000	
III. Þjóðvegir:			
Viðhald og umbætur		50000	
IV. Til brúagerða samkvæmt brúalögum		30000	
V. Til viðhalds slitlagi á akvegum		22000	
VI. Fjallvegir		6000	
VII. 1. Til áhalda, alt að	10000		
2. Til bókasafns verkamanna	300		
		10300	
VIII. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		10000	
IX. Til dragferjuhalds:			
1. Á Hjeraðsvötnum	300		
Flyt ...	300	251800	398374

		kr.	kr.
Flutt ...	300	251800	398374
2. Á Lagarfljóti	300		
3. - Skjálfandafljóti	300		
4. - Blöndu	300		
		1200	
X. Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir		2000	
Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir með endastöðvum Garðsauka, Húsatóftum og Torfastöðum.			
			255000
C. Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða:			
a. Esju	150000		
b. Eimskipafjelags Íslands	45000		
		195000	
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		70000	
			265000
D. Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)		35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...		25000	
III. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Laun samkvæmt launalögum	300000		
2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	8000		
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	22000		
4. Þráðlausa stöðin í Reykjavík	10000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	90000		
6. Áhaldahúsið	2500		
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	7300		
Flyt ...	439800	60000	918374

			kr.	kr.
	Flutt ...	439800	60000	918374
8.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000		
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	5800		
10.	Símastöðin á Borðeyri	7000		
11.	Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	4000		
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	6000		
13.	Símastöðin á Siglufirði	5000		
14.	Til aukaritsímaþjónustu	2000		
15.	Til loftskeytastöðvar í Flatey	2000		
16.	Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
17.	Til loftskeytastöðvar á Síðu	2500		
18.	Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	80000		
19.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og annarsstaðar, alt að	10500		
20.	Til efnisvarðar Steindórs Björnssonar, 150 kr. með hverju barni hans	1200		
			578800	
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m....		25000	
V.	Viðbót og viðhald stöðvanna		35000	
VI.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		5000	
VII.	Viðhald landssímanna		110000	
VIII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500	
				815300
	E.			
	Vitamál.			
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1.	Laun vitamálastjóra	8250		
	Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2.	Til verkfróðrar aðstoðar	5700		
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3000		
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
			18950	
II.	Laun vitavarða..		20700	
		Flyt ...	39650	1733674

	kr.	kr.
Flutt ...	39650	1733674
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III. Rekstrarkostnaður vitanna	60000	
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa	5000	
V. Ýmislegt	8000	
		112650
Samtals ...	... ...	1846324

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	8750	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	1500	
		10250
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.	406,28	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs...	210000	
4. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
		218806,28
B. Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	97000	
b. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
Flyt ...	99000	229056,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	99000	229056,28
d.	Námsstyrkur og húsaleigustyrkur ... ... og er ætlast til, að veitt verði úr Sáttmálasjóði í þessu skyni 12500 kr., samkvæmt 2. gr. 3 í stofnskrá sjóðsins. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.	13000	
e.	Til kensluáhalda læknadeildar	500	
f.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 800 kr. til hvors	1600	
g.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4500	
h.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 500		
	——— 1500		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 800		
	——— 2400		
	3. Yms gjöld 3000		
	———	6900	
			125500
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum ... ... Styrk fá aðeins þeir stúdentar, er hlotið hafa við stúdentspróf fyrstu eða aðra einkunn, enda telji ráðherra að rjett sje að veita styrk til þess manns, sem um er að ræða. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal aðeins veittur stú-	15000	
	Flyt ...	15000	354556,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	15000	354556,28
dentunum fyrstu 4 námsárin, og gangi þeir fyrir, er stundað hafa nám 2—3 ár.			
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, alt að		2500	17500
III. Mentaskólinn almenni:			
a. Laun		84200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til bókasafns skólans	400		
2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	6000		
3. — skólahússins utan og innan ...	2000		
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	15000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3000		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Ýmisleg gjöld	2500		
10. Til verðlaunabóka	100		
11. Til að gefa út kenslubók í veraldarsögu handa mentaskólanum .:.	2000	33600	
			117800
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		20350	
b. Önnur gjöld:			
1. Til þriggja aukakennara	9200		
2. Tímakensla	3500		
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	5000		
5. Námsstyrkur	700		
	Flyt ... 19400	20350	489856,28

		kr.	kr.
Flutt ...	19400	20350	489856,28
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	2000		
		23300	
			43650
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		15600	
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	2000		
6. Ýmisleg gjöld	2500		
		13000	
			28600
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
		9300	
			22500
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		12600	
	Flyt ...	12600	584606,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	12600	584606,28
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	1800		
2. Ljós og hiti	1000		
3. Ýms kostnaður	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra ...	2800		
		6600	
			19200
Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9600		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda. 500			
3 Til eldiviðar og ljósa... 3500			
4. Ýmisleg gjöld 5300			
	10300		
		21500	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	10200		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda... ... 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000			
4. Ymisleg gjöld 4500			
	9000		
		20500	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum,			
	Flyt ...	42000	603806,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	42000	603806,28
	sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
	Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
3.	Til skólahalds á Eiðum:		
	a. Laun	10800	
	b. Til aðstoðarkenslu	600	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til búnaðarnáms ... 600		
	2. Til kensluáhalda.. ... 500		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 3500		
	4. Ýmisleg gjöld 2000		
		6600	
		18000	
			60000
IX.	Iðnfræðsla:		
	a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	5000	
	b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	500	
	c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds	500	
	Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
			6000
X.	Verslunarskólar:		
	a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar	5000	
	Flyt ...	5000	669806,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	5000	669806,28
b.	Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ..	5000	
			10000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	1000	
2.	Til verklegrar kenslu:		
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
b.	Annar kostnaður, alt að 400		
		1300	
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, alt að	7280	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11080
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a.	Húsaleigustyrkur 2000		
b.	Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 19000		
c.	40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
d.	Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
		26000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
a.	Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
b.	65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
		17000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		43000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
a.	Laun fræðslumálastjóra 7250		
b.	Skrifstofukostnaður hans 1000		
c.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
		9250	
	Flyt ...	9250	733886,28

	kr.	kr.
Flutt ...	9250	733886,28
2. Laun kennara og dýrtíðaruppbót	250000	
3. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	9000	
4. Til prófdómara við barnapróf	2500	
		270750
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:		
1. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	30000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
2. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	14000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
3. Til fulltrúaráðs verklýðsfjelaganna í Reykjavík, til kvöldskóla verkamanna	350	
		44350
XV. Húsmæðrafræðsla:		
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að. Noti fjelagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		1000
XVI. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá		1000
XVIII. Sundkensla og leikfimi:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík	300	
Flyt ...	300	1062986,28

	kr.	kr.
Flutt ...	300	1062986,28
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfje, njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1000	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	3000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, fyrir að veita utanbæjarstúlkum ókeypis kenslu í leikfimi ...	600	
		4900
XIX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík		2000
Samtals ...	... ...	1069886,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	19900	
b. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3000	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands...	8000	
d. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
e. Húsaleiga	500	
f. Ymisleg gjöld	700	
		32460
Flyt ...	... ...	32460

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	32460
2.	Þjóðskjalasafnið:		
	a. Laun	6750	
	b. Til að binda inn og búa um skjöl	1500	
			8250
3.	Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
	a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	7750	
	b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að	1600	
	c. Til að útvega forngripi, alt að	500	
	d. Til áhalda og aðgerða	600	
	e. Til eftirlits á Þingvöllum	1000	
	Þjóðmenjasafnið sje opið 4 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
			11450
4.	Náttúrufræðifjelagið		1200
	Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5.	Landsbókasafnshúsið:		
	a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
	b. Til viðhalds og áhalda	1500	
			9500
6.	Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði... ...		1500
8.	Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
9.	Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
10.	Til Þjóðvinafjelagsins		2000
11.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1000
12.	Til að vinna að útgáfu registurs við XI. bindi af íslensku fornbrjefasafni		1000
13.	Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
14.	a. Styrkur til skálda og listamanna	8000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	Flyt ...	9200	77560

	kr.	kr.
Flutt ...	9200	77560
c. Til prof. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
		14200
15. a. Til sjera Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins	6000	
b. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli	1200	
		7200
16. Til að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		7500
17. Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign landsins að honum látnum		1500
18. Til Sigurðar Nordals prófessors, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		3000
19. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna:		
a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	7250	
b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1000	
		8250
20. Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1800
21. Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna, 4000 kr., með verðstuðulsuppbót		6000
22. Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
23. Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
24. Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
25. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		500
26. Til Sigfúsar Sigfússonar á Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar		500
27. Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
28. Til landsskjalftarannsókna ... ... Greiðist því að eins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
29. Til veðurathugana og veðurskeyta		26000
30. Til íþróttasambands Íslands		1000
31. Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
Flyt ...	... ...	162510

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	162510
32. Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafnsins.		5000
33. Til Goodtemplarafjelagsins, til bindindisstarfsemi ...		6000
34. Til að kaupa grasasafn Stefáns Stefánssonar skólameistara, síðari helmingur kaupverðs		4000
35. Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, þriðja afborgun		2500
36. Til frjettastofu blaðamannafjelagsins		2000
Samtals ...	... ...	182010

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		140000
2. Til sandgræðslu ... ... Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		15000
3. Til búnaðarfjelaga		10000
4. Gjöld samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna		35000
5. Til Garðyrkjufjelags Íslands: Laun garðyrkjustjóra		4000
6. Til skógræktar:		
a. Laun ... ... Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.	12300	
b. Til skóggræðslu	10000	
7. Til dýralækninga:		22300
a. Laun handa 4 dýralæknum	18750	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	1200	20650
Flyt ...	... ...	246950

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	246950
8.	Til fjárkláðalækninga		10000
9.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
10.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ...	5250	
	b. Húsaleiga	1000	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
			7650
11.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
12.	Til Fiskifjelagsins		55000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks.		
13.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskyfirmatsmanna	18000	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	3400	
	Þar af fær fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. og fiskiyfirmatsmennirnir á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og í Vestmannaeyjum 600 kr. hver.		
	c. 4 síldarmatsmanna	9600	
	d. 4 ullarmatsmanna	2400	
	e. 5 kjötmatsmanna...	4500	
	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			45900
14.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra ...		3000
15.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		15000
16.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
17.	Til gerlarannsókna		2000
18.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		6000
	Sambandið greiði þó Ástu Sighvatsdóttur 1200 kr., enda haldi hún uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík, ekki skemur en 6 mánuði ársins.		
19.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1200
20.	Til sambands norðlenskra kvenna...		500
21.	Til Bandalags kvenna		500
22.	Til vörumerkjaskrásetjara		1200
	Flyt ...	... ...	411500

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	411500
23.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		1500
24.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		600
25.	Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
26.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		600
27.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
28.	Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5250
29.	Til bjargráðasjóðs		23000
30.	Til landhelgissjóðs		20000
31.	Til slysatryggingar sjómanna		20000
32.	Kostnaður af lögum nr. 55, 27. júní 1921		4000
33.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
34.	Laun húsagerðarmeistara...		7550
35.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita: Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót, enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í landssjóð		5250
36.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		30000
37.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli, að frádregnu eftirgjaldi af Staðarfelli, 1800 kr.		1200
38.	Til hjónanna í Hítardal		1000
39.	Til Bjarna Magnússonar, fangavarðar í Stykkishólmi		800
40.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1000
41.	Til vatnsrenslismælinga		2000
	Samtals ...	... ...	537650

17. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	31962,28	
	b. Embættismannaekkjur og börn	14269,89	
	c. Uppgjafaprestar	1113,01	
	d. Prestsekkjur	5555,30	
			52900,48
II.	Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
	a. Embættismenn:		
	1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250,00		
	2. — Þorvaldar Pálssonar læknis ... 300,00		
	3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis 640,00		
	4. — Til Sigurðar Magnússonar læknis 169,87		
	5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500,00		
	6. — Jóns Jacobson landsbókavarðar, ef hann lætur af embætti 3000,00		
		5859,87	
	b. Embættismannaekkjur og börn:		
	1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
	2. — Magneu Ásgeirsson 200		
	3. — Ólivu Guðmundsson 175		
	4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
	5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... 450		
	7. — Sigríðar Finnbogadóttur 500		
		2275	
	c. Uppgjafaprestar:		
	1. Til Stefáns M. Jónssonar 325		
	2. — Guðlaugs Guðmundssonar 500		
	3. — Bjarna prófasts Einarssonar 780		
		1605	
	Flyt ...	9739,87	52900,48

			kr.	kr.
		Flutt ...	9739,87	52900,48
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur	130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur	300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur	300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur	100,00		
7.	— Guðrúnar Pjetursdóttur	300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
9.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700,00		
11.	— Ingibjargar Sigurðardóttur	400,00		
12.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300,00		
13.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300,00		
14.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur ...	300,00		
15.	— Sigrúnar Kjartansdóttur, 200 kr. með hvoru barni hennar, sem er í ómegð	400,00		
16.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300,00		
17.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300,00		
18.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
19.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
20.	— Valgerðar Gísladóttur kr. 176,50 og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	476,50		
21.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
22.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
23.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
24.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
			7219,41	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2.	— 3 barna hennar	300		
3.	— Bjargar Jónsdóttur	300		
4.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5.	— Hjartar Snorrasonar	500		
		Flyt ... 1760	16959,28	52900,48

			kr.	kr.
	Flutt ...	1760	16959,28	52900,48
6.	Til Jónasar Eiríkssonar	500		
7.	— Magnúsar Einarssonar	500		
8.	— Elínar Briem Jónsson	300		
9.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300		
10.	— 1 barns hennar	100		
11.	— Steinunnar Frímannsdóttur	450		
12.	— Þórunnar Stefánsdóttur...	400		
13.	— Árna Theódórs Pjeturssonar, lokastyrkur	500		
			4810	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Árna Gíslasonar	300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
3.	— Böðvars Jónssonar...	200		
4.	— Hallgríms Krákssonar	200		
5.	— Jóhanns Jónssonar	200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	100		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
10.	— Kristínar Jóelsdóttur	200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar	200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14.	— Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15.	— Guðm. Kristjánssonar	200		
16.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ...	600		
17.	— Friðriks Klemenssonar	1000		
			6000	
g.	Ritböfundar:			
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2.	— Valdimars Briems	1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ...	3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar	2000		
			10000	
	Flyt ...		37769,28	52900,48

		kr.	kr.
	Flutt ...	37769,28	52900,48
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson ... 300		
2.	— Jakobínu Pjetursdóttur 200		
3.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr. ... 600		
4.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300 kr. og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ... 700		
5.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300		
6.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300		
7.	— 3 barna hennar 300		
8.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 300		
		3000	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða 500		
3.	— Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 500		
4.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar... 300		
5.	— Páls Erlingssonar 800		
6.	— Erlends Zakaríassonar 300		
7.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
8.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
9.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar... 400		
10.	— Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar... 400		
11.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 400		
12.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
		4900	
	Flyt ...	45669,28	52900,48

	kr.	kr.
Flutt ...	45669,28	52900,48
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara ...	1200	
k. — ekkju Jóhanns Sigurjónssonar skálds	1000	
		47869,28
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		49284,88
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða		40000
Samtals ...	... ...	190054,64

19. gr.

Til óvissra gjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
I. Til óvissra gjalda	100000	
Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögreglueftirlit með fiskiveiðum í landhelgi o. fl.		
Sömuleiðis skal af þessari upphæð greiða gengismun á útborgunum erlendis samkvæmt þessum lögum, öðrum en lángreiðslum.		
II. Til hækkunar á dýrtíðaruppbót, að því leyti sem allsherjarvísitala samkvæmt launalögum væntanlega reynist hærri en áætlað er í fjárlögunum hjer að framan	100000	
		200000
Samtals ...	... ...	200000

20. gr.

Árið 1925 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	kr.	7782000.00	
——	3. —	—	55100.00	
——	4. —	—	225000.00	
——	5. —	—	227000.00	
				kr. 8289100.00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr.	2193602.13	
——	8. —	—	60000.00	
——	9. —	—	174500.00	
——	10. —	—	231850.00	
——	11. —	—	601900.00	
——	12. —	—	826660.00	
——	13. —	—	1846324.00	
——	14. —	—	1069886.28	
——	15. —	—	182010.00	
——	16. —	—	537650.00	
——	17. —	—	4000.00	
——	18. —	—	190054.64	
——	19. —	—	200000.00	
				— 8118437.05
			Tekjuafgangur	kr. 170662,95

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Ólafi J. Hvanndal myndamótara skal veittur 3 ára greiðslufrestur á afborgunum af viðlagasjóðsláni, sem nú er að eftirstöðvum 4334 kr.
5. Verksmiðjunni Álafossi skal veittur 3 ára greiðslufrestur á afborgunum af viðlagasjóðsláni hennar.
6. Af viðlagasjóðsláni Guðmundar Björnssonar sýslumanns skulu vextir taldir 2 % lægri en útlánsvextir bankanna, en þó ekki hærri en 6 %.

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að ábyrgjast eftirfarandi lán:
   a. Alt að 40000 kr. fyrir Mjólkurfjelagið Mjöll í Borgarfirði, gegn endurábyrgð sýslufjelaganna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þegar fyrirtækið er svo undirbúið, að stjórninni þyki tryggilegt.
   b. Alt að 40000 kr. til Húsavíkurhrepps, til að koma á vatnsleiðslu í kauptúninu, gegn endurábyrgð sýslufjelagsins.

II. Að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

III. Að selja gamla símastöðvarhúsið á Akureyri og húseignirnar Bröttugötu 3 A og Aðalstræti 10 í Reykjavík.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1925, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

Bankastjórninni er enntremur heimilt að greiða til veðdeildarinnar af fje bankans tveggja ára vexti og afborganir af veðdeildarláni til Skeiðaáveitufjelagsins.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1924 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(B. XXVIII, 4).

Ed. **441. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, form. (Með fyrirvara).	Eggert Pálsson, fundaskrifari. (Með fyrirvara).	Jónas Jónsson, frsm.

(B. XLIV, 2).

Nd. **442. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn áfengisauglýsingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Flestir þykjast hafa gengið nauðugir að kröfu Spánverja um undanþágu frá bannlögunum. Og lögin um undanþáguna og allar umræður um málið virtust sýna, að ekkert ætti að gera til þess að halda víninu að fólki. Aðeins mátti ekki ganga svo langt, að gera undanþáguna »að engu«, eins og það var orðað í lögunum.

En á engan hátt er fremur hægt að halda víninu að þjóðinni og auka neyslu þess en með því að auglýsa það daglega í flestum blöðum landsins.

Þetta vill frv. það, sem hjer ræðir um, banna.

Verður ekki annað sagt en það, að leyfa slíkar auglýsingar, stingi gersamlega í stúf við alla bannlöggjöf vora og stingi í stúf við þá nauðung, sem undanþága bannlaganna virtist vera.

Þar að auki má segja, að sumar af þessum vínauglýsingum í íslenskum blöðum — öðrum auglýsingum fremur — sjeu þannig orðaðar, að það gangi of nærri því, sem menn telja sæmilegt, að sjást megi á prenti.

Þær athugasemdir hafa komið fram við frv. þetta, að ákvæði þess myndu jafnvel hindra ríkisstjórnina í því að gefa út reglugerðir samkvæmt bannlagaundanþágunni. Það er auðvitað misskilningur. En ef til vill mætti líta svo á, að auglýsingar um skrásetningu vörumerkja, sem snerta áfeng vín og stundum eru

í Lögbirtingablaðinu, mætti eigi taka til birtingar. En þær eru þess eðlis, að ekki þykir sjerstök ástæða til þess að banna þær.

Þykir rjett að taka það fram í frv., að það taki eigi til auglýsinga, sem birtar eru að tilstuðlan ríkisstjórnarinnar, og ætti að mega vænta þess, að slík undanþága yrði eigi misnotuð.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. allsherjarnefndar til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 1. gr. bætist:

Þó nær þetta eigi til þeirra auglýsinga, sem birtar eru að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, síðasta vetrardag 1924.

Jón Baldvinsson, fundaskrifari, frsm. meiri hl.

Jörundur Brynjólfsson.

Bernharð Stefánsson.

(B. VII, 10).

Nd. **443. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. október 1919, um hæstarjett.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 4. gr. Greinin orðist svo: Hæstarjett skipa dómstjóri og 2 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.
2. Við 2. gr. Síðari málsliður (»2. málsgrein falli niður«) falli niður.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo: Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1925.
4. Við 11. gr. Greinin fellur niður.

(B. XLIV, 3).

Nd. **444. Nefndarálit**

um frv. til laga um bann gegn áfengisauglýsingum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar telur mál þetta ekki svo mikilvægt, að ástæða sje til þess að setja lög um það. Áfengisauglýsingar hafa ekki verið svo áleitnar, að hægt sje að ímynda sjer, að þær auki nautn áfengis, og sýnist vera nær að beita geiri sínum þangað, sem þörfin er meiri í þessu máli. Á hinn bóginn er sú leið opin að banna auglýsingar þessar, ef þær fara að verða uppvöðslumiklar. Leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 25. apríl 1924.

Jón Kjartansson, form.	Magnús Jónsson, frsm. minni hl.

(B. LXXIX, 2).

Nd. **445. Lög**

um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921. (Seðlaútgáfa Íslandsbanka).

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

1. gr.

Í stað »1922« í 3. málsgrein 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., komi: 1925.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXXII, 9).

Nd. **446. Lög**

um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

1. gr.

2. gr. laganna verði þannig:

Öll skuldabrjefin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

2. gr.

3. gr. laganna verði þannig:

Skuldabrjefin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára, og með vaxtamiðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að brjefin megi vera lengst í umferð.

Af skuldabrjefum þeim, sem út eru gefin hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabrjefaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabrjefin sjeu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefir ákveðið, þá er brjefin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

Nánari tilhögun um innköllun brjefanna getur ráðherra sett með reglugerð.

3. gr.

7. gr. laganna er úr gildi numin.

4. gr.

Breytingar þær, sem með lögum þessum eru gerðar á framanskráðum lögum, skal innfæra í texta laga nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef, og síðan gefa lögin þannig breytt út í einu lagi.

(B. XLII, 5).

Ed. **447. Lög**

um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skal vera ljósmæðraskóli.

2. gr.

Fyrir »6 mánuðir« í 2. gr. komi: 9 mánuðir.

3. gr.

Fyrri málsgrein 3. gr. laganna orðist svo:
Landlæknir er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari skólans.

4. gr.

Í 3. og 7. gr. laganna, sem verða 4. og 10. gr., komi: ljósmóðir í stað »yfirsetukona«.

5. gr.

Aftan við 4. gr., sem verður 5. gr., bætist:
Þær námskonur einar fá styrkinn, sem skuldbinda sig til að takast á hendur að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi og gegna því ekki skemur en 3 ár samfleytt, nema sjerstök forföll banni, en endurgreiða styrkinn að fullu að öðrum kosti.

6. gr.

Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er verða 6. og 7. gr., svo hljóðandi:

6. gr.

Inntaka í ljósmæðraskólann skal bundin þessum skilyrðum:

1. Innsækjandi sýni skírnarvottorð, bóluvottorð og heilbrigðisvottorð, siðferðisvottorð frá sóknarpresti og vottorð um að hafa lokið fullnaðarprófi barna.
2. Innsækjandi skal sýna skilríki frá hreppsnefnd og sýslumanni um það, að henni sje ætlað ákveðið ljósmóðurumdæmi að loknu prófi.
3. Innsækjandi sje ekki yngri en 22 ára og ekki eldri en 35 ára. Þó getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá aldurstakmarki, ef ástæða þykir.

7. gr.

Tala námskvenna skal að jafnaði ekki vera hærri en 10—12.

7. gr.

5., 6. og 7. gr. verði 8., 9. og 10. gr.

8. gr.

8. gr. laganna, sem verður 11. gr., orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 15, 22. okt. 1912, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um ljósmæðraskóla í Reykjavík.

(B. XVI, 2).

Nd. **448. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá 1. hluta fjárhagsnefndar (Á. F., J. A. J. og B. L.).

Vjer undirritaðir höfum ekki orðið sammála meðnefndarmönnum vorum um frumv. þetta að öllu leyti.

1. gr. frumv. ákveður, að forstaða áfengisverslunarinnar skuli lögð undir forstjóra landsverslunar og að setja skuli lyfjafróðan mann þeim forstjóra til aðstoðar um kaup á nauðsynlegum lyfjum og hjúkrunargögnum. Höfum vjer leitað álits núverandi forstjóra þessara verslana, og þá sjerstaklega forstjóra landsverslunar, um þessi atriði, en þeir hafa báðir ráðið frá því, að sameining eigi sjer stað eins og stendur. Að vorum dómi væri slík ráðstöfun harla óviðfeldin og gæti ekki haft neinn sparnað í för með sjer, sem þó mun aðallega vera tilgangurinn. Vínverslunin er svo stórt og alveg sjerstakt verslunaratriði, að vjer álítum ekki, að hún eigi að komast undir stjórn annarar óskyldrar verslunar. Vínverslunin krefst forstöðumanns, sem hefir faglega þekkingu á því sviði, og þessarar þekkingar hefir núverandi forstjóri hennar aflað sjer með þeirri tveggja ára reynslu, er hann hefir fengið. Enda mun reynslan leiða í ljós, að haldi hann áfram að veita versluninni forstöðu, þá mun hún sýna meiri hagnað framvegis en að undanförnu, þó árlegt sölumagn fari ekki vaxandi.

Fari svo, að breyting verði á forstöðu þessarar verslunar, teljum vjer sjálfsagt að skipa í þá stöðu hæfan mann, er hafi nokkra fagþekkingu í allri meðferð og geymslu vínfanga og hafi auk þess góða almenna verslunarþekkingu. Ætti þessi forstöðumaður ekki að hafa önnur störf með höndum en rekstur vínverslunarinnar.

Lyfjafræðingurinn, sem er tengdur við forstöðu vínverslunar nú, verður það væntanlega ekki lengur en núverandi forstjóri heldur starfinu, enda hægðarleikur að ráða menn í báðar þessar stöður fyrir sama kaup, eða jafnvel lægra en núverandi forstjóri hefir.

2. gr. frumv. getum vjer eftir atvikum fallist á.

Alþingi, 25. apríl 1924.

Aug. Flygenring,	**Jón A. Jónsson.**	**Björn Líndal.**
skrifari og framsögum.		

(B. LXXXIII, 5).

Ed. **449. Lög**

um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Aftan við síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 29, 19. júní 1922, kemur nýr málsliður, svo hljóðandi: Svæðið frá Reykjanestá til Garðskaga telst til Faxaflóa.

(B. XVI, 3).

Nd. **450. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá 2. hluta fjárhagsnefndar (Kl. J., Jör. B. og H. Stef.).

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið ásátt um þetta mál.

Ágreiningurinn nær þó ekki til 2. gr. frv.; um hana er öll nefndin sammála og leggur til, að hún verði samþykt óbreytt.

En um 1. gr. frv. er öðru máli að gegna. Þrír nefndarmanna (Á. F., B. L. og J. A. J.) vilja fella hana alveg burtu. Einn þeirra (Jak. M.) hefir sjerstöðu til hennar, er hann mun gera grein fyrir, en tveir þeirra (H. Stef. og Kl. J.) vilja ekki aðhyllast frumvarpsgreinina óbreytta, og Jörundur Brynjólfsson vill eftir atvikum fallast á þá breytingu á greininni, sem þessi hluti nefndarinnar ber fram. Frumvarpið er meðal annars komið fram af sparnaðarástæðum, og getur þessi hluti nefndarinnar fallist á það, að nokkur sparnaður muni verða því samfara, að áfengisverslunin verði lögð undir landsverslunina. Hann telur eigi þörf vera á því, að skylda ríkisstjórnina til þess að sameina þessar verslanir. Hann telur nægja að gefa stjórninni heimild til þessa, er hún getur notað eftir því, sem best þykir henta, er samningur við núverandi forstjóra áfengisverslunar er á enda. Þessir nefndarmenn leggja því til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Við 4. gr. laganna bætist svolátandi málsgrein:

Þegar samningur við forstjóra áfengissölu ríkissjóðs er á enda, er ríkis-

stjórninni heimilt að fela forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunarinnar og að skipa jafnframt mann með lyfsalaprófi til að hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins og standa fyrir þeim útvegunum, sem um ræðir í þessari grein.

Alþingi, 25. apríl 1924.

Kl. Jónsson. Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari og frsm.

Halldór Stefánsson.

(C. XXV. 4).

Nd. **451. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning fullkominnar klæðaverksmiðju fyrir landið.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að skipuð verði 5 manna nefnd til undirbúnings stofnun fullkominnar nýtísku ullarverksmiðju. Skal ríkisstjórnin skipa 1 nefndarmanna, Samband íslenskra samvinnufjelaga 1, Búnaðarfjelag Íslands 1, Verslunarráð Íslands 1 og Fiskifjelag Íslands hinn fimta.

Verkefni nefndarinnar sje þetta:

1. *að* áætla stærð, gerð og alla aðaldrætti í fyrirkomulagi verksmiðjunnar.
2. *að* áætla henni stað.
3. *að* gera eða láta gera frumdrætti og sem nákvæmasta kostnaðaráætlun og rekstraráætlun fyrir fyrirtækið.
4. *að* safna hlutafje innanlands og jafnvel utan og gera tillögur fyrir næsta Alþingi um hluttöku ríkisins í fyrirtækinu.
5. *að* kalla til stofnfundar, ef til kemur.

Nefndin vinni kauplaust, en kostnaður við störf hennar greiðist úr ríkissjóði. Verði verksmiðjunni komið á, skal þessi kostnaður reiknast til stofnkostnaðar hennar og endurgreiðast ríkissjóði.

(C. XX, 2).

Nd. **452. Þingsályktun**

um útsölu á vínum í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

Neðri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að fela einstökum manni smásölu á vínum í Reykjavík með sjerstökum samningi fyrir ákveðna þóknun, enda sje útsölustöðum ekki fjölgað og ekkert gert til að auka söluna.

(C. XXX, 1).

Nd. **453. Tillaga**

til þingsályktunar um kæliskip.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd. Skal nefndin skipuð þannig: 1 nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Búnaðarfjel. Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Sambands íslenskra samvinnufjelaga, 1 eftir tillögum Verslunarráðs Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands og 1 tilnefnir ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar. Nú gera einhverjar af þessum stofnunum engar tillögur um skipun í nefndina, og skal þá atvinnumálaráðherra skipa í það sæti.

Verkefni nefndarinnar sje:

1. að rannsaka verkefnin fyrir kæliskip hjer við land og skilyrðin fyrir, að slíkt skip gæti borið sig fjárhagslega.
2. að beitast fyrir, að aflokinni áðurgreindri rannsókn og að fenginni viðunandi niðurstöðu, að fram fari almenn fjársöfnun til fyrirhugaðs kæliskips.
3. Að láta undirbúa fyrir næsta þing áætlun um stærð skipsins, byggingarkostnað, rekstrarkostnað og annað, er máli skiftir í því efni.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefir kappsamlega verið unnið að því að bæta kjötverkunina hjer á landi, enda er nú svo komið, að íslenskt saltkjöt hefir getið sjer góðan orðstír þar, sem það er mest notað erlendis. Þrátt fyrir þetta hefir verðið þó ekki hækkað að sama skapi; veldur þar mestu um, að saltkjöt er víðast í litlum metum, og í öðru lagi, að markaðurinn fyrir íslenskt saltkjöt hefir

reynst mjög takmarkaður. Það virðast því litlar eða engar líkur til þess, að saltkjöt hækki í verði, og nálega loku skotið fyrir aukna kjötframleiðslu hjer á landi, svo nokkru nemi, ef byggja ætti á saltkjötsmarkaðinum einum. Við þessa örðugleika bætast svo gífurlegar tollálögur Norðmanna, sem ósjeð er, hversu fer um.

Kjötframleiðendurnir íslensku eru því að komast í kreppu, sem þeim ríður á að losna úr, helst bæði í bráð og lengd. Sú skoðun er nú orðin allalmenn meðal bænda, að líklegasta og um leið sjálfsagðasta leiðin til þess að losna úr þessu öngþveiti sje að koma kjötinu kældu eða frystu á erlendan markað. Samband íslenskra samvinnufjelaga hefir 2 undanfarin haust gert tilraunir með útflutning og sölu á slíku kjöti. Tilraunir þessar hafa leitt í ljós, að hægt er að koma íslensku kjöti óskemdu á breskan markað, að kjötið þykir sjerstaklega ljúffengt og að hægt er að selja það fyrir tiltölulega mjög gott verð.

Enn þá hafa þetta aðeins verið tilraunir, en til þess að verulegur útflutningur á kældu kjöti gæti hafist, verður að fá skip, sem sje sjerstaklega útbúið til slíkra flutninga. Emil Nielsen framkvæmdarstjóri hefir látið gera teikningu af kæliskipi á stærð við Goðafoss, og er áætlað, að það myndi kosta um 1400000 kr. danskar. Enn þá er þetta þó alt í lausu lofti og margt, sem þarf að rannsaka áður en í þetta er ráðist, þar á meðal og ekki síst, hverjar líkur væru til þess, að skip þetta hefði nægilegt að starfa þá hluta ársins, er það starfaði ekki að kjötflutningum, og í því sambandi, hvort skip þetta gæti ekki einnig orðið sjávarútveginum að verulegum notum.

(B. XVI, 4).

Nd. **454. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá 3. hluta fjárhagsnefndar (Jak. M.).

Það virðist auðsætt, að verulegur sparnaður muni geta orðið að því að sameina allan verslunarrekstur ríkisins. Yfirstjórn slíks fyrirtækis ætti á engan hátt að vera ofvaxin einum verulega hæfum manni, en auk þess mundi vafalaust mega spara talsvert fje til skrifstofuhalds, ef skrifstofan væri sameiginleg fyrir allan verslunarreksturinn. Mundi t. d. að sjálfsögðu nægja einn fjehirðir og til bókfærslu og brjefaskrifta mundi og þurfa færri menn. Þó að hvorugur núverandi forstjóra treysti sjer til þess að takast á hendur forstjórn alls verslunarrekstrarins, þá er auðvitað, að ríkisstjórnin er ekki við þá eina bundin, en mundi vafalaust geta fengið hæfan mann til að veita fyrirtækinu forstöðu. Hinsvegar er nú sjeð fyrir, að tóbaks- og víneinkasölunum muni nú verða haldið áfram um óyfirsjáanlegan tíma, og er því ekki fyrir hendi sú ástæða til að láta sameining-

una farast fyrir, að gera megi ráð fyrir því, að nokkuð verði dregið úr þessum verslunarrekstri í náinni framtíð. En jafnvel þó að til þess kæmi á næstu kjörtímabilum, þá getur þetta þing á engan hátt borið fram slíkar spár sjer til afsökunar eða sem átyllu til þess að tefja fyrir þessari sameiningu.

Af framangreindum ástæðum legg jeg til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 26. apríl 1924.

Jakob Möller.

(D. II, 1).

Nd. **455. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um tryggingar fyrir enska láninu.

Flutningsmaður: Bernh. Stefánsson.

Hvernig er háttað tryggingum þeim, sem Íslandsbanki hefir sett fyrir enska láninu? Og hversu há er upphæð tryggingarfjárins?

(B. VII, 11).

Nd. **456. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. október 1919, um hæstarjett.

Flutningsmenn: Sigurjón Jónsson og Björn Líndal.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 4. gr. Greinin orðist svo: Hæstarjett skipa dómstjóri og 2 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.
2. Við 2. gr. Síðari málsliður (»2. málsgrein falli niður«) falli niður.
3. Við 10. gr. Síðari málsliður (»Ekki fer kosning . . . í embættinu«) fellur niður.
4. Við 11. gr. Greinin fellur niður.

(C. XXV, 5).

Nd. **457. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning fullkominnar klæðaverksmiðju fyrir landið.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Halldór Stefánsson, Þorleifur Jónsson og Ing. Bjarnarson.

I. Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til undirbúnings aukins ullariðnaðar í landinu, þar með heimilisiðnaðar. Nefndarmenn skulu vera sinn úr hverjum landsfjórðungi og einn úr Reykjavík. Búnaðarfjelagið, Fiskifjelagið, Verslunarráðið og Samband ísl. samvinnufjelaga hafa hvert um sig tillögurjett um skipun eins manns í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera:

1. Að athuga og gera tillögur um alla aðaldrætti í fyrirkomulagi ullariðnaðar í landinu.
2. Að rannsaka skilyrðin fyrir aukinni dúkagerð, fyrst og fremst til fullnægingar á klæðaþörf landsmanna, hvar og hve víða væri haganlegt að stofna til hennar og hvern stuðning ríkið gæti veitt tóvinnufyrirtækjunum, án verulegra útgjalda eða fjárhættu.
3. Að gera ítarlegar kostnaðaráætlanir fyrir tóvinnustofnanir þær, sem nefndin telur tiltækilegt að koma þegar á fót.
4. Að athuga, hvernig líklegast væri að safna stofnfje til fyrirtækjanna, kynna sjer áhuga og getu hjeraðanna til að koma tóvinnufyrirtækjum upp og leita þar loforða um fjárframlög.

Nefndin leggi fyrir næsta Alþingi álit sitt og tillögur. Nefndarmenn vinni kauplaust, en ferðir þeirra og útlagður kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

II. Fyrirsögn tillögunnar verði þannig:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning aukins ullariðnaðar í landinu.

(B. L. 8).

Ed. **458. Frumvarp**

til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Engin stofnun ríkisins er aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 8 af hundraði af nettóágóða aðalaðsetursins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur. Aðrar stofnanir greiða ekki þennan skatt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XLIII, 3).

Nd. **459. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið samferða háttv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frv. Jeg tel eigi rjett að breyta bannlögunum á annan hátt en að bæta úr augljósum misfellum þeirra. Jeg tel það ekki heppilegt að herða mjög á refsiákvæðum laganna meðan ekki er jafnframt bætt úr eftirlitinu. Eftirlitsleysi með lögunum er frá mínu sjónarmiði sjeð aðalgalli þeirra. En til þess að bætt verði úr því, þarf mjög að auka alla tollgæslu, en eins og nú er komið fjárhag ríkissjóðs, mun enginn kostur að fá fjármagn það, sem með þarf, svo að gagni verði.

Ýmislegt í frv. þessu tel jeg gott og miða að því að bæta augljósa galla á bannlögunum. Aftur gengur annað of langt, setur bann eða háa refsingu við því, sem ilt er að hafa eftirlit með eða framkvæma, en slík refsiákvæði verka ekki í rjetta átt.

Fyrsta aðalbreytingin, sem frv. þetta fer fram á, er að nema burt heimild þá, sem íslensk fólksflutningsskip í millilandasiglingum geta fengið nú til þess að hafa áfengi innanborðs handa farþegum og skipshöfn. Það skal viðurkent, að þessi heimild er varla samrímanleg bannlögunum. En 1917, þegar bannlögin voru endurskoðuð, þótti ekki fært að nema þetta ákvæði burt, og segir um það svo í ályktun, er stjórn Eimskipafjelags Íslands sendi Alþingi:

»Ákveðið að senda allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis tilmæli um, að ekki verði úr lögum numin heimild sú, sem skip fjelagsins hafa nú til þess að hafa áfengi um hönd handa farþegum og skipshöfn í ferðum milli landa, með því að afnám þessarar heimildar myndi hafa í för með sjer fjárhagslegt tjón fyrir fjelagið, misrjetti gagnvart öðrum millilandaskipum og önnur óþægindi«.

Alþingi fjellst á þessar ástæður 1917, og þá ætti því meiri nauðsyn að vera nú, að E. Í. verði ekki bakað fjárhagslegt tjón eða óþægindi, því erfiðleikar fjelagsins eru miklir og samkepni erlendra millilandaskipa miklu meiri og hættulegri nú en var 1917. Hefi jeg þess vegna ekki sjeð mjer fært að fella þessa heimild nú úr lögunum.

Þá get jeg ekki fallist á þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, að einungis megi afgreiða áfengislyf eftir lyfseðlum frá starfandi hjeraðslæknum, prófessorum læknadeildar háskólans og spítalalæknum ríkisins. Þegar nauðsyn áfengis til lækninga er viðurkend og áfengi á í því skyni að vera til í lyfjabúðum, þá getur það naumast talist forsvaranlegt að einskorða heimildina til þess að gefa út lyfseðla við þessa ákveðnu lækna. Hinsvegar þykir rjett, að meira öryggi sje sett í lögin, til varnar misbrúkun á þessu, eins og gert er í 15. gr. frv.

Jeg er samdóma háttv. meiri hluta um það, að það sje heppilegt og jafnvel nauðsynlegt við framkvæmd bannlaganna hjer í Reykjavík, að lögreglustjóri geti gefið út úrskurð til heimilisrannsóknar eftir áfengi, því oft þarf að fá slíkan úrskurð með mjög stuttum fyrirvara og að næturþeli. Hinsvegar þykir sjálfsagt, að þetta vald sje ekki alment lagt í hendur lögreglustjóra, heldur nái það einungis til þeirra manna, sem hafa verið dæmdir fyrir ólöglega sölu eða veiting á áfengi, en þessir menn eru verstu bannbrjótarnir og erfiðastir viðfangs.

Á nokkrum stöðum í frv. virðist mjer farið alllangt út fyrir almennar reglur um ábyrgð manna á gerðum annara, og þar sem hjer er um refsiábyrgð að ræða, verður það að álítast mjög varhugavert að ganga út á þá braut.

Ýmislegt fleira hefi jeg að athuga við frv. þetta, sem jeg hirði ekki frekar að nefna, en geri breytingartillögur við þær greinar frv.

Samkvæmt framanskráðu legg jeg til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

I. Við 4. gr. 2.
Málsgreinin falli burt.

II. Við 8. gr. 2.
Upphaf 2. málsgreinar orðist svo: Lyfsalar og hjeraðslæknar, sem lyfsölu hafa á hendi, mega selja áfeng lyf eftir lyfseðli o. s. frv.

III. Við 11. gr. Á eftir orðunum »Við 12. gr.« kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á eftir fyrstu málsgrein kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Lögreglustjóranum í Reykjavík er heimilt að láta framkvæma heimilisrannsókn hjá þeim mönnum, sem með dómi hafa orðið uppvísir að broti gegn lögum þessum með því óleyfilega að selja eða veita áfengi. Skal lögreglustjóri þá kveða upp úrskurð um heimilisrannsóknina.

IV. Við 12. gr. Greinina skal orða svo:
Við 14. gr.
Á eftir »1000—5000 kr.« í 3. málsgrein komi: og skal auk sektanna beita fangelsisrefsingu.

V. Við 13. gr.
Orðin »Lyfsali ber ábyrgð . . . . . sinna« í síðustu málsgrein falli burt.
VI. Við 14. gr.
a. Fyrir »2000—20000« komi: 500—2000.
b. Orðin »Verði ekki upplýst . . . . . ábyrgð á því« falli burt.
VII. Við 15. gr.
Orðin »Lytsali, er afgreiðir . . . . .« og út falli burt.
VIII. Við 16. gr.
Greinin falli burt.
IX. Við 17. gr.
Greinin falli burt.

Alþingi, 25. apríl 1924.

Jón Kjartansson,
form.

(A. I, 29).

Nd. **460. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 11. gr. A. 8. (Fangahús):
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Birni Líndal.*
Við 12. gr. 4. (Aðstoðarlæknir á Ísafirði):
Fyrir »1500« kemur 1800

III. Frá *Jóni Kjartanssyni.*
Við 12. gr. 13. c. (Sjúkraskýli í Borgarfirði):
Liðinn skal orða svo:
Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústaði ... 20000
Til vara:
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 12. gr. 13. c. Nýr liður:
Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknisbústað í Flatey á Breiðafirði 14000

V. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 12. gr. 13. i. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík 1200

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 12. gr. 13. n. (Hjúkrunarnám):
Liðurinn fellur niður.
2. Við 12. gr. 13. q. (Guðm. Guðfinnsson):
Liðurinn fellur niður.
3. Við 12. gr. 13. r. (Elín Sigurðardóttir):
Liðurinn fellur niður.

VII. Frá *Jakob Möller.*
Við 12. gr. 13. r. Nýr liður:
Lokastyrkur til Skúla læknis Guðjónssonar, til heilbrigðisfræðináms erlendis 1800

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 13. gr. B. II. (Flutningabrautir):
Fyrir »100000« kemur... 75000
2. Við 13. gr. B. X. (Bifreiðastyrkur):
Liðinn skal orða svo:
Styrkur til bifreiðaferða vor og haust frá Reykjavík austur um sveitir 1000
Bifreiðafjelag o. s. frv.
3. Við 14. gr. B. I. b. (Háskólakensla hjeraðslæknis):
Fyrir »1500« kemur 1000
4. Við 14. gr. B. I. c. (Lagalæknisfræði):
Liðurinn fellur niður.

IX. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 14. gr. B. I. d. (Námsstyrkur háskólastúdenta):
Liðinn skal orða svo:
Námsstyrkur, húsaleigustyrkur og ferðastyrkur vegna stúdentaskifta 22000
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum.
Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.

X. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. II. a. (Námsstyrkur stúdenta erlendis):
Fyrir »15000« kemur 12000

XI. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 14. gr. B. II. a. (Námsstyrkur stúdenta erlendis):
Framan við athugasemdina bætist: Skal hverjum styrkþega veitt eigi lægri upphæð en svo, að jafngildi Garðstyrk, að frádregnum 200 kr.

XII. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. II. a. (Námsstyrkur stúdenta erlendis):
Fyrir »2—3 ár« í niðurlagi aths. kemur: 1—3 ár.

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 14. gr. B. III. b. 4. (Tímakensla við mentask.):
Fyrir »15000« kemur 13000
2. Við 14. gr. B. III. b. 11. (Veraldarsaga):
Liðurinn fellur niður.
3. Við 14. gr. B. XVIII. 4. (Ingibjörg Guðbrandsd.):
Liðurinn fellur niður.

XIV. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
1. Við 15. gr. 3. d. Nýr liður:
Til að kaupa íslensk listaverk 3500
2. Við 15. gr. 15. a. (Jóh. L. L. Jóh.). Liðinn skal orða svo:
Til Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til þess að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, 4000 kr. með verðstuðulsuppbót, enda sje safnið eign ríkisins 6000

XV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 15. gr. 15. a. (Jóh. L. L. Jóh.):
Fyrir »6000« kemur... 5000
2. Við 15. gr. 15. b. (Þórbergur Þórðarson):
Fyrir »1200« kemur... 1000

XVI. Frá *Árna Jónssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 15. gr. 18. (Sigurður Nordal):
Liðurinn fellur niður.

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 21. (Helgi Pjeturss):
Fyrir »6000« kemur 5000

XVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 21. (Helgi Pjeturss):
Orðin: »til jarðfræðirannsókna« falli niður.

XIX. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til Egils Guttormssonar, til að gefa út Lög Íslands, 100 kr. á örk, alt að 900

XX. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 36. (Frjettastofan):
Fyrir »2000« kemur 4000

XXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 18. (Heimilisiðnaðarfjel.):
Fyrir »6000« kemur... 5200
2. Við 16. gr. 19. (Halldóra Bjarnadóttir):
Fyrir »1200« kemur... 2000

XXII. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 16. gr. 19. Nýr liður:
Til Þórdísar Ólafsdóttur, til þess að halda uppi kenslu í hannyrðum, heimilisiðnaði og öðrum kvennafræðum í Dalasýslu 500

XXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. 21. (Bandalag kvenna):
Liðurinn fellur niður.
2. Við 16. gr. 32. (Skipulag kauptúna):
Liðurinn fellur niður.
3. Við 16. gr. 38. (Hjónin í Hítardal):
Liðurinn fellur niður.
4. Við 16. gr. 39. (Bjarni Magnússon):
Liðurinn fellur niður.

XXIV. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður:
Til Guðmundar Björnssonar... 150

XXV. Frá *Ágúst Flygenring.*
Við 18. gr. II. e. 13. Liðinn skal orða svo:
Til Árna Theódórs Pjeturssonar þangað til stjórnin veitir honum aftur starf hans eða annað álíka 500

XXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 19. gr. II. (Dýrtíðaruppbót):
Fyrir »100000« kemur 168000

XXVII. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*

Við 21. gr. 3. Nýr liður:

2000 kr. til Tómasar Kristjánssonar, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal í Dalasýslu, til þess að leita sjer heilsubótar erlendis, gegn þeirri tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda. Lánið er veitt til 12 ára, gegn 6% ársvöxtum, og er afborgunarlaust fyrstu 2 árin.

XXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 21. gr. 4. (Ólafur J. Hvanndal):

Liðurinn fellur niður.

2. Við 21. gr. 5. (Álafoss):

Liðinn skal orða svo:

Stjórninni er heimilt að veita verksmiðjunni Álafossi 3 ára greiðslufrest á afborgunum af viðlagasjóðsláni hennar.

XXIX. Frá *Bernharð Stefánssyni.*

Við 22. gr. I. b. Nýr liður:

Alt að 300000 kr. til Siglufjarðarkaupstaðar, til byggingar raforkustöðvar og rafmagnsveitu.

Ábyrgðarheimildin er bundin því skilyrði, að stjórnin telji, að fyrirtækið muni borga sig og að bæjarfjelagið sje fært um að standa straum af því.

(C. XXXI, 1).

Nd. **461. Tillaga**

til þingsályktunar um framhaldsnám í gagnfræðaskólanum á Akureyri.

Flutningsmenn: Bernharð Stefánsson og Ásgeir Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að heimila að nota húsrúm og kenslukrafta gagnfræðaskólans á Akureyri, sem af kynni að ganga ef bekkjum skólans verður ekki tvískift, til að greiða götu fátækra og efnilegra nemenda úr skólanum við framhaldsnám, með því skilyrði, að sú breyting auki ekki útgjöld ríkissjóðs til skólans.

(B. XXXVII, 8).

Ed. **462. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Við 2. gr.
   Orðin í upphafi greinarinnar: »Til ársloka — Íslands« orðist svo: Til ársloka 1926 er stjórn Landsbankans heimilt að leggja.
2. Við 3. gr.
   Liðirnir 2, 3 og 4 falli burt. Talan framan við 1. lið falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Það er á valdi bankastjórnarinnar, hversu mikið hún vill lána að tiltölu við virðingarverð veðsins, en hún lánar þó að öllum jafnaði ekki nema út á helming virðingar veðs og engu sinni meira en $^2/_3$ þess, ef veðið er jarðarveð, en $^1/_4$ ef veðið er hús á jörðu, sem veðsett er með henni.
4. Á eftir þessari grein komi ný 5. gr., svo hljóðandi:
   Heimilt er bankanum að veita úr deildinni lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:
   a. Leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda (sýslunefndar, stjórnarráðs) til lántökunnar.
   b. Fjárhagsreikningur sýslu-, sveitar- eða bæjarfjelagsins næsta ár á undan lánbeiðninni.
   c. Vottorð viðkomandi sýslumanns eða bæjarfógeta um, að sýslan, sveitin eða bæjarfjelagið standi ekki í neinni sjálfskuldarábyrgð fyrir kaupfjelagsskuldum nje öðrum slíkum skuldum.
5. 5. gr. verður 6. gr. og orðin: »þegar um lán til húsabóta« til enda greinarinnar falli burt.
6. 6. grein verður 7. gr.
7. 7. grein falli burt.
8. 8. grein verði 7. gr. og orðin: »og lánstiminn eigi skemri en« orðist svo: Lánstíminn má eigi lengri vera en.
9. 9. grein verði 8. gr.
10. 10. grein falli burt.

(A. I, 30).

Nd. **463. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 2. gr. 14. (Stimpilgjald).
Fyrir »600000« kemur 1100000

II. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. XI. 1. (Forstöðum. ljósmæðraskólans).
Fyrir »1000« kemur... 1500

III. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við 15. gr. 17. (Hannes Þorsteinsson).
Liðurinn fellur niður.
Til vara: Fyrir »1500« kemur 500

IV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til lögheimilaðra framkvæmda í atvinnubótaskyni 500000

(B. VII, 12).

Nd. **464. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Flutningsmaður: Árni Jónsson.

Á eftir 4. gr. kemur ný grein, svo látandi:

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 38. gr., svo látandi:

Nú er mál að áliti rjettarins sjerstaklega umfangsmikið eða líkur þykja til, að dómsúrslit muni mjög orka tvímælis, og skal þá forseti rjettarins kveðja tvo af varadómendum rjettarins til að taka sæti í rjettinum ásamt föstu dómendunum.

(C. XXXII, 1).

Ed. 465. Tillaga

til þingsályktunar um landsspítalamálið.

Flutningsmenn: Ingibjörg H. Bjarnason og Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa landsspítalamálið fyrir næsta þing á þeim grundvelli, sem hjer segir:

1. Að gerð verði sú breyting á teikningu þeirri að landsspítala, sem lögð var fyrir síðasta Alþingi, að byggingin öll verði ekki dýrari nje stærri en t. d. hið nýja Landsbankahús, sem mun hafa kostað um 700000 kr., og haga gerð þess svo, að nota mætti það fyrst um sinn án frekari viðbótar.
2. Að framkvæmd byggingarinnar sje hagað þannig, að bygt verði árlega fyrir ekki minna en 150000 til 200000 kr. og að leitað verði samninga við stjórn landsspítalasjóðsins um að leggja fram af sjóðnum árlega alt að 75000 kr., móti því að ríkissjóður leggi fram upphæð, sem eigi sje minni en 75000—100000 kr.
3. Að leitað verði samninga við Reykjavíkurbæ til að tryggja spítalanum endurgjaldslaust afnot af heitu vatni úr Laugunum.

Greinargerð

fyrir tillögu þessari felst í brjefum þeim, sem prentuð eru hjer á eftir.

Fylgiskjal I.

HASKÓLI ÍSLANDS
læknadeildin.

Reykjavík 31. mars 1924.

Á fundi læknadeildar þ. 27. þ. m. var rætt um vandræðin, sem stafa af spítalaleysinu og byggingu landsspítalans. Þótti flestum svo áhorfast sem það væri ætlun Alþingis að slá henni á frest um óákveðinn tíma vegna erfiðs fjárhags.

Deildin telur þetta óráð og naumast auðið að fresta byggingunni um mörg ár, enda ekki líklegt að oss sje það ókleyft, sem smábæir erlendis, jafnvel Færeyingar, hafa efni á og telja ómissandi. Að leggja málið algerlega á hylluna er ekkert úrræði.

Þó nú svo kunni að vera að landinu sje ókleyft fyrst um sinn að verja þó ekki væri nema einni millión til þess að byggja landsspítala, þá ætti þvi ekki að vera ofætlun að leggja árlega minni upphæð til hliðar, t. d. 1—200000 kr. — og safnaðist þá er saman kæmi. Húsameistari ríkisins telur að hentast væri að ráðast ekki í mjög mikið í senn, helst byggja ekki fyrir öllu meira á ári en 200000 kr., því þá muni fleiri geta kept um vinnuna og hún fást mun ódýrari. Ef mjög mikið væri bygt á 1—2 árum dragi það og smiði og verkafólk til Reykjavíkur, sem ekkert væri við að gera þegar verkinu væri lokið. Hann telur það víst, að á þennan hátt ynnist vaxtatapið upp og meira en það. Stórar byggingar standa og ætíð yfir nokkur ár.

Deildin leyfir sjer því að fara fram á það, að hinar háttvirtu fjárveitinganefndir taki rækilega til athugunar hvort enginn vegur væri til þess, að leggja nú þegar nokkra upphæð til hliðar, til þess að hrinda landsspítalamálinu eitthvað áleiðis. Reynslan mun sýna, að fram hjá því verður ekki komist og sennilega er þessi leið ljettust og heilbrigðust, heilbrigðari en stórlán o. þvíl.

G. Magnússon,
deildarforseti.

Til
fjárveitinganefnda Alþingis.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 25. apr. 1924.

Brjef yðar, herra alþingismaður (ɔ: J. J.), um byggingu landsspítala, á stærð við landsbankann, viljum við svara á þessa leið:

Spítali af þessari stærð myndi rúma um 60 sjúklinga. Hann mætti byggja svo, að engu þyrfti verulega að breyta, þó aukið væri við bygginguna. Hann myndi bæta mikið úr sjúkrahúsþörfinni og verða til mikilla bóta við kenslu læknaefna. Við teljum það og vafalaust, að það myndi borga sig vel, að hraða ekki byggingunni öllu meira en þjer gerið ráð fyrir, t. d. svo að bygt væri á ári fyrir ca 150,000 kr. Fyrirtækið yrði þá viðráðanlegra og vinna fengist ódýrari með útboðum.

Okkur dylst þó ekki, að mikið hlyti að vanta á, að spítali þessi fullnægði þeim kröfum, sem gera verður til landsspítala. Pláss fengist þar lítið eða ekkert fyrir berklaveika, Röntgenstofnunin rúmaðist þar ekki og um sjerstaka deild fyrir sængurkonur væri ekki að tala. Skurðarstofur yrðu að vera mjög einfaldar og kenslustofur engar sjerstakar. Þá yrði eldhús og þvotthús að vera í kjallara en starfsfólk og hjúkrunarstúlkur að búa á efstu hæð, en hvorutveggja hefir reynst neyðarúrræði, þó víða sje þetta skipulag notað. Mörgu fleira yrði ábótavant.

Ef til vill er nú fjárhagur landsins svo erfiður, að hann leyfi ekki að hugsa sjer hærra fyrst um sinn. Ef um tvent er að velja: að byggja slíkan spítala eða alls engan að öðrum kosti, teljum við þann kostinn betri og álitlegri fyrir alla, að byggja hann með þessari stærð.

Virðingarfyllst

Guðjón Samúelsson. Guðm. Hannesson.

(C. XXIII, 2).

Ed. **466. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um skipulag á sölu sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir athugað tillöguna, en ekki getað orðið sammála um hana.

Minni hlutinn (I. P.) vill halda tillögunni fram eins og hún er.

Meiri hlutinn (B. K. og J. Jós.) vill vísa málinu til stjórnarinnar með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin taki til rækilegrar athugunar tillögur þær til umbóta á fiskmati, frágangi fisksendinga, fisksölu og fiskútflutningsfyrirkomulagi, sem Spánarerindreki landsins hefir gert í skýrslu sinni til stjórnarráðsins, dags. 20. mars síðastliðinn, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. apríl 1924.

Björn Kristjánsson, formaður.

Jóhann Þ. Jósefsson, skrifari og frsm.

Ingvar Pálmason, ósamþykkur hinni rökstuddu dagskrá.

(A. I, 31).

Nd. **467. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

I. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 16. gr. 38. (Hjónin í Hítardal). Liðinn skal orða svo:
Til jafnra skifta milli hjónanna í Hítardal og hjónanna á Reykjum í Mjóafirði 1400

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 21. gr. 6. (Guðm. Björnsson sýslum.).
Liðurinn fellur niður.

(B. LXXVI, 3).

Ed. **468. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

34. gr. orðist þannig:

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal stíga í sjerstakan, þar til gerðan ræðustól.

Skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann með nafni, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu.

2. gr.

Í stað annarar málsgreinar í 35. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ráðherrar mega tala svo oft og lengi sem þeim þykir þurfa.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar og flutningsmaður máls mega tala lengst eina klukkustund í senn við frumræðu hvers máls og framsögumenn fjárveitinganefnda tvær klukkustundir.

Aðrar ræður mega ekki standa lengur yfir en hálfa klukkustund og stuttar athugasemdir ekki lengur en fimm mínútur.

(B. XXXIII, 11).

Ed **469. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Við 2. gr. a.-lið. Fyrir »0,8% — 80« komi: 0,6% — 60.
2. Við 2. gr. b.-lið. Fyrir »0,8% — 80« komi: 0,6% — 60.
3. Við 2. gr. c.-lið. Fyrir »0,2% — 20« komi: 0,1% — 10.

(B. XXXVII, 9).

Ed. **470. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Vjer undirritaðir landbúnaðarnefndarmenn höfum athugað framangreint frv. Vjer höfum og kynt oss brjef Landsbankastjórnarinnar til landbúnaðarnefndar neðri deildar, dags. 17. f. m. og 8. þ. m., og auk þess hefir einn okkar (formaður nefndarinnar) átt sjálfur viðtal við bankastjórnina um málið.

Er því ekki að leyna, að bankastjórnin er frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, algerlega mótfallin.

En þótt bankastjórnin sje mótfallin frumvarpi þessu og hafi bæði skriflega og munnlega bent á ýmsa annmarka við að samþykkja það, þá sjáum vjer þó engan annan líklegri útveg til þess að bæta lítið eitt úr hinni brýnu þörf landbúnaðarins fyrir þolanleg lán heldur en þann, sem felst í þessu frumvarpi, og leggjum því til við hina háttvirtu deild, að hún samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1924.

Eggert Pálsson, form. og frsm.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson.

(B. XXXI, 12).

Ed. **471. Lög**

um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu alfriðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.

Nú fækkar rjúpunni svo, að ástæða þykir til þess að friða hana alt árið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að skipa svo fyrir með reglugerð um eitt ár í senn.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu, sem veidd er á friðunartíma, skal sá, er brotlegur verður, sæta 10 kr. sekt, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins. Sömu sekt skal og hver sá maður sæta, er selur eða kaupir, gefur eða þiggur að gjöf rjúpu, sem svo er ástatt um, enda sje honum kunnugt, að svo hafi verið.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 27. júní 1921.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.

(B. XI, 7).

Ed. **472. Lög**

um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

Lög nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi, eru úr gildi numin.

(A. II, 5).

Ed. **473. Fjáraukalög**

fyrir árið 1922.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1922, eru veittar 872189,12 kr. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. eru veittar 48425,19 kr.

		kr.	kr.
	A. Ráðuneytið.		
2.	Utanferðir ráðherra	12553,25	
4.	Annar kostnaður	4621,65	
5.	Ríkisfjehirðisstörf	6317,66	
6.	Umbætur og viðhald á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað	9403,63	
			32896,19
	B. Hagstofan.		
4.	Prentun eyðublaða	231,85	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	60,39	
			292,24
	C. Sendiherra o. fl.		
1.	a. Laun	11999,96	
	b. Skrifstofuhald	3236,80	
			15236,76
		Samtals	48425,19

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. eru veittar 111539,04 kr.

		kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn.	
1.	c. Annar kostnaður	2226,11
5.	b. Laun tollvarða	6216,00
	e. Ýms gjöld	995,06
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála	4955,11
	Flyt	14392,28

		kr.	kr.
	Flutt	14392,28	
9.	Borgun til sjódómsmanna	232,00	
10.	Borgun til setu- og varadómara	1718,90	
			16343,18
	B. Ýmisleg gjöld.		
1.	c. Kostnaður við sending með póstum	93,91	
2.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald fyrir handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	10512,76	
	b. Fyrir embættisskeyti	106,42	
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	14016,50	
6.	Landhelgisgæsla	30258,17	
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar ...	40208,10	
			95195,86
		Samtals	111539,04

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. eru veittar 46462,54 kr.

		kr.
21.	Geislalækningastofa	19448,98
27.	a. Styrkur til sjúkrahúsa og skýla	18258,26
	f. Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	1295,30
	n. Utanfararkostnaður yfirsetukvenna	460,00
	p. Styrkur til umbúðasmiðs	7000,00
	Samtals	46462,54

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. eru veittar 373945,58 kr.

	A. Póstmál.	kr.	kr.
3.	d. Önnur gjöld		29007,83
	B. Vegamál.	kr.	
I.	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	711,22	
	4. Aðstoð og mælingar	6020,12	
	5. Skrifstofukostnaður	1774,12	
II.	5. Viðhald flutningabrauta	5802,81	
	7. Holtavegurinn	1227,57	
III.	1. Stykkishólmsvegur	12249,46	
	Flyt	27785,30	29007,83

		kr.	kr.
	Flutt	27785,30	29007,83
6.	Kjalarnesvegur	405,44	
8.	Aðrar vegabætur og viðhald	8450,19	
IV.	Fjallvegir	4407,23	
V. 1.	Til áhalda	9010,72	
2.	Til bókasafns verkamanna	69,85	
VI.	Til akfærra sýsluvega	2285,60	
X.	Vegur frá Hólum til Kolkuóss	108,73	
			52523,06

C. Strandferðir.

1.	Til strandferða	31896,67

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

II.	Til viðauka símakerfa	9611,96	
III.	Nýjar símalínur	19268,13	
IV. 2.	Aðalskrifstofa landssímans	6948,36	
3.	Ritsímastöðin í Reykjavík	8619,22	
4.	Þráðlausa stöðin í Reykjavík	4203,02	
5.	Bæjarsíminn í Reykjavík	81550,61	
6.	Áhaldahúsið	248,50	
7.	Ritsímastöðin á Akureyri	619,84	
9.	Ritsímastöðin á Ísafirði	499,62	
10.	Símastöðin á Borðeyri	6823,91	
12.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	4693,00	
14.	Aukaritsímaþjónusta	177,50	
18.	Eftirlitsstöðvar o. fl.	7044,13	
	Gengismunur	1125,35	
V.	Eyðublöð o. fl.	6345,42	
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna	25367,33	
VIII.	Viðhald landssímanna	64324,75	
IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern	1161,28	
			248631,93

E. Vitamál.

I. 4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	103,66	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	9245,70	
V.	Sjómerki o. fl.	2536,73	
			11886,09
		Samtals	373945,58

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. eru veittar 42668,47 kr.

B. Kenslumál.

		kr.	kr.
III.	Mentaskólinn:		
	b. 2. Söngkennari	5596,00	
	c. 3. Til skólahússins	2721,41	
	4. Tímakensla og próf	4221,50	
	9. Ýmisleg gjöld	3997,47	
	11. Til áhalda við fimleikakenslu	55,78	
			16592,16
IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
	b. 3. Bækur og kensluáhöld	178,33	
	4. Til eldiviðar og ljósa	451,00	
	8. Ýmisleg gjöld	4436,00	
			5065,33
V.	Kennaraskólinn:		
	b. 1. Tímakensla	2934,00	
	3 Bókakaup og áhöld	197,25	
	5. Til viðhalds	24,65	
	6. Ýmisleg gjöld	789,47	
			3945,37
VI.	Stýrimannaskólinn:		
	b. 3. Ýmisleg gjöld		482,11
VII.	Vjelstjóraskólinn:		
	b. 3. Ýms gjöld		448,00
VIII.	Bændakensla:		
	2. c. 2. Kensluáhöld	286,02	
	3. c. 2. Kensluáhöld	314,00	
	4. Ýmisleg gjöld	1825,00	
			2425,02
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
	2. b. Annar kostnaður	1156,66	
	3. Styrkur til námskvenna	5005,00	
			6161,66
XIII.	Barnafræðsla:		
	4. Til prófdómara		4582,15
XVII.	Kensla heyrnar- og mállausra		2966,67
		Samtals	42668,47

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. eru veittar 9488,56 kr.

		kr.
5.	Landsbókasafnshúsið:	
	b. Til viðhalds og áhalda	1379,97
37.	Til veðurathugana og skeyta	8108,59
	Samtals	9488,56

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. eru veittar 16523,05 kr.

		kr.	kr.
9.	Efnarannsóknarstofa:		
	a. Laun forstöðumanns	1790,00	
	c. Til ljósa	1327,70	
			3117,70
14.	Laun yfirmatsmanna:		
	e. Ferðakostnaður		12969,40
25.	Silfurbergsnáma í Helgustaðafjalli		135,95
36.	Til sendimanns á Spáni		300,00
	Samtals		16523,05

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. eru veittar 223136,69 kr.

	kr.
Óviss gjöld	223136,69

(B. XXXIV, 6).

Ed. **474. Lög**

um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og

kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára eða eldri og hafa átt lögheimili í bænum í eitt ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, eigi heldur foreldrar og börn nje móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konu jafnan að skorast undan kosningu.

2. gr.

Kjörskrá sú og aukakjörskrá, sem árlega eru samdar yfir kjósendur til Alþingis, skulu og gilda fyrir kosningar í bæjarmálefnum fyrir sama tímabil og til alþingiskosninga.

3. gr.

Þegar kosning á fram að fara, skal borgarstjóri auglýsa dag, stað og stundu með 6 vikna fyrirvara og samtímis leggja fram eftirrit af gildandi kjörskrám.

4. gr.

Kosningu stýrir kjörstjórn, og eru í henni borgarstjóri, sem er oddviti kjörstjórnar, og tveir bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin kýs. Auk þess skal bæjarstjórnin kjósa tvo bæjarfulltrúa til vara í kjörstjórnina, og tekur varamaður sæti í kjörstjórninni í forföllum þess aðalmanns, sem kosinn er á sama lista. Við borgarstjórakosningu og í forföllum borgarstjóra skal forseti bæjarstjórnar, eða varaforseti í forföllum hans, gegna störfum oddvita.

5. gr.

Lista þá, sem kjósa skal um, skal afhenda oddvita kjörstjórnar ekki síðar en á hádegi 20 dögum á undan kosningu. Við aukakosningar getur bæjarstjórn stytt þennan frest um helming.

6. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar sins í skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík og á skipum frá Reykjavík, eftir sömu reglum og gilda við kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 30. júlí 1909, að því er Reykjavík snertir, og 7. og 8. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

(B. LV, 5).

Ed. **475. Lög**

um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

Á eftir 3. málsgrein 12. gr. laga nr. 75, 22. nóv. 1907, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningu nefnda, ef að minsta kosti 3 bæjarfulltrúar krefjast þess.

(B. LXX, 3).

Ed. **476. Lög**

um lögreglusamþyktir í löggiltum verslunarstöðum.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

Í löggiltum verslunarstöðum, sem ekki eru hreppsfjelög út af fyrir sig, og þannig ekki njóta heimildarlaga nr. 18, 20. okt. 1905, til þess að gera lögreglusamþyktir, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leyft vera að gera samþykt um meðferð skepna, þar með taldir alifuglar í kauptúnum, til þess að varna því, að tjón eða skemdir hljótist af því, að skepnur gangi lausar eða í vanhirðu, með því að fyrirskipa vörslu á þeim á ákveðnum árstímum.

Hreppsnefnd sendir sýslunefnd frumvarp að samþyktinni, og fallist hún á það, sendist það stjórnarráðinu, er veitir því gildi með staðfestingu sinni.

2. gr.

Tiltaka má í samþyktinni sektir, alt að 200 krónum, fyrir brot á henni, og renna þær í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. VI, 6).

Ed. **477. Lög**

um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

Yfirskjalavarðarembættið við þjóðskjalasafnið og landsbókavarðarembættið skulu sameinast þegar annaðhvort eða bæði losna og því verður við komið. Hið sameinaða embætti nefnist landsbókavarðarembætti og er launað samkvæmt launalögunum.

2. gr.

Jafnframt og sameiningin fer fram eru úr gildi numin lög um þjóðskjalasafn Íslands, 3. nóv. 1915, 2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. LXXV, 5).

Ed. **478. Lög**

um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 [Landhelgissjóður Íslands].

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 68, 3. nóv. 1915, orðist svo:

4. gr. laga nr. 55, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæsluskipum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þess. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að af árlegu sektarfje og vöxtum sjóðsins skuli varið til þess að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum allt að jöfnu tillagi móti því, sem ríkissjóður leggur til.

2.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. L. 9).

Nd. **479. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Bernharði Stefánssyni.

Við 2. gr.
a. Í stað »8 af hundraði« komi: 5 af hundraði.
b. - — »aðalaðsetursins« komi: aðalbúsins.

(A. I, 32).

Nd. **480. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjármálaráðherra.

Við 18. gr. II. d. Nýr liður:
25. Til Þórunnar Bjarnadóttur kr. 155,56.

(A. I, 33).

Nd. **481. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 22. gr. II. Liðurinn orðist svo:
Að kaupa hlutabrjef í h/f. Eimskipafjelagi Íslands af fjelaginu, fyrir alt að 60000 kr.

(B. XLIX, 4).

Nd. **482. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. a. Liðurinn orðist svo:
Vegna ómegðar. Sá styrkur skal talinn veittur vegna ómegðar, sem veittur er þeim, er hefir fleiri en 3 skylduómaga, ef það er karlmaður, en ef kona á í hlut, skal fleiri en einn skylduómagi talin ómegð. Til skylduómaga í þessu sambandi teljast að eins þeir, sem í raun og veru eru á framfæri framfæranda, annaðhvort á heimili hans eða á meðgjöf frá honum hjá öðrum.
2. Við 1. gr. b. Síðari hluti liðsins: »eða vottorði — skemri tíma« orðist svo:
að slys eða vanheilsa, sem styrkþegi á ekki sök á geri hann ófæran til vinnu í tvær vikur eða lengur.

(A. XXI, 3).

Ed. **483. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til við háttv. deild, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1924.

Sig. Eggerz, form. og frsm. — Björn Kristjánsson, fundaskrifari.

Ingvar Pálmason. — Jóhann Þ. Jósefsson. — Jónas Jónsson.

(B. XXXIII, 12).

Nd. **484. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 374, með þessum breytingum:
1. Fyrir »0,8% — 80« í b.-lið 2. greinar er komið: 0,6% — 60.
2. Fyrir »0,2% — 20« í c.-lið sömu greinar er komið: 0,1% — 10.

(A. I, 34).

Nd. **485. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 12. gr. 12. (Samkv. berklavarnalögum).
Fyrir »200000« kemur: 300000.

(C. XXI, 2).

Ed. **486. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um sparisjóð Árnessýslu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál allítarlega. Væntir hún þess, að stjórn Landsbankans sjái sjer fært að verða við þeirri málaleitun, er tillagan fer fram á. Treystir nefndin því, að hæstvirt landsstjórn geri sitt ýtrasta til að ná samningum um þetta mál á þeim grundvelli, er þingsályktunartillagan ber með sjer. Að öðru leyti vísast til greinargerðar fyrir tillögunni.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja þingsályktunartillögu þessa eins og hún liggur fyrir.

Alþingi, 29. apríl 1924.

Sig. Eggerz, form.	Ingvar Pálmason, frsm.	Björn Kristjánsson, fundaskrifari.
Jónas Jónsson, með fyrirvara.	Jóh. Þ. Jósefsson, með fyrirvara.	

(B. LXVII, 6).

Ed. **487. Nefndarálit**

um frv. til laga um skattgreiðslu h/f. Eimskipafjelags Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað ofangreint frumvarp og leggur til, að háttv. deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, form.	Eggert Pálsson, fundaskr. og frsm.	Jónas Jónsson.

(B. LXXXVI, 1).

Ed. **488. Frumvarp**

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. nefndra laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur má leggja gjald á lóðir í kaupstaðnum í sama tilgangi og önnur gjöld, er um ræðir í þessari grein; skal gjaldið ákveðið á sama hátt og af sömu aðiljum, sem að ofan greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja, og er ætlast til, að lóðagjald það, er hjer ræðir um, gangi til að standa straum af byggingar- og viðhaldskostnaði hafnarmannvirkjanna.

(B. LXXVIII, 2).

Nd. **489. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar til þess að reka víðboð (broadcasting) á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Víðboð (broadcasting) er tiltölulega ný uppgötvun og er á fleygiferð áfram til meiri og meiri fullkomnunar. Lítur svo út, sem hjer sje eitt af hinum stórfeldu framtíðarmálum, með afleiðingum svo víðtækum, að á engis manns færi er að segja fyrir um þær. Mætti ætla, að strjálbygð lönd, eins og Ísland, mættu eiga sjerstaklega mikilla afleiðinga að vænta af þessu. En þá er líka alveg víst, að halda verður varlega á þessu máli frá upphafi og ekki stíga þar nein þau spor, sem gætu orðið til trafala eðlilegri þróun málefnisins.

Nefndinni líst svo á, sem hjer sje ekki um þann undirbúning að ræða, sem tvímælalaust verður að heimta af þeim, sem fara fram á slík sjerleyfi, hvorki hvað fjármagn nje annað snertir. Auk þess nauðsynlegt, að af færum trúnaðarmönnum sje rannsakað, hvaða afleiðingar það mundi hafa, að selja einkaleyfi um 15 ár svo víðtækt, sem hjer er farið fram á, og möguleika ríkissjóðs að hafa þessar framkvæmdir sjálfur í sambandi við landssímann og loftskeytastöðina. Er nú bráðlega útrunninn einkaleyfistími »Stóra norræna« um símasambandið við útlönd, og getur það leitt til framkvæmda, sem mjög vel væri athugandi af stjórn í sambandi við væntanlega víðboðsstöð.

Enn vill nefndin benda á það, að nokkuð væri athugavert að hefjast einmitt nú handa í þessu efni, þegar mönnum er jafnant um að innflutningur minki og nú er, því að það hefði alveg óhjákvæmilega í för með sjer talsverðan innflutning.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 30. apríl 1924.

Jón Kjartansson, form.	Magnús Jónsson, framsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson. Jörundur Brynjólfsson.

(B. XXVIII, 5).

Ed. **490. Lög**

um breytingu á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl).

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laganna falli burtu.

2. gr.

Önnur málsgrein 4. gr. falli burtu.

(B. XXXIII, 13).

Nd. **491. Lög**

um bæjargjöld í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl).

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu og með því að leggja útsvar á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum, á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Fasteignagjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum og ákveðst það þannig:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8% — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði, enda annist bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sóthreinsun, sorp- og salernahreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og gegn eldsvoða.

b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til bygging-

arlóða, skal greiða 0,6% — 60 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

c. Af öllum lóðum og löndum, sem með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða með sjerstakri samþykt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara slíkra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, skal greiða 0,1 % — 10 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Reykjavíkur.

Ennfremur eru undanþegin fasteignagjaldi:

Lóðir, sem eru eign annara ríkja, að svo miklu leyti sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum, og kirkjugarðar.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkerans í Reykjavík, og er gjalddagi 2. janúar ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

6. gr.

Þegar lög þessi koma í gildi, falla í burtu þau gjöld, sem nú hvíla á fasteignum kaupstaðarins til að standast kostnað við sóthreinsun (lög nr. 20, 15. okt. 1875) og sorphreinsun og salernahreinsun (lög nr. 42, 11. júlí 1911), en vatnsskattur helst óbreyttur samkvæmt lögum nr. 84, 22. nóv. 1907, að öðru leyti en því, að miða skal skattinn við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu.

7. gr.

Útsvari því, sem ræðir um í 1. gr., skal niðurjöfnunarnefnd jafna niður eftir efnum og ástæðum gjaldenda.

Niðurjöfnunin nær til allra einstaklinga og fjelaga, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Skal þá draga frá

útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem stunduð er í bænum, eða á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, eða leggja þar upp afla sinn eða nauðsynjar, má leggja útsvar, þótt atvinna sje ekki stunduð nema 4 vikur ársins og þótt sá, er atvinnuna stundar, eigi lögheimili annarsstaðar, utanlands eða innan.

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, sem skrásett eru í Reykjavík, svo og til þeirra, sem hafa á hendi launuð störf og aukastörf í bænum, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir, enda sje atvinnan stunduð ekki skemur en 3 mánuði. Þó má ekki skattleggja þingfararkaup alþingismanna, sem heimili eiga annarsstaðar.

Útgerðarmenn, skipaeigendur og aðrir atvinnurekendur skulu standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem atvinnu hafa hjá þeim eða á skipum þeirra, enda er þeim heimilt að halda eftir alt að 10 % af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu. Niðurjöfnunarnefnd tilkynnir þeim, sem standa eiga skil á útsvari utanbæjarmanna, jafnskjótt er hún hefir lokið niðurjöfnun, útsvör þau, sem þeim ber að standa skil á.

Um útsvar samvinnufjelaga fer eftir þeim sjerstöku lögum, er um slík fjelög gilda.

Undanþegnir útsvari eru sendimenn annara ríkja og þeir þegnar sama ríkis, sem eru í þjónustu þeirra og stunda ekki aðra atvinnu í bænum, svo og þeir, sem með sjerstökum lögum eru undanþegnir skatti.

8. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Skattstjórinn í Reykjavík er formaður hennar, en 4 nefndarmennina kýs bæjarstjórnin til eins árs í senn á síðari reglulegum fundi sínum í nóvembermánuði ár hvert. Kjörgengir til nefndarinnar eru þeir bæjarbúar, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnarinnar. Nefndarmenn fá þóknun úr bæjarsjóði fyrir starf sitt, eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar.

9. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara skal fara fram í byrjun hvers árs og vera lokið fyrir 15. dag aprílmánaðar, og skal niðurjöfnunarskráin liggja til sýnis frá 15. apríl til 1. maí.

Við aðalniðurjöfnun skal jafna niður þeirri upphæð, sem ákveðin er í fjárhagsáætlun bæjarins það ár, auk 8—10 % umfram.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram síðari hluta hvers mánaðar og aukaskrá liggja til sýnis 1.—15. dag næsta mánaðar.

Við aukaniðurjöfnun skal leggja útsvar á þá gjaldendur, sem bæst hafa við frá síðustu niðurjöfnun, svo og á þá, sem kunna að hafa fallið af niðurjöfnunarskrá áður.

Um kærur yfir niðurjöfnun og úrskurði á þeim fer eftir þeim reglum, er nú gilda, sbr. þó 10. gr.

10. gr.

Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til yfirskattanefndar bæjarins. Skal það gert brjeflega innan 15 daga frá úrskurði bæjarstjórnar. Yfirskattanefnd úrskurðar kæruatriðin innan 15 daga og birtir þeim, sem hlut eiga að máli, úrslitin. Er því máli þar með lokið.

Ekkert gjald má yfirskattanefnd hækka eða lækka nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10 % of lágt eða hátt.

Nefndin tekur borgun fyrir störf sín, og reiknast hún samkv. lögum nr. 74, 27. júní 1921, og tilsk. nr. 84, 30. nóv. 1921, þó þannig, að það greiðist úr bæjarsjóði, sem þar greiðist úr ríkissjóði, enda úrskurðar bæjarstjórn reikningana. Nú fær áfrýjandi ekki lækkun á útsvari sínu, og ber honum þá að endurgreiða bæjarsjóði allan kostnað af áfrýjuninni, og úrskurðar yfirskattanefnd þann kostnað. Fái áfrýjandi lækkun á útsvari sínu, greiðir hann helming kostnaðar með sama hætti. Þessum kröfum bæjarsjóðs á áfrýjendur fylgir lögtaksrjettur.

11. gr.

Útsvör öll skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkera, og eru gjalddagar útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar og 1. dag septembermánaðar. Helming útsvars skal greiða á hvorum gjalddaga. Enginn getur, með því að skjóta útsvari sínu til bæjarstjórnar, komist hjá því að greiða þann hluta útsvars síns, sem fallinn er í gjalddaga, en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgoldið er, endurgreitt úr bæjarsjóði.

Gjalddagi á útsvari utansveitarmanna er þann dag, sem niðurjöfnunarskrá yfir þau er lögð fram. Og getur enginn komist hjá því að greiða útsvarið með því að skjóta útsvarinu undir úrskurð bæjarstjórnar eða yfirskattanefndar. Um endurgreiðslu, ef til kemur, fer sem að ofan segir.

12. gr.

Sje fasteignagjald eða útsvar, sem ræðir um í lögum þessum, eigi greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1% — einni krónu af hverjum 100 krónum — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Sömu dráttarvexti skal og greiða, ef önnur gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, svo sem vatnsskattur, leigugjöld af lóðum, erfðafestulöndum og öðrum fasteignum, gangstjetta- og holræsagjöld, skólagjöld o. s. frv., eru eigi greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga.

Dráttarvextirnir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

22. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og lög 19. okt. 1877, um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

(B. L. 10).

Ed. **492. Frumvarp**

til laga um aukaútsvör ríkisstofnana.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Engin stofnun ríkisins er aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur. Aðrar stofnanir greiða ekki þennan skatt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(C. XXII, 3).

Ed. **493. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um ráðstöfun á þjóðjörðinni Kópavogi til væntanlegs hressingarhælis fyrir berklaveika.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir fengið til viðtals formann kvenfjelagsins »Hringsins« og fengið þær upplýsingar um málið, að fjelagið ætlar að byggja í Kópavogi hressingarhæli fyrir 10—20 berklaveika menn, helst þó þá, sem eru í afturbata og meira eða minna geta þolað ljetta vinnu. Fjelagið ætlar að standast bæði byggingarkostnaðinn og rekstur hælisins án þess að leita styrks hjá landssjóði. Hjer er því um einkafyrirtæki að ræða, sem ekki ætlast til styrks af opinberu fje. Nefndin leggur því til, að fjelagið fái jörðina Kópavog til ábúðar í þessu skyni, þegar ábúendaskifti verða næst. Einn nefndarmanna (J. J.) lætur þess sjerstaklega getið, að hann telur staðinn óheppilega valinn, vegna flestra staðhátta, og óttast, að dvöl þar verði sjúklingum af þeim ástæðum dýrari heldur en vera þyrfti, ef jörðin hefði haft meiri kosti til að bera.

Þar sem nú »Hringurinn« ætlar að láta hæli sitt vera algert einkafyrirtæki, gat breytingartillagan á þskj. 428 naumlega átt við. En nefndin hefir

komið sjer saman um að bera þá tillögu fram sjálfstæða til samþyktar, með því að bersýnilegt er, að svo framarlega sem ríkið á framvegis að hafa hinn mikla kostnað af berklasjúkum mönnum, verður ekki hægt að komast hjá því að sinna líka á viðeigandi hátt fólki, sem komið er af berklahæli, en ekki fullkomlega vinnufært, og á hvergi stað, þar sem það getur leitað hælis.

Alþingi, 30. apríl 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Sig. Eggerz.

(C. XXXIII, 1).

Ed. **494. Tillaga**

til þingsályktunar um hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk.

Frá mentamálanefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við landlækni rannsaka, hvar heppilegt væri að koma upp hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk, og velja sjerstaklega stað, þar sem gott er til ræktunar, skóglendi og heitar laugar, hentugar til að hita híbýli og til afnota við ræktun, og leggja síðan árangur þessarar rannsóknar fyrir næsta Alþingi.

(B. XV, 9).

Ed **495. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Þetta frv. fekk mjög góðan byr í neðri deild, einkum vegna þess að fulltrúar fyrir sveitakjördæmi leggja mikla áherslu á að færa kjördaginn frá fyrsta vetrardegi yfir á dag í sláttarbyrjun. Því er haldið fram, að ef stórhríð

er, eins og vel getur verið í vetrarbyrjun, geti svo farið, að kosning falli nálega niður í sumum hinum strjálbygðari sveitum víðsvegar um land. Nefndin viðurkennir, að þetta sje rjettmæt aðfinsla. En um sama leyti sem frv. var samþ. í neðri deild, tóku að berast hávær mótmæli úr mörgum kauptúnum og sjóþorpum móti því að færa kjördaginn yfir á vorið. Er þar haldið fram, að sú breyting myndi svifta fjölda manna í kauptúnunum atkvæðisrjetti, því að á þeim tíma árs sje mikill fjöldi manna við sjávarsíðuna fjarverandi við vinnu. Nefndin verður líka að játa, að þessi mótmæli hafa einnig við mikil rök að styðjast. Það kom til orða í nefndinni að freista að sigla fram hjá báðum þessum skerjum með því að hafa kjördagana tvo. Væri í sveitakjördæmunum kosið á vorin, en í kaupstöðunum, þeim sem eru sjerstök kjördæmi, á haustin eins og nú. Talning atkvæða færi ekki fram fyr en á haustin eftir að kosningu væri lokið í bæjunum. Með þessu móti væri kjósendum bæði í kauptúnunum og sveitunum gert kleift að neyta kosningarrjettarins undir þeim kringumstæðum, sem báðum eru hagfeldastar.

Nefndin játar, að þetta væri nýmæli og telur rjett, eins og á stendur, að fela stjórninni að rannsaka kjördagsmálið til hlítar og byggja síðan frv. á þeim rannsóknum.

Tveir nefndarmanna (Jóh. Jóh. og E. P.) telja vafasamt, að rjett sje að ákveða, að atkvæðaseðill í tvímenningskjördæmi sje ógildur, ef að eins einn er kosinn, því að með því geti menn verið neyddir til að velja milli þess að láta vera að neyta kosningarrjettar sins og greiða frambjóðanda atkvæði, er þeir geta ekki felt sig við að kjósa, en hins vegar er nefndin öll sammála um það, að nauðsyn beri til, að lögin sjálf skeri beint úr þeim ágreiningi, sem verið hefir í því efni.

Nefndin var öll sammála um, að til bóta væri að geta haft tvær til þrjár kjördeildir í víðlendum hreppum.

Með þessum ummælum leyfir nefndin sjer að mæla með því, að máli þessu verði að þessu sinni ráðið til lykta með samþykt svo hljóðandi

RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Í trausti þess, að stjórnin taki alþingiskosningalögin til nákvæmrar athugunar, bæði með tilliti til breytinga þeirra, er fyrirliggjandi frv. felur í sjer, og svo sjerstaklega til þess, hvort hægt sje að hafa kjördagana tvo, og leggi árangurinn af athugunum sínum fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,	Eggert Pálsson,	Jónas Jónsson,
formaður.	fundaskrifari.	frsm.

(A. IV, 3).

Ed. **496. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1922.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við landsreikninginn og fylgiskjöl hans. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1924.

Sig. Eggerz, form.	Björn Kristjánsson, skrifari og frsm.

Ingvar Pálmason. Jónas Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

(B. XVI, 5).

Nd. **497. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Ágúst Flygenring og Halldór Stefánsson.

1. Við 1. gr. Greinin falli burt.
2. Við 4. gr. Ný málsgrein aftan við:

Sje eigi kostur á vel færum manni til þess að taka að sjer forstöðu vínverslunarinnar ásamt lyfjasölu til lækna og eftirlit með lyfjabúðum (m. m.), getur ríkisstjórnin falið forstjóra landsverslunar forstöðu vínverslunarinnar og skipað sjerstakan mann til þess að hafa á hendi lyfjasöluna ásamt öðrum þeim störfum, er henni fylgja.

(B. XXXVI, 3).

Nd. **498. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bygðarleyfi.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson og Pjetur Ottesen.

1. Við 1. gr.
   Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Slíkt leyfi þurfa þó ekki:
   1. Starfsmenn ríkisins.
   2. Þeir, sem eiga 5000 kr. skuldlausa eign.
   3. Vistráðin árshjú.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Nú sest maður að í framfærsluhjeraði án þess að hafa fengið þar bygðarleyfi eða sje það heimilt samkv. 1. gr., og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum. Dvelji hann áfram í framfærsluhjeraðinu án þess að fá þar bygðarleyfi, skal hann sæta sömu sektum árlega. Húsráðandi, húseigandi eða jarðeigandi, sem tekur mann í húsmensku eða leigir honum íbúð, þurrabúð eða jarðarafnot, án þess að hann fullnægi skilyrðum 1. gr., skal og sæta sektum, frá 200—500 krónum.

(B. LXXX, 2).

Ed. **499. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frumvarp þetta.

Gagnstætt minni hluta nefndarinnar, sem vill láta samþykkja frumvarp þetta óbreytt, leggjum við til, að gerð sje á því allveruleg efnisbreyting.

Þegar svo stendur á, að erlent vátryggingarfjelag rekur hjer einhverja tryggingarstarfsemi, sem ekkert innlent vátryggingarfjelag fæst við eða því er

með öllu ókleift að leysa af hendi, svo sem háttað er með líftryggingarfjelögin og ýms önnur, þá virðist okkur það varhugavert, að takmarkalaus útsvarsskylda sje á það lögð. Teljum við, að af slíku gæti leitt annaðhvort að iðgjöldin yrðu hækkuð eða þá að fjelög þessi, eitt eða fleiri, hættu starfsemi sinni hjer. En hvort af þessu tvennu sem yrði, mætti telja til tjóns, bæði fyrir einstaklinga og þjóðarheildina.

Öðru máli virðist vera að gegna með þau vátryggingarfjelög, sem skoða má sem keppinauta innlendra vátryggingarfjelaga, svo sem hin ýmsu sjóvátryggingarfjelög. — Sjóvátryggingarfjelag Íslands má ætla að gæti, ef í harðbakka slægi, fullnægt þörfum landsmanna fyrir sjóvátryggingar. Og væri þá enginn skaði skeður, þótt hin erlendu fjelög minkuðu starfsemi sína hjer á því sviði eða jafnvel hættu henni með öllu.

Greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu, ber það með sjer, að flutningsmenn þess hafa aðallega haft sjóvátryggingu fyrir augum, er þeir báru frumvarpið fram. Og við verðum að viðurkenna, að hið háa útsvar, er sjóvátryggingarfjelag Íslands ber hjer í bænum, hlýtur að veikja krafta þess í samkepninni við hin erlendu fjelög, sem hjer hafa verið útsvarsfrí. Álits borgarstjóra Reykjavíkur um frumvarp þetta hefir verið leitað, og hefir hann ritað allsherjarnefnd Nd. um það allítarlegt brjef, er við leyfum okkur að láta prenta sem fylgiskjal hjer með, með því að við erum borgarstjóra samdóma um flest það, er hann segir þar.

Við hefðum gjarnan óskað að eiga tal um þetta mál við forstjóra sjóvátryggingarfjelags Íslands. En þess hefir ekki verið kostur, af því að hann er nú sem stendur fjarverandi.

Af framangreindum ástæðum leyfum við okkur að leggja til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. (1. málsgr.). Í stað orðanna »erlend tryggingarfjelög .... opinberum gjöldum« komi: erlend sjóvátryggingarfjelög.

2. Við 3. gr. Í stað orðanna »þegar gildi« komi: gildi 1. janúar 1925.

3. — fyrirsögn. Í stað orðanna »útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga« komi: útsvarsskyldu erlendra sjóvátryggingarfjelaga.

Alþingi, 30. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Eggert Pálsson, fundaskr., frsm.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 12. apríl 1924.

Eftir ósk háttvirtrar allsherjarnefndar leyfi jeg mjer að fara nokkrum orðum um frumvarp til laga um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Nefndin hefir athugað þetta mál og fengið ítarlegar skýringar frá hæstv. forsætisráðherra um, hversu hann telur, að koma megi fyrir yfirstjórn íslensku skrifstofunnar í Khöfn, ef sendiherraembættið er lagt niður. Virðist þar vera

vel sjeð fyrir, ef Jón Krabbe, hinn góðkunni forstöðumaður íslensku skrifstofunnar í Khöfn, tekur að sjer forstöðu þeirra mála, með þeim störfum, er hann hefir áður að gegna.

Almennur þjóðarvilji er fyrir því, að sendiherraembættið verði lagt niður, og þá vitanlega lögin nr. 10, 27. júní 1921, feld úr gildi. Kom þessi þjóðarvilji glögglega fram við meðferð málsins í háttv. neðri deild, og má vænta, að háttv. efri deild standi þar eigi að baki. Er því lagt hjer til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. maí 1924.

Jónas Jónsson.

(C. XXVI, 2).

Ed. **504. Þingsályktun**

um skipun nefndar til að semja frumvarp til laga um slysatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 1. maí).

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennar slysatryggingar, og hafi nefndin lokið starfi sínu fyrir 15. febrúar 1925.

Nefndina skal skipa þannig: einn nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annan eftir tillögum stjórnar Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, en hinn þriðja tilnefnir ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn fá hver um sig 100 króna þóknun fyrir starfa sinn, er greiðist úr ríkissjóði að loknu starfi.

(C. XXI, 3).

Ed. **505. Þingsályktun**

um sparisjóð Árnessýslu.

(Afgreidd frá Ed. 1. maí).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að reyna að fá því til vegar komið, að Landsbankinn taki að sjer sparisjóð Árnessýslu á Eyrarbakka með þeim kjörum, að innstæðueigendum verði trygð 80 % af innstæðufje þeirra.

(B. VII, 14).

Nd. **506. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þingskjali 464 og 501. [Hæstirjettur].

Frá Árna Jónssyni.

Fyrir orðin: »forseti rjettarins« á þskj. 464 og »forseti hæstarjettar« á þskj. 501 komi: dómstjóri.

(C. XXXII, 2).

Ed. **507. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um landsspítalamálið.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason og Jónasi Jónssyni.

Í stað orðanna í 2. lið tillögunnar: »um að leggja fram af sjóðnum« komi: um að lána ríkissjóði af landsspítalasjóðnum.

(B. VII, 15).

Nd. **508. Lög**

um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

(Afgreidd frá Nd. 1. maí).

Þessar breytingar skal gera á eftirtöldum greinum laga nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett: 4. gr., 5. gr., 6. gr., 9. gr., 38. gr., 45. gr., 53. gr., 54. gr. og 56. gr.

1. gr.

Við 4. gr.: Greinin orðist svo: Hæstarjett skipa 3 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sjer forseta úr sínum hópi, til ekki skemri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Við 5. gr.: Í stað »5« komi: 3. — 2. málsgrein falli niður.

3. gr.

Við 6. gr.: Í stað orðanna: »dómari (bæjarfógeti) . . . landsins« komi: hjeraðsdómari.

4. gr.

Við 9. gr.: Í stað: »Konungur« komi: Rjetturinn. — Orðin: »með 1. einkunn« falli burt. — Við greinina bætist: Hæstarjettarritari nýtur þeirrar þóknunar, er ákveðin er í fjárlögunum.

5. gr.

Við 38. gr.: 2. tölul. orðist svo:

Ef rjetturinn leyfir það, enda hafi að minsta kosti annar aðilja eða umboðsmanna óskað þess.

6. gr.

Við 45. gr.: Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú gerir einhver dómaranna ágreiningsatkvæði, og á hann þá heimting á því, að það verði birt í dómasafni rjettarins ásamt dóminum.

7. gr.

Við 53. gr.: Greinin falli burt.

8. gr.

Við 54. gr.: Greinin falli burt.

9. gr.

Við 56. gr.: 2. málsgrein orðist svo: Hæstarjettardómarar eiga sæti í landsdómi.

10. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, er sæti fasts dómara losnar næst í hæstarjetti. Ekki fer kosning dómstjóra fram meðan núverandi dómstjóri situr í embættinu.

11. gr.

Alstaðar í lögum nr. 22, frá 1919, kemur í stað orðsins: »dómstjóri«: forseti.

(C. XXIV, 2).

Ed. **509. Nefndarálit**

um tillögu út af athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1922.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að deildin samþykki tillöguna.

Alþingi, 1. maí 1924.

Sig. Eggerz, form. Björn Kristjánsson, skrif. og frsm.

Ingvar Pálmason. Jóhann Þ. Jósefsson. Jónas Jónsson.

(C. XXVIII, 2).

Nd. **510. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um skatt af heiðursmerkjum.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fá því framgengt við konung, að hann breyti á þá leið reglugerð 3. júlí 1921, um hina íslensku fálkaorðu, að henni verði eigi aðrir sæmdir en útlendingar.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsál. um breyting á reglugerð 3. júlí 1921, um hina íslensku fálkaorðu.

(C. XXVIII, 3).

Nd. **511. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj, 510.

Frá Pjetri Ottesen.

1. 1. liður brtt. (tillögugreinin) orðist svo:
   Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að fá því framgengt við konung, að hann nemi úr gildi konungsbrjef 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

2. 2. liður brtt. (fyrirsögnin) orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um afnám hinnar íslensku fálkaorðu.

(C. XXVIII, 4).

Nd. **512. Þingsályktun**

um undirbúning löggjafar um skatt af heiðursmerkjum.

(Afgreidd frá Nd. 1. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um skatt af íslenskum heiðursmerkjum og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um það efni. Verði hæð skattsins og væntanleg tekjuvon af honum fyrir ríkissjóð við það miðuð, að fullkomlega greiðist kostnaður sá, sem ríkið hefir og hefir haft af fálkaorðunni

(C. XXXIV, 1).

Ed. **513. Tillaga**

til þingsályktunar um frestun á embættaveitingu.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að veita ekki embætti fyr en fram hefir farið algerð endurskoðun á launalögunum, nema þar sem maður er fluttur úr embætti, sem lagt er niður um leið.

Greinargerð.

Þar sem bersýnilega þarf að fækka mjög mikið starfsmönnum þjóðfjelagsins á næstu árum, en hins vegar sannað með langri reynslu, að embætti eru ógjarnan lögð niður, þótt óþörf sjeu, nema þegar maður fellur frá, verður það mikilsvert atriði að festa ekki þau embætti, sem kunna að losna, fyr en búið er að þrautrannsaka allar leiðir til embættafækkunar.

(C. XXXV, 1).

Ed. **514. Tillaga**

til þingsályktunar um holdsveikraspítalann.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að freista að ná samningum við stjórn Oddfellow-reglunnar um, að Reykjavíkurbær megi nota handa gamalmennum fyrir ellihæli hið auða húsrúm í holdsveikraspítalanum.

(D. III, 1).

Ed. **515. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um afstöðu hennar til stjórnmálablaða, sem erlendir fjesýslumenn halda hjer úti.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hversu var háttað stuðningi þeim, sem blaðakostur sá, er stendur undir yfirumsjón og yfirráðum erlendra fjesýslumanna, veitti núverandi stjórn og flestum stuðningsmönnum hennar við síðustu kosningar?
2. Hvaða afstöðu ætlar stjórnin að taka hjer eftir til þessara blaðfyrirtækja?
3. Getur stjórnin gert sjer nokkra hugmynd um, hverskonar fríðindi hinir erlendu fjesýslumenn vilja fá hjá stjórninni og fylgismönnum hennar fyrir veitta liðveislu?
4. Vill stjórnin viðurkenna sem sinn stuðningsmann þann þingmann, sem nú er ritstjóri þessara blaða, þótt hann sje háður erlendum fjesýslumönnum, er að dómi höfuðritstjóra Íhaldsflokksins hafa sýnt *löðurmannlegar skúmaskots-skítkasts-tilhneigingar?*
5. Hvort trúir stjórnin betur Lögrjettu eða Morgunblaðinu, þegar þau greinir á um stórvægileg þjóðernismál?

(B. LXXXVII, 1).

Nd. **516. Frumvarp**

til laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skipuð skal nefnd, er hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjaldeyris og annist aðrar framkvæmdir viðvíkjandi gjaldeyrisversluninni samkvæmt lögum þessum. Ber nefndinni enn fremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa eða hækka gengi íslensks gjaldeyris.

2. gr.

Í nefndinni eiga sæti 3 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmann, og sje hann formaður nefndarinnar, en hinir nefndarmennirnir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

4. gr.

Þegar nauðsyn krefur, getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjer verði afhentur erlendur gjaldeyrir, sem fenginn er eftir að lög þessi öðlast gildi, til umráða handa bönkum eða ríkissjóði fyrir skráð kaupgengi á hverjum tíma.

5. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra, þegar sjerstök nauðsyn krefur, að banna öllum öðrum en bönkunum verslun með erlendan gjaldeyri.

6. gr.

Nú tekur nefndin gjaldeyri samkvæmt 4. gr., og er henni þá skylt að sjá þeim, sem tekið hefir verið frá, fyrir yfirfærslu á alt að jafnmiklum gjaldeyri, þegar hann sýnir það, að honum sje þess þörf sakir atvinnurekstrar síns.

7. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiða Landsbanki Íslands og Íslandsbanki, að hálfu hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um starf nefndarinnar og framkvæmd laganna að öðru leyti.

Brot gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, er sett verður samkv. þeim, varða sektum, frá 100 til 50000 krónum. Um meðferð mála út af þeim brotum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 1. júní 1925.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd ber fram frv. þetta í stað frumvarps til laga um gengisskráningu (þskj. 225) og frv. til laga um gjaldeyrisnefnd (þskj. 289), er vísað hefir verið til nefndarinnar. Eru í frv. þessu tekin upp aðalákvæði beggja framantaldra frumvarpa í nokkuð breyttu formi. Að vísu er nokkur ágreiningur á milli einstakra nefndarmanna um það, hvernig skipað er til um einstök atriði, en til samkomulags hafa nefndarmenn þó orðið ásáttir um að bera fram frumvarpið í þessari mynd.

Verður nánari grein gerð fyrir frv. og ágreiningsatriðum í framsögu.

(C. XV. 2).

Sþ. **517. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um fækkun ráðherra.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja til við konung, að ráðherrum verði nú þegar fækkað.

(B. XXXVII, 10).

Ed. **518. Lög**

um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

Sjerstök lánadeild skal stofnuð við Landsbanka Íslands, sem annast lánveitingar samkvæmt lögum þessum. Deildin nefnist Búnaðarlánadeild.

2. gr.

Til ársloka 1926 leggur Landsbanki Íslands deildinni til alt að 500 þús. kr. á ári til útlána. Sjerstakan reikning skal bankinn halda um deildina.

3. gr.

Tilgangur deildarinnar er:

1. að veita lán til jarðabóta með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán til jarðabóta, til stofnunar nýbýla og til stofnunar mjólkurbúa til smjör- og ostagerðar, trygð með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda (sbr. 17. gr. laga nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands), er hafa með höndum samvinnumannvirki til jarðabóta, svo sem áveitu á engi, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgjöldum af eignunum, með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.
4. að veita lán til varanlegra húsabóta í sveitum.

4. gr.

Tryggingar fyrir lánum ákveður stjórn Landsbanka Íslands með reglugerð, í samræmi við 12.—20. gr. í lögum nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, að fengnum tillögum frá Búnaðarfjelagi Íslands.

5. gr.

Umsókn um lán úr deildinni skal jafnan fylgja áætlun um kostnað við þá landbúnaðarframkvæmd, sem lánið er tekið til, gerð af manni, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gildan; enn fremur áætlun um væntanlegan arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar. Þegar um lán til húsabóta er að ræða, skal umsókninni fylgja áætlun um kostnað frá byggingarfróðum manni, og skulu byggingarnar framkvæmdar eftir fyrirsögn og undir eftirliti slíks manns.

6. gr.

Stjórn Landsbankans skal leita umsagnar Búnaðarfjelags Íslands um lánveitingar úr deildinni.

7. gr.

Lán veitist því að eins úr deildinni, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu framkvæmda sem svarar a. m. k. 1/3 kostnaðar við þær. Alt að helmingi lánsins má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið og skoðun hefir farið fram á því, á kostnað lántakanda, framkvæmd af mönnum, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gilda. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

8. gr.

Vextir af lánum úr deildinni mega vera alt að 1% hærri en venjulegir sparisjóðsvextir bankans, þó ekki hærri en 6%, og lánstíminn eigi skemri en 25 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 5 árin.

9. gr.

Þá er lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands komast til framkvæmdar, skal deild þessi leggjast niður og hverfa inn í hann með þeim hætti, sem stjórnarráðið ákveður í samráði við stjórn Landsbanka Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924. Tekur Búnaðarlánadeildin þá þegar til starfa. Framlag Landsbankans til deildarinnar árið 1924 skal vera alt að 250 þús. kr.

(A. XXI, 4).

Nd. **519. Lög**

um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

9. gr. 1. málsgrein hljóði svo:

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem í 3. gr. segir, telst eigi að eins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelagsmönnum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða svo á, að skattskyldar tekjur vátryggingarfjelaga, sem starfa hjer á landi, skuli talinn sá hluti heildarágóðans, er svarar til hlutfallsins milli allra iðgjaldatekna fjelagsins hjer á landi og allra iðgjaldatekna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur og sett fyrirmæli um heimild vátryggingarfjelaga til að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátrygðum.

Loks getur ráðherra sett ákvæði um það, hvenær fjelög þessi skuli hafa skilað framtölum sínum og reikningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa fengið konungs staðfestingu.

(B. LXXXI, 3).

Nd. **520. Lög**

um sölu á kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Leyning í Siglufirði, með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

(A. V, 10).

Ed. **521. Vegalög.**

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

FYRSTI KAFLI.

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. Suðurlandsvegur. Frá Reykjavík um Hellisheiði austur yfir Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand, Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaptártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.
2. Þingvallabraut. Frá vegamótum við Geithála til Þingvalla. Svo fljótt sem fje verður veitt í fjárlögum, skal ný Þingvallabraut lögð frá vegamótum Vesturlandsvegar í Mosfellssveit, sunnan við Köldukvísl, um Mosfellsdal, norðan við Leirvogsvatn og á núverandi Þingvallabraut, skamt austan við 35 km. stein. Skal þá brautin frá Geithálsi að væntanlegum vegamótum austan við 35 km. stein verða fjallvegur.
3. Geysisbraut. Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
4. Biskupstungnabraut frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisbrautar.
5. Eyrarbakkabraut frá Selfossi að Eyrarbakka.
6. Reykjanesbraut frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.
7. Spítalavegirnir til Laugarness, Klepps og Vífilsstaða.

B. Um Vesturland:

1. Vesturlandsvegur frá vegamótum hjá Artúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hestháls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítá hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.
2. Borgarnesbraut frá Borgarnesi að vegamótum norðan Gufár.
3. Stykkishólmsbraut frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
4. Strandavegur frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.

C. Um Norðurland:

1. Norðurlandsvegur. Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um svonefndan Múlaveg, sunnan við Stórhól, vestan við Auðunnarstaði að brúarstæði á Víðidalsá hjá Steinsvaði, yfir Vatnsdalsá hjá Hnausum, yfir Blöndu hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnsskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Tunguheiði, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Þistilfjörð að Þórshöfn.

Þangað til leiðin frá Hrútafjarðarhálsi austur yfir Víðidalsá í Húnavatnssýslu er fullgerð, skal halda við á kostnað ríkissjóðs þeim köflum hins eldri þjóðvegar, sem þarf til þess, að jafnan sje samhangandi reiðfær vegur alla þessa leið.

2. Hvammstangabraut frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóraósi.
3. Sauðárkróksbraut frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.

D. Um Austurland:

1. Austurlandsvegur frá Þórshöfn um Brekknaheiði, Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði, Jökulsárhlíð, Hróarstungu, Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Berufjarðarskarð, Djúpavog, Geithellahrepp yfir Lónsheiði.
2. Eskifjarðarvegur frá Eskifirði til Reyðarfjarðar.
3. Fagradalsbraut frá Reyðarfirði að vegamótum hjá Egilsstöðum.
4. Fjarðarheiðarvegur frá Seyðisfirði á vegamót Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum.

3. gr.

Þar sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún, telst þjóðvegurinn að mörkum kaupstaðarlóðar eða verslunarlóðar.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem ráðherra ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir, er liggja sýslna á milli og um hverja sýslu þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og fiskiver, enda sjeu þeir eigi þjóðvegir. Sýslunefndir ákveða, hvar þessir vegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru þjóðvegir nje sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

ANNAR KAFLI.

Um stjórn vegamála.

7. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum er skipaður vegamálastjóri, og skal fá honum aðstoðarmenn eftir þörfum.

Nú getur vegamálastjóri eða aðstoðarmenn hans eigi komið því við að veita forstöðu einhverri þeirri vegagerð eða brúargerð, er útheimtir sjerstaka verklega þekkingu, og er atvinnumálaráðuneytinu þá heimilt að ráða til þess hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnaður sá, er af þessu leiðir, telst með öðrum kostnaði við verkið.

8. gr.

Sýslunefndir hafa umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem er kostað af sýslusjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa einhverja vegagerð eða brúargerð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagerðar eða brúargerðar, og er þá sýslunefnd, eða oddvita í umboði hennar, heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

9. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón með vinnu og aðgerð á hreppsvegum, og skal hún ráða þann til verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa vegagerð eða brúargerð eða til þess að sjá um framkvæmd vegagerðar eða brúargerðar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, er af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

ÞRIÐJI KAFLI.

Um gerð vega, viðhald þeirra og greiðslu kostnaðar.

10. gr.

Allir vegir skulu vera svo gerðir, að nægi umferð þeirri, sem er eða vænta má að verði um þá, að svo miklu leyti sem stjórn vegamálanna telur slíkt kleift.

11. gr.

Fram með öllum vegum skulu vera skurðir á báðar hendur, nema þar sem verkstjórinn kann að álíta það óþarft. Nú þarf að veita vatni frá vegi, og er þá hver landeigandi skyldur að leyfa, að því sje gerð framrás yfir land hans, mót skaðabótum fyrir tjón það, sem hann kann að bíða af því. Skaðabæturnar skulu ákveðnar með samkomulagi eða eftir mati samkvæmt 26. gr.

Þó getur enginn krafist skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en þessi lög öðlast gildi.

Jarðefni það, er grefst upp úr skurðum og verður ekki notað til fyllingar í veginn, skal leggja á þann skurðbakkann, er veit frá veginum; skal metrabreið ræma af þeim skurðbakka teljast til vegarins, og má enginn gera girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis stjórnarvalda þeirra, er veginum ráða; enginn má heldur reisa hús nær þeim skurðbakka, er veit frá veginum, en nemi 2 metrum.

12. gr.

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfjelög eða sýslufjelög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðarins.

13. gr.

Fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

14. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfjelag árlega 2 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20–60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 5 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Hreppstjórar skulu í októbermánuði ár hvert semja nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn 20–60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Skulu skrárnar sendar sýslumanni fyrir árslok, en sýslumaður ákveður eftir þeim sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greitt sýslumanni á manntalsþingi. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í tje fyrir 20. október.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um stofnun sýsluvegasjóða samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, um samþyktir um sýsluvegasjóði, og fer þá um kostnað við sýsluvegi samkvæmt þeim lögum.

15. gr.

Sýsluvegir þeir, sem liggja frá kauptúnum eða út frá akfærum þjóðvegum, eða eru framhald af þeim, skulu gerast akfærir þar sem því verður við komið. Heimilt er að greiða úr ríkissjóði styrk til akfærra sýsluvega, er nemi alt að helmingi kostnaðar, gegn þeim skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð. Að öðru leyti ákveður sýslunefnd, hvernig sýsluvegir skuli gerðir. Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um akfæra sýslu- og hreppsvegi, og fer þar um samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóv. 1919.

16. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

17. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum en tekjur sjóðsins það ár leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra; en áður sýslunefnd ákveður lántökuna, skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagerð eftir verkfróðan mann, og skal áætlunin vera samþykt af vegamálastjóra.

18. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald, 2 kr. árlega fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 5 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

19. gr.

Hver sá maður, er talinn er í verkfærra skrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins er 31. desember ár hvert.

20. gr.

Til vegagerðar á hreppavegum má ekki verja minna fje úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sje á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 18. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sje með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

21. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að alt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sje aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engir þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að alt að jafnmikilli upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði.

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu yfirlit yfir hreppsvegagjöld í sýslunni og yfir gjöld sveitarsjóða til vega.

23. gr.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagerðar í hreppnum og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndarinnar um lántökuna.

FJÓRÐI KAFLI.

Um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

24. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sje tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvegar skulu greiðast úr sýslusjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir.

25. gr.

Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegamálastjóri hefir látið setja til að marka útmælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hans.

Rjett er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftir tillögu vegamálastjóra að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefir verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi alt að 3 árum.

26. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sjer, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefir verið boðið en því, sem hann hefir krafist, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fjórum dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefir krafist þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

27. gr.

Mat skal fram fara á vettvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega alt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sjerstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má að land hækki í verði við vegagerðina. Nú legst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sjerstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg, eða jarðrask, leiðandi af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

28. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sje jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sjerstaklega.

29. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiða, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur rjettur til skaðabóta niður.

FIMTI KAFLI.

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

30. gr.

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 62, 28. nóv. 1919.

31. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld nje afnema lögferju nema með samþykki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

32. gr.

Nú er sett dragferja eða svifferja eða annar ferjuútbúnaður, sá er útheimtir ferjumann, í lögferjustað, og skal þá lögferjumaður skyldur að taka við hinni nýju ferju, gegna henni og hafa með henni umsjón alla. Að því leyti, sem viðhald hins nýja ferjubúnaðar álítst kostnaðarsamara en viðhald hinnar eldri ferju, skal sýslusjóður kosta það, en ríkissjóður ef ferjan er á þeim vegi, er ríkissjóði ber að halda við.

33. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar, sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferjan sje lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

34. gr.

Nú verða ábúendaskifti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sje metið álag á ferjuna.

35. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annarsstaðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

36. gr.

Girðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 1 metri sje milli vegjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 6 metrar sjeu frá miðjum vegi til girðingar og ekki nær en svo, að 4 metrar sjeu frá vegjaðrinum til girðingarinnar. Grjótgarða, torfgarða eða skíðgarða má ekki setja nær vegjaðri en 10 metra, nema með sjerstöku leyfi ráðherra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða. Hús má ekki reisa nær vegjaðri en 4 metra.

37. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, nema með leyfi ráðherra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða. Synjun sýslunefndar um slíkt leyfi má skjóta til ráðherra til úrskurðar. Sama bann gildir þar, sem

mælt og markað hefir verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið.

38. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 2.6 metrar á breidd og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki.

Heimilt er hlutaðeigandi stjórnarvöldum að afturkalla með tveggja ára fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum.

39. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegamálastjórninni þessa ekki gætt, er ráðherra heimilt að úrskurða, að viðgerð skuli framkvæma á kostnað þess, sem að rjettu ber að viðhalda girðingunni.

40. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

41. gr.

Nú er vegur lagður gegnum land manns, og á hann þá rjett á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa á veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sje hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minsta kosti 2 metra breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal þá aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina.

SJÖTTI KAFLI.

Um framkvæmd viðhaldsins, um vetrarviðhald og vetrarvegi.

42. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum, skulu fá til svo hæfa menn, sem kostur er á, til þess að hafa eftir-

lit með vegunum, og skal eigi ætla eftirlitsmanni lengri kafla en 15 km. nema staðhættir krefji.

43. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gera við allar skemdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af, eða hindrað umferð, eða hætt er við að ágerist svo, að meiri kostnaður hljótist af. Þeir skulu á vetrum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, sjeu eigi skemd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slík brot fyrir lögreglustjóra.

44. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og má þá hreppsnefnd ákveða, að svo skuli gert, hver innan síns hrepps. Nú liggur vegur um fleiri hreppa en einn, og má sýslunefnd þá ákveða, að honum skuli halda akfærum með snjómokstri, ef hreppsnefnd í einhverjum þeim hreppi, er vegurinn liggur um, fer fram á það.

45. gr.

Þá er löglega hefir verið ákveðið að halda vegi akfærum með snjómokstri, skal hver hreppsnefnd annast um framkvæmd þess innan síns hrepps. Kostnaðinn við það má greiða úr sveitarsjóði, en heimilt er hreppsnefnd og að ákveða, að verkið skuli int af hendi með skylduvinnu allra verkfærra karlmanna í hreppnum. Heimilt skal þó hverjum manni að leysa sig undan skylduvinnu með því að greiða 4 kr. fyrir hvert dagsverk.

Hreppsnefnd kveður að öðru leyti á um, hversu snjómokstri skuli hagað.

46. gr.

Heimilt er sýslunefndum og hreppsnefndum að verja fje úr sýslusjóðum eða sýsluvegasjóðum og sveitarsjóðum til þess að gera sleðabrautir að vetrum utan almannavegar, þar sem þörf þykir.

SJÖUNDI KAFLI.

Sjerstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig.

47. gr.

Í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir

sig, ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd með ráði byggingarnefndar, hvar vegir skuli liggja innan kaupstaðarins eða verslunarstaðarins og hvernig þeir skuli gerðir.

48. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

49. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skal hálft sýsluvegagjaldið renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið hefir næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði og nemur hálfu sýsluvegagjaldinu, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann samkvæmt 18. gr. þessara laga.

ÁTTUNDI KAFLI.

Um reglur fyrir umferð um vegi.

50. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða akandi, skulu þá er þeir mæta einhverjum, eða ef einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer og gripum sínum á vinstri helmingi vegarins eingöngu.

51. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, geta — hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki ráðherra — sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast um viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að girða fyrir skemdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð um vegina, svo sem bannað trjádrátt og umferð þungavagna og bifreiða með mjóum hjólgjörðum.

Ráðherra getur og sett þær reglur um hjólhæð vagna og hjólbreidd og um hlassþunga, sem þurfa þykir til þess að girða fyrir skemdir á vegum.

Á sama hátt er heimilt að setja þær reglur um umferð um brýr, sem þurfa þykir.

Ráðherra getur ennfremur, að fengnum tillögum sýslunefndar, þar sem um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, bannað umferð bifreiða þann tíma árs, sem hættast er við skemdum á veginum.

Reglur, sem settar verða samkvæmt þessari grein, skal birta minst tveim mánuðum áður en þær eiga að ganga í gildi.

52. gr.

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; þó mega bifreiðar eða vagnar standa á veginum við vinstra vegjaðar um skamman tíma, enda sje hesturinn þá leystur frá vagninum.

NÍUNDI KAFLI.

Um skemdir og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

53. gr.

Enginn má stífla skurði fram með vegi, eða frá vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eðlilegt vatnsrensli gegnum veg eða rá vegi, eða veita vatni á veg.

54. gr.

Enginn má skemma af ásettu ráði nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, stabbasteina, kílómetrasteina, vörður eða sæluhús.

55. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo, að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

56. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum, frá 5—500 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefir unnið.

57. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

TÍUNDI KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

58. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1925.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi, svo og öll lög um breytingar á þeim lögum og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

(C. XXXII, 3).

Ed. **522. Þingsályktun**

um landsspítalamálið.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa landsspítalamálið fyrir næsta þing á þeim grundvelli, sem hjer segir:

1. Að gerð verði sú breyting á teikningu þeirri að landsspítala, sem lögð var fyrir síðasta Alþingi, að byggingin öll verði ekki dýrari nje stærri en t. d. hið nýja Landsbankahús, sem mun hafa kostað um 700000 kr., og haga gerð þess svo, að nota mætti það fyrst um sinn án frekari viðbótar.
2. Að framkvæmd byggingarinnar sje hagað þannig, að bygt verði árlega fyrir ekki minna en 150000 til 200000 kr. og að leitað verði samninga við stjórn landsspítalasjóðsins um að lána ríkissjóði af landsspítalasjóðnum árlega alt að 75000 kr., móti því að ríkissjóður leggi fram upphæð, sem eigi sje minni en 75000—100000 kr.
3. Að leitað verði samninga við Reykjavíkurbæ til að tryggja spítalanum endurgjaldslaust afnot af heitu vatni úr Laugunum.

(C. XXVII, 2).

Nd. **523. Þingsályktun**

um rýmkun landhelginnar.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislínuna breytt þannig, að hún verði færð út og landhelgissvæðið nái yfir alla firði og flóa og helstu bátamið.

(B. LXXXVII, 2).

Nd. **524. Breytingartillögur**

við frv. til laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar ráðuneytið einn nefndarmanna, og sje hann formaður nefndarinnar. Hinir nefndarmennirnir skulu tilnefndir þannig: einn af stjórn Alþýðusambands Íslands, einn af stjórn Landsbanka Íslands, einn af Sambandi íslenskra samvinnufjelaga og loks einn af stjórn Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda. Nefndin er bundin þagnarskyldu, nema gagnvart ríkisstjórn og skattanefndum.
2. Við 3. gr. Orðin: »Með samþykki fjármálaráðherra« falli burt.
3. Við 4. gr. Orðin: »Með samþykki fjármálaráðherra« falli burt.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna: »Heimilt er fjármálaráðherra« komi: Heimilt er nefndinni.
5. Við 8. gr. Í stað: »Fjármálaráðherra« í upphafi greinarinnar komi: Ráðuneytið.

(A. I, 36).

Ed. **525. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 14. gr. B. I. b. (Háskólakensla hjeraðslæknis).
Fyrir »1000« kemur: 1500

(B. LXXXII, 5).

Nd. **526. Lög**

um breyting á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

Staflið c. í 2. tölul. 3. gr. laga nr. 81, 28. nóv. 1919, skal orða svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., auk sömu dýrtíðaruppbótar, sem starfsmenn ríkisins njóta á hverjum tíma, að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.

(B. LXVII, 7).

Ed. **527. Lög**

um skattgreiðslu h/f. Eimskipafjelags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1924 til 1928, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Árin 1925 til 1928, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettóágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. IV, 4).

Ed. 528. Lög

um samþykt á landsreikningnum 1922.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí).

I. TEKJUR.	Áætlun kr.	Reikningur kr.
1. Fasteignaskattur	210000,00	216331,20
2. Tekju- og eignarskattur	700000,00	1224919,99
3. Aukatekjur	150000,00	336038,50
4. Erfðafjárskattur	20000,00	36663,98
5. Vitagjald	140000,00	203499,40
6. Leyfisbrjefagjöld	10000,00	14720,32
7. Útflutningsgjald	600000,00	803628,69
8. Áfengistollur	250000,00	338763,91
9. Tóbakstollur	600000,00	339288,00
10. Kaffi- og sykurtollur	800000,00	886146,84
11. Vörutollur	1200000,00	1316128,00
12. Annað aðflutningsgjald	60000,00	125807,94
13. Gjald af konfekt- og brjótsykurgerð	10000,00	26060,61
14. Stimpilgjald	500000,00	410012,46
15. Lestagjald	40000,00	36800,00
16. Pósttekjur	300000,00	412815,61
17. Símatekjur	1000000,00	1065871,58
18. Tóbakseinkasala	150000,00	100000,00
19. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	40050,00	49707,85
20. Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl.	577000,00	735337,54
21. Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld	22400,00	350529,19
22. Tekjur samkvæmt sjerstökum lögum og þingsályktunum	... ...	1192091,75
23. Bætt við lán hjá ríkissjóði Dana	... ...	58436,73
24. Lán úr Landhelgissjóði	... ...	600000,00
Samtals	7379450,00	10879600,09
Tekjuhalli	... ...	1256609,80
Alls	... ...	12136209,89

II. GJÖLD.	Áætlun kr.	Reikningur kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1629470,95	1919739,79
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	276000,00	205365,96
4. Til ráðuneytisins o. fl.:		
A. Stjórnarráðið	201700,00	225216,17
B. Hagstofa Íslands	55700,00	49691,90
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	48000,00	63236,75
5. Dómgæsla og lögreglustjórn:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	506320,00	486531,65
B. Ýmisleg gjöld	228100,00	372058,71
6. Gjöld við læknaskipunina	825992,00	803511,43
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	480620,00	469074,64
B. Vegabætur	437940,00	430522,86
C. Samgöngur á sjó	300000,00	325996,67
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1018490,00	1193900,12
E. Vitamál	267600,00	267639,45
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	402508,28	444561,49
B. Kenslumál	1270210,00	1174190,77
9. Til vísinda, bókmenta og lista	280970,00	266194,57
10. Til verklegra fyrirtækja	745790,00	684949,95
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000,00	36635,44
12. Eftirlaun og styrktarfje	230411,14	215855,07
13. Óviss útgjöld	100000,00	323136,69
14. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... .	2118799,81
Samtals	9369822,37	12136209,89

(A. I, 37).

Ed. **529. Fjárlög**

fyrir árið 1925.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí).

Samhljóða þingskjali 500.

(C. XXIV, 3).

Ed. **530. Ályktun**

út af athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1922.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí).

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að innheimta svo fljótt, sem frekast er unt, eftirstöðvar þær, sem getið er um í 5. athugasemd yfirskoðunarmanna við landsreikninginn fyrir árið 1922.

(C. XXII, 4).

Ed. **531. Þingsályktun**

um ráðstöfun á þjóðjörðinni Kópavogi til væntanlegs hressingarhælis fyrir berklaveika.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita kvenfjelaginu Hringnum í Reykjavík ókeypis ábúð á þjóðjörðinni Kópavogi þegar hún losnar næst úr ábúð, til þess að þar verði starfrækt hressingarhæli fyrir berklaveikt fólk, og að heimila núverandi ábúanda jarðarinnar að semja við fjelagið um nokkur jarðarafnot, til þess að geta hafið þessa starfsemi.

(B. LXXXVII, 2).

Nd. **532. Breytingartillaga**

við frv. til laga um gengisskráningu og gjaldeyrisverslun.

Frá fjármálaráðherra.

6. gr. frv. skal orða svo:

Eigi verður tekinn samkvæmt 4. gr. erlendur gjaldeyrir, ef eigandi hans færir sönnur á, að hann þurfi að nota gjaldeyrinn til þess að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns, eða nauðsynleg tæki til hans, á næstu 6 mánuðum, eða þurfi að nota hann til fullnægingar skuldbindingum, sem hann hefir tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, nema nefndin tryggi honum yfirfærslu í því skyni á alt að jafnmiklum gjaldeyri þegar hann þarf með.

(A. XXX, 4).

Ed. **533. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað um aðalatriði málsins. Meiri hlutinn virðist hallast að þeirri skoðun, að ekki sje rjett að fækka starfsmönnum við háskólann. Forsætisráðherra kom á fund með nefndinni og hallaðist yfirleitt á þá sömu sveif, nema ef vera skyldi með biskupsembættið.

Minni hlutinn álítur aftur á móti fækkun við háskólann sjálfsagða, en þykir sá galli á frv., að fækkunin á ekki að koma til greina fyr en þeir menn, sem sitja í hinum miður þörfu embættum, fara úr þeim að eigin ósk eða við dauða. Et frv. er samþykt þannig, er það blábert kák og yfirskin. Yrði ekki að því eyris sparnaður, að eins ofurlítil »óekta« fjöður á sparnaðarhatt þess manns, sem ætlaði að rjetta við fjárhag landsins með því að leggja niður heila deild við háskólann og endar svo með því að leggja til, að spöruð verði miður þörf embætti, sem með eðlilegum hætti losna væntanlega ekki fyr en eftir ein 20—30 ár.

Til þess að bera ekki ábyrgð á þessum umrædda yfirskinssparnaði og enn síður þeirri hófleysu að halda uppi embættum að eins vegna þeirra, sem í

þeim eru, til þess að þeir hafi af þeim atvinnu, leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykt með þeirri breytingu, að það niðurfall embætta, sem um er rætt, komi undir eins til framkvæmda.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Sú fækkun, sem leiðir af lögum þessum, skal koma til framkvæmda þegar í stað.

Alþingi, 4. maí 1924.

Jónas Jónsson.

(C. XXXVI, 1).

Ed. **534. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á skilyrðum fyrir yfirbygða sundlaug í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka fyrir næsta þing skilyrði fyrir, að reist verði yfirbygð sundlaug í bænum eða við bæinn, með heitu vatni úr Laugunum og sjóvatni.

Greinargerð.

Stjórn Í. S. Í. hefir skrifað mentamálanefnd um málið, og nefndin er sammála um, að sundlaug eins og hjer er farið fram á sje nauðsynlegur liður í uppeldi og menningarlífi þjóðarinnar. Það er og alkunna, að böð og sund efla flestu fremur hreysti og heilbrigði manna.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 7. apríl 1924.

Til mentamálanefndar efri deildar Alþingis,

Reykjavík.

Vjer leyfum oss hjermeð að snúa oss til hinnar háttvirtu mentamálanefndar með þeirri ósk, að hún taki upp á ný mál um stofnun sjóðs til að koma upp sundhöll hjer í bænum.

Vjer teljum óþarft að skrifa langt mál um nauðsyn og gagnsemi sundíþróttarinnar, sjerstaklega fyrir oss Íslendinga, enda er það alviðurkent. Aðeins viljum vjer taka það fram, að vjer teljum, *að sund ætti að vera skyldunámsgrein við hvern skóla*, og að hjer í Reykjavík þyrftu að vera betri tæki til sundkenslu en nú eru. Teljum vjer því mjög nauðsynlegt, að komið verði hjer upp yfirbygðri sundlaug, sem kenna mætti í alt árið.

Í þessu skyni leyfum vjer oss að skora á mentamálanefnd efri deildar að gangast fyrir:

1. Að ríkissjóður leggi til ókeypis hæfilega stóra lóð á Arnarhólstúni, sem reisa mætti á sundhöll.
2. Að stofnaður verði sundhallarsjóður, með framlögum úr ríkissjóði, minst 2000 krónur á ári, gegn jafnmiklu fje úr bæjarsjóði Reykjavíkur.
3. Að þess verði æskt, að bæjarstjórn Reykjavíkur leyfi að nota heitt vatn úr þvottalaugunum í hina fyrirhuguðu sundlaug.

Ef þessi sjóðsstofnun gæti komist á, teljum vjer heppilegast, að sjóðnum yrði ráðstafað af þriggja manna nefnd, sem skipuð væri af ríkisstjórninni, bæjarstjórninni og Íþróttasambandi Íslands.

Það kann nú að virðast, að þetta mál sje fyrst og fremst bæjarmál Reykjavíkur, en svo er þó ekki, þótt bæjarbúar eigi kost á að nema sund á sumrum í sundlaugunum. En öllum þeim mikla fjölda utanbæjarmanna, sem hjer eru við nám og annað háveturinn, er nálega ókleift að læra hjer sund á þeim tíma, vegna veðráttu og fjarlægðar sundlauganna. En það væri ekki lítils um vert, að allur þessi fjöldi utanbæjarmanna gæti lært hjer sund ásamt öðru námi og aukið áhuga fyrir því úti um alt land. Því teljum vjer þetta mál fyrst og fremst varða alla þjóðina, og höfum vjer því leyft oss að bera málið fyrst upp við hið háa Alþingi.

Það, sem að voru áliti mælir mest með því, að sundhöllin ætti að standa á Arnarhólstúni (nyrst), er bæði það, að þaðan er skamt til sjávar, — en sjó er sjálfsagt að nota til að kæla með heita vatnið úr þvottalaugunum; — og einnig það, að þá yrði sundhöllin í miðjum bænum, svo allir bæjarbúar ættu jafnlangt að sækja þangað.

Það er kunnugt, að volg sjóböð eru talin af læknum að vera einhver besta heilsubót hverjum manni; — og má fastlega gera ráð fyrir því, að baðferðir muni stórum aukast, ef yfirbygð sundlaug væri til hjer í bænum, sem hægt væri að

nota alt árið um kring, hvernig sem viðrar. Eitt af því, sem mest hefir hamlað aukinni sundkunnáttu hjer, er einmitt það, hve sundlaugin er langt frá bænum. Börn og unglingar geta ekki notið lauganna sem skyldi á vetrum, og fara því á mis við nytsemi baðferðanna. Þá má og geta þess, að flest hús í Reykjavík eru bygð *án baðtækja.*

Af framanrituðu er það auðsætt, að af auknum baðferðum mundi heilsufar fólks batna stórum, til gagns og nytsemdar einstaklingum og þjóðfjelaginu í heild sinni.

Verði góðar undirtektir undir þetta mál, munum vjer einnig snúa oss til bæjarstjórnar Reykjavíkur, og vjer viljum bæta því við, *að íþróttamenn hjer í bæ munu vilja mikið á sig leggja* til þess að koma þessu nauðsynjamáli í framkvæmd.

Vjer treystum því fastlega, að háttvirt mentamálanefnd taki þessu máli með fullum skilningi á nauðsyn þess og komi því á framfæri. Og þó að segja megi, að nú ári ekki vænlega fyrir slík mál, sem hafa nokkurn kostnað í för með sjer, þá er þess að gæta, að því fyr sem byrjað er, þótt í smáum stíl sje, því skemra á það í land og því auðveldari verða allar framkvæmdir.

Frekari upplýsingar um þetta áhugamál vort erum vjer ávalt reiðubúnir að gefa yður.

Með vinsemd og virðingu.

Í stjórn Íþróttasambands Íslands.

A. Tulinius, forseti. Ben. G. Waage. Halldór Hansen.

G. Kr. Guðmundsson. Pjetur Sigurðsson.

(B. LXXXVII, 4).

Ed. **535. Frumvarp**

til laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skipuð skal nefnd, er hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjaldeyris og annist aðrar framkvæmdir viðvíkjandi gjaldeyrisversluninni samkvæmt lögum þessum. Ber nefndinni enn fremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa eða hækka gengi íslensks gjaldeyris.

2. gr.

Í nefndinni eiga sæti 3 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmann, og sje hann formaður nefndarinnar, en hinir nefndarmennirnir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

4. gr.

Þegar nauðsyn krefur, getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjer verði afhentur erlendur gjaldeyrir, sem fenginn er eftir að lög þessi öðlast gildi, til umráða handa bönkum eða ríkissjóði fyrir skráð kaupgengi á hverjum tíma.

5. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra, þegar sjerstök nauðsyn krefur, að banna öllum öðrum en bönkunum verslun með erlendan gjaldeyri.

6. gr.

Eigi verður tekinn samkvæmt 4. gr. erlendur gjaldeyrir, ef eigandi hans færir sönnur á, að hann þurfi að nota gjaldeyrinn til þess að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns, eða nauðsynleg tæki til hans, á næstu 6 mánuðum, eða þurfi að nota hann til fullnægingar skuldbindingum, sem hann hefir tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, nema nefndin tryggi honum yfirfærslu í því skyni á alt að jafnmiklum gjaldeyri þegar hann þarf með.

7. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiða Landsbanki Íslands og Íslandsbanki, að hálfu hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um starf nefndarinnar og framkvæmd laganna að öðru leyti.

Brot gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, er sett verður samkv. þeim, varða sektum, frá 100 til 50000 krónum. Um meðferð mála út af þeim brotum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 1. júní 1925.

(B. LXXX, 4).

Ed. **536. Lög**

um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

1. gr.

Heimilt er að leggja aukaútsvar til bæjar eða hrepps á erlend tryggingarfjelög, sem ekki eru með sjerstökum lögum undanþegin opinberum gjöldum, þar sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er búsettur, eftir veltu og ágóða fjelagsins af starfsemi sinni hjer á landi.

Ef fjelag hefir fleiri en einn aðalumboðsmann eða vafi er á um það, hvar aðalumboðsmaður þess er hjer á landi, sker ráðherra úr, hvar útsvar skuli á fjelagið leggja.

2. gr.

Aðalumboðsmaður ber ábyrgð á greiðslu útsvarsins sem sjálfs sín skuld, enda má taka eignir hans lögtaki í því skyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(C. XXXI, 2).

Nd. **537. Þingsályktun**

um framhaldsnám í gagnfræðaskólanum á Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að heimila að nota húsrúm og kennslukrafta gagnfræðaskólans á Akureyri, sem af kynni að ganga, ef bekkjum skólans verður ekki tvískift, til að greiða götu fátækra og efnilegra nemenda úr skólanum við framhaldsnám, með því skilyrði, að sú breyting auki ekki útgjöld ríkissjóðs til skólans.

(B. XXX, 5).

Ed. **538. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 3. apríl 1909, um stofnun háskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frumvarp þetta var flutt í háttvirtri neðri deild af 1. þm. Reykvíkinga. Háttv. neðri deild gerði allmiklar breytingar á því. Ef frv. gengi fram í þeirri mynd, sem það er nú, þá yrðu þessar aðalbreytingar á háskólalöggjöfinni:

1. Biskup á að verða kennari við háskólann og nýtur sömu rjettinda um öll háskólamál sem prófessorar, en docentsembættið við guðfræðisdeildina á að leggja niður.
2. Prófessorsembættin í bókmentasögu og sagnfræði skal aðeins veita, er til þeirra fást menn, sem að dómi háskólaráðsins eru sjerstaklega vel hæfir.
3. Lögð skulu ennfremur niður, jafnóðum og þau losna, þessi embætti:
   a. Prófessorsembættið við lagadeildina, en í þess stað kemur aukakennari í lögum.
   b. Kennarastóllinn í klassiskum fræðum.
   c. Prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði.

Ýtt er og undir það, að embætti þau, sem leggja á niður samkv. frv., verði sem fyrst laus, á þann hátt, að hlutaðeigandi embættismenn verði fluttir í önnur embætti samkvæmt ákvæðunum í 16. gr. stjórnarskrárinnar. Álit háskólaráðsins hefir verið fengið um málið. Þar sem umsögn þess er svo skýr og glögg og í alla staði eftirtektarverð, þá þykir rjett að prenta álitið, svo alþjóð eigi kost á að kynna sjer það.

Tvær aðalhliðar á þessu máli ber sjerstaklega að athuga, fjárhags- og menningarhliðina. Vegna örðugs fjárhags er frumvarpið borið fram. Rjett er að taka fram, að vitanlegt er, að prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði, sem bundið er við ákveðinn mann, verður lagt niður á þessu ári, af því að sá maður fer í annað embætti. Vegna þessa embættis, sem deilt hefir verið um í þinginu, þarf því ekki að samþykkja þetta frumvarp. Sparnaðurinn af fækkun hinna embættanna kemur ekki fram fyrst um sinn, þar sem búast má við, að þau losni ekki fyr en eftir mörg ár. Um sparnað, sem komi að haldi í þeim vandræðum, sem nú standa yfir, getur því ekki verið að ræða, þótt frv. þetta verði samþykt, því varla yrði farið að ýta mönnum, sem helgað hafa líf sitt vísindastarfsemi, nauðugum í hvaða stöðu sem væri. Nokkur sparnaður kynni aftur að verða af frv. í framtíðinni. Og verður þá að meta það, hvort framtíðarsparnaðurinn vegur meira en tap það í *menningu*, sem leiðir af því, að starfskraftarnir eru minkaðir við háskólann. Í fylgiskjölum þeim, er fylgja nefndarálitinu, eru færð svo skýr rök fyrir því, að háskólinn þolir ekki að missa

þessa starfskrafta, að meiri hl. þykir nægja að vísa til þeirra og fellst í öllum verulegum atriðum á hin skýru rök háskólans. Að því er sjerstaklega snertir ákvæðin um, að biskupinn verði kennari við háskólann, þykir meiri hl. rjett að leggja áherslu á, að við skipun háskólakennara er alstaðar tekið tillit til, hve hæfir þeir sjeu til vísindastarfsemi; þar sem biskup er nú kosinn af prestum landsins, þá mundi alt annað en þeir hæfileikar verða hafðir fyrir augum við kosninguna, eins og eðlilegt er. Með þessu er því gengið á rjett háskólans til þess að gera tillögur um, hverjir skipaðir sjeu í kennarastöðu þar. Og þessi rjettur hefir verið mikils virði fyrir háskólann, því svo að segja altaf mun hafa verið farið eftir tillögunum. Í sambandi við tillögurjett háskólans yfirleitt vill meiri hl. taka fram, að honum virðist, að það ætti að vera föst regla, að engin embætti yrðu stofnuð við háskólann nema eftir beinni kröfu frá honum. Og gerir meiri hl. fastlega ráð fyrir því, að um engar slíkar kröfur verði að ræða fyrst um sinn.

Þá getur meiri hl. ekki fallist á hinar sjerstöku kröfur, sem gerðar eru um skipun prófessoranna í bókmentasögu og sagnfræði, og virðast þær benda til, að gert sje ráð fyrir, að í þær stöður sje ekki skipað nema við og við, þegar afburðamenn eru til í þær. Lítur meiri hl. svo á, að sjerstaka rækt verði að leggja við þessar greinar háskólans, og mætti því ekki koma fyrir, að ekki væru altaf skipaðir menn í þessar stöður.

Yfir höfuð virðist meiri hl. það skifta miklu fyrir þjóðina, að háskólinn fái að njóta sín sem best. Menning þessarar litlu þjóðar hefir jafnan verið sterkasti þátturinn í allri viðreisnar- og sjálfstæðisbaráttu hennar, og svo mun enn. Okkur virðist svo, sem góðir kraftar innan háskólans vinni að því stöðugt að auka veg hans. Okkur virðist svo, að æskilegt væri, að þjóðin lærði að meta þýðing þessarar æðstu menningarstofnunar vorrar, og trúin á þetta andlega vígi vort mætti friða háskólann fyrir allri áreitni, svo hann fengi að njóta þeirra starfskrafta, sem honum eru ætlaðir af löggjafarvaldinu. Með tilvísun til þess, sem tekið er fram hjer að ofan, leggur meiri hl. til, að frv. verði felt.

Alþingi, 6. maí 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. Sig Eggerz, frsm.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS.
HASKÓLARÁÐIÐ.

Reykjavík, 11. mars 1924.

Háskólaráðið leyfir sjer hjer með að senda heiðraðri mentamálanefnd neðri deildar Alþingis umsagnir þriggja deilda háskólans um frumvarp það til laga um breytingu á háskólalögunum, er 1. þingmaður Reykvíkinga hefir borið fram á Alþingi. Með því að frumvarp þetta snertir eigi læknadeildina sjerstaklega, var umsagnar hennar eigi leitað.

Háskólaráðið fellst algerlega á röksemdir þær, er deildirnar hafa flutt fram gegn frumvarpinu, og leggur því eindregið á móti því, að frumvarpið nái fram að ganga, hvort heldur er í heild sinni eða í einstökum atriðum. Sparnaður sá, sem breytingar þessar hefðu í för með sjer, mundi engan veginn vega á móti þeim hnekki, sem af þeim leiddi um íslenska vísindastarfsemi og álit þjóðarinnar út á við. Er þar þess að gæta, að háskóli vor er stofnun, er stendur í sambandi við háskóla víðsvegar um heim og hefir með ýmsum hætti hlotið vinsamlega viðurkenningu þeirra. Sje háskóli vor rýrður, svo sem hjer er til stefnt, yrði það ekki skilið á aðra leið en þá, að háskólinn hefði unnið starf sitt svo illa, að eigi væri vert að halda því áfram, eða hjá þjóð vorri væri eigi fyrir hendi skilyrði fyrir vísindalegri starfsemi, eða loks að þjóð vor væri komin á þann heljarþröm, að hún tæki til þeirra örþrifaráða að leggja niður þá viðleitni, sem er aðaleinkenni menningarþjóða nútímans, þá viðleitnina, að leggja sinn skerf til vísindanna. Til þeirra örþrifaráða hefir engin þjóð gripið, svo oss sje kunnugt, á þeim vandræðatímum, er nú standa yfir, heldur hafa meira að segja nýir háskólar verið reistir og kenslukraftar auknir, og það jafnvel hjá þeim þjóðum, er harðast voru leiknar í ófriðinum. En sjái háttvirt Alþingi eigi önnur bjargráð betri en þau, að reita af hinum litla háskóla vorum sem flestar þeirra fjaðra, er það sjálft hefir gefið honum, hafa kennara hans að skotspæni þing eftir þing og blóta einhverjum þeirra til árbóta hvenær sem eitthvað harðnar í búi, eða hlaða á þá óskyldum embættum, svo að starf þeirra við háskólann verði hjáverk ein, þá er þar með stefnt til niðurdreps innlendrar háskólamentunar. Því að engar líkur eru til, að hæfir kennarar fáist til lengdar til þess háskóla, er svo er að búið. Háskóli vor er hin eina stofnun þessarar þjóðar, sem ætlað er að starfa eitthvað að vísindum, og sjeu kraftar hans skertir svo, sem farið er fram á í frumvörpum þeim, sem nú liggja fyrir Alþingi, þá væri sæmra að fella niður háskólanafnið og auglýsa þar með, að Alþingi ætli ekki þjóð vorri að hugsa svo hátt að hafa hjer neinn háskóla.

Páll Eggert Ólason. Haraldur Níelsson. G. Magnússon.
Ólafur Lárusson. Guðmundur Finnbogason.

Til mentamálanefndar Nd. Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
GUÐFRÆÐISDEILDIN

Reykjavík, 5. mars 1924.

Út af bréfi mentamálanefndar Nd. Alþingis, er háskólaráðið sendi guðfræðisdeildinni til umsagnar, áttu kennarar deildarinnar fund með sjer hinn 4. mars og samþyktu að senda háskólaráðinu svofeldar tillögur:

Guðfræðisdeildin lýsir yfir því, að hún álítur, að ekki megi með neinu móti rýra þá kenslukrafta hennar, sem háskólalögin gera ráð fyrir. Að vísu játar hún,

að vel mætti greina kennimannlegu guðfræðina frá og fela biskupi þá kenslu. En ef sú breyting yrði gerð, er þess að gæta, að háskóladeildin hefir fengið þeirri breyting á reglugerðinni framgengt, að tekin skuli upp kensla í almennri trúarbragðafræði (þ: almennri trúarbragðasögu, trúarheimspeki og trúarlífssálarfræði) að svo miklu leyti sem kenslukraftar leyfa (sbr. Árbók háskólans 1918—1919, bls. 55). Á þessar vísindagreinir er nú lögð mikil áhersla við háskóla með enskumælandi þjóðum, á Norðurlöndum og á Þýskalandi. Þetta mundi því ærið viðbótarverkefni fyrir deildina, þótt hún losnaði við kenslu í kennimannlegri guðfræði. Sjest af þessu, hve fjarri fer því, að deildin megi nokkurs í missa, enda hefir tvívegis áður verið farið fram á það af deildinni, að docentsembætti hennar væri breytt í prófessorsembætti, til þess að sá kennari gæti með auknum launum gefið sig óskiftari við fræðigreinum sínum.

Ef sameina ætti annað prófessorsembættið biskupsembættinu, hlýtur af því að leiða, að sá kennari getur ekki nema að litlu leyti gefið sig við fræðiiðkunum og starfi sínu í þágu háskólans, þar sem biskupsembættið er svo umsvifamikið, að það hlyti jafnan að verða aðalstarf hans.

Auk þess teljum vjer óheppilegt, að biskup hafi á hendi prófessorsembætti jafnframt biskupsstarfinu af þessum ástæðum:

1. Veiting biskupsembættisins er bundin öðrum skilyrðum en þeim, er háskólalögin gera ráð fyrir um veitingu prófessorsembætta, og vjer leggjum hina mestu áherslu á, að ekki sje raskað við rjettri háskólans í þeim efnum. Sjerstaklega viljum vjer benda á, hve tilfinnanlega þetta getur reikist á, þar sem veiting biskupsembættisins er háð kosningu presta. Vel gæti svo farið, að duglegur prestur væri kjörinn biskup, en væri þó lítt hæfur til kenslustarfsins.

2. Með slíku fyrirkomulagi gæti kenningarfrelsi háskólans verið nokkur hætta búin, en óskert kenningarfrelsi verður að teljast eitt af mikilvægustu grundvallaratriðum fyrir vísindastarfsemi sjerhvers háskóla. Það liggur í augum uppi, að yfirmaður þjóðkirkjunnar er bundinn ýmsum böndum af embætti sínu og verður sakir embættisstöðu sinnar að taka tillit til fleira en hann þyrfti sem háskólakennari eingöngu.

3. Vjer teljum og þetta fyrirkomulag mjög óheppilegt fyrir þjóðkirkjuna. Meðan þjóðkirkja er á Íslandi ætti, að vorum dómi, að varast að gera nokkuð til að rýra það biskupsembætti, sem nú er, eða draga starfskrafta biskupsins frá þeim störfum hans.

Ef svo illa skyldi fara, sem vjer vonum að aldrei verði, að skerða þurfi kenslukrafta deildarinnar, teldum vjer þó þá leið færari, að 2 prófessorar yrðu í deildinni, en biskupi falin þar nokkur kensla sem aukakennara. Það fyrirkomulag mundi og betur samrýmast 7. gr. háskólalaganna.

Um griskukennarann viljum vjer taka þetta fram:

Deildin getur ekki með nokkru móti verið án griskukenslunnar. Vísindalegt guðfræðinám er óhugsandi án þekkingar í frumtungu kristindómsins. Oss er um það kunnugt, að stúdentar deildarinnar eru mjög þakklátir fyrir, að griskukensla komst aftur á og að tekið var aftur upp að lesa samrit Nýjatestamentisins á grísku með þeim.

Vjer leyfum oss að vísa til þess, er deildin ljet uppi sem álit sitt í

þessu máli, er farið var fram á að afnema embætti þetta fyrir tveimur árum (sbr. gerðabók guðfræðideildar, bls. 123—4).

Vjer berum og það traust til þings og stjórnar, að eigi verði farið að svifta mann, sem kominn er yfir sextugt, embætti sínu eða flytja hann á þeim aldri nauðugan til annarar kenslustofnunar.

Haraldur Níelsson.

Til Háskólaráðsins.

Fylgiskjal III.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGADEILDIN

Reykjavík, 8. mars 1924.

Háskólaráðið hefir óskað umsagnar lagadeildar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35/1909, um stofnun háskóla, er borið hefir verið fram í neðri deild Alþingis (þskj. 68). Í tilefni af því vill deildin taka fram það, sem hjer fer á eftir, og mun aðeins minnast á þau atriði frumvarps þessa, er varða lagadeildina sjerstaklega.

I. Frumvarpið ætlast til þess, að lagadeild og heimspekideild verði sameinaðar í eina háskóladeild. Lagadeildin verður að líta svo á, að sú sameining sje bæði ónauðsynleg og óheppileg. Ástæða sú, sem færð er fyrir nauðsyn sameiningarinnar í athugasemdunum við frumvarpið, virðist vera næsta ljettvæg. Því sje þar átt við það, að sameiningin sje nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir, að atkvæði verði jöfn í deildinni, þá er hvorttveggja, að slíkt getur komið fyrir, þó að fleiri menn en 2 sjeu í deild, og að 11. gr. háskólareglugerðarinnar greiðir úr þeim vanda. Sameining deildanna er og óheppileg af mörgum ástæðum. Starf og kenslugreinir lagadeildar og heimspekideildar eru gagnólíkar, og yfirleitt verður ekki sjeð, að neitt sje sameiginlegt með þessum tveimur deildum, sem ekki er sameiginlegt með öllum deildum háskólans. Sameining deildanna myndi og reynast mjög óheppileg í framkvæmdinni. Kennarar heimspekideildar ættu þannig t. d. atkvæðisrjett um úthlutun námsstyrks til lagastúdenta, um tilhögun kenslu og prófa, um doktorskjör o. m. fl. í lagadeild, sem þeir eðlilega ekki væru færir að dæma um, og á hinn bóginn ættu lagakennararnir að eiga atkvæðisrjett um þessi mál heimspekideildar. Með kennaratölu þeirri, er frumvarpið gerir ráð fyrir, yrðu lagakennararnir jafnan í minni hluta í deildinni, og gæti það leitt til þess, að sú deild (lagadeildin) nyti eigi fullkomins jafnaðar. Þá hefðu og þessar deildir minni hlutttöku í stjórn háskólans en þeim ber með rjettu, þar sem þær yrðu báðar að láta sjer nægja að eiga einn fulltrúa saman í háskólaráðinu. Enn má geta þess, að frumvarp þetta rekst óheppilega á gildandi lög að sumu leyti, svo sem l. 31, 2. nóv. 1914. Loks mun slík sameining sem þessi ekki þekkjast við neinn annan háskóla, og mundi hún síst verða til þess að auka veg háskóla vors.

II. Samkvæmt frumvarpinu á að fækka prófessorum deildarinnar úr 3 í 2. Það er að vísu satt, að upphaflega var ætlast til, að aðeins 2 kennarar yrðu við lagaskólann, en þegar á fyrsta árinu, sem sá skóli starfaði, kom það í ljós, að tveir kennarar nægðu eigi, og var þá þriðja kennaranum bætt við, og hefir það haldist síðan. Deildin fær ekki sjeð, að síðan hafi orðið nein sú breyting, er rjettlæti það að fækka nú kennurum deildarinnar. Að vísu hafa verið gefnar út kenslubækur í sumum námsgreinunum, en bæði er það, að enn er eftir að skrifa kenslubækur í öðrum greinum og að kenslubækur í lögfræði verða mjög fljótt úreltar vegna hinna sífeldu breytinga, er á löggjöfinni verða. Eru og sumar kenslubækurnar, er kennarar deildarinnar hafa gefið út, þegar orðnar úreltar af þessum sökum, svo sem stjórnlagafræði Lárusar H. Bjarnason og Sjórjettur Jóns sál. Kristjánssonar. Lagadeildin er og að því leyti ver sett en nokkur önnur deild háskólans, að hún getur aðeins að litlu leyti notast við útlendar kenslubækur, og það þó aðeins með miklum breytingum og viðaukum. Er því ljóst, að framvegis, eins og hingað til, verður það mikið starf fyrir kennara deildarinnar að sjá um, að til sjeu kenslubækur eftir þörfum. Þá eru og kenslugreinar hvers af kennurum deildarinnar svo yfirgripsmiklar, að í raun rjettri er hverjum manni ofvaxið að fylgjast með í þeim eins vel og vera ætti, enda er þeim alstaðar annarsstaðar skift á milli margra manna, og það enda við háskóla, þar sem lagakenslan að miklu leyti er utan háskólans, í höndum annara en háskólakennaranna. Þannig kenna við Kaupmannahafnarháskóla 6 menn þær kenslugreinar, sem hjer eru ætlaðar einum manni, og er þó aðstaða þeirra ólíkt hægari, þar sem fjöldi fræðimanna hefir rutt brautina fyrir þá, en íslensk lögfræði enn er á byrjunarstigi. Virðist því ljóst, að ekki sje unt að fjölga kenslugreinum kennara deildarinnar. Út af athugasemdunum við frumvarpið skal það tekið fram, að tala nemenda skiftir sáralitlu máli um kensluna. Það er jafnmikið verk að semja fyrirlestur, hvort sem áheyrendurnir eru fleiri eða færri. Aðeins verður vinnan við leiðrjettingu ritgerða nemenda og við próf að því skapi minni, sem nemendurnir eru færri, en sú vinna er aðeins óverulegur hluti af starfi kennaranna. Geta má þess enntremur, að launakjör háskólakennaranna eru nú svo bágborin, að þeir neyðast til að afla sjer tekna með aukastörfum. Þar sem frumvarpið eigi gerir ráð fyrir bættum launakjörum, mundu kennararnir eftir sem áður verða að leita sjer aukastarfa, og þá auðvitað því fráleitara að fjölga kenslugreinum þeirra.

III. Í 4. gr. frv. og í athugasemdunum við það er gert ráð fyrir, að skipaðir verði aukakennarar við háskólann, ef fje er veitt til þess í fjárlögum. Deildin vill taka það fram, að þess er varla að vænta, að hægt verði að fá með þeim hætti hæfa kenslukrafta til lagadeildarinnar, þó fje væri fyrir hendi. Er þar alt öðruvísi ástatt um lagadeild en læknadeild. Hjer í bænum er jafnan kostur á sjerfræðingum í ýmsum greinum læknisfræðinnar, og er þeim mönnum venjulega mjög auðvelt að taka að sjer kenslu í sjerfræðigrein sinni, enda eru fræðigreinar þessar venjulega umfangslitlar og nægur kostur ágætra, útlendra kenslubóka. Um lögfræðinga er öðru máli að gegna. Þeir gefa sig örsjaldan hjer á landi að neinni sjerfræðigrein í lögfræðinni. Það mundi

því kosta þá mikinn undirbúning að taka að sjer kenslu í hverri grein lögfræðinnar sem væri. Er því mjög ósennilegt, að nokkur sá lögfræðingur, sem til kenslu væri fær, myndi taka að sjer aukakenslu í deildinni, ekki síst ef kensla hans yrði háð fjárveitingum í fjárlögum, sem reynslan hefir sýnt, að bæði eru stopular og í rauninni auðmýkjandi fyrir þann, er þeirra á að njóta.

Af ástæðum þeim, sem hjer hafa verið taldar, er deildin eindregið mótfallin breytingum frumvarpsins á lagadeild háskólans.

Ólafur Lárusson.

Til Háskólaráðsins.

Fylgiskjal IV.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEIMSPEKISDEILDIN

Reykjavík, 6. mars 1924.

Í tilefni af bréfi mentamálanefndar Nd. Alþingis, dags. 3. þ. m., um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1919, um stofnun háskóla, er nefndin hafði sent háskólaráðinu til umsagnar, en það aftur deildum háskólans, samþykti heimspekisdeildin svo hljóðandi álit með öllum atkvæðum.

Deildin er eindregið á móti sameiningu lagadeildar og heimspekisdeildar, sökum þess, 1) að námsgreinar deildanna eru svo sundurleitar, sem framast má verða, 2) kenslukraftar annarar deildarinnar mundu jafnan geta borið hinnar ofurliða (3:2), 3) að þótt deildirnar yrðu sameinaðar, mundi ekki sparast við það eyrisvirði, en 4) deildirnar eru hvor um sig ályktunarfærar í öllum málum, þótt eigi sjeu í þeim nema tveir kennarar, með því að atkvæði deildarforseta ræður úrslitum allra mála, ef jöfn eru atkvæði (sbr. 11. gr. háskólareglugerðar), og hlutkesti getur ráðið kosningu deildarforseta, ef samkomulag fæst ekki.

Íslensk fræði eru vafalaust eitt umfangsmesta nám háskólans, eins og námtími ($5^1/_2 - 6$ ár) sýnir. En þótt á kenslukröftum fer ekki síður eftir viðáttu fræðigreina en tölu nemenda. Því verður kenslu (og rannsóknum) í íslenskum fræðum ekki talið borgið með færri kennurum en þremur, nefnilega í málfræði, bókmentasögu og sögu. Eigi deildin að geta búið nemendur undir próf, verður ekki unað við, að menn sjeu aðeins settir í stöður þessar með höppum og glöppum. Á hinn bóginn er það rjett, að til þeirra verði að velja *vel hæfa menn*. Háskólans, bæði með Íslendingum sjálfum og öðrum þjóðum, er mjög undir þeim kennurum kominn. En af því leiðir, að sjálfsagt má telja að láta tvö þessara embætta vera prófessorsembætti, eins og nú er, ef nokkur von á að vera um að fá þau nokkurn tíma skipuð sæmilegum mönnum.

Um afnám kennaraembættanna í hagnýtri sálarfræði og klassiskum

fræðum endurtekur deildin álit sitt frá 20. mars 1922, er sama efni var til meðferðar:

»Alþingi sjálft átti frumkvæði að stofnun þessa embættis, en háskólaráðið taldi þá þann mann, sem embættið er við bundið, »ágætlega til þess fallinn að takast það á hendur« (sbr. Árbók háskólans fyrir 1916—1917, bls. 15—16). Eftir fenginni reynslu telur deildin þetta ekki ofmælt, því að bæði hefir kennarinn gert rannsóknir í hagnýtri sálarfræði, veitt nemendum úr ýmsum deildum háskólans tilsögn í þeim greinum sálarfræðinnar og haldið fyrirlestra fyrir almenning um þau efni. Loks hafa kennararnir í heimspekilegum fræðum komið sjer saman um að stofna til meistaraprófs í sálarfræði, og hafa þeir þegar skift með sjer verkum. Er einn nemandi þegar tekinn að stunda hana. Samkvæmt framangreindu telur deildin það bæði ómaklegt og illa farið, ef embætti þetta væri lagt niður.

Um kenslu í latínu telur deildin mjög æskilegt, eins og tíðkað er við aðra norræna háskóla, að nemendur þeir, sem leggja stund á íslensk fræði, fái tilsögn í lestri latínurita Íslendinga og annara Norðurlandaþjóða, frá miðöldum og síðar. Enda hafa nemendur þegar fært sjer þessa kenslu í nyt«. — Um kenslu í grísku vísast til álits guðfræðideildar.

Guðm. Finnbogason.

Til Háskólaráðsins.

(B. XII, 5).

Ed. **539. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Með því að hæstvirt stjórn hefir lýst því yfir fyrir nefndinni, að hún muni að mestu geta komist af með fje það, sem veitt er í fjárlögunum fyrir næsta ár, til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn, þótt lög nr. 10, 27. júní 1921, haldist óbreytt, þá telur meiri hluti nefndarinnar, að þar með sje niður fallin sparnaðarástæðan, sem legið hefir til grundvallar fyrir frumvarpi þessu, og leyfir sjer þess vegna að leggja það til, að frumvarpinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 5. maí 1924.

Jóh. Jóhannesson, formaður.

Eggert Pálsson, fundaskrifari og frsm.

(B. L. 11).

Ed. **540. Lög**

um aukaútsvör ríkisstofnana.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Engin stofnun ríkisins er aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur. Aðrar stofnanir greiða ekki þennan skatt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(C. XXX, 2).

Ed. **541. Þingsályktun**

um kæliskip.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd. Skal nefndin skipuð þannig: 1 nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Búnaðarfjel. Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Sambands íslenskra samvinnufjelaga, 1 eftir tillögum Verslunarráðs Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands og 1 tilnefnir ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar. Nú gera einhverjar af þessum stofnunum engar tillögur um skipun í nefndina, og skal þá atvinnumálaráðherra skipa í það sæti.

Verkefni nefndarinnar sje:

1. að rannsaka verkefnin fyrir kæliskip hjer við land og skilyrðin fyrir, að slíkt skip gæti borið sig fjárhagslega.
2. að beitast fyrir, að aflokinni áðurgreindri rannsókn og að fenginni viðunandi niðurstöðu, að fram fari almenn fjársöfnun til fyrirhugaðs kæliskips.
3. Að láta undirbúa fyrir næsta þing áætlun um stærð skipsins, byggingarkostnað, rekstrarkostnað og annað, er máli skiftir í því efni.

(B. XVI, 6).

Ed. **542. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

7. gr. laganna orðist þannig:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

(C. XXXIII, 2).

Nd. **543. Þingsályktun**

um hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við landlækni rannsaka, hvar heppilegt væri að koma upp hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk, og velja sjerstaklega stað, þar sem gott er til ræktunar, skóglendi og heitar laugar, hentugar til að hita híbýli og til afnota við ræktun, og leggja síðan árangur þessarar rannsóknar fyrir næsta Alþingi.

(C. XXXVI, 2).

Ed. **544. Þingsályktun**

um rannsókn á skilyrðum fyrir yfirbygða sundlaug í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka fyrir næsta þing skilyrði fyrir, að reist verði yfirbygð sundlaug í bænum eða við bæinn, með heitu vatni úr Laugunum og sjóvatni.

(B. XVI, 7).

Nd. **545. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Á undan frumvarpsgreininni kemur ný grein (1. gr.), svo látandi:

4. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Ríkisstjórnin getur sett lyfjafróðan mann forstjóra landsverslunar til aðstoðar og til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um kaup á nauðsynlegu áfengi til lyfja, umbúðum og hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfjasöluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og læknar með lyfsöluleyfi óska eftir.

Reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.

(B. LXXXVII, 5).

Ed. **546. Lög**

um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Skipuð skal nefnd, er hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjaldeyris og annist aðrar framkvæmdir viðvíkjandi gjaldeyrisversluninni samkvæmt lögum þessum. Ber nefndinni enn fremur, eftir því sem ástæður eru til, að gera tillögur til landsstjórnarinnar um ráðstafanir, er stefna að því að festa eða hækka gengi íslensks gjaldeyris.

2. gr.

Í nefndinni eiga sæti 3 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmann, og sje hann formaður nefndarinnar, en hinir nefndarmennirnir skulu tilnefndir af bönkunum, sinn af hvorum. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

3. gr.

Lögreglustjóri lætur nefndinni í tje nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, er lagt frá landi. Ennfremur getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjerhvert fjelag, stofnun eða einstaklingur, sem á erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast hann síðar, gefi nefndinni upplýsingar um, hve mikill hann sje og hvernig honum sje fyrir komið.

4. gr.

Þegar nauðsyn krefur, getur nefndin, með samþykki fjármálaráðherra, krafist þess, að sjer verði afhentur erlendur gjaldeyrir, sem fenginn er eftir að lög þessi öðlast gildi, til umráða handa bönkum eða ríkissjóði fyrir skráð kaupgengi á hverjum tíma.

5. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra, þegar sjerstök nauðsyn krefur, að banna öllum öðrum en bönkunum verslun með erlendan gjaldeyri.

6. gr.

Eigi verður tekinn samkvæmt 4. gr. erlendur gjaldeyrir, ef eigandi hans færir sönnur á, að hann þurfi að nota gjaldeyrinn til þess að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns, eða nauðsynleg tæki til hans, á næstu 6 mánuðum, eða þurfi að nota hann til fullnægingar skuldbindingum, sem hann hefir tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, nema nefndin tryggi honum yfirfærslu í því skyni á alt að jafnmiklum gjaldeyri þegar hann þarf með.

7. gr.

Kostnað við nefndarstörfin greiða Landsbanki Íslands og Íslandsbanki, að hálfu hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um starf nefndarinnar og framkvæmd laganna að öðru leyti.

Brot gegn lögum þessum eða gegn reglugerð, er sett verður samkv. þeim, varða sektum, frá 100 til 50000 krónum. Um meðferð mála út af þeim brotum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 1. júní 1925.

sþ. 547. **Nefndaskipun 1924.**

1.

Fastanefndir.

(16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis).

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd.

Jón Magnússon, formaður,
Björn Kristjánsson, fundaskrifari,
Ingvar Pálmason.

Nefndin bætti við sig tveim mönnum, þeim
Jóhanni Jósefssyni og
Jónasi Jónssyni,
og tóku þeir sæti í nefndinni 15. mars.

Jón Magnússon gekk úr nefndinni 22. mars, er hann varð forsætisráðherra, en í hans stað var kosinn 24. mars.
Sigurður Eggerz,
og var hann jafnframt kosinn formaður nefndarinnar.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl. (69,*) n. 92).
   Frsm.: Björn Kristjánsson.
2. Frv. til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins (105, n. 357 (1. hl.), 361 (2. hl.) og 362 (3. hl.)).
   Frsm. 1. hl.: Björn Kristjánsson,
   Frsm. 2. hl.: Jóhann Jósefsson,
   Frsm. 3. hl.: Jónas Jónsson.
3. Frv. til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald (3, n. 184).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25 % gengisviðauka (155, n. 183).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

---

*) Tölur innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n) hlutu. Sama er að segja um mál þau, er nefndirnar flytja.

5. Frv. til laga um Landsbanka Íslands (173, n. 331 (1. hl.), 350 (2. hl.) og 352 (3. hl.)).
   Frsm. 1. hl.: Ingvar Pálmason,
   Frsm. 2. hl.: Björn Kristjánsson,
   Frsm. 3. hl.: Jóhann Jósefsson.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef (234, n. 390).
   Frsm.: Björn Kristjánsson.
7. Frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum (253, n. 258 (meiri hl.) og 259 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
   Frsm. minni hl.: Ingvar Pálmason.
8. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1922 (241, n. 412).
   Frsm.: Björn Kristjánsson.
9. Till. til þál. um breytt skipulag Söfnunarsjóðs Íslands (247, n. 332 (minni hl.) og 354 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
10. Frv. til laga um sjerstakan verðtoll af nokkrum fyrirliggjandi vörubirgðum (300).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (328).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1922 (4, n. 496).
    Frsm.: Björn Kristjánsson.
13. Till. til þál. um Sparisjóð Árnessýslu (309, n. 486).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
14. Till. út af athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikningsins fyrir árið 1922 (323, n. 509).
    Frsm.: Björn Kristjánsson.
15. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (37, n. 483).
    Frsm.: Sigurður Eggerz.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um Landsbanka Íslands (173), en því var aftur til hennar vísað (sjá nr. 5 hjer að framan).

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921 [Seðlaútgáfa Íslandsbanka] (314).
   Frsm.: Sigurður Eggerz.

2. Fjárveitinganefnd:

Jóhannes Jóhannesson, formaður,
Ingibjörg H. Bjarnason,

Hjörtur Snorrason, fundaskrifari,
Einar Árnason,
Guðmundur Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um skipun sparnaðarnefndar (77).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (99, n. 276).
   Frsm.: Einar Árnason.
3. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1925 (305, n. 389).
   Frsm.: Jóhannes Jóhannesson.

Nefndin flutti:

Till. til þál. um sparnað við starfrækslu ríkisrekstrarins (231).
Frsm.: Guðmundur Ólafsson.

3. Samgöngumálanefnd:

Eggert Pálsson, formaður,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari,
Hjörtur Snorrason,
Einar Árnason,
Guðmundur Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til vegalaga (5, n. 179).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir (16, n. 191).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923 (318, n. 365).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

Frá nefndinni kom ennfremur:

Nál. um flóabátastyrk (418), og var það tekið til meðferðar við 3. umr. fjárlagafrv.

4. Landbúnaðarnefnd:

Hjörtur Snorrason, fundaskrifari,
Eggert Pálsson, formaður,
Sigurður Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921 [*Friðun rjúpna*]. (70, n. 94).
   Frsm.: Eggert Pálsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir (287, n. 380).
   Frsm.: Sigurður Jónsson.

3. Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði (343, n. 407).
Frsm.: Eggert Pálsson.
4. Frv. til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands (403, n. 470).
Frsm.: Eggert Pálsson.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Björn Kristjánsson, formaður,
Jóhann Jósefsson, fundaskrifari,
Ingvar Pálmason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (159, n. 215).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
2. Frv. til laga um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot (214, n, 285).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 67, 22. nóv. 1913, um hvalveiðamenn (199, n. 329).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 [*Landhelgissjóður Islands*] (319, n. 435).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
5. Till. til þál. um skipulag á sölu sjávarafurða (316, n. 466).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

6. Mentamálanefnd:

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður,
Jón Magnússon,
Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Jón Magnússon gekk úr nefndinni 22. mars, er hann varð forsætisráðherra, en í hans stað var kosinn 24. mars:

Sigurður Eggerz.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna (46).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til laga um breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík (20, n. 195).
Frsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.
3. Frv. til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík (237, n. 334).
Frsm.: Jónas Jónsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912 (236, n. 388).
Frsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

5. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (268, n. 338).
   Frsm.: Sigurður Eggerz.
6. Frv. til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins (6, n. 427).
   Frsm.: Sigurður Eggerz.
7. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla (327, n. 533 (minni hl.) og 538 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Eggerz.
8. Till. til þál. um ráðstöfun á þjóðjörðinni Kópavogi til væntanlegs hressingarhælis fyrir berklaveika (311, n. 493).
   Frsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Nefndin flutti:

1. Till. til þál. um hressingarhæli og starfsstöð fyrir berklaveikt fólk (494).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
2. Till. til þál. um rannsókn á skilyrðum fyrir yfirbygða sundlaug í Reykjavík (534).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

7. *Allsherjarnefnd:*

Jón Magnússon, formaður,
Eggert Pálsson, fundaskrifari,
Jónas Jónsson.

Jón Magnússon gekk úr nefndinni 22. mars, er hann varð forsætisráðherra, en í hans stað var kosinn 24. mars

Jóhannes Jóhannesson,

og var hann jafnframt kosinn formaður nefndarinnar.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 (8, n. 71).
   Frsm.: Jón Magnússon.
2. Frv. til laga um blöndun ilmvatna o. fl. með kolokvintextrakt (14, n. 66).
   Frsm.: Eggert Pálsson.
3. Frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld (12, n. 109).
   Frsm.: Eggert Pálsson.
4. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (21, n. 115).
   Frsm. meiri hl.: Jón Magnússon.
   Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
5. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920 (22).
   Sjá nefndarálit um næsta mál á undan.

6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett (29, n. 137).
   Frsm.: Jón Magnússon.
7. Frv. til laga um nauðasamninga (19, n. 111).
   Frsm.: Jón Magnússon.
